Fyrsti fundur, þriðjudaginn 1. júlí.

Ár 1913, þriðjudaginn 1. Júlí, var fyrsti fundur efri deildar alþingis settur, að loknum fundi í sameinuðu þingi, af aldursforseta deildarinnar, 1. konungk. þingm. Júlíus Havsteen.

Þessir þingmenn voru mættir, er áttu sæti í deildinni.

A. konungkjörnir:
Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm.,
Eiríkur Briem, 2. kgk. þm.,
Steingrímur Jónsson, 3. kgk. þm.,
Stefán Stefánsson, 4. kgk. þm.,
Björn Þorláksson, 5. kgk. þm.,
Guðmundur Björnsson, 6. kgk. þm.

B. þjóðkjörnir:
Einar Jónsson, 2. þm. N. M.,
Guðjón Guðlaugsson, þm. Strand.,
Hákon Kristoffersson, þm. Barðstr.,
Jón Jónatansson, 2. þm. Árn.,
Jósef Björnsson, þm. Skgf.,
Sigurður Eggerz, þm. V.Skf.,
Sigurður Stefánsson, þm. Ísafj.k.,
Þórarinn Jónsson, 1. þm. Húnv.

Aldursforseti kvaddi sjer til aðstoðar Steingrím Jónsson, 3. kgk. þm., og Björn Þorláksson, 5. kgk. þm.

Var þá gengið til kosningar á forseta, og var kosinn: *Stefán Stefánsson* 4. kgk. þm. með 11 atkv. Júlíus Havsteen fjekk 2 atkv. og 1 seðill auður.

Hinn *nýkosni forseti* gekk þá til forsetastóls og ávarpaði deildina þannig:

„Jeg skal leyfa mjer að þakka háttv. deild fyrir þá virðingu og það traust, er hún hefur sýnt mjer með því að kjósa mig fyrir forseta. Jeg mun leitast við að bregðast ekki þessu trausti; vænti jeg þess, að hin háttv. deild minnist þess, að jeg er viðvaningur í þessu vandasama starfi, og sýni mjer því alt umburðarlyndi".

1. varaforseti var kosinn: *Guðjón Guðlaugsson*, þm. Strand., með 7 atkv., Björn Þorláksson, Guðm. Björnsson, Júlíus Havsteen og Steingrímur Jónsson fengu sitt atkvæðið hver og 2 seðlar voru auðir.

2. varaforseti var kosinn *Einar Jónsson*, 2 þm. N.-Mýl. með 8 atkv., Guðmundur Björnsson og Steingrímur Jónsson fengu sitt atkvæðið hvor. 2 seðlar auðir og 1 ógildur.

Skrifarar voru kosnir: *Steingrímur Jónsson*, 3 kgk. þm. með 13 atkv. og *Björn Þorláksson*, 5 kgk. þm., með 12 atkv. Guðm. Björnsson fjekk 1 atkv.

---

2. fundur, miðvikudaginn 2. júlí. kl. 1. síðdegis. Allir á fundi.

1. *Ráðherra leggur fram stjórnarfrumvörp.*

Ráðherra: Jeg leyfi mjer hjermeð að leggja fyrir hina háttv. deild í dag 14 af þeim frumvörpum, sem Hans Hátign konungurinn hefur samþykt að lögð yrðu fyrir þingið sem stjórnarfrumvörp.

Það er tilgangslaust, að segja mikið um frumvörpin nú, þar sem nánari grein er

gerð fyrir þeim í athugasemdum aftan við hvert einstakt frumvarp, og mun jeg heldur taka fram það, er þurfa þykir, þegar hvert frumvarp kemur fyrir til umræðu síðar.

Frumvörp þau er jeg legg nú fyrir eru:

Frv. til siglingarlaga,
— — laga um sjóðdóma og rjettarfar í sjómálum,
— — — — sparisjóði,
— — — — hagstofu Íslands,
— — — — vatnsveitingar,
— — — — ábyrgðarfjelög,
— — — — breyting á lögum 22. okt. 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands.
— — — — breyting á lögum nr. 39, 10 nóv. 1903 um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórnar í kaupstöðum,
— — — — mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum,
— — — — breyting á og viðauka við tilskipun 15. ág. 1832, 15. gr.,
— — — — breyting á lögum nr. 32, 20. okt. 1905 um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík,
— — — — breyting á lögum nr. 30, 16. nóv. 1907, um lán úr landssjóði til bygginga íbúðarhúsa á prestssetrum landsins,
— — — — ný nöfn manna og ættarnöfn,
— — — — nafnbreytingar og ný nöfn á býlum.

Jeg vil biðja háttv. deild, að taka mál þessi til meðferðar, og hæstv. forseta, að taka þau á dagskrá.

---

2. *Ruðning úr landsdómi.*

Steingrímur Jónsson: Það getur orðið dálítið seinlegt verk að framkvæma þessa ruðningu; það er bezt að gera það með því móti, að þingmenn afhendi forseta hinn prentaða lista yfir dómendurna, þannig, að þeir setja kross við nöfn þeirra manna, er þeir vilja ryðja úr dómnum.

Júlíus Havsteen: Mjer finst þessi aðferð ekki fljótari en almenn kosning, nema þingmenn hafi tekið sig saman fyrirfram. Það hefði verið bezt, að þingmenn hefðu komið sjer saman um það á dagskrárfundi, hverjum ætti að ryðja úr dóminum. Það verður nokkuð seinlegt að lesa upp 13 seðla með 24 nöfnum hvern þeirra.

Steingrímur Jónsson: Jeg skal geta þess, að jeg hef talað við marga háttv. deildarmenn, og höfum við komið okkur saman um þetta. Jeg hefi vitanlega ekki talað við alla þingmennina, enda engin skylda borið til þess. Mjer finst þetta eiginlega eini vegurinn, sem hægt sje að framkvæma þetta á.

Forseti: Mjer finst þetta mjög einfalt mál, svo framarlega sem þingmenn hafa komið sjer saman um, hverjum þeir ryðja úr dóminum. Jeg skal ef menn óska, gefa fundarhlje svo háttv. þingmenn geti athugað málið og undirbúið það.

Ef menn eru tilbúnir, verður gengið til atkvæða á þann hátt, er háttv. 3. kgk. þingm. lagði til.

Úr dóminum var rutt með samhljóða atkvæðum 24 mönnum, ogvoru það þessir:
Halldór Jónsson umboðsmaður, Vík,
Björgvin Vigfússon sýslumaður, Efrahvoli.
Jón Bergsteinsson, Torfastöðum,
Sigurður Guðmundsson, Selalæk,
Gunnlaugur Þorsteinsson, Kiðjabergi,
Björn Bjarnarson, Brekku,
Ögmundur Sigurðsson skólastjóri, Flensborg,

Kristleifur Þorsteinsson, Stóra-Kroppi,
Ingólfur Jónsson kaupmaður, Stykkishólmi,
Bjarni Jensson, Ásgarði,
Benedikt Magnússon, Tjaldanesi,
Friðrik Bjarnason hreppstjóri, Mýrum,
Kolbeinn Jakobsson, Unaðsdal,
Páll Ólafsson prófastur, Vatnsfirði,
Benóní Jónasson, Laxárdal,
Páll Levi, Heggstöðum,
Júlíus Ólafsson, Hólshúsum,
Jón Jónsson, Hvanná,
Sölvi Vigfússon, Arnheiðarstöðum,
Jón Guðmundsson prófastur, Nesi,
Gunnar Pálsson hreppstjóri, Ketilsstöðum,
G. Eggerz sýslumaður, Eskifirði,
Þórarinn Sigurðsson, Stórulág,
Bjarni Jónsson útibústjóri, Akureyri.

---

3. **fundur**, föstudaginn 4. júlí, kl. 1 síðdegis. Allir á fundi.

1. *Frv. til siglingalaga* (stj.frv.); 1. umræða.

Steingrímur Jónsson: Þetta frumvarp var hjer fyrir háttv. deild í fyrra, og var þá varið til þess mikilli vinnu og það allvel undirbúið, þó það næði þá ekki fram að ganga sökum tímaskorts. Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að máli þessu sje að lokinni þessari fyrstu umræðu, vísað til fimm manna nefndar. Jeg vænti þess, að nefndarstörfin geti gengið svo fljótt, að málið geti nú náð framgangi, enda er þetta þriðja þingið, er hefur það til meðferðar.

Samþykt, að frv. gengi til 2. umræðu, í e. h.
5 manna nefnd samþ. í einu hlj.
Í nefndina voru kosnir:
Eiríkur Briem,
Sigurður Eggerz,
Sigurður Stefánsson,
Hákon Kristoffersson,
Einar Jónsson,
allir með 13 atkvæðum.

Í nefndinni var Eiríkur Briem kosinn formaður og Sigurður Eggerz skrifari.

---

2. *Frv. til laga um ábyrgðarfjelög* (stj.frv.); 1. umr.

Steingrímur Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að kosin verði 3 manna nefnd til þess að fara með þetta mál, sem er nýmæli hjer í deildinni, og verði þeir kosnir, að þessari umræðu lokinni.

Jafnframt skal jeg geta þess, að við deildarmenn, hjeldum privatfund nú fyrir fundinn, og komum okkur saman um nefndarkosningu, bæði í þessu máli, og öðrum þeim málum sem eru á dagskrá, og mætti því skoða kosninguna sem listakosningu.

Jósef Björnsson: Jeg hef leyft mjer að afhenda forseta lista í þessu máli, og mun afhenda honum lista í málum þeim, sem eftir eru á dagskránni.

Að frv. gengi til 2. umræðu, samþ. í einu hlj. 3 manna nefnd samþ. í einu hljóði.

Nefnd samkvæmt lista:
Steingrímur Jónsson,
Júlíus Havsteen,
Guðjón Guðlaugsson,
samþykt í einu hljóði.

Í nefndinni var Júlíus Havsteen kosinn formaður og Steingrímur Jónsson skrifari.

---

3. *Frumvarp til laga um breyting á lögum 22. okt. 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands* (stj.frv.); 1. umr.

Steingrímur Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á því, að frumvarpi þessu verði vísað til þriggja manna nefndar, að lokinni þessari umræðu.

Að frumv. gengi til 2. umr., var samþykt í einu hlj.

3 manna nefnd samþ. í einu hlj.
Nefnd samkv. lista:
Jósef Björnsson,
Björn Þorláksson,
Þórarinn Jónsson.
Samþykt í einu hljóði.
Í nefndinni var Björn Þorláksson kosinn formaður og Jósef Björnsson skrifari.

---

4. *Frumv. til laga um vatnsveitingar* (stj.frv.). 1. umr.

Jón Jónatansson: Þetta frumv. mun vera komið fram eftir ítrekaðri beiðni frá Búnaðarfjelagi Íslands, því menn hafa mjög fundið til þess, að ákvæði vantaði um þessi efni, en á þessu stigi málsins þýðir ekki að fara langt út í þetta mál. Jeg vænti þess, að þetta mál fái að ganga áfram til 2. umræðu, og vil leggja til, að því sje vísað til fimm manna nefndar, að þessari umræðu lokinni, því málið er umfangsmikið.

Að frv. gengi til 2. umr., samþ. í einu hljóði.
5 manna nefnd samþ. í einu hlj.
Nefnd samkvæmt lista:
Jón Jónatansson,
Eiríkur Briem,
Þórarinn Jónsson,
Steingrímur Jónsson,
Jósef Björnsson,
kosin í einu hljóði.
Í nefndinni var Jón Jónatansson kosinn formaður og Þórarinn Jónsson skrifari.

---

5. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. nóv. 1913 um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum* (stj.frv.); 1. umr.

Steingrímur Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að kosin verði þriggja manna nefnd, til þess að fara með mál þetta hjer í deildinni, að þessari umræðu lokinni.

Að frv. gengi til 2. umr. samþ. í e. hlj.
Þriggja manna nefnd samþ. í e. hlj.
Nefnd, samkvæmt lista:
Sigurður Eggerz,
Guðmundur Björnsson,
Guðjón Guðlaugsson,
kosin í einu hljóði.
Í nefndinni var Guðjón Guðlaugsson kosinn formaður og Sigurður Eggerz skrifari.

---

6. *Frv. til laga um hagstofu Íslands* (stj.frv.); 1. umr.

Steingrímur Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að frumvarpi þessu verði vísað til þriggja manna nefndar, að lokinni þessari fyrstu umræðu.

Að frv. gengi til 2. umr. samþ. í e. hlj.
Þriggja manna nefnd samþ. í e. hlj.
Nefnd samkvæmt lista:
Sigurður Stefánsson,
Guðmuudur Björnsson,
Steingrímur Jónsson
kosin í einu hljóði.
Í nefndinni var Sigurður Stefánsson kosinn formaður og Guðmundur Björnsson skrifari.

---

7. *Frumv. til laga um sjódóma og rjettarfar í sjómálum* (stj.frv.); 1. umr.

Steingrímur Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að þetta frumvarp fái hinni sömu meðferð, og hin önnur frumvörp, er við höfum haft í dag til meðferðar hjer í deildinni. Það þætti máske eðlilegast, að máli þessu væri vísað til siglinga-

nefndarinnar, en jeg tel heppilegra, að það sje sett sjerstök nefnd, meðal annars vegna þess, að hjer kemur á morgun fyrir frumvarp, er yrði vísað til þeirrar nefndar. Jeg vil því leggja til, að máli þessu verði vísað til þriggja manna nefndar, að lokinni þessari umræðu.

Að frv. gengi til 2. umr., samþ. í e. hlj.
Þriggja manna nefnd samþ. í e. hlj.
Nefnd samkvæmt lista:
Sigurður Eggerz,
Eiríkur Briem,
Guðmundur Björnsson,
kosin í einu hlj.
Í nefndinni var Sigurður Eggerz kosinn formaður og Guðmundur Björnsson skrifari.

---

3. fundur, laugardaginn 5. júlí, kl. 1 síðdegis. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um sparisjóði* (stj.frv.); 1. umr.

Eiríkur Briem: Jeg tel sjálfsagt, að nefnd sje skipuð til að íhuga þetta mál. Af því að það er allumfangsmikið sting jeg upp á, að kosin sje fimm manna nefnd til að íhuga það, að 1. umræðu lokinni.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umræðu í einu hlj.
5 manna nefnd samþykt, og hlutu þessir þingmenn kosning:
Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Þórarinn Jónsson,
Steingrímur Jónsson,
Hákon Kristjánsson.
Í nefndinni var Eiríkur Briem kosinn formaður og Þorarinn Jónsson skrifari.

---

2. *Frv. til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum* (stj.frv.) 1. umr.

Guðmundur Björnsson: Þetta frumv. á að ýmsu leyti skylt við frv. um sjódóma og rjettarfar í sjómálum, og virðist einsætt, að sama nefnd fjalli um bæði málin. Jeg leyfi mjer því að leggja til, að þessu frumvarpi verði vísað til nefndarinnar, er kosin var til að íhuga frumvarpið um sjódóma og rjettarfar í sjómálum.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.
Till. Guðm. Björnssonar samþ. í e. hlj.

---

3. *Frv. til laga um breyting á og viðauka við tilskipun 15. ágúst 1832* (stj. frv.) 1. umr.

Júlíus Havsteen: Þó að þetta frumv. sje ekki langt, er rjettast að rannsaka það í nefnd, og leyfi jeg mjer að leggja það til, að þriggja manna nefnd sje kosin til að íhuga það, að umræðunni lokinni.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.
Þriggja manna nefnd samþ. í e. hlj.
Nefnd samkvæmt lista:
Júlíus Havsteen,
Steingrímur Jónsson,
Sigurður Eggerz.
kosin í einu hlj.
Í nefndinni var Júlíus Havsteen kosinn formaður og Steingrímur Jónsson skrifari.

---

4. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. okt. 1905 um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík* (stj.frv.); 1. umr.

Júlíus Havsteen: Þetta mál er að því leyti skylt því máli, er hjer var til umræðu næst á undan, að það er komið frá málaflutningsmannafjelaginu í Reykjavík og borið fram samkvæmt tilmælum þess. Jeg leyfi mjer því að leggja það til, að því sje, að 1. umr. lokinni, vísað til nefndarinnar, er skipuð var til að íhuga það mál.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.
Till. Júl. Havsteen samþ. í e. hlj.

---

5. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins* (stj.frv.); 1 umr.

Björn Þorláksson: Jeg álít, að nauðsynlegt sje að skipa nefnd í þetta mál, og sting því upp á, að þriggja manna nefnd verði kosin í það, að 1. umr. lokinni.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.
3 manna nefnd samþ. í e. hlj.
Nefnd samkvæmt lista:
Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,
Jósef Björnsson,
kosnir í einu hljóði.
Í nefndinni var Björn Þorláksson kosinn formaður og Einar Jónsson skrifari.

---

6. *Frv. til laga um ný nöfn manna og ættarnöfn* (stj.frv.); 1. umr.

Guðmundur Björnsson: Þetta frumv. er orðið til fyrir tilmæli síðasta alþingis, og það er víst almennings vilji, að einhverju skipulagi verði á komið í þessu efni. Jeg leyfi mjer að leggja til, að kosin verði þriggja manna nefnd. Án þess er naumast hægt, að taka málið til umræðu.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.
3 manna nefnd samþ. í e. hlj.
Kosnir samkvæmt lista:
Guðm. Björnsson,
Jósef Björnsson,
Sigurður Stefánsson.
Í nefndinni var Guðmundur Björnsson kosinn formaður og Jósef Björnsson skrifari.

---

7. *Frv. til laga um nafnabreytingar og ný nöfn á býlum* (stj.frv.) 1. umr.

Guðm. Björnsson: Jeg leyfi mjer að leggja til, að þessu máli verði, að 1. umr. lokinni, vísað til nefndarinnar, er kosin var í málið næst á undan.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.
Till. Guðm. Björnssonar samþ. í e. hlj.

---

5. **fundur.** Þriðjudaginn 8. júlí kl. 1 síðdegis. Allir á fundi.

1. *Tilkynning frá forseta til þingdeildarmanna,* svo látandi:

Á hverjum laugardegi [verður landsfjehirði send ávísun fyrir dagpeningum allra alþingismanna fyrir líðandi viku, og geta þeir, hver um sig, þegar þeir vilja, hafið ávísunarupphæð sína hjá honum, án þess að snúa sér til forseta eða skrifstofunnar; þannig hefur landsfjehirði verið send ávísun fyrir dagana 1.—5. þ. m., svo og fyrir $^1/_2$ ferðakostnaði utanbæjarþingmanna.

Alþingi 5. júlí 1913.
Stefán Stefánsson.

---

2. *Frv. til laga um Landhelgissjóð Íslands* (43); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Eg skal ekki þreyta háttv. deild með langri ræðu, þó að margt mætti í raun og veru segja um þetta mál.

Landhelgin er dýrmætasti blettur lands vors. Að vísu hefur sjávarútvegurinn á síðustu árum tekið mikilli stefnubreytingu Hann er nú rekinn miklu meir utan landhelgis en áður hefur tíðkazt. En þrátt fyrir það munu fiskiveiðar í landhelgi lengi eptirleiðis verða einn aðalþátturinn í sjávarútveg vorum, og því er mjög áríðandi, að þessum atvinnuveg verði ekki spilt af

mannavöldum. Það má að vísu halda því fram, að breytingar verði á þessu, fiskiveiðar innan landhelgi hverfi úr sögunni að miklu leyti, en fiskiveiðar utan landhelgi eða bornvörpuveiðar fari hins vegar vaxandi. Eg tel það mjög illa farið, ef veiðiskapur í landhelgi hyrfi. Við því verður ekki búizt, að botnvörpuveiðar komist í hendur alls þorra manna, þeirra er sjávarútveg stunda hjer á landi, að minnsta kosti ekki í náinni framtíð, Til sliks þarf meira fje en svo, og þeim mun minni líkindi eru til þessa, þar sem fjöldi manna hefur sett stórfje í vjelarbáta á síðustu árum, og eru því ver undir slíkar breytingar búnir. Það eru því öll líkindi til, að bátaútgerðin haldi áfram. Þess ber líka að gæta um þessar veiðar, að þótt þær sjeu reknar í smáum stýl, þá sýnir reynslan, að þær eru notadrjúgar, og að miklu fleiri einstaklingar geta rekið þær en botnvörpuútveginn, sem stafar af því, hve reksturskostnaður þeirra er lítill. Hinsvegar nemur hann stórfje við botnvörpuútveginn. Það er mjög æskilegt, að þessi útvegur vaxi og blómgvist eptirleiðis eins og hingað til, en allmikilli áhættu er hann bundinn, ekki sízt í byrjuninni, þar sem einstaklingarnir verða eins og hjer að byrja hann mestmegnis með tómu lánsfje. Mjer er sagt, að til þess að botnvörpuútgerð beri sig vel, þurfi að haldast í hendur góður afli og gott fiskverð. Þetta er líka auðskilið, þegar litið er á hinn feykimikla kostnað, er hann hefur í för með sjer.

Því hefur verið spáð, og sá spádómur mun sprottinn af ótta við botnvörpuútveginn, að fiskurinn hætti að ganga á grunnmið vor. En jeg hef enga trú á, að sá spádómur rætist, og þessi trú mín styðst við reynsluna. Um það leyti sem botnvörpuveiðirnar hófust hjer við land, komu mörg fiskileysisár við Faxaflóa, og var botnvörpuveiðunum óðar kent um fiskileysið og mönnum fjelst að kalla alveg hugur, að

afla fiskjar með smábátum, en svo fyltist Faxaflói aftur af fiski þrátt fyrir það, þótt botnvörpuveiðarnar hefðu vaxið stórkostlega á djúpmiðunum þessi fiskileysisár. Nú síðustu 4—5 árin hefur fiskur ekki gengið svo teljandi sje inn fyrir Bolungarvík á Ísafjarðardjúpi; þetta var líka kent botnvörpuveiðunum. En nú í vor gekk fiskur inn í Djúp, alla leið inn fyrir Vigur. Svona mætti sjálfsagt benda á mörg dæmi, Það virðist því fremur hæpin fullyrðing, að botnvörpuveiðarnar tálmi fiskigöngum á grunnmið vor, en væri svo, mundi landhelgissvæðið þegar vera orðið fiskilaust eða verða það innan skamms, svo geypilega sem botnvörpuveiðarnar umhverfis landið hafa vaxið ár frá ári nú upp á síðkastið.

En það eru veiðispell botnvörpunganna í landhelgi, sem hjer er aðalatriðið. Vegna þeirra er hin mesta nauðsyn á, að grunnmiðin sjeu vernduð sem allra bezt. Þess eru óteljandi dæmi, að botnvörpungar hafa með lögbrotum sínum gjörspilt veiði landsmanna á landhelgissvæðinu. Þótt ágætur afli hafi verið á grunnmiðum, hefur hann horfið með öllu, þegar botnvörpungar komu þangað. Þetta stafar eigi svo mjög af því, að fiskurinn fælist botnvörpungana, heldur hinu, að þeir sópa botninn á fáum dögum, svo að enginn fiskur er þar eftir. Jeg veit, að margir greindir gamlir fiskimenn vestra halda þessu fram. Það er eðlilegt, að fólki sárni, að sjá öllum aflanum gerspilt á 3—4 dögum á þeim einu sviðum, er bátar geta sótt fisk á. Þetta gerir landhelgisveiðum ómetanlegt tjón.

Jeg hygg því, að allir verði samdóma um nauðsyn landhelgisvarna. Bátaútgerðinni ríður ákaflega mikið á henni.

Til þessa höfum vjer ekki þótt svo efnum búnir, að vjer gætum tekið landhelgisvarnir vorar að oss. Danir hafa, sem kunnugt er, haft þær á hendi og notið hlunn-

inda frá oss í staðinn. Þeir mega veiða hjer í landhelginni sem landsins eigin börn, og þeir hafa auk þess fengið nokkurt fje fyrir. En þessi vörn þeirra hefur alla tíð verið ófullkomin og ófullnægjandi, og hún verður það æ því meir, sem botnvörpuútvegurinn vex. Jeg hef enga trú á því, að Danir vilji leggja fram meira fje til þessara varna, en þeir hafa gert til þessa, En þá liggur fyrir sú spurning, hvort vjer eigum enn árum saman að horfa upp á það, að grunnmiðum vorum sje spilt án þess að hefjast handa til þess, að ljetta af landinu slíkum ófögnuði. Mjer finnst þingið ekki geta lengur hlýtt allsendis aðgerðarlaust á hinar sáru kvartanir þjóðarinnar eða sjómannastjettarinnar um veiðispellin í landhelgi vegna ónógrar landhelgisvarnar; það hefur oft verið sagt, að það mætti koma þessum vörnum við á ódýrari hátt, en Dönum hefur tekizt. En löggjafarvaldið hefur aldrei gert neitt verulegt í þessu efni nje hafizt handa til að taka að sjer varnirnar. Af þessum ástæðum, sem nú eru taldar, hef jeg leyft mjer að bera frumvarp þetta fram fyrir hina hv. deild. Hjer er nú að vísu ekki farið fram á, að þingið hefjist handa til svo skjótra framkvæmda í þessu máli, sem æskilegast hefði verið, heldur að eins, að vjer nú þegar gerum ráðstafanir til þess að geta innan skamms búið oss undir, að hafa hönd í bagga með landhelgisvörninni. Og mjer þótti þá liggja beinast við, að nota fje það, er landssjóður fær sem sektarfje fyrir brot gegn lögum um botnvörpuveiðar í landhelgi. Það má ef til vill segja, að það sje ekki mikið fje, sem fæst með frumv. þessu, þó að lögum verði. En jeg vona, að eigi líði á mjög löngu, áður en vjer getum tekið til starfa. Þetta sektarfje hefur verið æðimikið sum árin. Jeg hef fengið skýrslu frá stjórnarráðinu um þessar sektir. Síðan um aldamótin hafa þær numið 322,237 kr. Það er auðsætt, að ef fje þessu hefði frá byrjun verið ráðstafað eins og fram á er farið í frv. þessu, þá hefðum vjer nú getað tekið allverulegan þátt í landhelgisvörninni.

Það er ákveðið með lögum 10. nóv. 1901, að $^1/_3$ hluta botnvörpusektanna gangi í Fiskiveiðasjóð Íslands. Þessu er ekki breytt í frumvarpi mínu, heldur er ætlazt til, að afgangurinn, $^2/_3$ renni í Landhelgissjóð Íslands.

Alþingi getur sjálft ráðið því, hvenær sjóður þessi tekur til starfa. En eg tel engan vafa á, að landið geti tekið þátt í strandgæzlu eftir 5—6 ár, ef sektirnar verða svipaðar og að undanförnu. Mjer hefur verið sagt af mönnum, er kynt sjer hafa þetta mál, að það mætti betur verja landið en nú er gert með tveimur skipum með botnvörpungsstærð. Þótt kostnaðurinn við þetta kunni að þykja mikill, þá er hins vegar svo mikið í húfi, að mönnum má ekki vaxa þetta of mjög í augu, og það er með öllu óviðunandi, að horfa fram á ókomna tímann, ef ekki er gert eitthvað til að kippa þessu í lag.

Þá á ef til vill ekki illa við að spyrja, hverjum augum Danir muni líta á þessar tilraunir. Ef þeir eru oss eins góðviljaðir og þeir láta í veðri vaka, þykir þeim vænt um þær. Ef það er eigi, þá er þeim mun meiri ástæða til að samþykkja þetta frv., því að þá munu þeir ekki heldur auka gæzluna sjálfir svo að um muni.

Eg skal að síðustu geta þess, að í neðri deild er komið fram frumv., um, að allt sektarfjeð renni í fiskiveiðasjóð Íslands. Jeg vissi ekki um, að frumvarp þetta var á ferðinni, er jeg samdi þetta frumv. mitt. En jeg þykist þess viss, að koma megi á samvinnu og samkomulagi í þessu efni. Og það væri því hyggilegt, að skipa nefnd til að íhuga málið.

Jósef Björnsson: Jeg er háttv. flm. (S. St.) fyllilega samþykkur um nauðsynina á að verja landhelgina. Veiðar í landhelgi hafa löngum verið mikilsverður bjargræðisvegur fyrir þjóðina og því þarf að

verja miðin. En það eru engar líkur til, að þetta verði gert sæmilega, nema með því móti, að vjer getum tekið vörnina að okkur sjálfir. Og vjer fáum eigi byrjað á heppilegri hátt, en hjer er farið fram á, En með því að í neðri deild er komið fram frumvarp, sem ætlast til, að allar sektirnar renni í Fiskiveiðasjóð Íslands, í stað þess að eftir þessu frv. eiga $^2/_3$ að ganga í Landhelgissjóð, eins og háttv. flm. (S, St.) gat um, virðist það nauðsynlegt til góðs samkomulags um málið og til að tryggja framgang þess, að nefnd sje sett í það og legg jeg til, að skipuð sje, 3 manna nefnd að umræðunni lokinni.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

3 manna nefnd sþ. í e. hlj. Nefnd kosin með lista:

Sigurður Stefánsson,
Jón Jónatansson,
Jósef Björnsson.

Í nefndinni var Jósef Björnsson kosinn formaður og Sigurður Stefánsson skrifari.

---

6. fundur. Fimtudaginn 10. júlí kl. 1 síðd. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um viðauka við lög um friðun fugla frá 27. nóv. 1903* (46); 1. umr.

Flutningsmaður, Björn Þorláksson: Eins og þetta frumvarp ber með sjer, fer það aðeins fram á lítilfjörlega breyting, eða að gera ofurlitinn viðauka við núgildandi lög um friðun fugla á þann hátt, að rjúpan, sem nú er aðeins friðuð nokkurn hluta árs, verði friðuð alt árið, næstu 5 árin. Ástæðan til þess, að vjer flutningsmenn höfum leyft okkur að koma fram með þetta frv., er aðallega sú, að orð leikur á því, að rjúpan fækki óðum, og sumum þykir alt útlit á, að hún hverfi með öllu, ef haldið verður áfram að skjóta hana árlega, og hún verður ekki algerlega friðuð um stund. Að líkindum eru fleiri orsakir til fækkunarinnar, en skotin; t. d. það, að hún fjell mjög eitt árið, og hefur ekki náð sjer síðan, og nú er mjög lítið um þennan fugl á Austfjörðum, þar sem jeg er kunnugur.

Jeg skal geta þess, að ýmsir hafa allálitlega atvinnu af rjúpnaveiðum, og leggja rjúpur inn í verzlanir fyrir svo hundruðum króna skiftir á ári. Jeg get því ímyndað mjer, að sumir mundu verða allóánægðir yfir lögum þessum. En jeg hygg, ef rjúpan yrði alfriðuð þann tíma, er hjer er farið fram á, að það mundi nægja til þess, að hún fjölgaði aftur, og þessi atvinnugrein mundi þá aftur rísa úr dvala.

Eins og jeg tók fram, er hjer aðeins að ræða um viðauka við lög um friðun fugla. En það ætti ef til vill að friða fleiri fugla á líkan hátt, t. d. álftina, þó að hjer sje ekki farið fram á það. Væri því nauðsynlegt, að skipa nefnd í málið. Eg skal svo ekki fjölyrða frekar um málið nú, en leyfi mjer að síðustu að stinga upp á 3 manna nefnd.

Júlíus Havsteen: Það er ef til vill nokkuð snemt að tala ítarlega um frumvarpið á þessu stigi málsins, en það sem jeg segi, kynni þó að hafa einhver áhrif á nefndina, sem væntanlega verður skipuð í það.

Jeg sje enga nauðsyn á að friða rjúpuna meira en nú er gert með lögum. Þó að rjúpan fækki í bili, tel jeg það enga sönnun þess, að hún sje að hverfa. Það hefur oft verið sagt áður, að nú væri rjúpan að hverfa, nú væri hún alveg farin og kæmi aldrei aftur. 1887 kom fram hjer á þingi frumv. um útflutningsgjald af rjúpum. Það var samþykt í neðri deild, en felt án umtals hjer í efri deild með 9 atkv. gegn 2. 7 árum seinna var borið fram frumvarp viðvíkjandi eitrun rjúpna, er ekki náði fram að ganga, af því menn vildu

eigi spilla þeim atvinnuvegi, sem fólginn er í því að skjóta og veiða rjúpur. Og jeg hef enn ekki heyrt færðar neinar sannanir fyrir því, að nauðsyn sje á þeim friðunarlögum, sem háttv. flutningsmenn flytja fram. Það er mjög erfitt, að vita með vissu, hvort rjúpan fækkar eða ekki. Það er komið undir veðráttunni, hve mikið næst í af henni. Það kom til mín bóndi úr Mýrasýslu í vor og sagði mjer, að hann hefði haft 300 kr. tekjur af rjúpnaveiðum nú á síðastliðnum vetri. Það er ísjárvert, að eyða þessum tekjum manna, eða leggja haft á góða atvinnu, sem sjerstaklega tíðkast í sveitum, þar sem á hinn bóginn er síður tækifæri til þess að vinna sjer eitthvað inn við tækifæri, en við sjávarsíðuna, eða í kaupstöðum og verzlunarstöðum. Þetta frumvarp gengur og of nærri atvinnufrelsi manna, ef það verður að lögum. Og það hefur verið gengið of langt út í það á seinni árum, að setja lög og reglur um aðgang manna að atvinnu.

Það er, eins og jeg sagði, erfitt að vita, hve mikið er til af rjúpunni. Jeg hef rannsakað skýrslur um útflutning á rjúpum síðustu árin, og á árunum 1906—1910 hafa verið útfluttar 110 þús. rjúpur að meðaltali á ári. Það er ekki lítið fje, sem þennan veg kemur inn í landið, og það er varlega í það farandi, að svifta menn þessum tekjum.

Það getur verið, að einhver segi, að mótmæli mín gegn frv. spretti af því, að mjer þyki rjúpur svo mikið góðgæti. En jeg hef á síðastliðnum vetri ekki haft rjúpur nema einu sinni á borði mínu, því að þær gerast nú mjög dýr fæða. Og mjer þykir það mjög gleðilegt, að þær eru í svo háu verði. Það sýnir, að sumir menn hafa allálitlega atvinnu af rjúpnaveiðum, og það á ekki að takmarka atvinnu manna nema knýjandi nauðsyn sje fyrir hendi.

Jeg get því, af ofangreindum ástæðum, alls eigi greitt frumv. atkvæði.

Jósef Björnsson: Jeg stend upp í tilefni af ræðu háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) Hann sagði, að með þessu frv. ætti að takmarka atvinnu manna. En tilgangur frv. er einmitt að tryggja, að landsmenn geti haldið áfram að hafa atvinnu af rjúpnaveiðum. Ef það er rjett, sem við flm. höldum fram, að rjúpan fækki, þá getur farið svo, að hún hverfi með öllu, sje hún ekki friðuð frekar en nú er. Þessu viljum við afstýra með því að friða rjúpuna um nokkurt árabil, eins og ákveðið er í frumvarpi okkar. Við viljum fara að eins og bændur eftir harðindaár, er skepnum hefur fækkað. Þeir láta búfjeð lifa, svo að bústofninn aukist, og fjenu fjölgi aftur, því það er þeim atvinnu- og hagnaðarauki. Þetta er hugsun okkar flutningsmanna. Við viljum fjölga rjúpunum til hagnaðar fyrir landsmenn.

Það getur, ef til vill, verið álitamál, hvort rjúpum fækki. En jeg verð að taka undir það með háttv. samflutningsmanni mínum, að raddir hafa heyrzt viðsvegar að um það, að látlaus skot hafi fækkað henni afarmikið, svo að vart sjáist rjúpa þar, sem áður var mikið af henni, og mjer finst ekki hægt að gefa slíku engan gaum. Hitt er annað mál, að það geta ýmsar leiðir komið til skoðunar, er tryggja á, að rjúpan gangi ekki til þurðar. Það má alfriða hana nokkur ár, eins og hjer er farið fram á. Það er og hugsanlegt — og jeg vil vekja athygli nefndarinnar, sem jeg vona að verði kosin í málið, þrátt fyrir andmæli háttv. 1. kgk. þm., á því — að nægilegt væri að friða hana fyrir skotum, en þá mætti veiða hana á annan hátt, snara hana eins og hjer tíðkaðist áður, og enn tíðkast í Noregi. Snaraðar rjúpur eru líka í hærra verði en skotnar rjúpur, og má því vel vera, að sú veiðiaðferð verði tekin upp aftur, þegar fram líða stundir.

Það er engin ástæða til að drepa þetta frv. nú, þótt eitthvert frv. um sama efni væri felt fyrir mörgum árum hjer í deildinni, eins og háttv. 1. kgk. þm. mintist á, ekki

sízt er líta mátti svo á, sem það frv. væri verndartolls-lagafrumvarp, svo að rjúpur yrðu hjer í Rvík ódýrari en ella mundi.

Jeg styð tillögu háttv. aðalflutningsmanns um nefnd.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 12 samhljóða atkv. Nefnd samþykt í e. hlj. og kosnir í hana með lista:

Björn Þorláksson,
Jón Jónatansson,
Þórarinn Jónsson.

Í nefndinni var Björn Þorláksson kosinn formaður og Jón Jónatansson skrifari.

---

2. *Frumvarp til laga um breyting á viðaukalögum frá 23. marz 1894 við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849* (45).

Flutningsmaður Björn Þorláksson: Það er sama að segja um þetta frumv. og frumvarpið næst á undan, að það miðar að því, að styðja stóran atvinnuveg í landinu, og það er stærri atvinnugrein, sem hjer ræðir um, heldur en í hinu frumvarpinu.

Eins og kunnugt er, hafa einstakir menn haft allálitlegar tekjur af æðarfuglarækt, þó að ekki verði sagt, að almenningur hafi haft það. Til að vernda þessa atvinnugrein voru lög samin fyrir 60 árum, en seinna hefur verið hert á ákvæðum þeirra laga. Samkvæmt gildandi lögum er ekki aðeins bannað að skjóta æðarfugl, heldur líka að selja og kaupa eggin. Nú heyrast almennar kvartanir um það, að þessum ákvæðum, þar sem bannað er að skjóta *fuglinn, sje eigi hlýtt.* Það er sagt, að hann sje skotinn um land alt, þar sem til næst, nema rjett við vörpin.

Sú breyting, sem farið er fram á í þessu frv., er eigi stórkostleg. Eins og jeg gat um, eru nú kaup og sala á æðareggjum bönnuð. En það leikur orð á því, að menn gefi þau gegn gjöfum eða selji þau jafnvel í laumi. Það gefur nú að skilja, að öll eggjataka er hættuleg. Það er auðsætt, að enginn fugl kemur úr því eggi, sem tekið er, og að eggjatakan er því hættuleg æðarfuglsræktinni. Það er og ótrúlega lítið, sem útfluttur dúnn vex. Jeg hef litið í Landshagsskýrslurnar til að kynnast þessu. Nú seinast munu það hafa verið um 19 þús. pund, er flutt voru út á ári, en fyrir mörgum árum voru það 6—7 þúsund. Þetta eru því furðu litlar framfarir, sem verða í þessari arðsömu atvinnugrein. Óefað stafar þetta af því, hve lítið er hirt um, að lögunum um bann gegn æðarfuglaskoti sje hlýtt.

Jeg hef heyrt marga segja, að það væri hart, að banna mönnum að skjóta æðarfugla, þar sem varpeigendur eyddu mest fuglinum sjálfir með eggjatökunni, og mjer finst mikið til í þessu. Þetta frv. fer ekki fram á annað en það, að eigi megi láta egg af hendi til annara.

Eg vona, að nefnd verði kosin í þetta mál. Það væri æskilegt, að sú nefnd ljeti safna í eina heild öllum þeim ákvæðum, sem til eru um verndun æðarfugla. Þau ætti að láta prenta, senda þau síðan út um land, svo að almenningur sæi, að þessi lög væri þó enn í gildi. Jeg hygg, að þetta yrði til að minka dráp á æðarfuglum, sem gengur úr hófi fram, landinu til stórskammar og stórskaða.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal játa það, að jeg stórgladdist, er jeg sá þetta frumvarp. Jeg segi þetta vegna þess, að jeg er líklega sá hjer í háttv. deild, sem hef mesta reynslu í þessu efni. Því jeg hef nú yfir 30 ár haft æðarvarp undir höndum á sömu eynni og horft daglega á alla hætti æðarfuglsins um varptímann, og jeg verð að telja það eitt hið allra nauðsynlegasta fyrir efling varplandanna, að eggjatökunni sje alveg hætt. Alger friðun er nauðsynleg bæði á fuglum og eggjum.

Það er öllum kunnugt, að áður en æðarfuglinn var friðaður, árið 1847, var sama sem enginn arður af æðarfugli. Æðey við Ísafjörð er ein mesta varpjörð landsins; árið 1805 fengust þar, samkv. Jarðatali Johnsens, 2 pd. af æðardún, og þá var varpið í Vigur 18 pd. og í Borgarey nokkru minna. Þessar eyjar gefa nú af sjer yfir 600 pd. í meðalári. Þeim mun meiri friðun, sem er á æðarfuglinum og æðareggjunum, þeim mun betur dafnar þessi atvinnuvegur.

Síðan jeg kom að Vigur, hef jeg altaf tekið lítið af eggjum, og miklu minna en áður var. Jeg sá að vísu lítinn árangur af því fyrstu árin, en síðan hefur varpið aukizt, þrátt fyrir það þó æðarfuglinn sje miskunarlaust drepinn ár frá ári.

Það er ekki hægt að segja, að með þessu frumv. sje heft atvinnufrelsi manna, því eftir núgildandi lögum er bannað að selja og kaupa æðaregg. En þau eru gefin og enda seld á laun. Það er sorglegt að þurfa að friða með lögum varpið fyrir varpeigendum sjálfum; en það er ekki sorglegra en að þurfa að friða búpeninginn fyrir bændunum sjálfum, en hvað eru allar bollaleggingarnar um lögvarnir gegn horfellinum á Íslandi annað en friðunartilraunir á búpeningnum gegn slæmri meðferð og horfelli?

Veit jeg það vel. að það eru skiftar skoðanir varpeigenda um það, hvort eggjatakan skaði varplöndin eða ekki. Sumir segja, að eggjatakan spilli ekkert æðarvarpsræktinni, en ekki hafa þeir mikið til síns máls, er svo mæla, því að það er öllum ljóst, að með eggjatökunni eru strax í fæðingunni drepnir jafnmargir fuglar og egg eru tekin. Auk þess fylgir eggjatökunni sá mikli galli, að það er miklu hættara við því, að egg þau, sem skilin verða eftir, deyi en ella. Þegar gengið er um varpið til eggjatökunnar, þá styggist fuglinn, og þegar eggin eru handleikin, þá deyja mörg egg fyrir þá sök,

að ógætilega er með þau farið. Jeg býst við því, að margir hafi fundið æðarhreiður út um haga eða á afskektum stöðum, og jeg hef aldrei orðið þess var, að í slíkum hreiðrum væru fúlegg, þetta tel jeg ljósa sönnun fyrir því, að það riki sama lögmál náttúrunnar um æðarfuglinn sem aðra fugla, að hann ungi út öllum þeim eggjum, er hann á, ef hann fær að hafa sem bezt næðið. En þess næðis getur hann ekki notið, þar sem eggjatakan er, þá þarf að skygna eggin, svo ekki verði tekin unguð egg, og þá er ekki farið jafn varlega með þau og þyrfti. Auk þess getur ónæðið oft orðið til þess, að fuglinn beinlínis yfirgefur hreiðrið, einkum fyrri hluta varptíðarinnar.

Því er haldið fram af sumum, að æðarkollan geti ekki ungað út öllum þeim eggjum, er hún á, en þessari skoðun mótmælir náttúran sjálf. Þau mistök eiga sjer ekki stað í náttúrunni, þar sem hún er einráð, og eins og jeg tók áðan fram, þá sýna æðarhreiður þau, er finnast á afskektum stöðum bæði í varplöndum og annarsstaðar, þar sem fuglinn hefur verið í algerðum friði, að þessi skoðun er ekki rjett. Þetta er álíka viturlegt, eins og þegar fólk, sem ekkert þekkir til æðarvarpa, er að tala um það, þegar kuldatíð gengur, að nú viðri vel fyrir varpið, af því að fuglinn reiti þá meiri dún af sjer, en þegar hlýtt er, og þó er þetta afsakanlegra en hitt. En sannleikurinn er sá, að æðarfuglinn reitir sig ekkert. Dúnn sá, sem er í hreiðrunum, dettur laus af honum við fæðingu eggjanna án þess veðráttan ráði þar nokkru um. Náttúran býr hjer sem annarsstaðar, þar sem hún er sjálfráð, í haginn fyrir sjálfa sig.

Eggjatakan hefur sjálfsagt minkað mikið síðustu ár, en er samt altof mikil enn, þótt lítið sje tekið af eggjum í hverju einstöku varplandi, þá verður samanlögð tala hinna teknu eggja samt geysi há í öllum varplöndunum. Í einu stærsta varplandi

Vestanlands hefur eggjatekjan verið mikið minkuð um mörg undanfarin ár; varla tekið eitt úr hreiðri að meðaltali. Samkvæmt þessu mun ekki ofmikið í lagt, þótt sagt sje, að tekin sjeu hjer á landi 100 þúsund æðaregg árlega, en hvað eru margir æðarfuglar drepnir með því í fæðingu? Eru það ekki jafnmargir og eggin, sem tekin eru, eða 100,000 fuglar á ári? Það er sagt, að sumir varpeigendur hafi reynt að taka ekkert æðaregg, en varpið hafi ekki aukizt við það, en það sannar ekki mikið; þeir hafa máske reynt það í eitt eða tvö ár, og þá er engin von um, að þeir sjái þess árangur með auknu varpi og dúntekju; til þess að svo geti orðið, þá verða þeir að halda því áfram um lengri árabil.

Því er haldið fram af þeim, sem mest drepa æðarfuglinn, að æðarvarpseigendurnir sjeu verstu æðarfuglamorðingjarnir, þar þeir taki svo mikið af eggjunum. Það er í sjálfu sjer ekki svo óeðlilegt, þótt þessu sje kastað fram. En sje hætt að taka egg, þá er þetta vopn slegið úr höndum þeirra manna, sem nota það til varnar lögbrotum sínum. Vitaskuld er það ekki víst, að með öllu tæki fyrir eggjatökuna, þótt hún væri lögbönnuð; en sjálfsagt mundi hún stórum minka, og mönnum verða erfiðara fyrir með hana, væri hún lagabrot.

H. fltm. (5. kgk.) tók það fram, að ákvæði gildandi laga hefðu ekki reynzt nægileg til að sporna á móti ofmikilli eggjatöku og til verndar æðarfuglinum. Þetta mun rjett vera, en þá sýnist líka sjálfsagt, að reyna að ráða bætur á því og breyta lögunum. Ýmsum kunna að finnast ákvæði frv. nokkuð hörð gagnvart varpeigendum; en svo er í raun rjettri ekki, þegar þess er gætt, hvernig sumir þeirra spilla fyrir sjálfum sjer og öðrum með eggjatöku. Í frv. er ekki gengið inn á þá braut, að spilla atvinnuvegi nokkurs manns, því að eftir núgildandi lögum er eggjasala óleyfileg. Jeg vona því, að h. d. verði því samþykk, að frv. þetta verði að lögum.

Jeg veit það vel, að almenningsálitið hefur alt af verið fremur óvinveitt friðunarlögunum; sjálfsagt mest vegna þess, að aðalarðurinn af varplöndunum lendir mest í höndum einstakra manna. En þröngsýni á hinn bóginn svo almenn, sem ekki kemur auga á neitt almenningsgagn, sem ekki veitir beinlínis fje í hennar eigin vasa. Hinu vilja menn gleyma, að varpeigendurnir eru að jafnaði stoð og stytta sveitarfjelaga sinna, því að vel flestir eru þeir í beztu bændaröð og gjalda háa skatta í sveitarsjóð og landssjóð.

Víst er um það, að varpjarðir mundu stórum hækka í verði, ef nýtt jarðamat færi fram. Jeg vil þar taka til dæmis, að milli 1830 og 1840 var hundraðið í Æðey selt á 4 spesíur, en nú er það 2—3000 kr. virði. Á þessu sjest það, hve mikils virði varpjarðirnar eru fyrir þjóðfjelagið, og hversu það eykur þjóðareignina, að hlynt sje að þeim. Þessa ættu þeir að gæta, sem hafa ýmigust á friðunarlögunum; þeir ættu að gæta þess, að með þeim lögum er verið að vernda og efla atvinnuveg, sem er næsta arðsamur ekki einungis einstaklingunum, sem hann stunda, heldur og allri þjóðinni. Ýmsir hugsa sem svo, að þeir sjeu nógu ríkir þessir stóru varpbændur, og að eigi muni miklu, þótt fugli sje dálitið fækkað fyrir þeim. En hjer kemur fram greinilega athugunarleysið og skammsýnin; þeir hugsa ekkert út í það, að þeir eru að spilla arðsömum atvinnuvegi og rýra þjóðareignina.

H. flutn.m. (5. kgk.) mintist á það, að þörf væri á, að taka veiðilögin til athugunar og færa saman í eina heild þau ákvæði, sem nú eru á víð og dreif. Þessu er jeg sammála. En jafnframt þarf þar að breyta ýmsu og koma samræmi á. Í viðaukalögunum frá 22. marz 1890, er ákveðin 10—100 kr, sekt fyrir hvern æðarfugl, sem drep-

inn er af ásettu ráði, auk sektanna, sem ákveðin er í veiðitilskipuninni, en þær sektir eru 48 skildingar fyrir fuglinn.

Svona lagað ákvæði er hálfóviðkunnanlegt að haldist lengur, enda mun sektarákvæðum veiðitilskipunarinnar ekki hafa verið fylgt síðan 1890 að þessu leyti. Ýmislegt fleira í eldri lögunum þarf sjálfsagt breytingar við. Meðal annars mun þörf á að hækka sektirnar fyrir æðarfuglsdráp. Helzt hræðir það menn, ef þær eru settar háar fyrir hvern drepinn fugl. Að öllu athuguðu verð jeg að mæla með því, að frv. þetta verði samþykt með slíkum viðaukum, sem nauðsynlegar kunna að reynast.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg stend aðallega upp til að svara hinni löngu ræðu h. þm. Ísf. (S. St.). Mjer virtist ræða hans ekki snerta mjög frumvarpið sjálft. Öllu heldur mun hún hafa átt að vera bending til væntanlegrar nefndar um að taka alla friðunarlöggjöfina til íhugunar. Það sem mjer finst aðallega athugavert við þetta frv., eins og hitt frv., sem var til umræðu næst á undan, er að bæði skerða þau um of frelsi einstaklingsins. Þetta frv. gerir menn ómynduga um það, sem þeir sjálfir eiga. Þetta frv. fer að því leyti í bág við önnur gildandi friðunarákvæði, að hjer eru beinlínis sett lög gagnvart varpeigendunum sjálfum. Þeir eiga að gerast ómyndugir, þessir 1% af landsbúum, eða hvað þeir nú eru, en hinir 99% að gerast forráðamenn þeirra, og skipa þeim með lögum, að gæta sín fyrir sjálfum sjer. Nú gildandi lög banna, að selja æðaregg, en nú á líka að fara að banna að gefa þau. Eru nokkur önnur slík lög til? Þá er þess að geta, að það er ófullkomið í frv., að það er ekki tekið fram, að það sje bannað að gefa *ósoðin* egg, því að það er víst ekki meiningin að banna mönnum, að gæða heimilisfólki sínu á eggjum. Raunar mætti koma með þá mótbáru, að hægt væri þá að fara í kringum lögin, því að ekki þyrfti annað en sjóða eggin, áður en þau væru gefin.

En hvað sem þessu líður, þá er það víst, að frv. fer oflangt. Reynslan hefur sýnt, eins og hv. þm. Ísf. (S. St.) tók fram, að varp hefur aukizt fyrir umhyggju varpeigenda sjálfra, og því er óþarft, að gefa þeim mönnum fyrirskipanir, sem hegða sjer eins og þeir vita, að bezt gegnir. Jeg veit til þess, að varpeigendur, sem ekki hafa hænsarækt, hafa fyrir varptímann fengið sjer allmikið af hænueggjum til að eitra fyrir varg í varplandinu. Þeir hafa orðið að kaupa egg þessi, og þeim mun sjálfsagt hafa þótt það borga sig, þótt þeir hafi orðið að láta æðaregg fyrir. Það er því rangt, að banna mönnum slík skifti, ef þeim þykja þau hagkvæm. Jeg vil enn fremur benda á, að þessi lög miða í þá átt að eyða virðingu fyrir lögum alment, því að þeim mun fleiri verða til að brjóta þau, en það verður aftur til að deyfa siðferðistilfinningu manna.

Jeg veit líka, að það er bannað, að hirða dauða æðarfugla úr neti eða jafnvel hamina af þeim, og þótt dauður æðarfugl fyndist í gluggatóftinni í Vigur, má presturinn ekki rjetta út hendina til að hirða hann. Í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að 1902 drap hafísinn svo mikið af fugli á Húnaflóa, að menn vita ekki dæmi til slíks. Menn hirtu þá alment dauða fugla, eins og eðlilegt var. Jeg man eftir því, að jeg heyrði þá karl einn, sem var húsmaður á varpjörð, vera að barma sjer yfir, að hann hefði aldrei notað sjer þetta, og hefði sjer þó ekki verið bannað það af varpeigendunum. Annars sjest bezt, hvað mikla virðingu menn bera fyrir slíkum lögum, að jafnvel í kaupstöðum er það alsiða ekki eingöngu að taka fugl úr netjum, heldur einnig að hengja hann upp á snaga, þar sem allir geta sjeð. Hv. þm. Ísf. (S. St.) tók það fram, að það væru skiftar skoðanir á því, hvort eggjatakan

skaðaði eða ekki. Jeg skal ekki um það dæma, því jeg hef aldrei sjálfur verið á varpjörð, en hitt veit jeg, að varp hefur vaxið eigi síður hjá þeim, sem hirt hafa egg en hinum, sem ekki hafa gert það, og að varp hefur eyðilagzt, þótt aldrei hafi verið tekin egg. Jeg efast um, að æðarkollur geti framfleytt takmarkalausri tölu eggja. Það getur verið, að þær geti ungað þeim öllum út, ef tíð er góð, en hvernig fer svo með ungana á eftir? Vanhöld á ungum eru stundum næsta mikil; jeg hef sjeð það oft sjálfur. Oft sjest ein kolla með eina 20 unga á eftir sjer; hún hirðir sjálfsagt unga fyrir fleiri en sig; því það virðist engin föst regla fyrir því, hvernig kollurnar gæta ungviðisins, en líklegt er, að því fleira farist af ungviðinu, þess fleira sem er að gæta.

Hv. þm. Ísf. (S. St.) gat þess, að ef egg væru skygnd, þá væri hætt við, að þau yrðu að kaldeggjum. Jeg veit ekki hvað hæft er í því, en til eru fleiri ráð til að komast eftir, hvort egg eru óunguð, en að skygna þau, t. d. að merkja 3—4 fyrstu eggin með ritblýi; sumir hafa þá reglu. Jeg er sannfærður um að dúnn verður verri, ef ekkert er tekið af eggjum, því að ef eggin eru ekki alt of mörg, þá má taka dálítið af dún úr hreiðrunum, og er það hinn bezti dúnn, og þarf nálega ekki hreinsunar við. Mesti varpbóndinn í Strandasýslu, presturinn í Árnesi, tekur jafnan nokkuð af eggjunum, og hefur gefizt það vel. Varpeigandinn á sömu ráð yfir eggjum sínum eins og bóndinn yfir lömbunum undan ánum. Það er hart, ef bóndinn mætti ekki gefa smala sínum lamb. Það mundi mönnum finnast ópolandi ófrelsi. Það getur að vísu verið skaði að gefa tvílembing, en hart væri þó að banna það með lögum.

Jeg held, að þetta frv. komi ekki að tilætluðum notum. En ef afleiðingarnar af því yrðu þær, að fuglinum fjölgaði, þá mundi það vekja mestu gleði hjá þeim, sem tíðka það að drepa æðarfugl. Þeir mundu hugsa sem svo, að varpbændurnir hefðu nóg, þótt nokkrum kollum væri lógað. Hv. þm. Isf. (S. St.) sagði, að almenningsálitið væri á móti varpeigendunum, en það hygg jeg að eigi sje rjett, það hlyti þá að vera lægsta tegund almennings, sem slíkar skoðanir hefði. Það er lúalegt að öfunda mann af eign, sem hann hefur goldið fult verð fyrir og stundar vel, enda gerir almenningur það ekki, heldur þeir einir, sem á lægsta stigi standa hjá þjóðinni. Jeg skal að endingu geta þess, að jeg get verið því fylgjandi, að hert sjeu sektarákvæðin fyrir dráp á æðarfugli.

Steingrímur Jónsson (3. kgk.) Jeg mun greiða atkvæði með nefnd í þessu máli, en ekki geri jeg það vegna frumv. sjálfs, því jeg held, að ekki verði mikið praktiskt gagn að þessum viðauka við lög frá 23. marz 1880. Jeg er samdóma h. þm. Strand. (G. G.), að óviðkunnanlegt er, hvernig frv. er orðað. Því má ekki banna með öllu að taka egg? En ef varpeigendur eiga að hafa rjett til að taka egg, þá er hart að banna með öllu að gefa. Jeg þekki vel til í einni mestu varpsýslu landsins, og jeg er viss um, að þar er mjög lítið um það, að æðaregg sjeu seld; hins vegar veit jeg til, að menn gefa þar dálítið af eggjum af góðsemi. Margir varpmenn segja, að nauðsynlegt sje að taka kaldeggin úr hreiðrunum, og sje það rjett, þá kæmi það að vísu í bága við það, að banna algerlega að taka egg úr hreiðri.

Jeg vil styðja nefndarkosningu í máli þessu, ekki beint vegna frv., heldur af því, að jeg vil að safnað sje í eitt öllum þessum friðunarákvæðum, og eins þarf ef til vill að breyta þá um leið nokkrum ákvæðum hinna gildandi laga.

Þessi atvinnuvegur er alls eigi lítilsvirði. Árið 1911 voru útflutt 4719 kíló eða 9438 pd. af æðardún, og er það meira en nokkru

sinni áður og fengust fyrir það 120,000 kr. Þetta er ekki svo lítill hluti af framleiðslu okkar, og þar að auki er þetta skemtilegur og fallegur atvinnuvegur og afrekstursmeiri að sínu leyti en flest annað, þá vil jeg minnast á kvartanirnar um brot á þessum lögum. Jeg vil halda því fram, að alment geri varpeigendur of mikið úr brotum þessum. Í Þingeyjarsýslu er lítið um æðarfugladráp. Það get jeg fullyrt af 16 ára reynslu sem sýslumaður. Vitaskuld er lögunum ekki hlýtt fullkomlega, en jeg er viss um, að ekki kveður eins mikið að lagabrotunum eins og varpeigendur halda fram. Í sambandi hjer við hefur verið talað um öfund manna á varpbændum, og er sá sannleikur í því, að áður fyr, í hallærum, hefur mönnum þótt hart, að soltinn maður mætti ekki drepa fugl fyrir landi sínu. Um það heyrðist fyr meir kvartað hjá alþýðu, að æðarkongarnir væru verndaðir með lögunum, en aumingjunum bannað að bjarga sjer.

Jósef Björnsson (þm. Skagf.). H. þm. Strand. (G. G.) talaði um, að með þessu frv. vœri þrengt að eignarrjetti manna, og tók hann í því sambandi fram, að æðarfuglinn væri jafn ákveðin eign eins og lömbin undan ánum. Jeg er ósamdóma h. þm. (G. G.) um þetta. Fuglinn er ómerkt sameign allra varpeigenda landsins, og er því rangt að segja, að frv. gangi á eignarrjett manna, eins og ef mönnum væri t. d. meinað að ráðstafa lömbum sínum eftir velþóknun. Fuglinn er og ekki aðeins sameign varpeigandanna, heldur er hjer um miklu viðtækari sameign að ræða, því að varplöndum getur fjölgað, og þessari fjölgun varplanda er ekki hægt að setja takmörk og segja, nú getur þeim ekki framar fjölgað. — En auðsætt er, að æðarfuglinn er sameign þeirra allra, er varplönd eiga eða eignast. Og kunnugt er, hve mörg ný varplönd hafa bæzt við á síðustu áratugum, og er vonandi, að fjölgun varplanda haldi áfram. Æðarfuglinn er og verður sameign allra varpeigenda í landinu,og hann er sameign þeirra, þótt varplöndin sjeu sjereign einstakra manna. Æðarfuglinn er og verður þjóðareign.

Því verður ekki neitað, að skoðanir eru skiftar um það, hve mörgum eggjum æðarkollan geti ungað út. Jeg hef heyrt því haldið fram, að þær geti ekki ungað út nema 4—5 eggjum: aðrir, t. d. h. þm. Ísf. (S. St.), segja þær geti ungað út 8—9 eggjum. En víst er, að *einstakar* kollur geta ungað út fleiri en 4—5 eggjum; um það hef jeg sjálfur reynslu.

H. þm. Strand. (G. G.) talaði um að umsjón með ungunum yrði æðarkollunum ofvaxin, ef þeir væru margir, og mundi leiða til þess, að fleiri og færri af þeim færust fyrir þá sök. En það veit jeg, að kollurnar annast ungana hver fyrir aðra, og álít jeg því, að eigi muni stafa hætta á vanrækslu á umönnun af fjölgun ungviðisins. Frv. það, er hjer liggur fyrir, á aðeins að vekja máls á því, hvort eigi beri að hindra einstaka varpeigendur í því að spilla sameiginlegri þjóðareign sem óneitanlega er gert sumstaðar og meðal annars með eggjatöku.

Sigurður Stefánsson: Háttv. þingm. Skgf. hefur tekið sumt af því fram, er jeg hafði ætlað mjer að taka fram gagnvart háttv. þingm. Strand., svo jeg get verið stuttorður.

Þar sem háttv. þingm. Strand. var að tala um það, að frumv. þetta hlyti að verða til þess, að vekja virðingarleysi gagnvart lögunum og þar af leiðandi siðspillingu, þá verð jeg að játa það, að jeg get ekki fylgst með í hugsunargangi hins háttv. þingmanns. Æðarfuglinn hefur verið friðaður um langan aldur, og það er þeirri friðun að þakka, hversu mikið æðarvarp hefur aukizt hjer á landi, þrátt fyrir virðingarleysi manna fyrir friðunarlögunum. Þar sem hinn

háttv. þingmaður var að tala um það, að mótstaða gegn friðun æðarfuglsins væri aðallega hjá þeim, er stæðu lægst í þjóðfjelaginu, þá er það ekki rjett hjá honum, að það sjeu aðeins dreggjar þjóðfjelagsins, er bera litla virðingu fyrir lögunum, því jeg veit, að margir, sem taldir eru hærra settir í þjóðfjelaginu, hafa brotið lögin og skotið æðarfugl, og jeg veit þess meira að segja dæmi, að þótt jafnvel hreppstjórar, sem gæta eiga laganna, hafi horft á það, þá hafa þeir ekki ljóstrað brotunum upp. Og að þeir ekki gera það, kemur einvörðungu af því, hversu almenningsálitinu á lögunum er háttað. Jeg vildi taka þetta fram, þegar verið er að tala um virðingarleysið fyrir lögunum, eigi einungis heima hjá þeim, sem standa á lægsta stigi í þjóðfjelaginu. Jeg er viss um það, að ef allir þeir, sem hafa sjeð drepinn æðarfugl hjer á landi, hefðu strax farið til yfirvaldsins og kært drápið, þá væri lögunum betur hlýtt nú, en gert er, og þá myndu þau virt sem önnur lög.

Sami háttv. þingm. (Guðj. Guðl.) tók það fram, að sumstaðar þar sem egg hefðu ekki verið tekin, þar hefði æðarvarpinu ekki farið fram, en aftur á öðrum stöðum, þar sem tekin hafa verið egg, þar hefði því farið fram. Það getur vel verið, að þetta hafi komið fyrir, en það sannar ekkert, því til þess geta legið fjölmargar aðrar ástæður, sem hjer yrði oflangt mál að telja upp, til dæmis það, að sá er eggin tekur, hirði varpið að öðru leyti betur en hinn, en atriði þau, er hirðinguna snerta, eru fjölmörg, aðhlynning á hreiðrum, eyðing vargs og að fæla hann frá varpinu, o. fl., sem jeg skal ekki fara út í.

Jeg get verið sammála hinum háttv. þingm. Strand. (Guðj. Guðl.) um það, að orðalag frumvarpsins gæti verið skýrara, en úr því má bæta, og það er alls ekki ætlun flutningsmanna, að banna varpeigendum að hirða æðaregg til eigin notkunar, enda getur það oft verið nauðsynlegt og beinlínis heyrt undir góða hirðingu, að taka egg. En þó eigendurnir hirði eggin, þá hafa þeir eftir núverandi lögum eigi leyfi til þess að selja þau, svo frumv. þetta er eigi á neinn hátt neitt atvinnutjón; það sem frumv. breytir núverandi lögum, er það eitt, að það bannar að gefa æðaregg. Og það væri framför að því, að eggjagjafirnar hyrfu. Jeg hygg, að flestir varpeigendur verði að játa, og svo er um mig, að eggjagjafir þeirra hafi fremur lent hjá efnamönnum heldur en fátæklingunum, sem þessara matgjafa þurfa þó frekar. Yfir höfuð eru flestir varpeigendur efnamenn og eins og gengur eru kunningjar þeirra fleiri í hóp jafningja þeirra í þjóðfjelaginu en hinna; að því leyti er það eðlilegt, að þessar gjafir falli fremur í skaut efnamannanna, en víst er um það, að enginn auðgast af gjöfum þessum og þótt þær lentu eingöngu hjá fátæklingunum, þá væri þeim næsta lítil hjálp í þeim til framfærslu, og til þess þyrftu gjafirnar að verða margfalt meiri og almennari en þær eru.

Háttv. þingm. Strand. (Guðj. Guðl.) taldi ennfremur, að það væri heppilegt að taka dúninn eftir því er hægt væri, áður en ungarnir skriðu út úr eggjunum. Jeg get verið samdóma hinum háttv. þingm. um þetta, því að sá dúnn, sem fyrst er tekinn, er betri og auðhreinsaðri en sá, sem liggur í hreiðrunum allan varptímann. En aðalatriðið er það, að sem minst sje hreyft við eggjunum, en það er hægt að taka dúninn án þess að hreyfa eggin, og það ætti að vera hið strangasta boðorð varpeigendanna, að hreyfa eggin sem allra minst. Það er mikið vandaminna verk að taka dúninn eggjunum að skaðlausu, en að skygna eggin til þess að sjá, hvort þau eru unguð eða ekki. Hreyfingin á eggjunum þegar þau eru skygnd, verður oft til þess, að þau deyja og verða að fúleggjum.

Sama háttv. þingm. þótti það hart ákvæði

í hinum núgildandi lögum, að bannað er að hirða dauðan æðarfugl, sem finst einhversstaðar, t. d. í fjörunni. En það finst mjer ekki, jeg tel einmitt þetta ákvæði eitt hið allra bezta og skynsamlegasta í lögunum. Áður en þessi lög komu, höfðu menn það heimlínis að atvinnu að drepa æðarfugl með netum, en með þessu ákvæði var gersamlega tekið fyrir það. Áður en þetta varð að lögum, báru menn hrogn og lifur sem beitu fyrir fuglinn ofan með hrognkelsanetum sínum, en sögðu svo, að ekki mættu þeir við því gera, að fuglinn kæmi í netin, og fóru með hann sem hverja aðra löglega veiði. Jeg hef einu sinni sjeð átta æðarkollur teknar úr einu hrognkelsaneti. — En þó net sjeu lögð nær varplöndum en lögin leyfa, þá er það mjög fátítt, að æðarfugl drepi sig í þeim. ef ekkert er egnt fyrir hann. Það er því víst, að sje ekkert gert til þess að hæna æðarfuglinn að netunum þá veiðist æðarfugl ekki í þeim svo teljandi sje, enda hefur þessi veiðiaðferð því nær algerlega lagzt niður, síðan bannað var að hirða fuglinn.

Þar sem þessi háttv. þingm. (Guðj. Guðl.) var að tala um hafís og pestardauða æðarfuglsins, og að menn yrðu í hallærisárum að leggja sjer allt til munns, þá er þar því til að svara, að jeg vil heldur vera talsvert svangur en eta dauðan pestarfugl. Það kemur fyrir, nær því hvert ár, að svo og svo margir æðarfuglar drepast í varplöndum; það kemur upp í þeim einhver illkynjuð pest, og þegar hún er mikil, getur kveðið töluvert að þessum dauða. Af þessum dauða pestaræðarfugli er hin mesta fýla, og jeg get ekki hugsað mjer viðbjóðslegri fæðu, og mjer hefur aldrei annað til hugar komið en að kasta slíkum hræjum. Að almennt bjargræði geti orðið af horuðum hafísdauðum æðarfugli, tel jeg engin líkindi til. Jeg vona, að þau árin verði fá — helzt engin — að þjóðin verði að eta alt, sem tönn festir á, til þess að forðast hungurdauða.

Ekki hefi jeg heyrt það fyr, að varpeigendur keyptu hænuegg til þess að eitra með þeim fyrir varg, og þar sem hinn háttv. þingm. Strand. (Guðj. Guðl.) hjelt því fram, að með frumv. þessu væri varpeigendum bannað að nota æðaregg til eitrunar, þá veit jeg, að það er ekki tilætlun flutningsmannanna; jeg hef aldrei þurft önnur egg til eitrunar en æðaregg.

Það er sagt, að þetta frumvarp gangi of nærri atvinnufrelsi varpeiganda, en svo er alls ekki. Að lögum er varpeigendum óheimilt, að gera eggjatökuna sjer arðberandi. Hjer er um einn hinn skemtilegasta og arðsamasta atvinnuveg þjóðarinnar að ræða er og framtíð hans og vöxtur, mikið undir því kominn, að löggjafarvaldið styrkji hann, og friðun æðareggjanna er þar eitt aðalatriðið.

Það er alveg rjett, sem háttv. 2. þm. Skgf. (Jósef Bj.) tók fram, að það geta risið upp ný varplönd, þar sem engin varplönd hafa verið áður. Jeg veit það, að svo er það rjett hjá mjer þar vestra; þar var fyrir fáum árum ekkert varp, fyrir 3 árum var þar orðið 6 pd. varp, en í fyrra voru þar 12 pd. af dún. Þetta er á Reykjanesi, þar sem saltverkið var; þar er stórt flæmi, sem er hægt að gera að ágætu varplandi með tiltölulega litlum kostnaði. Þar getur því orðið mjög stórt varp. En eigandi þessa varps hefur ekki tekið eggin; ef hann hefði gert það, hefði varpið ekki vaxið svona ört.

Mjer finnst það annars vera svo einfalt mál, að allir geti skilið, að úr þeim 100,000 eggjum sem nú eru árlega tekin, geti æðarfugl aldrei komið, og æðarvarpsræktuninni sje því unnið hið mesta tjón með eggjatökunni, eins og hún nú er.

Hákon Kristoffersson: Jeg ætla ekki að halda langa ræðu um mál þetta, það læt jeg þá um, sem þetta mál; er hjartfólgnara.

Jeg verð að vera fremur á móti þessu frumv. vegna þess, að mjer finst það vera

illa undirbúið. Það hefur ekki verið leitað álits varpeigenda um það, hvort að þeir vildu þessa breytingu eða ekki. Og ef þessi breyting er jafnmikils verð og háttv. flutningsmaður þess, þingm. Ísf. (Sig. Stef.), lætur, (*Sigurður Stefánsson:* Jeg er ekki flutningsmaður) þá meðmælandi þess, þá hefði hann, sem hefur verið varpeigandi yfir 30 ár, átt að koma með frumvarp þetta fyr.

Jeg verð að vísa þeim ummælum sama háttv. þingm. alvarlega á bug, að hreppstjórar horfi á dráp æðarfugls, án þess að kæra það (*Sigurður Stefánsson:* Jeg sagði ekki allir hreppstjórar). Háttv. þingmaður hafði orðið í fleirtölu, hreppstjór*ar* en ekki hreppstjór*i*, og ummæli hans voru almenn. Jeg er sjálfur hreppstjóri og veit því, að áburður þessi er rangur. Annars finst mjer þetta ekki vera sjerstaklega prestleg getgáta.

Þar sem það er borið hjer fram, að varpeigendur greiði hærri skatt en aðrir, þá er það ekki rjett, þeir greiða hann eftir hundraða tölu jarða sinna eins og aðrir.

Hvað eggjagjöfunum viðvíkur, þá mun lítið vera gert að þeim, en líklega er það rjett, að það sje ekki gefið mest til hinna fátækari, en væntanlega má þó ætla það, að prestarnir, sem eru svo vel settir að vera varpeigendur, hugsi jafnan til hinna fátæku í gjöfum sínum.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg get ekki skilið rökfærslu hins háttv. 2. þm. Skgf. (Jósef Bj.), að æðaregg í hreiðri sjeu ekki sjereign þess, er varplandið á. Það er alt annað, eftir að eggin eru unguð út og ungarnir komnir út í geiminn, þá eru þeir orðnir sameign alveg eins og lömb, sem sleppa ómörkuð. Frumv. þetta fer því fram á það, að banna mönnum að hirða eign sína. Lambið, er sleppur ómarkað, er sameign manna, svo framarlega sem ærin ekki helgar sjer lambið; þá fyrst eftir

helgunina kemur fram eignarrjettur á lambinu, og eins er um ungann að nokkru leyti; ef hann leitar sjálfur að sama varplandi, má segja, að hann helgi sig sjálfur eigandanum.

Við vitum það, að æðarfuglinn sækir á sömu stöðvar og hann hefur áður verið á, og að minsta kosti vitum það með vissu, að sama æðarkollan kemur ár eftir ár í sama hreiðrið, og þá er það mjög líklegt, að ungarnir sæki þangað sem þeir eru uppaldir.

Mjer finst, að þeir, er halda þessu frumv. fram, vilji gera æðarvarpseigendur að þeim skynskiftingum, að þeir viti ekki, að egg, sem etin eru, verði aldrei að fugli, og að þeir, varpeigendurnir, viti ekki sjálfir, hvað heppilegast sje fyrir æðarvarpsrækt þeirra. Mjer þykir það mjög einkennilegt, ef við, þeir 99%, sem ekki höfum æðarvarpsland, ættum endilega að setja þeim reglur um þetta efni; þeir sem sjálfir hafa reynsluna, og hljóta að vita, hvað við á. Það ætti að vera óþarfi, að við færum að blanda okkur í það mál, og þeir æðarvarpseigendur, er reynsluna hafa, ættu að geta talað um fyrir hinum, ef málstaður þeirra væri góður, svo ströng lög frá þinginu væru óþörf.

Hvað það snertir, að gjafirnar sjeu svo miklar, að hjer geti verið um atvinnu að ræða, þá getur það ekki verið, því ef svo væri mikið að þeim gert, þá yrðu varplöndin eyðilögð.

Það er útúrsnúningur hjá háttv. þingm. Ísf. (Sig. Stef.), að jeg sje á móti æðarfuglsfriðunarlögunum. Jeg tel þau lög góð. En þar sem þessi háttv. þm. vildi telja það sönnun þess, að menn litu svo á, að lögin væru órjettlát, að þau væru brotin af einhverjum heiðvirðum mönnum, mun slíkt öllu heldur gert af kæruleysi eða rjettara sagt af augnabliks freisting og án frekari umhugsunar.

Frumvarp þetta bannar að gefa æðaregg. Í tilefni af því dettur mjer í hug, að

segja sögu er mjer var sögð nú á augnablikinu. Presturinn á Sauðanesi hafði í vor gert sóknarbörnum sínum orð, að þau mætti koma einhvern dag til þess að fá æðaregg, af því varpið var að eyðileggjast af vatni. Og fólkið kom og þakkaði gjöfina. Annars hefði hann orðið að bera alt í sjóinn, ef frumv. þetta hefði verið orðið að lögum og láta ef til vill svangt fólk horfa á. Jeg efast ekki um það, að margur, sem er svangur, þakki fyrir að fá æðaregg, þó kaldegg sjeu; jeg tala nú ekki um, þegar þau eru ný, og jeg álít rangt af löggjöfinni, að banna gjafir, sem eru gefandanum skaðlausar, en þeim, sem þiggja, til mikils gagns eins og átt hefur sjer stað á Sauðanesi.

Hvað vinagjafir varpeiganda til efnamanna áhrærir, þá býst jeg við, að æðareggjagjafir þeirra sjeu ekki svo miklar, að þær muni nokkru, og háttv. þm. Ísaf. (Sig. Stef.) viðurkennir, að hann hafi gefið slíkar gjafir, og tel jeg þó víst, að hann hafi ekki spilt varplandi sínu.

Jósef Björnsson: Jeg vil að eins taka það fram, að mjer þótti það undarlegt, að háttv. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) ekki skildi mismuninn á eggjunum og lömbunum. Jeg tók það fram, að þegar unginn er kominn úr egginu, að þá væri hann sameign. Þó við göngum að því sem vísu, að gamall æðarfugl yfirleitt leiti til þeirra stöðva, þar sem hann hefur verið, þá getum við ekki fullyrt, að ungfuglinn lendi til þess varps, sem hann er ungaður út í. Þar getur annað gilt um gamlar æðarkollur en ungfugl. Mjer finst því hjer vera um viðtækari sameign að ræða, en háttv. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) vildi líkja því við. Ómörkuð haustlömb, er enginn getur helgað sjer, eru að vísu sameign, en mörkuð lömb ekki, en þótt æðarfugl væri merktur, þá fylgir því merki enginn eignarrjettur, þegar fuglinn er kominn í annað varp. Háttv. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) sagðist vilja hafa friðunarlögin sem strongust, en jeg skildi þar ekki vel hinn háttv. þingm. Mjer finst, að sá, sem vill hafa friðunarlögin strongust, hljóti líka að vilja banna, að eggin sjeu tekin. Því þá tel jeg lögin strongust, þegar ekki aðeins er friðaður fuglinn heldur líka ófæddur fugl — eða egg. Þessvegna tel jeg það sjálfsagt, að þeir, sem vilja hafa lögin sem strongust, vilji friða eggin.

Sami háttv. þm. (Guðj. Guðl.) taldi, að lögin væru ekki mikið brotin, og að það sem það væri, þá stafaði það af kæruleysi eða bráðræði. En jeg hygg, að sumir geri það ekki af bráðræði, eða að minsta kosti væri það undarlegt bráðræði, þar sem menn ár eftir ár og jafnvel alla æfina drepa æðarfugl, en það hef jeg heyrt og grunur á leikið, að vissir menn gerðu öðrum fremur.

Um eggjagjafir hins háttv. þm. Ísf. (Sig. Stef.) talaði þingm. Strand. einnig, og með því að háttv. þm. Ísf. er nú dauður, sem kallað er, þá vildi jeg svara þar fáum orðum. Hinn háttv. þm. Ísf. gat vel hafa gefið egg án þess að skaða varpland sitt, því við vitum, að í hverju varpi eru mörg kaldegg, sem enginn ungi kemur úr, og sem sjálfsagt er að taka, og eru slík egg jafngóð átu, sem önnur egg. Í jafnstóru varpi, og jeg geri ráð fyrir að sje í Vigur, er vel mögulegt, að mikið sje tekið af slíkum eggjum, en þá er líka augljóst, að hægt er að gefa egg, án þess spilt sje varpinu með eggjatöku.

Björn Þorláksson (5. kgk. þm.) Tilætlun okkar flutnm. með frv. þessu var aðallega sá, að reifa málið; hinu bjuggumst við aldrei við, að það færi óbreytt í gegnum deildina. Málið hefur nú þegar skýrst mikið við þær umræður, sem fram hafa farið. Jeg vil aðeins með fám orðum svara nokkrum athugasemdum, sem fram hafa komið við frv. H. 3. kgk. var óánægður með, að leyft væri að taka

nokkur egg, en það vakti fyrir okkur fltm., að menn ættu að hafa leyfi til að taka kaldegg úr hreiðrum. Okkur þótti óeðlilegt, að banna mönnum það, enda eru þau oft æt. Ennfremur hjelt hinn háttv. þm. því fram, að varpeigendur gerðu alt of mikið úr því, hvað mikið væri drepið af æðarfugli, en jeg held ekki, að það sje rjett. Jeg er ekki varpeigandi og hef aldrei verið það, en mjer hefur þó oft blöskrað, hvað mikið er skotið af æðarfugli, en sjerstaklega þó, hvað þeir, sem eru klaufar að fara með byssu, bana miklu af fugli, svo að nú hittist fjöldinn allur af æðarfugli, sem er með öllu ófleygur. Hjer er því einnig um mannúðarmálefni að ræða, að því leyti sem meðferð þingsins á máli þessu gæti orðið til þess, að fuglinn yrði minna skotinn. — Háttv. þm. Strandamanna hjelt því fram, að frelsi einstaklingsins yrði um of takmarkað með þessu frv., en jeg get ekki sjeð, að það felist meiri frelsisskerðing í því, heldur en í þeim lögum, sem hjer hafa verið í gildi hin síðustu 20 árin, eða í svo mörgum öðrum lögum, öll lög takmarka að meiru eða minnu leyti frelsi einstaklinganna. — Háttv. þm. Barðstr. sagði, að frv. væri illa undirbúið og óskaði, að leitað hefði verið álits varpeigenda um land alt. Jeg játa, að það hefði verið æskilegt, að svo hefði verið gert. En nú hafa tveir varpeigendur hjer í deildinni látið í ljósi álit sitt, og styðja þeir báðir frv. Sjálfur er jeg ekki varpeigandi, svo að það eru ekki eigingjarnar hvatir, sem ráða afstöðu minni í þessu máli, heldur einungis umhugsun um almenningshag. Hinn háttv. þm. vildi einnig vefengja það, að hærri skattur hvildi á varpjörðum en öðrum jörðum. En þar hefur hann rangt fyrir sjer. Einmitt hinar miklu varpjarðir eru einhverjar hinar verðmestu jarðeignir á landinu, t. d. Æðey, Laxamýri, Sauðanes, Hólmar í Reyðarfirði o. fl. Og hið háa mat á þeim er til orðið beint fyrir æðarvarpið á þeim.

Hákon Kristoffersson (þm. Barðstr.): Jeg vil aðeins gera stutta athugasemd út af ummælum h. 5. kgk. þm. um mat varpjarðanna. Einmitt á flestum varpjörðunum kemur margt fleira til skoðunar en sjálft varpið. Víða er t. d. á slíkum jörðum hrognkelsaveiði o. fl. slík hlunnindi. Varpjarðirnar eru oft eyjar, en þar er betri grasspretta en á landi. Og margt annað þessu líkt getur komið til greina, þegar meta skal varpjarðirnar.

Málinu vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Samþ. að skipa nefnd í e. hlj.

Kosnir í nefnd í e. hlj.:

Sigurður Stefánsson,
Jósef Björnsson,
Björn Þorláksson.

Í nefndinni var Björn Þorláksson kosinn formaður og Sigurður Stefánsson skrifari.

---

7. fundur. Laugardaginn 12. júlí, kl. 1 síðd. Allir á fundi.

1. *Frumvarp til laga um ábyrgðarfjelög* (stj.frv. n. 49); 2. umr.

Steingrímur Jónsson (framsögum.): Eins og háttv. þingdeildarmenn hafa sjeð, er nefndarálit okkar mjög stutt. Við viljum eindregið leggja til, að frv. sje samþykt óbreytt. Við höfum allir orðið sammála um, að í því sje falin mikil rjettarbót, því að það hefur lengi verið tilfinnanlegt, hvað húseigendur hafa átt örðugt með að fá hús sín vátrygð, og vátryggingarfjelögin hafa oft reynzt ósanngjörn og erfið til endurgreiðslu, þegar húsbruna hefur borið að höndum. Það er nauðsynlegt, að úr þessu sje bætt og sjerstaklega eru ómissandi lagaákvæði um, að vátryggingarfjelög geti eigi starfað hjer, nema þau hafi varnarþing hjer á landi. Þetta snertir að vísu mest brunabótafjelögin, en

á þó einnig að ná til allra annara ábyrgðarfjelaga, sem starfa hjer á landi.

Hin merkustu nýmæli þessa frv.s eru þessi: Öll tryggingarfjelög eiga hjer eftir að vera undir umsjá stjórnarráðsins, sem þannig getur fengið hönd í bagga með starfsemi þeirra. Í öðru lagi er hverju fjelagi gert að skyldu að hafa einn aðalumboðsmann hjer á landi, sem beri alla ábyrgð á starfsemi fjelagsins og sem menn hjer geti jafnan snúið sjer að. I þriðja lagi á sjerhvert fjelag að vera skyldugt að hafa hjer varnarþing, og er það mjög þýðingarmikið atriði. Loks á hvert fjelag að setja hæfilega tryggingu fyrir skilvísri greiðslu tryggingarupphæðanna.

Stjórnin hefur þó álitið rjett, að láta þessi nýmæli ekki ná til þeirra fjelaga, sem vel og lengi hafa starfað hjer; hún hefur verið hrædd um, að þau kynnu að bregðast illa við og segja upp ábyrgðum, og gæti það orðið til stórtjóns. Nefndin hefði að vísu helzt óskað, að ákvæði frv. næðu til allra fjelaga, en hyggur þó, að stjórnin hafi svo mikið til síns máls, að ráðlegt sje að fara eftir tillögum hennar í þessu efni. Það er líka bót í máli, að það munu ekki vera nema 4 brunabótafjelög, sem hafa starfað hjer í 20 ár eða lengur. Öll hafa þau reynzt ábyggileg og skilvís fjelög, og um eitt þeirra hefur mjer verið sagt, að það hafi varnarþing hjer á landi.

Að svo mæltu vil jeg fyrir hönd nefndarinnar leggja það til, að frv. verði samþykt.

Júlíus Havsteen (1. kgk): Hinn háttvirti framsögum. hefði getað minzt á eitt fjelag til, auk þeirra er hann nefndi, nefnil. Söassurance-fjelagið, sem lengi hefur starfað hjer. Það fjelag var stofnað með sjerstökum konungsúrskurði 1746 og síðan endurnýjað 1850. Það getur því sjálfsagt komizt undir ákvæði frv. um þau fjelög, sem stofnuð eru

með sjerstökum lögum. — Úr því að hæstv. ráðherra er hjer viðstaddur, vil jeg beina þeirri spurningu til hans, hvernig stjórnin hugsi sjer, hvernig þeirri tryggingu eigi að vera varið, sem fjelögin setja. Ætlar stjórnin jafnframt að heimta *depositum* af fjelögunum, eða ætlar hún að láta sjer nægja yfirlýsingu frá einhverjum banka eða stjórn þess lands, sem fjelagið á heima í? Mjer væri kært, að hæstv. ráðherra vildi gefa upplýsingar um þetta.

Ráðherra: Jeg er hinni háttvirtu nefnd þakklátur fyrir hinar góðu undirtektir hennar í þessu máli. — Út af fyrirspurn hins hv. 1. kgk. (J. H)., vil jeg geta þess, að það hlýtur auðvitað í hverju einstöku tilfelli að vera sönnunaratriði, hvað lengi hvert fjelag hefur rekið hjer atvinnu. — Að því er trygginguna snertir, þá hefur stjórnarráðið ekki viljað binda sig við neitt sjerstakt form. Auðvitað fer bezt á því, að hvert fjelag legði fram depositum, eftir því sem það kæmi sjer saman um við stjórnina, en bankaábyrgð eða tryggileg verðbrjef, verða að sjálfsögðu einnig tekin góð og gild. Stjórnarráðið verður í hverju einstöku tilfelli að ákveða, hvaða trygging geti talizt hæfileg og viðunanleg.

Sigurður Eggerz: Jeg get ekki felt mig við þá undanþágu, sem frv. veitir þeim ábyrgðarfjelögum, sem starfað hafa hjer í 20 ár eða lengur. Mjer virðist sjálfsagt, að þessi fjelög hafi umboðsmann og varnarþing hjer á landi og setji tryggingu. Þó að þau fjelög, sem hjer eiga hlut að máli, sjeu nú vel stæð og örugg, þá er ekki sagt, að það verði alt af, því að margt getur breyzt á stuttri stund. Það er ekki sjáanlegt, að rík fjelög geti haft nein veruleg óþægindi af því að setja hæfilega tryggingu fyrir skilvíslegri starfsemi sinni. Jeg mun því við 3. umr. koma fram með breyttill. um að nema þessa undanþágu burt úr frv.

Ráðherra: Þessi undanþága er sprottin af því, að stjórnin óttaðist, að það kynni að baka landinu stórtjón, ef ekki væri sleginn þessi varnagli. Það væri illa farið og mundi verða lánsstofnunum landsins og mörgum manni bagalegt, ef fjelög þau, er mest viðskifti hafa hjer á landi og hafa um langt skeið reynzt traust og áreiðanleg, þættust hafa tilefni til að firtast, hætta starfsemi hjer og segja upp ábyrgðum. Þau fjelög, sem hjer er um að ræða, eru öll í miklu áliti, og stórrík, og virðist því landsmönnum ekki geta staðið nein hætta af viðskiftum við þau, þó að þau ekki hafi lagt fram neitt sjerstakt tryggingarfje hjer á landi. — Jeg vil annars geta þess, að það voru ekki aðallega brunabótafjelögin, sem stjórnin hafði fyrir augum, þegar hún tók þetta frv. upp eftir tilmælum alþingis, heldur sjerstaklega lífsábyrgðarfjelögin. Sum þeirra hafa hlaupa-umboðsmenn út um landið, er taka við fje af mönnum, sem stundum hefur aldrei komið til skila. — Jeg hygg því, að það sje óheppilegt að gera slíka breyttill. við frv., sem hinn háttv. þm. V.-Skaftf. (S. E.) gat um, og vona að hún verði ekki samþykt.

1. gr. samþ. í e. hlj.
2. — — með 8 : 4 atkv.
3. — — í e. hlj.
4. — — sömuleiðis.
5. — — —
6. — — —
7. — — —
8. — — —

Fyrirsögn samþ. án atkvæðagreiðslu.
Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

---

2. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 20, okt. 1901 um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík,* (Stjfrv. 11, nr. 50); 1. umr.

Steingr. Jónsson, framsögumaður: Jeg get sagt hið sama um þetta frv. og frumvarpið næsta á undan, það þarf ekki miklar málalengingar um það.

Nefndin, sem kosin var til að íhuga frumvarpið, ræður til að samþykkja það óbreytt. Þá er samþykt vóru lög um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn árið 1905, var litið svo á, þar sem engin málaflutningsmannastjett væri til í landinu, að eigi væri hægt að gera þá kröfu til málafærslumanna við yfirdóminn, að þeir fengi verklega æfing, áður en þeim yrði veitt löggilding til starfa síns. Það hefur orðið venja, að veita kandídötum löggilding, þegar er þeir hafa lokið prófi. Þetta hefur málaflutningsmannafjelagið hjer í Reykjavík ekki talið heppilegt, og stjórnin hefur fallizt á það. Og því er farið fram á, að heimtuð verði verkleg æfing og verkleg reynsla af þeim, sem veitt verður þessi löggilding. Og það er talið óhætt að gera þessa kröfu nú. Nú eru málaflutningsmenn orðnir svo margir, að engin hætta er á, að ekki fáist nógu margir lögfræðingar til að flytja mál við yfirdóminn, þó að lög þessi verði samþykt. Er því farið fram á, að þeir einir fái löggilding, er fengið hafa nokkra verklega æfing í flutningi mála, unnið á skrifstofu einhvers málafærslumanns eða flutt mál fyrir undirrjetti, eða unnið að öðrum lögfræðisstörfum. Nefndin álítur, að þetta sje rjett gert, og ræður því til að samþykkja frv. óbreytt að efni til.

Þær breytingar, sem nefndin stingur upp á, eru aðeins orðabreytingar, er snerta tilvitnanir í lög. Fyrri lögin, sem nefnd eru í stjórnarfrv., eru nú úr gildi numin. Nefndinni þótti rjettara að vitna í núgildandi lög. Seinni brtill. fer aðeins fram á að bæta við fyrirsögn laganna, er í er vitnað.

ATKVGR.: 1. brtill. á þgskj. 50 samþ. með 12 samhlj. atkv.

2. brtill. á sama þskj. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Greinin með áorðnum breytingum sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

---

3. *Frumvcrp til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestsetrum landsins* (stj.frv. n. 51); 2. umr.

Eiríkur Briem: Jeg vildi leyfa mjer að gera þá athugasemd um 6. breytingartillögu nefndarinnar, að jeg óska, að hún verði borin upp til atkvæða í tvennu lagi, þannig, að sjerstaklega verði greitt atkvæði um það, sem nefndin vill fella burtu, og það, sem hún vill setja í staðinn.

Einar Jónsson, framsögum. Frv. það, sem hjer liggur fyrir, fer fram á þrjár aðalbreytingar við gildandi lög. Fyrsta breytingin er sú, að heimildin til einstakra lána sje hækkuð úr 3 þús. kr. upp í 5 þús. Þá er önnur breytingin, að hús, sem lán er veitt til úr landssjóði, skuli aðeins vera ger úr steini eða steinsteypu, í stað þess að nú er lögákveðið, að þau sjeu annað hvort úr steini eða timbri. Og þriðja aðalbreytingin er, að 12. gr. laganna falli burtu.

Jeg hygg, að þær ástæður, sem stjórnin hefur fært fyrir þessum breytingum, nægi, að minsta kosti þar til mótmæli koma fram.

5. gr. stjórnarfrumvarpsins er að eins skýring á gildandi lögum.

Nefndin hefur orðið sammála um að ráða háttv. deild til að samþykkja frv. óbreytt, það sem það nær. En hinsvegar hefur hún talið rjett, að breyta fleiri atriðum í þeim lögum, er hjer er um að ræða, og bæta því nokkru inn í frv. stjórnarinnar.

Það eru ekki neinar verulegar breytingar, sem nefndin hefur komið fram með. Fyrsta breytingin er við 3. gr. laganna. Þar er ákveðið, að prestar skuli skyldir að sitja, þar sem reist eru íbúðarhús að einhverju leyti fyrir lánsfje úr landssjóði. Þetta teljum vjer nefndarmenn of einskorðað. Því förum við fram á, að stjórninni verði leyft að veita undanþágu frá þessum ákvæðum laganna. Ýmsar ástæður geta valdið því, að slíkt sje nauðsynlegt, t. d. breyting á skipun prestakalla o. fl., en lögin banna undantekningarlaust, að prestur sitji annarsstaðar en þar, sem íbúðarhús hefur verið reist fyrir lánsfje.

Þá er önnur breytingartill. nefndarinnar. Nú er ákveðið, að þá er tveir prestar eða fleiri sækja um byggingarlán, skuli sá ganga fyrir, er mest vill leggja fram til húsagerðarinnar af eigin fje. Jeg fyrir mitt leyti hefði helzt kosið, að sá hefði forgöngurjett, sem mesta hefði þörfina, sem býr við verst húsakynni; en um það var ekki beinlínis talað í nefndinni. En vjer vildum rýmka þessi ákvæði, og komum því fram með tillögu um, að bætt verði inn í, að sá skuli *„að jafnaði“* hafa forgöngurjett, er mest vill leggja fram til byggingar úr sjálfs síns sjóði. Fyrir þessari br.till. eru færð rök í nefndarálitinu, svo að það þarf eigi að fara fleiri orðum um það.

Þá er enn fremur lagt til, að sá viðauki verði gerður við gildandi lög um þetta efni, að ef svo stendur á, að hús hefur verið bygt á prestssetri, en það fylgir ekki staðnum, að þá megi kaupa það fyrir lánsfje úr landssjóði á sama hátt og reysa má hús fyrir lánsfje, ef það er gott og vandað, svo að eigandinn þyrfti eigi að flytja það í burtu eða selja sjer það til stórskaða. Verðið færi að sjálfsögðu eftir samningum eigenda hússins og stjórnarráðs.

Þá kemur nefndin með till. um breyting á 8. gr. nefndra laga. Þar er svo ákveðið, að svifta megi prestinn embætti, ef hann bætir eigi úr þeim göllum á byggingu húss eða viðhaldi, er fram kunna að

hafa komið við lögboðna skoðun. Þetta þótti okkur nefndarmönnum of hörð ákvæði og auk þess óþörf. Við teljum það nóg aðhald að prestinum, að heimilaðar sjeu dagsektir, eins og gert er í lögunum, og að bæta megi jafnvel úr göllunum á kostnað prests, ef hann vanrækir það, þó að eigi sje einnig heimiluð afsetning um stundarsakir. Það lægi nær, að svifta hann ábúðinni, ef hitt tvent þætti eigi nægja. Við komum því með tillögu um, að nema þetta ákvæði burt úr lögunum, en stingum upp á ákvæði um svifting ábúðar í staðinn, ef háttv. deild kynni að óska að setja það. Háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) stakk upp á, að skifta þessari br.till. í tvent við atkvæðagreiðsluna. Jeg ætlaði einmitt að stinga upp á því sama. Og jeg get bætt því við, að jeg hygg, að engum okkar nefndarmanna sje fast í hendi með seinni part þessarar tillögu, að minsta kosti er mjer það ekki.

Þá kemur breytingartill. við 11. gr. laganna. Þar er ákveðið, að ef hús ónýtist af einhverjum óviðráðanlegum náttúruöflum, að landssjóður skuli þá leggja fram efni í samskonar hús, en prestur allan hinn kostnað. Þetta er ekki í samræmi við það, sem annars er ákveðið í gildandi ábúðarlögum, því að eftir þeim á landsdrottinn að leggja til bæði efni og smíði, og það virðist sanngjarnt, að landssjóður geri sama. Þess ber og að gæta, að þá er slíkt kemur fyrir, hlýtur presturinn sjálfur að verða fyrir miklu eignatjóni og kæmi því auðvitað mjög illa, að þurfa að leggja stórfje til endurbyggingar húsa. Þess er og að gæta, að þau tilfelli, sem hjer ræðir um, munu verða mjög fá, því að lögin búa tryggilega um, að húsin sje reist á tryggilegum stöðum, því að svo segir í 4. gr. þeirra: „Nú sækir einhver prestur um slíkt lán, og skal hann þá lýsa nákvæmlega stað þeim, er hann ætlar að byggja á, svo að landstjórnin sjái ljóslega, hvernig þeim stað er í sveit komið, og hvort húsi er þar nokkur hætta búin af völdum náttúrunnar, svo sem af sjávargangi, skriðufalli eða öðru.“ Í þessu felst mikil trygging þess, að þau hús, er hjer ræðir um, farist ekki oft af völdum náttúrunnar. Af því leiðir aftur það, að þau tilfelli, yrðu mjög sjaldgæf er landssjóður yrði að leggja fram fje til húsabygginga af þeim sökum og þau auknu fjárútlát, sem nefndin fer fram á, geta því með engu móti orðið tilfinnanleg, þar sem þau kæmu svo afarsjaldan fyrir.

Jeg skal að síðustu geta þess, að br.till. nefndarinnar eru í raun og veru ekki nema 4, þó að gengið verði til atkvæða um þær í 7 liðum.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið, nema ef einhver mótmæli kunna að koma fram.

Eiríkur Briem: Áður en umræður hófust, leyfði jeg mjer að óska þess, að 5. br.till. nefndarinnar yrði borin upp í tvennu lagi, og það væri vegna þess, að hún skiftist í raun og veru í tvö atriði, er ekki standa í því sambandi hvort við annað, að síðara atriðið hljóti að fylgja hinu fyrra, eða leiða af því, eins og háttv. framsögum. (E. J.) líka gat um. Það má vel greiða atkv. með því að fella burt úr þeim lögum, sem hjer ræðir um breyting á, orðin: „eða með frávikningu frá embætti um stundarsakir“ án þess að þurfa svo að greiða atkvæði með því ákvæði, sem háttv. nefnd leggur til að setja í staðinn. Það mundi í reyndinni verða mjög erfitt að beita þessu ákvæði. Það er hætt við, að erfitt veiti að fá góða ábúð á jörðinni gegn sæmilegu endurgjaldi, þegar ábúðarrjetturinn er ekki nema til árs og árs í senn. Það gæti jafnvel beinlínis verið í prestsins þágu, að losna við ábúðina, því að hann fengi þeim mun meira endurgjald úr Prestslaunasjóði, sem eftir gjaldinu næmi, er honum var reiknað, en Prestslaunasjóður biði hallann við það, sem

jörðin kannske leigðist lægra. En það eru, sem sagt, miklar líkur til, að leigan yrði lág, því að fæstir mundu vilja rífa sig upp frá ábúðarjörðum sínum fyrir að eins eitt ár, þeir er annars ættu kostar, eða leigja jörð til aðeins eins árs. Afleiðingin yrði því sú, að það þyrfti að auka gjöld til presta úr Prestslaunasjóði, ef því yrði nokkuð beitt. En í framkvæmdinni hefði það að líkindum enga þýðingu, gerði ekkert gagn.

Það er — að jeg ætla — vangá hjá háttv. nefnd í 3. br.till. hennar, er hún bindur lán til þeirra kaupa, sem þar ræðir um, eingöngu við kaup á járnvörðum timburhúsum. Það er enn meiri ástæða til að kaupa íbúðarhús, ef þau eru úr steini eða steinsteypu. Jeg vona, að háttv. nefnd komi með br.till. hjer að lútandi við 3. umr.

Þórarinn Jónsson: Við 1. umræðu þessa máls hreyfði jeg engum mótmælum gegn því, hafði þá ekki athugað það svo. Og heldur hef jeg ekki gert neina br.till. til þessarar umræðu, en býst við að gera það við 3. umræðu. Þessi lög um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á presstsetrum landsins eru eigi gömul, rúmlega 5 ára. Eftir því sem segir í ástæðum stjórnarinnar, hefur 28 prestaköllum verið veitt lán samkv. þeim á árunum 1908—1912 um 73 þús. kr. og má því heita svo, að lánsfjeð hafi verið uppunnið, svo að það virðist hafa verið allmikil eftirspurn eftir lánunum, þótt þau væri eigi hærri en 3000 kr. Ástæðan til að breyta lögunum í þá átt að hækka lánsupphæðina, virðist því aðallega sú, að tveir prestar vestanlands, kauptúnabúar þar, hafi ekki gert sig ánægða með þá lánsupphæð, sem heimiluð er í lögunum, jafnvel þó að bætt væri við hana 1000 kr. Þessa hækkuðu lánsupphæð, sem frv. fer fram á, tel jeg alt of háa, aðallega af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er prestinum bundinn erfiður baggi með svo dýrri húsaleigu og viðhaldi; og í öðru lagi álít jeg ekki rjett að byggja svona dýrt á sveitajörðum. Húsin fara að bera jarðirnar ofurliða, og eigi þetta að vera öðrum til fyrirmyndar, eins og fram er tekið í ástæðum fyrir frv., þá má svo fara, að menn allvíða reisi sjer hurðarás um öxl, og er er þá ver farið, hvað landbúnaðinn snertir. Margir kunna að halda, að prestar geti borið þetta betur en bændur, en þar sem jeg þekki til, búa þeir ekki alment þeim mun betur, sem meiri kraft þarf til þessa en alment gerist; sje lánið 5000 kr., er húsaleigan orðin 200 kr. fyrir utan viðhald. — Svo þegar prestaskifti verða, gæti svo farið, að enginn vildi ganga að, ef illa væri komið.

Þá er ennfremur eitt stórt atriði, sem vel verður að taka til athugunar. Við höfum fyrirfarandi, og erum enn að rannsaka byggingarefni og byggingarfyrirkomulag til sveita. Enn er þetta óleyst, og vel má verða, að innan skams komumst við að ódýrari og betri aðferðum í þessu efni. Fyr en þetta er rannsakað, vil jeg engan vegin auka lánsupphæðina, heldur halda henni eins og hún er.

Eftir atvikum get jeg verið með öðrum ákvæðum frumvarpsins. Þó finst mjer farið of langt, þar sem ætlazt er til, að landssjóður kosti smíði á húsum, er eyðilagzt hafa og þarf að endurreisa. Er það ákvæði nýtt nú og því sjerstök útlát fyrir landssjóðinn fram yfir það, sem í gildandi lögum er.

Framsögumaður: Það var minst á það áðan, að vangá hjá nefndinni mundi hafa verið, er hún samdi viðaukatillöguna við 2. gr., að hún minnist þar aðeins á járnvarin timburhús, en sleppir bæði steinhúsum og steinsteypuhúsum. En hjer er ekki að öllu leyti vangá um að kenna. Vjer töldum það svo sjálfsagt, að ef umhentug steinhús væri að ræða, þá þyrfti

ekki á þau að minna sjerstaklega, því að landstjórnin mundi ekki hika við að veita lán til að kaupa þau, þótt ekki væri það beinlínis tekið fram, væri að öðru leyti ekkert annað til fyrirstöðu kaupunum. Auk þess taldi nefndin það miklu líklegra, að timburhús stæðu til boða á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í br.till, en steinhús; það er svo skamt síðan farið var að byggja þau, að þau eru óvíða til. En sjálfsagt mun þó nefndin fús á, að taka bendinguna til greina, og láta ákvæðið ná eigi síður til steinhúsa, en timburhúsa. H. 1. þm. Húnv. (Þ. J.) þykir of mikið, að veitt sje 5000 kr. lán til einnar húsbyggingar; en það tel jeg ekki vera. Það er auðsætt, að 3000 kr. nægja ekki til að byggja fyrir sæmilegt íbúðarhús úr steini, ekki sízt ef gerðar eru kröfur til, að húsið sje vandað að gerð, og það er nauðsynlegt að halda fast við þær kröfur, ekki sízt, þar sem hjer er að ræða um byggingar, sem eiga að geta staðið mjög lengi, jafnvel öldum saman. Það hefur verið kvartað um það, að ýms steinhús, sem hingað til hafa verið bygð, sjeu ekki nærri svo vönduð, sem skyldi, og að þessu þyrfti að kippa í lag, en þá verða húsin dýrari. Og auðvitað er, að hollast og affarabezt er, að byggja húsin sem traustust og vönduðust, og þar ætti landsstjórnin að ganga á undan með þær byggingar, sem hún veitir fje til, þótt að láni sje. Það er sjálfsagt, að þessar byggingar verða dýrari í svipinn en hinar óvandaðri, en þær margborga sig, og því má eigi skera tillagið til þeirra um of við neglur.

Eg skil ekki í því, að þótt bygð sjeu á prestssetrunum hús fyrir 5000 kr., eða rúmlega það, að ýmsir bændur sjái sjer ekki fært að byggja hjá sjer í samræmi við húsin þar. Ef þá skortir fje, þá byggja þeir ódýrari hús; ef þeir hafa ráð á, þá leggja þeir meira fram. Yfirleitt mun mega treysta því, að bændur sníði sjer stakk eptir vexti með húsabyggingar sínar, en stæli ekki í blindni eftir því, hvernig bygt kann að vera á prestssetrunum.

Jeg fæ því ekki sjeð, að það verði með rökum haft á móti tillögunni um hækkun byggingarlánanna, að það muni leiða bændur á glapstigu og vinna landbúnaðinum mein.

Þórarinn Jónsson: Jeg gat þess áðan, að eg byggist við, að 3000 kr. mundu að líkindum ekki nægja til að byggja fyrir íbúðarhús á prestssetri, og það jafnvel þótt hvorki væri um sjerlegt stórhýsi nje skrauthýsi að ræða. En þar fyrir vil jeg ekki, að landsjóður láni meira, jeg vil ekki fría prestinn með öllu við að leggja nokkuð fram til byggingarinnar sjálfur, auk þess sem að staðarhúsin mundu allmikinn skerf gera auk tillagsins. Það er ekki langt síðan farið var að byggja nokkuð að mun úr steini, og það er því næsta líklegt, að við meiri æfingu komist menn upp á að byggja ódýrara en nú gerist. Þegar þessa er gætt, er enn minni þörf á að vera nú að hækka lánsupphæðina, því að jeg vil um fram alt forðast að gefa undir fótinn með að byggja stærri og dýrari hús, en þörf krefur, en hætt við, að þessi háu lán geti orðið til þess. Það er ekki víst, að allir sjeu svo framsýnir, að þeir gæti þess, hvílíka byrði þeir binda sjer og eftirmönnum sínum með hárri lántöku.

Einkum og sjer í lagi er það þó vegna þess, að nú er verið og hefur fyrirfarandi ár stöðugt verið að rannsaka byggingarefni til sveita, úr hverju væri hentast og ódýrast að byggja. Jeg hefi trú á því, að vjer getum innan skamms bygt ódýrara en nú gerist og vil því engan veginn hækka lán til þessara bygginga, þar sem það bæði getur bundið prestinum of þungan bagga á herðar og gert óhæfilega háa húsaleigu á jörðinni, yfir 200 kr., því eg geng út frá því, að í staðarhúsunum sje nokkurt fje, sem verja má til byggingarinnar auk lánsins.

Framsögumaður: Þeir, sem kunnugir eru steinhúsbyggingum, vita, að 5000 kr. muni ekki hrökkva til að byggja hæfilegt íbúðarhús á flestum prestssetrum, eins og lögin gera ráð fyrir að þau verði. Það má því gera ráð fyrir, að prestar yrðu lang oftast að leggja meira eða minna fram úr eigin vasa til húsbyggingarinnar, þótt 5000 kr. lánið fengist. Að vísu skal eg játa það, að mikill munur er á byggingarkostnaðinum eftir því hvort efnið er á staðnum eða ekki; en sú mun þó reyndin verða, að naumast komi það fyrir, að lánsfjeð eitt nægi til byggingarinnar. Jeg veit, að einmitt það hefur aftrað sumum frá að byggja, hve lánsupphæðin er lág.

Sá, sem byggir, situr stundum svo lengi á staðnum, að hann er búinn að endurborga mikið af láninu, þegar hann hverfur frá. En auk þess sem hann borgar þannig mikið af láninu og árlega vexti af því, verður hann að gefa staðnum alt sem hann hefur lagt til byggingarinnar frá sjálfum sjer. Það getur þó varla verið tilætlunin, að prestar gefi staðnum svo þúsundum króna skiftir. Hingað til hafa þeir orðið að greiða lán, er þeir hafa fengið til bygginga, á fremur stuttum tíma, lengst á aðeins 28 árum, og átt þó ekkert í húsunum á eftir. Hin gildandi lög bæta mikið úr því, þar sem lánin eru veitt til lengri tíma, og árgjaldið af þeim því lægra. En framlögin í fyrstu verða engu minni, og sjeu þau látin vera mikil, koma þau ósanngjarnlega niður á einum manni, þeim sem fyrir endurbyggingunni beitist og hefur mörg óþægindi af, sem ekki er gott að taka til greina við kostnaðinn við sjálfu bygginguna. Hjer er ekki um það að tala, að landssjóður verði fyrir neinu tjóni við lánin. Hann er vel trygður með vexti og afborganir, þar sem honum er ætlað veð í tekjum prestakallsins. Eina ívilnunin er sú, að vextirnir eru lágir.

Að öllu athuguðu held jeg fast við það, að lánið til hverrar húsbyggingar megi vera 5000 kr.

ATKVKR.:

1. gr. frv. samþ. með 8 : 2 atkv.
   Br.till. 1 á þgskj. 51., fyrri liður samþ. með 8 samhlj. atkv.
   Br.till. á þgskj. 51., síðari liður samþ. með 8 samhlj. atkv.
   Br.till. 2 á þgskj. 51., samþ. með 9 : 1 atkv.
2. gr. frv., sem nú verður 4. gr. samþ. með áorðinni breytingu með 11 samhlj. atkv.
   Br.till. 3 á þgskj. 51., 1. liður *a* samþ. með 10 samhlj. atkv.
   Br.till. 3 á þgskj. 51., 1. liður *b* feld með 7 : 3 atkv.
   Br,till. 3 á þgskj. 51., 2. liður samþ. með 9 : 1 atkv.
3. gr. frv., sem nú verður 5. gr., með áorðinni breytingu samþ. með 9 samhlj. atkv.
4. gr. frv., sem nú verður 8. gr. samþ. í e. hlj.
5. gr. frv., sem nú verður 9. gr., samþ. í e. hlj.
6. gr. frv. sem nú verður 10. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.greiðslu.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

---

4. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishjeraða o. fl.* (52); 1. umr.

Guðjón Guðlaugsson, flutningsmaður: Þetta frv. er bæði stutt og auðskilið og auk þess ekki ókunnugt hjer í deild, þar sem háttv. d. þóknaðist að stinga því svefnþorn á síðasta þingi og hefur það legið í dái síðan. En ekki hefur þörf fólksins á lækni getað dofnað fyrir það, og ekki hefur hugum manna orðið

stungið svefnþorn eins og frv. Hvað eftir annað hefur verið leitað til þingsins um að stofna læknishjerað það, sem hjer ræðir um, og enn að nýju koma fram óskir um það. Þetta ber vott um það, að læknisþörfin muni vera brýn og áhugi almennings á því sterkur.

Eg ætla ekki að þessu sinni að skýra frá hinum sjerstöku ástæðum, sem mæla með frv. þessu; jeg hef gert það áður, og gefst sjálfsagt kostur á því síðar.

Eg skal aðeins nefna þá almennu ástæðu, að það má fullyrða, að það er þjóðarvilji, að læknum sje fjölgað sem mest. Það munu vera einu embættismennirnir, sem alþýða vill að sje fjölgað. Það vill því verða gremjuefni fyrir menn, þegar þeir sjá, að verið er að troða upp á þá ýmsum embættismönnum og öðrum opinberum starfsmönnum, sem þeim virðast alls óþarfir, en þeim er synjað um lækna. Menn ættu að geta skilið það, hvað sjúklingar taka út við það að ná ekki í læknishjálp, og enn sárara verður það fyrir þá, þegar þeir bera sig saman við aðra, sem eiga hægt með að ná í lækni. Sjálfur hef jeg ekki yfir sliku að kvarta, svo það er ekki af eigingirni eða fyrir mig, að jeg ber fram frv. þetta.

Það er sárt til þess að vita hve mikil olbogabörn Hrútfirðingar hafa verið og afskiftir með lækni; þeir eru jafnvel ver settir nú en áður, þrátt fyrir alla læknafjölgunina, og þrátt fyrir það, að stórum hefur hægst um fyrir íbúana í norðurhluta Strandasýslu með að ná í lækni.

Eg tel víst, að það muni þykja þörf að skipa nefnd í mál þetta, því að þótt þetta frv. sje ekki stórt nje margbrotið, þá eru fleiri samkynja mál á ferðinni í þinginu. Jeg ætla því ekki að þessu sinni að fara meira út í að tala um erfiðleikana við að ná lækni fyrir þá, sem búa í hinu fyrirhugaða læknishjeraði, nje heldur vegalengdir og þesskonar; mjer gefst sjálfsagt kostur á að skýra frá öllu þessu, þegar málið kemur úr nefnd.

Guðmundur Björnsson: Jeg hef ekki á móti því, að nefnd sje skipuð í þessu máli, því að jeg tel æskilegt, að þingið taki læknaskipunarmálið alt til nákvæmari íhugunar, en gert hefur verið á síðustu þingum.

Jeg get vel skilið í óskum manna að fá lækni í nágrenni við sig, þar sem erfitt er að ná læknishjálp. En þessir menn hugsa ekki út í það, að það sem mest liggur á í svipinn, er ekki að fjölga læknishjeruðum, heldur að fjölga læknum. Háttv. 3. kgk. þm. (St. J.) er kunnugt um það, að í hans sýslu eru tvö læknishjeruð læknislaus, og jeg sje engin tök á að útvega lækni í þau í ár, og líklega ekki heldur að ári, og er það þó mjög meinlegt, einkum fyrir Öxarfjarðarhjerað. Og það má búast við, að enn lengri bið verði á, að læknir fáist í hitt hjeraðið í þeirri sýslu, Höfðahjeraðið.

Þá sný jeg máli mínu að hv. 2. þm. N.-M. (E. J.). Í hans kjördæmi er Hróarstunguhjerað læknislaust, stórt hjerað og erfitt, og víða ekki auðhlaupið að ná í lækni, þótt hann sitji í hjeraðinu sjálfu, hvað þá, þegar hans þarf að leita út fyrir hjeraðið, að Brekku eða á Vopnafjörð.

Þá verður mjer litið til hv. 1. þm. Húnv. (Þ. J.); þar situr í vesturhlutanum roskinn læknir, bilaður að heilsu og svo heyrnarsljór, að í raun rjettri er hann alls ekki fær um að gegna læknisembætti, en það hefur ekki þótt fært að hann segði af sjer, því enginn fæst í staðinn, og hjeraðsbúar hafa þagað, talið betra að veifa röngu trje en engu.

Þá situr hjer hv. þm. V.-Sk. (S. E.). Honum er það kunnugt, að í Síðuhjeraði er læknir farinn að heilsu, svo að hann sótti um lausn síðasta ár, en sat þó kyr árlangt fyrir mín orð og hjeraðsbúa, því að engan var að fá í hans stað. Nú sæk-

ir hann um lausn af nýju, svo að þar horfir til vandræða, því að það vita kunnugir menn, að ekki er áhlaupaverk að ná í lækni af Síðu, annaðhvort vestur í Vík, eða austur í Hornafjörð.

Í Árnessýslu hefur ágætismaður sá, sem er læknir á Eyrarbakka, verið mjög sjúkur að undanförnu, og óvíst að hann geti gegnt læknisstörfum framvegis. En svo kveður ramt að læknafæðinni, að jeg hef ekki mikla von um, að læknir fáist þegar í stað í það góða og álitlega hjerað. Svona er ástandið og mætti margt fleira um það segja; það er því mesta þörf á að þetta mál komist í nefnd; jeg þykist þess viss, að niðurstaðan hjá þeirri nefnd muni verða sú, að meiri þörf sje á að fá nýja lækna, en ný læknishjeruð.

Guðjón Guðlaugsson: Það var góð og skýr ræða sem háttv. 6. kgk. þm. (G. Bj.) flutti, en fór fyrir ofan garð og neðan við það, sem hjer liggur fyrir, því hún sýndi aðeins það eitt, að læknahjeruð þau, sem stofnuð verða, geta ekki átt von á því að fá lækni í bráðina, en hinsvegar getur læknum fjölgað, svo þau geti fengið lækni síðar, ef hjeraðið er stofnað, og ef svo er gert, þá hafa þau meiri von um það, og geta lifað við hana fyrst um sinn.

Það er alt annað mál, hvað eigi að gera til að fjölga læknum, bezta ráðið til þess mun vera að hækka laun þeirra, en eg hygg, að almenningur líti svo á, sem þau sjeu fullhá, að minsta kosti í þeim hjeruðum, þar sem nokkur praxis er að mun.

Það getur vel verið, að það sje þýðingarlítið fyrir sveitarbúa fyrst um sinn, þó að hjerað þetta verði samþykt, því enginn fáist læknirinn, en það kemur þá heldur ekki til kasta landssjóðs að greiða launin, því neðsta lína frumv. segir, að breyting þessi öðlist þá fyrst gildi, þegar Borðeyrarhjerað verði veitt umsækjanda. Og þó lögin verði aðeins pappírslög fyrst um sinn, þá halda þau þó dyrunum opnum, svo að hægt verður að veita hjeraðið með fjölgandi læknum. Embættismannaefnum fer fjölgandi, og það er ótrúlegt, að menn taki að lesa þær greinar, sem svo margir eru fyrir, að lítil eða engin von er um nokkra atvinnu, t. d. lögfræði. Jeg veit, að það eru margir, sem eru hjer í Reykjavik, sem hafa litla atvinnu og mjög litla von um að geta fengið embætti, fyr en þá máske á gamalsaldri. Mjer finst, að embættin eigi að vera til, svo dyrunum sje haldið opnum og hægt sje að veita þau hæfum mönnum, er þeir gefa kost á sjer. Jeg hygg það sje rjettara, en að búa fyrst til menninna og síðan stöðuna á eftir handa þeim. Jeg tel það því rjettara að búa til starfann — eða embættið — þar sem hans er þörf, án þess að taka tillit til þess, hvort maður er fáanlegur í það strax eður ekki, en að búa til einhvert embætti aðeins í gustukaskyni við einhvern, sem ekki getur lifað.

Guðmundur Björnsson: Jeg hugsaði ekki, að jeg þyrfti að tala frekar um þetta, á þessu stigi málsins.

En það var eitt atriði í ræðu háttv. flm. (G. G.) er ekki má láta óátalið; það var um fækkun læknanna — eða skortinn á þeim.

Alt hefur sínar orsakir, og vilji maður ráða bót á einhverju, þá verður að finna orsökina.

Það verður því að leita að orsökinni að læknaskortinum.

Jeg hef athugað þetta mál, og get sagt það með vissu, að ein höfuðástæðan fyrir læknaskortinum er fjölgun læknahjeraðanna.

Hjeruðin eru bútuð sundur í einlæga smá skika, svo að þau verða altof lítil og ólífvænleg fyrir nokkurn mann. Þetta gerir það að verkum, að ungir menn fælast þennan atvinnuveg.

Sjálfsagt er það, að íhuga mál þetta rækilega frá öllum hliðum.

Jeg tel því gott að skipa nefnd í málið bæði til að íhuga hjeraðaskipunina, og eins það, hvernig ráðlegast sje, að bæta úr læknaskortinum, svo að læknar fáist í öll hjeruðin.

Steingrímur Jónsson: Þeir, sem talað hafa í máli þessu, hafa talað um það sem alveg sjálfsagt, að nefnd væri sett í mál þetta, til þess að íhuga það, og hafa talið það nauðsynlegt. En jeg hef hins vegar ekki heyrt þá gera neina tillögu um það, og jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á því, að þriggja manna nefnd verði kosin að þessari fyrstu umræðu lokinni, til þess að fara með mál þetta hjer í háttv. deild.

Frumv. samþ. til 2. umr. í einu hljóði.

3 manna nefnd samþ. með 10 samhlj. atkv.

I nefndina kosnir samkv. lista:
Guðjón Guðlaugsson,
Guðmundur Björnsson,
Þórarinn Jónsson.

Í nefndinni var Guðjón Guðlaugsson kosinn formaður og Guðmundur Björnsson skrifari.

---

8. fundur. Mánudaginn 14. júlí. Fundurinn hófst, að afloknum fundi í sameinuðu þingi s. d., Allir á fundi.

1. *Frumv. til laga um ábyrgðarfjelög.*

Málið tekið út af dagskrá.

---

2. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. okt. 1901, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn.*

Málið tekið út af dagskrá.

---

3. *Frv. til laga um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði* (56); 1. um.

Þórarinn Jónsson, flutningsm: Það er ofboð einfalt mál, þetta frumvarp, sem hjer liggur fyrir, og háttvirtir þingdeildarmenn þurfa ekki langan tíma til að átta sig á því, Hjer er ekki farið fram á annað en það, að ráðherra veitist heimild til að selja þjóðjörðina Reyki í Hrútafirði. Ábúandi jarðarinnar hefur farið fram á það að fá hana keypta. en stjórnin hefur neitað um að selja hana. Ástæðan til þessarar synjunar er sú, að í landi jarðarinnar er löggilt höfn, við svonefndan Reykjatanga. Hún var löggilt árið 1893. Það mun hafa verið sprottið frá aðalverzluninni á Borðeyri, að farið var fram á þessa löggilding. Þá sótti vesturhluti Húnavatnssýslu allt austur í Víðidal, þangað verzlun. Um það leyti var svo farið að leggja upp vörur á Hvammstanga, þó að þar væri þá ólöggilt höfn. Það var ekki fyr en árið 1895, að þar var löggilt verzlun. Og jeg ætla, að kaupmenn á Borðeyri hafi æskt löggildingar við Reykjatanga til að draga úr verzluninni á Hvammstanga. En það fór nú samt svo, að verzlunin drógst þangað, og hún fer altaf vaxandi. Og jeg held, að mjer sje óhætt að fullyrða, að það sje álit allra kunnugra manna, að engin verzlun verði nokkru sinni á Reykjatanga. Þar hefur enn eigi verið lagður nokkur steinn nje grunnur reistur til nokkurrar húsagerðar. Og ábúandi jarðarinnar, sem beiðist kaupa á henni, hefur fengið vottorð frá hreppstjóranum í Staðarhreppi og prestinum á Stað í Hrútafirði um, að engin líkindi sjeu til, að verzlun komist þar á stofn. Vestur Húnavatnssýsla sækir nú verzlun á Hvammstanga, nema Hrútafjörður að austan. Höfn er betri vestan megin fjarðarins, bæði á verzlunarstaðnum Borðeyri og við Kjörseyrartanga.

Þegar ábúandi jarðarinnar sótti um kaup á henni, fann sýslunefndin enga ástæðu

til að leggja á móti sölunni. Hún undanskildi að eins frá sölunni landspildu upp frá hver, sem er í landi jarðarinnar, vegna sundskála, sem þar er og sýslan notar. En stjórnin neitaði að selja jörðina, af því að löggiltur verzlunarstaður væri í landi hennar.

Mjer finnst ekki ástæða til að stinga upp á nefnd. Öll skjöl málsins: beiðni frá ábúanda jarðarinnar um að fá hana keypta, eftirrit og virðing á jörðinni, álit sýslunefndar um söluna o. fl., liggja til sýnis á lestrarsalnum. Þar sem þessu háttar þannig um löggildinguna, eins og jeg hef tekið fram, tel jeg ábúanda jarðarinnar beittan misrjetti, ef honum er synjað um kaup á henni. Og hvernig sem menn annars líta á þjóðjarðasölu yfir höfuð, þá er ójafnaðarfullt að allir standi ekki jafnt að vígi, meðan þau lög eru í gildi.

Jeg fer svo ekki fleiri orðum um málið við þessa umr., en vona, að háttv. þingdeildarmenn kynni sjer málið og gögn þess, áður en það kemur til 2. umr.

ATKVGR. Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

---

4. *Frv. til laga um undanþágu frá lögum 16. des. 1885 um friðun fugla og hreindýra* (57); 1. umr.

Tekið út af dagskrá vegna þess, að titill þess var rangur, en frv. með leiðrjettum titli fyrst útbýtt á fundinum.

---

5. *Frv. til laga um eyðing svartbaks* (59); 1. umr.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Jeg hefi leyft mjer að flytja þetta frumvarp eftir ósk kjósanda í einum hreppi í kjördæmi mínu, Bæjarhreppi. Það eru æðarvarpseigendur, sem óska þessa. Svartbakur er afarhættulegur æðarvarpi. Varpeigendum tekst að eyða hröfnum og öðrum vörgum, sem skæðir eru æðarvarpi, betur en svartbaknum. Þeir vilja því, að fje sje lagt til höfuðs honum. Og þar sem varpeigendur eiga hjer í hlut og þar sem þeir vilja leggja á sig skatt til þess, að landssjóður fái uppbót fyrir útgjöld þau, er hann hefur af eyðing svartbaks og svartbakseggja, finst mjer einsætt að taka tillit til óska þeirra. Þeir ætlast til þess, að lagt verði útflutningsgjald á dún í þessu skyni.

Til eru lög um eyðing svartbakseggja frá 19. febr. 1892, en þau lög ná aðeins til Breiðafjarðar. Þau gera það að skyldu ábúendum allra jarða á Breiðafirði, er æðarvarp liggur undir, að eyða öllum svartbakseggjum á ábýlisjörðum sínum og sama er gert að skyldu ábúendum, er búa allt að því eina mílu frá friðlýstu æðarvarpi, þótt æðarvarp sje eigi á jörðum þeirra. Jeg er að vísu ekki kunnugur nú á Breiðafirði, En jeg býst við, að það sje allmikið farið í kringum lögin. Úr því að ósk er komin fram um lög um eyðingu svartbaks, þykir mjer sjálfsagt, að þau lög nái til allra landsmanna. Jeg fer því fram á það, að þessi lög (um eyðing svartbakseggja) sjeu afnumin. Mismunurinn á þessu frumvarpi og nefndum lögum er og sá, að verðlaun verði veitt fyrir eyðinu uppkomins svartbaks, sem veiddur er. Verðlaunin eru nokkru lægri en farið var fram á í bænarskjali varpeigenda í Bæjarhreppi. Jeg vildi fara sem hóflegast í þessu.

Þetta frumvarp snertir aðallega æðarvarp, og því legg jeg til, að því sje vísað til nefndarinnar í frumvarpinu um æðaregg, að lokinni 1. umr.

Jeg skal bæta því við, að svartbakur er fleirum hvimleiður en æðarvarpseigendum, þar sem eru laxveiðar, silungsveiðar og selalátur, þykir hann mesti vágestur. Hann hamast og gaggar yfir selalátrum og gerir með því hinn mesta skaða. Hann er alstaðar hvimleiður.

Hákon Kristoffersson: Það var aðeins stutt athugasemd. Þar sem háttv. þm. Strand. gaf í skyn, að lögunum um eyðing svartbakseggja mundi ekki hlýtt við Breiðafjörð, og að þeim mundi ekki eytt, eins og lögin ákveða, verð jeg að mótmæla því. Jeg veit marga menn á Breiðafirði er gera sjer sem mest far um að eyða vargi þessum, bæði með því að taka egg undan honum og að ná í ungana, ef nokkrir eru. Þar sem jeg bý, er svartbaksvargur, en ekki æðarvarp; alt að einu geri jeg mjer far um að eyða svartbaki sem mest.

Björn Þorláksson: Verði frumv. þessu, vísað til æðarvarpsnefndarinnar, legg jeg til, að bætt sje í hana þingmanni Árn. (J. Jónat.) og þingm. Strand. (G. Guðl.)

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr, í e. hlj.

Samþykt að vísa því til æðarvarpsnefndarinnar og bæta í nefndina Jóni Jónatanssyni og Guðjóni Guðlaugssyni.

---

9. **fundur**, þriðjudaginn 15. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi nema Sigurður Eggerz þm. V.-Skaftf., sem hafði fengið leyfi til fjarveru.

1. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1901, um málaflutningsmenn við yfirdóminn í Reykjavík.* (65.); 3. umr.

ATKVGR: Frv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

Verður sent forseta Nd.

---

2. *Frv, til laga um breyting á lögum nr. 3, 16. nóv. 1907 um lán úr landssjóði til bygginar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins* 66, 74, 76); 3. umr.

Einar Jónsson, framsögum. Nefndin í máli þessu hefur leyft sjer að koma fram með tvær brtill. við frv. Fyrri brtill. byggist á athugasemd, sem kom fram við 2. umr. um að nefna í 4. gr. hús byggð úr steini og steinsteypu jafnhliða járnvörðum timburhúsum. Síðari brtill. er að eins kom in fram af því, að ef brtill. sú, sem við umr. var samþykt við 8. gr. laganna, væri sett inn í greinina, þá yrði orðalag hennar óviðkunnanlegt. Nefndin leggur því til, að allur síðari hluti 8. gr. sje lagaður í samræmi við þá breytingu, sem á greininni var gerð við að 2. umr.; vonar hún, að brtill. muni ekki sæta neinum mótmælum, því hjer er ekki um efnisbreyting að ræða. Þá kem jeg að brtill. á þgskj. 76, þar sem farið er fram á að lækka hámark hverrar lánveitingar úr 5000 kr. ofan í 4000 kr. Eins og jeg gat um síðast, getur nefndin ekki fallizt á þessa brtill. Vjer lítum svo á, að vönduð hús úr steini eða steinsteypu verði varla bygð fyrir 5000 kr. og því síður fyrir minna fje. Jeg þekki dæmi til þess, að bóndi á Fljótsdalshjeraði hefur bygt slíkt hús, sem kostað hefur 8000 kr., og þó verður ekki með sanni sagt um það, að ofmikið sje í það borið, heldur samsvarar það hjerumbil þeim húsum, sem ætlazt er til að bygð sjeu fyrir lánsfjeð á prestssetrunum, og er vel vandað eins og þau eiga að vera.

Það sýnist ósanngjarnt, að gera þeim, sem byggir, erfiðara fyrir en eftirmönnum þeirra, með því að ætlast til, að þeir leggi svo og svo mikið til byggingarinnar frá sjálfum sjer, ofan á alla þá erfiðleika og umstang, sem sjálf húsbyggingin hefur í för með sjer. Eftirmaðurinn er þó laus við öll þau óþægindi; á hann legst eigi annað en að greiða vexti og afborganir af því, sem eftir kann að verða óborgað af láninu, þegar hann tekur við og svo að halda við húsinu.

Þórarinn Jónsson: Jeg get verið stutt-

orður um brtl. mína, því að jeg gerði grein fyrir henni við 2. umr. Við atkvæðagreiðsluna við þá umræðu sá jeg, að ekki mundi til neins að færa hverja einstaka lánsupphæð niður í 3000 kr., þótt jeg hefði helzt kosið það, og hef því orðið að sætta mig við, að bera upp tillögu um, að hún yrði 4000 kr. Hv. frsm. heldur því fram, að steinhús verði ekki bygð fyrir 5000 kr., og kveðst vita til þess, að bændur hafi bygt miklu dýrari hús á jörðum sínum. Jeg veit það, að fyrir getur það komið, að efnabændur leiki sjer að því, að byggja dýrari hús á jörðum sínum, en jörðinni hæfir. Það er í sjálfu sjer ekki vítavert, ef þeir hafa efni á því, en það er ekki eftirbreytnisvert, þar sem efni eru af skornum skamti.

Þess er að gæta, að á prestssetrunum er jafnan meira eða minna fyrir af húsum, og getur efnið úr þeim munað drjúgum í nýju bygginguna; svo að presturinn fær meira til hennar en lánið eitt. Menn verða að muna eftir því, að prestunum er bundin óþægilega þung byrði með lánunum, og mun mörgum þeirra reynast fullörðugt að greiða 200 krónur eða þar yfir í húsaleigu árlega. Jeg get búizt við að háu lánin muni beint fæla suma presta frá brauðunum, sem þau hvíla á.

Framsögumaður: Jeg vil minna á það, að í 1. gr. frv. stendur, að ekkert lán megi fara fram úr 5000 kr.; þetta er hámarkið, og má búast við því, að ekki muni allar lánveitingar ná því. Við lánveitingar mun stjórnin sjálfsagt taka tillit til þess, hve verðmikil staðarhúsin eru, sem niður eiga að falla og haga lánveitingunni eftir því. En því hagar einmitt svo, að víðast þar sem mest er þörfin á byggingarlánunum, þar eru húsin, sem fyrir eru á prestssetrunum, lítilsvirði, og því þörf fyrir sem fylsta lánspphæð. Jeg tel það mjög ólíklegt að bændur leiðist til að byggja dýrara en góðu hófi gegnir við það, að 5000 kr. lán er veitt til húsbygginga á prestssetrinu þeirra. Jeg hef það traust á hyggindum flestra bænda, að þeir muni sníða sjer stakk eftir vexti með húsabyggingar hjá sjer, og að þeir muni ekki stæla bygginguna á prestssetrinu, nema þeim sýnist það við sitt hæfi og sjer hagkvæmt. Hina, sem ekki kunna sjer hóf, mun verða torvelt að verja með löggjöf við glappaskotum.

Þórarinn Jónsson: Jeg ætla stuttlega að svara því, þar sem hv. frsm. (E. J.) kvað það eigi sjálfsagt, að veittar mundu jafnan 5000 kr. til húsabygginga á prestssetrum, þótt heimild væri til þess í lögunum. Í ástæðunum fyrir frv. stjórnarinnar, sýnist það koma all ótvírætt fram, að ekki sje mikið á því byggjandi, að prestar geri sig ánægða með lægri lánsupphæð, ef kostur er á að fá hina hærri. Jeg held því enn fram, að það muni einatt reynast erfitt fyrir prestana, að standa straum af háum lánum, og þegar litið er á athugasemdir endurskoðenda við síðasta landsreikning, sjest, að þegar er farið að bóla á þessu, þrátt fyrir það þótt hvert einstakt lán hafi hingað til ekki verið nema 3000 kr. Hvers mun þá mega vænta, ef lánin yrðu hækkuð upp í 5000 kr. hvert?

ATKV.GR.:

Brtl. á þgskj. 76 samþ. með 7 : 3 atkv.
1. brt. á þgskj. 74 — — 11 smhlj. —
2. — - — 74 — — 11 — —

Frumvarpið með áorðnum breytingum samþ. með 11 samhlj. atkv.; verður sent forseta N. d.

---

3. *Frv. til laga um undanþágu frá lögum 16. des. 1885 um friðun fugla og hreindýra* (57); 1. umr.

Guðjón Guðlaugsson, flutningsmaður: Mál þetta kemur hjer inn á þing

eftir ósk nokkurra kjósenda minna við Hrútafjörð. Þar stendur svo á, að fyrir landi eru varphólmar bæði litlir og lágir. Lundi leitar í hólma þessa og grefur þar holur sínar. Þetta dregur úr æðarvarpi þar; æðarfuglinn kemst ekki fyrir, lundinn byggir honum út. Þetta bakar eigendum varplandanna tjón. Að vísu er töluverður arður af lundanum, en þó lítill í samanburði við það sem æðarvarp mundi gefa af sjer, ef það gæti þrifizt þar í næði. Bændur þeir, sem hjer eiga hlut að máli, vilja mega hafa úti allar veiðibrellur til að eyða lundanum, þegar þeir sjá sjer hag í því. Lög þau, sem vitnað er í í fyrirsögn frv., eru, að því er lundaveiðar snertir, einkum miðuð við Vestmannaeyjar. Þar þótti sem lundaveiði mundi í veði, ef netjaveiði væri leyfð takmarkalaus, en af því hjer var um þó nokkra atvinnugrein að ræða fyrir eyjaskeggja og hinsvegar ekki hætta á, að lundi spilti þar æðarvarpi, þá þótti rjett að vernda fuglinn og banna netjaveiði. Þar stóð því alt öðru vísi á en hjer.

En þótt lundinn verði ekki til að spilla æðarvarpi, getur hann unnið tjón á annan hátt; þar sem mikið er af honum grefur hann landið sundur og eyðileggur graslendi og spillir slægjulandi, sem að öðrum kosti gæti gefið góðan arð.

Af framangreindum ástæðum er farið fram á, að landstjórninni veitist heimild til, eftir tillögum sýslunefnda, að veita undanþágu frá friðunarlögunum frá 16. des. 1885; þar sem svo stendur á, að landeigendur óska þess og telja sjer það hagkvæmt. Þetta er fremur lítið mál og ætti að geta gengið fram án þess að nefnd fjallaði um það. Þó get jeg búist við að hv. d. vilji, að nefnd athugi það, og skal jeg ekki hafa á móti því. Gæti þá komið til mála að vísa því annaðhvort til nefndarinnar í málina á þgskj. 45: um breytingu á viðaukalögum frá 23. marz 1894 við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849, eða til nefndarinnar í málinu, á þgskj. 46.: um friðun rjúpu. Þó tel jeg eiga betur við að að því sje vísað til nefndarinnar í málinu á þgskj. 45; því að þar er beint um friðun æðarvarps að ræða, eins og í þessu frv., og er það tillaga mín, að svo sje gert.

Steingrímur Jónsson: Jeg tel frv. þetta þess vert, að því sje gefinn gaumur; en jeg álít, að það eigi ekki að vísa því til eggjanefndarinnar, heldur til nefndarinnar um friðun fugla. Þetta mál heyrir einmitt undir verksvið hennar, því að hjer er farið fram á breyting á fuglafriðunarlögunum. Auk þess hef jeg heyrt, að rjúpnafriðunarnefndin, muni hafa í hyggju að breyta friðunarlögunum í fleiru, en frv. á þgskj. 46 fer fram á, og þá er enn meiri ástæða til, að sú nefnd fái þetta mál til meðferðar.

Sigurður Stefánsson: Jeg er sammála hv. 3. kgk. (St. J.), um að mál þetta eigi að ganga til rjúpnafriðunar-nefndarinnar, þar á það heima.

Jeg er samdóma hv. flutningsmanni (G. G.) um það, að ástæða sje til að athuga málið í nefnd; og til leiðbeiningar fyrir þá nefnd, vildi jeg leyfa mjer að hreyfa einu atriði. Hv. flutningsmaður (G. G.) tók það fram, að hólmar þeir, sem hann hefði sjerstaklega fyrir augum, væru litlir og lágir og þröngt um æðarfuglinn í þeim, og því hlyti það að verða hnekkir fyrir æðarvarpið, ef lundanum leyfðist að haldast þar við í næði og grafa í sundur landið. Fyrst svona er ástatt, dettur mjer í hug, að ekki sje ólíklegt, að æðarfuglinn muni flækjast í netunum, sem spent eru yfir lundaholurnar, þegar hann er á vakki um hólmana, og að þessar veiðibrellur geti þannig orðið hættulegar æðarfuglinum, sem þó á að vernda með þeim. Reyndar tel jeg það sjálfsagt, að varpeigendurnir mundu hætta að nota þær, ef þeir sæju, að þær

yrðu sjer til tjóns í staðinn fyrir að gera gagn. Eigi að síður er þó ástæða til að taka þetta til athugunar.

Guðjón Guðlaugsson: Ekki get eg litið svo á, sem það sje nein hætta fyrir varpeigendur, þó að frumvarp þetta næði fram að ganga, vegna þess að þessi veiðiaðferð mundi eyða æðarfuglinum. Lundaveiðin fer fram á öðrum tímum en þeim, sem æðarfuglinn situr uppi.

Lundaveiðin mundi aðallega fara fram á sama tíma og kofnaveiðin, svo að lundinn og ungi hans eru veiddir á sama tíma og þyrftu hvorugt annað að syrgja. Á þeim tíma sem kofnaveiðin fer fram, situr æðarfuglinn ekki uppi í varplandinu; það er þá helzt blikinn, svo það eru mjög lítil líkindi á því, að veiðin mundi granda honum.

En það er annað, er mjer finnst að gæti verið athugavert við frumvarpið, og það er, að veiðiaðferð þessi er ómannúðleg, og það þyrfti jafnvel að banna að netin mættu liggja meir en dægur í einu, svo að lundinn ekki kveldist þar. Þessu atriði vil jeg beina til athugunar fyrir væntanlega nefnd í málinu.

Hákon Kristoffersson: Jeg verð að leggja á móti því, að frumvarp þetta verði samþykt, því mjer finst þessi veiðiaðferð svo barbarísk í alla staði; alt annað væri, ef hjer væri að ræða um veiði með háf.

Annars vil jeg styðja mál flm. um, að þessu frumv. verði vísað til eggjanefndarinnar, því mjer finst lundinn meira skyldur sjónum en landi, og lundavarp og æðarvarp skyldara en lundi og rjúpa.

Sigurður Stefánsson: Viðvíkjandi því, er háttv. flm. tók fram, að veiða mætti lundann eftir að æðarfuglinn er farinn úr varplandinu, þá held jeg það gangi nokkuð seint að vinna bug á honum með því móti; það verði að byrja það fyr. Að hafa veiðitímann ekki lengur en frá æðarvarpstímalokum til kofnaveiðatíma, er ofstutt. Ef nokkurt verulegt gagn á að geta orðið af veiðinni, þarf að byrja hana strax að vorinu og halda henni fram alt sumarið.

Í raun og veru eru þessi veiðiaðferð mjög ómannúðlegleg eins og háttv. flm. (Guðjón Guðj.) tók fram, og lundinn getur kvalizt í netinu í langan tíma og orðið hröfnum og vörgum að bráð (Guðm. Björnsson: Eins og á flekunum við Drangey).

Samþykt var í e. hlj. að vísa frv. til 2. umr..

Að vísa frum. til eggjanefndar var felt með 7 : 3.

Að vísa frumv. til fuglafriðunarnefndar var sþ. með 8 : 1.

---

10. fundur. Miðvikudaginn 16. júli kl. 1, síðdegis. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um sérstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson rektor.* (60) 1. umr.

Björn Þorláksson: Þetta mál er komið hingað frá háttv. neðri deild; var þar engin nefnd sett í málið. En þangað var frv. komið frá stjórninni, og var óskað eftir að því væri hraðað, og því mun engin nefnd hafa verið sett í það.

Jeg lít svo á, sem það geti verið ástæða til þess, að setja frv. í nefnd; jeg kann fyrir mitt leyti ekki við orðalagið á því. Jeg fyrir mitt leyti vil veita hr. Steingrími Thorsteinsson alla sæmd sem skáldi, og jeg efa ekki, að aðrir háttv. þingm. sjeu mjer samdóma um það efni. Jeg hef því fyrir mitt leyti ekkert á móti því, að veita honum skáldastyrk, sem hann á skilið, og get að því leyti fallizt á frv., ef það er ætlunin með því, en mjer finst orðalag frv. rýra þá meiningu, því þar er sagt: „þá

er skáldið Steingrímur Thorsteinsson lætur af rektorsembættinu . . .“ Þetta má skilja svo, sem það sje greiðsla til hans fyrir að hætta rektorsstarfi sínu eða þá viðbót við eftirlaun hans, en því er jeg mótfallinn, því eftir því sem álitið er hjer í Reykjavik, þá er hann efnaður maður, sem vel getur komizt af með lögmælt eftirlaun sín. Jeg vil því leggja til, að kosin verði þriggja manna nefnd til að íhuga mál þetta, að þessari fyrstu umræðu lokinni.

Steingrímur Jónsson: Jeg er fremur mótfallinn því, að nefnd sje sett í mál þetta. Mjer finst það draga úr þeirri viðurkenning, sem þingið vill veita þessu skáldi voru, með því að veita því heiðurslaun, en ef mönnum ekki líkar orðalag frumvarpsins, þá finst mjer það vera ofurhægt að breyta því með breytingartillögum.

Rektor Steingrimur Thorsteinsson er nú kominn á 83. árið; hann hefur með höndum vandasamt starf, sem hann hefur nóg að gera við, starf sem er hið mesta trúnaðarstarf, og þörf á að sje vel rækt, starf, sem er svo vel launað, að hann þarf engrar viðbótar, á meðan hann hefur það á hendi. En líkur eru fyrir, að hann muni bráðlega segja því lausu, og þá finst mjer ekki nema rjett gert, að láta hann fá þá viðurkenningu, að hann haldi eftir sem áður sömu launum. Og mjer finst það alls ekki vera óviðkunnanlegt, að hann haldi sömu launum. Það er siður erlendis, að þegar þjóðin vill sýna einhverjum mikla sæmd og virðingu fyrir vel unnið starf, að þá lætur hún þann mann halda sömu launum og hann hafði, meðan hann fór með embættið, eftir að hann lætur af því. Og það þykir ætíð hinn mesti sómi. Og hinn sama sóma vil jeg sýna þesu þjóðskáldi voru. Þessvegna er jeg með frumvarpinu, því efnahagur skáldsins er sagður allgóður, svo eftirlaun hans, $^2/_3$ launanna, mundu nægja honum.

Sigurður Eggerz: Jeg get ekki sjeð, að það sje rjett hjá háttv. 3. kgk. þm. (Steingr. Jónss.) að það dragi á nokkurn hátt úr þeirri sæmd, er við viljum sýna skáldinu, þó að málið sje sett í nefnd í því skyni að velja heiðursviðurkenningunni viðfeldnari búning, heldur þvert á móti sje það eins og háttv. 5. kgk. þm. (B. Þ.) tók svo ljóst fram, til þess, að sæmd hans verði að meiri.

Jeg vil ekki eins og í frumvarpinu er gert binda þessi heiðurslaun við það, hvort skáldið lætur af rektorsembættinu eða eigi; vil ekki leggja þau á eins nákvæma auravog og þar er gert, sbr. 1333 kr. 33 aura; vil veita þessi heiðurslaun strax og skilyrðislaust.

Jeg vil veita ákveðna upphæð, ekki sem eftirlaun, heldur sem heiðurslaun — jeg endurtek það: eingöngu sem heiðurslaun.

Frv. sþ. til 2. umr. í einu hlj. 3 manna nefnd samþ. með 8:5. Í nefndina kosnir samkv. lista:

Björn Þorlaksson,
Jósef Björnsson,
Hákon Kristofersson.

Í nefndinni var Jósef Björnsson kosinn formaður og Björn Þorláksson skrifari.

---

2. *Frumv. til laga um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði* (56) 2. umr.

Þórarinn Jónsson: Eg hefi örlitlu að bæta við það, sem eg tók fram við fyrstu umræðu þessa máls.

Þó er eitt atriði, sem ýmsir háttv. þingm. hafa hreyft við mig, sem jeg vildi minnast á með fáeinum orðum. Það er um matið á jörðinni. Það hefur verið fundið að því, að matið á jörðinni væri of lágt, og er þar því að svara, að hjer í frumv.

er gert ráð fyrir því, að ráðherra veitist heimild til að selja jörð þessa eftir sömu reglum og aðrar þjóðjarðir, ef þessvegna ráðherranum þykir jörðin oflágt metin, þá getur hann sett upp verðið.

Þá vildi jeg ennfremur taka það fram, að ef einhverntíma kemur þarna upp verzlun, sem raunar engum dettur í hug að muni verða, þá eru undanskildar í sölunni yfir 30 engjadagsláttur kring um þennan hugsanlega verzlunarstað. Raunar hefur sýslunefndin alls ekki gert það með tilliti til hans, heldur með tilliti til sundskála er sýslan hefur þar.

Steingrímur Jónsson: Eg kann betur við að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa frumvarps, áður en gengið verður til atkvæða.

Jeg hef alt af verið á móti þjóðjarðasölu. Jeg álít það hafi ekki verið heppilegt, þegar þing og stjórn komst inn á þá braut, að selja þjóðjarðirnar og kirkjujarðirnar, og allra sízt með þeim feikna hraða, sem hefur verið á því hin síðari ár. Og jeg lít svo á, að þessi jarðasala muni ekki reynast bezti vegurinn til þess að bæta búskapinn eða auka ræktun landsins, og að hefði mátt finna mikið betri leiðar að því takmarki.

Eg hlýt því að vera á móti öllum sjerlögum, til þess að selja jarðir þær, er þjóðin á, nema það sje hægt að sýna fram á, að alveg sjerstakar ástæður mæli með sölunni. Og jeg get hugsað mjer, að svo sje í einstöku tilfellum, t. d. sala til sveitafjelaga, eða þar sem einhver hefur fengið á leigu verðlítið kot fram til dala, þar sem landið sjálft er mjög lítils virði, og gert þar svo stórfeldar jarðabætur, að þær eru margfalt meira virði en jörðin var áður. Þá eru engin líkindi til að hann mundi fá umbæturnar endurgoldnar, og gæti því verið rjett, að selja honum jörðina. Hjer liggur ekkert það fyrir, er sýni, að um slíkt sje að ræða, og eru skjölin þó greinileg.

Stjórnarráðið hefur að minni hyggju neitað að selja jörðina, ekki vegna orða, heldur vegna efnis 2. gr. þjóðjarðasölulaganna, og er heppilegast að láta við svo búið standa.

Þórarinn Jónsson: Jeg get ekki sjeð, að það hafi neina þýðingu, þótt jeg fari að svara hinum háttv. 3. kgk. þm. (Stgr. Jónsson) um þjóðjarðasöluna alment og færi að sýna fram á, hversu hún er heppileg (Steingr. Jónsson: Það yrði klipt og skorið). Alveg rjett. En því vil jeg spá, að langt verði þangað til, að sambandinu milli landsdrottins og leiguliða verður komið í það horf, að líklegra verði til stórra framfara í ræktun landsins heldur en sjálfsábúð. Sú trú getur ekki skapast nema um leið sje myrt öll reynsla fyr og síðar í þessa átt.

Eg ætla heldur ekki að fara út í það, að sýna fram á, að einmitt sjálfsábúðin hefur orðið mesta lyftistöngin til búnaðarframfara hjá mestu landbúnaðarþjóðum annarsstaðar.

En þó menn líti nú svo á, sem þjóðjarðasala sje yfirleitt ekki heppileg, þá sje eg ekki annað en menn geti eftir sem áður greitt atkvæði með þessu frumvarpi, því eftir eðli sínu ber að selja jörð þessa eftir þjóðjarðasölulögunum. Ábúendur jarðanna mega ekki vera háðir alveg sjerstöku tilfelli um það, hvert þeir fái ábýlisjörð sína keypta eða ekki, eins og hjer á sjer stað. Á það verður einnig að líta. Og þess vegna er engin sanngirni, að synja þessum ábúanda að fá jörðina keypta.

Frv. samþykt með 11 atkv. gegn 1.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 11 atkv. móti 1.

3. *Frumv. til laga um sölu á þjóðjörðinni Fossi í Suðurfjarðahreppi* (68) 1. umræða.

Hákon Kristoffersson: Það er fyrir hönd ábúanda þessarar jarðar að jeg kem fram með þetta frumv. Ábúandinn óskaði, að fá hana keypta, og bar fram ósk um það fyrir sýslunefnd Barðastrandarsýslu, en þá stóð svo á, að líkindi voru til þess, að kolanáma væri í landinu, og af því synjaði sýslunefndin beiðninni. En síðar hefur það komið fram, að það eru engin líkindi til þess, að þar verði kolanáma, að minsta kosti ekki fyrst um sinn. Þess vegna hefur sýslunefndin nú í seinni tíð ekki verið á móti sölunni, en stjórnarráðið hefur synjað; synjunarástæður þess eru mjer ekki kunnar og get því ekki um þær dæmt.

Auk margs annars mælir það með sölu á jörðinni, að ábúandinn hefur gert stórmiklar jarða- og húsabætur á jörðinni, og nema þessar stórfeldu bætur hans fleiri þúsund króna. Auk þess stuðlar það mjög að því, að hann vill fá jörðina keypta, að sonur hans, þessi eini, sem er eftir hjá honum, segist fara frá honum, ef hann ekki kaupi jörðina.

Jeg skal geta þess, að það er foss þar í landareigninni, sem getur verið líklegt, að nota megi til iðnaðarreksturs, og er ábúandinn ánægður með það, að hann sje ekki með í sölunni; eins er undanskilið í sölunni land til notkunar við þennan iðnrekstur, ef svo kynni að fara, að fossinn yrði einhverntíma til þess notaður. Að öðru leyti leyfi jeg mjer að vísa til skjala þeirra, er lögð hafa verið fram á lestrarsalnum um mál þetta.

Eg vona, að hin háttv. deild leyfi máli þessu að ganga óhindruðu áfram í gegnum deildina, og þótt jeg hafi heyrt, að einstöku háttv. þingmenn sjeu á móti allri þjóðjarðasölu, þá vænti jeg þess, að þeir ekki leggi steina í götu máls þessa, því hjer hagar eins til og um aðrar þjóðjarðir, sem eru seldar. Og jeg fyrir mitt leyti vildi helzt, að hver ætti þá jörð, sem hann býr á.

Að lyktum vil jeg leggja til, að kosin sje þriggja manna nefnd til að íhuga mál þetta, að þessari fyrstu umræðu lokinni, og ætti sú nefnd þá meðal annars að kynna sjer neitunarástæðu stjórnarráðsins.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 samhlj. atkv.

Þriggja manna nefnd samþykt í e. hlj.

Í nefndina kosnir samkv. lista:

Hákon Kristoffersson,
Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson.

Í nefndinni var Eiríkur Briem kosinn formaður og Hákon Kristoffersson skrifari,

---

4. *Frv. til laga um ábyrgðarfjelög* (63, 64, 73). 2. umr.

Guðmundur Björnsson, 6. kgkj. Jeg hafði hugsað mjer, að koma fram með brtill. við 2. gr. þessa frumvarps vegna þess, að jeg var ekki fyllilega ánægður með, hvernig hún er orðuð. En jeg hef orðið of seinn með brtill. og vil jeg því mælast til, að málið sje í þetta sinn tekið út af dagskrá, ef háttv. forseti vill leyfa það og háttv. deild ekkert hefur á móti því.

Forseti: Ef enginn mælir á móti þessari uppástungu, þá skoða jeg samþykt, að málið sje tekið út af dagskrá.

---

5. *Frv. til laga um hagstofu Íslands* (stj. frv. n. 54); 2. umr.

Framsögumaður, Guðm. Björnsson: Nefndin telur frv. þetta eitt hið þarfasta nýmæli, sem enn þá hefur komið fram hjer í deildinni á þessu þingi. enda er það kunnugt, að það er ósk almennings, að hagskýrslur vorar verði framvegis betri og full-

komnari, en þær hafa verið hingað til. Við vitum allir, að um það hefur verið mikið rætt, að bændum væri nauðsynlegt að halda sem nákvæmasta og fullkomnasta búreikninga, og má þá nærri geta, að hið sama á við um þjóðarbúið. Svo er um mörg málefni, að ekki er hægt að mynda sjer ábyggilegar skoðanir um þau, nema nákvæmar skýrslur sjeu fyrir hendi. Það er eins og með hita og kulda; vjer getum að vísu fundið, hvort heitt er eða kalt, en hitastigið getum við ekki ákveðið nákvæmlega nema með hitamæli.

Hinar svonefndu Landshagsskýrslur eru í rauninni ekki annað en búreikningar þjóðarinnar. Að vísu höfum vjer nú haft þessar skýrslur um alllangan tíma. Það er eitt af því, sem vjer eigum að þakka Jóni Sigurðssyni, að Bókmentafjelagið rjeðst í að gefa út Landshagsskýrslurnar skömmu eftir miðbik síðustu aldar. Gaf fjelagið út 5 stór bindi á árunum 1858—1875 og eru þar í margar merkar skýrslur. Síðan var haldið áfram að gefa skýrslurnar út í C.-deild Stjórnartíðindanna, og hjelzt það til 1899. Síðan hafa þær verið gefnar út sem sjerstakt rit. Jeg vil hjer nota tækifærið til þess að minnast tveggja manna, sem hafa unnið að Landshagsskýrslunum. Annar er Sigurður Hansen, sem átti mestan þátt í Landshagsskýrslunum gömlu, og vann verk sitt með nákvæmni og samvizkusemi, hinn er skrifstofustjóri Indriði Einarsson, sem nú hefur unnið að skýrslunum í nærfelt 40 ár. Þeir hafa báðir leyst vandasamt og erfitt verk af hendi og venjulega fyrir mjög svo ónóga borgun.

En eftir því, sem tímar hafa liðið fram, hafa menn betur og betur sjeð galla þá, sem eru á skýrslunum, eins og þær eru nú. Jeg vil þá fyrst nefna höfuðgallann, en hann er sá, að skýrslurnar koma alt of seint út, oft og tíðum eru þær 2—3 ár á eftir tímanum, og geta því þegar af þeirri ástæðu ekki komið að tilætluðum notum. En þar að auki eru skýrslurnar í mörgum greinum mjög svo ónákvæmar, en það er þó lakast, að í þær vantar alstaðar glögg yfirlit yfir löng tímabil. Það má því svo að orði kveða, að í þeim liggi mikið vinnuefni — óunnið! Sumir hafa því haft á orði, að skýrslurnar væru svo vitlausar, að á þeim væri ekkert að græða, og hafa ásakað mjög þá menn, sem að þeim hafa unnið. En menn hafa gleymt, að hjer er ekki nema um hjáverkavinnu að ræða, og er því engin furða, þótt skýrslurnar hafi ekki getað fullnægt öllum kröfum.

Nú er varið 7000 kr. árlega til þess að gefa skýrslur þessar út. En það fje er hvergi nærri nægilegt. Sá sparnaður borgar sig illa, og er jeg viss um, að það mundi margfaldlega svara kostnaði, að leggja fram nokkru meira fje og fá í staðinn betri skýrslur. En ef þær eiga að komast í gott lag og geta komið nógu fljótt út, þá þarf að ráða vel hæfa og sjermentaða menn, sem ekki hafi öðrum störfum að gegna, til þess að vinna að þeim. Það er þetta, sem frv. fer fram á. Hjer er um sjerstaka vísindagrein að ræða, talnafræðina (statistik), sem útaf fyrir sig er geysilega vandasöm og varúðarverð, enda hefur þeim, sem að henni hafa unnið, oft og tíðum orðið heldur en ekki villigjarnt. Víða hefur því komið fram allmikil mótstaða móti þessari vísindagrein, enda eru þess mörg dæmi, að henni hefur verið herfilega misbeitt. Það var t. d. fyrir skömmu, að þýzkur vísindamaður reyndi að sanna með talnafræði, að fleiri bólusettir hefðu fengið bólusótt heldur en óbólusettir, og var þessari staðhæfing auðvitað tekið fegins hendi af mótstöðumönnum bólusetninga. En svo kom fram sjerfræðingur í talnafræði og sneri öllu þessu í villu fyrir vísindamanninum. Jeg vil nefna annað íslenzkt dæmi. Merkur fróðleiksmaður tók sjer fyrir hendur að safna saman auglýsingum um óskilahross. Við rannsókn hans kom það fram, að skjóttir hestar voru í allmiklum meiri hluta meðal óskilahross-

anna, og dró hann af því þá ályktun, að skjóttir hestar væru stroksamastir! Þannig hefur þessari visindagrein oft verið misbeitt í nálega öllum greinum mannlegrar þekkingar.

Nefndin telur nauðsynlegt og leggur mikla áherzlu á það, að sá, sem á að veita hagstofunni forstöðu, hafi fengið fullkomna stjórnfræðislega mentun. Það verður að teljast alveg nauðsynlegt skilyrði þess, að þessi stofnun geti komið að fullum notum.

Þó að nú hagstofan komist á laggirnar, þá megum vjer ekki vera of heimtufrekir við hana, sízt fyrst í stað. Vjer megum t. d. ekki búast of fljótt við skýrslunum, því að hjer á landi er við svo marga og mikla erfiðleika að tefla. Fyrir það fyrsta getur það auðvitað oft komið fyrir, að embættismenn trassi að senda skýrslur í tæka tíð, og þar að auki er póstgöngum svo háttað hjer á landi, á vetrum að minsta kosti, að menn verða oft að bíða eina tvo mánuði eftir svari við lítilfjörlegri fyrirspurn; það má því ekki búast við, að hagskýrslur geti komið eins fljótt út hjer á landi og í útlöndum.

Nefndin vill að vísu ráða hinni háttv. deild til þess að samþykkja frv., en þó hefur hún komið fram með nokkrar brtill. við það, og vil jeg nú með nokkrum orðum minnast á þær þeirra, sem efnisbreyting felst í.

Í 2. gr. frvs. eru talin viðfangsefni hagstofunnar. Við þá gr. vill nefndin gera þessar breytingar, Í 1. lið sje bætt inn heilsufarsskýrslum, 5. liður frv. verði 4. liður, en af 4. lið frv. verði *a* liður út af fyrir sig, en við seinni stafliðinn, (notkun kosningarrjettar), verði bætt nýjum staflið, um starfsmenn þjóðfjelagsins. Áður hefur verið gefið út embættismannatal, en nú er tilætlunin, að *allir* starfsmenn þjóðfjelagsins verði taldir upp. Sumir munu ef til vill telja þetta óþarft, en þeir, sem fást nokkuð við opinber störf, vita, að þetta er alveg nauðsynlegt. Innbyrðis viðskifti milli sveita og sýslufjelaga aukast árlega og er mönnum því orðið alveg nauðsynlegt að hafa nákvæmar skýrslur um starfsmenn hvers hjeraðs, enda mun ekki það kotríki finnast í hinum siðaða heimi, sem ekki láti semja slíkar skýrslur. — Þá hefur nefndin viljað bæta *fræðslumálum* við viðfangsefni hagsstofunnar. Um þau finnst nú ekkert í Landshagsskýrslunum, en nefndin telur nauðsynlegt að afla upplýsinga um, hvað margir sjeu farkennarar, hve víða heimaskólar, o. s. frv. — Ennfremur telur nefndin nauðsynlegt, að safnað sje skýrslum um alla *tryggingarstarfsemi* hjer á landi. Á þetta leggur nefndin mikla áherzlu, því að hjer er að ræða um þýðingarmikið atriði í menningarviðleitni þjóðarinnar. — Við 5. gr. frv. gerir nefndin þá breytingartill., að þeir einir geti orðið hagstofustjórar, sem lokið hafa háskólaprófi í stjórnfræði. Reynslan hefur marg oft sýnt, að hjer á landi er nauðsyntegt að setja slík skilyrði. Í því sambandi þarf ekki að minna á annað en, að menn hafa getað fengið bankastjóraembætti hjer, án þess nokkurn tíma að hafa komið í banka. Það gætu orðið þjóðinni mikil vonbrigði, ef í slíka stöðu yrði skipaður maður, sem enga þekkingu hefði til að leysa það starf af hendi, sem honum er ætlað að vinna. Nefndinni þykir viðfeldnast, að yfirmaður hagstofunnar hafi stutt og laggott embættisheiti og stingur því upp á nafninu *hagstofusljóri* í stað þess að stjórnarfrv. nefndi hann forstjóra hagstofunnar. — Frv. gerir ráð fyrir 2 embættismönnum við hagstofuna, og sje annað embættið konunglegt, en hitt veitt af ráðh. og án eftirlauna. Nefndin hyggur, að ef til vill muni nægja, að aðeins einn embættismaður sje við hagstofuna, ef veitt er hæfilegt fje til aðstoðarmanna, eins eða fleiri. En nefndin heldur þessu þó ekki fast fram; það kann vel að vera, að þessi sparnaður sje misráðinn og að bezt sje, að tveir stjórnfræðilega mentaðir menn hafi embætti við hagstofuna. Ef það verð-

ur ofan á, verður að gjöra þá kröfu til beggja, að þeir hafi lokið háskólaprófi í stjórnfræði. Nú munu vera 4 menn hjer á landi, sem lokið hafa stjórnfræðisprófi, svo að ekki þarf að óttast, að ekki væri hægt að fá menn í þessar stöður, enda mundu fleiri fara að stunda þessa fræðigrein, ef þessi embætti yrðu stofnuð. Vjer höfum t. d. ekki nema tvö verkfræðingsembætti, en þó hafa allmargir lagt þau vísindi fyrir sig við háskólann.

Loks vil jeg geta þess fyrir hönd nefndarinnar, að hún er þeirrar skoðunar, að komast megi af án þeirra 1000 kr., sem stjórnin gerir ráð fyrir að borga verði í húsaleigu fyrir hagstofuna. Nefndin hyggur, að gerlegt mundi, að koma hagstofunni fyrir í einhverju húsi, sem er þjóðareign. Mjer dettur t. d. í hug prestaskólahúsið gamla; jeg veit að vísu, að póststofan notar það nú, en hef heyrt, að svo muni ekki verða framvegis.

Ef þetta frv. verður samþykt, þá mundu útgjöld landssjóðs aukast um 4000 kr., en áreiðanlega ekki meir, því að ef stjórnarráðið á að halda áfram að sjá um Landshagsskýrslurnar, þá þyrfti vitanlega að auka fjárveitinguna til útgáfu þeirra. Sú borgun, sem menn hingað til hafa fengið fyrir að vinna að þeim, 40 kr. fyrir örkina, hefur oft verið hlægilega lág. Það getur legið ótrútega mikil vinna í því að semja slíkar skýrslur; mjer er kunnugt, að menn hafa stundum ekki fengið nema 7aura um tímann fyrir vinnu sína að skýrslunum!

Jeg vil svo að lokum láta þá ósk í ljós, að háttv. deild taki tillögur okkar til íhugunar og vona jeg. að frv. verði vel tekið.

Júlíus Havsteen: Jeg ætla mjer ekki að fara að tala um nauðsyn þessarar stofnunar nje það gagn, sem af henni mætti leiða, en jeg vil aðeins geta þess, að það er mín skoðun, að það hefði mátt fresta þessu nýmæli um nokkur fjárhagstímabil, þar sem fjárhagur landssjóðs er svo bágborinn. Jeg hef í rauninni ekki heyrt annað haft á móti Landshagsskýrslunum, en að þær komi of seint. En úr því mætti að líkindum bæta á annan hátt en með þessari nýju stofnun.

Jeg hef heyrt talað um efstu bygð alþingishússins sem húsnæði fyrir hagstofuna. En jeg verð að segja, að mjer finst orðið full áskipað í alþingishúsinu. Háskólinn er þar, og síðastliðinn vetur hjelt niðurjöfnunarnefndin þar fundi sína. Ennfremur hefur bæjarstjórnin beðið um fundarsal í þinghúsinu og það hefur jafnvel verið sótt um, að fá að hafa þar yfirsetukvennaskóla. Svo að menn geta sjeð, að nóg er nú eftirsóknin!

Jeg vil hjer nota tækifærið til þess að minnast á bókasafn alþingis. Það komst í óreiðu 1909, er skrifurum þingsins var leyft að vera þar við skriftir, og munu þá fleiri hafa slæðzt þangað inn, en skrifararnir einir. — *(Stgr. Jónsson:* Hefur miklu verið stolið af bókum?) — Einhverju hefur verið stolið, menn geta svo sem getið því nærri, úr því stolið hefur verið af lestrarsal Landsbókasafnsins, þar sem þó er umsjónarmaður. — En nú er komið vel á veg að ráða bætur á þessari óreglu, sem safnið komst í, því Jón Ólafsson hefur tekið sjer fyrir hendur að semja spjaldskrá yfir það, og hefur hann nú næstum því lokið því verki. — En hræddur er jeg um, að ekki verði hægt að rýma bókasafninu burt úr þinghúsinu, því að Landsbókasafnið getur ekki tekið á móti því, — þar er ekkert plass. Jeg hygg því, að það verði torvelt að vista hagstofuna í efstu bygð alþingishússins.

Sigurður Eggerz: Jeg er háttv. framsögumanni (G. Bj.) sammála um, að þörf sje á þessari hagstofu, sem hjer er farið fram á. Og jeg sje ekki ástæðu til að bæta neinu við það, sem hann sagði um það efni.

Það voru tvær breyttill. nefndarinnar,

sem jeg vildi minnast á, og jeg felli mig ver við en ákvæði stjórnarfrumvarpsins. Fyrri breytingartillagan, sem jeg á við, er sú, að þeir einir sjeu forstjórar hagstofunnar, er lokið hafa embættisprófi í stjórnfræði, eins og nefndin leggur til; þar líka mjer betur ákvæði stjórnarfrumvarpsins. Ef nógir kandídatar í þessari fræðigrein (stjórnfræði) eru til, tel jeg sjálfsagt, að stjórnin láti þá, að öðru jöfnu, sitja fyrir skipun forstjóraembættisins. Jeg sje enga ástæðu til að óttast, að þetta embætti verði eigi vel skipað, þó að þessi brtill. nefndarinnar verði eigi samþykt, og jeg tel hana með öllu ónauðsynlega.

Þá er seinni brtill. hv. nefndarinnar, er jeg ætlaði að minnast á, og jeg er henni ósamþykkur; en jeg felli mig hinsvegar betur við ákvæði stjórnarfrumvarpsins. Þar er ákveðið, að forstjóri hafi sjer við hönd einn aðstoðarmann, er hafi að byrjunarlaunum 2000 kr., en hækki um 200 kr. þriðja hvert ár upp í 3000 kr. Þessu vill nefndin breyta á þann hátt, að verja megi alt að 2000 kr. til aðstoðarmanns, eins eða fleiri. Jeg geng að því vísu, að sá maður, er skipaður verður aðstoðarmaður, geti fremur helgað starfinu alla krafta sína, ef ákvæðum stjórnarfrumvarpsins er ekki breytt. Jeg hygg, að það veiti ekki af því, að bæði hagstofustjóri og aðstoðarmaður leggi fram alla starfskrafta sína við starfið; að minsta kosti mun full þörf á því. Byggi jeg þetta á leiðbeiningum, er Indriði skrifstofustjóri Einarsson hefur gefið mjer um þetta efni. Á hagstofu Dana vinna fleiri starfsmenn, en í öllum stjórnarráðunum þar.

Jósef Björnsson: Eftir ræðu háttv. þm. V.-Skf. get jeg verið stuttorður. Jeg er háttv. nefnd sammála, að æskilegt sje að koma hagstofu á stofn.

Það eru einkum tvö atriði hjá háttv. nefnd, er jeg felli mig ekki við, og er henni ósammála um. Um fyrra atriðið hefði jeg óskað þess, að nefndin hefði komið fram með breyt.till., en hún hefur ekki gert það. Jeg á þar við ákvæðið um, að hagstofustjórinn sje skipaður af konungi. Því fylgir eftirlaunarjettur. Jeg sje ekki annað, en launin, 3000 kr. í byrjunarlaun, er hækka um 200 kr. þriðja hvert ár, upp í 4200 kr., sjeu sæmileg, og að þau veiti fulla trygging þess, að hæfur og fullnýtur maður fáist í embættið, þó að það sje eftirlaunalaust. Það er dálítið kynlegt, er þjóðin biður látlaust um afnám eftirlauna, að fara þá að stofna embætti með eftirlaunarjetti.

Hitt atriðið, sem jeg gat um, að jeg felldi mig mig ekki við, er það atriði, sem háttv. þm. V.-Sk. mintist á, að breyttill. nefndarinnar um aðstoðarmanninn á hagstofunni. Jeg tel betra, að fastur maður sje skipaður hagstofustjóra til aðstoðar, heldur en hafa það fyrirkomulag, er háttv. nefnd leggur til, og kaupa aukavinnu, einkum þar sem háttv. framsögum. (G. Bj.) sagði sjálfur, að slík aukavinna yrði dýr. Það var sagt, að starfsmönnum stjórnarráðsins hefði eigi að undanförnu unnizt tími til að semja þessar skýrslur á venjulegum starfstíma, heldur hefði þeir orðið að taka á sig til þess aukavinnu fyrir sjerstaka borgun. En jeg álít, að það hefði verið nær, að fjölga starfsmönnum stjórnarráðsins, heldur en kaupa aukavinnu, einkum þar sem hún hlutfallslega hlýtur að vera dýrari, eins og öll íhlaupavinna.

Jeg kýs því heldur, að ákvæði stjórnarfrumvarpsins sje haldið óbreyttu. Um fyrra atriðið, sem jeg mintist á, mun jeg bera upp breyttill. við 3. umr.

Hákon Kristoffersson: Jeg er þakklátur háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) fyrir það, að hann ljet ekki hina snjöllu ræðu háttv. 6. kgk. þm. teyma sig til fylgis þessu máli. Í nefndarálitinu er ekki litið nema á aðra hliðinu. Mjer dettur ekki í hug að neita því, að þessi hagstofa muni hafa margt

gott í för með sjer. En það er svo um alt, að til eru á því tvær hliðar, önnur góð, hin ill. Illa hliðin á þessu frv. er sú, að hún hefur mörg þús. kr. aukin útgjöld í för með sjer. Og jeg ætla, að hjer sje ekki nema smeygt litla fingri ofan í fjehirzluna, en sá langi komi síðar. Það er eins líklegt, að það sje eitthvað annað, sem stjórninni gengur til að flytja þetta mál, en útvega landinu góðar hagfræðisskýrslur. Jeg er ekki svo góðgjarn, að jeg geti ekki látið mjer koma til hugar, að það geti engu síður hafa vakað fyrir stjórninni, að útvega einhverjum af gæðingum sínum stöðu, sem nú ef til vill slæpist á götunum hjer í Reykjavík. Því er barið við, að stjórnarráðið vanti starfsmenn til þessa. En því er þá ekki bætt við starfsmönnum í stjórnarráðið. Jeg fyrir mitt leyti álít nú enga þörf á, að bæta nýjum starfsmönnum í stjórnarráðið og þar sjeu nógir starfsmenn, og hygg, að stjórnarráðið geti gert þetta, sem hagstofunni er ætlað að gera, án þess. Ekki bendir það á, að þar sje mikið að gera, er starfsmenn í ráðinu þurfa ekki að vinna nema 6 stundir á dag. Í Landsbankanum vinna bankamennirnir aldrei minna en 8 stundir á dag; það bendir heldur ekki á, að starfskrafta vanti á skrifstofunum, er embættismenn stjórnarráðsins geta margir í einu tekið sjer langt *„frí“* til að skemta sjer. Landritari var í vor fjarverandi 9 vikur á skemtiför, Guðmundur Sveinbjörnsson, aðstoðarmaður, eitthvað ofurlítið styttra, og þetta var sama tímann, sem ráðherrann var ytra. Samtímis fer Indriði Einarsson, skrifstofustjóri, vestur á Ísafjörð, og sækir þangað „Good-Templaraþing“. Þetta bendir ekki á, að stór þörf sje, er geti rjettlætt það, að taka þau störf af stjórnarráðinu, er hagstofunni er ætlað að vinna. Það er líka kunnugt, að þar er sífelt verið að bæta við nýjum starfsmönnum, og eru nýustu dæmi þess: Marínó og Gísli. Óhætt mun að fullyrða, að af öðrum eins reglumönnum og þeim geti þjóðin vænzt eftir vel unnu starfi. *(Forseti:* Jeg verð að biðja háttv. þm. að halda sjer við efnið og ráðast ekki á fjærverandi menn). Hjer er verið að tala um að ljetta vinnu af stjórnarráðinu, og því verður að athuga vinnukrafta þess. Þar af leiðandi als ekki verið að ráðast á fjarverandi menn.

Mjer er spurn. Settu þessir menn nokkurn í staðinn sinn, meðan þeir voru fjarverandi. Landritari og skrifstofustjori eru þó vel launaðir fastir ársmenn hjá þjóðfjelaginu.

Það er og einkennilegt, að stjórnin skuli ekki sjá það fyr en nú, að þörf er á þessari nýju stofnun.

Jeg tel hjer verið að svíkjast aftan að þjóðinni, ef svona frumvarp er samþykt að henni fornspurðri. Þess verður að gæta, að hjer er að ræða um stofnun nýs embættis. En það er alkunnugt, að þjóðin telur nógu mörg embættin í landinu og vill heldur fækka þeim en fjölga. Það er og einkennilegt, eins og háttv. þm. Skgf. tók fram, að fara nú að stofna embætti með eftirlaunum. Einkennilegt, að koma á fót embætti með eftirlaunarjetti, á sama tíma og þjóðin tekur því fram við þingmenn sína, að hún vilji, að eftirlaun sjeu afnumin, og embættum ekki fjölgað.

Það er og villandi, sem háttv. framsm. sagði um 40 króna greiðslu fyrir örkina af þessum skýrslum. Hún hefur oft verið um 75 kr. Jafnskýr maður og háttv. 6. kgk. þm,, ætti að gæta þess, að skýra rjett frá þessu. Jeg hygg að sama fyrirkomulag, sem verið hefur á þessu að undanförnu, geti dugað nokkur ár enn. Jeg álít, að þjóðin hafi eigi efni á að stofna þetta nýja embætti. Þeir, sem þurfa á því að halda, geta setið kyrrir á rassinum nokkur ár enn.

Hagstofuna tel jeg óþarfa af þeim ástæðum, að stjórnarráðið er nógu mannmargt til að inna þau störf af hendi, er því er ætlað að vinna. Og með tilliti til þess, að þjóðin á heimtingu á því, að þar sjeu góð-

ir og trúverðugir starfsmenn, en ekki óreglu-seggir, er til einskis eru færir nema að hirða laun sín, þá sje jeg enga þörf á að taka störf af stjórnarráðinu. — Ef það vantar starfskrafta, þá mun það hafa ráð á að bæta þeim við. Það enda ekki ólíklegt, að eitthvað falli til af mönnum, er ekki geta staðið í stöðu sinni sem embættismenn á eigin ábyrgð.

Það munu ekki vera ósannindi, þó jeg segi það, að til sjeu menn hjer í Reykjavík, er kærkomið væri að geta náð í þetta væntanlega embætti; en þjóðin hefur ekki ráð á að útvega öllum stöðu er þess kynnu að óska.

Þar sem þjóðin hefur ekki átt kost á því, að láta uppi álit sitt um, hvort hún vildi stofna hagstofuna eða ekki, þá tel jeg það að gera þvert á móti vilja hennar að setja hagstofuna á fót nú sem stendur, eða stofna önnur ný embætti.

Skal svo ekki fjölyrða meira um málið að þessu sinni, en mun leyfa mjer að koma með breytingartillögu við þriðju umræðu.

Steingrímur Jónsson: Það kann að vera rjett, að nefndin hafi ekki litið nægilega á verri hliðina á þessu máli, kostnaðarhliðina, en hinsvegar er það ekki rjett hjá háttv. þm. Barðstr. (H. Kr.), að nefndin hafi gengið þegjandi framhjá þessu. Það er sýnt með ljósum tölum, að kostnaðaraukinn við þetta fer ekki fram úr 4 þús. kr., og kostnaðurinn eykst ekki meir með þessu fyrirkomulagi, sem frumv. ætlast til. Skýrslurnar fara vaxandi — og þá kostnaður við samning þeirra, ef stjórnarráðið verður látið annast þær, eins og hingað til.

Háttv. þm. Barðstr. hefur ekki gætt þess, hve landshagsskýrslur eru mikils virði. Þær eru ekki aðeins góðar, heldur *óhjákvæmilega nauðsynlegar*, ef vjer eigum ekki að dragast aftur úr öðrum menningarþjóðum. Við getum ekki komizt hjá því, að fá betri skýrslur en við höfum fengið til þessa. Þetta er þungamiðja frumvarpsins. Spurningin er þá um það, hvort vjer eigum heldur að gera þetta með því að auka starfskrafta stjórnarráðsins eða koma á fót sjerstakri stofnun til þess, eins og frv. ætlast til. Um þetta atriði má deila.

Það er rjett, sem háttv. þm. Barðstr. tók fram, að það er athugavert við þetta frv., að það stofnar ný embætti. Þetta sá nefndin, og vildi því ekki stofna nema eitt nýtt embætti, en sumir háttv. þingdeildarmenn telja nefndina þar hafa farið of skamt.

Guðm. Björnsson, framsögumaður: Það má segja um þetta, sem margt annað, að „sínum augum lítur hver á silfrið". Sumir háttv. þingdeildarmenn hafa tekið breytingum nefndarinnar vel. Aðrir ætla, að hún hafi verið of íhaldsöm, er hún hefur viljað spara fje, sem stjórnin lagði til að veita til þessarar stofnunar, og ekki viljað stofna nema eitt embætti, í stað þess, að frumv. stjórnarinnar setur tvö á stofn.

Um húsnæði handa stofnun þessari, sem háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) mintist á, mun það ráðlegast, að setja engin ákvæði í frv., en fela stjórnarráðinu, að ráða fram úr því, á sem hagkvæmastan hátt.

Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) taldi ekki ástæðu til að heimta þau kunnáttu-skilyrði af hagstofustjóra, sem farið er fram á í breyttill. nefndarinnar að krafizt verði. Jeg hygg, að allir sjái, hve fráleitt það er, ef þetta embætti yrði skipað manni, er brysti þekking til að gegna því. Hjer er um svo vandasama vinnu að ræða, að það er lífsnauðsyn, að sá einn fáist við hana, er hefir nægа kunnáttu til að bera. Og nefndin vill tryggja það með því ákvæði, er hjer er deilt um, að hagstofustjórinn fullnægi þeim kunnáttuskilyrðum, er nauðsynleg eru til þess að leysa starfið vel af hendi.

Þá hjelt háttv. þm. V.-Skf. (S. E.), að

það veitti ekki af tveimur föstum starfsmönnum á hagstofunni og háttv. þm. Skgf. (Jósef Bj.) tók í sama streng. Það getur vel verið, að þar hafi nefndinni missýnzt. Jeg skal ekki deila við þá um það.

Það er rjett, sem háttv. þm. Barðst. (H. Kr.) tók fram, að tvær eru hliðar á þessu máli, eins og á flestum málum, og það sáum við nefndarmenn vel. Hinn háttv. þm. leit sjálfur að eins á aðra hlið þess. Hann kvað þetta alt óþarfa *(Hákon Kristofferson:* rangfærsla). Hinn háttv. þm. talaði á þá leið, að stjórnarráðið gæti haft þetta starf á höndum án þess að bæta starfskröftum við sig. Er þetta rangfærsla? Hann sagði, að tilætlun stjórnarinnar væri ekki önnur en sú, að skapa embætti handa mönnum, er gengju iðjulausir á götum Reykjavíkur. Þetta eru þungar sakargiftir í garð stjórnarinnar, sem hjer er ekki viðstödd. Að svo miklu leyti, sem þeim er ætlað að lenda á nefndinni, getur hún látið sjer þær í ljettu rúmi liggja. Hann sagði og, að hjer væri verið að smeygja inn litla fingrinum ofan í fjehirzluna, en sá langi kæmi síðar. Hitt mun sannara, að háttv. þm. hafi ekki stungið litla fingrinum í þetta mál og því síður þeim lengri. Ef hann hefði gert það, hefði hann talað öðru vísi.

Hv. sami þm. sagði, að hjer ætti að svíkjast aftan að þjóðinni. En það hefir oft verið minzt á það ólag, sem hjer á nú að laga, og að nauðsyn sje að ráða bót á því. Það eru 33 ár síðan fyrst var talað um stofnun hagstofu, og það gerði einn háttv. þingmaður, er nú á sæti í hinni deildinni.

Þá fór háttv. þm. Barðstr. (H. Kr.) óhæfilegum orðum um það, að jeg hefði skýrt þinginu rangt frá um gjald fyrir samning á hagskýrslunum, og sagði, að það hefði verið greitt meira en 40 kr. fyrir örkina. Þann fróðleik hefur háttv. þm. haft frá nefndinni, svo að erfitt er að halda því fram, að jeg eða við nefndarmenn höfum viljað dylja deildina hins sanna í þessu efni.

Jeg vil minna á, að við ráðum ekki málum til lykta með gífuryrðum og orðafumi. Háttv. þm. (H. Kr.) talaði um að sumir menn mættu vel sitja kyrrir á rassinum. Það er alveg rjett, sumir, menn mættu sitja kyrrir á rassinum, heima í hjeraði sínu.

Sigurður Eggerz: Jeg þarf ekki að bæta miklu við það, sem jeg sagði áðan. Jeg lít svo á, sem háttv. nefnd hafi verið íhaldssöm um of, er hún vildi spara aðstoðarmanninn, enda sparast ekki annað við það, en launahækkunin upp í 3000 kr.

Þar sem háttv. 6. kgk. þm. talaði um nauðsynina á að skipa vel hæfan mann í þá stöðu, er hjer er rætt um að stofna, þá er jeg honum vitanlega alveg samdóma um það; en hjer, sem oftar, verður að trúa stjórninni fyrir þessari veitingu, enda þó alltaf geti misheppnazt. Það getur hugsazt, að ekki verði gott, að fá mann til stöðunnar, ef prófskilyrðið er sett í lögin, því eins og kunnugt er, eru aðeins örfáir kandídatar til í þessari fræðigrein. Jeg neita því ekki, að sjerþekking og lærdómur í þessum greinum sjeu afarmikils virði, en hinu má heldur ekki gleyma, að maður, sem hefur reynslu í þessum málum, og auga fyrir því, sem praktiskt er, getur, þó próflaus sje, unnið eins þarft verk eins og lærðu mennirnir, sem stundum liggur við að drukkna í hringiðum „theoríanna“. Mjer er næst að halda, að jafnvel háttv. framsögum., eftir þeim áhuga, sem hann hefur sýnt á sumum málum, sem undir hagstofuna heyra, mundi fær um að taka starf þeitta að sjer.

Jeg sje, eins og háttv. þm. Skgf. (Jósef Bj.), enga ástæðu til að láta eftirlaunarjett fylgja þessu fyrirhugaða embætti. Engan eftirlaunarjett hafa landsímastjóri, og landsverkfræðingur. Og þess gerist ekki þörf, ef launin sjálf eru sæmileg.

Hákon Kristoffersson: Jeg skal geta þess um áburð hv. 6. kgk. (G. Bj.) á mig, að jeg hafði als eigi fróðleik minn um það, hvað borgað væri fyrir örkina í landshagsskýrslunum, frá h. nefnd; jeg hef fengið vitneskju um það úr annari átt, og jeg hef orðið þess áskynja, að fyrir hafi það komið, að greiddar hafi verið alt að 80 krónum fyrir örkina. Þetta er æði há borgun í sjálfu sjer, og óhætt að segja, að hún sje alt of há, þegar þess er gætt, að það eru starfsmenn stjórnarráðsins, sem vinna þessa vinnu í svo kallaðri eftirvinnu, og fá hvorki meira nje minna en þetta fyrir. Það virðist annars öðruvísi háttað vinnubrögðum hjá stjórnarráðinu, en tíðkanlegt er hjá flestum öðrum vinnuveitendum. Þar er það tíðkanlegast, að þegar mikið er að gera, þá er lengur unnið, og það án aukaborgunar, en meiri hvíldir aftur, þegar lítið er að gera. En hjá stjórnarráðinu virðist fast ákveðinn, þessi stutti vinnutími, ekki nema 5 stundir á dag, en alt borgað, sem þar er unnið fram yfir.

Jeg er sammála h. 6. kgk. (G. Bj.) um það, að sumum væri sæmra, að sitja heima hjá sjer, og getur það átt jafnt við alla, og eins þá, sem hafa konunglega útnefningu til starfa síns.

Guðm. Björnsson, framsögumaður: Við erum ósamdóma, h. þm. V.-Sk. (S. E.) og jeg, um skilyrðin fyrir því, að maður geti orðið hagstofustjóri. Jeg held því fram, að nauðsynlegt sje að heimta, að hann hafi tekið próf í stjórnfræði, en h. þm. (S. E.) er ekki á því. Að vísu játa jeg það satt vera, að þótt prófskilyrðið sje sett, þá geti veitingarvaldið farið skakka leið og valið þann, sem ljelegastur er af umsækendum, en það þarf þó svo mikið til að standast próf við háskólann, að með því er fengin töluverð trygging fyrir því, að maðurinn, sem það hefur staðist, sje nokkurnveginn starfinu vaxinn. Hvernig mundi h. þm. V.-Sk. (S. E.) lítast á það, að hætt væri að heimta sýslumenn hefðu tekið lögfræðispróf og staðizt það. (*S. E.:* Það kemur ekki til mála). Hví skyldi það ekki eins geta komið til mála eins og hitt, að vilja sleppa hjer prófskilyrðum. Það gæti að vísu verið dáindis þægilegt fyrir suma, að hætt væri að heimta það sem skilyrði fyrir því, að fá embætti, að hafa leyst af hendi ákveðin próf. Færi svo, gætum vjer átt von á því, að h. þm. Barðstr. (H. K.) yrði einn góðan veðurdag skipaður sýslumaður, eða jafnvel landlæknir (*H. K.:* Þá mundi jeg fara í lækningaferð austur að Heklu, uppá landsins kostnað). Og árangurinn mundi líklega verða svipaður, og af manna lækningum h. þm. (H. K.). Nú geta menn orðið hreppstjórar, sýslunefndarmenn og þingmenn, jafnvel komizt upp í efri deild án þess þeir þurfi nokkra þekkingu til brunns að bera. Jeg held okkur ætti að geta komið saman um, að hyggilegt sje að búa betur um hnútana með starfsmenn hagstofunnar, og setja þegar í upphafi ákveðin skilyrði fyrir þekkingu þeirra, og það mun ekki verða gert á annan hyggilegri hátt. en með því að heimta, að þeir hafi leyst af hendi próf það, sem hjer er farið fram á. Starfið er vandasamt, og heimtar sjerþekkingu, og verð jeg því að halda fast við breytingartillögu nefndarinnar.

ATKV.GR.:

1. brtl. nefndarinnar við 1. gr. á þgskj. 54, 1, samþ. með 11 samhlj. atkv.
2. brtil. nefndarinnar við 1. gr. á þgskj. 54, 2, samþ. án atkvæðagreiðslu.
   1. grein frv. með áorðnum breytingum, samþ. með 12. samhlj. atkv.
3. brtll. nefndarinnar við 2. gr. á þgskj. 54, 3 samþ. með 11 samhlj. atkv.
   2. grein frv. með áorðnum breytingum, samþ. með 12 samhlj. atkv.
   3. gr. frv. samþ. með 12 samhlj. atkv.
   4. gr. frv. samþ. með 12 samhlj. atkv.

4. brtl. nefndarinnar við 5. gr. 1. málsgrein á þgskj. 54, 4, feld með 7: 6 atkv.
Sökum óljósrar atkv.gr. var viðhaft nafnakall og sögðu:

já:	*nei:*
Steingrímur Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Einar Jónsson,
Guðjón Guðlaugsson,	Jón Jónatansson,
Guðmundur Björnsson,	Jósef Björnsson.
Hákon Kristoffersson,	Júlíus Havsteen,
Sigurður Stefánsson,	Sigurður Eggerz,
	Þórarinn Jónsson,

5. brtll. nefndarinnar við 5. gr. 2. málsgrein á þgskj. 54, 5, samþ. með 12 samhlj. atkv.
6. brtll. nefndarinnar við 5. gr. 3. málsgrein á þgskj. 54, 6, sþ. með 8: 3 atkv.
5. gr. þannig breytt samþ. með 7 atkv. móti 3.
6. gr. samþ. með 11: samhlj. atkv.
7. gr. samþ. með 11 atkv. gegn 1.
Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12: 1 atkv.

---

11. fundur. Laugardaginn 19. júlí kl. 1 síðdegis. Allir á fundi.

1. **Forseti** *las upp brjef ráðherra*, þar sem hann tilkynnir, að hann hafi veitt landritara Klemens Jónssyni umboð til að mæta fyrst um sinn á alþingi fyrir sína hönd.

2. *Frv. til laga um ný nöfn manna og ættarnöfn* (stj.frv.); n. 69, 108 2. umr.

Jósef Björnsson, framsögumaður: Mál þetta kom fyrst fram á aukaþ .1912, og var þá flutt af h. þm. Ak. (Guðl. Guðm.) og 1. þm. Eyf. (St. St.). Í framsögu málsins telur aðalflutningsmaður málsins tilefni frv. það, að alltíðar breytingar á mannanöfnum hafi á síðari árum leitt til slíks glundroða í viðskiftalífinu, að vandræði hafi stafað af fyrir banka, póststjórn, fátækrastjórnir og lögreglustjóra. Á aukaþinginu komst málið ekki lengra en gegn um 1. umr.; var þá skipuð nefnd í því, en hún kom ekki fram með neitt nefndarálit, og sofnaði það þannig. Við umræðuna kom sú skoðun fram, að rjettast mundi, að vísa málinu til stjórnarinnar, því að nauðsynlegt væri, að það væri rækilega undirbúið, áður en það væri leitt til lykta; þó var það eigi gert beinlínis. Stjórnin hefur nú fundið ástæðu til að taka málið upp að nýju, og byggir hún á hinu sama, sem flutningsmennirnir á síðasta þingi, að nafnabreytingar þær, sem altaf fara í vöxt, valdi ýmsum óþægindum. Það er ekki furða, þótt flutnm. frv. 1912 og stjórnin hafi fundið til óþæginda þeirra og glundroða, sem nafnabreytingunum fylgir. Þær eru sumar alleinkennilegar, og oft þannig lagaðar, að torvelt er, að gera sjer grein fyrir, að sá maður, sem í dag ber þetta nafn, sje sami maðurinn, sem áður nefndist alt öðru nafni. Þessar nafnabreytingar ná stundum ekki aðeins til mannsnafnsins sjálfs, heldur líka til býlisins. Þannig gat flm. frv. 1912 (Guðl. G.) þess, að maður einn að nafni Pjetur Þórðarson í Garðshorni hefði svo gerbreytt nöfnum, að eftir breytinguna hjet hann Brandur Árdal á Gjallanda, og hafði hann þó ekki skift um bústað. Hvernig ætti ókunnugum að geta hugkvæmzt, að þetta væri sami maður á sama býli? Að vísu játa jeg, að það muni fremur sjaldgæft, að saman fari, að vilt sje um heimildir á manni og býli, en fyrir kemur það þó; en algengt er, að menn breyti þannig nafni sínu, að lítt verður það þekkjanlegt.

Háttv. flutnm. frumv. 1912 (Guðl. G.) færði til nöfn tilbúin af honum sjálfum; en það sýnist mjer ástæðulaust, jeg tel það eiga bezt við, að nefna rjett nöfn og sönn dæmi. Frá einu slíku dæmi hefur mjer verið skýrt. Maður hjet Þorsteinn Sveinsson. Nú hefur hann breytt nafni og nefnir sig og skrifar Th. S. Kjarval. Hjer er svo gerbreytt nafni, að óþekkj-

anlegt er, og varla hægt að átta sig á, að alt sje sami maðurinn. Nefndin er samdóma stjórninni um, að hjer sje komin á alt of mikill glundroði, og mál þetta hafi svo mikla þýðingu fyrir viðskiftalífið, að sjálfsagt sje að kippa því í lag. Þegar farið er að leita að orsökum til hinna tíðu nafnabreytinga á síðari árum, þá má ýmsar finna. Fyrst má telja erlend áhrif; þau eru sterkari nú en fyr. Í öðru lagi mun stundum valda nafnbreytingunni löngun til að bera nafn, er veglegra þykir eða fínna en fyrra nafnið, og eins og hefja mann í tignari flokk. Þá er þriðja ástæðan, sem mun vera einna þyngst á metunum; þegar bæirnir fóru að eflast og þjettbýli að vaxa, leiddi það af sjálfu sjer, að samnefni urðu tíð, og ertitt að greina sundur samnefnda menn, sem saman bjuggu. Það var því ekki nema eðlilegt og jafnvel nauðsynlegt, að sumir þessara manna tækju upp eða fengju ný nöfn til að forðast að vilzt væri á nöfnum. Vjer getum t. d. gert ráð fyrir, að þar sem margir eru saman komnir á einn stað, þá muni ekki vera þar svo fáir Jónar Jónssynir. Verður mönnum þá fyrir að gefa þeim kenningarnöfn til að greina einn frá öðrum, eða mennirnir gera það sjálfir.

Þetta mun vera aðalástæðan til nafnabreytinganna, að menn hafa flutt saman, og fólkinu fjölgað svo mjög í bæjunum. Menn verða því að játa, að full þörf getur verið á að breyta nöfnum, þegar svo stendur á, sem eg gat um; en jafnframt er það nauðsynlegt, að nafnbreytingin sje bundin svo tryggum skilyrðum, að hún valdi sem allra minstum glundroða í viðskiftalífinu. En hjer er og fleira að gæta: þess verður að gæta, að nöfnin sjeu þannig valin, að þau verði ekki til að spilla móðurmálinu og ræktinni til þess, og þannig til að deyfa þjóðræknina og særa þjóðernistilfinninguna.

Áður fyr var það almennur siður, t. d. mjög alment á landnáms- og söguöldinni, að menn tóku sjer kenningarnöfn, og þessi siður helst í raun og veru við að nokkru enn þann dag í dag. Þessi nöfn dóu með manninum, sem tók þau, en hjeldust ekki mann frá manni, t. d. Þórólfur bægifótur, Hænsa-Þórir o. s. frv. En svo kemur til sögunnar önnur tegund nafna, nöfn, sem hjeldust mann frá manni í sömu ættinni, t, d. Thorlacius, Finsen o. fl., og urðu þannig að ættarnöfnum, og samkvæmt þeim upplýsingum, er nefndin hefur fengið, þá eru hjer á landi nú full 100 föst ættarnöfn. Um kenningarnöfnin er það að segja, að þau eru, eins og jeg áðan tók fram, þjóðlegur og gamall siður, sem hefur haldizt við að meira eða minna leyti, alla leið frá því á landnámsöld, svo það er ekkert í þeim, er snertir óþægilega þjóðernistilfinningu manna. Öðru máli er að gegna um ættarnöfnin, það eru margir, er hafa það á móti þeim, að þau sjeu óeðlileg í íslenzku máli; þau særi þjóðernistilfinning þeirra, en hinsvegar eru það líka margir góðir Íslendingar og fróðir menn og þjóðræknir, sem telja þjóðinni og málinu enga hættu búna af þeim, heldur jafnvel bezt og æskilegast fyrir þjóðina, að þau sjeu tekin upp. Um þetta atriði eru skoðanirnar sem sagt skiftar. Nefndin verður að vera þeirrar skoðunar, að þjóðrækninni sje engin hætta búin af því, þó ættarnöfnunum fjölgi, ef settar eru fastar og fulltryggilegar skorður fyrir því, hvernig ættarnöfnin eru tekin upp, og að meðferð þeirra og nöfnin sjálf sjeu í fullu samræmi við íslenzka tungu. Nefndin lítur svo á, að það sje hvorki tiltækilegt að banna ættarnöfnin, nje skipa öllum að taka upp ættarnöfn.

Jeg hef þá stuttlega minzt á þann glundroða, sem stafar af nafnabreytingum ýmissa manna, en þá er að líta á hitt atriðið, spillinguna á móðurmálinu.

Það kunna að vera einhverjir, er líta svo á, að það geti ekki verið nein spilling á móðurmálinu, þó eiginnöfn manna sjeu ekki sem heppilegust eða jafnvel þótt

þau sjeu afkáraleg. En menn verða að gæta að því, að nöfnin eru einn hluti af móðurmálinu, og ef skrípanöfn tíðkast og mjög illa er farið yfirleitt með mannanöfnin, þá er mjög hætt við því, að þetta dragi verri dilk á eftir sjer, og verði til þess, að spilla tilfinning manna fyrir góðu og hreinu máli. Það er því fjarstæða eftir skoðun nefndarinnar, að ekki beri að líta á þessa hlið málsins.

En hvaða nöfn eru þá þannig löguð, að þau geti spilt málinu? Þau geta verið margskonar. Jeg skal telja upp nokkur nöfn, sem sýnishorn, sem jeg fyrir mitt leyti óska að verði útrýmt með öllu sem allra fyrst.

Fyrst er þó að geta þess, sem er allóviðfeldið. Allmargar konur hjer á landi hafa á síðari árum, tekið upp heiti, sem jeg tel allóviðkunnanleg. Með þessu bendi jeg til þess, þar sem konur hafa tekið upp að kalla sig „son", en ekki dóttir, eins og verið hefur þjóðarsiður. Og þær kalla sig ekki „son" föður síns, heldur „son" tengdaföður síns. Þetta verð jeg að telja, eins og jeg fyr sagði, mjög óviðkunnanlegt, og enda ósið, og ætti að útrýma því með öllu. Þetta er þeim mun eftirtektarverðara, þar sem kvenfrelsiskonur annarsstaðar — og þær eru líka hjer — berjast gegn því að taka upp ættarnafn eiginmanns síns, heldur vilja halda ættarnafni sínu, telja hitt vott um ósjálfstæði kvennmannsins.

Í öðru lagi eru hneykslanleg og rangmynduð nöfn. Þessi nöfn eru oft hin allra hneykslanlegustu nafnskrípi, og eru þau mörg.

Þegar frumv. þetta var í fyrra til umræðu í háttv. neðri deild, þá voru þar tekin sem dæmi upp á hneykslanleg skrípanöfn, nöfnin Almannagjá og Þjóðgata, og má lesa um það í Alþtíð. 1812 B III. dálk 621, en að líkindum hafa þau meir verið tekin sem dæmi þess, hversu hneykslanleg skrípanöfn gætu verið, því þessi nöfn er mjer

sagt af fróðum mönnum að hafi aldrei verið til. Jeg hef fyrir mjer í því jafn fróða menn og þá Hannes Þorsteinsson og Pjetur Zophoníasson, sem vera munu nafnafróðastir menn hjer.

En það er nóg af þessum nöfnum, miklð meira en nóg, og skal jeg rjett til smekkbætis nefna sem skrípanöfn eftirfarandi nöfn, er öll hafa verið til og eru flest til þann dag í dag:

Katarínus,
Engiljón,
Jósevæn,
Kristjúlía.
Gratíana,
Samúelína,
Mensaldrína,
Emerensíanusína.

Og sem rangmynduð og leiðinlega mynduð nöfn skal jeg nefna þessi nöfn, sem nafnfróður maður hefur sagt mjer öll væru til nú:

Guðjónía,
Guðrúnius,
Guðnýr,
Grjetar (dregið af Margrjet),
Þorkelsína (fyrir Þórkatla) og
Nieljohnius.

Þá er það mjög óviðkunnanlegt, hversu menn hafa tekið upp þann sið hjer á landi, að skíra börn sín ýmsum útlendum nöfnum, sem eiga mjög illa við í íslenzkri tungu. Vanalegast eru nöfn þessi tekin upp úr einhverri skáldsögu, eða annari útlendri bók, þar sem lesendunum hefur þótt vænt um einhverja sögupersónuna, og gjarnan viljað láta heita í höfuðið á henni; en þessi nöfn eiga oft mjög illa við, og eru því sannarlega mjög leiðinleg sem íslenzk heiti. Sem dæmi slíkra óíslenzkulegra nafna og óhafandi, skal jeg nefna:

Kronika,
Dosotheus,
Xenofon og
Rustikus.

Það væri sannarlega vel farið, að þess-

um nöfnum fækkaði, og bezt að þeim yrði útrýmt með öllu. Það væri enginn skaði skeður með því.

Þá er enn einn siður, sem nokkuð hefur tíðkazt hin síðari ár, og er mjög óviðfeldinn, og það er að skýra börn syni eða dætur annara en föður síns; sem dæmi þess vil jeg nefna:

Björn Kristjánsson Jónsson,
Jón Pjetursson Geirsson,
Jón Hallsson Ísleifsson,
Anna Gísladóttir Jónsdóttir.

Þetta ætti hreint og beint að vera bannað, það er í alla staði óviðfeldið, óþjóðlegt og óíslenzkulegt.

Fyrir þetta vill frv. koma í veg með því að heimila prestunum að neita að skíra hneykslanlegum nöfnum.

Nefndin leggur því til, að stjórnarfrv. verði samþykt:

í fyrsta lagi vegna viðskiftalífsins og

í öðru lagi til þess að vernda móðurmálið;

en jafnframt því, sem hún leggur til, að það verði samþykt, þá leggur hún til, að gerðar verði á því töluverðar breytingar, bæði nokkrar efnisbreytingar, auk þess allmiklar orðabreytingar:

Skal jeg þá gera nánari grein fyrir breytingartill. nefndarinnar.

1. breytingartillaga nefndarinnar er, að á undan fyrstu grein komi ný grein, og er hún skýring á helztu heitunum, er koma fyrir í frumv., á heitunum: fornafn, föðurnafn, kenningarnafn, ættarnafn og nafnfesti. Jeg ætla mjer ekki að tala frekar um heiti þessi, nema minnast örlítið hins síðasta, hin eru öll þess eðlis, að þau skýra sig sjálf. Nafnfesti leggur nefndin til, að skírteini sje kallað, sem stjórnarráðið gefur fyrir því, að einhver megi breyta nafni sínu eða taka upp nýtt nafn. Nafnfesti er gott og gamalt orð, sem nú er fallið niður, og nefndin sjer ekkert á móti því, að það sje nú tekið upp í nýrri merkingu. Við höfum áður gert hið sama

á öðrum sviðum, t. d. orðið sími, og hefur það lánast vel, og orðið unnið sjer hefð í nýju merkingunni.

2. breytingartillaga nefndarinnar er um það, að 3 gr. frumv. verði 2. gr. og orðist á nokkuð annan hátt en áður var, og auk þess leggur nefndin til, að inn í greinina bætist það nýmæli, að maður verði ávalt að nota sama fornafn föður síns, þannig að ef einhver heitir Steinn en faðir hans Björn Erlendur, að þá geti hann ekki ritað stundum Steinn Björnsson en hitt veifið Steinn Erlendsson. Þar sem fleirnefni er farið að tíðkast, þá er þetta ákvæði nauðsynlegt, að maðurinn sje altaf skyldur að hafa sama nafnið sem föðurnafn, því að hitt yrði til þess, að villa heimild á sjer.

Þar sem nefndin hefur sagt, að menn væru skyldir að nota sama fornafn eða sömu fornöfn alla æfi, þá hefur henni láðst að taka það fram, að hún vill láta binda það við lögaldur, þannig að menn eftir það megi ekki breyta því, og mun nefndin lagfæra það til 3. umræðu. Og það má öllum auðsætt vera, að á uppvaxtárunum geta menn ekki borið fulla ábyrgð gerða sinna, og gerir heldur ekki mikið til, þó nafnið taki þá breytingum. Á þeim árum ráða oftar aðstandendur og kunningjar mannsins meiru um það, hverju nafni hann er kallaður, ef hann heitir mörgum nöfnum, en hann sjálfur, en er hann hefur náð fullum þroska getur hann betur valið, hvert nafnið hann kýs sjálfur.

3. breytingartillagan er, að 2. gr. frv. verði að 3. gr. og orðist nokkuð á annan veg en í frumv. Auk þess er sú breyting gerð á þessari grein, að kona, sem á ættarnafn, verði að sleppa ættarnafni sínu, ef hún giftist manni, sem ekkert ættarnafn hefur, og verði þá að teljast dóttir föður síns, eða taka upp ættarnafn manns síns ef hann hefur ættarnafn.

4. breytingartillagan er við 4. gr., að hún orðist á nokkuð annan hátt, það ný-

mæli er í henni, að óskilgetin börn eigi að halda ættarnafni föður síns alveg eins og skilgetin börn. Nefndinni finst, að það eigi ekki að hafa áhrif á nafn barnsins, með hvaða konu faðirinn á barnið, og eins er það líka þægilegra fyrir ættfræðina, því þá er hægt að sjá, hvert karlleggurinn liggur. Á hinn bóginn hefur því verið skotið að mjer, að það gæti verið athugavert, að fara lengra en svo, að barnið fengi þá fyrst ættarnafnið, ef faðirinn hefur viðurkent það, og tel jeg það rjettmætt, og verður það athugað af nefndinni. Það kemur oft fyrir, að barn er dæmt á föður, og er þá faðernið vitanlega vafasamt.

5. breytingartillaga nefndarinnar er að 1. gr. verði 5. gr. Um þá tillögu er ekkert frekar að segja, nefndin hefur aðeins gert litlar orðabreytingar á greininni, en enga efnisbreytingu.

6. breytingartillaga nefndarinnar er, að 5. gr. frumv. verði 6. gr. og er frumvarpsgreininni að engu breytt, nema hvað nefndin leggur til, að orðið „kenningarnafn“ bætist inn á undan ættarnafn. Aftur leggur nefndin til, að aftan við greinina sje bætt nýju ákvæði, um að enginn geti breytt nafni sínu oftar en einu sinni. Það er auðsætt, að ef engin takmörk væru sett um það efni, þá gæti einhver tekið upp á því, að breyta nafni sínu árlega, og væri slík marg-endurtekin breyting vel fallin til þess að villa heimildir á manninum. Þetta ákvæði er því nauðsynlegt.

7. breytingartillögu nefndarinnar er að 6. gr. frumv. verði 7. gr. Annars má það takast sjerstaklega fram um þessa grein, að nefndin ræður til að bönnuð sjeu þau ættarnöfn, sem enda á *son*, *sen* eða *dótt ir*, nefndin telur ættarnöfn þessi hneykslanleg, og sum þeirra, einkum *son*-endingin mjög slæm fyrir ættfræðingana. Í öðru lagi ber hún fram það nýmæli, að þegar skrár þær þrjóta, sem nefndin leggur til að samdar sjeu í 8. breytingartillögu sinni, að þá skuli stjórnarráðið leita álits kennara mentaskólans um það, hvert nöfn þau, sem óskað er að taka upp, sjeu hæf til upptöku í málið.

8. brtill. nefndarinnar er við 7. gr., sem verður 8. gr. Þar leggur nefndin til, að samin sje: 1. skrá yfir orð og heiti, sem hæf eru til að hafa að ættarnöfnum og 2. skrá yfir skammstafanir þær á fornöfnum manna, sem heimilt skal vera að nota. Ættarnafnaskrá hlyti að verða ágætur leiðarvísir fyrir þá, sem vildu taka upp ný ættarnöfn og trygging fyrir því, að nöfnin yrðu sæmileg. Að gjöra skrá yfir skammstafanir á fornöfnum manna er einnig nauðsynlegt, því að nú er mikill ruglingur á því, hvernig menn skammstafa nöfn sín, en slík skrá mundi skapa meiri reglu og festu í því efni. — 9. brtill. er við 8. gr., sem verður 9. gr. Hún er um lítilfjörlegar orðabreytingar, sem ástæðulaust er að fjölyrða um. — 10. brtill. er við 9. gr., sem verður 10. gr., og fer hún að eins fram á orðabreyting en ekki efnisbreyting. — 11. brtill. er um, að 10. gr. frumvarpsins falli burtu, en ný grein komi í staðinn, sem verði 11. gr. Sú grein er sama efnis sem 10. greinin í frv., en með þeirri viðbót, að prestum sje heimilt og skylt að neita að skíra börn nokkrum þeim nöfnum, sem telja verður hneykslanleg. Reynslan hefur sýnt, að nauðsyn ber til, að prestum sje veitt slík heimild. — 12. brtill. er við 11. gr., sem verður 12. gr. Stjórnin hefur lagt til, að nafnfestisgjaldið verði 10 kr., en nefndin vill færa það niður í 5 kr. — Um þær brtill. nefndarinnar, sem eftir eru, þarf ekki að fjölyrða, því að þær eru aðeins um breytingu á greinaröðinni, nema sú síðasta, sem fer fram á, að breyta fyrirsögn frumvarpsins þannig, að það heiti *frv. til laga um mannanöfn.*

Að lokum vil jeg fyrir hönd nefndarinnar leggja það til, að háttv. deild samþykki frv. með þeim breytingum, sem nefndin hefur gjört á því. Jafnframt vil

jeg taka það fram, að nefndin ætlar sjer að taka málið enn á ný til nákvæmrar íhugunar fyrir 3. umr. og kemur því ef til vill ennþá fram með nokkrar brtill. Ef einhver háttv. þingdeildarmaður kynni að vilja koma að brtill. eða gefa nefndinni einhverjar bendingar, mun hún taka alt það tillit til þeirra, sem hún getur. Einn háttv. þm. hefur þegar komið fram með brtill. um eitt atriði, sem jeg mintist á áðan. Hann leggur til, að hver sá maður, sem hlotið hefur tvö fornöfn eða fleiri, sje skyldur til, frá því er hann verður 18 ára, að nota sama fornafn, eða sömu fornöfn alla æfi, nema hann fái leyfi til breytingar. Nefndin er sammála hinum háttv. þm. um, að eitthvert aldurstakmark verður að setja; en hún vill binda það við lögaldur og er að því leyti mótfallin till. hins háttv. þm.

Umboðsmaður ráðh. (Kl. Jónsson): Stjórnin getur verið þakklát hinni háttv. nefnd fyrir það, hvað vel hún hefur tekið þessu frv. og þar með viðurkent, að ástæða hafi verið til lagasetningar í þessu máli. Jeg sje ekki betur, en að í álitsskjali nefndarinnar sje aðeins á tveim stöðum um verulegar breytingar að ræða, hinar brtill. eru, þótt margar sjeu, aðallega um tilfærslu greina, lítilfjörlegar orðabreytingar og því *um líkt*. Samkvæmt stjórnarfrv. á kona, sem giftist manni að taka ættarnafn hans, ef hann hefur ættarnafn, en að öðrum kosti heldur hún sínu ættarnafni, hafi hún haft það áður. Hjer leggur nefndin til, að konan eigi að sleppa ættarnafni sínu og kenna sig við fornafn föður síns, ef maðurinn hefur eigi ættarnafn. Þessa brtill. tel jeg óheppilega. Það er kunnugt, að hjer á landi eru margar danskar konur, sem giftar eru íslenzkum mönnum, og virðist óviðurkvæmilegt, að neyða þær til með lögum, að kenna sig við fornafn föður síns, þar sem það vitanlega tíðkast nálega ekki í þeirra landi, að menn sjeu nefndir öðru nafni, en ættarnafninu. Kona, sem væri dóttir manns, er hjeti P. F. Hansen og venjulega kallaður aðeins Hansen, yrði t. d, að einkenna sig fyrir öllum lýð með því nafni föður síns, Peter eða Frederik, sem hún ef til vill aldrei hefði heyrt neinn nota, nema nánustu ættingja innan veggja heimilisins. Jeg hygg, að stjórnarfrv, sje nærgætnara í þessu efni, og vil því ráða til, að brtill. nefndarinnar verði ekki samþykt. — Þetta var nú önnur höfuð-brtill. nefndarinnar, en hin er sú, að óskilgetin börn skuli hafa rjett og skyldu til að bera ættarnafn föður síns. Jeg vil geta þess, að þegar frv. var samið, var þetta atriði vandlega íhugað í stjornarráðinu. Frá gömlum tímum hvílir eins og blettur á óskilgetnum börnum, og svo ranglátt sem það er, verða þau enn þá fyrir margvíslegum rjettarmissi í löggjöfinni, fá t. d. ekki arf eftir föður eða föðurfrændur, nema þau sjeu arfleidd sjerstaklega. Það getur því virzt ósanngjarnt, að svifta þau þar á ofan rjetti til ættarnafns föður síns, en samt sem áður varð það ofan á, að þetta ákvæði var tekið inn í stjórnarfrv., og skal jeg nú gjöra grein fyrir, hvernig á því stendur. Jeg vil ekki minnast á þau tilfelli, þar sem fleirum en einum getur verið til að dreifa um faðerni. Slíkt er ekki óalment, og hafa á síðustu tímum verið kveðnir upp ekki allfáir úrskurðir, þar sem 2 eða 3 menn eru skyldaðir til meðlags með sama barninu. Í slíkum tilfellum getur auðvitað ekki verið að ræða um ættarnöfn, því að þegar svo er ástatt, verða börnin í raun og veru að teljast föðurlaus. Hitt kemur hinsvegar þráfaldlega fyrir, að maður leyfir stúlku að sverja upp á sig barn, og bendir þá hlutaðeigandi oft á um leið, að stúlkan hafi átt mök við fleiri en hann. Í slíkum tilfellum virðist hart, að barnið hafi rjett til ættarnafns föður síns, það er eins og að þvinga því inn í ættina. Af þessari

ástæðu tók stjórnin áminzt ákvæði inn í frv. sitt, en annars gjörir hún þetta atriði ekki að kappsmáli, því rjettarstaða oskilgetinna barna er mjög ranglát og þyrfti að breyta henni með lögum. En meðan það er ekki gjört, virðist eðlilegast, að ættarnafnið fylgi arftöku.

Þetta voru nú að minni hyggju aðalbrtill. nefndarinnar, en jeg vil þó minnast á nokkur önnur atriði. Nefndin talar um kenningarnöfn, þ. e. nöfn, sem menn hafa í viðbót við fornafn og föðurnafn. Mjer er ekki fullljóst, hvað nefndin á við með þessu; ef til vill á kenningarnafn að merkja hið sama, sem auknefni, sem talað er um í upphafi 8. gr. stjórnarfrumv., en í því merkir auknefni og ættarnafn í raun og veru hið sama, stjórnin átti þar með við slík nöfn, sem ýmsir menn á síðari tímum hafa verið að taka sjer, t. d. Kjarval, Kamban o. fl., og er víst meiningin, að þessi auknefni verði ættarnöfn; að minsta kosti skildi jeg svo grein í Skírni, sem kom út fyrir nokkrum árum og rituð var af einum þeirra manna, sem hefur tekið sjer slíkt nýnefni. Jeg hygg því, að þetta orð, *kenningarnafn*, sje óþarft, því að það mun tákna sama sem ættarnafn.

Hvað á orðið „venjulega“ í 2. málsgr., 2, brtill. að þýða. Jeg sje að háttv. 2. þm. N.-Múl. hefur komið fram með brtill. um, að það verði felt burt, og vil jeg mæla með því, að það verði gert. — Í brtill. við 6. gr. frumvarpsins, eru ættarnöfn, sem enda á *son, sen* eða *dóttur* talin meðal hneykslisnafna. Það er satt, að ættarnafn, sem endaði á dóttur, væri sannkallað ónefni, en jeg veit ekki til, að nokkur maður hafi borið slíkt nafn. Jeg tek þetta fram vegna þess, að seinni tíma menn kynnu að halda, að þetta hafi einhverntíma verið tíðkanlegt, af því að það stendur í álitsskj. nefndarinnar. Jeg er samd. nefndinni, að endingin *sen* er óhæfileg, enda hafa slík nöfn, mjer vitanlega, ekki verið tekin upp síðustu 30—40 ár. En nokkrar af merkustu ættum landsins bera nöfn, er svo enda, og eru því öll líkindi til, að þau verði all-langlíf í landinu. Aftur á móti get jeg ekki hneykslast á endingunni *son*. Sú ending er höfð óbeygjanleg og virðist fara vel á því, bæði fyri karl og konu. — Í enda þessarar brtill. er ákvæði um, að leita skuli álits og hlíta úrskurði íslenzkukennarans við Mentaskólann jafnan þá, er einhver vill taka upp nýtt ættarnafn. Mjer hefði þótt viðkunnanlegra, að íslenzkukennaranum við háskólann hefði verið ánafnað slíkt úrskurðarvald. Það ætti ekki að gjöra honum lægra undir höfði en íslenzkukennaranum við Mentaskólann; þeir ættu að minsta kosti að vera jafn rjettháir í þessu efni.

Í brtill. við 2. gr. frumvarpsins virðist það princip brotið, að ættarnafnið skuli jafnan fylgja karlleggnum. Þar er sem sje ákveðið, að ef kona skilur við mann sinn að lögum, skuli henni frjálst að taka upp aftur ættarnafn sitt, hafi hún nokkurt ættarnafn átt, og ennfremur, að þau börn hennar, sem hún hefur forrldraráð yfir, megi einnig hafa nafnaskifti. Jeg hugsa, að þetta mundi valda óhæfilegum ruglingi, ef það yrði að lögum, og mundu ættfræðingarnir fá að kenna á því. Því miður virðist hjónaskilnaður fara meira og meira í vöxt, og er því hjer um allþýðingarmikið atriði að ræða.

Nafnfesti er gott og gamalt orð, en ekki kann jeg við að nota það eins og það er notað í brtill. nefndarinnar. Jeg hygg enda, að það sje alveg rangt, að nota það í þeirri merkingu, sem nefndin ætlast til. En sje það notað, þá nær það engri átt, að nota það eingöngu um þau leyfisbrjef, sem maður fær hjá stjórnarráðinu, til að breyta nafni sínu. Það ætti þá einnig að ná til svokallaðra konunglegra leyfisbrjefa, því stjórnarráðið gefur þau einnig út í nafni konungs „ad mandatum“, sem kallað er.

Það gleður mig að heyra, að hin háttv.

nefnd hefur í hyggju, að koma fram með fleiri umbætur á frumv. við 3. umr. og vona jeg, að hún taki þá til íhugunar þær athugasemdir, sem jeg nú hef komið fram með.

Að lokum skal jeg geta þess, að þó að jeg sje hjer í umboði ráðherra, þá eru það mínar eigin skoðanir, sem jeg ber fram. Jeg hef ekki nærri altaf tíma eða tækifæri til þess að bera mig saman við ráðherra fyrir þingfundina, og verður því það, sem jeg legg til málanna oft að standa fyrir minn eiginn reikning.

Einar Jónsson: Jeg er yfirleitt samþykkur efni og stefnu frumvarpsins.

Þá er slík mál sem þetta frv. koma fram, álít jeg, að fara varði varlega í, að ekki megi ganga mjög nærri persónufrelsi manna. Þessvegna hef jeg leyft mjer að koma fram með breytingartillögur mínar.

Háttv. framsögum. (Jósef. Bj.) gat þess, að það hefði gleymzt eða skotizt yfir að miða ákvæðið um notkun fornafna við lögaldur. Jeg hef stungið upp á, að binda það atriði við 18 ár. Þá eru menn hálfmyndugir og geta gert ýmsa samninga með samþykki tilsjónarmanns síns, og þykir mjer því rjettara, að miða ákvæðið við það aldurstakmark. Sá, sem heitir mörgum nöfnum, getur heldur viljað, þegar hann eldist, taka upp það nafn, sem hann var ekki kallaður, meðan hann var yngri, og slíkt er sjálfsagt að leyfa, og þótti hæfilegt, að miða það við 18 ára aldur, því að þá á maðurinn að vera orðinn nógu gamall til að ákveða það, hvort hann vill heldur nota annað nafn en áður; og því fremur tók jeg þetta aldursmark til, sem nefndin miðar einmitt nafnaskifti í 3. gr. við 18 ára aldur. Annars stendur mjer í rauninni á sama, hvort miðað er við 18 ár eða 25 ár.

2. brtill. mín eða b.-liðurinn í brtill. fer fram á að fella burt úr 2. brtill. nefndarinnar, 2. gr., sem á að verða í frv., þessi orð: „og skal hann rita þau fullum stöfum nema stytting sje heimiluð, sbr. 8. gr., og sleppa að öllu þeim fornöfnum sínum, sem hann notar ekki". Jeg vil helzt, að menn megi ráða því sjálfir, hvernig þeir rita nafn sitt, hvort þeir rita það með fullum stöfum eða skammstafa það, og í þessu sambandi skal jeg geta þess, að jeg er ósamþykkur nefndinni um 8. brtill. b. 2 um, að stjórnarráðið láti semja og gefa út skrá yfir skammstafanir á fornöfnum manna, er heimilt sje að nota. Jeg vil helzt hvoruga skrána, sem talað er um í stafl. b. Jeg sje ekki, að nauðsyn sje á hinni fyrirhuguðu ættarnafnaskrá. Og skrá yfir skammstafanir er lítt semjandi. Það væri meiri ástæða til að ákveða, að allir væru skyldugir til að rita nafn sitt svo skýrt, að hægt væri að lesa það, því það er eins og sumir hafi ánægju af því, að skrifa nafn sitt svo óskýrt, sem hægt er.

3. brtl. mín fer fram á að fella burt orðið „*venjulega*" í næstu málsgr. í 2. gr. Nefndin setur fram almenna reglu í þeirri málsgrein, en gerir svo í næstu málsgrein á eftir undantekning frá þeirri reglu, sem sje, að föðurnafn megi skammstafa á undan kenningar- eða ættarnafni, og hygg jeg, að það sje í rauninni eina undantekningin, sem hún vill gera frá hinni almennu reglu, en þá á orðið „*venjulega*" að falla burtu.

Hæstv. umbm. ráðherra minntist á þessar brtill. mínar og var þeim samþykkur, og jeg vona, að h. deild geti einnig fallizt á þær.

Um 2. málsgr. í 3. gr. í brtill. nefndarinnar óska jeg þess, að hún verði borin upp í tvennu lagi, þannig, að setningin: „þessi nafnskifti mega ná til barna hennar" og út, sje borin upp sjer. Jeg er mótfallinn henni af sömu ástæðu og háttv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.) tók fram.

Við 7. brtl. nefndarinnar hef jeg sömu athugasemdir að gera og háttv. umboðsm. ráðh. (Kl. J.). Jeg er bæði mótfallinn ákvæðinu um sen og dóttir og eins ákvæð-

inu um að leita og hlíta úrskurði íslenzku kennara Mentaskólans um, hvort etthvert nafn sje hafandi í málinu. Jeg kann ekki við ákvæðið um að *„hlíta úrskurði hans“*. Jeg kynni betur við, að þar stæði að eins að leita skyldi álita hans. Hugsazt getur, að þá stöðu skipi einhver sjervitringur, er fer oflangt í þessu efni. Mjer er þetta samt ekkert kappsmál.

Um 11. gr. tek jeg það fram, að jeg óska, að orðin „eftir sem áður“ í fyrri málsgrein hennar falli burt. Þau eru með öllu óþörf.

Síðari hluti þessarar greinar er og varhugaverður. Mjer finst prestum vera fengið of mikið vald í hendur. Það er og mikil spurning, hvað skilja á við „hneykslanleg nöfn“. Jeg vildi gjarnan orða það á annan veg. Ef nöfnin eru verulega hneykslanleg eins og sum þau nöfn, sem háttv. framsm. (Jós. Bj.) tók fram, þá er rjett, að prestur hafi rjett til að neita að skíra þau. En annars kýs jeg helzt, að hann hafi að eins tillögurjett um þau nöfn, er skíra á, og vildi óska, að ákvæðið væri orðað á þá leið. Ef presturinn er laginn, þá getur hann ráðið miklu um nöfnin, ef þau eru nokkuð athugaverð. Jeg segi þetta ekki út í loftið, heldur af eigin reynslu. Það hefur nokkrum sinnum komið fyrir. að mjer hefur ekki geðjazt að þeim nöfnum, er foreldrar í fyrstu vildu hafa, og jeg hef þá bent þeim á, hvað mjer þætti að, og leiðbeiningar mínar hafa æfinlega verið teknar til greina, ef mjer hefur þótt nokkru skifta.

Jeg hef ekki viljað gera fleiri brtill. að þessu sinni. Jeg vil sjá, hvað samþykt verður af breyttill. nefndarinnar. Það verður betra að átta sig á málinu, er allt er komið í eina heild.

Framsögumaður (J.B.): Háttv. umboðsmaður ráðh. (Kl. J.) minntist á tvær aðalbr. nefndarinnar á frv. Hann var nokkuð á öðru máli en nefndin um rjett óskilgetinna barna til ættarnafns föður síns. Þar vildi nefndin, að skilgetin og óskilgetin börn væru jafn rjetthá. Hstv. umboðsm. ráðherra vildi láta þennan rjett til að bera ættarnafn fylgja arftökurjettinum. Jeg skal játa, að jeg er að nokkru leyti samdóma háttv. umboðsm. (Kl. J.) um þetta efni, að það væri eðlilegast, að arftökurjettur og rjettur til ættarnafna fylgdust að. En jeg vil ekki láta það standa í vegi fyrir rjetti til ættarnafna, að ekki hefur enn verið numið úr lögum annað eins ranglæti og það, að óskilgetin börn hafa ekki erfðarjett, og jeg tel óhugsandi, að slíkt ranglæti standi lengi ennþá í lögum. Í þessu eiga skilgetin og óskilgetin börn að vera jafn rjetthá. Og gamlar og rótgrónar venjur ættu ekki að geta haldizt lengi, er viðurkent hefur verið, að þær væru ranglátar. Og nefndin stendur fast á því, að þessi rjettindaákvæði nái til allra barna, að minnsta kosti til þeirra barna, er játað hefur verið faðerni að. Aftur viðurkenni jeg, að rjett sje að undanskilja börn frá þessum rjetti í tilfellum, þar sem mörgum er dreift við faðernið. Þá verður að telja barnið föðurlaust.

Jeg skal þá örlítið minnast á auknefni. Mörg auknefni eru byrjun ættarnafna. En munurinn á kenningarnöfnum og ættarnöfnum er mjög óljós, og nefndin vildi gera skýran greinarmun á þeim. Kenningarnafn er það, er að eins einn maður ber, en gengur ekki að erfðum til niðja hans, t. d. Bjarni frá Vogi, Jónas frá Hriflu o. fl. Engum dettur í hug að þessi nöfn gangi að erfðum. Það eru kenningarnöfn. En ættarnöfn það, er gengur að erfðum. Jeg sje ekki neitt á móti því, að gera greinarmun á þessu.

Um bendingar þær, er fram hafa komir um dóttir, son og sen skal jeg ekki deila við menn. Nefndin er auðvitað fús á að taka slíkar bendingar til íhugunar, en jeg get ekki sagt um, hvað hún kann

að fallast á, fyr en hún hefur haft fund með sjer um þær.

Þeir háttv. þm. N. Múl. (E. J.) og háttv. umb. ráðh. minntust á orðið *„venjulega“* í 2. málsgr. 2. gr. í brtill. nefndarinnar, og þótti það ísjárvert. Það fæ eg eigi sjeð. Meiningin með því er ekki önnur en sú, sem kemur fram í næstu málsgr. á eftir, að þegar maður hefur ættarnafn, sje hann eigi skyldur til að skrifa föðurnafn sitt fullum stöfum, en ella altaf. Það mætti ef til vill orða þetta þannig: Hver maður skal ávalt rita föðurnafn sitt fullum stöfum, nema þegar hann hefur kenningarnafn eða ættarnafn. En það er engin ástæða til að stryka orðið alveg út.

Þá minntist háttv. umboðsm. ráðh. (Kl. J). á 3. gr., ákvæðið um, að kona megi taka upp ættarnafn sitt, ef til væri, og slíkt skyldi ná til barna hennar, og þótti slíkt ekki í samræmi við frumvarpið. Það má segja bæði já og nei við þessu. Það er á móti rauða þræðinum í frv., því að reglan er, að ættarnöfn gangi í erfðir í beinan karllegg, en það er aftur í samræmi við það ákvæði, að hver maður á rjett á að skifta einu sinni um nafn. Annars er nefndin fús á að athuga þetta nánar. —

Háttv. þm. N. Múl. þótti það ákvæði athugavert, að hlíta skyldi úrskurði íslenzkukennara Mentaskólans um þetta mál. Háttv. umbm. ráðh. tók og fram, að eðlilegra væri að leita norrænu-prófessors háskólans um þetta, og má vel vera, að það sje rjett. En aftur óttast jeg ekki hitt, eins og háttv. þm. N.-Múl. (E. J.), að hann kynni að verða einhver sjervitringur, er notaði vald sitt um of. Það verður að treysta því, hvort heldur það væri íslenzku-prófessor háskólans eða íslenzku-kennari Mentaskólans, er leitað væri úrskurðar hjá um þessi efni, að þeir leyfðu eigi, að neitt hneykslanlegt nafn yrði tekið upp.

Hátt. þm. N.-Múl. (E. J.) vildi eigi, að prestar hefðu meira en tillögurjett um nöfn barna, og taldi líklegt, að það mundi duga.

En jeg er ekki viss um, að þetta sje rjett, Jeg hef heyrt tvo menn segja dæmi þess, er foreldrar vildu eigi fara að ráðum prests í þessu efni og hætta við nöfn, er þeir töldu hneykslanleg.

Jeg tel því fulla ástæðu til að veita prestum þann rjett, er hjer er stungið upp á.

Hef jeg svo ekki fleiru að svara að sinni.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. J.): Jeg finn ástæðu til að taka enn að nýju til skoðunar 3. br.till. h. nefndar. Hún verður því athugaverðari, því nánara sem hún er athuguð. Setjum svo, að kona skilji við mann sinn og hafi átt með honum tvo drengi, og að þessir drengir sjeu barnungir, svo sem 3 og 5 ára, þegar skilnaðurinn gerist. Eftir tillögu nefndarinnar er henni frjálst, að taka upp hið fyrra ættarnafn sitt ekki einungis fyrir sig sjálfa, heldur líka fyrir drengina sína, og þetta gerir hún kannske, eða að minnsta kosti meðfram í hefndarskyni við manninn. En á þeim aldri er ekki við því að búast, að þeir sjeu færir um að gera sjer grein fyrir, hverja þýðingu nafnabreytingin geti haft fyrir þá. Því getur hæglega svo farið, og er næsta eðlilegt, að þegar þeir eru komnir til vits og ára, þá vilji þeir taka upp ættarnafn föður síns; en nú er þeim það fyrirmunað, því að eftir tillögu h. nefndar, 5. gr. 6, í endanum á enginn að geta fengið breytt nafni sínu oftar en einu sinni. Það er nokkuð hart, að mönnum skuli vera fyrirmunuð nafnbreyting á fullorðins aldri af þeirri sök, að nafninu hefur verið breytt af öðrum, meðan þeir voru á óvita aldri. Þetta bið jeg h. nefnd að athuga vandlega, og jeg tek undir með h. 2. þm. N.-Múl. (E. J.), að eg óska, að þessi liður verði borinn sjerstaklega undir atkvæði.

Guðmundur Björnsson: Jeg vil minnast örfáum orðum einmitt á þetta atriði, sem háttv. umboðsmaður ráðherra (Kl. J.) talaði um. Byrja jeg á því, að

jeg óska, að háttv. deild láti vera að fella brtll. nefndarinnar við þessa umræðu; það er tími til stefnu að gera það við 3. umr., ef málið hefur þá ekki skýrzt þannig, að samkomulag náist.

Það hefur verið sagt, að 3. brtl. nefndaninnar væri brot á þeirri reglu, að ættarnöfnin gangi í beinan karllegg. Hitt er raunar líka brot á reglunni, að menn megi taka upp ný ættarnöfn og leggja gömul niður, og eigi veldur það minni ruglingi fyrir ættfræðingana. Eg veit ekki betur, en það sje almenn regla, þar sem ættarnöfn tíðkast, að kona, skilin við mann sinn, geti fengið leyfi til þess, að börnin taki upp ættarnafn hennar. Skal jeg þar vísa í dönsk lög frá 22. apríl 1904 um þetta efni; þar er það leyft. Hjer finna menn ekki mjög til þessarar þarfar, en öllum, sem verið hafa í öðrum löndum, mun vera það ljóst, hvernig á því stendur, að móðir þráfaldlega óskar þess, að börn hennar beri ættarnafn hennar en ekki mannsins. Hjónaskilnaðurinn stafar ekki svo sjaldan af því, að maðurinn hefur aðhafzt eitthvað, sem varpar skuggableti á nafn hans, og þá er það ofur skiljanlegt, að móðirin vilji koma í veg fyrir það, að ættarnafn barnanna verði þeim sí og æ til vanvirðu.

Jeg bið því háttv. deild að íhuga það vandlega, hvort rjett sje að fyrirmuna með öllu móðurinni, að láta börn sín taka upp sitt ættarnafn hvernig sem á stendur. Háttv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.) sagði, að það væri hart, að maður gæti ekki tekið upp ættarnafn föður síns aftur, ef móðir hans hefði fengið honum annað ættarnafn, þegar hann var á óvita aldri. Þetta mun varla vera rjett athugað, því hafi móðirin fengið breytingu á ættarnafni óvita barns síns, eða meðan það var ekki sjálfu sjer ráðandi, þá hefur það *ekki* breytt nafni *sjálft*, og ætti því að geta fengið síðar leyfi til nafnbreytingar. Þegar athugað er, hve afarmargbreyttar orsakir hjónaskilnaðar eru, þá verður það skiljanlegt, að það komi fyrir, að móðirinni sje mjög um geð, að börnin beri ættarnafn föðursins, og að ógeð þetta sje bygt á fullum rökum. Þetta vill nefndin að tekið sé til greina.

Þá er að minnast nokkuð á endingarnar son og dóttir. Það mun satt vera, að nú endi ekkert ættarnafn á dóttir, en nefndinni virðast ættarnöfn, sem enda á son jafn aflagisleg og vildi vekja athygli á því — nefndi þessvegna hvorttveggja.

Nefndin vill ekki hafa endinguna son í ættarnöfnum, því að þótt hún tíðkist annarsstaðar, á það fjarska illa við eðli íslenzkrar tungu að hnýta henni óbeygjanlegri aftan við nöfn. Mundi það ekki láta illa í íslenzkum eyrum, að heyra einhvern segja, að hann ætlaði heim til Lárusar Bjarnason? Enn kemur það til greina, að sá, sem verður fyrstur að krækja sér í eitthvert ættarnafn upp á son, bægir öllum öðrum frá að taka það, þótt þeir að öðru leyti hafi alveg sama rjett til þess sem hann. Þannig útilokaði sá, sem fyrstur tæki upp ættarnafnið Jónsson, alla aðra frá að taka það ættarnafn. Einn þeirra manna, sem nú sitja á þingi, hefur Bjarnason að ættarnafni. Það ættarnafn hafði hann tekið fyrir 1. jan. 1901, og eru með því allir útilokaðir frá því eftirleiðis að taka sjer það ættarnafn, ef frv. stjórnarinnar væri fylgt. Jeg hygg, að stjórnin hafi ekki hugsað til fulls um það, sem jeg hef fært hjer fram. Skal jeg svo enda ræðu mína með því að ítreka þá ósk mína, að brtill. nefndarinnar um rjett fráskilinna kvenna til að taka upp ættarnafn sitt fyrir sig og börn sín, verði eigi feld að þessu sinni, og lang helzt óska jeg, að löggjöf vor verði í þessu látin vera í samræmi við löggjöf annara landa.

Sigurður Eggerz: Jeg leyfi mjer að gera stutta grein fyrir atkvæði mínu. Mjer skilst, að tvær ástæður sjeu fyrir frv. þessu. Fyrri ástæðan sje sú, að með lögunum

eigi að koma í veg fyrir það, að tíðar og takmarkalausar nafnbreytingar valdi glundroða í viðskiftalífinu; en síðari ástæðan sje málhreinsunarástæða. Sú ástæða getur ekki komið til greina. Jeg hygg, að löggjafarvaldið geti alls eigi verndað málið með lagafyrirmælum. En annað getur það gert og á að gera: Það á að vanda sem bezt mál á lögum sínum; á þeim á að vera fyrirmyndar íslenzka. Eina ástæðan fyrir því, að farið sje að semja lög um þetta efni, er því sú, að nafnbreytingarnar valdi miklum ruglingi á viðskiftalífinu og örðugleikum. Reynslan mun hafa sýnt, að svo er ekki; því að þótt það kunni að mega finna einstök dæmi þess, þá er það ekki næg ástæða til þess, að farið sje að semja heila lagabálka til að lækna svo litla meinsemd. Jeg er þess viss, að þetta frv. er ekki knúð fram af því, að lífið og reynslan hafi gert kröfur til þess; heldur er það sprottið af hræðslu við framtíðina; menn hafa gert sjer grýlur út í loftið um hana.

Það er óviturlegt, að vera að semja lög, þar sem brýn nauðsyn kallar ekki að, og það sje jeg ekki, að hún geri hjer. Sjeu svo lögin óheppileg, þá er ver farið en heima setið. Og jeg er hræddur um, að hjer sje verið að smíða slík lög; það gefur bendingu í þá átt, hve ósammála menn eru hjer um margt.

Auðsætt er það, að stjórninni er hjer aukið töluvert erfiði. Jeg fæst að vísu ekki mjög um það. En þeim, sem um nafnbreytingarnar þurfa að sækja, eru líka sköpuð óþörf óþægindi, og mest fyrir þá sök er jeg algerlega móti frv.

Það getur að vísu verið, að ekki sje öllu minni þörf á, að lögskipa um nafnabreytingar, en var t. d. á lögunum um eggjasölu eftir vigt, sem nú eru komin í gildi, en margt getur þingið þarfara unnið, en að eyða tíma í slíkar lagasmíðar.

Framsögumaður (J. B.): Jeg verð að mótmæla því, að það sje rjett hjá h. þm. V.-Sk. (S. E.), að nafnbreytingarnar valdi litlum glundroða í viðskiftalífinu. Maður, sem þessu er mjög kunnugur, h. 2. kgk. (E. Br.), segir mjer, að það hafi komið fyrir, að menn hafi orðið að hverfa frá og ekki getað fengið lán í landsbankanum sökum nafnbreytinga. Annarstaðar má og fá mörg dæmi þess, að nafnbreytingar hafa valdið glundroða í viðskiftalífinu. Jeg vil með leyfi h. forseta lesa nokkuð upp úr ræðu h. flutn.m. máls þessa á síðasta þingi (Guðl. G.). Eftir að hann hefur nefnt ýms dæmi, segir hann:

„T. d. hefur það viljað til í sakamáli, að stúlka hefur heitið Sigríður Ingibjörg Jónsdóttir. Hún var fædd í Húnavatnssýslu, en átti heima í öðru lögsagnarumdæmi og komst þar í þjófnaðarmál. Svo hverfur hún, og fyrir hendingu vitnaðist, að hún hefði skift um nafn, hjet áður Sigríður Jónsdóttir, en kallaði sig nú Ingibjörg Vatnsdal. Auðvitað nefni jeg ekki rjett nöfn, vil ekki gera það hjer í þingsalnum".

Mjer dettur ekki í hug, að h. flutn.m. (Guðl. G.) hefði borið þetta fram, hefði hann ekki rekið sig á það. *(S. E.:* Þetta er að eins eitt dæmi). Hjer er eitt nefnt, en mörg fleiri mætti færa til, ef vildi. Fyrir skömmu hefur mjer verið sagt frá manni, sem hjet tveim nöfnum. Í einum landsfjórðungnum nefndist hann síðara nafninu; þar komst hann í klandur. Síðar fluttist hann í annan landsfjórðung. Þegar þangað kom, tók hann upp hitt nafnið. Mundu ekki hafa getað stafað óþægindi af þessu?

Það er satt, að það er torvelt að vernda málið til fulls með löggjöf; en sjálfsagt er það þó, að löggjafarvaldið geri alt, sem það getur til þess, og hjer er stigið spor í þá átt.

ATKV.GR.:

1. brtill. n. á þgskj. 69, samþ. með 7 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 108, a liðurinn samþ. með 7: 3 atkv.
Brtill. á þgskj. 108, b. liðurinn feldur með 9: 4 atkv.
Nafnakall var við haft sökum óglöggrar atkv.gr.

já sögðu:	*nei* sögðu:
Steingrímur Jónsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,	Guðm. Björnsson,
Þórarinn Jónsson.	Hákon Kristofersson,
	Jón Jónatansson
	Jósef Björnsson,
	Júlíus Havsteen,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Stefánsson.

Brtill. á þgskj.; 108, c liðurinn samþ. með 9: 1 atkv.
2. brtill. n. á þgskj. 69, með áorðnum breytingum samþ. með 9 samhlj. atkv.
3. gr. frv. þar með fallin.
3. brtill. n. á þgskj. 69, samþ. með 9 samhlj atkv.
2. gr. frv. þar með fallin.
4. brtill. n. á þgskj. 69, samþ. með 9. samhlj. atkv.
4. gr. þar með fallin með 9 samhlj. atkv.
5. brtill. n. á þgskj. 69, samþ. með 9 samhlj. atkv.
6. brtill. n., a liðurinn samþ. með 8 samhlj. atkv.
6. brtill. n., b liðurinn samþ. með 10 samhlj. atkv.
5. gr (sem nú verður 6. gr.) með áorðnum breytingum samþ. með 10 samhlj. atkv.
7. brtill. n., a liðurinn samþ. með 8 samhlj. atkv.
7. brtill. n., b liðurinn samþ. með 9 samhlj. atkv.
6. gr. (sem nú verður 7. gr.) með áorðnum breytingum, samþ. með 8 samhlj. atkv.
8. brtill. n., a liðurinn samþ. án atkvgr.
8. brtill. n., b liðurinn samþ. með 10 samhlj. atkv.
7. gr. (sem nú verður 8. gr.) með áorðnum breytingum, samþ. með 8 samhlj. atkv.
9. brtill. brtl. e. n., samþ. án atkvgr.
9. brtill. b. samþ. án atkvgr.
8. gr. (sem nú verður 9. gr.) samþ. með 10 samhlj. atkv.
10. brtill. n., samþ. með 9. samhlj. atkv.
9. gr. frv.ins þar með fallin.
11. brtill. n. samþ. með 10 samhlj. atkv.
10. gr. frv. þar með fallin.
12. brtill. n. samþ. með 8 samhlj. atkv.
11. gr. frv.ins þar með fallin.
13. brtill. n. samþ. með 10 samhlj. atkv.
14. brtill. n. samþ. með 8 samhlj. atkv.
13. gr. frv. þar með fallin.
15. brtill. við fyrirsögn frv. samþ. með 10 samhlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 10: 1 atkv.

Þegar hjer var komið hafði fundur staðið alllengi, og ákvað forseti, að fundi skyldi frestað til kl. 5.

Kl. 5 hófst fundur aftur og var dagskrá þá haldið áfram.

2. *Frumvarp til laga um landhelgissjóð Íslands* (43, n 72); 2. umr.

Sigurður Stefánsson framsögumaður: Við fyrstu umræðu þessa máls hjer í háttv. deild tók jeg fram svo greinilega sem mjer er hægt, af hverju það væri, sem frumv. þetta er fram komið, svo jeg hefi þar engu við að bæta, einkanlega þar sem háttv. nefnd hefur skýrt málið í áliti sínu.

Þó er það ein mótbára, sem jeg gæti hugsað mjer, sem jeg vildi minnast á, og það er, að leið þessi sje nokkuð seinfarin, og skal jeg fyrir mitt leyti játa, að svo er, en þar til er því að svara, að jeg býst ekki við, að landssjóður geti að

svo stöddu lagt út í svo mikinn kostnað, að taka að sjer landhelgisvarnirnar, heldur verði hann smátt og smátt að búa sig undir það, að geta tekið þær að sjer, að meiru eða minna leyti. Þetta frumv, ber því að skoða aðeins sem undirbúning undir það, að geta síðar tekið að minsta kosti verulegan þátt í landhelgisvörninni.

Að öðru leyti ber nefndarálitið svo greinilega með sjer, hver skoðun nefndarinnar er, að jeg finn ekki ástæðu til þess að tefja tímann með því að fara frekar út í málið, að minsta kosti ekki fyr, en mótmæli koma fram.

Nefndin hefur gert eina breytingartillögu, sem sje þá, að sjóðurinn skuli vera ávaxtaður í Landsbankanum, í stað þess að í frumv. stóð í einhverri trygðri peningastofnun. Það hafa síðan komið fram raddir um það, að það sje ekki rjett, að ganga framhjá Landsbankanum með ávöxtun opinberra sjóða, og nefndinni virðist þetta vera rjett, og vildi þessvegna taka það greinilega fram, að fje sjóðs þessa skyldi ávaxtast í Landsbankanum. Það má ennfremur á það líta, að með því að ávaxta sjóð þennan þar, þá eykst talsvert fje það, er hann hefur til umráða; veltufjeð verður meira, svo hann getur lánað meira út, og þannig orðið fleirum að liði.

Steingrímur Jónsson: Jeg vildi aðeins taka það fram, að jeg get verið samþykkur háttv. flutningsmanni (Sig. Stef.) og háttv. nefnd, að þetta mál eigi fram að ganga. Jeg tel sjálfsagt, að við strax á þessu þingi förum að undirbúa oss til þess síðar að geta tekið að oss strandvarnirnar. Og jeg er einnig samdóma háttv. nefnd um það, að til þess sje bezt að nota fje það, er við fáum í sektir fyrir ólöglegar botnvörpuveiðar. Jeg tel það hvorki forsvaranlegt nje rjett, að láta þetta fje vera með öðrum tekjum á fjálögunum, og nota það síðan í ýms ársútgjöld; því fóst ársútgjöld vor eigum við að greiða á annan hátt, með tollum og sköttum; og jeg tel þeim mun betur fara á þessu, þar sem Danir telja fje þetta eftir oss.

Þegar jeg las frv., þá datt mjer fyrst í hug: á að leggja meira fje til sjóðsins en þetta? Það er vitanlega ekki hægt að segja um það, hversu mikið fje sektirnar verða fyrir ólöglega fiskveiði, og því þaðan af verra að segja, hvenær sjóðurinn verði nothæfur. En víst er um það, að þetta er mikið fje eftir reynslu síðustu ára. Ef sjóður þessi hefði verið stofnaður um síðustu aldamót, væri hann nú orðinn yfir 200 þús. kr., auk vaxta og vaxtavaxta. En jeg sje ekki ástæðu til að leggja að sinni neitt sjerstakt fje til sjóðsins úr landsjóði, því fjárhagur landsins er þröngur og eigi líklegt, að sjóðurinn taki fyrst um sinn til starfa. Jeg álít heldur ekki rjett, að leggja sjóðnum árlega fúlgu úr landssjóði, fyr en búið er að leggja ákvarðað „Plan“ fyrir notkun hans. Um þetta atriði áskil jeg mjer rjett til að gera till. til 3. umr.

En fyrir mjer er það mest um vert, að sektafjeð sje notað á þennan hátt, og mjer skylst á þessu frumvarpi, að það þurfi ekki mjög mikið fje til þess að sjóðurinn geti komið að notum.

Jeg fyrir mitt leyti er ekki í vafa um það, að eitt skip, eins stórt og venjulegur trollari, með 8—9 mönnum geti gert meira gagn til þess að verja oss fyrir ólöglegri síldveiði milli Langaness og Horns, en Fálkinn nú gerir. Og slíkt skip ætti ekki að kosta meira en 10—15 þús. kr. um síldveiðitímann. Þetta tek jeg fram, svo menn geti sjeð, að sjóðurinn geti gert gagn, áður en hann er orðinn mjög stór.

Um breytingartillöguna, að ávaxta sjóðinn í Landsbankanum, er jeg háttv. nefnd sammála.

Sigurður Stefánsson, framsögumaður: Jeg er þakklátur háttv. þm., er talaði

nú (Steingr. J.) fyrir ummæli hans um frumv.

Háttv. 3. kgk. þingm. vakti máls á því, hvort ætti að leggja meira fje í landhelgissjóðinn en sektafjeð fyrir ólöglegar fiskiveiðar. Jeg álít, að það hefði ekki verið svo mikil ástæða til þessa, ef alt sektafjeð fyrir ólöglegar fiskiveiðar hefðu getað runnið í sjóðinn, en eins og öllum háttv. þm. er kunnugt, þá rennur nú samkv. lögum $^1/_3$ hluti sektarfjárins til Fiskiveiðasjóðsins. Hjer verður að líta á það, hversu brýna nauðsyn ber til þess, að auknar verði landhelgisvarnirnar, og svo er líka rjett að líta á það, hversu mikill mismunur hefur verið á styrkveitingum frá alþingis hálfu til landbúnaðarins og sjávarútvegsins. Og hvað þessi lög snertir, þá mundu allir líta svo á, sem að upphæð þá, er hjer ræðir um, 5000 kr., bæri að skoða sem styrkveitingu til eflingar og viðhalds sjávarútvegsins.

Það er misskilningur hjá háttv. 3. kgk. þm. (Steingr. J.), að nefndin telji, að ekki muni þurfa mikið fje til verulegrar þátttöku frá vorri hálfu í landhelgisvörninni, svo sem t. d. til kaups og útgerðar á varðskipi en hún gerir ráð fyrir, að vjer getum innan skamms stutt að landhelgisvörninni með minni kostnaði. Þótt ekki sje keypt varðskip, þá gætu minni skip, jafnvel mótorbátar, komið að miklu gagni með eftirlit þetta; það hefur reynslan sýnt hjer suður í Garði, en bezt væri, að sjóður þessi gæti komið fljótt að notum, og það gæti hann gert hvað þannig eftirlit snertir.

Jeg hygg, að nefndin vilji halda fast við það ákvæði 3. gr., að landssjóður leggi 5000 kr. til sjóðsins árlega, enda er það ekki nema í samræmi við önnur ákvæði eins og það, að landssjóður leggur 6000 kr. árl. til Fiskiveiðasjóðsins, og það verð jeg að segja, að þessi sjóður kemur fyr að almennum notum en Fiskiveiðasjóðurinn, með allri virðingu fyrir honum.

Um Fiskiveiðasjóðinn er það svo, að hann mun alt af verða að mestum notum fyrir þær sveitir, sem eru nálægt stjórn sjóðsins, en hinar, sem fjær eru, en sem þó líka þurfa styrktar hans, verða fremur útundan. Hinum veitir hægar að bera sig eftir björginni, hvað lán snertir. Að þetta sje svo, að þeir hafi bezt úr býtum, er næst stjórninni búa, sjer maður oft; má þar t. d. benda á lánveitingarnar úr Ræktunarsjóðnum. Jeg segi þetta ekki til ámælis stjórnum sjóðanna; það geta oft verið eðlilegar ástæður til þess.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. Jónsson). Hjer er komið fram eitt frv., er miðar að því, að búta landssjóðinn niður í smáhluta. Þessi stefna er ekki ný, heldur hefur hún mjög magnast hin síðari ár. En þó að mjer og fleirum sje ekki um hana gefið, þá verð jeg þó að lýsa því yfir, að jeg finn ekki neitt sjerlega athugavert við þetta frv., því tilgangurinn er góður, sem sje sá, að efla sjávarútveginn. Jeg verð að játa það, að framkoma þessa frv. fremur gladdi mig, er jeg gætti þess, að samtímis kom fram frv. í háttv. n. d., um að botnvörpusektirnar rynnu í Fiskiveiðasjóð, því jeg verð að vera samdóma h. fltm. (Sig. Stef.) og h. nefnd um, að þetta fyrirkomulag, að verja sektunum til þess að vernda landhelgina, sje mikið heppilegra. Þegar litið er á styrk þann, er veittur hefur verið til landbúnaðarins og sjávarútvegsins, þá sjá allir, að þar er ekkert samræmi á milli, og það er sjálfsagt að efla sjávarútveginn meira en gert hefur verið.

Breytingartill. þá, sem nefndin kom fram með, að jafnan skuli ávaxta fjá Landhelgissjóðsins í Landsbankanum, verð jeg þó að telja varhugaverða. Þó jeg hafi í sjálfu sjer ekkert á móti því, að ávaxta sjóðinn í Landsbankanum, þá verð jeg þó að efast um, að Landsbankinn, og yfir höfuð hvor bankanna hjer sem er geti greitt

alla upphæðina út, hvenær sem hennar kann að verða óskað, eins og þó hlýtur að vera meiningin eftir frumvarpinu.

Ef sjóður þessi hefði verið stofnaður árið 1901, sbr. nefndarálitið, og sektirnar árlega verið lagðar inn í Landsbankann, þá væri búið að greiða í sjóðinn sektarfjeð í þessi ár um 320 þús. kr.; þar við bætast svo tillög úr landssjóði, 5000 kr. á ári í 12—13 ár eða 60—65 þús. kr., og mætti því gera ráð fyrir, að sjóðurinn væri nú orðinn um 450 þús. kr. með vöxtum og vaxtavöxtum. Jeg tel þetta með rúmum tölum, en vitanlega má reikna það nákvæmlega ef vildi, en það skakkar aldrei miklu.

Það væri því hægt, fyrir þá upphæð, er sjóðurinn væri nú orðinn, eins og nefndin tekur fram, að fá bygt skip af stærð við Fálkann, jeg man auðvitað ekki með vissu hvað hann kostaði, en mig minnir að það væri um $^1/_2$ milj. kr. Skip af þessari stærð er nú hægt að fá bygt á mjög skömmum tíma, svo að það tæki ekki nema 7—8 mánuði og þyrfti því, ef ákveðið væri t. d. nú að byggja skipið, að greiða út andvirði þess á sama árinu. En getur þá Landsbankinn snarað út upphæðinni svo að segja á einu? Jeg efa, að hann geti það, nema þá með því, að segja upp lánum hjá mörgum viðskiftavinum sínum, og það mundi koma sjer mjög illa og baka mönnum óþægindi.

Og jeg segi þetta ekki alveg út í bláinn.

Á fyrstu árum stjórnarinnar hjer, hafði hún oft mikið fje í kassa, en sá siður var þá, og er raunar enn, er svo stendur á, að geyma ekki meira fje í kjallara en um 100,000 kr. Það kom því oft fyrir, er mikið fje var fyrir og farið var til Landsbankans, til þess að setja það þar á vöxtu, að Landsbankinn neitaði því viðtöku, vegna þess að hann treysti sjer ekki til þess að greiða það alt út í einu, sem við mátti búast. Þetta varð til þess, að því var stundum skift á milli bankanna, en stundum var bankanum hjálpað með því að leggja það inn á hlaupareikningskontó fyrir lægri vexti, og stundum var jafnvel meira fje fyrir hendi í kjallara, en þurfti að halda á í bráðina. Jeg verð því að efa það, að hvorugur bankinn sem er, mundi geta svarað út allri upphæðinni í einu. Þetta verð jeg að biðja háttvirta nefnd að athuga.

Það er gert ráð fyrir því í nefndarálitinu, að landsstjórnin semji skipulagsskrá og reglugerð tyrir sjóðinn, en jeg sje ekki, hvar heimild til þess er. Það er föst venja, að láta ákvæði um þetta standa í lögunum, og jeg fyrir mitt leyti kann mikið betur við það, þó það máske þyrfti ekki. Annars lægi nærri, að því ákvæði væri bætt inn í 6. gr. frumv. Þetta vænti jeg, að háttv. nefnd vilji gera svð vel að athuga.

Guðmundur Björnsson: Jeg þakka háttv. flutningsm. fyrir frumv.

Þetta er gott nýmæli!

Jeg bað mjer hljóðs, til þess að benda á eitt atriði, sem jeg ekki sá í nefndarálitinu.

Frumv. miðar til þess, að við eignumst skip til þess, að verja landhelgina.

Náttúrlega er mjög mikil þörf á því, en hinsvegar verða menn að gera sjer ljóst, hversu kostnaðurinn er mikill.

Þeir, sem mest hugsa um þetta, segja, að ekki þurfi stærra skip en venjulegann togara eða hvalabát. Þau mundu koma okkur að fullum notum. Þetta hef jeg heyrt sjómenn segja, sem vit hafa á, að mundi vera heppilegast.

En þó skipið sje ekki stærra, þá er kostnaðurinn mikill.

Hefur háttv. nefnd athugað, hvað úthaldskostnaðurinn yrði á ári? Kostnaðinn við að kaupa skipið sjálft, tel jeg lítinn í þessu sambandi.

En úthaldskostnaðurinn er mikill. Jeg

hygg, að háttv. nefnd gæti fengið allýtarlegar upplýsingar viðvíkjandi því, hversu mikill sá kostnaður er, ef að hún sneri sjer til útgerðarmanna hjer. Þeir ættu að vita mikið um það, og geta gefið góðar upplýsingar og bendingar. Mundi þá koma í ljós, að það er minstur kostnaðurinn, að eignast skipið, meiri að halda því úti.

Jeg vildi því biðja háttv. nefnd, að athuga þetta.

En þarf ekki landið að eignast skip til annara nota?

Landið þarf að koma sjer upp vitum. Það er varið miklu fje til þess að flytja til þeirra efni og annað, er þeir þurfa. Einn maður hefur á hendi umsjónina, og hann þarf að ferðast um landið til þess, og ferðir hans eru kostnaðarsamar. Mun nú ekki reka að því, að landið kaupi skip og hafi það í förum kringum landið til flutninga.

Sparast mundi mikið fje til vitanna, ef slíkt skip væri til, og ferðakostnaður ýmissa umsjónarmanna.

En það er ýmislegt fleira, sem landið þarf að flytja.

Við þurfum að flytja flutning til byggingar brauta og vega.

Eins og nú hagar, er oft ekki hægt að fá þennan flutning fluttan á land þar sem haganlegast er. Það er verið að gera brú á Hverfisfljót í Skaftafellssýslu. Heppilegast hefði verið, að skipa brúarefninu upp þar í nánd á sandana, en það fjekst ekki. Þessum flutning var skipað í land í Vík í Mýrdal. Kunnugir menn þaðan að austan hafa sagt mjer, að flutningskostnaðurinn til brúarinnar hafi aukist að minsta kosti um 1000 kr. fyrir þetta.

Sama er að segja um símann. Það þarf að leggja nýja síma, flytja nýja staura o. fl.

Allur þessi flutningur á verkefni, verkfærum og fólki, er miklu dýrari, en vera mundi, ef landið ætti sjálft skip.

Og það mætti sameina flutninga og eftirlit.

Ef alt er vel íhugað, þá mundi borga sig, að kaupa þetta skip strax. Úthaldskostnaðurinn yrði ekki svo mikill, að það ekki margborgaði sig, þegar gætt er að flutningaþörfinni.

Þetta vildi jeg biðja háttv. nefnd að athuga, einkum þó það, hvort ekki mætti nota þetta eftirlitsskip til annars, og hvort ekki væri hagnaður, að kaupa skipið strax.

Steingrímur Jónsson: Jeg vil fullvissa hinn háttv. framsm. um, að jeg sje ekki eftir þessum 5000 kr. til sjávarútvegsins. Því að það er sannfæring mín, að sá atvinnuvegur hafi lengi verið fremur útundan í þinginu. En jeg er hræddur um, að ef þessar 5000 kr. — og svo ef til vill, aðrar 5000 kr. og hinar þriðju 5000 kr. — eru teknar úr landssjóði, þá muni þrengja um of að fjárhag landsjóðs, svo að peningar fáist ef til vill ekki til annara nýtilegra fyrirtækja sjávarútvegnum til eflingar. Jeg veit t. d., að von er á beiðni frá Fiskiveiðafjelaginu um 12,500 kr. ársstyrk, og hygg jeg, að það mundi ekki greiða fyrir þeirri fjárveitingu, ef þessi till. yrði samþykt.

Annars held jeg, að hægt sje, að gera ýmislegt fyrir strandvarnirnar, þó menn ekki einskorði fyrirætlanir sínar við það, að koma upp strandgæzluskipi. Kostnaðurinn við það fyrirtæki, er afarmikill. „Islands Falk“ kostaði um 580 þús. krónur, og úthaldskostnaðurinn er um 130 þús. kr. á ári. Jeg held, að margt megi gera fyrir strandvarnirnar, fyrir talsvert minna fje.

Sigurður Stefánsson, framsm.: Háttv. umboðsmaður ráðherra (Kl. J.) spurði, hvort það mundi eigi ef til vill vefjast fyrir Landsbankanum að svara út í skjótri svipan slíkri upphæð, sem hjer er gert ráð fyrir. Jeg játa, að þegar jeg samdi frv., þá datt mjer eitthvað líkt í hug, en háttv. með-

nefndarmenn mínir voru eindregið þeirrar skoðunar, að fjeð ætti að ávaxtast í Landsbankanum. En ef ekki er hægt, að trúa bönkum vorum, þá sýnist ekki annað ráð fyrir höndum, en að ávaxta tjeð í útlendum bönkum, og er það þó mjög svo óviðkunnanlegt. Raunar gæti komið til mála að kaupa verðbrjef fyrir þessa peninga, en gangverð verðbrjefa er mjög svo óstöðugt, og gæti ef til vill orðið örðugt að koma þeim í peninga, þegar á þyrfti að halda. Öllum mun t. d. kunnugt, hvílíkri verðlækkun veðbrjef veðdeildarinnar hafa verið undirorpin, en fyrir það verður fyrst og fremst að girða, að þessi fyrirhugaði sjóður geti orðið fyrir tilfinnanlegum vanhöldum. Þótt Landsbankinn sje því miður eigi svo öflug peningastofnun, sem skyldi, þá hefur hann þó oft svarað út stórum upphæðum, enda ætti það eigi að vera alþingi ofvaxið, að sjá svo um hag bankans, að hættulaust væri að öllu leyti að trúa honum fyrir slíkri upphæð. Auðvitað mundi og landstjórn og þing haga sjer eftir kringumstæðum bankans og ekki vera alt of kröfuhörð við hann. Jeg hygg því, þegar öllu er á botninn hvolft, að enginn háski mundi standa af þessari ráðstöfun.

Háttv. umboðsm. ráðherra mintist á, að taka hefði átt inn í lögin heimild fyrir stjórnina til þess að semja reglugjörð og skipulagsskrá fyrir sjóðinn. Í 4. gr. frv. er það tekið fram, að alþingi ákveði, hvenær fara skuli að nota sjóðinn, og virðist liggja næst, að stjórninni verði þá veitt slík heimild, því að engin þörf er á henni fyr.

Háttv. 6. kgkj. sagði, að æskilegt hefði verið, að nefndin hetði tekið eitthvað fram um, hvað stórt þetta fyrirhugaða skip ætti að verða. En menn verða að gæta þess, að nú erum við á hinu fyrsta byrjunarstigi þessa máls, og virðist engin þörf á að taka slíkar ákvarðanir, fyr en á að fara að nota sjóðinn. — Vel getur verið, að nota megi skipið til margs annars en landhelgisvarnar eins og háttv. 6. kgkj. þm. tók fram. En hræddur er jeg um, að það kunni að draga úr og trufla landhelgisvörnina, ef fara á að nota skipið í snattferðir fyrir landssjóð. En þegar farið verður að nota sjóðinn, þá fyrst er tími kominn til þess, að gera ákvarðanir um slíkt, enda er það fremur verk landstjórnarininnar heldur en alþingis, því að henni er auðveldara að nota sjer aðstoð fagfróðra manna í því efni sem öðru.

Þar eð ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var

1. gr. frumv. samþ. í einu hlj.
2. — — — - — —
3. — — — með 10:2 atkv.
4. og 5. gr. samþ. í einu hlj.

Brtill. við 6. gr. á þgskj. 12 sþ. með 11 shlj.

6. gr. þannig br. sþ, með 11 shlj.
7. — — — 11 shlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvæðagr.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

---

3. *Frv. til laga um nafnabreytingar og ný nöfn á býlum* (stj. frv., n. 75). 2. umr.

Jósef Björnsson, framsm.: Það er sama að segja um þetta frv. og frv. um mannanöfn, að það er fram komið vegna þess, að nafnabreytingar á býlum geta valdið óþægindum í viðskiftalífinu. Slíkar nafnabreytingar hafa að vísu altaf verið gerðar í fullkomnu heimildarleysi, en alt um það hafa þær tíðkazt talsvert. Nefndin, sem skipuð hefur verið í þetta mál, er stjórninni samdóma um, að þessu beri að afstýra, og leggur hún því til, að stj.frv. verði samþykt með lítilfjörlegum breytingum, sem nálega eingöngu eru orðabreytingar. 1. brtill. er við 1. gr. frv. og er hún orðabreyting. Oss þótti viðkunnanlegra að nota hin venjulegu nöfn, höfuðból, hjáleiga, grasbýli og þurrabúð í staðinn fyrir „býli, afbýli, grasbýli, húsmennskubýli“, sem stj.

frv. notar. — 2. brtill. er við 2. gr. frv. um að fella burt úr þeirri gr. tvö óþörf orð. — Við 3. gr. eru 3 brtill, og er ein þeirra efnisbreyting. Í frv. stendur, að eigi megi leyfa samnefni á býlum í sama hreppi, en nefndinni þykja þau takmörk of þröng og vill setja *sýslu* í staðinn fyrir *hrepp*. Nefndin leggur til að nokkur hluti af 5. gr. falli burt, eða síðari hluti hennar, sem ræðir um borgun til sýslumanna fyrir skrásetning bæjarnafns, og við 6. gr. gerir hún þá brtill., að *landeign* komi í staðinn fyrir *lögbýli*. Nýtt býli getur verið bygt úr afrjetti, og því er landeign heppilegra orð þarna heldur en lögbýli.

Jeg minnist ekki, að jeg þurfi að taka fleira fram viðvíkjandi frv. og vona jeg, að það fái góðan byr hjer í deildinni.

Steingrímur Jónsson: Jeg heyrði ekki, að háttv. framsm. mintist á brtill við 5. gr., en jeg vil leyfa mjer að mæla á móti, að hún verði samþykt. Mjer finst ranglátt, að leggja það ómak, sem hjer er um að ræða, á herðar sýslumönnum, án þess þeir fái borgun fyrir það. Það er örðugt verk og umfangsmikið að semja registrin við veðmálabækurnar og halda þeim í lagi, og þingið hefur að undanförnu gengið oflangt í þá átt, að bæta við embættisverk sýslumanna án þess að áskilja þeim endurgjald fyrir það. — Að öðru leyti vil jeg taka það fram, að mjer finst ástæðulaust að heimta nafnfestisgjald af þeim býlum, sem fá þau nöfn löghelguð, sem þau lengi hafa haft.

Framsögum. (J. B.): Jeg mintist að vísu á brtill. við 5. gr., en það er satt, að jeg fór lauslega yfir hana og gat aðeins um, að nefndin legði til, að síðari hluti hennar, um borgun til sýslumanna, fjelli niður. Nefndin leit svo á, að skrásetning leyfisbrjefsins gæti ekki orðið svo mikið starf fyrir sýslumanninn, að það tæki því að fara að greiða honum nokkra aukaborgun fyrir það. Ýms skjöl, sem eru þinglesin, eru innfærð, án þess að svo mikið sje borgað fyrir það, sem hjer er gjört ráð fyrir. — Um hina síðari athugasemd hins háttv. þm. er það að segja, að mjer virðist, að býli eiga ekki að sleppa við nafnfestisgjaldið, þó að þau hafi notað nafnið nokkur undanfarin ár, því að nafnbreytingin hefur á sínum tíma verið gerð í heimildarleysi. En það getur rjett verið, að heppilegast væri, að ákveða eitthvert tímataksmark, þannig t. d., að býli, sem hafa haft nafn sitt lengur en 10 ár, þurfi ekkert gjald að greiða.

Eiríkur Briem (2. kgkj.): Jeg vil taka undir með háttv. 3. kgkj. þm., að það er gild ástæða til þess, að þau býli, sem hafa t. d. haft nafn sitt frá þeim tíma, er verið var að undirbúa hina síðustu jarðabók fyrir 60—70 árum, fái að halda nafni sínu, án þess að borga neitt fyrir það. Ef nafnið er orðið fest í manna munni, þá er líka sjálfsagt, að lögfesta það borgunarlaust. Það er almenningi mikilsvarðandi, að full regla og festa sje í slíkum efnum, en jeg er hræddur um, að í slíkum tilfellum mundu menn kinoka sjer við, að fara að útvega býlinu nafnfesti. — Einnig finst mjer það sanngjarnt, að dálítið sje borgað fyrir skrásetninguna. Loks vil jeg skjóta því til nefndarinnar, hvort hún sjái sjer ekki fært, að orða brtill. við 1. gr. nokkuð öðruvísi. Mjer finst heldur óviðkunnanlegt, að kalla hvert það kot höfuðból, sem hvorki er hjáleiga, grasbýli eða þurrabúð.

ATKVKR.: Brtill. 1. á þgskj. 75 feld með 8 atkv. : 4.

1. gr. frv. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Brtill. 2. á þgskj. 75 samþ. með 9 atkv. : 1.

2. gr. frv. þannig breytt, samþ. með öllum atkv.

Brtill. 3 a. á þgskj. 75 samþ. með 7 atkv. : 4.

Brtill. 3 b á þgskj. 75 samþ. með 8 atkv. : 1.

Brtill. 3 c á þgskj. 75 feld með 9 atkv. : 3.
3. gr. frv., þannig breytt, samþ. í e. hlj.
4. gr. frv. samþ. í e. hlj.
Brtill. 4 á þgskj. 75 feld með 10 atkv. : 3.
5. gr. frv. samþ. með 10 samhlj. atkv.
Brtill. 5 a á þgskj. 75 samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtill. 5 b á þgskj. 75 samþ. án atkvgr.
6. gr. frv., þannig breytt. samþ. með 8 samhlj. atkv.
7. gr. frv. samþ. með 11 samhlj. atkv.
8. gr. frv. samþ. með 11 samhlj. atkv.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.
Frumv. vísað til 3. umr. með 11 samhlj. atkv.

---

4. *Frumv. til laga um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði* (56); 3. umr.

Klemens Jónsson, umboðsmaður ráðherra: Jeg stend ekki upp til að mæla á móti sölu þessarar þjóðjarðar. Þvert á móti. Jeg er henni hlyntur, en jeg ætla aðeins að skýra háttv. deild frá þeim ástæðum, er voru þess valdandi, að stjórnin neitaði sölu á þessari þjóðjörð.

Stjórnin hefur alt af litið svo á, og skilið 2. gr. laga um þjóðjarðasölu þannig, sem henni væri óheimilt að selja jarðir, þar sem löggiltur verzlunarstaður væri í landareigninni. Nú stóð svo á, að í landi þessarar þjóðjarðar, er hjer um ræðir að selja, er löggiltur verzlunarstaður, Reykjatangi, löggiltur með lögum nr. 40, 24. nóv. 1893. Hann hefur að vísu ekki enn verið notaður til verzlunar. En stjórnin álítur ekki orðalag áminstrar greinar í þjóðjarðasölulögunum svo skýrt, að af þeirri ástæðu mætti selja jörðina, að verzlun ekki er enn á komin. Nú hagar svo til um þennan löggilta verzlunarstað, Reykjatanga, að hann liggur beint á móti Borðeyri, og eftir það, að hann var löggiltur, var löggiltur verzlunarstaður á Hvammstanga, og hann hefur, eftir því, sem jeg frekast veit, lagt undir sig uppland það, sem Reykjatangi hefði ella fengið, ef verzlun hefði verið sett þar á stofn. Það er því ekki líkur til, að þar komist verzlun á, og sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu telur og litlar líkur til, að verzlun komist þar á fót. Stjórnin sá, sem sagt, ekkert athugavert við söluna annað en það, að hún taldi sig vanta heimild til hennar. Og með samþykt þessa frumvarps samþykkir þingið skilning stjórnarinnar á þeim lögum, sem jeg nefndi. Þessa skoðun stjórnarinnar hef jeg talið mjer skylt að bera hjer fram í deildinni, svo það sæist, á hverju neitunin var bygð.

ATKVGR. Frv. samþykt með 12 samhlj. atkv. og verður afgreitt til neðri deidar.

---

5. *Frv. til laga um ábyrgðarfjelög.*

Steingrímur Jónsson, framsögumaður: Jeg hef engu við það að bæta, sem jeg tók fram við 2. umr. þessa máls. Jeg ætla að eins að minnast á þær breytill., sem fram eru komnar.

Þess er fyrst að geta, að nefndin tekur aftur tillögu sína á þgskj. 73, því að hún er innifalin í breytitill. hennar á þgsk. 107.

Til nefndarinnar hafa komið umkvartanir um, að það væri rangt, að undantaka frá ákvæðum frumvarpsins fjelög, er hjer hafa rekið ábyrgðarstarf 20 ár, og ekki önnur, og því hefur nefndin komið fram með þessa breytingartillögu um að færa 20 ár niður í 10 ár til samkomulags, með því að henni var ekkert kappsmál ákvæðið um 20 ár.

Um breyttill., er fram hafa komið, er þess að geta, að nefndin fellst á, að hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna í Danmörku, sje tekið í 1. gr. Hins vegar

verð jeg að endurtaka það, sem jeg sagði við 2. umr., að nefndinni þykir athugavert, að fella burt síðasta lið 2. greinar, og það af þeim ástæðum, er þá var bent á, að það má búast við, að brunabótafjelögin hætti ef til vill ábyrgðarstarfsemi hjer á landi. Nefndin játar að vísu, að eðlilegast væri, að öll fjelög sættu sömu kjörum í þessu efni. En stjórnin hlýtur að vera fróðari um þetta efni, en nefndin, og því hallast nefndin að skoðunum hennar.

Sigurður Eggerz: Jeg á hjer 2 brtill., ásamt fleiri þingdeildarmönnum, á þgsk. 64 og 104. Jeg sný mjer fyrst að seinni tillögunni. Hún fer fram á það, að eftir orðinu „ríkisins“ í 1. línu komi: „hins almenna brunabótafjelags kaupstaðanna í Danmörku“. Ástæðan til þessarar brtill. er sú, að Reykjavíkur kaupstaður vátryggir í þessu fjelagi, með óvenjugóðum kjörum. Við flutningsmenn erum hræddir um, ef farið yrði að leggja þessu fjelagi einhverjar byrðar á herðar, að þær kynni að verða til þess, að það kipti að sjer hendinni, með ábyrgðarstarfsemi hjer á landi, til tjóns fyrir Reykjavík. Við viljum því algerlega undanþiggja þetta fjelag ákvæðum laganna.

Hin brtill. er á þgsk. 64, og þar er lagt til, að burt falli 13. málsgr. 2 gr., er svo hljóðar: „Ákvæði þessarar greinar taka ekki til hins almenna brunabótafjelags kaupstaðanna í Danmörku, nje til annara fjelaga, sem hafa rekið ábyrgðarstarfsemi hjer á landi í full 20 ár, þá er lög þessi öðlast gildi“. — Ákvæði þau, er hjer er um að ræða, eru aðallega 3: 1. að ábyrgðarfjelag, er hjer rekur starfsemi, hafi hjer umboðsmann, 2. að það hafi varnarþing hjer á landi, og 3., að það setji þá trygging, er stjórnarráðinu þykir nægja. Okkur flutningsmönnum brtill. þótti ekki ástæða til þeirra undantekninga frá þessum ákvæðum, er frumvarpið fer fram á.

Lítum svo á, að ekki sje síður ástæða til að heimta af þessum fjelögum, en öðrum ábyrgðarfjelögum, að þau hafi varnarþing og umboðsmann. Og þó fjelög þessi sjeu trygg í augnablikinu, þá er engin vissa fyrir, að svo verði jafnan. Jeg fæ ekki skilið, hvaða ástæða sje til þess, að ætla, að fjelög þessi hætti starfsemi sinni, þó lögin sjeu látin ná yfir þau. Jeg geng út frá, að vegna þeirra eigin hagsmuna haldi þau áfram að starfa hjer, og jeg fæ ekki sjeð, að þau skilyrði, sem heimtuð eru, geti á nokkurn hátt gert þeim þá erfiðleika, að ástæða sje til að ætla, að hagur þeirra af starfseminni minki. Hvaða örðugleikar eru fyrir fjelögin, að hafa varnarþing og umboðsmann hjer. Og hvaða óþægindi getur það valdið tryggum fjelögum, þó þau hafi eitthvað af verðbrjefum sínum liggjandi hjer til tryggingar. Hinsvegar er það ljóst, að hagsmunum landsmanna er illa borgið, ef ákvæðin í 2. gr. ná ekki til fjelaganna. Hvílíkt tjón getur ekki hlotizt af því, ef fjelög með víðtækum viðskiftum við landsmenn yrðu gjaldþrota. En geri löggjafarvaldið ekkert í þessu máli, renna landsmenn blint í sjóinn með, hver fjelög sjeu trygg og hver eigi.

Enn ber þess að gæta, ef við undanskiljum nokkur fjelög, þá er með þessu móti mynduð nokkurs konar einokun fyrir þau.

Um brtill. nefndarinnar, skal jeg geta þess, að jeg sje ekki ástæðu til að samþykkja hana. Jeg sje ekki, að við sjeum betur farnir, þótt ákvæðið sje 10 ár, því þess fleiri eru þau fjelög, sem undanskilin verða ákvæðum 2. gr. Rjett er, að benda á, að eitt þeirra fjelaga, er undantekning nefndarinnar mundi snerta, hefur nýlega orðið gjaldþrota.

Guðm. Björnsson: Jeg og fleiri deildarmenn eigum brtill. á þgsk. 89, en af því að brtill. á þgsk. 64 og 104 fela í sjer samskonar breytingar, þá tek jeg þær

aftur fyrir hönd mína og samflutningsmanna minna, en get þess, að við hins vegar aðhyllumst þær tillögur, er jeg nefndi, og af sömu ástæðum, sem háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) gerði grein fyrir.

Umboðsmaður ráðherra (Klemens Jónsson): Það er rjett, sem háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) tók fram, að brtill. á þgsk. 64 og 104 felur sama í sjer og brtill. á þgsk. 89, og því miður verð jeg að játa, að það lítur svo út, sem það muni blása byrlega fyrir þessari breytingu á frv., er farið er fram á, þar sem 6 menn standa á bak við hana í jafnmiklu fámenni, og hjer er í deildinni. En þótt svo sje, þá vil jeg biðja háttv. deild, að athuga vel, hvað hún gerir, áður en hún samþykkir þessa breyting, sem getur orðið til stórskaða. Svo getur farið, ef krept verður meira að brunabótafjelögunum, en stjórnin fer fram á, að þau hætti að reka ábyrgðarstörf hjer á landi, og að fólk fái því ekki eignir sínar vátrygðar. Jeg vil því mæla með breyttill. nefndarinnar um 10 ára ákvæðið. Menn mega ekki ætla, að þetta sjeu grýlur einar. Innlend brunabótafjelag er ekki til; það hefur ekki lánast, að koma því upp, sem alkunnugt er, og ef útlendu fjelögin hætta starfsrekstri sínum, fæst hvergi vátrygging, og hvar stöndum vjer þá? Það hefur nýlega komið fyrir, að stjórninni hefur verið neitað um vátrygging, er landsjóð varðaði miklu, að fengizt. Jeg skal skýra frá, hvernig því víkur við. Á síðustu fjárlögum var veitt heimild til 50 þús. kr. láns til verksmiðjunnar „Ísland“ á Ísafirði. Stjórnin hefur veitt 30 þús. kr. af þessari upphæð. Á laugardaginn var rann vátryggingin út. Stjórnarráðið skoraði á verksmiðjueiganda, að endurnýja hana þegar í stað, eða senda skirteini um, að verksmiðjan væri vátrygð annarstaðar. Var þá simað að vestan, að vátrygging fengist ekki þegar í stað, en ekki vonlaust um, að hún fengist síðar. Þar sem landssjóður átti hjer svo mikið í húfi, ljet stjórnin leita fyrir sjer um vátrygging hjá umboðsmönnum brunabótafjelaganna hjer í bæ, en þeir hafa allir neitað. Mjer dettur eigi í hug að halda því fram, að þessi neitun komi til af því, að þetta frv. er komið fram. Jeg veit ekki, hvernig stendur á því. En eignin er nú óvátrygð, og ef slys ber að höndum, tapar landsjóður stórfje. Mjer þótti rjett, að skýra þinginu frá þessu. Það var ekki eftir tillögu stjórnarinnar, að lánið var veitt. Þingið átti upptök að því, og ber því ábyrgð á því.

Þetta mál er því alvarlegt og mjög athugavert. Það er annað en gaman, ef menn verða að segja: „Jeg get ekki framar fengið hús mín vátrygð“. Hvað verður þá um lánstraustið? Menn mega því ekki hrapa að því, að samþykkja þessa tillögu.

Eitt er víst — og það get jeg fullvissað háttv. flutningsmenn brtill. um, að það er með öllu skotið loku fyrir, að menn hjer á landi, geti fengið eina tegund vátryggingar, slysa-vátrygging, sem farið hefur í vöxt í seinni tíð hjer, ef brtt. verður samþykt. Hjer á landi er mikil þörf á slíkri vátrygging, og það er gleðilegt, að hún hefir tíðkazt allmikið hjer í seinni tíð. Umboðsmaður þess fjelags, er þá vátryggingar-starfsemi rekur, hefur áreiðanlega haft það á orði, að ekki kæmi til mála, að það hjeldi áfram þeirri starfsemi með þeim skilyrðum, er því eru sett í brtill.

Jeg vona, að háttv. deild athugi málið nánara, og vil að síðustu beina því að henni, hvort henni finst ekki ástæða til að taka það út af dagskrá og fresta úrslitum þess til mánudags.

Júlíus Havsteen: Jeg tek í sama strenginn, sem háttv. umboðsm ráðh. (Kl. J.), að oss ríði á að fara hjer gætilega

að í öllu. Mjer er sama, þótt h. þm. V.-Sk. (S. E.) brosi. Þetta mál getur orðið full alvarlegt fyrir hann og aðra um það líkur. Ef h. þm. (S. E.) vill draga öll þau fjelög, sem ekki eru stofnuð samkvæmt sjerstökum lögum, t. d. „Det kgl. octr. Brandassurance-Kompagni for Varer og Effecter“ frá 1778, og „det kgl. danske octr. Söassurance-Kompagni“, sem var stofnað með konungsúrskurði á árinu 1826, en endurnýjað 2. apríl 1850, — ef h. þm. (S. E.) vill, segi jeg, draga öll önnur fjelög inn undir fyrirmæli laga þessara, þá er hætt við, að erfitt geti orðið, að fá líf sitt og eignir trygt. Það er hætt við, að fjelögin, sem nú á að fara að íþyngja, dragi sig í hlje, og hvar erum vjer þá komnir? Eg skil ekki, hvað h. þm. getur gengið til að koma með brtill. á þgskj. 64. Það getur haft lítt fyrirsjáanlegar afleiðingar, verði hún samþykt. Sem formaður nefndarinnar í máli þessu verð jeg því að styðja till. háttv. umboðsm. ráðh. (Kl. J.) um, að málinu sje frestað, heldur en flanað sje út í að samþykkja eitthvað stórskaðlegt.

Sigurður Eggerz: Það lítur út fyrir, að hœstv. fulltrúi stjórnarinnar (Kl. J.) sje allhœddur við breyt.till. okkar. Jeg skal ekki lá honum, að hann vill fara varlega. En þegar hann athugar málið rólega, mun honum ekki þykja það undarlegt, þótt umboðsmenn ábyrgðarfjelagsanna geri nú alt, sem þeir geta til að koma inn ótta hjá þeim, sem þeir geta búizt við, að einhverju geti ráðið um úrslit málsins. Það getur enginn láð ábyrgðarfjelögunum, þótt þau vilji vera sem lausust við allar kvaðir. Vjer vitum, að þau reka ekki starf sitt hjer, af því að þau vilji vinna landinu í hag, heldur til þess að græða. Ef einhver þau ákvæði væru í frv. þessu, sem leiddi til þess, að ætla mætti, að ágóði þeirra hyrfi, þá hefðu menn ástæðu til að óttast, að þeir mundu hætta starfsemi sinni hjer. En í frv. finnast engin slík ákvæði. Það sjest á því, að sum fjelögin hafa nú þegar umboðsmenn hjer, og það geta ekki verið nein sjerleg óþægindi fyrir þau, að hafa hjer varnarþing líka, en hins vegar er það nauðsynlegt til verndar rjetti viðskiftamanna, að þau sömuleiðis setji tryggingarfje, en eftir þeirri varúð, sem háttv. fulltrúi stjórnarinnar (Kl. J.) vill að beitt sje til að fæla ekki fjelögin, er ekki hætt við, að tryggingarskilyrðin verði sett svo ströng, að nokkur frágangssök verði fyrir fjelögin að ganga að þeim. Eftir skýrslu stjórnarinnar eru fjelög þau, sem hjer starfa, rík, og því auðvelt fyrir þau, að setja tryggingu þá, sem heimtuð mun verða. Háttv. fulltrúi stjórnarinnar gat þess til viðvörunar, að niðursuðuverksmiðjan á Ísafirði hefði ekki fengizt vátrygð. Þetta dæmi sannar raunar meira en það átti að sanna; það sýnir það, að eins og nú stendur, getur staðið svo á, að eigur manna fáist ekki vátrygðar. Sannleikurinn er sá, að vátryggingarfjelögum fer hjer sífjölgandi; það er því sízt ástæða til að óttast, að þau muni hætta að starfa hjer, þótt frv. þetta verði að lögum; því jeg tek það aftur upp, að hjer er ekki verið að íþyngja þeim að nokkrum mun.

H. 1. kgk. (J. H.) spurði hversvegna við hefðum komið með breytingartill. á þingskj. 64. Jeg skýrði frá því áðan, en get skýrt frá því að nýju. Með undanþágunum í stj.frv. má segja, að vissum fjelögum sje veittur einkarjettur til að reka ábyrgðarstörf hjer á landi, að minsta kosti er ábyrgðarfjelögum gert miserfitt að vinna hjer. og dregur það úr eðlilegri samkepni, og líkindi fyrir, að menn komist fyrir bragðið ekki að jafngóðum kjörum sem ella. Jeg sje enga ástæðu til að fresta málinu enn einusinni; mjer sýnist það svo einfalt og óbrotið, að öllum ætti að vera vorkunarlaust að hafa áttað sig á því.

Jeg skal enn taka það fram, að jeg skil ekki í, að nokkurt ábyrgðarfjelag móðg-

ást svo við það, þótt öllum fjelögunum sje gert jafnt undir höfði, að það hætti fyrir það að starfa hjer.

Steingr. Jónsson, framsögumaður: Þrátt fyrir hina uppörfandi ræðu h. þm. V.-Sk. (S E.), get jeg ekki neitað því, að eftir að jeg heyrði ræðu háttv. umboðsmanns ráðherra (Kl. J.), varð jeg hálf hræddur um, að hjer geti verið töluverð hætta á ferðum. Jeg vil minna á það, að á seinni árum hafa ýms góð og velmetin ábyrgðarfjelög hætt starfsemi sinni hjer, svo sem „Commercial Union", er hætti um 1900 að starfa hjer, „det kgl. octr. Brandassurance Kompagni" og ensku fjelögin „Sun" og „Star". Ef fleiri bætast við, og við því er hætt, ef frv. þetta, ásamt brtill. á þgskj. 64, fær framgang, þá getur horft til mestu vandræða. Jeg skal ekki segja, hvort svo verði; háttv. umboðsm. ráðh. (Kl. J.) á að geta farið nær um það. En viss þykist jeg um, að varúðarvert sje, að samþykkja brtill. á þgskj. 64. Það hefur komið fram tillaga um, að fresta málinu til mánudags, og vil jeg styðja hana. Fyrir mjer er sú sjerstaka ástæða til þessa, að jeg vildi geta komið fram með brtill., sem jeg hygg að gæti orðið til málamiðlunar. Hún mun stefna að því, að fjelögin sjeu skyld til að hafa hjer varnarþing, en þurfi ekki að setja tryggingu. Jeg bjóst við, að aðrir mundu koma með brtill. í þessa átt, og því gerði jeg það ekki.

Eiríkur Briem: Orð háttv. umboðsmanns ráðherra (Kl. J.) gáfu tilefni til þess, að jeg bið mjer hljóðs. Afstaða mín til þessa máls er sú, að jeg er mjög hikandi í því, hvort það eigi að ganga fram. Háttv. umboðsmaður ráðherra gat þess, að gengi málið fram, mundi slysaábyrgð hjer á landi alveg hætta. Það er og önnur tegund vátryggingar, sem hingað til hefur verið lítið notuð hjer á landi, jeg á við trygging á vörum fyrir sjóskaða. Það er hætt við, að þessi fjelög, sem enn hafa litla festu fengið hjer í landi, dragi sig til baka, ef frv. verður samþykt með ströngum tryggingarákvæðum, og tel jeg það miður farið. Brtill. um, að ákvæði laganna skuli ekki ná til þeirra fjelaga, sem hjer hafa starfað full 10 ár, mun ekki ná til þessara fjelaga; þau munu ekki hafa starfað hjer svo lengi; væri það þó illa farið, ef þau hættu að starfa hjer, Það hefur mest verið talað um brunabótafjelögin. Jeg hygg, að þau brunabótafjelög, sem nú starfa hjer, mundu ekki setja mjög fyrir sig ákvæði frv. Ýms þeirra hafa nú þegar umboðsmenn hjer á landi. Ef málið á fram að ganga, finn jeg ekki ástæðu til að gera mun á fjelögunum, að öðru leyti, en ef þau eru stofnuð með sjerstökum lagaboðum.

Umboðsm. ráðherra (Kl. J.): Háttv. þm. V.-Sk. kvað mig mjög hræddan við brtill. við frv. Jeg játa það, að jeg er mjög hræddur um, að það hafi mjög slæmar afleiðingar fyrir landsmenn, ef brtill. háttv. þm. (S. E.) fá framgang, og því tel jeg mjer skylt, að vara við þeim, Veldur ei sá, er varir. Háttv. þm. (S. E.) hjelt að hjer væri um tómar umboðsmannabrellur að ræða, og var á honum að skilja, að þeir mundu vera að róa í þá, sem við málið væru rtðnir, og einhvers megnuðu, til að hefta framgang þess. Þetta nær að minsta kosti ekki til mín. Jeg hef að eins talað við einn umboðsmann ábyrgðarfjelaga, og það var í vetur um það bil, sem frv. var samið, og bjóst hann við, að sitt fjelag mundi ganga að þeim kostum, sem settir eru í stjórnarfrv. Jeg hef ekki sjálfur talað við umboðsmann slysaábyrgðarfjelagsins, en jeg hef það eftir áreiðanlegum manni, að það muni hætta að starfa hjer, ef því verður íþyngt fram yfir það, sem nú er. Umboðsmenn hafa alls ekki verkað á mig, hvorki með ógnunum nje for-

tölum. Hræðsla mín getur því ekki verið runnin frá þeim; hún stafar mest af minni eigin reynslu, af því, hve erfitt mjer og landsfjehirði hefur gengið að fá brunabótaábyrgð á niðursuðuverksmiðjunni a Ísafirði; við höfum gert tilraunir til þess alla þessa viku, og erum þó jafnnær enn.

Háttv. 2. kgkj. (E. Br.) var hræddur um, að þó að skilyrðið fyrir undanþágunum yrði bundið við 10 ára starfstíma hjer á landi, í staðinn fyrir 20 ára, þá mundi það ekki ná til slysaábyrgðarfjelaganna; þau mundu ekki hafa starfað svo lengi hjer. Mjer er ekki fullkunnugt um það, en það veit jeg, að sá maður, sem mest hefur fengizt við slysaábyrgðarstarfið, hefur dvalið hjer lengur. (G. B.: Slysaábyrgðar starfsemi hefur farið fram hjer á landi aðeins 5 síðustu árin). Vjer megum ekki fara svo langt, að menn verði því nær útilokaðir frá að tryggja líf og eignir; og jeg játa það afdráttarlaust, að jeg er hræddur um, að svo færi, ef háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) fær vilja sínum framgengt, og þau fjelög svift undanþágunni, sem stjórnin leggur til í frv, sínu að hana fái. Því hefur verið kastað fram, að hjer sje verið að stofna til einokunar; en jeg get fullyrt, að hún muni ekki gerast meiri en nú er, þótt frv. stjórnarinnar yrði óbreytt að lögum. Vjer vitum það, að útlendu ábyrgðarfjelögin hafi myndað hring og standa í föstu sambandi sín á milli, svo að eitt undirbýður ekki annað. Þetta veit jeg að er satt. Allir 3 ráðherrarnir hafa reynt að koma í framkvæmd lögunum nr. 58, 22, nóvbr. 1907 um stofnun brunabótafjelags Íslands. Þeir hafa leitað til útlendra ábyrgðarfjelaga um endurvátryggingu; en alstaðar hafa þeim mætt sömu svörin, og sömu mótbárurnar. Það er auðsjeð, að hjer liggja á bak við samtök fjelaganna. Það kemur því ekki til mála, að meiri einokun verði, þótt að eins starfi hjer 3—4 ábyrgðarfjelög, heldur en þó þau væru fleiri. Við búum nú hvort sem er undir einokun. Smáfjelögin, sem hingað leita, eru líka í hringnum. Jeg tel það ekki æskilegt, að þeim fjölgi mikið, þau geta ekki hoðið betri kosti en sterkari fjelögin, en eru ekki jafn abyggileg, sem þau. Af þessum fjelögum er því sjálfsagt að heimta tryggingar. Öðru máli er að gegna um þau fjelög, sem menn vita að standa föstum fótum, og jafnan hafa reynzt áreiðanleg. Jeg endurtek það enn, að jeg bið háttv. deild að athuga vandlega afleiðingarnar af því, að samþykkja brtill. háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) og fjelaga hans.

Steingrímur Jónsson: Mætti jeg biðja háttv. forseta að láta ganga til atkvæða um það, hvort málinu skuli eigi frestað, svo hægt sje að koma með brtill.

Sigurður Eggerz: Mjer virðast röksemdir háttv. 3. kgkj. (Stgr. J.) ekki geta komið til greina. Hann hefur ekki komið með brtill. sínar í tíma á undan 3. umr., og ef ætti að innleiða þá reglu, að fresta málum, ef einhverjum dettur í hug í tíma að koma með brtill., þá er hætt við, að þingtíminn færi að verða nokkuð langur. Þetta er ósiður, og ætti að kveða sem fyrst niður. Auk þess er málið svo ljóst, að engin ástæða er til að fresta því. Jeg trúi því ekki, að öll ábyrgðarfjelög muni stökkva úr landi, þótt málið sje afgreitt úr þessari deild; líklega bíða þau, og sjá, hvað háttv. Nd. gerir við það.

Steingrímur Jónsson, framsögum.: Það er rjett, að jeg hefði getað komið með brtill. mína til þessarar umræðu, og því bað jeg háttv. forseta að bera frestunina undir atkvæði. En eins og jeg gat um áðan, bjóst jeg við, að brtill. í sömu átt og jeg vildi fara, mundi koma frá öðrum, og því fórst fyrir, að jeg kæmi með hana, en vil þó gjarnan, að hún geti komist að, og til þess er sá eini vegur, að fresta málinu til mánudags.

Júlíus Havsteen: Jeg lýsi því yfir, að það er að eins vegna háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), að jeg óska að málinu sje frestað, svo honum gefist kostur á, að íhuga það betur; hann þarf þess auðsjáanlega,

Sigurður Eggerz: Háttv. 1. kgkj. (J. H.) þarf ekki að bera kvíðboga fyrir því, að jeg hafi ekki hugsað málið. Jeg hef skoðað það vandlega og tekið fasta afstöðu í því, og öðrum mun hættara en mjer við því, að hörfa frá rjettum málstað, og það jafnvel, þó konungkjörinn maður ygli sig.

ATKVGR.: Samþ. að fresta málinu með 8 : 4 atkv.

---

12. fundur. Mánudaginn 21. júlí kl. 1 síðdegis. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um ábyrgðarfjelög* (63, 64, 73, 89, 104, 107, 110, 120); frh. 3. umr.

Steingrímur Jónsson, framsögumaður: Nefndin hefur leyft sjer að koma með viðaukatillögur við brtill. á þgskj. 107, og er hún á þgskj. 120. Meiningin með henni er, að reyna að koma miðlun á milli ákvæða stjórnarfrv. og brtill. á þgskj. 64. Ástæðan fyrir því, að nefndin ber fram þessa miðlunartillögu, er sú, að bæði kemur það fram í ástæðunum fyrir frv. þessu hjá stjórninni, og eins ljet hæstv. umboðsmaður ráðherra (Kl. J.) það ótvírætt í ljós, að stjórnin ber kvíðboga fyrir, að sum af þeim ábyrgðarfjelögum, sem við sízt megum missa, muni hætta starfsemi sinni hjer, ef þeim eru sett hörð skilyrði, og örðugt muni verða að fá líf og eignir trygt hjer á landi. Nefndin vill ekki hafa það á sinni ábyrgð, að svo fari, og því hefur hún borið fram viðaukatillögu þessa. Hún telur það víst, að stjórnin hjer hafi meiri kunnugleik til að bera, og vill því beygja sig fyrir skoðun hennar. Hinsvegar telur nefndin það sjálfsagt, að öll ábyrgðarfjelög hafi varnarþing hjer, og telur það ekki geta verið fráfælandi fyrir fjelögin. Fyrir nefndarinnar hönd vil jeg svo ráðu h. d. til að samþykkja viðaukatillöguna og brtill. á þgskj. 107.

Sigurður Eggerz: Í sjálfu sjer þarf jeg litlu að bæta við það, sem jeg sagði um mál þetta, þegar það var rætt síðast hjer í deildinni. Mjer skildist, að þá væru aðallega færðar tvær ástæður eða dæmi gegn brtill. á þgskj. 64. Önnur var sú, sem háttv. fulltrúi stjórnarinnar (Kl. J.) bar fram, að ekki hefði tekizt að fá niðursuðuverksmiðjuna á Ísafirði vátrygða. Jeg hef heyrt, að þar væri um alveg sjerstaka örðugleika að ræða, sem stöfuðu af því, að eigandi verksmiðjunnar ætti í málaferlum út af brunabótum við eitt fjelagið. Jeg veit, að þetta muni verða leiðrjett, ef mjer hefur ekki verið skýrt rjett frá.

Hin ástæðan er sú, að slysaábyrgðarfjelög mundu hætta að starfa hjer, ef brtl. okkar yrði samþykt.

Jeg hef fengið upplýsingar um, að tvö slík fjelög starfa hjer nú. Annað þeirra er „Skandinavisk Ulykkesforsikring“, og eru þeir Kaaber og Johnson umboðsmenn þess fjelags; það hefur starfað hjer síðan 1906. Hitt fjelagið er „Royal Exchange Assurance“; það hefur starfað hjer síðan 1907, og er Sigurður Guðmundsson umboðsmaður þess. Bæði þessi fjelög eru svo ung hjer, að brtill. á þgskj. 64 gerir þeim hvorki frá nje til. Ef hætt er, við að þessi fjelög hætti hjer störfum, þá stafar sú hætta af ákvæðum stjórnarfrv., en ekki af brtill. okkar, og þyrfti þá að fella stjórnarfrv. sjálft.

Mjer skildist svo, sem háttv. umboðsmaður stjórnarinnar hjeldi því fram, að undanþágan næði einmitt til þeirra fjelaganna, sem mest starfa hjer, og fái það framgang, að und-

anþágan sje veitt öllum þeim fjelögum, sem hjer hafa starfað 10 ár, þá komast enn fleiri fjelög undir undanþágu ákvæðið, en stjórnin ætlaðist til, og þá er hætt við, að lögin fari að verða fremur þýðingarlítil. Það gleður mig, að sjá á brtill. h. n., að hún hefur þó komizt til þeirrar sannleiks viðurkenningar, að öll ábyrgðarfjelög, sem hjer starfa, eigi að eiga hjer varnarþing. En þó mikið sje í þetta varið, þá megum vjer þó ekki gleyma því, að hitt er engu síður nauðsynlegt, að þau veiti tryggingu fyrir því, að þau fullnægi skuldbindingum sínum; annars getur svo farið, að almenningur fái slæman skell, ef þau verða fjeþrota. Það er kostur við stjórnarfrv., að það gerir ráð fyrir því, að þessi trygging sje sett. Það er efalaust ekki erfitt fyrir sterk fjelög, að veita þessar tryggingar; annað mun ekki af þeim heimtað til tryggingar en verðbrjef, og slíka tryggingu á þeim ekki að verða skotaskuld úr að setja.

Það er auðsætt, að fjelögin starfa hjer til að hafa hag af, og það er ástæðulaust að ætla, að þau geti það ekki alveg eins, þótt frv. með brtill. okkar fái framgang. Ótti hv. umboðsmanns ráðherra (Kl. J) getur því varla verið á rökum bygður. Jeg játa það, að gott sje að vera varkár, jafnvel eftir atvikum gott að vera hræddur, en að skjálfa fyrir ekki stærri röksemdum, en þeim, sem hjer hafa verið færðar gegn máli voru, það tel jeg löggjöfum þjóðarinnar sízt holt.

Umboðsmaður ráðherra, Kl. Jónsson: Háttv. þm. V.-Skaft. (S. E.) spurði mig að því, hvort það væri ekki rjett, að eigandi verksmiðjunnar á Ísafirði hefði átt, eða ætti í málaferlum við brunabótafjelagið, er trygt hafði verksmiðjuna, og það væri af þeirri orsök, að brunabótafjelögin hefðu ekki viljað vátryggja húsin; þá skal jeg svara til þess, að þetta er mjer ekki vel kunnugt um, en jeg hygg þó, að hann eigi ekki í málaferlum við fjelögin, heldur við umboðsmann eins fjelagsins af þeim, er trygðu verksmiðjuna. Jeg skal engan dóm á það leggja, hverjum það er að kenna, að þessi málaferli standa yfir, en þó tel jeg víst, að það sje ekki eingöngu eigandanum að kenna, heldur líka umboðsmanninum. Það gengur svo hjer, að á meðan fjelögin eru að heimta inn iðgjöldin, þá gengur alt vel, en þegar óhapp ber að höndum og einhversstaðar brennur, þá reyna sum fjelögin, að hafa í frammi vífilengjur til þess að losna við að borga. Jeg veit þetta vel af viðkynningu við fjelögin, og jeg veit, að margir háttv. þingm. í hinni h. d. muni kannast við, að það sje rjett, en úr þessu bætir frv. þetta. Þó brunabótafjelögin hefðu ekki viljað vátryggja verksmiðjuna á Ísafirði fyrir verksmiðjueigandann, þá finst mjer, að þau hefðu átt að vátryggja verksmiðjuna fyrir landsjóð, því þau eiga ekkert útistandandi við hann. Og sannleikurinn er sá, að verksmiðjan er enn óvátrygð, og verður væntanlega næstu daga, svo ef hún brennur nú, þá hefur landssjóður tapað því fje, 30,000 kr., er hann á í henni.

Sami háttv. þm. (S. E.), sagði, að það væri óþarfa hræðsla í mjer gagnvart brtill. hans, og jeg hefði hleypt þeirri hræðslu í h. d., svo hún hefði frestað málinu frá laugardegi til í dag, mánudags. Jeg held að hver, sem les með athygli athugasemdir stjórnarinnar við frumvarpið, verði að játa, að þar komi fram mikil varfærni, jafnvel hræðsla í þessu efni, samanber t. d. það, sem þar stendur: „Þá er þó að áliti stjórnarráðsins mjög varhugavert að gera mjög strángar kröfur í þessu efni nú sem stendur“, og svo síðar, „búast má við, að verði krept að þeim með lögum, muni þau annaðtveggja hætta alveg starfsemi hjer, eða hækka iðgjöldin enn meir“. Í þessum ummælum kemur fram mikil varfærni, jafnvel hræðsla um það, að fjelögin hætti starfseminni, ef of langt er far-

ið, og menn gætu hvergi fengið trygt. Menn kunna nú að svara því, að þá hefði stjórnin ekki átt að leggja frumvarpið fyrir háttv. Alþingi. En þar til er því að svara, að stjórnarráðið áleit, að með undantekningarákvæðinu í 2. gr. væri synt fyrir þetta sker, og svo mundi eitthvað hafa heyrzt, ef að stjórnin hefði ekki farið eftir ósk háttv. Neðri deildar, en hún óskaði eftir þessu frv. með því að samþykkja þingsályktun 1911, þar sem hún skoraði á stjórnina, að undirbúa málið, enda hefur stjórnin altaf haft það fyrir fasta reglu, að fara eftir óskum deildanna. Annars hygg jeg, að brtill. á þgskj. 120 bæti mjög úr þessu, og vil mæla með, að hún verði samþykt. Jeg mælti með því, að málinu væri frestað til mánudags, og gerði jeg það vegna þess, að mjer fanst það vera svo mikill vígahugur á háttv. þingm. á laugardaginn var, að þeir mundu hafa gott af að fá tækifæri til þess að íhuga málið með köldu blóði. Nú hafa þeir fengið tækifæri til þess, og málið vitanlega algerlega á þeirra valdi, enda skifti jeg mjer ekki meira af því.

En það er annað atriði, sem þó ekki snertir þetta mál beinlínis, sem jeg vildi nota tækifærið til að vekja athygli hinna háttv. þm. á, svo þeir gæti fengið tækifæri til að íhuga það.

Það, sem jeg vildi benda á, eru lög nr. 26, 20. okt. 1905, um vátrygging sveitabæja. Lög þessi hafa verið skammarlega lítið notuð, enn sem komið er. Hjer á landi er, eins og kunnugt er, um 200 hreppar, en af þeim nota ekki nema 29 hreppar lögin, og er það alt of lítið. Það eru heilar sveitir, jafnvel heilar sýslur, sem virðast ekki hafa hugmynd um, að lögin sjeu til, eða kunna ekki að notfæra sjer þau. Þannig eru sex sýslur, þar sem enginn hreppur er í fjelaginu, það eru sýslurnar: Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, Barðastrandasýla, Strandasýsla, Húnavatnssýsla og Skaftafellssýsla. Aftur eru lögin notuð talsvertsumstaðar, þannig í

9 hreppum í Árnessýslu,
5 — - Borgarfjarðarsýslu og
3 — - Rangárvallasýslu.

Yfir höfuð að tala eru lögin talsvert notuð í hinu forna Suðuramti, einkum hafa Árnesingar gengið vel fram í að nota sjóðinn, og er það þeim til sóma. Samt sem áður, þótt sjóðurinn sje ekki mikið notaður, þá hefur honum safnazt talsvert fje, því hann hefur verið heppinn og fengið fáa bruna.

Æskilegt væri það, að háttv. þm. hefðu vakandi auga á þessu máli, og vildu hvetja menn til þess að ganga í hann. Jeg veit, að þar sem svo hefur verið, þá hefur það haft góð áhrif. Þannig hefur hreppur sá, þar sem háttv. þm. Ísafj. (Sig. Stef.) er búsettur, gengið í sjóðinn og eins nágrannahreppur, og tel jeg víst, að hann eigi þar mikinn þátt í, enda var þessi háttv. þingm. einn af forvígismönnum sjóðsins og hefur altaf stutt hann.

Steingr. Jónsson, framsögumaður: Háttv. þm. V.-S. (S. E.), gat um það, að slysaábyrgðarfjelögin hefðu ekki gagn af því, þó að breytingartillaga nefndarinnar yrði samþykt og er það rjett. En þegar verið var að ræða um þau á laugardaginn, þá var það, að því er mjer skyldist, til þess að sýna, hversu ábyrgðarfjelögunum er laust í hendi með ábyrgð hjer á landi.

Sami háttv. þm. sagði, að ef breytingartillaga vor væri samþykt, þá hefðu lögin litla þýðingu fyrir landið, því flest ábyrgðarfjelög, er störfuðu hjer, væru þá undanskilin: En það er ekki rjett, því lögin hafa þó þýðingu í framtíðinni og altaf bætast ný fjelög við, er koma inn undir ákvæði laganna. Annars er mikið minni ástæða til þess að gera þessar kröfur til fjelaga þeirra, er hafa starfað hjer

lengi, því þau hafa að minsta kosti flest staðið vel í skilum, og það er heldur ekki hætt við því, að þau verði gjaldþrota. (*S. E.*: varð ekki Dan gjaldþrota). Jeg veit ekki betur, en að annað lífsábyrgðarfjelag hafi yfirtekið skuldbindingar fjelags þess, er háttv. þingm. minnist á, lífsábyrgðarfjelagið Hafnia, sem líka starfar hjer á landi, samanber grein í Politiken 6. þ. m. Mun það verða svo í framkvæmdinni, að ef eitthvert af hinum eldri fjelögum hættir, þá tekur annað fjelag við skuldbindingum þess.

Aðalatriðið hlýtur því að vera, að fjelögin hafi varnarþing hjer á landi, og það fæst með breytingartillögu nefndarinnar, og hygg jeg þá fengið hið verðmætasta úr breytingartillögu háttv. þingm. V.-Skf. (S. E.) og fleiri.

Það er vitanlega rjett, að fjelögin starfa hjer vegna ágóðans, en ágóðinn er mjög lítill, því starfssvið hjer er svo takmarkað. Þess vegna er það, að ef hert er á ákvæðunum, þá er hætt við því, að fjelögin hætti starfsemi sinni hjer með öllu. Það eru ekki fjelögin, sem eru sjerstaklega fýkin í að starfa hjer, heldur hygg jeg, að það sjeu miklu fremur agentarnir, sem gylla um of starfsmöguleikana hjer á landi fyrir þeim.

Háttv. þingm. mega ekki gera í þessu máli of lítið úr hættunni. En þó jeg beri þennan kvíðboga, þá mun jeg samt ekki skjálfa, þó breytingartillaga háttv. þingm. V.-Skf. (S. E.) verði samþykt, en jeg skal hinsvegar játa það, að jeg býst við að hafa ver, ef jeg fæ þá frjett, að alt er óvátrygt hjá mjer, og veit jeg þó, að í því efni stendur talsvert ver á hjá öðrum, einkum hjá þeim, er reka verzlun.

Við ættum að minast þess, að allur er varinn góður.

ATKV.GR.:

1. breytingartill. á þskj. 104 samþ. í einu hlj.

2. breytingartill. á þskj. 64, samþykt með 9 atkv.: 4, að viðhöfðu nafnakalli, eftir ósk þessara þingm.: Sigurðar Eggerz, Björns Þorlákssonar og Jósefs Björnssonar.

Já sögðu:	*Nei* sagði:
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Eiríkur Briem,	Einar Jónsson,
Guðm. Björnason,	Guðjón Guðlaugsson,
Hákon Kristoffersson,	Jul. Havsteen.
Jón Jónatansson,	
Jósef Björnsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sigurður Stefánsson,	
Þórarinn Jónsson.	

Breytingartillögur á þskj. 107 og 120 þar með fallnar.

Breytingartill. á þskj. 73 og 89 voru teknar aftur.

2. breytingartill. þskj. 110, samþ. í einu hljóði.

Frumv. í heild sinni, með áorðnum breyt. sþ. með 12 atkv. móti 1. að viðhöfðu nafnakalli.

Já sögðu:	*Nei* sagði:
Björn Þorláksson,	Eiríkur Briem.
Steingr. Jónsson,	
Einar Jónsson,	
Guðjón Guðlaugsson,	
Guðm. Björnsson,	
Hákon Kristoffersson,	
Jón Jónatansson,	
Jósef Björnsson,	
Júlíus Havsteen,	
Sig. Eggerz,	
Sigurður Stefánsson,	
Þórarinn Jónsson.	

Frumv. var þá afgreidd, til háttv. neðri deildar.

---

2. *Frumv. til laga um vatnsveitingar* (stj.frumv. n. 84) 2. umræða.

Þórarinn Jónsson, framsögumaður: Jeg skal vera stuttorður um þetta mál,

því þó að breytingartillögurnar sjeu margar, þá er gerð grein fyrir þeim í nefndarálitinu, nálega öllum.

Nefndin, sem fjallaði um mál þetta, sá, að það var vel undirbúið. Á alþingi 1911 var lagt fyrir stjórnina, að semja frumvarp þetta, og hefur hún orðið við þeirri ósk. Síðan hef jeg heyrt, að Búnaðarfjelag Íslands hafi fengið það til íhugunar og álita, og stutt að því, að málið næði framgangi.

Tilgangur frumv. er góður, og mál það, er það fjallar um, er þarft.

Vatnsveitingar eru nauðsynlegar, og má oft koma upp með þeim fjölgresi og góðum gróðri, þar sem nú er með öllu arðlaust land. En til þess, að hægt sje að framkvæma það, þá er nauðsynlegt að bindast samtökum. En það er stundum svo, að þar sem þörf er á að koma á nauðsynlegum vatnsveitingum, einkum í stærri stíl, þá stendur fjelagsleysi því fyrir þrifum. Þannig getur nú einn einstaklingur neitað, að taka þátt í því, og þannig eyðilagt málið, þó það sje til hinna mestu stórþrifa og heilla fyrir marga. Þessa eyðileggingarkrafta vill frumv. afnema, en aftur láta þá vera með í framkvæmdinni, þó nauðugir sjeu.

Breytingartillögurnar eru flestar orðabreytingar, en fæstar efnisbreytingar, og þarf því litlar athugasemdir um þær.

Í 1. gr. vill nefndin láta fella burt ákvæðin um, að ef úttektarmennirnir komast að þeirri niðurstöðu, að ekkert mein sje að áveitunni eða framræslunni, þá skuli hún vera bótalaus. Þetta vill nfd. látn fella burt, vegna þess að hún telur það altaf einhverra bóta vert, og vill ekki gefa úttektarmönnunum undir fótinn, hvað þetta atriði snertir. Og verði verulegur ágreiningur, má láta fram, fara yfirmat, samkv. 20. gr. Í sambandi við þetta er það, að nefndin vill láta bæta inn í 2. gr., þar sem verið er að tala um skaðann, er landeigandinn kann að bíða, bæta inn í orðinu „mun“, er það gert til þess að sýna, að það þurfi þó að muna þó nokkru, ef um bætur eigi að vera að ræða.

Þá vill nefndin ennfremur gera þá breytingu á síðustu málsgrein 1. gr., að ef úttektarmenn ekki meta gjörðarbeiðanda meiri bætur, en honum hafa verið boðnar, þá verði gjörðarbeiðandi að greiða matskostnaðinn. Nefndin telur það sjálfsagt, að, áður en að um mat er beðið, þá hafi farið fram einhver boð til sátta, og telur þá rjett, að gjörðarbeiðandi greiði matið, ef skaðinn er ekki metinn meir, en það sem boðið var.

Við 2. gr. leggur nefndin til, að í stað: „án þess endurgjald komi fyrir“, komi: „gegn hæfilegu eftirgjaldi“, og er þessi breyting í samræmi við 1. gr. Að öðru leyti eru hinar breytingarnar við þessa grein aðeins orðabreytingar. Sama má segja um 11. breytingartillöguna að hún sje í samræmi við 1 gr. Nefndinni þótti það hart, ef munurinn væri mjög lítill, máske, 1—4 kr., að fara eftir því.

Við 3. gr. hefur nefndin gert töluverðar breytingar. Jeg skal geta þess, að það hefur orðið prentvilla eða einhver misgáningur hjer við 13. brtill. Það á að vera „13.“ Frá orðunum: „breytingin snertir hagsmunalega“ o s. frv. í stað þess „13. Orðunum: „breytingin snertir hagsmunalega o. s. frv. Með þessari tillögu leggur því nefndin, til að feldar sjeu í burtu upptalningarnar eða þessi kafli: „og það sje gert til þess að afstýra landbroti, sandágangi eða öðrum skemdum, eða breytingin miðar að því, að gera hægra fyrir að ná vatni til áveitu eða gera beina farvegi á landamerkjum með því að nema burtu króka eða fara yfir nes“. Nefndin lítur svo á, að þessi upptalning sje þýðingarlítil, því húu geti hvort sem er aldrei verið tæmandi.

Í frumv. voru engin ákvæði um það, hvernig færi, ef vötn breyttu sjálfkrafa

farvegi sínum. Þó einhver gömul ákvæði sjeu, eða kunni að vera, til um þetta í Jónsbók, þá greinir lögfræðingana á um það, hvort þau sjeu í gildi, og þótti því nefndinni rjett, að taka upp ákvæði um þetta, og er það í 14. breytingartill. nefndarinnar.

Þá hefur nefndinni þótt rjettara, að miða það við mannvirkin í heild sinni, en en ekki vatnsmegnið einvörðungu, hvort leita ætti álits verkfróðs manns, og gerir breytingartill. um það.

Við 5. gr. gerir nefndin þá breytingu, að tímatakmarkið sje felt í burtu. Nefndin álítur, að það sje gagnslaust, og gæti jafnvel verið óheppilegt. Þetta atriði á að vera á valdi úttektarmannanna að meta.

18. brtill. er við 6. gr., að á eftir orðunum „óskift land" í byrjun fyrstu málsgreinar, komi: „eða land, sem ekki er skift til eignar, svo sannanlegt sje". Nefndinni þótti nauðsynlegt að bæta þessu við, því vel getur verið að um einhver munnmælaskifti sje að ræða, sem eigi verði sönnuð. Nefndinni þótti því sjálfsagt, að bæta þessari setningu við til varúðar. — 19. brtill. er aðeins orðabreyting. — 20. brtill. er einnig við 6. gr., að í stað orðanna: „Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir jarðamatinu", komi: „Skiftin skulu miðast við jarðarmagn". Þessi brtill er framkomin vegna þess, að jarðamat vort er orðið svo gamalt og þessvegna óábyggilegt, oft og tíðum. Af sömu ástæðu er auðvitað 21. brtill. gerð. — 22. brtill. er við 8. gr. Með þeirri brtill. vill nefndin, eins og vikið er að í nefndarálitinu, tryggja það, að samþyktir verði betur undirbúnar, heldur en gjört er ráð fyrir í frv. — 23. brtill. er einnig við 8. gr. og fer fram á það, að fæðispeningingar fundarstjóra verði hækkaðir úr 2 kr. upp í 4 kr., því að það er í samræmi við það kaup, sem annars er goldið fyrir viðlíka störf, og ætti ekki að verða tilfinnanlegt fyrir sýslusjóðina, því að vafalaust þyrfti mjög sjaldan að gjalda það. — 25. brtill. er við 15. gr. Nefndinni þótti greinilegra að taka það fram, að það væri stjórn samáveitunnar, sem skyldi skifta kostnaði þeim, sem af henni stafaði, milli jarðanna, en það er ekki tekið fram í stj.frv. — 26. brtill. er við 18. gr. og er það aðalbrtil. nefndarinnar. Í stj.frv. er ákveðið, að þegar áveitufjelag hefur tekið jörð eignarnámi og greitt andvirði hennar, þá geti það selt jörðina, án þess að nokkur forkaupsrjettur komi til greina. Nefndin vill ekki, að leiguliði missi forkaupsrjett sinn, og vísa jeg til þess, sem segir í nefndarálitinu um það atriði. — 27. brtill. er við 19. gr, stj.frv. og ákveður, að sýslumaður kveðji oddamann til gerðarinnar, ef úttektarmenn verða ekki á eitt sáttir, en brtill. fer fram á, að úttektarmenn tilnefni oddamann, áður en mat byrjar, og hyggur nefndin, að þetta sje meiri trygging fyrir samkomulagi. — 28. og 29. brtill. við 20. gr. eru svo lítilfjörlegar, að ekki þarf að eyða orðum að þeim. — 30. og síðasta brtill. er við 21. gr., að inn í hana sje bætt ákvæði um, að meta megi upp aftur, ef það kemur seinna í ljós, að áveitan eða framræslan gjörir meiri skaða, en fyrirsjáanlegt var í upphafi. Háttv. stjórn hefur sjálf gert ráð fyrir þessu í athugasemdunum við frv., en oss þótti rjettara að taka það fram í lögunum.

Að svo mæltu vil jeg leggja það til, að háttv. deild samþykki frv. með þeim breytingum, sem nefndin hefur gert á því.

ATKV.GR.:

1. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12 samhlj. atkv.
2. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12. shlj. atkv.
3. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12 shlj. atkv.
4. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12 shlj. atkv.

5. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12 shlj. atkv.
6. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., sem verður 2. gr., þannig breytt, samþ. með 12 samhlj. atkv.
7. brtill. á þgskj. 84 samþ. án atkv.gr.
8. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12 shlj. atkv.
9. brtill. á þgskj. 84 samþ. án atkv.gr.
10. brtill. á þgskj, 84 samþ. án atkv.gr.
11. brtill. á þgskj. 84 samþ. án atkv.gr.
2. gr., sem verður 3. gr., þannig breytt, samþ. með 12 samhlj. atkv.
12. brtill. á þgskj. 84 samþ. án atkv.gr.
13. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12 shlj. atkv.
14. brtill. á þgskj. 84 samþ, með 12 shlj. atkv.
15. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12 shlj. atkv.
16. brtill. á þgskj. 84 samþ. án atkv.gr.
3. gr., sem verður 1. gr., þannig breytt, samþ. með 12 samhlj. atkv.
4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
17. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12 shlj. atkv.
5. gr., þannig breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
18. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12 shlj. atkv.
19. brtill. á þgskj. 84 samþ. án atkv.gr.
20. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12 shlj. atkv.
21. brtill. á þgskj. 84 samþ. án atkv.gr.
6. gr., þannig breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
22. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12 shlj. atkv.
23. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12 shlj. atkv.
8. gr., þannig breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
24. brtill. á þgskj. 84 samþ. án atkv.gr.
13. gr., þannig breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
25. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12 shlj. atkv.
15. gr., þannig breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
26. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12 shlj. atkv.
18. gr., þannig breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
27. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12 shlj. atkv.
19. gr., þannig breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
28. brtill. á þgskj. 84 samþ. án atkv.gr.
29. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12 shlj. atkv.
20. gr., þannig breytt, samþ. með 12 sblj. atkv.
30. brtill. á þgskj. 84 samþ. með 12 shlj. atkv.
21. gr., þannig breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.
Málinu vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

3. *Frv. til laga um hagstofu Íslands.* (90, 97, 109, 119); 3. umr.

Guðm. Björnsson, framsögumaður: Eftir 2. umr. tók nefndin eftir því, að nokkur ósamkvæmni var í orðalagi 5. gr., sem stafaði af brtill., sem samþyktar voru við 2. umr. Nefndin hefur nú lagfært þetta með brtill. á þskj. 119. Jeg þarf

ekki að benda á ósamkvæmnina milli 3. og 5. málsgreinar þessarar gr.; háttv. þingdeildarmenn geta sjálfir sjeð hana.

Nefndin hefur leyft sjer að gera þá litlu brtill., að hagstofustjórinn skuli *venjulega* hafa lokið háskólaprófi í stjórnfræði. Eins og kunnugt er, hafði nefndin áður lagt til, að hann *skyldi* hafa leyst slíkt próf af hendi, en háttv. deild vildi ekki fallast á þá tillögu. Nefndinni þykir þó líklegt, að þessi lítilfjörlega breyting finni náð fyrir augum háttv. deildar, því að allir eru víst sammála um, að maður með sjermentun eigi í raun og veru að hafa forgangsrjett til þessa embættis.

Úr annari átt hefur komið brtill. sú, sem er á þskj. 97. Þar er lagt til, að hagstofustjórinn hafi 3000 kr. laun á ári, sem fari ekki hækkandi, og að hann hafi ekki rjett til eftirlauna. Þessi tillaga er vitanlega sprottin af hinum mikla áhuga manna á því, að hafa öll embætti sem lægst launuð og eftirlaunalaus. Jeg ætla mjer ekki að tala nú um það málefni í heild sinni, en vil aðeins vekja athygli á því, að það er varhugavert að beita starfsmenn þjóðarinnar slíkum misrjetti, sem nú viðgengst hjer á landi, — að láta ekki eitt ganga yfir alla. Á síðari árum hafa verið sjerstaklega mikil brögð að þessu, því að mörg embætti hafa verið stofnuð með miklu lakari launakjörum en eldri embættin. Af embættum vorum álít jeg þau mestvarðandi, sem snerta þjóðina alla; þau álít jeg miklu þýðingarmeiri en hin, sem aðeins ná yfir eitt hjerað eða lítinn landshluta. Það virðist ekki sanngjarnt, að þeir menn, sem alsherjar embætti skipa, búi við lakari launakjör en hjeraðs-embætta menn. En hvorki landsverkfræðingur nje fræðslumálastjóri hafa t. d. rjett til eftirlauna, og ná þó embættisumdæmi þeirra um land alt. Bæði þessi embætti hafa verið stofnuð á síðari árum og bera þau menjar þess. — Hjer er um nýtt embætti að ræða, sem er mjög þýðingarmikið og vandasamt, og gæti jeg hugsað mjer, að stjórninni veitti fullerfitt, að fá hæfan mann í það, ef það verður svo launað, sem brtill. fer fram á, því að ekkert er eðlilegra, en að menn sækist eftir þeim embættum, sem eru betur launuð, sjerstaklega ef þau um leið eru vandaminni. Jeg hygg, að það verði fult svo áríðandi, að fá duglegan og hæfan mann í hagstofustjóraembættið eins og í skrifstofustjóraembættin í stjórnarráðinu, og virðist þá ekki sanngjarnt, að sá maður verði ver launaður en skrifstofustjórarnir. Jeg get því ekki talið þessa tillögu hyggilega og vona, að hún verði ekki samþykt. Jeg tel yfirleitt uggvænt, að menn fáist í mörg þau embætti, sem verst eru launuð, þegar stundir líða fram. Því að nú þegar eru ýmsar atvinnugreinar orðnar miklu arðvænlegri, en embættisvegurinn. Og er þá ver farið en heima setið, ef öllum hinum áhugamestu og efnilegustu meðal ungra manna er hrundið frá þeim störfum, sem þó eru og verða þýðingarmest fyrir þjóðina.

Umboðsm. ráðherra, Kl. Jónsson: Þetta frv. hefur átt því láni að fagna, að það hefur fengið einróma fylgi ekki eingöngu hjer í deildinni, heldur einnig utan þings. Jeg veit ekki betur, en að öll blöðin hafi verið sammála um, að það væri gott og þarflegt. — Hjer í deildinni hefur aðeins orðið verulegur ágreiningur um tvö atriði, nefnil. hvort hagstofustjóraembættið eigi að veitast af konungi eða ráðherra, og hvort háskólapróf í stjórnfræði eigi vera skilyrði þess, að geta fengið embættið. Um fyrra atriðið er jeg sömu skoðunar og h. framsm., að það er miklu tryggilegra, að embættið sje konnnglegt. Það er ekki víst, að vel hæfir menn verði til þess að sækja um það, ef það er ekki fast embætti með eftirlaunarjetti. Verði brtill. á þgskj. 97 samþykt, þá verður þessi staða engan veginn svo glæsileg,

að hún geti talist eftirsóknarverð. — Jeg er einnig sammála h. framsm. um hið síðara atriði. Mjer hefði þótt rjettast, að próf í stjórnfræði hefði beinlínis verið sett sem skilyrði fyrir að geta fengið embættið. En hinsvegar álít jeg það fulltryggilegt, ef það verður samþykt, að embættið skuli *venjulega* veitast manni með háskólaprófi í stjórnfræði, því að hver stjórn, sem væri, mundi alt af hegða sjer eftir því. Vísindagrein sú, sem hjer er um að ræða, er svo umfangsmikil og vandasöm, að flestum mun veita torvelt að afla sjer verulegrar þekkingar í henni, nema þeir beinlínis hafi lagt stund á hana sem námsgrein við háskóla.

Hjer er brtill. frá h. 5. kgk. þm. (B. Þ.) á þgskj. 109, er jeg vildi mæla með. Jeg tel hana heppilegra en ákvæðið í brtill. á þgskj. 97.

Þetta, sem jeg hef nú sagt, ætti í raun-inni að nægja. En vegna þess jeg var ekki við 2. umr., vil jeg nota tækifærið til að segja nokkur orð út úr ummælum, er þá voru höfð um mig, en sem jeg gat þá ekki mótmælt, en sem jeg verð að mótmæla. Það hefur því miður tíðkast á Alþingi í seinni tíð, að þar eru bornar sakir á fjarverandi menn, en jeg bjóst satt að segja, ekki við, að slíkt ætti sjer stað hjer í deildinni.

Eftir því, sem mjer hefur verið sagt, og jeg hef raunar sjeð í blaði einu hjer, þá hefur verið sagt hjer í deildinni af einum þingmanni, að goldið hefði verið 80 kr. fyrir örkina í embættismannatalinu. Þá er jeg heyrði þetta, datt mjer í hug gamall málsháttur, sem við allir þekkjum en sem jeg vil ekki vera að hafa hjer yfir, til þess ekki að særa velsæmi þingsins, því að 40 kr. hafa verið goldnar fyrir örkina af því. Það var enn sagt, að það kæmi út árlega. Ekki er það heldur rjettara hermt. Það hefur komið út þrisvar síðan 1904, og er því auðsætt, hve mikil hæfa er í þessu.

Nú eru rjett 20, ár síðan jeg kom á

þing. Þá var það siður að leita til þeirra, er bæði vildu og gátu frætt menn um einhver efni. Það þótti engin minkun að leita sjer slíkra upplýsinga, heldur var það talið sjálfsagt. Það þótti fallegra, að leita sjer vitneskju um málin hjá þeim, sem betur vissu, heldur en hlaupa á hundavaði yfir þau og fara með það, sem menn höfðu heyrt eitthvert fleipur um, en vissu engar sönnur á.

Þessu ranghermi um borgunina, sem gerð er mjer til ófrægingar, vildi jeg mótmæla, og jeg vona, að það verði ekki oftar farið með það í þessari háttv. deild.

Júlíus Havsteen: Jeg get ekki horfið frá þeirri skoðun, er jeg ljet í ljósi við síðustu umræðu, að mjer finst ekki þörf á þessari hagstofu nú. Á hverju þingi kemur upp einhver nýr kostnaður og nýjar og nýjar álögur eru lagðar á þjóðina, en einhverstaðar verður þó staðar að nema. Hvað nauðsynina á þessari hagstofu snertir, sje jeg ekki, að hún sje fyrir hendi, eða það er að minsta kosti margt nauðsynlegra, og við verðum alt af að taka það, sem nauðsynlegast er, og láta hitt bíða.

Jeg hef jafnaðarlega lesið þessar hagfræðisskýrslur, sem hjer er um að ræða, og jeg sje ekki annað, en þær sjeu vel af hendi leystar. Og jeg ætti að geta talað ofurlítið um þetta, þar sem jeg er annar þeirra tveggja íslenzku lögfræðinga, sem hef próf við háskólann í „stitistik“. Það gladdi mig auðvitað að heyra, að „statistik“, sem jeg vil kalla hagfræði, en eigi talnafræði eins og háttv. framsm., væri afar vandasöm vísindagrein, en það voru ekki mín orð, heldur háttv. nefndar. Sjálfur hef jeg þar að auki samið ýmsar hagfræðisskýrslur, á meðan jeg var í stjórnarráðinu fyrir mörgum árum, og eru þær að finna í dönskum stjórnartíðindum; svo að jeg ætti að geta talað um málið af dálitilli þekkingu. Háttv. framsm. (G. Bj.)

sagði, að skrifstofustjórinn á 3. skrifstofu stjórnarráðsins hjer hefði mest afskifti af þessum skýrslum, og hann er, eins og h. framsm. sagði, mjög samvizkusamur og nákvæmur embættismaður. Það eitt hefur verið fundið að þessum skýrslum, að efnið væri stundum ekki svo vel dregið saman, sem æskilegt vœri, eða með öðrum orðum, að það vantaði í þær efnisyfirlit. En slik yfirlit á hver sá, sem notar þær, að geta gert sjálfur, og efnið festist þá betur í minni hans, og menn hafa yfirleitt betra gagn af lestrinum með þessu móti. Þá hefur það og verið fundið að skýrslunum, að þær kæmu dræmt út. En hver er trygging þess, að þær kæmu fljótar út framvegis, þó að þessi hagstofa verði stofnuð, einkum ef fella á burtu annan af þeim tveim embættismönnum, sem hagstofunni eru ætlaðir í stjórnarfrumvarpinu.

Ef á hinn bóginn kemur til þess, að stofna ný embætti út af hagstofunni, þá er jeg alveg samdóma hinum háttv. umboðsm. ráðh. um það, sem hann tók fram um launakjör þeirra, sem í hlut eiga.

Björn Þorláksson: Jeg og nokkrir deildarmenn höfum brætt okkur saman um breyttill. við frv. og háttv. framsögum. fjelst að sumu leyti á þær og að sumu leyti ekki.

Þessar brtill. okkar eru 2, og er fyrri tillagan í þremur liðum, og mun jeg óska þess, að atkvæði verði, þegar til kemur, greidd um hana í þrennu lagi Fyrsti liðurinn er um, hver hagstofunni eigi að stýra, annar liðurinn er um laun hans, og þriðji liðurinn er um aðstoðarmenn við starfið, að til þeirra megi verja alt að 2500 kr.

Jeg sný mjer nú að þessum brtill.

Fyrst er þá að hagstofustjóri sje ekki konunglegur embættismaður, heldur skipaður af ráðherra. Við sjáum ekki ástæðu til, — enda þótt hjer sje um nauðsynjamál að ræða, að gera honum bærra undir höfði en mörgum öðrum starfsmönnum landsins, er vandasömum störfum gegna, t. d. símastjóra, fræðslumálastjóra, vegagerðastjóra og vitamálastjóra. Það hefur verið tekið fram, að hjer væri um gagnlega stofnun að ræða, og jeg felst fyllilega á það, En jeg get ekki sjeð, að hún verði neitt gagnlegri fyrir það, að forstjóri hennar fái veitingu að embætti sínu frá konungi, heldur en ef hann fengi hana frá ráðherra. Jeg tel mjög varhugavert að svo vöxnu máli, að fjölga konunglegum embættum. Jeg tel víst, að þá komi þessir starfsmenn, er jeg nefndi áðan, og krefjist þess, að verða konunglegir embættismenn og með eftirlaunarjetti, og væri þá erfiðara að neita þeim um það.

Þá er annað atriðið, að vanalega hafi þeir einir rjett til þessa starfs, er lokið hafa háskólaprófi í stjórnfræði. Við flutningsmenn feldum okkur ekki við, hvernig atkvæðgreiðslan fór um það efni við seinustu umræðu; þá var feld tillaga um, að þeir einir hefðu rjett til embættisins, sem lokið hefðu stjórnfræðisprófi við háskólann. Við álitum einmitt, að *reglan* ætti að vera sú, að þeim einum yrði veitt þetta fyrirhugaða embætti eða starf, er leyst hefði þetta próf af hendi, en vildum hinsvegar ekki rígbinda það við próf, því að hugsanlegt er, að fram komi maður, er vildi fá stöðuna, og yfirburði hefur fram yfir þann, sem prófið hefur, og þá væri illa farið að bægja honum frá með þessu atkvæði. Það var mikið um þetta talað við síðustu umræðu, og sumt af því hefði víst mátt vera ótalað. Ef veiting embættisins er rígskorðuð við stjórnfræðispróf, gæti líka hugsast, að skortur yrði á mönnum í stöðuna. sjerstaklega ef eftirlaunarjettur fylgdi henni ekki, eins og hjer er stungið upp á. Jeg er sjálfur að vísu ekki hræddur við þetta, en jeg tala frá sjónarmiði þeirra, sem hræddir eru um, að nýtur maður fáist ekki í hana, ef eftirlaun fylgja henni ekki.

Þá förum við ennfremur fram á það, að laun hagstofustjóra verði 3000 kr, en

sjáum ekki ástæðu til að láta þau fara hækkandi upp í 4200 kr. Ekki heldur þykir okkur þörf, að hann hafi fyrst um sinn hærri laun en vegagerðastjóri og fræðslumálastjóri. Mjer finst 3000 krónur falleg og sæmileg laun. Það getur vel verið, að þetta komi til af því, að jeg bý ekki hjer í bænum, heldur á heima í sveit, og það má vel vera, að jeg líti öðrum augum á þetta, ef jeg byggi hjer í Reykjavík. Ef það reyndist, að launin yrðu of lág, og stöðuna hreppir maður, sem leysir starf sitt vel af hendi, þá er honum í lófa lagið að fá hækkun á þeim. Þá kemur að 3. lið fyrri breytingartillögunnar, og er breytingartillaga við þá breytingartillögu, að fyrir „til aðstoðar“ komi „til aðstoðarmanna“. Og geng jeg að því vísu, að það verði samþykt. Við viljum heldur orðalagið: „til aðstoðarmanna“ en „til aðstoðarmanna eins eða fleiri“; vildum ekki, að einn maður gæti tekið alt fjeð, alt að 2000 kr. Þá viljum við hækka fjárveitinguna upp í alt að 2500 kr. Og væri þá hægt að hafa tvo aðstoðarmenn fasta, ef þyrfti, annan með 1500, hinn með 1000 kr. launum.

Seinni brtill. á þgskj. 97 er eðlileg afleiðing af fyrri breyttill. Það þarf ekki að fjölyrða um hana. Hún er sjálfsögð, ef brtill gengur fram.

Háttv. 6. kgk. þm. (G. Bj.) gerði mikið úr því, að hagstofustjóri væri misrjetti beittur, ef tillaga okkar næði fram að ganga. Þetta getur ekki talizt misrjetti, ef miðað er við fræðslumálastjóra og vegastjóra og þá starfsmenn landsins, sem jeg nefndi, Heldur gæti það kallazt misrjetti, ef miðað er við skrifstofustjórana í stjórnarráðinu, en það er ekki rjett að miða við þá, svo að hjer er ekki um misrjetti að ræða.

Háttv. 6. kgk. þm. (G. Bj.) og umbm. ráðh. (Kl. J.) viku að því, að hæfur maður mundi ekki fást í stöðuna, ef launin yrðu eins lág og lagt er til í brtill. okkar, ekki meira en 3 þús. kr. Jeg hygg, að ekki þurfi að óttast það. Jeg heyri sagt, að námið sje ekki erfitt. Sjálfur veit jeg auðvitað ekki um það. Hjer er fult af námsmönnum og útlit fyrir, að fult verði bráðum af kandidötum á öllum svæðum, svo að næsta ólíklegt er, að það mundi koma fyrir, að ekki fengist maður hæfur í hagstofustjórastöðuna.

Jeg tók það fram, að æskilegt væri, að atkvæði yrðu greidd um tillöguna í þrennu lagi, og skýt því til háttv. forseta.

Hákon Kristoffersson: Jeg gat þess, við 2. umr., að jeg mundi koma með brtill. við frv., en jeg fjell frá því, með því að brtill. á þgsk. 97 fer í líka átt og brtill. mín átti að fara, og jeg get vel felt mig við hana.

Jeg var ekki á móti frumv., af því að jeg teldi eigi nauðsyn á þeim skýrslum, er hagstofunni er ætlað að semja, heldur af því, að jeg er á móti stofnun nýrra embætta, nema mjög brýna nauðsyn beri til, og í öðru lagi af því, að jeg hygg, að skýrslurnar verði eins vel gerðar í stjórnarráðinu, eins og á hagstofu eða í sjerstöku herbergi úti í bæ. Og því minni þörf er á þessu, þar sem 2 hagfræðingar eru nú í stjórnarráðinu, Indriði Einarsson og Þorsteinn Þorsteinsson.

Það var minst á það við 2. umr., að skýrslurnar kæmu fljótar, ef það fyrirkomulag kæmist á, sem frumv. ætlast til. En jeg sje enga trygging fyrir, að svo verði, enda stendur aðeins í frumv., að þær skuli koma út eins fljótt og unt sje. Til þess að það gangi fljótar, yrðu skýrslusemjendur út um land að senda skýrslurnar fljótar frá sjer en tíðkazt hefur til þessa.

Þá hefur það álit komið fram í umræðunum, að 3 þús. kr. væru ekki nægileg laun handa hagstofustjóranum. Það er nú álit mitt, en það er líklega lítilsvert, þar sem jeg er í flokki þeirra manna, sem hvorki heyra nje sjá, og lítið vita, að meginþorri starfsmanna þjóðfjelagsins hafi ekki

svo há laun; það er hægt að víta, hvort enginn fæst til starfsins fyrir þessi laun.

Háttv. 6. kgk. þm. (G. Bj.) sagði, að sama ætti að ganga yfir alla, og það er satt. En ef þjóðin á kost á að fá hæfa menn til einhvers starfs fyrir þessa og þessa borgun, þá kemur það ekkert því við, hvort einhver fær hærra eða lægra kaup. Þjóðin segir við manninn: „Viltu vera hjá mjer með þessum og þessum skildögum og skilmálum? Viltu starfa á þjóðarbúinu fyrir þetta og þetta kaup?“ Hinn svarar þá þeirri spurningu, og ef hann vill það ekki, þá verður hann að fara.

Það getur vel verið, að fleiri álitlegir vegir sjeu til fyrir unga menn, en embættisleiðin. En það eru líka margir vegir óálitlegir, t. d. sjávarútvegurinn oft og einatt.

Háttv. umboðsm. ráðh. (Kl. J.) talaði um hvílíkur ósómi það væri, að hlaupa með ósannindi hjer inn í þingsalinn. Jeg veit að vísu ekki með vissu, við hvern hann átti, en mjer datt í hug, að hann ætti ef til vill við mig, af því að jeg sagði við 2. umr., að greitt hefði verið allt að 75 kr. fyrir örkina og það er sagt í nefndarálitinu. Jeg verð að vísa því frá mjer, að jeg hafi ekki fulla einurð við menn, þó jeg horfi framan í þá. Jeg segi skoðun mína um þá, hvort sem þeir eru við eða ekki. Og ef háttv. umboðsm. ráðh. hefur átt við mig, þar sem hann gaf í skyn, að þingmenn færi yfir sumt á hundavaði, þá hefur hann sjálfur hlaupið hjer á hundavaði.

Þar sem háttv. umboðsm. ráðh. talaði um, að ekki hefði verið goldið meira en 40 kr. fyrir örkina af skýrslunum, þá vil jeg ekki fara neinum ókvæðisorðum um það, en mjer datt í hug sagan af karlinum, sem sagði um ósannindi: en ótrúlegar þykja mjer sögur hans: „Ekki væni jeg hann sjera Jens, en ótrútegt þykir mjer það“. Mjer telst svo til, að 1912 hafi verið goldnar rúmar 50 kr. fyrir örkina, en árið áður 67 kr.; má vera, að þetta sje skakt hjá mjer. sem jeg verð þó að halda fram að ekki sje, þá gefst háttv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.) kostur á að leiðrjetta það.

Að endingu vil jeg taka það fram, að jeg hef bygt þetta álit mitt á skýrslu frá hinu háa stjórnarráði, er var undirskrifuð af háttv. umboðsmanni ráðherra, þar af leiðandi vænti jeg, að hinn háttv. umboðsmaður ráðh. komist á þá niðurstöðu, að jeg hafi farið með rjett mál.

Sigurður Eggerz: Jeg þykist vita, að úlfaþytur muni koma meðal sjerfræðinganna, ef ekki verður svo á kveðið, að hagstofustjórinn skuli hafa tekið próf í stjórnfræði. Jeg ætla ekki margt um það að tala, en get að miklu leyti vísað til þess, sem h. 5. kgk. (B. Þ.) sagði um það. Vjer vitum, að nú er um fáa sjerfræðinga í hagfræði að ræða, og því milli fárra að velja. Það gæti sannarlega verið hart, ef stjórnin þekti mann, er hún treysti mæta vel til að takast á hendur forstöðu hagstofunnar, af því að henni væri kunnugt, að hann hefði praktiskt auga fyrir störfum þeim, sem þar eiga að vinnast, en svo kæmi það í veginn, að hann hefði ekki tilskilið próf. Það gæti verið hart, segi jeg, fyrir stjórnina, að verða að synja slíkum manni um starfið, en vera neydd til að veita það öðrum, er hún teldi miður hæfan, bara af því, að hann hefði lokið stjórnfræðisprófi. Jeg veit, að nú er t. d. völ á manni, sem unnið hefur 10 ár á „Statistisk Bureau“ í Kaupmannahöfn. Það væri hart að útiloka þennan mann með öllu frá starfinu, af því einu. að hann hefði ekki tekið próf í stjórnfræði.

Brtill. á þgskj. 119 er í fullu samræmi við það, sem jeg sagði við 2. umr., að stjórnin mundi vanalega skipa fyrir hagstofustjóra mann með háskólaprófi í stjórnfræði, þótt ekkert væri um það sagt í lögunum.

Með brtill. er stjórninni veittur mögu-

legleiki til að skipa í embættið mann án stjórnfræðisprófs.

Það kom fram við 2. umr. sú skoðun, að ef skilyrðið væri ekki sett, þá mundi stjórnin vis til að veita starfið einhverjum ljetthæfum ræfli. Það er hart, að þurfa að vantreysta stjórninni svo; en mundi og ekki líkt geta komið fyrir, þótt prófskilyrðinu sje haldið. Slæm stjórn getur upp á mörgu fundið. Jeg sje þó enga ástæðu fyrir mitt leyti til að vantreysta stjórninni í þessu efni, eða gera henni að raunalausu getsakir.

Jeg er sammála h. 6. kgk. (G. B.) um, að óráðlegt sje, að launa starf þetta svo illa, að tvísýnt sje, að nokkur nýtur maður vilji taka það að sjer. Jeg efast ekki um, að einhver muni sækja, þótt launin sjeu lág; en það ríður á, að fá góðan hagstofustjóra; annars verður gagnið af stofnun hagstofunnar harla tvísýnt. Jeg held því, að rjettast sje, að halda launa ákvæðum stjórnarfrv. Aftur er jeg móti því, að farið sje hjer að stofna konunglegt embætti. En afleiðingin af því, að hagstofustjórinn hefur engan eftirlaunarjett, er sú, að laun hans þurfa að vera hærri en ella.

Eiríkur Briem: Eins og háttv. umboðsmaður ráðherra (Kl. J.) tók fram, hefur mál þetta yfirhöfuð fengið góðan byr í þinginu. Það sem mest áherzla hefur verið lögð á, er, að nú sje stigið spor í þá átt, að landshagsskýrslurnar fáist fljótt. En jeg bið menn að gæta þess, að það er ekki svo þýðingarmikið, að þær birtist sem fyrst, það er meira gaman en gagn að því að jafnaði. Aðalþýðing hagskýrsla er sú. að þær gefi meðaltalsyfirlit yfir nokkuð langan tíma. Svo er annað atriði, sem hjer hefur svo afarmikið að segja, og það er, að skýrslurnar sjeu *rjettar*. Landshagsskýrslurnar eru svipuð leiðbeining fyrir þann, sem vill gera sjer grein fyrir hag landsins, eins og sjókortið fyrir sjómanninn; sje það ónákvæmt eða rangt, verður það villandi í stað þess að gefa leiðbeiningu, og eins er með hagskýrslurnar. Það hefur ekki verið lögð næg áherzla á það, að hagskýrslurnar þurfa að vera rjettar og nákvæmar, ef þær eiga að geta komið að fullu haldi. Það sem gerir það, að jeg er máli þessu fylgjandi, er, að jeg vona, að vjer fáum rjettari skýrslur, þegar að þeim vinnur maður eða menn, sem hafa skýrslugerðina fyrir embættisstarf. Því verður ekki neitað, að ýmsar af þeim hagskýrslum, sem nú koma út í landshagsskýrslunum, eru ekki vel ábyggilegar eða fullkomnar. Við 1. málsgrein 2. gr. hefur h. n. gert breyting, sem hún hefur líklega talið aðeins orðabreyting, en sem kynni að mega skoða sem töluvert meira en orðabreyting. Í stjórnarfrv. stóð, að hagstofan ætti að afla *sannfróðleiks* um ýms atriði landshagsins þau, sem upp eru talin í frv. Þessu hefur h. n. breytt í *rannsaka*. Jeg hygg, að nefndin hafi þó ekki viljað draga úr því, að vjer fengjum *sannfróðleik* um landshaginn, því að það er einmitt höfuðatriðið, að geta orðið sannfróður um hann. Eitt af því, sem hagstofan gæti unnið að, er að búa út fyrir stjórnina spurningar um ýmislegt, sem landshaginn snertir; og má vænta þess, að hún stæði betur að vígi, en stjórnin sjálf með að gera þær þannig úr garði, að sem hægast væri að svara þeim og sem bezt trygging fengin fyrir, að svörin sjeu sem nákvæmust og rjettust, og úr þeim undirstöðuskýrslum á svo hagstofan að vinna. Það ætti ekki að geta komið fyrir, að hagstofan sendi út fyrirspurnir um það, sem ekki er unt að svara, svo í nokkru lagi sje, eins og t. d., þegar hreppstjórum var upp á lagt, að gefa skýrslu um stærð ræktaðs lands í hreppi sínum. Ef þessar skýrslur hefðu átt að geta orðið áreiðanlegar, hefði þurft að mæla upp alt ræktað land, en það hefði sjálfsagt kostað tugi þúsunda króna, að framkvæma það

verk; og því hefði fyrst þurft að gera ráðstafanir til þess, að landið væri mælt, áður en skýrslurnar voru heimtaðar. Jeg ítreka það enn, að aðalatriðið er, að hagskýrslurnar veiti oss sannan fróðleik.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. J.): Mjer þótti vænt um, að jeg fjekk tækifæri til að leiðrjetta þau ósannindi, sem fram voru borin í þessu máli um mig, þó þau ættu lítið skylt við þetta mál. Jeg nefndi ekki nöfn, því sjálfur var jeg ekki viðstaddur hjer, þegar orðin fjellu, en hef lesið þau í blaði einu (G. B.: sem er fjarska vitlaust). Háttv. þm. hljóta að vita það, að þeim sæmir ekki, að hlaupa eftir einhverjum Gróusögum, og byggja staðhæfingar á því, að einhver hefur sagt þeim þetta og þetta; skylda þeirra er að leita sjer jafnan sannfróðleiks, og ekki sízt, þegar þeir bera þungar sakir á fjarverandi menn. Það er margir, sem hafa gaman af að láta óreynda og auðtrúa menn hlaupa með allskonar sögur, en *þingmenn* ættu ekki að láta hafa sig að slíkum ginningafíflum. Háttv. þm. Barðstr. (H. Kr.) er auðsjáanlega ekki nógu fróður um þetta mál, þótt hann ræði um það sem fróður væri. Hann sagði, að nógir starfsmenn væru á 3. skrifstofu stjórnarráðsins til að semja landshagsskýrslurnar; nefndi hann þar mann meðal annars, sem þar hefur aldrei verið, og er því þekking hans í þessu jafnmikil og í máluin yfirhöfuð. Háttv. þm. (H. Kr.) bað velvirðingar á því, ef hann hefði eitthvað ranghermt, og var það drengilega gert, en hitt aftur miður, að hann hjelt áfram dylgjum sínum, byggðum á tómum kviksögum. Háttv. þm. leggur mikla áherzlu á, að hann hafi ekkert *fullyrt*, heldur bara sagt, að „sjer hafi verið sagt“, en þetta er siður allra manna, að komast svo að orði, þegar þeir eru að bera út Gróusögur. Það er ofurhægt, að taka af öll tvímæli hjer, og fyrir háttv. þm. (H. Kr.) að fá vissu sína, ef honum er ant um það. Hann þarf ekki annað, en fara upp í Stjórnarráð; þar getur hann fengið að sjá öll skjöl og skilríki þessa máls, og þarf þá ekki lengur að fara eftir því, sem aðrir, máske miður fróðir menn, segja honum. Þar getur hann sannfærzt um það, að það er reglan, að borga 40 kr. fyrir örkinn í landshagsskýrslunum, og 40 kr. hafa verið borgaðar fyrir örkina í embættismannatalinu. Jeg veit ekki hvernig háttv. þm. (H. Kr.) hefur fengið út tölurnar, sem hann nefndi; það hefur máske villt hann, að kostnaðurinn flyzt stundum dálítið ára á milli; t. d. ekki búið við áramót að borga alt fyrir samningu skýrslnanna það árið, en kemur fyrst til útborgunar næsta ár. Eins og jeg sagði, eru venjulega borgaðar 40 kr. fyrir örkina í landshagsskýrslunum; en fyrir verzlunarskýrslurnar eru borgaðar 50 kr. á örkina og stundum eitthvað meira, þegar um yfirlitsskýrslur er að ræða, þær, sem dregnar eru saman úr mörgum skýrslum, en þær eru stuttar, þótt mikið verk liggi í þeim, og hleypa litlu fram. Það hefur að eins einusinni komið fyrir, að 75 kr. hafa fyrir borgaðar fyrir örk, en þar stóð alveg sjerstaklega á. Háttv. þm. (H. Kr.) getur sannfærzt um, að þetta sje rjett hermt, með því að snúa sjer til Stjórnarráðsins. Háttv. 5. kgk. (B. Þ.) sagði, að hægt mundi að fá nóga til starfa þessa, því að námið væri ljett. Það er rjett, að það var ljett fyrir 20—30 árum; þá var það eitthvert langljettasta námið. En nú er það orðið breytt; það er nú erfitt nám, og prófið sjálfsagt ekki ljettara, en fullkomið lögfræðispróf; og það hef jeg sjeð, að við ekkert próf verða eins margir afturreka eins og við þetta; bendir það á, að prófið muni ekki vera svo ljett þótt jeg að vísu játi, að ekki verði fullkomlega bygt á þessu einu. Nú sem stendur höfum vjer hjer 3 unga og efnilega hagfræðinga,

og jeg efast ekki um, að hægt mundi að fá einhvern þeirra til að taka að sjer starfið, ef það er sæmilega launað; að öðrum kosti er tvísýnt, að nokkur þeirra vildi taka það að sjer.

Framsögumaður (G. B.): Háttv. 1. kgk. (J. H.) kvað hagfræðisvinnu ekki erfiða vinnu; hann hefði sjálfur numið hagfræði í æsku og gæti því um það dæmt. Það kann að hafa verið svo, að hagfræðin hafi ekki verið erfið viðfangs áður. En það er eflaust satt, sem háttv. umboðsmaður ráðherra (Kl. J.) sagði, að nú er mikil breyting á orðin. Háttv. 1. kgk. (J. H.) talaði um, að það væri ekki mikill vandi að semja yfirlitsskýrslur. Það má vel vera, að svo hafi verið, þegar háttv. 1. kgk. (J. H.) stundaði hagfræðisnám, því þá mun lítið hafa verið fengizt við að kenna slíka skýrslugerð. Jeg hef sjálfur nokkuð fengizt við slíka skýrslugerð, og komizt að raun um, að hún er full vandasöm, og ekki á allra færi að leysa hana vel af hendi. Jeg verð að leiðrjetta eitt af því, sem háttv. 5. kgk. (B. Þ.) bar fram, þegar hann var að mæla með brtill. sinni. Hann sagði, að það væri nóg til af kandidötum á öllum svæðum. Þetta er ekki rjett. (B. Þ.: Jeg sagði að það mundi verða). Jeg hef reynt, að gera dálítið yfirlit um læknaefni, og komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki mundi verða til nógir kandidatar í *læknisfræði* næstu 10 árin. Háttv. þm. Barðst. (H. Kr.) sagði, að óþarft væri að hafa laun há, ef hægt væri að fá menn fyrir minna.

Jeg get verið h. þm. (H. Kr.) hjartanlega samdóma um það, að ef hægt er að fá *nýta* menn fyrir lítið, þá sje að sæta því. Það ætti að vera reglan gagnvart öllum embættisstjettum, að sníða launin eftir því, hvað mikið muni þurfa að bjóða til þess, að hægt sje að fá nýta menn í embættin. Þessu hef jeg haldið fram um læknana, og þessu held

jeg fram um alla embættismenn. En dæmin sýna, að það er óhyggilegt, að setja launin svo lág, að duglegir menn fráfælist embættin. Það þarf ekki annað en minna á læknastjettina. Launakjör lækna eru svo, að tilfinnanlegur læknaskortur er nú að verða í landinu, og ekki útlit fyrir, að úr honum bætist í bráð. Það er auðsætt, að þingið befur verið of sparsamt við læknana. Slíkt má það ekki henda, ef því á annað borð þykir það borga sig, að sjá landinu fyrir duglegri embættismannastjett.

Jeg er hálf hræddur um, að víðar ætli svo að fara en með læknana, að þingið setji laun svo lágt, að fráfælandi verði fyrir duglega menn, og er það ekki hyggilegt. Það gildir alveg sama reglan um þjóðfjelagsbúið og sveitabúið. Jeg hef heyrt góða búhölda segja, að þeir gildu aldrei góðum vinnumanni nógu hátt kaup, en ljelegum jafnan ofhátt. Þetta ættu þingbændurnir og þingið alt að athuga. *Það sannast á sínum tíma, að það borgar sig ekki fyrir þjóðarbúið, að launa vinnumönnum sínum svo, að á því vilji ekki aðrir vistast, en tómir liðljettingar.*

Um laun hagstofustjórans mun jeg halda mjer við stjfrv. Jeg sje ekki tryggingu fyrir því, að nýtur maður fáist fyrir minna. Jeg vil vinna til, að launin sjeu hærri, svo að meiri trygging sje fyrir því, að starfið sje vel leyst af hendi.

H. 2. kgk. (E. Br.) fetti fingur út í það, að nefndin hefði sett: „að rannsaka“ í staðinn fyrir „að afla sannfróðleiks“ eins og stóð í stj.frv. Jeg er alveg samdóma því, sem h. þm. (E. Br.) sagði um hagfræðisskýrslur, samdóma honum um það, að þær eigi að flytja oss sannfróðleik, og til þess ætlast nefndin, að þær geri. En nefndin hafði af ásettu ráði orðið að *rannsaka*, því það er ljóst, að allur sannfróðleikur verður að byggjast á rannsókn, og það á rækilegri rannsókn ofan í kjölinn.

Eg hygg því, að frv. bíði engan baga við þessa orðabreytingu.

Jeg ætla, að allir h. þm. sjeu nú búnir að hugsa málið nægilega og skapa sjer fasta skoðun á því; munu því lengri umræður um það þýðingarlausar.

Hákon Kristoffersson: Jeg vil mega leiðrjetta það, sem hæstv. umboðsm. ráðherra sagði, að jeg vildi ekki taka aftur ranghermi. Það kemur ekki til þess; jeg þarf ekki að taka neitt aftur; jeg skýrði aðeins frá því, sem jeg hafði heyrt og sjeð, og skýrði rjett frá því, svo það þarf ekki leiðrjettingar við. En jeg spyr: vill hv. umboðsm, ráðh. neita því, að borgaðar hafi verið 75 kr. fyrir örkina í landhagsskýrslunum? Það er satt, að þingmenn eiga að vera varfærnir í því, sem þeir bera fram í þingsalnum, og einmitt með það fyrir augum gat jeg þess ekki, að jeg hafði heyrt, að sumar af skýrslunum sjeu samdar á skrifstofutíma stjórnarráðsmanna, og þó tekin full borgun fyrir, eins og að þeim væri unnið í eftirvinnu.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. J.): Ef h. þm. (H. Kr.) vill ekki taka aftur ranghermi, þá hann um það. Jeg get ekki gert meira, en að sýna honum fram á, að hann fer með staðlausa stafi, og bjóða honum að sjá það svart á hvítu, að svo er. Dettur h. þm. (H. Kr.) í hug, að hann auki sæmd sína með því rð neita slíku boði? Jeg stend við það, að jeg hafi skýrt fullkomlega rjett frá því, hvað borgað hafi verið fyrir samningu hagskýrslnanna; og neita því afdráttarlaust, að meira hafi verið borgað en 40 kr. fyrir örkina í embættismannatalinu, og jafn tilhæfulaust er það, að það eða aðrar landhagsskýrslur hafi verið samdar á venjulegum skrifstofutíma, og þó tekin borgun fyrir. (*H. Kr.* Jeg sagði ekki að skýrslurnar væru samdar á skrifstofutíma, heldur að jeg hefði heyrt, að þær væru samdar þá). Jeg veit ekki hvað h. þm. (H. Kr.) meinar með öllu þessu tali sínu. Heldur hann, að hann sje hingað kominn til að segja bæjarslúður í þingsalnum.

Björn Þorláksson: Háttv. umboðsmaður ráðherra bar brigður á það, sem jeg sagði, að stjórnfræðisnám væri ekki þungt nám. Að vísu get jeg ekki sagt um það af eigin reynd, en jeg hef þar fyrir mjer frásögn lögfræðinga, sem þessu eru kunnugir. Hæstv. umboðsmaður ráðherra vildi bera þetta nám saman við lögfræðisnám. Nú vita allir, að lögfræðisnám er fremur ljett borið saman við annað fræðinám við háskólann í Kaupmannahöfn, og að minsta kosti er það ekki þungt hjer við háskólann. Háttv. 6. kgk. (G. B.) sagði, að jeg hefði sagt, að fult væri af kandidötum á öllum svæðum *nú*. Þetta er ekki rjett eftir mjer haft. Hitt sagði jeg, að alt útlit væri fyrir, að svo mundi bráðum verða. Það hefur vafalaust aldrei komið fyrir í sögu skólans, að jafnmargir hafi útskrifazt í einu eins og í ár, og þegar litið er á nemendafjöldann í Mentaskólanum og Akureyrarskóla, þá er ekki útlit fyrir annað, en stúdentafjöldi verði mikill árlega um næstu ár fyrir það fyrsta. Jeg hygg jafnvel, að nóg muni vera af kandidötum í læknisfræði nú þegar, ef allir væru teknir, sem til eru, eins þeir sem útskrifast hafa í Kaupmannahöfn. (*G. B.*: Á að taka þá lögtaki). Jeg hirði ekki um að svara útúrsnúningi.

Háttv. umboðsmaður ráðherra staðfesti orð mín, að eigi væri skortur á mönnum þetta embætti, þar sem hann sagði, að hjer væru nú 3 kandídatar í stjórnfræði. Jeg hygg, að það þurfi ekki að óttast, að enginn þeirra fáist í þetta embætti, hitt má telja víst, að *það fá færri en vilja*.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 109 samþ. með 9 samhlj. atkv.

1. brtill. á þgskj. 97, 1. a, samþ. með 8: 4 atkv.
1. brtill. á þgskj. 97, 1. b., samþ. með 9: 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli.

já sögðu:	*nei* sögðu:
Björn Þorláksson,	Steingrimur Jónsson,
Einar Jónsson,	Guðm. Björnsson,
Guðjón Guðlaugsson,	Júlíus Havsteen,
Hákon Kristoffersson,	Sigurður Eggerz.
Jósef Björnsson,	
Þórarinn Jónsson.	
Eiríkur Briem.	
Jón Jónatansson og	
Sigurður Stefánsson	

greiddu ekki atkv. og voru taldir með meiri hlutanum.

1. Brtill. á þgsk. 97, 1 c samþ. í e. hlj.
— - — 119, þar með fallin.
2. brtill. áþgskj. 97, 2 samþ. með 10 samhlj. atkv.

Frv. þannig breytt: samþ. með 12, 1 atkv. og afgreitt til n. d.

Þá hafði fundur staðið alllengi, og frestaði forseti fundi til kl. 5 síðdegis.

Kl. 5 síðdegis hófst fundur aftur, og var þá dagskrá haldið áfram og tekið til meðferðar:

4. *Frumv. til laga um breytingar á viðaukalögum* 22. marz 1890 við tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849 (45, n. 83); 2. umr.

Björn Þorláksson, flutningsmaður: Jeg vil lýsa því yfir, fyrir mína hönd og háttv. meðflutningsmanns míns, að með því að ákvæði þessa frumvarps eru tekin upp í frumv. til laga um friðun æðarfugls, sem er næsta mál á dagskránni, þá tökum við þetta frumvarp aftur.

---

5. *Frumv. til laga um friðun æðarfugls* (88, n. 83); 1. umr.

Sigurður Stefánsson: Eins og háttv. flutningsm. (B. Þ.) að frumv. til laga um breytingar á viðaukalögum 22. marz 1890 við tilsk. um veiði á Íslandi 20 júní 1849 tók áðan fram, þá eru ákvæði þess frumv. tekin upp í þetta frumv. Við 1. umræðu þess máls, urðu hjer í háttv. deild töluverðar umræður um málið. Eins og jeg tók þá fram, þá álít jeg þau ákvæði, sem þar var um að ræða, góð og heppileg, og hef jeg ekki breytt þeirri skoðun minni, og nefndin hefur líka tekið tjeð ákvæði upp í þetta frumv.

Nefndin leit svo á, að það væri gott, að safna saman í eina heild öllum ákvæðum um friðun æðarfugls, er gerð hafa verið síðan 1849 og æskilegt, að menn rifjuðu þau upp fyrir sjer, ef ske kynni, að það yrði til þess, að lögunum yrði betur hlýtt.

Og jeg held það sje engin vanþörf á því, að menn rifji upp fyrir sjer lögin, því mörgum ákvæðum þeirra er ekki fylgt. Þannig mæla lögin svo fyrir, að sýslumenn eigi á manntalsþingum að friðlýsa æðarvörpin, en jeg býst við, að það sje óvíða framkvæmt; þannig veit jeg, að það hefur ekki verið gert vestra, þar sem jeg er í síðastliðin 30 ár.

Annars er það eftirtektarvert, hversu æðarvörpin hafa vaxið hjer lítið.

Sje litið á verzlunarskýrslurnar, þá sjest, að í síðastliðin 30 ár hafa verið flutt út árlega 5—7 þúsund pund af æðardún. Þessar tölur beina þeirri spurning alvarlega til allra hugsandi manna: „Hvers vegna vex ekki dúntekjan meira“? Og jeg hygg, að það sje enginn vandi að svara því, það stafar af oflitilli friðun. Ef friðunin yrði meiri, er enginn vafi á því, að dúntekjan mundi vaxa að miklum mun, og það mikið meira en margur býst við.

Nefndin lítur svo á, að hjer sje um mikilsverða atvinnugrein að ræða, og því sje sjálfsagt, að hlynna að henni. Nefndin hefur þess vegna borið fram þetta frumv., og jafnframt hefur hún lagt til, að

sektirnar yrðu hækkaðar allmikið, ef ske kynni, að það mætti verða til þess, að lögin yrðu síður brotin.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið, en læt mjer nægja að vísa í nefndarálitið, að minsta kosti þangað til mótmæli koma fram.

Með því ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða og frumv. vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

---

6. *Frumv. til laga um sjerstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson, rektor* (60, n. 95). 2. umr.

Björn Þorláksson, framsögumaður: Jeg vil taka það strax fram, að það, sem jeg kann að segja um þetta frumv., snertir líka næsta frumv. á dagskránni, því í raun og veru er það sama málið, þó að frumv. sjeu ólík.

Á þingskj. 95 er lýst skoðun nefndarinnar, og hversvegna hún leggur til, að hafnað verði frumv. því, sem hjer er til umræðu, eða með öðrum orðum leggur til, að það sje felt.

Jeg leyfi mjer því að vísa þangað, hvað ástæður nefndarinnar snertir, en vil þó, þrátt fyrir það bæta við fáum orðum frá sjálfum mjer. Annars hefur nefndin góðar og gildar ástæður til að fella frumvarpið.

Það er þá fyrst, að geta þess, að hjer er að ræða um há eftirlaun, og að frumvarpið fer fram á, að þau verði hækkuð um helming. *(Steingr. Jónsson:* Nei). Lögmælt eftirlaun hans eru 2666 kr. 67 au. og í frumv. er lagt til, að þau sjeu hækkuð uppí 4000 kr., eða um 1333 kr. 33 au. og það telst mjer til að sje helmingur launanna. Nefndin telur það ógjörning, að hækka svo lögmælt eftirlaun og hyggur, að það riði í bága við almennan þjóðarvilja, sem helzt vill, að eftirlaunin sjeu afnumin — sem jeg fyrir mitt leyti segi ekkert um. — En varhugavert er að ganga á móti almenningsviljanum, og illa situr á fulltrúum þjóðarinnar að gera það. Um lögmælt eftirlaun er það að segja, að þeim á ekki að breyta: það má ekki lækka þau, og það má heldur ekki hækka þau, nema þá alveg sjerstakar ástæður sjeu fyrir henni. Það á að láta við þau sitja.

En hverjar eru þá þær sjerstöku ástæður, er gætu gert það rjettmætt, að hækka lögmælt eftirlaun.

Jeg get hugsað mjer tvær slíkar ástæðu,

1. að launin sjeu bersýnilega of lítil handa þeim, er hlut á að máli, eða fjölskyldu hans, og

2. að þar eigi hlut að máli einhver, er þjóð og þing vilji sýna sjerstaka viðurkenningu og sæmd.

Um fyrri ástæðuna er það að segja, að hún getur ekki komið til mála hjer, því eftir því, er almannarómur segir, þá er maður sá, er hjer á hlut að máli, velefnaður, jafnvel auðugur maður, eftir því, sem hjer tíðkast, og mjer hefur verið bent á eignir, er hann á. Eg hygg því, að þessi almannarómur hafi við rök að styðjast. Yfirhöfuð ætti það, að hækka eftirlaun manna, sem eru undir gömlu launalögunum, ekki að geta komið til mála.

Í sambandi við þetta vil jeg taka það fram, að jeg tel það mjög viðsjárverða braut að fara, að hækka eftirlaun embættismanna fram úr því, sem þau eru lögmælt, og jeg lít svo á, að ef þingið gerði það nú, þá gæfi það mjög slæmt fordæmi; fordæmi, sem jeg tel víst að yrði til þess, að fleiri embættismenn kæmu til þingsins á eftir og færu fram á það, og þá mundi altaf vera hægt, að fá einhverja sæmilega ástæðu til að gera það. Jeg legg mikla áherzlu á það, að þingið fari ekki með slíkum fordæmum að hafa áhrif á seinni tíma.

Fyrri ástæðan getur því ekki komið til mála frumv. þessu til stuðnings.

Þá er síðari ástæðan um sæmdina, og jeg fyrir mitt leyti tel það gilda og góða

ástæðu, ef þingið vill sýna sjerstaka viðurkenningu.

Í frumvarpi stjórnarinnar er vikið að því, hve mikla viðurkenning þessi sæmdarmaður eigi skilið, og skal eg fúslega viðurkenna verðleika hans, og að hann á mikla sæmd og þökk skilið af þjóðinni bæði sem rithöfundur og skáld. En þegar þessa er gætt, þá nær þetta frumv. naumast þeim tilgangi.

Stjórnarfrumvarpið er svo orðað, að ef það nær fram að ganga, þá er mjög mikið efamál, hvort í því felst nokkur viðurkenning, heldur má jafnvel skilja það svo, að það miði til hins gagnstæða. Það eru raunar kölluð heiðurslaun í frumvarpinu, en þau eru bundin við það, að hann segi af sjer rektorsembættinu, og má þá skilja það á annan veg, og orðið hef jeg var við það. Hann hefir ekki enn beðið um lausn frá embætti sínu, og engin vissa, að því er jeg hygg, að hann geri það. Hann er að vísu orðinn gamall maður, kominn á nirædisaldur, en hann hefur mikið starfsþrek enn. Við vitum, að það eru til gamlir menn, sem eru starfshæfir, og ungir menn, sem ekki eru starfshæfir. Jeg hef sjeð hann í nokkur síðustu ár, og jeg get ekki sjeð, að honum hafi farið aftur.

Eins og jeg gat um, þá er frumv. svo orðað, að það vekur hjá mönnum þá hugsun, að það sje gert til þess, að hann segi af sjer, og jeg hef orðið var við, að menn hafa talað um það þannig. En nefndin lítur svo á, að þetta orðalag sje ófært, en frekar vil jeg ekki kveða að orði um það, þó jeg geti það, fyr en mótmæli koma fram.

Nefndin lítur svo á, að skáldinu Steingrími Thorsteinsson sje enginn sómi sýndur með, að þetta frumvarp nái fram að ganga. Ef þetta frumv, verður samþykt, þá virðist það miða til þess, að fá hann til að segja af sjer embætti sem fyrst, en það mál á þingið að láta afskiftalaust, það er ekki mál, er tekur til löggjafarvaldsins eða Alþingis í heild sinni.

Eins og jeg hef nú sýnt, þá leggur nefndin til, af góðum og gildum ástæðum, að frumvarp stjórnarinnar verði felt.

En það er ekki svo að skilja, að jeg ekki finni neitt gott við frumv., og það vil jeg líka taka fram, nú er frumv. kann að ganga til hvíldar.

Ef þetta frv. hefði ekki komið fram, þá er efasamt, að seinna frv. — hið rjetta frumvarp, er jeg kalla — hefði orðið til, og því hefur það orðið til þess, að þeir, er vilja sýna skáldinu Steingrími Thorsteinsson sjerstakan sóma, geta gert það. Þingi og þjóð er skylt að heiðra þjóðskáldið, og því getum við verið landstjórninni þakklátir fyrir frv.

Jeg skal svo ekki tala lengra mál um þetta frv. að sinni, en vil jafnframt stuttlega taka upp aftur, hvers vegna nefndin ræður til, að frumv. sje felt:

1. Hjer er að ræða um gífurlega hækkun lögmætra eftirlauna.
2. Hjer myndast skaðlegt fordæmi.
3. Frumvarpsins er engin þörf, maðurinn er ekki fjárþurfi.
4. Manninum er enginn sannur sómi sýndur með frv. stjórnarinnar. Þar á móti miðar frumv. nefndarinnar, ef samþykt verður, til að sýna honum sæmd.

Steingrímur Jónsson: Jeg vil geta þess, að fyrirsögn þessa frv., sem nú er hjer til 2. umr., kemur ekki vel heim við frv. sjálft. Þar stendur; „Frumv. til laga um sjerstök eftirlaun“, en ætti að standa: „Frumv. til laga um heiðurslaun . .“, því það stendur beint í greininni, að það eigi að vera heiðurslaun.

Nefndin hefur hugsað og talað svo mikið um eftirlaun vegna þess, að þetta stóð í fyrirsögn frv, og því hefur alt farið á ringulreið, það hefur vilt henni svo sjónir, að hún fer að tala um eftirlaun, sem aldrei hefur verið ætlun að veita, því ætlunin er að veita heiðurslaun. Jeg áskil mjer rjett til þess, að koma fram með hreyt-

ingartillögu við fyrirsögn frumv. til 3. umr.

Ef þetta frumv. gengur hljóðalaust gegnum þingið, tel jeg það hina mestu sæmd, sem við getum sýnt þessum gamla og góða heiðursmanni. Það væri eins og við segðum við hann; „Þú hefur slitið kröftum þínum í þarfir þjóðarinnar. Þú getur haldið fullum launum, þótt þú látir af embætti þínu, því þú ert mikils góðs maklegur fyrir starfsemi þína í þarfir þjóðarinnar".

Jeg felli mig því óendanlega miklu betur við frv. stjórnarinnar en við frv. nefndarinnar. Það er ekki rjett, að það sje nokkuð í þessu frv., er knýi hann til þess að segja af sjer, og orðrómur sá, er háttvframsögum. (B. Þ.) talaði um, hefur því ekki við neitt að styðjast. En jeg hef heyrt, að hann sje að hugsa um að segja af sjer, og mjer finst það vera mjög eðlilegt; hann er orðinn háaldraður maður, er þarf að fá hvíld frá starfi sínu, og mjer þykir undarlegt, að mentamaður, sem er kunnugu ástæðum öllum, skuli halda öðru fram.

Sem sagt, eins og á stendur, get jeg ekki, sjeð að við getum heiðrað skáldið betur en með því, að samþykkja frumv. stjórnarinnar.

Jeg hlýt að taka svo djúpt í árinni, að þetta nýja frv., sem fram hefur komið, er til hneisu fyrir Ed., verði það samþ. Hjer er farið fram á, að veita Stgr. Thorsteinsson, 83 ára gömlum, einar 4000 kr. fyrir alt það stóra og fagra starf, sem hann hefur unnið. Ef svo óheppilega skyldi fara, að stjfrv. yrði felt, mun jeg koma fram með brtill. við þetta nýja frv. um að hækka þessa fjárhæð til muna. En ef stjfrv. verður vísað til 3. umr., áskil jeg mjer rjett til að koma fram með brtill. um að breyta fyrirsögn þess.

Einar Jónsson: Háttv. 3. kgk. þm. hefur tekið fram alt, sem jeg vildi sagt hafa, nema aðeins eitt atriði. Á fundum út um landið hef jeg oft heyrt talað um afnám eftirlauna, og veit, að það er almenn ósk, að þau sjeu með öllu numin úr lögum. En jeg hef ætíð heyrt jafnframt lagða mikla áherzlu á það, að ef einhver embættismaður væri sjerstaklega góðs maklegur, þá væri sjálfsagt að veita honum sjerstök eftirlaun, og nema þau alls ekki við neglur sjer. Jeg get nú ekki skilið, að neinum blandist hugur um, að þjóðin mundi einmitt vilja veita þessum manni, sem nú ræðir um, hin hæstu eftirlaun. Hjer er um skáld að ræða, sem þjóðinni er sjerstaklega kært, og jeg hygg því, að þetta frv, sje í fylsta samræmi við hugsunarhátt þjóðarinnar í eftirlaunamálinu. Hjer ætti því engin eftirlaunagrýla að geta komið til mála. — Jeg mun þessvegna óhikað greiða stjfrv. atkvæði mitt. Nefndin gerði og vel í að athuga það, að ef svo skyldi fara, að hitt frv. yrði samþykt hjer í deildinni, en þetta felt, þá er öldungis óvíst, hvernig því reiðir af í Nd., og gæti þá svo farið, að málið strandaði með öllu. Alþingi hefði þá gert Stgr. Thorsteinsson skapraun aðeins og sjálfu sjer lítinn sóma.

Jósef Björnsson: Hjer hafa fallið mörg hörð orð um nefndina. H. 3. kgk. sagði, að þetta nýja frv., sem hjer liggur fyrir, væri til hneisu fyrir deildina. Þessum orðum vil jeg harðlega mótmæla. Það væri eins hægt að segja, að með stjfrv. væri verið að fara fram á að gera Stgr. Thorsteinsson hneisu. Því að frv. mælir svo fyrir, að hann eigi aðeins að fá þessi heiðurslaun, — en í öðru orðinu eru þau nefnd eftirlaun, — ef hann segi af sjer embætti sínu. Það er því í raun og veru næsta óvíst, að Steingrímur rektor verði nokkurntíma aðnjótandi þessara tilætluðu eftirlauna eða heiðurslauna. H. 3. kgk. sagði, að þetta frv. hefði átt að ganga fljótt og hljóðalaust gegnum

deildina. Jeg er honum alveg sammála um það; það hefði einmitt átt að samþykkja orðalaust heiðurslaun þessum ágætismanni til handa, sem svo mörg fögur ljóð lífa eftir á tungu þjóðarinnar, og það hefði átt að samþykkja þetta án þess að taka nokkurt tillit til þess, hvort hann segir af sjer embætti eða ekki. Sú heiðurslaunaupphæð, sem nefndin hefur stungið upp á, er nokkuð af handahófi; nefndin hefur aldrei ætlað sjer, að halda þeirri upphæð til streytu, en mun reynast fús til að hækka hana, ef brtill. þess efnis kemur fram, og er h. d. því í lófa lagið að hækka upphæðina, ef hún vill. — Það hefur margoft verið tekið fram í þessum umræðum, að Steingrímur rektor væri orðinn gamall maður, og eru því líkindi til, að hann muni ekki í mörg ár njóta eftirlauna. Þessi 1333 kr. eftirlaun, sem farið er fram á, að hann fái, verða því væntanlega aldrei að stórri upphæð, og sje það hneisa, að veita honum 4000 kr. heiðurslaun án tillits til þess, hvort hann segir af sjer embætti eða ekki, þá veit jeg ekki, hverju nafni á að nefna hin fyrirhuguðu heiðurslaun stjfrv.

Steingrímur Jónsson: Háttv. 2. þm. Skagf. sagði, að jeg hefði farið hörðum orðum um nefndina. Það gerði jeg ekki; jeg lýsti aðeins yfir þeirri skoðun minni, að það væri hneisa fyrir háttv. Ed., ef hún samþykti þessi 4000 kr. heiðurslaun. Jeg vil endurtaka það, að það er að berjast við skuggann sinn, að halda því fram, að í stjfrv. felist nokkur móðgun við Steingrím rektor, eins og verið væri að fá hann til þess að segja af sjer embætti. Það er fullkomlega rangt. Jeg veit ekki, hvort nefndin hefur leitað upplýsinga hjá stjórninni um þetta atriði, en það hefði hún átt að gera, þá hefði hún aldrei farið svona vill vegarins. Allir hljóta að geta skilið, að rektor er nú kominn á þann aldur, að hann *hlýtur* að fara að segja af sjer. — Enn er eitt atriði, sem jeg vil minnast á. Hvernig halda menn að það verði til afspurnar, ef svo reynist, að samkomulagið milli þeirra 40 manna, sem á þingi sitja, er ekki betra en það, að alt fer í handaskolum, þegar tilraun er gerð til þess, að heiðra einn hinn mesta ágætismann þjóðarinnar? Jeg held, að menn hefðu gott af að athuga þá spurningu nákvæmlega.

Björn Þorláksson, framsögumaður: Háttv. 3. kgkj. var að reyna að bera í bætifláka fyrir frv. og hafði ekkert við það að athuga, nema hvað honum fanst, að ekki hefði átt að nefna í fyrirsögninni eftirlaun, heldur heiðurslaun. Það hefði að vísu mátt orða fyrirsögnina svo, en samt sem áður hefði hjer ekki orðið um nein heiðurslaun að ræða, því að það er ekki hægt, að sýna neinum manni sóma á þann hátt, sem frv. ætlast til. Jeg mintist áðan á það, að það væri engu líkara, en verið væri með þessu frv. að fá Steingrím rektor til þess að segja af sjer. Af því að svo hörðum orðum hefur verið farið um nefndina, og jafnvel sagt, að hneyksli væri fyrir þingið, að samþykkja eins lagað frumv. eins og nefndin hefur komið fram með í stað þessa, þá finn jeg líka ástæðu til að herða á mínum orðum og segja: með þessu frv. lítur út fyrir, að verið sje að kaupa rektor til þess að segja af sjer. Það er því í mínum augum alt annað, en að honum sje sýndur nokkur heiður með þessu frv. Það er engu líkara, en að stjórninni þyki hann ekki standa vel í stöðu sinni og vilji því reyna til að losna við hann á þennan hátt. Svona lítur það út fyrir þjóðinni. Og jeg verð að halda því fram, að hjermeð geti skapazt hættulegt fordæmi. Það gæti orðið siður, að menn færu að bíða von úr viti með það að segja af sjer embætti í þeirri von, að þeim kynnu á sínum tíma að verða boðin sömu kjör og

rektor eru nú boðin, — að þeir yrðu keyftir úr embættinu. Jeg get ekki sjeð, að það væri nein sæmd fyrir þingið, að skapa slíkt fordæmi. — Háttv. 3. kgkj. fann það að uppástunga okkar um 4000 kr. heiðursgjöf, að upphæðin væri oflág. Nefndinni er alls ekki fast í hendi með þessa upphæð, hún mundi sjálfsagt geta verið með því, að hún væri hækkuð, því að í okkar augum er það höfuðatriðið, að einhver heiðursgjöf verði veitt; hitt skiftir minnu, hvort hún er þúsundum krónum hærri eða lægri. Ef háttv. deild sýnist svo, þá er henni í lófa lagið, að hækka upphæðina við 2. umr.

Háttv. 3. kgkj. þm. spurði, hvernig oss þætti það til afspurnar, ef svo færi, að þetta frv. lenti í hrakningi milli deilda og lognaðist út af. Nefndin getur ekki kent sjer um, þótt svo kynni að fara, hún þykist þvert á móti hafa gert sitt til að bjarga málinu við, og er jeg sannfærður um, að þjóðin mun fallast á, að nefndin hafi farið rjett að í þessu máli.

Háttv. 2. þm. N.-M. hjelt því fram, að þjóðin mundi fallast á og telja það vel farið, ef stj.frv. yrði samþykt. Það getur vel verið, að svo sje, en ef þjóðin vissi, hvernig frv. þetta er tilkomið, og hvernig aðdragandi málsins hefur verið, þá mundi annað verða ofan á. Jeg veit að vísu, að það er siður í öðrum löndum, að láta verðleikamenn halda fullum launum, þegar þeir verða að hætta við embætti vegna elli eða vanheilsu. En þá mun ekki slík aðferð höfð vera, sem hjer hefur átt sjer stað. Málið hefði horft alt öðru vísi við, ef rektor hefði verið búinn að segja af sjer, — þá hefði miklu fremur getað komið til mála, að láta hann halda fullum launum. En þar sem við erum fátækir, og fje vantar til óteljandi þarflegra fyrirtækja, þá er full ástæða til þess, að hugsa sig vel um í hvert skifti, sem farið er fram á að hækka há eftirlaun. Og í þessu tilfelli þarf að gera sjer vel ljóst, hvort nokkur þörf sje á fjárveitingunni, og hvort nokkur sæmd fylgi henni, eins og hún er orðuð og eins og hún er komin.

Einar Jónsson: Því er haldið fast fram hjer í deildinni, að verið sje með þessu frv. að knýja rektor til þess að segja af sjer. Allir vita þó, hve háaldraður maður hann er, og að hann þess vegna innan skamms hlýtur að segja af sjer. Jeg get engan veginn sjeð, að hann sje hvattur til þess með frv., hann getur þvert á móti haldið starfi sínu svo lengi sem hann vill, þrátt fyrir frv. Frumv. tryggir honum aðeins heiðarleg laun fyrir langt og merkilegt æfistarf, hvenær sem honum sýnist að láta af embætti. Að frv. geti skapað fordæmi í þá átt, að menn hjer eftir fari að sitja svo lengi í embættum, sem unt er, til þess að verða keyptir úr þeim, — það óttast jeg ekki. Úr því að slíkar umræður hafa getað orðið um *þetta* frv., þá býst jeg ekki við, að neinn gruni alþingi um að verða of leiðitamt í viðlíka málum eftirleiðis.

Klemens Jónsson, umboðsmaður ráðherra: Það er furðulegt ranghermi þetta, sem hjer hefur verið haldið fram, að verið sje með þessu frumv. að kaupa Steingrím rektor úr embætti. Ef nefndin hefði kært sig um það, hefði hún getað fengið sannar upplýsingar um þetta mál hjá stjórninni. Hjer er svo mál með vexti, að í vetur skrifaði rektor stjórninni, að hann hefði í hyggju að segja af sjer embætti, ef hann fengi að halda fullum launum. Jeg hef því miður ekki þetta brjef við hendina í svipinn, en get þó ef til vill lagt það fram fyrir háttv. deild, áður en þessum fundi er lokið. Auðvitað vissi rektor vel, að stjórnin hafði enga heimild til þess að veita slíka uppbót á eftirlaunum, heldur varð að fara þann veg, að bera málið fyrir alþingi. Frv. er því komið fram eftir ósk rektors sjálfs, og get jeg

fullvissað háttv. deild um, að annað en þetta hefur ekki farið milli hans og stjórnarinnar í þessu máli. Jeg efast ekki um, að háttv. nefnd trúi orðum mínum, þó að jeg í svipinn ekki hafi brjefið í höndum.

Þá hefur verið talað um, að með þessu frv. gæti skapazt háskalegt fordæmi. Það þarf nú raunar ekki að skapa fordæmi, því að þau eru þegar til. Jeg man að minsta kosti í svipinn eftir tveimur, sem vel mætti skoðast sem fordæmi fyrir þessu frv. Sjera Matthíasi Jochumssyni voru fyrir mörgum árum veitt 2000 kr. skáldlaun, er hann segði af sjer prestsskap. Þegar Þorv. Thoroddsen sagði af sjer embætti og sótti um að fá að halda lögmætum eftirlaunum, sem hann átti ekki tilkall til, þá ekki einungis veitti alþingi það, heldur hækkaði jafnvel eftirlaun hans í viðurkenningarskyni fyrir starfsemi hans. Jeg hygg, að allir sjeu samdóma um, að alþingi hafi farið rjett að gagnvart þessum mönnum, en þá get jeg ekki skilið, hversvegna menn vilja gera Steingrími Thorsteinsson lægra undir höfði en þeim. — Það er annars furðulegt, að þetta frv., sem gekk svo fljótt og svo hljóðalaust gegnum Nd., skuli hafa sætt slíkri mótspyrnu hjer í deildinni. Menn verða þó að játa, að Nd. á jafnan að leggja þyngra lóð í vogaskálina í öllum fjármálum heldur en Ed., og því væri eðlilegt, að Nd. hefði tekið svo á móti viðlíka frumv. frá þessari háttv. deild, sem þessu frv. hefur verið tekið hjer. Sú aðferð, sem hefur verið beitt hjer í deildinni í þessu máli, er óvenjuleg og óeðlileg. Jeg átti tal við Steingrím Thorsteinsson einmitt sama daginn, sem frv. var afgreitt frá Nd. Jeg óskaði honum þá til hamingju með, hvað frv. hefði reitt vel af, en hann spurði þá, hvort víst væri, að það mundi ekki sæta mótspyrnu í Ed. Jeg fullvissaði hann um, að það gæti ekki komið fyrir, það væri á móti allri venju, og svo hygg jeg, að flestir hafi litið á málið. Jeg vil því vona, að háttv. deild geri ekki þessum háaldraða ágætismanni þá skapraun og vanvirðu, að fella þetta frumv., því að það væri að vanvirða hann, ef deildin vildi ekki unna honum þeirrar sæmdar, sem hann sjálfur kýs sjer til handa. Og sem sagt, brjefið, sem sannar, að þetta sje hans vilji, geta þeir fengið að sjá, hvenær sem þeir vilja.

Björn Þorláksson, framsm.: Háttv. umboðsmaður ráðh. (Kl. J.) virtist vilja víta þau ummæli, að verið væri að kaupa rektor úr embætti. En það voru ekki mín orð, jeg sagði aðeins, að það liti út, sem þetta væri tilgangur stjórnarinnar, og er mjer kunnugt, að margir háttv. þm. hafa talað í líka átt sín á milli, þó að jeg hafi einn haft einurð til að segja það upphátt hjer í deildinni. Jeg get ekki að því gert, þótt meðferð stjórnarinnar á þessu máli hafi verið svo óhöndugleg, að slíkur grunur hafi vaknað. — Háttv. umboðsmaður ráðh. mintist á fordæmi, og er ekki annað um það að segja, en að fordæmi geta verið bæði góð og ill. En þetta álít jeg ilt fordæmi, sem gæti leitt til þess, að farið væri að láta embættismenn, sem segðu af sjer, halda fullum launum, þótt lítil eða engin ástæða væri til þess. Háttv. umboðsm. ráðh. (Kl. J.) undraðist mjög meðferð málsins hjer í deild. Kallaði hana bæði óvenjulega og óeðlilega. Að segja þetta, til þess hefur hann engan rjett. Efri deild á ekki að vera bergmál af neðri deild og er ekki skyld að segja já og amen til alls þess, sem Nd. kann að hafa samþykt og það í hugsunarleysi. Jeg álít, að enginn þingmaður sje skyldur að fara eftir öðru en sannfæringu sinni, í hvaða máli sem er, og þannig vil jeg reyna jafnan að koma fram.

Enn einu sinni vil jeg taka fram, að það sem hjer er aðallega deilt um, er ekki fjármál fyrir mjer eða nefndinni. Hitt látum við okkur mestu skifta, á hvern hátt eigi

bezt við að sýna þeim sæmdarmanni, sem hjer er rætt um, viðurkenning. Háttv. umboðsmaður ráðherra talaði um, að hjer ætti að fara að gera skáldinu vanvirðu; þetta eru röng og ástæðulaus ummæli. Miklu heldur mætti segja, að stjórnin með orðalagi sínu á frumv. væri að gera honum vanvirðu. Við höfum viljað koma frv. í það lag, að skáldinu væri sannur sómi sýndur með því.

Sigurður Stefánsson: Samkvæmt þeirri vitneskju, er háttv. umboðsm. ráðherra hefur gefið um þetta mál, er hjer ekki að ræða um fjárveiting, er þing eða stjórn á fyrstu upptökin að. Og hver á þá upptökin? það er skáldið sjálft. Hjer er því að ræða um, hvort vjer eigum að verða við óskum þessa háaldraða merkismanns eða ekki. Nú er fengin vitneskja um, að hann telur sjer fulla sæmd að þessum 1300 kr., ef hann fær þær. Og þá hvorki þarf nje á þingið að ganga í grafgötur um, hvort honum sje þetta til sæmdar eða ekki. Jeg vildi helzt, að frv. hefði verið samþykt orðalaust. Allar umræður um þetta mál, eins og þær hafa verið hjer í deildinni, fara fyrir ofan garð og neðan eftir þá vitneskju, er háttv. umbm. ráðh. hefur látið í tje.

Jeg vildi skjóta því til háttv. nefndarmanna, að jeg vona þess af þeim, úr því að þeir eru svona hræddir við eftirlaunanafnið, að því er þennan merkismann snertir, er verið hefur embættismaður þjóðarinnar 40 ár og sungið henni til unnar og uppbyggingar 60 ár, að þeir verði mótfallnir sumum skáldlaunum á fjárlögunum, sem orðin eru hrein og bein eftirlaun, þar sem þau ganga til þeirra skálda, sem því nær hafa þagað, síðan þeir komust á landssjóðinn, og hverra ljóð hafa sum verið andleg sóttkveikja í siðferðislífi þjóðarinnar.

Jósef Björnsson: Því fer harla fjarri, að nefndin hafi viljað spara fje eða sæmd við þann merkismann, sem hjer á hlut að máli. Allir nefndarmenn hafa verið einhuga á því, að vilja sýna honum sem mesta sæmd, og láta sig ekki miklu skifta um fjárupphæðina.

Út af því, sem háttv. umboðsm. ráðh. sagði um brjef Steingríms Thorsteinssons til stjórnarráðsins, þá skal jeg játa, að það hefur verið vanræksla af mjer, sem formanni nefndarinnar í þessu máli, að leita ekki vitneskju hjá stjórnarráðinu um þetta atriði. En það er líka vanræksla hjá stjórninni, og sízt minni, að sýna ekki nefndinni brjefið eða láta það fylgja athugasemdum sínum við frumvarpið, úr því ekkert heyrðist frá hennar hlið, þegar málið var hjer í deildinni til 1. umræðu. (*Sig. Stef.* Ráðherra skýrði frá því í neðri deild). Má vel vera, en ekki heyrði jeg það og líklega heldur ekki hinir nefndarmennirnir.

Sigurður Eggerz: Það voru aðeins örfá orð, sem jeg ætlaði að segja.

Það er gleðilegt að heyra, hve þingmenn unna skáldunum og skilja, hve dýrmæt þau eru þjóðunum. En því miður hefur það komið í ljós við umræðurnar, að háttv. þingdeildarmenn, bæði þeir, sem talað hafa með og mót frumvarpinu, hefur skort skilning á skáldaeðlinu, á viðkvæmni skáldanna. Þeir hafa sagt margt, er hlýtur að særa þann heiðursmann, er hjer á hlut að máli. Það er formið á frumvarpinu, er valdið hefur deilum og umræðum um það, og því hefur margt verið talað hjer, sem ekkert kemur málinu við. Þetta mál er embættismanninum Steingrími Thorsteinsson óviðkomandi, Nefndin hefur ekki viljað, að þetta stæði í sambandi við, hvenær hann ljeti af embætti eða við embættisstörf hans. Enginn má skilja orð mín svo, sem jeg vilji gera lítið úr embættisrekstri þessa sæmdarmanns, eða að hann hafi staðið svo í stöðu sinni, að hann ætti ekki þessa sæmd skilið. Síðan hann kom að skólan-

um, hefur einmitt alt verið þar í góðu lagi. og jeg vildi óska, að þar gengi alt eins vel framvegis. En það er samt ekki vegna embættisstarfa hans, að farið er fram á að veita honum þessa sæmd, er hjer er rætt um. Margir embættismenn okkar hafa staðið vel í stöðu sinni, og ættu þá heimting á slíkri sæmd. Það er vegna bókmentastarfa skáldsins, að þetta frv. er fram komið. Heiðurslaunin eiga eingöngu að miðast við þessi störf. Það er skáldið, eingöngu skáldið, sem nefndin vill heiðra. (*Jósef Björnsson*: Heyr!). Deilan er aðeins um, hvaða form sje hjer bezt viðeigandi. Við getum varla spurt skáldið ráða í þessu efni. Og mjer finst frumv. stjórnarinnar ekki bezta leiðin. Ef heiðurslaunin, sem nefndin hefur stungið upp á, þættu oflág, mætti hækka þau. Að síðustu verð jeg að segja mjer það til mikillar sorgar, að umræður um málið hafa á báðar hliðar verið sorglega smekklausar, og jeg tek það að síðustu fram, að allir hafa viljað heiðra skáldið Steingrím Thorsteinsson.

ATKVGR.:

Frumvarpsgreinin sjálf sþ. með 7 : 5 atkv.

Fyrirsögn frv. samþykt án atkvgr.

Frv. vísað til 3 umr. með 9 atkv. gegn 4 að viðhöfðu nafnakalli.

Þessir þingm. höfðu óskað nafnakalls um frv.

Björn Þorláksson,
Sigurður Eggerz,
Jósef Björnsson,
Jón Jónatansson.

Já sögðu:	Nei sögðu:
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Hákon Kristoffersson,
Eiríkur Briem,	Jósef Björnsson,
Guðj. Guðlaugss.,	Sigurður Eggerz.
Guðm. Björnsson,	
Jón Jónatansson,	
Júlíus Havsteen,	
Sigurður Stefánsson,	
Þórarinn Jónsson,	

2. *Frumv. til laga um heiðursgjöf handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson*, (n. 95, 96); 1. umr.

Tekið út af dagskrá.

---

13. fundur. Þriðjudaginn 22. júlí, kl. 1 síðdegis. Allir á fundi.

1. *Frumv. til laga um stofnun landhelgissjóðs Íslands* (116, 137); 3. umr.

Steingrímur Jónsson: Jeg og annar háttv. þingdeildarmaður höfum komið okkur saman um að bera upp dálitla breyttill. við þetta frumvarp, og vil jeg nú leyfa mjer að gera lítils háttar grein fyrir henni.

Jeg tók það fram í 2. umr., að jeg væri máli þessu mjög hlyntur og óskaði, að það næði fram að ganga. Jeg get þessa aftur til þess, að enginn skuli ætla, að tillaga þessi sje fram komin til að spilla fyrir frumvarpinu eða verða því að falli.

Aðalástæður til þessarar brtill. eru í stuttu máli þessar:

Það er allathugaverð braut, sem þingið er komið inn á, er það er farið að skifta landssjóði í alls konar smásjóði. Viðlagasjóði hefir verið skift í marga sjóði. Í fjárlögunum eru nú tillög veitt ýmsum sjóðum, er þingið hefur lítil umráð yfir. Jeg skal t. d. nefna: fiskiveiðasjóð, byggingarsjóð, kennara-styrktarsjóð. Enn fremur má nefna tillag til ellistyrktarsjóðanna og tillög til Búnaðarfjelags Íslands. Nú er farið fram á ný tillög eða hækkun á tillagi til þriggja sjóða. Í fyrsta lagi stofnun landhelgissjóðs, í öðru lagi hækkun á tillagi til styrktarsjóðs kennara og í þriðja lagi, að 100 þús. kr. verði veittar til Landsbankans á ári hverju í 20 ár. Ef þessu heldur áfram, þá kemst innan skams í óefni, og má búast við, að þar komi, að þingið hafi lítið að gera við fjármálin. En jeg játa fúslega, að þessi

ástæða ein sje ekki nóg. Jeg skildi háttv. flutningsm. og tilgang hans með frv. þannig, að það væri tilætlunin, að safna í einn sjóð þeim óvissu tekjum, sem kæmu í landssjóð í fje, er goldið væri sem sektir fyrir veiðar í landhelgi. Þenna tilgang álít jeg góðan, einkum þar sem tekjugrein þessi er svo vaxin, að eigi verður mikið á henni bygt vegna óvissunnar. Þessum tekjum er líka bezt varið á þann hátt, er frv. ætlast til. Ef sektir þessar verða svipaðar og að undanförnu, og verða ávaxtaðar, sem frv. gerir ráð fyrir, nemur sjóður þessu eftir 12 ár kringum 200 þús. kr. auk vaxta og vaxta-vaxta, þó að landssjóður veiti honum ekkert tillag. Jeg sje því ekki ástæðu að veita það nú þegar. Hitt er sjálfsagt, að landssjóður hlaupi undir bagga, þegar sjóðurinn tekur til framkvæmda. Ef við förum að veita þetta tillag nú, þá er það af því, að við höldum, að við eyðum fjenu til einhvers óþarfa, treystum okkur ekki vel í þessu efni. Þessi 5000 kr. veiting er þá svipuð því, er foreldrar láta börn setja 1 kr. eða svipaðar smáupphæðir í sparisjóð, svo að þau kaupi ekki sælgæti fyrir fjeð. En við brúkum ekki minna fje fyrir það. Og eins og jeg sagði áðan, er sjálfsagt, að landssjóður hjálpi þessum fyrirhugaða landhelgissjóði, er fara á að nota hann.

Okkur flutningsmönnum er þetta samt ekki neitt kappsmál, eins og jeg sagði. En jeg vildi ekki láta málið ganga svo gegnum deildina, að ekki væri bent á þetta. Við greiðum atkvæði með frv., hver sem afdrif tillögu okkar verða.

Sigurður Stefánsson: Jeg bjóst ekki við, að þurfa að halda svörum uppi fyrir þetta frv. nú við þessa umræðu. Jeg vonaði, að það næði að ganga út úr deildinni.

Það er rjett, sem háttv. 3. kgk. þm. (Stgr. J.) tók fram, að það fje, er sjóð þennan á að mynda með, eru ekki vissar tekjur, er hægt er á að byggja. Það er ekki komið úr vasa landsmanna í tollum og sköttum. Meðal annars af þessu bjóst jeg eigi við því, á seinasta stigi málsins, að þurfa að halda svörum uppi fyrir þessu landssjóðstillagi, sem er svo sára lítið meir, en jeg hef þegar gert. Enn bendi jeg á, að háttv. deild hefur verið nefndinni og flutningsmanni sammála um, að hjer þyrfti eitthvað að gera. Og þegar þess er nú gætt, að frekir $^3/_4$ af útfluttum afrekstri atvinnuveganna á Íslandi eru af sjávarútveginum, en ekki nema tæpur $^1/_4$ af landbúnaðinum, sem stórfje er árlega veitt til, þykir mjer líklegt, að þingið sjái ekki eftir þessu litla fje, sem sem hjer er um að ræða, til að vernda þenna aðalatvinnuveg landsins frá háska og stórtjóni. Mjer dettur ekki í hug að gera lítið úr landbúnaðinum, nje telja eftir það fje, sem til hans er veitt. Jeg heyri það oft hjá kjósendum mínum, að jeg dragi taum hans um of, móts við sjávarútveginn. En sjávarútvegurinn er landssjóði arðsamari en landbúnaðurinn, því getur enginn neitað. Það er því heilög skylda þingsins að efla og vernda þenna atvinnuveg. Háttv. 3. kgk. þm. (Stgr. J.) taldi upp ýmsa sjóði, er fje væri veitt til á fjárlögunum, og þótti þingið þar komið inn á ísjárverða braut, og það er vitanlegt, að þessir sjóðir eru dregnir undan stjórn þingsins, og það getur verið varhugavert að gera mikið að þessu, einkum þegar um stóra sjóði er að ræða. En hann gleymdi einum sjóðnum, þegar hann var að telja upp þessa sjóði. Árið 1900 var tekið úr landssjóði ekki 5 þús. kr., heldur nær því 145 þús. kr. til eflingar landbúnaði. Jeg á hjer við Ræktunarsjóðinn, sem það ár var stofnaður. Þá var það ákveðið, að andvirði seldra þjóðjarða skyldi ganga til hans. Og það var ekki látið nægja, að taka andvirði þeirra jarða, er seldust eftir 1900, heldur var tekið andvirði þeirra jarða, er áður voru seld-

ar eða samtals um 145 þús. kr., mörgum þótti þingið þá alldjarftækt í þessum efnum. En jeg álít, að þetta hafi orðið landbúnaðinum til eflingar og styrktar. Jeg þekki ekki dæmi þess úr þingsögunni, að nokkuð svipaðar tillögur hafi komið fram sjávarútvegnum til eflingar, nema helzt þetta frumvarp, sem fer fram á, að verja sektarfjenu, er landssjóður fær fyrir ólöglegar veiðar, eða rjettara sagt $^2/_3$ af því, — og svo að bæta við úr landssjóði 5 þús. kr. tillagi. Þetta frumv. gengur svo miklu skemra en Ræktunarsjóðslögin, að það er varla samanberandi. Það fer ekki fram á það, að taka alt það fje, sem komið hefur í sektum fyrir ólöglegar veiðar í landssjóð frá því fyrsta, heldur það, sem hjer eftir kann að koma — og að eins $^2/_3$ hluta þess, að við bættu þessu 5 þús. kr. tillagi. Hjer er því farið miklu varlegar, en þá var gert. Þetta stafar af því, að jeg álít fjárhag landssjóðs þannig farið, að hann sje ekki fær um að snara nú út slíkri upphæð.

Aðalspurningin í þessu máli er auðvitað þessi: Er þörf á þessu frumvarpi? Er þörf á þeim undirbúningi undir auknar landhelgisvarnir, sem það fer fram á? Jeg hika ekki við að kveða já við henni. Við höfum tölurnar í landshagsskýrslunum, sem jeg hef nefnt, þær segja oss frá því, hve hagur landssjóðsins er ákaflega mikið kominn undir vexti og viðgangi sjávarútvegsins. En landshagsskýrslurnar segja oss ekki frá öðru, sem nú varðar enda mestu um þetta mál; þær segja oss ekki frá þeim hundruðum já þúsundum manna, sem árlega bíða stórkostlegt atvinnu- og eignatjón af því, hve landhelgisvörnin er slælega rekin. Mikill hluti sjómanna vorra gengur árlega mánuðum saman atvinnulaus, af því að fiskur gengur ekki á grunnmiðin. En þegar svo fiskurinn gengur inn fyrir landhelgislínuna, og sjómennirnir hlaða báta sína oft að kalla upp í landsteinum, þá koma útlendir botnvörpungar á miðin, sem að guðs og manna lögum eru landsins eign, og gersópa miðin að fiski og veiðarfærum fyrir augunum á sjómönnum vorum; þeir mega horfa upp á, að björginni sje rænt frá þeim og sárþurfandi heimilum þeirra, og geta ekkert aðhafzt. Hjer er því brýn þörf að hefjast handa. Jeg verð að segja, að það sem mjer þykir mest ábótavant við frumvarpið, er það, hve tillag úr landssjóði er lítið. Jeg get skilið, að margir hefðu talið sjálfsagt, að það væri ekki 5 þúsund krónur, heldur 50 sinnum 5 þúsund kr., og þegar væri byrjað á verklegum framkvæmdum til að bæta úr þessu voðaböli, en á því eru nú engin tök, þó ekki væri af öðru en því, að málið vantar allan undirbúning.

Við sem lifum mitt á meðal alþýðunnar og erum daglegir sjónarvottar að kjörum sjómannanna, við heyrum meira en nóg af kvörtunum sjómannanna, og við vitum, að það er á fullum rökum bygt, þegar þeir kvarta um erfiðan hag. Það væri auðgert að safna árlega fjölda af eiðfestum skýrslum um yfirgang útlendra sjómanna hjer við land, um það, hvernig þeir spilla bátfiskinu, og leiða fátækt og skort yfir þá, sem af því eiga að lifa. Og hvað hefur svo þingið gert til að ráða bætur á þessu böli. Eiginlega ekki neitt. Það hefur að vísu stofnað fiskiveiðasjóð til eflingar sjávarútveginum; en ekki hefur hann orðið landhelgisvörninni að neinu liði. Mjer þykir þessi brtill. hv. 3. og 6. kgk. þm., sem fer fram á að fella burt úr frv. þetta 5 þúsund kr. tillag úr landssjóði, því undarlegri, þar sem jeg veit, að báðir h. flutn.m. eru sjávarútvegnum hlyntir, og líka sjálfu frv.

Það er farið fram á þetta árlega 5000 kr. tillag úr landssjóði, af því að, eins og kunnugt er, gengur $^1/_3$ af sektunum fyrir landhelgisbrot nú í fiskiveiðasjóðinn. Jeg og nefndin höfum ekki viljað leggja til, að þessu væri breytt. Ef allar sektirnar hefðu getað runnið í landhelgissjóðinn, þá hefð-

um við að líkindum ekki farið að ásælast landssjóð, ef ásælni á að kalla það. Langeðlilegast hefði verið, að landhelgissjóður hefði fengið allar sektirnar, eða með öðrum orðum miklu meira fje, en hjer er ætlazt til, að landssjóður leggi fram. Jeg get lýst því yfir fyrir nefndarinnar hönd, að hún heldur fast við frv. og sjer ekki ástæðu til að fallast á brtill.

Hjer er ekki farið fram á mikið, því miður getum við ekki stigið stórt spor. Hjer er að eins verið að búa í haginn fyrir það, að vjer getum sjálfir tekið þátt í því, áður en langt um líður, að hefta yfirgang erlendra sjómanna. Þessar 5000 kr. geta, þó lítið sje, flýtt nokkuð fyrir því, að vjer verðum færir um að taka upp landhelgisvörnina sjálfir. Jeg gef ekki mikið fyrir alt þetta tal um, hvað áríðandi það sje, að fylgja föstum princípum, ekki sízt, þegar jeg sje, hvernig principin eru svo brotin, að segja má dögum oftar. Það hefur verið talað um það, að hættulegt væri að búta landssjóð sundur, leggja á hann frambúðarkvaðir og draga hverja upphæðina á fætur annari undan áhrifum löggjafarvaldsins. Þetta getur verið rjett og ekki rjett, það fer eftir atvikum. Ef landssjóður gæti lagt fram í einu alt, sem hjer þarf, þá mundi hafa verið farið fram á, að hann gerði það, og gerði það strax. En nú sje jeg ekki betur, en honum sje það ofvaxið í bráð, og því var hin leiðin valin. H. 3. kgk. (Stgr. J.) sagði, að það drægi ekki úr aðaltilgangi frv., þótt 5000 kr. tillagið úr landssjóði væri látið falla burt, það munaði ekki mikið um það. Jeg segi aftur á móti, og þykist hafa rjett fyrir mjer, að það dragi mikið úr honum. Við vitum ekki, hvað sektirnar verða miklar framvegis; þær geta minkað, og þá er því meiri ástæða fyrir landssjóð að hlaupa undir bagga, og tryggilegast, að hann geri það þegar frá upphafi.

Nú heyrast raddir um það, að koma megi landhelgisvörninni fyrir á ódýrari hátt en hingað til. Það er víst, að áhugi landsmanna á vörninni mun vaxa, er þeir sjá, að hana má framkvæma fyrir minna fje, en menn hafa gert sjer í hugarlund hingað til. Það getur því orðið úr framkvæmdum fyr en varir, og þá er æskilegt, að eiga sem rífastan landhelgissjóð til taks. H. 3. kgk. (Stgr. J.) fanst þingið með þessu gefa sjálfu sjer nokkurs konar vantrausts-yfirlýsingu, það væri, eins og það treysti sjer ekki til að fara hyggilega með landssjóðs fje, og sæi ekki annað úrræði, en að draga nokkuð af því undan yfirráðum þingsins og stinga því í söfnunarbauk. Jeg játa það, að jeg hef sjeð sumar fjárveitingar, sem jeg er sannfærður um að eru miklu gagnsminni en þessi, meira að segja: jeg þykist hafa sjeð fjárveitingar, sem gert hafa beint ógagn. Jeg hef sjeð þær fjárveitingar hjer á þingi, sem jeg vildi ekki hafa þurft að hafa vitneskju um. En þrátt fyrir þetta er engin ástæða til að bera yfirleitt vantraust til fjárveitingarvaldsins. Tillaga vor er ekki af slíku sprottin, heldur af hinu, að við töldum auðveldara, eins og fjárhagnum er háttað, að greiða smærri upphæðir, smátt og smátt, en eina stóra upphæð í einu. Jeg er viss um það, að enginn kjósandi á öllu landinu mundi ámæla þinginu fyrir það, þótt það legði fram 5000 kr. á ári, í því skyni, að bjarga öðrum aðalatvinnuveg landsins úr voða. Það stingi í stúf, ef þingið færi nú að neita um þessa smáupphæð, en hefur áður lagt fram af fúsum vilja tugi þúsunda króna til ýmissa fyrirtækja, og það sumra tvísýnna. Það er ekki langt á að minnast, að það veitti 400,000 kr. til hafnargerðar hjer í Reykjavík. Jeg lasta þetta ekki. En ætli það verði þó sjerlega mikið með höfnina að gera, ef sjávarútvegur mikils hluta landsmanna er ekki verndaður gegn bráðri eyðileggingu? Það sjer annars ekki á, að allir Reykjavíkurbúar meti það mjög mikils, að landssjóður hljóp ríflega undir bagga með þeim við

hafnargerðina, ef það er satt, sem sagt er, að öll Hafnargata, höfuð-kaupmannagatan, vilji ekki leggja fram einn eyri til hins innlenda eimskipafjelags; það lítur út fyrir, að þeim herrum, sem þar búa, þyki sælla að þiggja en gefa. Einstakir hreppar hafa heitið 1000 kr. til eimskipakaupanna, og fátækir sjómenn hafa lagt fram sinn skerf. Jeg er hræddur um, að öllum þessum þyki þinginu nokkuð mislagðar hendur, ef það synjar um fá þúsund krónur til að vernda eign og atvinnu sjómannalýðsins, en kastar út hundruð þúsunda króna, til að hækka í verði eignir auðugra kaupmanna. Jeg segi ekkert um það, hvort þetta er í sjálfu sjer rangt eða ekki, en jeg þykist sjá fyrir dóm þjóðarinnar.

Mjer hefur stundum verið brugðið um, að jeg hirti lítið um vilja kjósenda minna. Það er satt: Jeg spyr sjálfan mig fyrst og fremst eftir því í hverju máli, hvað satt sje og rjett, og eftir því reyni jeg svo að fara, án tillits til þess, hvort það muni afla mjer vinsældar hjá kjósendum mínum, eða baka mjer óvinsæld hjá þeim. Eins geri jeg nú. En jeg hef sjeð og heyrt svo mikið af atvinnutjóni og þar af leiðandi bágindum sjómannanna, sem stafar af yfirgangi útlendra sjómanna, að jeg hef talið mjer skylt að bera hjer fram mál þeirra, og fylgja því eftir mætti. Kvein þeirra og soltinna barna þeirra og kvenna, hafa eflaust borizt til eyrna drottins Zebaots á hæðum, þó þau hafi máske ekki náð eyrum sumra þeirra, sem sitja við alsnægtir, inni í hlýjum og notalegum stofum hjer í Reykjavík.

Guðmundur Björnsson: Jeg hef skrifað undir brtill. á þgskj. 116, og skal jeg nú fara nokkrum orðum um málið.

Jeg man ekki til, að jeg hafi orðið jafnhissa á nokkurri ræðu, sem jeg hef heyrt haldnar hjer á þingi, eins og hinni hjartnæmu ræðu h. þm. Isafj. (S. St.).

Hann útmálaði það mjög átakanlega, hve bráðnauðsynlegt það væri að vinda bráðan bug að landhelgisvörninni. En svo vill hann þó fara að safna fje í sjóð, sem hægt sje að grípa til einhverntíma síðar til landhelgisvarnar. Jeg er h. þm. (S. St.) alveg samdóma um nauðsyn landhelgisvarnarinnar; en það sem okkur skilur á er, að jeg vil vinda bráðan bug að því í *verki*, en hann vill fresta framkvæmdum. Jeg geri ráð fyrir að h. d. muni það, að þegar málið var síðast til umræðu hjer, hreyfði jeg því, að vel mætti vera, að það borgaði sig, að kaupa þegar í stað skip til strandvarnar, skip, sem stjórnin gæti jafnframt látið vinna fleira fyrir sig. H. þm. (S. St.) lítur ekki við þessari tillögu, hann vill bara safna fje svo og svo lengi, og lofa útlendingunum á meðan að veiða fiskinn í næði upp í landsteinunum, og spilla veiði og veiðarfærum sjómannanna. Jeg skal játa það, að jeg er ekkert áfram um að safna fje landsins í sjóði, það eru lágir vextir, sem það gefur þar. Mjer þykir miklu nær, að því sje varið til nytsemdarfyrirtækja, þannig ber það landinu margfalda vexti.

Ef h. n. hefði farið fram á, að undinn væri bráður bugur að því, að gert væri út skip til strandvarnar á landsins kostnað, þá er líklegt, að jeg og fleiri hefðu verið með því. En jeg hef ekki orðið var við, að h. n. hafi undirbúið það mál að nokkru, eða leitað sjer minstu upplýsinga um, hvað slík útgerð mundi kosta. Þetta hefði hún átt að gera, ef henni hefði verið alvara með málið. Nú lendir það mest í tómu orðaglamri.

Jeg skyldi ekki hafa á móti, að landið safnaði fje, ef það hefði meiru yfir að ráða, en þyrfti til nytsemdarfyrirtækja, en svo mun eigi vera; og eins og jeg sagði áðan, vil jeg, að nytsemdarfyrirtækin sjeu látin sitja fyrir fjársöfnuninni.

Það er ekki lítið, sem landssjóður leggur af mörkum, ef hann afsalar sjer öllu sektarfjenu, fyrir landhelgisbrot, því að

það er hans rjett eign, alveg eins og hvert annað sektarfje, sem í hann rennur. Það má gera ráð fyrir, að fje þetta nemi alt að 30,000 kr. á ári, og munar um að draga það frá arðsömum fyrirtækjum, en geyma það vaxtalítið í sjóði. Jeg held sannast að segja, að það sje sára lítill búhnykkur.

Það er langt frá mjer að víta áhuga h. þm. (S. St.) á þessu máli, eða öllu heldur ákafa hans. En jeg held það sje áreiðanlegt, að hann sje kominn út á villigötur, og jeg tel það skyldu mína, að reyna að leiða hann af þeim á rjetta leið.

Sjómennirnir hafa ekki gagn af því, þótt fje sje safnað í landhelgissjóð; útlendingarnir taka björgina frá þeim alveg eins fyrir því. Þeim verður þá fyrst gagn að fjárframlagi, þegar fjenu er varið til þess, að útvega skip, til þess að verja fyrir þá landhelgina, og það er brýn nauðsyn, að gera það sem fyrst.

Jeg stunda hvorki landbúnað nje sjávarútveg, en rjettlætistilfinning mín býður mjer að halla á hvorugan þennan atvinnuveg, og leiðrjetta, þegar jeg heyri aðra gera það. Einmitt nú tel jeg mig hafa tilefni til að gera það. Jeg hygg, að h. þm. (S. St.) hafi ekki verið allskostar rjettlátur, þegar hann var að gera upp á milli landbúnaðarins og sjávarútvegsins. H. þm. (S. St.) hefur sjálfsagt farið eftir verzlunarskýrslunum, þegar hann sagði, að landbúnaðurinn gæfi ekki af sjer nema $^1/_4$ móts við sjávarútveginn. En þess er að gæta, að verzlunarskýrslurnar sýna ekki afurðir hvors atvinnuvegsins um sig, eins og þær eru, heldur aðeins, hvað flutt er úr landinu af þeim. Nú vita allir, að miklu meira er flutt úr landinu af afrakstri sjávarútvegsins en landbúnaðarins. En í raun og veru mun afrakstur landbúnaðarins vera miklu *meiri* en allur sjávaraflinn. Kæmu öll kurl til grafar, gæti jeg trúað því, að hlutfallið snerist við þannig, að afrakstur sjávarútvegsins yrði ekki nema $^1/_4$, en landbúnaðarins $^3/_4$. Mjer eru báðir atvinnuvegirnir jafn kærir, og jeg vil gera þeim báðum sem jafnast undir höfði.

Ýmsir nú á dögum halda því fram, að velmegun landsins hvíli nú mest á sjávarútveginum. Þessir menn skoða ekki málið ofan í kjölinn. Til þess að gera sannan samanburð, þarf að rannsaka, hve mikið hvor atvinnuvegurinn um sig gefi af sjer í raun og veru; þessi rannsókn hefur enn ekki verið gerð; yrði hún gerð, mundi það sýna sig, sem jeg sagði, að landbúnaðurinn gefi meira en sjávarútvegurinn. Það er full nauðsyn á, að þessi rannsókn fari fram, og árangur hennar komi fyrir almenningssjónir. Það gæti fyrirbygt það, að menn ljetu óljósar skýrslur leiða sig á glapstigu.

Jeg veit það, að afli togaranna okkar hleypir upphæðunum í verzlunarskýrslunum mikið fram. En ekki megum við skrifa alla þá upphæð tekjumegin í reikning sjávarútvegsins; útgerðin er dýr, margt þarf til hennar að kaupa frá útlöndum, og fremur fáir fá atvinnu við hann. Jeg veit, að togaraútvegurinn hefur hingað til gefið góðan arð, en hann hefur að mestu leyti verið gróðafyrirtæki fáeinna auðmanna. Bátaútvegurinn er aftur á móti atvinnuvegur alþýðunnar. Vjer megum því ekki leggjast undir höfuð, að hlynna að honum og vernda hann, og það þarf að gerast fljótt, en ekki með því að safna fje í sjóð, sem á að koma að gagni einhverntíma í framtíðinni, máske þá fyrst, þegar enginn bátur er orðinn eftir að vernda.

Jeg er í lengstu lög fús á að greiða atkvæði með fjárveitingunum til arðvænlegra fyrirtækja, sem brátt eiga að komast í framkvæmd. En jafn ófús er jeg á að greiða atkvæði með því, að landssjóður miðli af fje sínu til að koma upp hinum og þessum sjóðum, sem geymast eiga í bönkum um alsendis óákveðinn tíma. Jeg

skyldi með ánægju greiða atkvæði með því, að veitt væri þrefalt eða fjórfalt hærri upphæð í þessu augnamiði, ef jeg vissi, að fjeð kæmi strax að notum; en hitt er mjer móti geði, að taka fje landsins frá þarfafyrirtækjunum og fastbinda það í ráðagerðasjóðum. Mjer sýnist það allálitleg fúlga, ef veittar eru alt að 30,000 kr. árlega, og finst, að h. þm. Ísafjk. megi vel við það una.

Steingrímur Jónsson: Jeg held, að brtill. á þgskj. 137 hefði ekki þurft að gefa tilefni til annarar eins ræðu og þeirrar, sem h. þm. Ísfjk. (S. St.) hjelt áðan. Jeg skal játa það, að ræðan var skemtileg, og jeg er í mörgu samdóma h. þm. (S. St.). H. þm. (S. St.) sagðist ekki hafa búizt við, að umræður þyrftu að hefjast um málið nú. Það hefur eflaust komið til af því, að h. þm. (S. St.) hefur ekki munað eftir því, að við 2. umr. ráðgerði jeg að koma með brtill. þá, sem nú er komin fram, og sem gaf h. þm. (S. St.) tilefni til að sýna ræðusnild sína. Eins og h. 6. kgk. (G. B.) tók fram, miðaði h. þm. (S. St.) hlutfallið milli afurða landbúnaðar og sjávarútvegs auðsjáanlega við útflutninginn einan; en ekki við afurðirnar í heild sinni, en það vita allir, að á slíkum samanburði verður lítið bygt.

Það var satt, að eg gat ekki beinlínis Ræktunarsjóðsins. En hins gat jeg, að það hefði ekki einungis verið bundið nokkuð af árlegum tekjum landssjóðs, og tekið undan áhrifum alþingis, heldur væri líka allálitleg fúlga af viðlagasjóði dregin undan áhrifum þingsins og runnin í Fiskiveiðasjóð og aðra sjóði. H. þm. (S. St.) sagði, að það hefði verið miklu meiri ástæða til að finna það að frv., að það færi fram á of lítið tillag til landhelgissjóðsins, en hitt, að það gerði ofmiklar kröfur. Það er satt, hjer er í raun og veru farið fram á of lítið; og jeg skyldi ekki hika við að greiða atkvæði með mun hærri upphæð, ef jeg hefði

nokkra von um, að bráðlega ætti að fara að nota hana. Þessar 5000 kr. eru hvorki heilt nje hálft.

H. þm. (S. St.) var nokkuð stórorður um, hvílíkur voði sjómönnum væri búinn af yfirgangi útlendinga. Ef það ætti að skilja þau orð h. þm. (S. St.) alveg bókstaflega, hlytu menn að líta svo á, að sjávarútvegurinn væri að fara í hundana sökum þessa yfirgangs, og þá væri sjóðsstofnun sú, sem frv. gerir ráð fyrir, allra mesta humbug. Til allrar hamingju er þetta nú ekki rjett hjá h. þm. (S. St.), að svona langt sje komið. Yfir höfuð fanst mjer sá kafli ræðu h. þm. (S. S.), sem um þetta fjallaði, of stórorður, of óvarkár. Þetta má þó enganveginn skilja svo, að jeg vilji gera lítið úr yfirgangi útlendra sjómanna eða draga úr því, að reynt sje að hefta hann, síður en svo, en það spillir og villir í hverju máli, að fara út í öfgar.

Jeg veit, að h. þm. (S. St.) þekkir enn betur til sjómannanna en jeg, þó jeg búi líka við sjó, þar sem hann er í einu hinu mesta bátaútvegsplássi landsins, og það er ekki nema eðlilegt og honum til sæmdar, þó honum hafi hitnað, þegar hann hugsaði til bjargarskortsins í kjördæmi hans síðasta vetur, og í þann reikning ætla jeg að skrifa stóru orðin hans. H. þm. (S. St.) játaði það, að hann vildi taka þessar krónur undan yfirráðum þingsins, því hann treysti því ekki meira en svo til að fara skynsamlega með þær. Þannig sagði hann, að sín 28 ára þingreynsla væri. Þetta er næsta sorgleg játning. Jeg er enn ungur þingmaður, en það vona jeg, að hamingjan gefi, að ef það á fyrir mjer að liggja að sitja jafnlengi á þingi og h. þm. (S. St.) hefur gert, að jeg þá þurfi eigi að gera sömu játningu, sem hann gerði nú.

H. þm. (S. St.) talaði um princip okkar og fanst lítið um. Jeg kannast fyllilega við það, að jeg vil fylgja princípum; þannig vil jeg, að þingið geri sem minst að því, að binda hendur sínar um langan tíma,

það getur rekið að því, að það neyðist til að slita þau bönd og rjúfa þær skuldbindingar sínar. En slíkt má ekki eiga sjer stað; þingið verður fullkomlega að standa við það, sem það hefur einusinni gert. Það má víst með sanni segja, að alt of lítið sje fylgt *principum í fjármálapólitík vorri*, og ætli hin sorglega reynsla hv. þm. (S. St.) stafi ekki að miklu leyti af því. Það er því ekki rjett að víta það, þótt einhverjir vilji koma meiri festu á meðferð fjármálanna, fylgja nokkurnveginn föstum principum í þeim málum.

Sigurður Stefánsson, framsögum.: Það er ekki rjett hjá háttv. 6. kgk. (G. B.), að jeg segði það við 1. umr. þessa máls, að jeg væri á móti að kaupa strax skip til landhelgisvarna, heldur taldi jeg, að við værum ekki svo miklir menn, að við gætum keypt skipið strax; hagur landssjóðs væri ekki svo góður, og svo verð jeg að játa það, að jeg hef ekki það sjálfstraust, að jeg eða aðrir værum svo miklir menn, að jeg treysti okkur til að undirbúa þetta mál á fáum vikum, svo vel sje. Jeg sje, að það koma hjer fram mörg frumv., sem eru illa undirbúin. Jeg verð að líta svo á, að það sjeu engin tök á því fyrir þingið, að rannsaka þetta mal, svo vel sje, sem maður segir, en sje flanað að þessu máli, gæti það orðið til þess, að spilla fyrir framgangi málsins í framtíðinni, Þetta vona jeg að allir háttv. þm. skilji, einkum maður, sem er jafn velviljaður þjóðinni og háttv. 6. kgk. þm. (G. B). En ef þeir háttv. 6. kgk. (G. B.) og háttv. 3. kgk. þm. (Stgr. J.) treysta sjer til þess að undbúa málið, svo vel sje, og koma fram með það, þá skal ekki standa á liðsinni mínu, en jeg tek það fram, að jeg vil ekki flana út í það illa undirbúið eða undirbúningslaust.

Hitt tók jeg líka fram við 1. umræðu, að jeg teldi sjálfsagt, að við skildum ekki svo á þessu þingi, að við ekki skoruðum á stjórnina að undirbúa málið til næsta þings; það tel jeg hinn eina rjetta þinglega veg, til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Jeg er því fús til þess, að vera með háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) um tillögu um það efni, alveg eins og ef hann kemur með gott og vel undirbúið frumvarp nú.

Kann vel að vera, að það sje rjett, að jeg sje of varfærinn. Jeg hef altaf varfærinn viljað vera. En það hygg jeg, að allir játi, að með frv. þessu sje stigið spor í áttina, spor, er þarf að stiga, samhliða því, sem málið er vel rannsakað, áður en það kemur til framkvæmda.

Það er ekki rjett, að segja, að sjóður þessi sje arðlaus, því þó að hann sje arðlítill fyrir landssjóðinn, meðan hann ekki er notaður, þá á hann að vera arðsamur fyrir bankann, því með honum er veltufje bankans talsvert aukið. Og hann yrði því lánaður út til arðs og hagnaðar fyrir viðskiftamenn bankans og kæmi að því leyti þjóðinni að notum.

Háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) sagði, að maður mætti ekki láta tölurnar í landhagsskýrslurnar villa sig, og er það alveg rjett. Maður má heldur ekki, eins og hann sagði, gera oflítið úr landbúnaðinum. En það hygg jeg, að *nú* orðið sje eins mikið flutt út hlutfallslega af landbúnaðarvörum og sjávarafla, því bændur selja sannarlega ekki alllítið af afurðum sínum út úr landinu. Hitt er annað mál; á það datt mjer ekki í hug að bera brigður, að landbúnaðurinn í raun og veru gefi meiri arð, þeim er hann stunda, tiltölulega, er lítið er á veltufje hans, en sjávarútvegurinn, og ummæli mín má enginn skilja svo, að jeg vilji kasta nokkurri rýrð á landbúnaðinn, síður en svo, því um hann má segja, að með honum standi og falli þjóðerni vort.

Mjer dettur því ekki í hug, að telja eftir Ræktunarsjóðinn eða styrkinn til Búnaðarfjelags Íslands, jeg tel það meira að segja gott fyrir alþingi, að þurfa ekki

að vasast í úthlutun hinna ýmsu smærri styrkveitinga, og jeg ber ekki þar eins gott traust til tillögu háttv. þm. og til tillagna frá þeim mönnum, er geta lagt höfuðið í bleyti alt árið, til þess að íhuga, hvernig fjenu verði bezt varið.

Jeg hef aldrei sagt, að alt hjer á landi væri komið undir framgangi og efling sjávarútvegsins, eins og háttv. 6. kgk. (G. B.) sagði (Guðm. Björnsson: Jeg sagði ekki það, heldur að það væri oft sagt), — þá er mjer nóg, en hitt sagði jeg, að landssjóður hefði nú margfalt meiri tekjur af sjávaraflanum en af landbúnaðinum, og við það stend jeg.

Þar sem háttv. 3 kgk. þm. (Stgr. J.) talaði um að kaupa skipið strax (Stgr. J.; Jeg sagði ekkert um það), þá hef jeg áður svarað því.

Jeg sagði ekki, að allur sjávarútvegur væri að fara í hundana, heldur að bátfiskiveiðum vorum væri háski búinn. En ef bátveiðin fellur, þá er höggvið stórt skarð í velmegun og tekjur þjóðarinnar.

Jeg hef þá ekki meiru að svara að sinni, en vildi óska þess, að við værum ekki að krukka í þessar 5 þúsund krónur, heldur lofuðum háttv. Nd. að hafa fyrir því; hún er líka aðalfjármáladeildin hjer. En jeg tek það jafnframt fram aftur, að komi fram vel undirbúið og gott frumv. um kaup á varðskipi strax, þá ljæ jeg því fylgi mitt, svo framarlega sem fjárhagur landsins leyfir það.

Guðmundur Björnsson: Aðeins örfá orð.

Við erum sammála um það, háttv. þm. Ísaf. (Sig. Stef.), að það sje vitanlega rjettast, að framkvæma nú á þessu þingi kaup á landvarnarskipi, en hann hefur ekki treyst sjer til þess, að undirbúa kaupin, en sagðist hins vegar gjarnan vilja styðja málið, ef við háttv. 3. kgk. þm. (Stgr. J.) kæmum með það.

Það er svo í lífinu, að menn skifta með sjer verkum, og eins gera menn hjer á Alþingi.

Þetta er hentugt. Verkin vinnast betur.

Hjer er um eitthvert heitasta áhugamál háttv. þm. Ísaf. (Sig. Stef.) að ræða, og því hefði *hann* átt að undirbúa það.

En út úr þessu vekst líka upp hjá mjer umhugsunin um það, að háttv. þingmenn bera hjer fram í þingsalnum allskonar frumvörp, er þeir segja að sjeu hjartans mál sín, en þessi frv. eru öll meir eða minna óundirbúin, það er eins og þeir hafi ekkert hugsað um þau, ekkert vitað af þessum hjartans áhugamálum sínum, fyr en þeir bera þau fram í frumvarpsformi.

Úrræðið er þá þetta, að skora á stjórnina.

Og þetta gera menn, þó þeir hljóti að vita, að stjórnin á oft annríkt og getur ekki komið öllu í verk, sem af henni er heimtað.

Það er líka eðlilegt, því stjórnin hefur yfir tiltölulega fáum mönnum að ráða, og þeir geta vitanlega ekki haft sjerþekkingu í öllum greinum.

Samt er það nú svona; alt á stjórnin að gera.

Hefði nú ekki verið betra, ef háttv. þm. Ísaf. (Sig. Stef.) hefði hugsað um þetta mál fyr, og notað t. d. allan veturinn heima í Vigur til þess í ró og næði að undirbúa málið sem bezt. Jeg er sannfærður um það, að hann hefði getað aflað sjer góðra upplýsinga um málið hjá útgerðarmönnum o. fl.. og getað lagt málið vel undirbúið fyrir þingið.

Æskilegt hefði það verið, og óneitanlega á það svo að vera, að þingmenn hugsi landsmálin heima, áður en þeir koma inn í þingsalinn.

Ekki er jeg að lasta háttv. þm. Ísaf. (Sig. Stef.) með þessu, síður en svo, hann er hjer jafnvís og aðrir, því það er orðinn siður, að menn kasta stórmálum alveg óhugsað inn í þingið.

Dæmin eru deginum ljósari.

Og stingi nú hver hendi í sinn eigin barm, og hann mun finna, að hann á hjer hlut að máli.

Brtill. á þgskj. 137 feld með 8 : 4 atkv.

Frumv. samþ. með 12 samhlj. atkv. og afgreitt til Nd.

---

2. *Till. til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga samgöngumál á sjó (112); hvernig ræða skuli.*

Forseti: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á einni umræðu um þessa þingsályktunartillögu. og ef enginn háttv. þm. hefur neitt við það að athuga, þá skoða jeg það sem samþykt.

---

3. *Frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju* (94) 1. umr.

Sigurður Stefánsson, flutningsmaður: Jeg flyt þetta mál hjer fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar; hún ætlar sjer að byggja hafnarbryggju fyrir bæinn, og telur sig þurfa að fá til þess eignarnámsheimild þá, er hjer ræðir um. Á Alþingi 1911 var samþykt samskonar frv. til handa bæjarstjórninni undir barnaskóla, er hún ætlaði þá að byggja og nú er kominn á fót, svo jeg lít svo á, að jeg þurfi ekki frekar að rökstyðja frv., fyr en þá mótmæli koma.

Jeg vona, að háttv. deild sýni frv. þessu alla velvild, og lofi því að ná fram að ganga.

Frv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

---

4. *Frv. til laga um löggilding verzlunarstaða í Karlseyjarvík við Reykhóla og í Hagabót í Barðastrandarsýslu* (111); 1. umr.

Hákon Kristoffersson, flutningsm.: Jeg hef leyft mjer, að koma fram með þetta frv. samkv. ósk manna úr hlutaðeigandi hreppum, og jeg hef skýrt háttv. þm. frá ástæðum þeim, er liggja til grundvallar fyrir frv., og legg jeg svo málið á þeirra vald.

Hvað Hagabót snertir, vil jeg geta þess, að þar er starfandi kaupfjelag, sem gæti ef til vill haft hagnað af löggildingu þar, og á Karlseyjarvík skildist mjer þeir hefðu það í hyggju, að setja upp söludeild í sambandi við kaupfjelag þar, og hyggja, að það standi betur að vígi með það, ef þetta frv. nær fram að ganga.

Jeg vona, að háttv. deild sýni frv. þessu sömu velvild, og löggildingar hafa átt að sæta á fyrirfarandi þingum, og lofi því að ná fram að ganga.

Frv. vísað til 2. umr. í e. h.

---

5. *Frv. til landskiftalaga* (101); 1. umr.

Jón Jónatansson, flutningsmaður: Jeg þykist vita, að háttv. deild komi ekki á óvart, þó að frumv. um þetta efni sje komið fram, því þó þetta frumv. sje að sumu leyti nýtt, þá er málið ekki nýr gestur hjer á þingi. Er þess skemst að minnast, að á þinginu 1911, er frumvarp um breytingu á ábúðarlögunum var hjer til meðferðar, tók nefnd sú, er skipuð var í það mál hjer í háttv. deild, uppí það frumvarp nokkur ákvæði um skiftingu lands milli sjerbýla. Það mál varð þá ekki útrætt hjer á þingi.

Til þess að tryggja framgang þessa máls hefur mjer og meðflutn.m. mínum þótt rjettara að koma með sjerstakt frumv. um þetta, því óvíst er, hve greiðlega gengur að koma ábúðarlögum fram, enda á þetta betur heima í sjerstökum lögum.

Samnotin á óskiftu landi eru oft erfið og óþægileg að ýmsu leyti, og þarf að setja reglur um skiftin á þessu landi, og þess er nú orðin brýn þörf. Við flutningsmennirnir höfum litið á þessa þörf, og því höfum við komið fram með frumv. þetta.

Um þörfina og ástæðuna fyrir þessu frumv. þarf jeg annars ekki að vera margmáll. Eftir því, sem ræktun landsins eykst, eftir því verður þörfin brýnni fyrir því, að hver einstakur geti búið að sínu í fullu sjálfræði um not landsins, en þar er sameignin og samnotin á óskiftu landi þröskuldur í vegi. Landaskifting þessara sameignarlanda greiðir fyrir því, að hver einstakur eigandi geti girt landið, ræktað það og notað eftir því, sem honum hentar bezt. Með þessu er til þess ætlazt, að hver einstakur geti krafizt skiftanna, og svo þarf að vera; vernda með því rjett lítilmagnans, svo hann geti farið með litla blettinn sinn, eins og honum bezt líkar. Eins og nú er, er rjettur hans fyrir borð borinn. Eins er það, að með því að fá landinu skift, yrði greiðara um úthlutun lands til nýbýla og nýyrkinga. Víða er til ræktunarhæft land, sem til þess væri vel fallið, en er óskift sameignarland fleiri manna, og sumir eigendanna vilja ekki láta neinn blett af hendi, en aðrir eru fúsir til þess. Þegar slíku landi er skift, er hver sjálfráður um sitt, einnig að þessu leyti. Eins og allir viðurkenna; þá er aukin ræktun landsins sjálfsagt skilyrði fyrir framförum þjóðarinnar, en eins er það líka sjálfsagt, að sjálfstæði í þeim efnum, er hjer ræðir um, er nauðsynlegt skilyrði til ræktunarinnar.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til, að fara fleiri orðum um frumv. og efni þess; jeg geri ráð fyrir, að það verði athugað í nefnd. Aðeins skal jeg geta þess, að 3., 4. og 11. gr. frv. eru teknar eftir frumv. ábúðarlaga-nefndarinnar hjer í háttv. deild 1911. Nýmælin í frv. eru helzt um það, hverskonar land geti komið til skifta, og hvernig eigi að framkvæma skiftin. Auk þess eru hjer ýms ákvæði um, hvernig eigi að fara með samnotalandið, á meðan að því er ekki skift.

Málið er svo mikilsvert, að það þarf að athugast í nefnd, og vænti jeg, að háttv. deild sýni því þann sóma, og legg jeg því til, að kosin sje 5 manna nefnd, til þess að íhuga mál þetta og fara með það hjer í deildinni, að þessari fyrstu umræðu lokinni.

Frumv. vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

5 manna nefnd sþ. í einu hlj. Nefnd kosin samkv. lista:

Jón Jónatansson,
Jósef Björnsson,
Júlíus Havsteen,
Einar Jónsson,
Guðjón Guðlaugsson.

Í nefndinni var Júlíus Havsteen kosinn formaður og Jón Jónatansson skrifari.

---

14. fundur. Miðvikudaginn 22. júlí, kl. 1. síðdegis. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911* (127); 1. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Vegna þess að mönnum hjer í deildinni hefur ekki enn þá gefizt kostur á að íhuga þetta frv.. sting jeg upp á að kosin sje nefnd til þess að athuga það nánar.

Málinu vísað til 2. umræðu í einu hlj.

Samþ. í e. h. að kjósa 3 manna nefnd, og hlutu þessir kosningu:

Sigurður Stefánsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Steingr. Jónsson.

Í nefndinni var Steingr. Jónsson kosinn formaður og Sig. Stefánsson skrifari.

---

2. *Frv til laga um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi* (128); 1. umr.

Steingr. Jónsson: Með því að deildinni ekki hefur gefizt nægilegt tækifæri til þess að kynna sjer þetta frv., sting jeg upp á, að kosin sje 3 manna nefnd til að íhuga það.

Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Samþ. í e. h. að kjósa 3 manna nefnd og hlutu þessir kosningu:

Sigurður Eggerz,
Steingr. Jónsson,
Sig. Stefánsson.

Í nefndinni var Sigurður Eggerz kosinn formaður og Steingrímur Jónsson skrifari.

---

3. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum* (129) 1. umræðu.

Jósef Björnsson: Þótt þetta frumv. sje ekki umfangsmikið, tel jeg samt sjálfsagt, að það verði athugað í nefnd og legg því til, að kosin verði 3 manna nefnd, að lokinni umr.

Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Samþykt í einu hljóði, að kjósa 3 manna nefnd og hlutu þessir kosningu.

Jósef Björnsson,
Eiríkur Briem,
Þórarinn Jónsson.

Í nefndinni var Eiríkur Briem kosinn formaður, og Jósef Björnsson skrifari.

---

4. *Frv. til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland nr. 54, 11. júlí 1911, 1. gr. 15* (126); 1 umr.

Forseti: Með því að enginn tekur til máls, er þessari umr. lokið.

Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

5. *Frv, til laga um friðun æðarfugla* (88, 141); 2. umr.

Sigurður Stefánsson, framsm.: Jeg vil fyrir nefndarinnar hönd leyfa mjer að gera grein fyrir frv. og þeim breytingum, sem nefndin hefur gert á því. Í 1. grein er farið fram á, að sektir fyrir æðarfuglsdráp sjeu hækkaðar til muna; nú eru þær 10—100 kr. fyrir hvern drepinn fugl, en samkvæmt frv. eiga þær að vera 50—100 kr., og skal sektin tvöfaldast við hverja ítrekun brotsins. Um þetta ákvæði má auðvitað margt segja. Nefndinni duldist ekki, að menn kynnu að verða tregari til að ljósta upp brotum, ef sektirnar væru svona háar, því að margir mundu af brjóstgæðum vilja hlífa fátækum mönnum við slíkum fjárútlátum. Einnig ber þess að gæta, að sá hugsunarháttur er almennur hjer á landi, að mönnum sje óvirðing að því, að ljósta upp lagabrotum; en sá hugsunarháttur sprettur af engu öðru en kæruleysi um almennings hag og alment velsæmi, og væri betur, að hann hyrfi sem fyrst. Það er vegna þessa kæruleysis, að mönnum getur haldizt hjer uppi, að drýgja lagabrot ár eftir ár án þess að yfirvöldin fái nokkra tilkynning um það. En nefndin lítur svo á, sem það ákvæði, að uppljóstarmaður eigi að fá $^2/_3$ af sektunum, muni vega nokkuð upp á móti þessu, því að flestir líta þó fyrst og fremst á eigin hagsmuni sína. Nefndinni gekk það ennfremur til að hækka sektirnar, að reynslan hefur sýnt, að lögreglustjórar hafa ríka tilhneigingu til að dæma menn í hina lægstu sekt, einnig þegar um ítrekuð brot er að ræða.

Um 2. gr. er það að segja, að þar er tekið upp það ákvæði úr því frv., sem upphaflega var flutt hjer inn í deildina, að öllum er bannað, að selja eða kaupa eða á nokkurn hátt að láta af hendi æðaregg til annara utan heimilis síns. Þetta ákvæði hefur sætt nokkrum mótmælum. Menn hafa sagt, að varpeigendur muni sjálfir bezt

kunna að sjá hag sinn, og að rjettast sje, að leyfa þeim að gera af frjálsum vilja alt það, sem þeir álíti að atvinnuveg sínum sje fyrir beztu. Menn geta þó ekki neitað því, að eggjatakan er stórkostlega skaðleg fyrir varpið, og að ekki er ýkjamikill munur á því, að ræna eggjunum og að drepa fuglinn. Því fleiri egg sem skilin eru eftir í hreiðrunum, því fleiri verða fuglarnir. Jeg hef raunar ekki allsjaldan heyrt þá furðulegu kenning, að varpið vaxi ekkert frekar fyrir það, þótt eggin sjeu tekin. En sú skoðun er alveg gagnstæð öllu náttúrlegu eðli. Það er eins og ef sagt væri, að sauðfjenu fækkaði ekkert við það, að lömbin væru drepin. — Reynslan hefur margfaldlega sýnt og sannað, að margir varpeigendur taka miklu fleiri egg en góðu hófi gegnir. Það er þessi smuga í lögunum, að þeir mega *gefa* egg, sem þeir hafa notað sjer. Þeir hafa selt egg undir því yfirvarpi, að þeir gæfu þau. Það tjáir ekki, að vjefengja þetta; þeir taka svo mikið af eggjum sumir, að það er óskiljanlegt annað en að þeir selji talsvert af þeim. Greindur og sannorður maður hjer hefur sagt mjer, að árlega komi hingað til bæjarins svo þúsundum skiftir af æðareggjum ofan af Mýrum. Er það nú trúlegt, að Mýramenn sjeu að senda hingað gefins heila bátsfarma af eggjum? Jeg fyrir mitt leyti verð að játa það, að jeg mundi ekki tíma því, að gefa svo dýrmæta eign. Jeg á marga kunningja og mundi mjer þykja vinátan við þá fulldýr, ef jeg ætti að gefa þeim öllum egg, eins og þeir hafa lyst á. Nei, samkvæmt núgildandi lögum er ágjörnum varpeigendum *mögulegt* að gera sjer stundarhag af eggjasölu, og þessvegna er sjálfsagt að breyta lögunum. Nefndin vonar, að með 2. gr. frv. muni takast að girða fyrir þennan ósið. Hitt er auðvitað ekki bannað, að taka þau egg úr hreiðrunum, sem tilgangslaust er að liggi þar, og jafnvel nauðsynlegt er að taka burtu. Slíkt heyrir til góðrar hirðingar á varpi og stundum geta þessi egg verið vel æt, þótt oftast sjeu þau óborðandi. — Nefndinni þótti rjett að bæta því við þessa grein, að mönnum skyldi þó heimilt að láta af hendi eggskurn til vísindalegra þarfa. Bæði skólar og einstakir vísindamenn leggja mikla stund á að koma sjer upp eggjasöfnum, og er sjálfsagt að styðja það. Nefndin er ekkert hrædd við, að slík heimild yrði nokkurn tíma misbrúkað.

3. gr. er tekin orðrjett upp úr núgildandi lögum, en 4. gr. er um sektir fyrir brot gegn 2. og 3. gr. Þótt eggjataka og fugladráp sje í rauninni hjer um bil hið sama, þá þótti nefndinni samt ráðlegast að hafa eggjatökusektirnar helmingi lægri. En tvöfaldast eiga þær við ítrekun, alveg eins og sektirnar fyrir dráp á æðarfugli.

5. gr. er tekin úr veiðitilskipuninni frá 1849, með töluverðum breytingum. Í tilskipuninni er bannað, að „skjóta úr fallbyssu nær friðhelgu æðarfugla eggveri, en í hálfrar mílu fjarlægð, og úr annari byssu nær, en fjórðungur mílu sje til eggvers“. Þetta bann nær yfir alla tíma árs. Nefndinni þótti þetta fullhart ákvæði og vill aðeins láta bannið ná yfir tímabilið frá 15. apríl til júlímánaðarloka. Nefndin vill rökstyðja þessa breytingu með því, að utan varptíma er fuglinn ekki bundnari við varplöndin en aðra staði, hann dreifist þvert á móti eftir varptímann vegna þess, að í varplöndunum er þá orðið svo lítið um fæðu handa honum. Nefndinni þótti ekki þörf á að takmarka veiðirjett manna frekar en þetta, og þótti því rjett að rýmka ákvæði tilskipunarinnar í þessu efni, svo að menn t. d. gætu óhindraðir skotið seli sem lengstan tíma ársins. Mílum og föðmum hefur í frv. verið breytt í kílometra. Það er satt, að 4 km. eru dálítið meira en $^1/_2$ míla, en sú útfærsla friðunarsvæðisins nemur svo litlu, að nefndin vonast eftir, að engum mótmælum verði hreyft út af því.

6. gr. frv. er tekin úr veiðitilskipuninni

með dálitilli breyting. Þar er bannað, að „leggja hrognkelsanet eða önnur veiðinet nær eggveri friðhelgu, en tvö hundruð faðma tólfræð sje þangað á báðar hliðar og á sjó út frá grynnra hálsi netanna að stórstraumsfjörumáli". Þetta bann gildir um tímabilið frá aprílmánaðarlokum til 1. dags ágústmánaðar. Nefndin vill nú gera þá breyting á þessu, að tíminn sje færðar fram að vorinu, þannig að bannið gildi frá 1. apríl, en hins vegar vill hún ekki láta það ná lengur en til júnímánaðarloka, því að þá má gera ráð fyrir, að varptíminn sje á enda. Vitaskuld liggur þá einstaka kolla enn þá á eggjum, en allur meginhluti fuglsins er þá horfinn frá varplöndunum. Nefndin vill ennfremur gjöra þá breyting, að net megi leggja á þessu tímabili, ef leyfi varpeiganda er til, því að netin eru, að hennar hyggju, varpinu ekki nærri eins skaðleg og menn hafa haldið. Það eru oft ekki fleiri en 2—3 fuglar, sem flækja sig í neti alt vorið. Það hafa oft verið mörg hundruð faðmar hrognkelsaneta kringum Vigur og hefur aldrei neinn bagi hlotizt af því. Það má auðvitað drepa fuglinn hópum saman í netum, ef egnt er fyrir hann og aðrar veiðibrellur við hafðar, — þá geta netin verið margfalt háskalegri en byssurnar. — Úr veiðitilsk. er það ákvæði tekið, að varpeigandi megi láta taka upp net, sem ólöglega eru lögð, en skila verður hann þeim aftur, þegar sá, sem lagði, hefur goldið sekt sína og kostnaðinn við upptöku netanna eftir óvilhallra manna mati.

8. gr. frv. er að efni til samhljóða 13. gr. veiðitilskipunarinnar, nema hvað sektarákvæðin hafa verið gerð harðari. Nefndin vildi hafa sektirnar háar, því eins og jeg tók fram áðan, má drepa fuglinn unnvörpum, ef hrognkelsahrognum og öðru því, sem honum þykir lostætast, er egnt í netin.

Þá kemur 9. gr. frv. Hún er að mestu leyti samhljóða 9. gr. veiðitilskipunarinnar 20. júní 1849, og er um það, að sýslumenn skuli friðlýsa öllum æðarvörpum í lögsagnarumdæminu. Þetta ákvæði er nokkru fyllra í tilskipuninni. Ef einhver háttv. þingm. vildi hafa þetta ákvæði öðru vísi, og vildi, að hlutaðeigandi hefði gert meira, en segjast ætla að taka upp æðarvarp, og að hann hefði sýnt einhver merki þess í verki, áður en hann fengi varpi friðlýst, má koma með breyttill. um það.

Þá kemur 10. gr. Í 17. gr. tilskipunarinnar var hafnsögumönnum gert að skyldu, að leiða athygli útlendra skipstjórnarmanna að friðunarákvæðum veiðitilskipunarinnar. Nefndin hefur tekið þetta ákvæði inn í 10 gr. frv., en þótti það ekki nægja, heldur vildi hún gera lögreglustjórum og hreppstjórum hið sama að skyldu. Því nýmæli er bætt hjer inn í, að lögin skuli þýdd á útlendar tungur og vera til útbýtingar hjá lögreglustjórum landsins, á íslenzku, dönsku, þýsku, ensku og frönsku. Það er enginn efi á því, að mörg brot útlendinga á friðunarlöggjöf vorri stafa af vanþekkingu. Jeg veit vel þetta frá Ísafirði. Eitt sinn kom skipstjóri þangað með 20 æðarfugla, sem hann hafði skotið. Aumingja maðurinn hafði ekki neina hugmynd um, að fuglinn var friðaður. Ef lögreglustjóri og hreppstjórar ljetu sjer umhugað um, að vekja athygli útlendinga á þessum friðunarlögum, mundu brotum gegn þeim fækka meðal löghlýðinna útlendinga. Hitt er aftur vafamál, hvort dráp á æðarfugli mundi fækka meðal útlends trantaralýðs, er hefst við hjer við land. Jeg á hjer við norska hvalveiðamenn, ekki við yfirmenn þar, heldur undirmenn þar. Þá er þeir komu til Vestfjarða, hófst þar byssuöld. Þeir seldu hverjum, sem vildi, byssu fyrir lítið verð, fyrir brennivín og þess háttar, og og þá gerðist mikil breyting á í þessu efni frá því, sem áður hafði verið. Áður voru í hæsta lagi 2—3—4 byssur í hreppi,

og þær voru í höndunum á ráðnum og rosknum mönnum, er notuðu þær til refaveiða og selveiða, en nú urðu þær 20—30 og flestar í höndum óráðinna unglinga, sem skutu á alt, sem fyrir varð, og síðan hefur þessi óöld haldizt við á Vestfjörðum, æðarvarpinu til stórtjóns, og stafar hún í fyrstu frá hvalveiðamönnunum.

Ákvæði 11. gr. eru eins og ákvæði um þetta eru í gildandi lögum.

Um 12. og 13. gr. þarf ekki að fjölyrða.

Þá er eitt, sem mjer hefur dottið í hug, en sem jeg hef þó ekki leitt í tal við nefndina, og það er, hvort það ætti ekki að taka það fram í lögum, að það heyrði undir hegningarlögin, er farið er í varp og stolið þar bæði dún og eggjum og drepinn æðarfugl. Jeg fyrir mitt leyti álít slíkt ekkert annað en þjófnað. Það getur vel verið, að varpeigendum sje nú innan handar að hefja sakamálskærur fyrir slík brot, og að sýslumenn gætu farið með slík mál sem sakamál. Jeg skal ekki segja neitt um, hvórt ágreiningur er meðal lögfræðinga eða ekki um þetta efni. En mjer finst, að það hljóti að vera rjett og heilbrygð skynsemi, að segja hverjum manni, að það sje glæpur að fara í annara manna lönd og stela þar eggjum og dún. En jeg veit, sem sagt, ekki, hvernig farið er með slík mál. Það fer, ef til vill, eftir, hvernig málin eru uppborin. En mjer finst, að lögreglustjórar hljóti að fara með þesskonar mál sem sakamál. En sem ólögfróður maður skal jeg ekki fara meira út í þá sálma.

Jeg skal svo ekki þreyta háttv. deild með lengra máli að þessu sinni. Jeg skal ekki tala um þær brtill., sem fram hafa komið við frv. nefndarinnar, fyr en jeg hef heyrt háttv. flutnm. þeirra færa ástæður fyrir þeim.

Guðmundur Björnsson: Eins og hv. deild er kunnugt, hef jeg leyft mjer, að koma fram með ýmsar brtill. við frumv. Jeg tek það fram, að þær eru ekki fram komnar af því, að jeg vilji ónýta mál þetta fyri flutnm., nje af því, að jeg sje mótfallinn nýjum lögum um þetta efni, nje af því að jeg vilji eyða dýrmætum tíma þingsins að óþörfu, heldur af því, að jeg tel frv. með öllu óaðgengilegt, eins og það er nú gert úr garði.

Að svo mæltu sný jeg mjer að brtill. minum.

Fyrsta tillagan er við 1. gr. og fer fram á, að framan við hana komi svofeld málsgrein: „Æðarfugl skal friðaður á öllum tímum árs. Þó er heimilt að veiða æðarblika frá 15. júlí til 15. september.

Frá því 1787 (sbr. tilskipun 13 júní 1787, III), hefur það verið bannað að drepa nokkurn æðarfugl og háar sektir lagðar við. Allir reyndustu varpeigendur hafa játað, að það væri gagnlegt að fækka blikunum. Frægustu varpeigendur, t. d. Guðmundur Þorvarðsson og Eyjólfur Guðmundsson, drápu blikana í hrönnum. Sú er ástæða til þessa, að meira er til af blikum en kollum. Eftir varpið fara blikarnir út á sjó, en kollurnar eru eftir í hreiðrunum. Það er álit margra manna, að kollurnar falli meira í hörðu árunum. Þetta er aftur talin ein ástæða þess, að meira er til af blikum en kollum. Blikarnir gera stundum usla í varplöndunum, því að þeir fara oft ekki burt nærri allir fyr en varpi er lokið (*Sig. Stef.*: þeir fara einmitt). Jeg hef þekking mína frá miklu frægari og fróðari varpmanni en hv. þm. Ísf. (S. St.), Eyjólfi Guðmundssyni. Hann gerði sjálfur mikið að því, að fækka blikunum. Og því tel jeg rjettast, að heimila, að veiða þá 3 mánaða tíma, frá 15. júlí til 15. sept.

Þá kemur 2. liður brtill. minnar við 1. gr., og fer hann fram á, að í stað 50 kr. til 100 kr. sektar fyrir dráp á æðarfugl, komi 5 kr. Þessar sektir hafa farið hækkandi. Í tilskipuninni 1787 voru þær 3 mörk.

Þessu ákvæði var haldið í veiðitilskipuninni 1849. En 1890 voru þær hækkaðar. En hvað sjáum við? Aldrei drepið meira af æðarfugli, en eftir það. Það er öldungis víst, að því hærri sem sektirnar eru, því meira verður drepið. Þetta stafar af því, að síður er kært, er sektirnar eru háar. Veldur þessu bæði vorkunnsemi, og eins hitt, að menn vilja ekki liggja undir því ámæli, að þeir kæri til að fá uppljóstursfje. Því eru háar sektir ekki hentugar. Það er nóg, að sektin sje svo há, að hún nemi meira en verðmæti fuglsins. Og æðarfuglinn er ekki 5 kr. virði.

Svo framarleega sem sektir eiga að koma að gagni, mega þær ekki vera alt of háar. Þær eru næsta iskyggilegar, þessar 100 kr. sektir, ef ísár og hallæri ber að höndum. Þá kemur það sjer illa fyrir lögreglustjóra, að þurfa að dæma fátækan mann í háa sekt fyrir að hafa drepið æðarfugl sjer til bjargar. Hvað á sýslumaður að gera, þegar slíkan vanda ber að höndum? Jeg þekki eitt dæmi þess af Norðurlandi, að auðmaður einn átti æðarvarp, og fátæklingur einn, er bjó þar skamt frá, lagði net fyrir fuglinn og fjekk 7 fugla. Þetta var kært, en sýslumaður sinti því ekki. Þá er að því var fundið, að sýslumaður sinti ekki kærunni, svaraði hann: „Hver á fyr að falla, fuglinn eða maðurinn?“ Og mörgum lögreglustjórum mun farast á líkan hátt.

Eftir frv. á það eigi að vera leyfilegt, að selja, kaupa nje láta egg af hendi. Þessu vil jeg breyta, eins og brtill. mín ber með sjer. 1890 var bannað að selja æðaregg. Þó að það sje sagt og sje satt, að allmikið hafi verið gefið af eggjum, þá er það víst, að eggjataka hefur minkað mikið síðustu 20 árin. Ef maður lítur nú á skýrslurnar um útfluttan æðardún, þá sjest, að engar framfarir eru í þessari grein, en að öllum öðrum atvinnugreinum fleygir fram. Hjer stendur alt í stað, þrátt fyrir þessi „spartversku lög“, er vjer höfum um þessi efni. Ef jeg væri þess viss, að lög þessi kæmu að haldi, skyldi jeg greiða atkvæði með þeim, jafnvel þótt ætla mætti, að varpeigendur hefðu vit fyrir sjálfum sjer í þessum efnum. En þingið verður oft að semja lög, er skylda menn til að gera það, er þeim sjálfum er fyrir bestu, og þeir ættu að gera af sjálfsdáðum. En jeg hef engar sönnur heyrt færðar fyrir því, að þessi lög komi að gagni. Og jeg veit með vissu, að margir varpeigendur telja alls ekki skaðlegt, að taka egg. Það sannar ekkert í þessu efni, þótt hægt sje að tilfæra dæmi þess, að varp hafi vaxið, þar sem egg voru ekki tekin. Það má líka nefna dæmi þess, að varp hafi þróast og þroskast, þar sem egg voru tekin. Og margir bestu varpmenn segja líka, að best sje að taka 1—2 egg úr hreiðri. Og gæti menn nú að, *hvað* bannað er, þá eru það engir smámunir. Eftir því, sem ráða má af dúntekjunni, eru um 300 þús. æðarhreiður í landinu — í minsta lagi. Gerum ráð fyrir, að 2 egg væru tekin úr hverju hreiðri, og metum eggið 10 aura. Það nemur 60 þús. kr. Það er með öðrum orðum 60 þús. kr. virði, sem hjer er verið að banna landsmönnum að hirða. Og dúnninn sjálfur gefur ekki af sjer nema 70—80 þús. Það er því stór tekjugrein, sem varpeigendur eru sviftir, er þeim er bannað að selja egg, og mjer virðist þeim hlunnindum vera kastað í sjóinn; það er dálítið skrítið, að þjóð, sem barmar sjer jafnmikið yfir basli og bágindum og Íslendingar, skuli hafa efni á, að kasta jafnágætum mat í sjóinn. Það er skrítinn búskapur. (*Sigurður Stefánsson*: Þetta er alt rangt). Nei, það er rjett, og það skal verða sannað síðar, svo að jafnvel háttv. þm. Ísf. (S. St.) verði að játa, að það er rjett.

Þessi lög geta í framkvæmdinni orðið mjög ómannúðleg, t. d. ef harðindi ber að höndum. Og mig furðar á að heyra

og sjá háttv. þm. Ísf. (S. St.) halda þeim fram, eftir þessa hjartnæmu ræðu, sem hann hjelt hjer í gær um bágindi fátæklinganna. Það er eins og hann hafi skilið alla hjartagæzkuna eftir heima í dag.

Yfirleitt hygg jeg, að ekki verði sannað, að bannið gegn eggjatökunni hafi unnið þeirri atvinnugrein, er það átti að vernda, nokkra bót, en hins vegar hefur það orðið atvinnurekendunum til stórtjóns.

Þá kem jeg að þessari dæmalausu lagagrein, að enginn megi hirða, kaupa eða selja dauða æðarfugla. Ein brtill. mín fer fram á að fella hana í burtu. Það vita margir Norðlendingar, að dauðir æðarfuglar liggja oft í hrönnum á ís. Og þetta á að banna mönnum að hirða. Þeir góðu menn, sem berjast fyrir þessu frv., mega þó vita það, að alþýða manna hefur á harðæristímum og ísárum orðið að leggja sjer verra til munns en dauða, helfrosna æðarfugla. Það var ekki fyr en 1890, að farið var að banna mönnum að hirða dauða fugla. Til þess tíma náði bannið að eins til lifandi fugla. Og þetta bann virðist ekki hafa orðið að neinu gagni. Það er samkvæmt minni skoðun jafn ómannúðlegt, að banna að hirða dauða fugla og að banna varpeigendum að gefa egg. Það er hvorki eggjataka nje byssur, er hafa valdið æðarfuglinum mestum bnekki, heldur hafísinn. Fuglinn hefur fallið í hrönnum í ísárum. Það fellur sjálfsagt meira af honum á einu ísári, en drepið er á 20 árum. Það er eins og nú vanti ekki annað í þessi vitlausu lög, en það, að þau banni líka hafísnum að drepa æðarfugl.

Þá kemur brtill. mín við 5. gr. Í frumv. er enginn munur gerður á smábyssum og stórbyssum. Í tilskipuninni 20. júní 1849 var gerður munur á fallbyssum og öðrum byssum. Það var með öðrum orðum heimtað stærra bil fyrir smáskot en stórskot, og það tel jeg heppilegt. Brtill. mín við 5. gr. fer í þá átt.

Þá kem jeg að síðustu greininni í brtill. mínum, sem fer fram á, að varpeigendur skuli bæta nágrönnum sínum það tjón, sem þeir baka þeim með veiðibanni sínu.

Þetta ákvæði er svo mikil fjarstæða, að engu tali tekur, og jafn mikil fjarstæða er það, þótt nokkur undirstaða þessa ákvæðis finnist í 9. gr. veiðitilskipunarinnar frá 20. júní 1849. Það er heldur engin bót í máli fyrir okkur, þótt óhæfileg ákvæði hafi verið sett í lög 1849, þá að taka hin sömu ákvæði upp í lög aftur á því herrans ári 1913, og ekki nóg með það, heldur önnur stórum verri. Í veiðitilskipuninni 1849 eru sett ýms skilyrði fyrir upptöku nýs æðarfuglaeggvers. Þar er svo fyrir mælt, að vili nokkur taka upp slíkt eggver, og *skynsömum mönnum og óvilhöllum sýnist það vel til fallið*, þá skuli hann segja sýslumanni til, en hann lýsi friðhelgi varpsins á næstu manntalsþingum, *ef hann hefur gert nokkur sýnileg nývirki til*, og síðan árlega. Í þessu frv. eru engin slík skilyrði. Nú er það nóg, að fara til sýslumanns og segja honum: „Jeg ætla að koma upp nýju æðarvarpi“; sýslumaður er þá skyldur til að friðlýsa því á næsta manntalsþingi. Nú þarf svo sem ekki að spyrja skynsama menn og óvilhalla, hvort þeim sýnist það vel til fallið. Ekki er heldur verið að leggja þá kvöð á þann, sem segist ætla að koma upp æðarvarpinu, að gera nývirki til undirbúnings varpinu. Með þessu er mönnum í lófa lagið, að taka dýrmæt hlunnindi frá nágrönnum sínum af tómri illgirni eða óvild. Það bætir ekkert úr skák fyrir flutningsmönnum frv., þótt finna megi byrjun vitleysunnar í veiðitilskipuninni frá 1849.

Yfir höfuð minna öll þessi ströngu ákvæði mig á netafarganið við Faxaflóa á árunum, þegar jeg var í skóla. Þá var hvert skilyrðið öðru strangara sett um netalagnir, og öll áttu þau að vera lífsskilyrði fyrir þá, sem við Flóann bjuggu.

Þá reis upp hver fiskispekingurinn á fætur öðrum, og æsingin var svo mikil, að alt ætlaði af göflunum að ganga, Nú er alt þetta fargan dottið um koll, og þegar vjer rennum huganum yfir sögu þess, þá vaknar hjá oss sama hugsunin, sem svo oft endranær, þegar vjer lítum á glapvegu þjóðarinnar. Mikil ógæfa hefur það verið fyrir þjóðina, hvað marga menn hún hefur átt, sem alt hafa þótzt vita, en þó vitað svo sára lítið, alt hafa fullyrt, en ekkert rannsakað til hlítar. Háttv. frsm. (S. St.) sagði sjálfur við 1. umr. þessa máls, að öll hin ströngu ákvæði friðunarlaganna hefðu ekki gert það gagn, sem til hefði verið ætlazt, Þó vill hann enn auka við gagnsleysuna. Jeg er háttv. frsm. (S. St.) alveg samdóma um það, að við þurfum að finna *ný* ráð til að auka æðarvarpið; gömlu ráðin hafa mjög lítið gagn gert.

Jeg skal vera manna fúsastur til að styðja háttv. frsm. (S. St.) í því, að leyta nýrra ráða til að bæta æðarvarpið og auka. Af því jeg vil máli þessu í sannleika vel, þá hef jeg samið frv. um veiðiskap, og ef það fær fram að ganga, er jeg viss um, að það gerir miklu meira gagn æðarvarpinu, en frv., sem nú er verið að ræða um; og verður æðarfuglinum meir til verndar.

Forseti tilkynti áðan, að komin væri til þingsins áskorun um að stuðla að því, að haldin væru lögin um friðun æðarfugls. Það er einkennilegt, að mennirnir biðja ekki um ný lög með strangari ákvæðum; þess finst þeim ekki þörfin brýnust, heldur hins, að þau lög sjeu haldin, sem til eru. Þetta sýnir, að lögin, sem nú eru til, eru fótum troðin, og koma ekki að fullu gagni, og þó á að halda áfram löggjöfinni í sama anda. Aðeins herða á lögunum. Er nokkuð vit í þessu, að vera altaf að höggva í sama farið, þótt enginn sjáist árangurinn? Það er miklu nær, að reyna nú að leita nýrra ráða. Þykist jeg hafa stigið spor í þá átt með brtill. minni á þgskj. 141. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta, og hef jeg þó ekki orðið nærri eins margorður eins og háttv. frsm. (S. St.).

Jeg geri mjer að vísu ekki mikla von um, að brtill. mínar fái framgang í þetta sinn — því miður — en jeg veit, að að því muni reka síðar, að þær verði teknar upp og fái framgang æðarvarpinu til þrifa og varpeigendunum til gleði og gagns.

Framsögumaður (S. St.): Það er stundum svo í mannlegum viðskiftum og orðræðum, að sagt er, að ómögulegt sje að eiga tal við suma menn, af því að þeir hafi ekkert vit á því, sem um er að ræða. Þetta datt mjer oft í hug undir ræðu hv. 6. kgk. þm. (G. B.) svo greindur og glöggur maður, sem hann annars er. Mjer var mesta raun að ræðu hv. þm. (G. B.), því að meira hrúgald af vanþekkingu og sleggjudómum man jeg ekki til að jeg hafi nokkru sinni heyrt. Það var auðheyrt, að hann var að tala um mál, sem hann hefur ekkert vit á.

Það verður alllangt mál að fara gegnum allar br.till. hv. þm. (G. B.). Upphafið á 1. br.till. hv. þm. (G. B.) sýnir berlega mælgistilhneigingu hans. Fyrst enginn má að ósekju drepa æðarfugl, þá leiðir það af sjálfu sjer, að hann er friðaður, það er óþarfi að vera að taka það sjerstaklega fram. Ekki batnar þó, þegar framhaldið kemur. Eftir að sagt hefur verið, að æðarfugl skuli friðaður á öllum tímum árs, kemur þetta: Þó er heimilt að veiða æðarblika frá 15. júlí til 15. september. Fyrir þessari heimskulegu brtill. ber hv. 6. kgk. þm. (G. B,) orð jafn skynsams manns eins og Eyjólfur Guðmundsson var. En hv. þm. (G. B.) rangfærir orð Eyjólfs. Í ritgerð hans um æðarvarp, sem kom út í Andvara — jeg man ekki hvaða ár (*G. B.*: 1877, og það er ekki satt, að jeg ranghermi, jeg hef nýlesið ritgerðina). Í ritgerðinni segist hann geta aðhylzt það, að varpeigendur í mjög þröngum varplöndum

hafi leyfi til að drepa æðarblika; en hann vill ekki, að þetta leyfi nái eitt hænufet út fyrir varplöndin. Mjer er kunnugt um, að hans skoðun var, að yfirleitt ætti að friða blikann jafnt sem kolluna. (*G. B.*: Þetta er ekki rjett, hann segir það geri ekkert, þótt blikinn sje drepinn). Ef svo er, þá er mjer spurn: hvar eiga takmörkin að vera. Tíminn frá 15. júlí til 15. september er einmitt hentugasti tíminn til að drepa blikann, þá er hann saman í þjettum hópum. Með þessu móti mundi hægt að gereyða honum á skömmum tíma. Það er ekki satt, að blikinn sje í varpinu fram til loka varptímans, hann fer í burtu, þegar æðarnar fara að leiða út fyrstu ungana. En það er ekki von, að hv. þm. (G. B.) hafi vit á þessu. (*G. B.*: Eyjólfur Guðmundsson segir það). Það er ekki eftir nema einstaka bliki hjá kollum, sem seint hafa orpið. Það er ekki satt, að blikar sjeu að mun fleiri en kollur. Jeg hef nú um 30 ár talið blikana í varpi mínu, á stærri og minni svæðum, og má heita, að þeir sjeu jafnan nákvæmlega jafnmargir kollunum. Æðarfuglinn lifir í ströngu einkvæni, svo að hver bliki hefur sína kollu og ekki fleiri. Afleiðingin af því, að blikarnir væru drepnir, yrði sú, að svo og svo margar kollur yrðu geldar. Þetta veit jeg, að allir varpeigendur samþykkja með mjer, þó svo 100 6. kgk. þingmenn mótmæltu því. Hefur hv. 6. kgk. (G. B.) talið blika og kollur og komizt að sinni niðurstöðu við reynsluna. Það hef jeg gert. (*G. B.*: Nú ofbýður mjer). Það gerir mjer líka.

Það er satt, að það getur verið álitamál um sektarákvæðin, og þess gat jeg í fyrri ræðu minni; mun nefndin fús á, að taka það atriði til nánari skoðunar. Það var nálega eina ljóstýran í allri hinni löngu ræðu hv. 6. kgk. þm. (G. B.), það sem hann sagði um þetta. En viti menn, það logaði ekki lengi skært á týrunni þeirri. Hv. þm. (G. B.) vill láta færa sektirnar niður í 5 kr. En þessar sektir á alveg eins að gjalda fyrir blikadráp, þrátt fyrir það, þótt hv. þm. (G. B.) beri samtímis upp tillögu um, að drepa megi blika í lagaleyfi.

Hv. þm. (G. B.) fór í gær mörgum orðum um það, að ekki væri mikill vandi, að semja lög; og lá nefndinni í málinu um landhelgissjóðinn á hálsi fyrir það, að hún hefði ekki aflað sjer allra upplýsinga um það mál, svo að hún gæti komið fram með frv. um það. Ætli að það sje nú til ofmikils mælzt við hv. þm. (G. B.), eftir að honum hefur verið bent á þetta stóra gat í lagasmíð hans sjálfs, já ætli það sje til ofmikils mælzt við hann, þótt hann sje í mesta bróðerni beðinn að kannast við það, að það er ekki auðhlaupið að því, að semja vönduð lög á litlum tíma — hitt er enginn vandi, að rubba einhverri vitleysunni á pappírinn, eins og þessar brtill. hans eru. Svo kemur nú þessi makalausa leiguliðagrein. Landsdrottinn má gefa og selja æðaregg eins og honum þóknast, en leiguliðinn, hann má ekkert egg gefa, ekki einusinni heimilisfólki sínu, þótt hallæri og hungur sverfi að, nema með náðarsamlegu leyfi landsdrottins. Þetta eru ekki brjóstgæðin úr Vigur, sem hv. 6. kgk. var að tala um í gær. Í þessu ákvæði kemur áþreifanlega fram drotnunarfýsnin og yfirgangssýkin yfir þeim, sem minna eiga undir sjer. Landsdrottinn má lifa í vellystingum praktuglega; hann má taka egg eins og honum þóknast, gæða sjer og sínum á þeim og selja þau, En leiguliðinn hans! Hann má ekki taka eitt einasta egg handa hungraðri konu og börnum, nema hann fái leyfi til þess hjá landsdrotni sínum. Þetta stendur á prenti eftir hv. 6. kgk. þm. (G. B.), brjóstgæðamanninn mikla.

Þá kemur 3. gr. frv. Hún á svo sem auðvitað að falla burtu, því að það er sjálfsagt sú grein, sem langmest gagn hefur gert í friðunarlögunum fra 1890. Áður stunduðu menn beinlínis æðarfuglaveiðar í net. Þá gengu menn um með heilar

kippur af æðarfuglum og seldu. Kváðu þeir fuglinn hafa komið í net sín, og munu þeir hafa sagt það satt. En hvernig stóð á því? Jú. mennirnir höfðu beinlínis egnt fyrir fuglinn með því að bera niður fyrir hann lifur og hrogn. Það þykir honum svo mikið sælgæti, að hann gengur út í opinn dauðann til að ná því, þótt hann annars sje fremur varkár við net. Á meðan svo stóð, var fuglinn drepinn þúsundum saman, án þess lög næðu til. Ástandið, eins og það var fyrir 1890, er auðvitað fyrirmyndarástand í augum háttv. 6. kgk. (G. B.), sem vill sem allra minsta friðun. 3. gr. frv. er stýlud gegn gegndarlausri æðarfuglsveiði í net, og að hún muni nokkurnveginn ná tilgangi sínum, sjest á því, að þessi veiði hefur því nær lagzt niður síðan 1890, að bannað var að hirða dauða æðarfugla. Háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) talaði mikið um hallæri og aumingja, og hvílík björg gæti verið að dauðum æðarfugli í harðindum og hallærum.

Mjer er spurn: Eigum við að miða alla atvinnulöggjöf okkar við harðindi og stór ísaár, miða hana við undantekningarnar? Auk þess hygg jeg, að æðarfuglaræflar hafi aldrei bjargað Íslendingum frá hor og hungri. Ekki minnist jeg, að jeg hafi sjeð þess getið í annálum; en háttv· 6. kgk. (G. B.) getur máske frætt mig um það; hann mun hafa rannsakað það líkt og svo margt annað. Krummi og slíkir gentilfuglar munu oftast verða fljótari til að hirða æðarfuglsræflana en mennirnir. Það skyldi þá vera, að mennirnir ættu að hirða leifar krumma. En því trúi jeg ekki, að þær bjargi lífi margra. Að vera að koma með þessa brtill., það er fjarstæða. Mjer er sárast um þessa grein af öllu. Sektarákvæðin eða upphæð sektanna legg jeg minni áherzlu á, en þessi grein má áreiðanlega ekki missast úr frumv., svo gagnlegt hefur ákvæði hennar sýnt sig. Háttv. 6. kgk. (G. B.) stendur upp

með mesta guðræknis- og góðmenskusvip og segist ekki vilja spilla þessum atvinnuveg. Af ávöxtunum skuluð þjer þekkja þá, en ekki orðum og svip. Heldur háttv. þm. (G. B.), að æðaregg muni verða aumingjum til bjargar í hörðum hafísárum? Jeg get frætt háttv. þm. (G. B.) um, að þá eru ekki til egg að hirða, því að fuglinn verpir alls ekki. Eða heldur hann máske, að fuglinn verpi í snjóskafla og á hafísjökum. Við eigum máske eftir að heyra hann halda því fram; það væri rjett eftir annari þekkingu hans á þessu máli.

Þá fór háttv. þm. (G. B.) að minnast á byssur, og mæla fyrir brtill. sinni um fallbyssur og smábyssur. Jeg get fullvissað háttv. þm. (G. B.) um, að nefndinni var kunnugt um, að til eru fallbyssur, byssur, barnabyssur, skammbyssur og vindbyssur, en henni þótti þarflaust, að setja þá greining inn í lögin, því að vitanlega nær orðið skot yfir hverskonar byssuskot. Hvað því viðvíkur, að skotbannið sje of yfirgripsmikið, þar sem það nái einnig til herskipa í konungsþjónustu, þá yfirlætur nefndin þeim, sem hafa vit á þeim hlutum, að gera út um það. Það var ekki meining hennar, að ganga út fyrir það, sem önnur lög og venjur heimila: og jeg skal fúslega játa það, að jeg hef ekki vit á öllum sköpuðum hlutum milli himins og jarðar, eins og háttv. 6. kgk. (G. B.) gefur í skyn að hann hafi.

Það getur verið, að einhver átylla sje fyrir því, að segja, að fuglaveiðarjettur einhvers kunni að vera fyrir borð borinn með ákvæðum 5. gr. En ekki geta þó orðið mikil brögð að því, því að um varptímann eru allir fuglar friðaðir, nema hrafnar, ernir, valir, smirlar, kjóar, veiðibjöllur (svartbakar), uglur, himbrimar, teistur og skúmar. Það gæti hugsazt, að einhver góðviljaður náungi, og viðlíka vinveittur æðarvarpi eins og háttv. 6. kgk. (G. B.), fyndi upp á því, að segja, að hann ætlaði nú að taka upp þann atvinnuveg

að skjóta hrafna, kjóa og skúma, og heimtaði vernd yfirvaldsins og skaðabætur hjá varpeiganda. Því er nú svo háttað, að fæstir af þessum fuglum, sem ófriðheldir eru, nálgast æðarvarp eða gera því tjón að mun; það er varla nema veiðibjallan, sem þar kemur til greina. Það er ekki svo arðsöm veiði, sem hjer er um að ræða, að nokkur meining sje, að æðarvarpið eigi að lúta í lægra haldi fyrir því, að einstökum mönnum kann að hepnast að slysa fáeinar veiðibjöllur, og stórspilla með því atvinnu annara. Það getur verið, að eitthvað sje til í því, sem háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) segir um netalagnirnar; mun nefndin taka það að nýju til skoðunar. Þó ætla jeg, að það ákvæði geti ekki valdið miklum misrjetti um veiðirjett manna. 250 faðmar eru ekki langur spölur og mun óvíða koma að tjóni, þótt svo mjó ræma út frá varplöndum sje friðuð fyrir netalögnum, Þó er jeg ekki svo kunnugur staðháttum allstaðar hjer, að jeg þori að fullyrða, að það kunni ekki einhversstaðar að vera, t. d. milli eyja á Breiðafirði. Þar sem jeg þekki til, gerir ákvæðið ekki skaða. Þessi brtill. er, sem sagt, ofurlitið í ætt við brtill. háttv. þm. (G. B.) um sektarákvæðið, og þannig löguð, að hún er skoðunarverð; Þó er þess að gæta, að ef menn vildu nota netalagningarjett sinn meinbægnislega, gætu þeir gert varpeigendum hin mestu óþægindi og kostnað; þeir gætu heimtað bætur fyrir veiðibann og mat á tjóni því, sem af því hefði stafað, og gert úr því mestu rekistefnu. Fyrir sjálfa netaeigendurna gæti þetta meira að segja haft meiri kostnað í för með sjer, en næmi hagnaðinum af veiðinni.

Mjer er sönn raun að því, hve óhönduglega háttv. 6. kgk. (G. B.) hefur tekizt með brtill. sínar. Það er að sönnu varla við öðru að búast; hann sem heldur, eins og kom í ljós í gær, að hann sje fær um að tala um öll mál milli himins og jarðar og hafi vit á öllu.

Jeg játa það, að jeg vil vera varfærinn og hef fremur vantraust á sjálfum mjer. Þetta getur verið ókostur, en þann kost hefur það þó, að jeg losast við marga flanferðina þeirra, sem oftraustið hafa á sjer.

Guðmundur Björnsson: Jeg skal vera fljótur, því að honum er fljótsvarað, háttv. þingm. Ísf. (Sig. St.). Það var raunar nóg af stórum orðum í ræðu hans, til skemtunar fyrir fólkið, en miklu minna af efni, og enn þá minst af sannleik og fróðleik. Og ekki mundi mig furða, þótt að hinn háttv. þm. kinokaði sjer við að láta hafa alt eftir sjer í þingtíðindunum, það sem hann var að segja. *(Sig. Stefánsson:* Hún skal standa þar, ef skrifararnir hafa náð henni). Því trúi jeg illa, því þó ræða hans hefði getað sómað sjer á hreppskilaþingi, þá átti hún illa við í þingsal. En mín ræða skal fá að standa þar óbreytt, eins og jeg talaði hana; það má hann vita. Það er ósköp alment úrræði að segja: „Þú hefur ekkert vit á þessu“. En það er ekki æfinlega nóg máli sínu til stuðnings.

Það væri reyndar fyrirgefanlegt, þó að jeg hefði ekki vit á þessu máli, en það er síður fyrirgefanlegt af bóndanum í Vigur, að hafa ekki vit á því, honum, sem hefur verið varpeigandi í 30 ár.

Ósköp var það broslegt, þegar þessi varpeigandi ætlaði að telja mönnum trú um það, að hann hefði talið æðarkollurnar og blikana í Vigur. *(Sig. Stefánsson:* Það er satt! Get komið með vitni!) Þau eru líklega ísfirzk, vitnin þau!

Þessi háttv. þingm. (Sig. St.) talaði líka um það, að blikarnir og kollurnar væru altaf jafnmargar, og bigði það á blikatalinu í Vigur; hann virðist ekki hafa tekið eftir því, sem allir aðrir vita vel, að þegar

fuglinn sezt upp, þá er mikið eftir af blikum úti á sjónum; og oft verða líka miklar óeyrðir í varpinu, fyrst á varptímanum, af átroðningi blikanna.

Því miður virðist það vera svo, að þeir sem þessa atvinnu reka, hafa sumir ekki snefil af viti, á henni.

Jeg gleymdi að setja í 2. breytingartillögu mína, að sektirnar væru aðeins fyrir að drepa „friðaðan" æðarfugl. Jeg skal játa, að þetta var yfirsjón, en það er hægt, að leiðrjetta það til 3. umræðu, ef breytingartillagan verður samþykt.

Mikið hefur verið skrafað um eggin, en þótt ýmsir hjer haldi fram, að ekki beri að taka æðaregg, þá eru þó aðrir, og það fróðir varpeigendur, sem halda því fram, að taka megi 2 egg úr hreiðri án skaða fyrir varpið.

Sje ráðgert, að 1 pd. af æðardún fáist úr 30 hreiðrum, og eggið virt á 10 aura, þá er, samkvæmt landhagsskýrslunum, lagður hjer 60,000 kr. skattur á varpeigendur, þar sem þeim er bannað að selja eggin. Og hvað kemur svo þar í móti? — Alls ekki neitt, enginn ávinningur, engin aukning á dúntekjunni, beint tjón.

Þetta er alvarlegt íhugunarefni.

Af því *þetta* skiftir *miklu* máli, þá vjek háttv. þm. Ísf. (S. St.) vitanlega ekki að *því*.

Háttv. þm. Ísf. (S. St.) ljet mikið yfir því, að eftir breytingartillögu minni mættu leiguliðarnir ekki gefa konu sinni, börnum og vinnufólki æðaregg, en þetta er vitanlega leiðinlegur útúrsnúningur hjá honum, og er mjög leiðinlegt, þegar gamlir og heiðvirðir þingmenn verða að nota slík neyðarúrræði, og þeim mun leiðara hjer, þar sem þessi sami háttv. þingm. (S. St.) varði af kappi frumv. það um breyting á lögum þessum, er var borið hjer upp í háttv. deild, en nú er tekið aftur, en þar var alveg samskonar orðalag um eggjagjafirnar og á breytingartillögunni. Svona er samkvæmnin! En allir geta sjeð, að hjer er ekki ætlazt til þess, að leiguliðinn ekki megi taka egg til heimilisþarfa, heldur að koma í veg fyrir, að hann eyðileggi varpið með *ofmikilli* eggjatöku og eggjagjöfum.

Háttv. þingm. Ísaf. (S. St.) gat ennfremur um það, að það hefði tíðkazt hjer suður í Garði að drepa æðarfugl með netalagningum. Jú, þetta er rjett og því er nú hætt.

En hver er munurinn. Nú drepa þeir æðarfuglinn þar með byssum og drepa miklu meira, en þeir gerðu áður. Og það finnur enginn að því.

Það er satt, að það er lítill matur í dauðum æðarfugl, en í harðindum verða menn oft fegnir að notast við litla og slæma björg. Jeg hef átt tal við góðan og áreiðanlegan mann, sem allir hjer þekkja, þó jeg ekki vilji nefna hann á nafn. Hann lifði síðustu harðindin á norðurlandi, Hann hefur sagt mjer, að þá hafi fólkið í sumum útkjálkasveitum grafið upp í fjörunni, sjer til bjargar, leifar af krabbadýrum; það voru leifar, því að tóan var jafnan komin á undan og hafði nagað það, sem hún náði. Jeg býst við, að það sem hrafninn skilur eftir, sje eins listugt og leifar refsins.

Ekki vil jeg deila við háttv. þingm. Ísf. (S. St.) um guðrækni og brjóstgæði; jeg efast ekki um, að hann, sem er prestur, taki mjer þar eðlilega fram, en víst er um það, að honum eru mislagðar hendur samkvæmt framkomu sinni í gær. Og ekki býst jeg við því, að þessi berserksgangur verði honum til ánægju, þegar frá líður.

Það er sannarlega ekki ánægjulegt, að heyra gamlan og góðan þingmann fara með sundurlaust barnahjal um það, að enginn viti, hvað smábyssa er, hvort það sje riffill, haglabyssa eða stólpípa o. s. frv. En jeg vil benda honum á, að ef hann vill fara að hártoga orð manna, þá má ekki síður hártoga hans orð, þar sem hann er að tala um „*skot*", því það eru margskonar „*skot*" til. Jeg ætla samt ekki að fara að skemta fólki með því að skjóta á

hann öllum þeim „skotum“, sem upphugsazt geta.

Þingm. Ísf. (S. St.) má sjálfur, næst þegar hann stendur upp skemta fólkinu með öllum skotunum sínum.

Steingrímur Jónsson: Jeg get að vísu átt von á því, að háttv. þm. Ísf. (S. St.) rísi nú upp, og segi, að hjer komi nýtt hrúgald af vitleysum eins og hann sagði við háttv. 6. kgk. þm. (G. Bj.). En þótt jeg eigi von á þessu, þá get jeg ekki stilt mig um að segja nokkur orð um frumvarpið, enda þótt jeg verði að játa jafnframt, að mig vanti sjerþekkingu í þessu máli.

Jeg ætla mjer ekki, að blanda mjer í deilurnar um það, hvort æðarfuglinn er „monogam eða polygam“. En í sambandi við það vildi jeg taka það fram, að jeg þekki góða varpmenn, er hafa stækkað varp sitt úr innan við 20 pd. æðardúns upp í 100 pd., en segja, að þeir óttist, að óhlikinn geti orðið allt of mikill í vörpunum, og er þá mjög vafasamt. hvort rjett er að friða hann eins stranglega og æðurina.

Það, sem gerir, að jeg er ekki ánægður með þetta frumv., er fyrst og fremst sektarákvæðin.

Fyrstu ákvæði um verndun æðarvarps munu hafa verið gerð með konungsúrskurði um 1784 og 1785 (*Sig Stef.* 1787); nei háttv. 1. kgk. þm. (Júl. Hav.) hefur bent mjer á konungsúrskurð um það frá 19. apríl 1784, og síðan aftur ítrekun í konungsúrskurði frá 22. júní 1785. Með verzlunartilskipuninni 1787 er fyrst bannað að drepa æðarfugl og lögð við 48 sk. sekt. Samkv. veiðitilskipuninni frá 1849 er sektin einnig 48 sk., en loks 1890 hækkaði sektin um 10 krónur.

Jeg hef varla þekt nokkurn varpeiganda, og það eru um 20 varplönd í Þingeyarsýslu, sem ekki lítur svo á, að sektirnar sjeu alt of háar, svo háar, að það sjeu vandkvæði á að beita þeim. Venjulega eru það fátæklingar, sem brjóta lögin, og er þá mjög erfitt, að beita þessum ströngu sektarákvæðum.

Hvað er þá að segja um sektarákvæðin í þessu frumv. Hjer eru lægstu sektir fyrir að skjóta einn æðarfugl 50 krónur, fyrir að skjóta 2 æðarfugla 100 krónur, fyrir 4 æðarfugla 200 kr. o. s. frv., og mjer er sagt, að í einu skoti sje vel hægt að drepa 4—5 æðarfugla, jafnvel fleiri. Hvernig er svo um 200 kr. sekt í framkvæmdinni, ef einhver er svo heppinn að skjóta 4 æðarfugla í einu skoti og fær sekt fyrir. Þeir, sem skjóta æðarfuglinn, eru yfirleitt engir auðmenn, heldur efnalitlir og fátækir menn, og fyrir þá er 200 króna sekt sama sem 50 daga fangelsi á almennan fangakost. Segjum svo, að einhverjum hafi verið hegnt tvisvar fyrir lítilfjörleg brot gegn lögum þessum, og að hann skjóti svo eitt skot og hæfi 5 kollur í því skoti; það er þá sama sem 1000 kr. sekt eða 7 mánaða fangelsi. Það þarf ekki svo mikið eftir lögum þessum til þess að fá lífstíðar fangelsi, það er ef jeg man rjett, eitthvað nálægt 20,000 kr. sekt. Sektarákvæði þessi eru svipuð, eins og það væri skipað í hegningarlögunum, að hengja alla þjófa, og eins þá, sem eftir núverandi lögum er farið vægast með, þá er stela sjer til bjargar og eta það á staðnum. Allir sjá, að það væri svo ranglátt, að því hegningarákvæði yrði alls eigi beitt. Jeg segi þetta ekki í spaugi heldur í alvöru, því jeg held, að þessar háu sektir yrðu til þess að þeim yrði aldrei beitt.

Þá er ákvæðið um að banna, að hirða dauðan æðarfugl. Jeg hef aldrei getað fallizt á, að það væri heppilegt; þó getur verið, að á sínum tíma hafi það hjálpað til þess að útrýma netaveiðinni. En það er áreiðanlegt, að það er á móti rjettarmeðvitund allra manna, og á móti grundvelli allra laga. Það er bein misþyrming á rjettarmeðvitund manna, að menn megi ekki hirða dauðan æðarfugl, sem þeir

finna í landi sínu, því auk þess, sem fuglinn sjálfur er oft einhvers virði, þá er dúnninn af honum það nærfelt altaf. Jeg álít því, að hið allra lengsta, sem lögin gætu gengið í þessu efni, væri að sekta manninn, ef að hann gæti ekki sannað, að hann hefði ekki drepið fuglinn.

Í 5. gr. frv. er, að minni hyggju, gerð athugaverð breyting á tilsvarandi ákvæðum veiðitilskipunarinnar frá 1849. Hjer er gerður upptækur allur veiðirjettur í nágrannalöndum í vissri fjarlægð, og þetta er gert hjer án allra bóta. Þetta er mjög athugavert ákvæði, eigi svo mjög vegna fuglaveiðisrjettar, því hann er víðast ekki mikils virði, heldur vegna þess, að það er ruddaleg misþyrming á rjetti manna, að þingið setji þannig löguð lög, þannig, að sá, er fyrir órjettinum verður, hafi engin ráð til þess, að geta fengið hann endurbættan.

Við 6. gr. er ekki gerð stór breyting frá hlutaðeigandi ákvæðum veiðitilskipunarinnar frá 1849, en þó er fjarlægðarbilið fært þar úr 240 föðmum í um 267 faðma. En þessi breyting er athugaverð vegna þess, að hjer mætast tveir atvinnuvegir, nefnilega æðarfuglsrækt og hrognkelsaveiðar. Og jeg veit það, að það eru margir, er stunda hrognkelsaveiðar, sem segja, að æðarfuglinn eyðileggi og spilli mjög mikið fyrir þeirri veiði. Jeg skal engan dóm á það leggja, hvort það sje rjett eða ekki, því mig vantar þar alla sjerþekkingu, en sje það rjett, sem þeir segja, þá eigum við að segja: „Niður með æðarfuglinn!“ Og við segjum það þá með fullkomnum rjetti, því hrognkelsaveiðin er mjög mikilsverður bjargræðisvegur, en æðarfuglsræktin er sjerstaklega gróðavegur.

Ef því þetta ákvæði úr veiðitilskipuninni frá 1849 er tekið upp, þá álít jeg ekki nema rjett, að það sje því aðeins gert, að þeir, er fyrir því verða, fái endurgjald fyrir veiði þá, er þeir missa, því þessi veiði er mjög þýðingarmikil fyrir hverja bygð, sem hún er í.

Um ákvæði 9. gr. er það að segja, að mjer þykir undarlegt, að nefndin skyldi ekki taka þar upp óbreytt ákvæði veiðitilskipunarinnar. Mjer þykir það undarlegt, að menn geta friðlýst varpi, þar sem engin æðarkolla er, og jeg tel það víst, að þó það yrði gert, að þá yrði því ekki hlýtt. Jeg tel sjálfsagt, að til þess að geta friðlýst nýju væntanlegu varplandi, þá yrði sá, er það vildi gera, að fá lýsingu skynbærra manna í sveitinni um, að á þeim stað gæti orðið varpland. Og það ætti ekki að vera nein hætta á því, að setja það ákvæði inn í lögin, því allir munu vilja hafa æðarvarp í sveitinni, sje þess nokkur kostur.

Þá er sagt í þessari sömu grein, að sá, er vill koma á fót æðarvarpi, eigi að skrifa um það sýslumanni, en það er ekkert tekið fram um það, hvernig hann eigi að skrifa honum. Jeg geri nú ráð fyrir, að umsækjandinn skrifi sýslumanni, og að sýslumaður þinglýsi þessu „skrifi“, sem sjálfsagt er. En hvað er þá friðað? Öll landareignin eða hvað? Og hvernig eiga aðrir að hegða sjer eftir þessu? Þetta er alveg ómögulegt ákvæði.

Mjer finst það vera alveg sjálfsagt, að sá, sem vill fá nýtt varpland friðlýst, riti um það sýslumanni, og láti þar með fylgja skjal, þar sem varplandinu er nákvæmlega lýst, legu þess og annað, er að því og ummerkjum þess lítur, og að þetta skjal þinglesi sýslumaður síðan gegn þinglestursgjaldi, tveim krónum. Minna má það ekki vera, og þá getur sýslumaður lýst því ásamt öðrum varplöndum á manntalsþingum.

Viðvíkjandi 10. grein vildi jeg vekja athygli á því, að hjer er um talsverðan kostnað að ræða, að láta þýða lögin á ensku, þýzku og frönsku og jafnvel fleiri mál, og síðan prenta þau. Þetta er vitanlega vel framkvæmanlegt, en það er gert

fyrir tiltölulega fáa menn meðal þjóðarinnar, sem sje varpeigendur, og það er því ekki nema rjett, að þeir greiði þann kostnað.

Æðarvarpeigendurnir ættu, að því er mjer finst, að greiða hátt útflutningsgjald af æðardúninum, vegna þeirrar miklu verndar, sem lögin veita þeim.

Hef jeg þá gert grein fyrir því, hversvegna jeg ekki greiði atkvæði með frumv.

Þá eru breytingatillögurnar á þgskj. 141. Jeg mun greiða atkvæði með þeim, ekki af því, að jeg sje með þeim öllum eða ánægður með þær allar, heldur af því, að jeg er ánægðari með þær en frumvarpið. Þó greiði jeg þar atkvæði móti 2. tillögunni.

Í sambandi við þetta, vil jeg vekja athygli á því, hvort það sje rjett, að banna að selja æðaregg, því eftir því, er háttv. 6. kgk. þm. (G. B,) hefur reiknað út, og jeg efa ekki, að það sje rjett, þá er þetta 60,000 kr. skattur á varpeigendurna.

En ef varpeigendurnir óska þess sjálfir, þá ættum við ekki að vera að finna að því.

Jeg fyrir mitt leyti óska, að um eggin sjeu látin halda sjer ákvæðin í lögunum frá 1890 óbreytt.

Sigurður Stefánsson, frsm.: Jeg þarf nú ekki að bæta nema fáeinum orðum við þessar umræður. — Vegna þess, að háttv. 6. kgkj. er dauður, skal jeg fara mjög mjúkum höndum um hann. Honum fanst ekki mikið að marka, þótt jeg hefði verið að reyna að telja blikann hjá mjer, því að altaf væri svo mikið af blikunum eftir úti á sjó. Veit jeg það, en úti á sjó er líka mikið af kollum, sumum geldum og sumum, sem ekki eru ennþá komnar í gagnið. Það er ekki gott að gera upp á milli, hvort meira er af kollum eða blikum úti á sjó, jeg hygg, að enginn lifandi maður geti sagt það. Þetta blikatal hins háttv. 6. kgkj. þm. hefþví við lítið að styðjast. — Þá hefur og háttv. 6. kgkj. gert sjer margrætt

um, hvílikt tjón varpeigendum væri bakað með því, að banna þeim eggjatöku, og var að telja egg í þúsundum, sem gæfu varpeigendum gróða, ef þeir mættu selja þau. En hann gætir ekki að, hve margir æðarfuglar geti komið út af einu eggi. Hver kolla getur orðið 20 ára og hvílíkt gagn getur hún ekki gert á þeim tíma? Og hvað mikið af fugli getur ekki verið út af henni komið á þeim tíma? Þar gæti sjálfsagt komið svipað töluhlaup í andvirði aukins dúns eins og í eggjareikningi hv. 6. kgk. Jeg hlýt því að endurtaka þau orð mín, að eggjatakan er litlu betri en dráp á lifandi fugli. Að vísu er bágt að koma við órækum sönnunum fyrir því, hve mikinn skaða eggjatakan geri. En það er svo einfalt mál, að fuglinum hljóti að fjölga því meir, sem minna er drepið af eggjunum, enda sýnir reynslan það. Á þeim 7 árum, sem Eggert Briem bjó í Viðey, voru þar aldrei tekin egg, og varpið óx alt að helmingi. En víða annarstaðar hefur varp vaxið, þótt egg hafi verið tekin. En þá verða menn að athuga, að í því efni getur svo margt annað komið til greina, og að ósannað er, að vöxtur varpsins hefði ekki orðið miklu meiri, ef engin egg hefðu verið tekin. Það sýnist þó vera deginum ljósara, að því fleiri egg, sem eru tekin, því minna verði um fuglinn. Það er því skoðun mín, að ekki geti verið að ræða um neinn hagnað af eggjatökunni, að minsta kosti ekki nema stundarhagnað, sem ekkert vegur á móti þeim langvarandi hagnaði, sem hægt er að hafa af fuglinum. Jeg get því ekki lagt mikið upp úr þessum 60,000 kr. reikningi hins háttv. 6. kgkj.; jeg hygg sem sje, að hægt sje að sýna óþægilegan mótreikning. — Það hygg jeg og hina mestu fjarstæðu, að menn hafi farið að drepa meira af fugli með skotum, þegar þeir hættu að veiða hann í net. Skotin eru bein afleiðing af ólöghlýðni manna og stráksskap og engu öðru.

Áður en jeg skilst við háttv. 6. kgkj., skal jeg taka það fram, að það var ekki jeg, sem átti upphafið að orðahnippingunum okkar á meðal. Miklu veldur sá, sem upphafinu veldur, og það var hann, sem byrjaði. Hann var meðal annars í gær, að tala um, að jeg mundi hafa skilið eftir brjóstgæði mín vestur í Vigur. Háttv. þm. var óþarfi að bregða mjer um slíkt, jeg þarf hvorki að blikna nje blána vegna þess, að að jeg hafi sýnt alþýðu í kringum mig harðýðgi.

Jeg hlýddi með hinni mestu ánægju á ræðu háttv. 3. kgkj. Nefndin er þakklát fyrir allar lögfræðislegar bendingar, og ræða hans gekk einmitt í þá átt. Jeg hef þegar áður vikið að því, að nefndin var í talsverðum vafa um það, hvort hækkunin á sektunum mundi koma að verulegu liði. Jeg ímynda mjer því, að nefndin mundi ekki ófús á, að færa sektirnar nokkuð niður, ef brtill. kæmi fram í þá átt, en þó hef jeg enga heimild til að lýsa sliku yfir fyrir nefndarinnar hönd. — Hinn háttv. þm. gat þess, að ákvæði frv. kæmu í bág við lögmæltan netveiðirjett manna og væri það bagalegt, slíka þýðingu sem hrognkelsaveiðar hefðu fyrir alþýðu víða á landinu, en þessi ákvæði eru tekin upp úr veiðitilskipuninni 1849, og jeg hef ekki heyrt, að þau hafi valdið neinum óþægindum. Nefndin mun kosta kapps um að lagfæra frumvarpið, því að fyrir henni vakir það eitt, að vernda atvinnu varpeigendanna, án þess að skerða rjett annara atvinnurekanda í neinni grein. — Við 9. gr. gerði háttv. 3. kgkj. þá athugasemd, að ákvæði frv. um friðlýsing æðarvarps væri alt of ónákvæm, og mun nefndin taka þá athugasemd til íhugunar við 3. umr. — Það getur vel verið, að þessum atvinnuvegi sje gert nokkuð hátt undir höfði með ákvæðum 10. gr. En þess er að gæta, að enginn annar atvinnuvegur er í slíkri hættu af drápgirni landsmanna, enda get jeg ekki sjeð, að tilfinnanlegur kostnaður muni stafa af ráðstöfunum, sem þar eru gerðar. — Það er satt, að vel gæti komið til mála, að leggja útflutningsgjald á æðardún, en þá vildi jeg aðeins, að slíkt hið sama væri gert við fleiri landvörur. Þess má líka geta í sambandi við þetta, að varpeigendur bera hærri byrðar en alment gerist, gjalda hærri gjöld bæði til lands og sveitar, en alment gerist.

Steingrímur Jónsson: Jeg er þakklátur hinum háttv. framsm. fyrir, hvað vel hann tók athugasemdum mínum, og vona jeg því, að einhver árangur verði af þeim nú eða síðar. Jeg vil geta þess, að jeg mun greiða atkvæði með 7. brtill. á þgskj. 141, því að jeg aðhyllist þá hugsun, sem í henni felst, þó að mjer finnist hún eigi svo vel orðuð sem skyldi. En úr því má bæta við 3. umr. — Það eru ýmisleg atriði þessa máls, sem jeg hefði óskað, að háttv. framsm. hefði talað ítarlegar um, en út í það skal jeg ekki fara frekara að sinni. — Viðvíkjandi útreikningunum um það, hvað sje unnið og hverju sje tapað, má margt segja. Jeg hef ekki heyrt það vefengt, að menn muni hafa um 60,000 kr. upp úr eggjatökunni á ári. Þessum 60,000 kr. eiga menn samkvæmt frumv. að kasta frá sjer, til þess að auka dúntekjuna. 60 þús. kr. verða á 20 árum að að 1200 þús. kr., þótt rentur og rentu-rentur sjeu ekki reiknaðar. Mjer er nú spurn: svarar þetta kostnaði? Jeg veit, að háttv. framsm. segir já. En þó að jeg sje ekki eggjatökumaður, þá verð jeg að játa, að þessi spurning hefur flækzt fyrir mjer hina síðustu dagana.

Jón Jónatansson: Jeg ætla mjer ekki að lengja umræðurnar, en vil aðeins geta þess, að það er margt bæði í frv. og brtilll., sem jeg get alls ekki felt mig við. Hinsvegar álít jeg, að því mætti kippa í lag, ef tími væri til, og leyfi jeg mjer því að

leggja til að málið verði tekið út af dagskrá að þessu sinni.

Forseti: Jeg sje enga ástæðu til þess að taka málið út af dagskrá af þessum sökum, því að hver sem vill, getur komið að brtill. við 3. umr.

Þá var gengið til atkvæða og var

brtill. á þgskj. 141 1 *a* feld með 9 atkv. : 2.

Brtill. á þgskj. 141 1 *b* feld með 8 atkv. ; 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingrímur Jónsson.	Björn Þorláksson,
Guðj. Guðlaugsson,	Einar Jónsson,
Guðm. Björnsson,	Eiríkur Briem,
Hákon Kristoffersson,	Jón Jónatansson,
Þórarinn Jónsson.	Jósef Björnsson,
	Júlíus Havsteen,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Stefánsson.

1. gr. frv. samþ. með 7 atkv. á móti 6 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Einar Jónsson,	Guðjón Guðlaugsson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnsson,
Jósef Björnsson,	Hákon Kristofferss.,
Júlíus Havsteen,	Jón Jónatansson,
Sigurður Eggerz,	Þórarinn Jónsson,
Sigurður Stefánsson.	

Brtill. á þgskj. 141, 2 feld með 9 atkv. á móti 1.

2. gr. frv. samþ. með 7 atkv. : 4.

3. gr. frv. samþ. með 7 atkv. : 4.

4. gr. frv. samþ. með 7 atkv. : 6, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Einar Jónsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnsson,
Jósef Björnsson,	Hákon Kristofferss.
Júlíus Havsteen,	Jón Jónatansson,
Sigurður Eggerz,	Þórarinn Jónsson,
Sigurður Stefánsson.	

Brtill. á þgskj. 141, 5 feld með 8 atkv. : 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,	Hákon Kristofferss.,
Guðm. Björnsson,	Jón Jónatansson,
Þórarinn Jónsson.	Jósef Björnsson,
	Júlíus Havsteen,
	Sigurður Eggerz,
	Sigurður Stefánss.

5. gr. frv. samþ. með 7 atkv. : 6, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Einar Jónsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnsson,
Jósef Björnsson,	Hákon Kristofferss.,
Júlíus Havsteen,	Jón Jónatansson,
Sigurður Eggerz,	Þórarinn Jónsson,
Sigurður Stefánsson.	

Brtill. á þgskj. 141, 6 feld með 7 atkv. : 2.

6. gr. frv. samþ. með 7 : 4.

Brtill. á þgskj. 141, 7 feld með 8 atkv. : 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,	Hákon Kristofferss.,
Guðm. Björnsson,	Jón Jónatansson,
Þórarinn Jónsson.	Jósef Björnsson,
	Júlíus Havsteen,
	Sig. Stefánsson.

Einn þingmaður, Sigurður Eggerz, greiddi ekki atkvæði og telst með meiri hlutanum.

7. gr. frv. samþ.. með 7 atkv. : 6, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Einar Jónsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnsson,
Jósef Björnsson,	Hákon Kristofferss.,
Júlíus Havsteen,	Jón Jónatansson,
Sigurður Eggerz,	Þórarinn Jónsson.
Sigurður Stefánsson.	

8. gr. frv. samþ. með 8 atkv. : 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu;

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Guðj. Guðlaugsson,
Steingr. Jónsson,	Guðm. Björnsson,
Einar Jónsson,	Hákon Kristóferss.,
Eiríkur Briem,	Jón Jónatansson,
Jósef Björnsson,	Þórarinn Jónsson.
Júlíus Havsteen.	
Sigurður Eggerz,	
Sigurður Stefánsson.	

9. gr. frv. samþ. með 8 atkv. : 5.

10. gr. frv. samþ. með 8 atkv. : 4.

11. gr. frv. samþ. með 7 samhlj. atkv.

12. gr. frv. samþ. með 7 samhlj. atkv.

13. gr. frv. samþ. með 7 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3 umr. með 7 atkv. gegn 4.

---

6. *Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga samgöngumál landsins.*

Sigurður Eggerz, flutningsmaður: Það þarf ekki langt mál til að rökstyðja þessa tillögu.

Eins og kunnugt er, var samgöngumálum á sjó ráðið til lykta á síðasta alþingi, án þess efri deild ætti neina hlutdeild í því. Lít svo á, að svo mikilvægt mál eigi að takast til íhugunar í báðum deildum. Þjóðin öll lætur sig mál þetta miklu skifta, ef til vill meir en nokkurt annað mál.

Augu þjóðarinnar vaka yfir gerðum þingsins í því, og miklum óhug mundi slá á alla, ef afturkippur kæmi í samgöngur þessar. Því meiri ástæða er til, að taka mál þetta til alvarlegrar athugunar nú þegar, sem verið er að marka nýtt spor í samgöngumálum vorum með stofnun innlends fjelags, Eimskipafjelags Íslands, sem ætti senn að taka samgöngurnar í hendur sjer. Ekkert mál hefur átt jafnmiklum vinsældum að fagna og þetta, og vænti jeg því, að alþingi taki í þann streng í máli þessu, að fjelag þetta gæti magnazt svo, að samgöngum vorum yrði borgið í höndum þess.

Jeg sje ekki ástæðu til að tala frekara um mál þetta að sinni, læt þess aðeins getið, að háttvirt neðri deild hefur skipað nefnd til að íhuga mál þetta og væri æskilegt, að samvinna gæti tekizt um málið milli deildanna.

ATKV.GR.:
Till. samþ. í e. hlj.

Í nefnd kosnir með listakosningu:
Guðjón Guðlaugsson,
Guðm. Björnsson,
Einar Jónsson,
Sigurður Eggerz,
Jón Jónatansson.

Í nefndinni var Guðmundur Björnsson kosinn formaður og Sigurður Eggerz skrifari og framsögumaður.

---

15. fundur. Föstudaginn 24. júlí, kl. 1 síðdegis. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um vatnsveitingar* (133, 135); 3. umr.

Þórarinn Jónsson, framsögumaður: Nefndin hefur leyft sjer að koma með brtill. við 7. gr., sem miða að því að gera orðalag greinarinnar skýrara. Það má misskilja hana, eins og hún er nú orðuð, þannig, að í henni sje átt bæði við áveitu og samáveitu. Nefndin vill girða fyrir þennan misskilning, og leggur því til, að í staðinn fyrir „*áveita*“ komi „samáveita“, og vonar, að þá sje engin hætta á, að þá valdi greinin misskilningi.

Hinar brtill. eru afleiðing af þessari brtill.

ATKV.GR.:
1. brtill. á þingskj. 135, samþ. í e. hlj.
2. — - — — — án atkvgr.
3. — - — — — - —

Frumv. með áorðnum breytingum samþykt í e. hlj. og verður afgreitt til forseta neðri deildar.

---

2. *Frv. til laga um mannanöfn* (114, 145, 155, 160).

Jósef Björnsson, framsögumaður: Nefndin hefir leyft sjer að gera töluverðar breytingar við þetta frv., eins og það var samþykt við 2. umr. Þessar breytingartillögur eru þó meira að tölunni til en efninu, og stafa af því, að nefndin hefur viljað taka til greina sem flestar þeirra bendinga og athugasemda við frv., sem fram komu við 2. umr., eftir því, sem hún sá sjer fært.

Jeg skal svo snúa mjer að þessum brtill.

1. brtill. er við 1. gr., síðustu málsgrein hennar, og fer fram á, að orðin „frá stjórnarráðinu“ falli burtu, með því að þau eru óþörf og þýðingarlaus. Þar sem orðið nafnfesti nær til allra leyfisbrjefa bæði þeirra, sem gefin eru út af stjórnarráði, og líka til konunglegra leyfisbrjefa. Þá er 2. brtill. nefndarinnar við 3. gr. um, að í stað orðsins „skal“ í 1. málsgr. komi „má“. Nefndin leit svo á, eftir því, sem kvenfrelsismálinu nú er komið, að það væri ekki rjett, að skylda konur til þess, er þær giftast, að taka upp ættarnafn manns síns, ef til væri, heldur veita þeim að eins heimild til þess. Þær geta þá sjálfar valið um, hvort þær vilja heldur halda alnafni sínu eða taka upp ættarnafn manns síns, ef til er.

Þá kemur b. liður þessarar brtill., að í stað orðanna „sinnar ættar“ komi „sínu“. Um þetta hef jeg ekki annað að segja fyrir hönd nefndarinnar en það, að þetta er nauðsynleg breyting, ef konan hefur verið tvígift. Þá á hún að mega taka upp ættarnafn sitt, en ekki ættarnafn fyrra manns síns.

C.-liður þessarar brtill. fer fram á, að í stað orðanna „mega ná“ komi: „getur stjórnarráðið, ef sjerstök ástæða er til, leyft að nái“ og snertir það ákvæði, er nokkur deila varð um við 2. umr., sem sje, hvort nafnskifti konu, sem skilur við mann sinn, ætti að mega ná til barna hennar eða ekki. Nefndinni þótti eðlilegast, að þetta nafnskifti mætti með sjerstöku leyfi stjórnarráðsins ná til barna hennar.

Þá er 3. brtill. við 4. gr. Hún er í 3. liðum; a-liðurinn fer fram á að fella burt orðin „heimilt og“. Í greininni er sagt: „öllum er heimilt og skylt að nota löglegt ættarnafn föður síns“. Að slíkt sje heimilt liggur í orðinu „*skylt*“. Það er því með öllu óþarft.

B.-liður fer fram á, að fyrir „jafnt“ komi „einnig“, og í staðinn fyrir „sem skilgetinna“ komi: „ef faðerninu er játað“. Það er samkvæmt bendingum, sem fram hafa komið um þetta efni, að nefndin leggur þetta til.

4. brtill. er við 6. gr., og er líka í þrem liðum. Jeg skal fyrst leyfa mjer að benda á, að í a-lið hennar er prentvilla. Þar stendur, að orðin í 1. málsgr. „og þar búsettur“ eigi að falla burtu. Það á að standa: „og þar er búsettur“; „er“ vantar. Þessi brttill. stendur í sambandi við næstu brtill., að á eftir „eða ættarnafn“ bætist inn í: „hjer á landi“.

C. liðurinn fer fram á, að aftan við síðustu málsgrein bætist: „eftir 18 ára aldur“. Það er með öðrum orðum farið fram á, að enginn geti breytt nafni sínu oftar en einu sinni eftir 18 ára aldur.

Þá er brtill. við 8. gr., að á eftir tölul. komi nýr liður, er svo hljóðar:

„Skrá yfir góð, íslenzk, forn og ný fornöfn karla og kvenna, er sjerstaklega sýni, hvernig eigi að mynda konunafn af karl-

mannsnafni og karlmannsnafn af konunafni. Liðatalan breytist svo eftir því. Þetta getur verið mönnum til mikillar leiðbeiningar.

Þá er 6. brtill. við 11. gr.

Fyrstu tveir liðirnir eru að eins orðabreytingar. 3. liðrinn fer fram á, að orðin: „og skylt“ í síðari málsgrein falli burtu, að prestum sje með öðrum orðum veitt heimild til, en ekki gert að skyldu, að neita að skíra börn nöfnum, er telja verður hneykslanleg. Það er og farið fram á, að bæta aftan við greinina orðunum: „eða rangmynduð“. Því er bætt inn hjer samkvæmt bendingu. Jeg skal bæta því við, að það mun næsta erfitt að segja, hvaða orð sjeu rángmynduð. Það er því og tvísýnt, hvort mikið er varið í þessa viðbót.

7 brtill. fer fram á, að eftir 12. gr. komi ný grein, er verði 13. gr. Hún hljóðar svo:

„Fullveðja mönnum, sem nú eru uppi, er frjálst að rita fornafn sitt eða fornöfn á þann hátt, sem þeir hafa tíðkað.

Útlendingum, sem hingað koma, er frjálst að rita löglegt heiti sitt á vana hátt“

Við fyrri málsgrein þessarar brttill. er fram komin brtill. á þgskj. 155 að í staðinn fyrir „fornafn“, komi „nafn“. Nefndin hefur ekkert að athuga við þá brtill.

Eins og háttv. deildarmenn hafa heyrt, þá er síðari málsgrein þessarar nýju greinar um það, að útlendingum sje leyft að rita nafn sitt á venjulegan hátt.

Afleiðingin af þessari brtill. er næsta brtill., að 13. gr. verður 14. gr. og 14. gr. 15. gr.

Þá er hjer komin brtill. frá tveim háttv. þingmönnum á þgskj. 160. En jeg skal ekki minnast á hana, fyr en jeg hef heyrt færðar ástæður fyrir henni.

Jón Jónatansson: Jeg er annar flutningsmaður brtill. á þgskj. 160, og þess gerist engin þörf að flytja langa ræðu fyrir henni. Jeg vona, að öllum háttv. þingdeildarmönnum sje augljóst, hvað hjer er um að ræða. Þessi litla brtill. okkar háttv. þm. Barðstr. vill koma í veg fyrir þá ósvinnu, sem mjer og mörgum öðrum þykir hin mesta misþyrming á íslenzku máli, að alíslenzkir menn skuli rita föðurnafn sitt á undan fornafninu. Þetta er allmjög tekið að tíðkast í seinni tíð, og skrár hafa verið gefnar út, t. d. talsímanotendaskráin, sem þannig hefur verið ritaðar. Þetta er og mjög óþægilegt. Til þess að geta notað slíkar skrár, verða menn fyrst að læra að gleyma íslenzkri málsvenju. Við flutningsmenn brtill. viljum eyða þessum andhælishætti. Og úr því að hjer eru á döfinni lög um þessi efni, vildum við nota tækifærið til að skjóta inn í frv. ákvæði, er komi í veg fyrir þennan ósið og ósóma.

Klemenz Jónsson, umboðsm. ráðh.: Jeg átti von á, að nefndin kæmi með margar brtill. við þessa umr. og sú von hefur rætzt. En jeg átti líka von á, að fleiri þeirra yrðu til bóta, en sú von hefur ekki rætzt.

Það er að eins ein brtill. nefndarinnar, er jeg tel til verulegra bóta, og hún er við 4. gr., c. liður, að í stað orðanna, „sem skilgetinna“ komi: „ef faðerninu er játað“. Nefndinni var bent á þetta við 2. umr., að það væri harla óviðkunnanlegt, að láta óskilgetin börn hafa rjett til ættarnafns föður síns, hvernig sem á stóð, og þetta hefur hún tekið til greina: aðrar brtill. hennar eru meinlausar og gagnslausar, að því er mjer finst. Þetta mál fer nú til neðri deildar, og reynslan leiðir því í ljós, hvort hún lagar það nokkuð eða ekki.

Brtill. á þgskj. 160 er til verulegra bóta, og hefði slíkt ákvæði, sem hún fer fram á, að setja í frv., í rauninni átt að vera í frumvarpinu, þegar það kom frá stjórninni.

Jeg skal geta þess, að það hefur komið fyrir, eins og háttv. þm. Árn. (J. J.)

mintist á, að skrár hjer hafa verið gefnar út, þar sem föðurnöfnin voru talin á undan fornöfnunum, og jeg veit, að stjórnarráðinu hefur verið kent um þetta. En jeg vil nota tækifærið til að lýsa yfir því, að það á engan þátt í því, að þessu var þannig fyrirkomið í talsímaskránni. Það hafði enga hugmynd um það, fyr en hún var komin út. Jeg hygg, að hún hafi verið svona útbúin, að minsta kosti meðfram af því, að niðurjöfnunarskráin var svona gerð, og var það í rauninni engin furða, þó að menn færu í sama farið, því að í niðurjöfnunarnefnd hefur átt sæti maður, er næma tilfinning hefur á íslenzku máli, og þó hefur þessi afskræmisskrá komið þaðan. Jeg vil því mæla hið bezta með þessari brtill. á þgskj. 160 og vona, að hún verði samþykt.

Jósef Björnsson, framsögumaður: Um brtill. á þgskj, 160 er það að segja, að nefndin hefur enn ekki tekið fasta afstöðu gagnvart henni. En eins og hún liggur fyrir, er í henni eitt atriði, sem þarf að taka til skoðunar og helzt að breyta. Sú spurning vaknar: Hvernig á að fara með útlenda menn, sem hjer dvelja? Það er orðin venja að nefna þá á annan veg en Íslendinga, nefna þá ættarnafni sínu, og munu fæstir þekkja fornafn margra þeirra. Það eru líka til Íslendingar, sem mönnum er kunnast ættarnafn þeirra eða eftirnafn, en fornafnið síður. Flestir munu t. d. kannast við Espólín gamla, þegar þeir heyra hann nefndan, en jeg hygg, að ýmsir víti eigi, að hann hafi heitið Jón að fornafni. Þótt mjer finnist brtill. geta staðið til bóta, mun jeg samt greiða atkvæði með henni nú í þeirri von, að hana megi laga áður en málið fer út úr þinginu, og að svo verði gert. Mjer fanst dálítil ásökun liggja í ræðu háttv. umboðsm. ráðherra (Kl. J) til nefndarinnar fyrir það, að hún hefði ekki gert það, sem hún átti að gera. (*Kl. J.*: Nei). Jeg verð líka að segja það, að nefndin hefur gert það, sem hún gat, til að vanda málið. Hitt er annað mál, að ýmislegt getur enn staðið til bóta; en það má hugga sig við það, að málið á eftir að ganga gegnum h. Nd., þar sem jeg veit að það verður athugað vandlega að nýju.

Hæstv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.) taldi brtill. á þgskj. 160 mikilsverða, og var ekki laust við, að hann fyndi nefndinni það til ámælis, að hún hefði eigi tekið breytingu þessa upp; datt mjer þá í hug, er jeg heyrði þetta, að skýzt skýrum sem óskýrum. Mjer hafði fundizt stjórninni sjálfri liggja næst að koma með þessa brtill. eða hafa ákvæði hennar frá upphafi í frumv. sínu. (*Kl. J.*: Jeg gat þess líka í ræðu minni, að svo hefði vel mátt vera).

Jón Jónatansson: Jeg ætla að leyfa mjer að koma fram með ofurlitla athugasemd í málinu. Í 6. gr. er gert ráð fyrir, að foreldrarjetturinn nái til barnanna til 18 ára aldurs. Þetta mun ekki vera rjett, hann mun að öðru leyti ekki ná til þeirra lengur en til 16 ára. Hjer kemur því fram ósamræmi við gildandi lög, sem þarf að taka til athugunar og laga.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. J.): Það mun verða þörf á að laga ýmislegt í frv., eins og það mun fara úr þessari deild; en hv. Nd. á eftir að fjalla um það, og má þar koma að lagfæringum.

Jeg skal geta þess út af ræðu hv. 2. þm. Árn., að sumir af lögfræðingunum í stjórnarráðinu líta svo á, að foreldrarjetturinn yfir börnunum nái til 18 ára aldurs; aðeins sje sú undantekning, að börn sjeu sjálfráð með að vista sig, úr því þau sjeu orðin 16 ára, en þetta sje undantekning frá hinni almennu reglu. Þetta atriði var einmitt tekið til skoðunar í stjórnarráðinu af þeim, sem frv. samdi.

Guðmundur Björnsson: Í sjálfu sjer

hef jeg ekki á móti brtill. á þgskj. 160. Þó vildi nefndin ekki taka ákvæði hennar upp í frv., því hún sá fyrir, að það mundi valda verulegum óþægindum. Hjer eru í bæ búsettir fjöldamargir útlendingar, Almenningur þekkir eftirnafn margra þeirra en fornafn fáir. Hjer er Kristensen apotekari, ekki veit jeg fornafn hans: Kaaber alkunnur maður hjer í bæ, en ekki kann jeg að nefna fornafn hans; sama er um Fridriksen hinn norska, og svona mætti halda áfram að telja til að sýna fram á, hvílíkum óþægindum það gæti valdið, að rita ávalt fornöfn manna á undan föðurnafni eða ættarnafni í opinberum skrám eða skýrslum. Það hefði verið vandkvæðalaust að samþykkja brtill. ef í henni hefði staðið: „Ávalt skal rita fornöfn manna á undan föðurnafni en ekki ættarnafni"; þá hefði átt að rita í opinberar skrár og skýrslur: Jón Jónsson, en aftur á móti Christensen, Alfred. Þetta hefur líka alt af verið gert hjer, þangað til fyrir einum tveimur árum. Íslenzku nöfnin voru rituð að íslenzkri venju, en útlendu nöfnin eins og erlendis tíðkast, enda er það langþægilegast. Að endingu vildi jeg mælast til, að brtill. á þgskj. 160 væri borin upp í tvennu lagi til atkvæðagreiðslu, og að fyrri hlutinn væri: „Í öllum opinberum skrám og skýrslum skal ávalt rita fornöfn manna á undan föðurnafni", en síðari liðurinn: „eða ættarnafni." Mundi jeg þá greiða atkv. með fyrra hlutanum en ekki síðara.

Hákon Kristoffersson: Mig furðar það, að jafnvitur maður, sem h. 6. kgk. (G. B.) skuli hafa þetta á móti brtill. á þgskj. 155, því eins og kunnugt er, þá eiga flestir útlendingar eitthvert fornafn eða einhver fornöfn. Má þá gera eitt af tvennu, að skammstafa þau, eins og jeg geri með nafn mitt, þegar jeg skrifa H. J. Kristoffersson, eða þá skrifa þau fullum stöfum.

Jeg felst á það, að menn viti ekki, hvað allir útlendingar hjer búsettir heita að fornafni, en líklegt tel jeg, að þeir viti ekki heldur um nöfn allra Íslandinga, og komast menn þó út af því.

Jeg sje því ekki, að útásetningar h. 6. kgk. (G, B.) út á brtill. á þgskj. 155, sjeu á rökum bygðar. Hjer er verð um það eitt að tala, að sama gangi yfir útlendingana og landsmenn. Vona jeg, að h. 6. kgk. (G. B.) sje mjer samdóma um, að það sje í alla staði rjettmætt.

ATKVGR:

Brtill. á þgskj. 145, 1 samþ. í e. h.

— - — 145, 2a — með 12 samhl. atkv.

Brtill. á þgskj. 145, 2b samþ. í e. h.

— - — 145, 2c — - - -

— - — 145, 3a — með 10 samhl. atkv.

Brtill. á þgskj. 145, 3b samþ. með 10 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 145, 3c samþ. með 12 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 145, 4a samþ. með 12 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 145, 4b samþ. með 11 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 145, 4c samþ. með 12 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 145, 5 samþ. með 7 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 145, 6a samþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 145, 6b samþ. án atkvæðagreiðslu.

Brtill. á þgskj. 145, 6c samþ. með 12 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 145, 6d samþ. með 8 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 155, samþ. með 10 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 145, 7, þannig breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 160, a samþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 160 b feld með 7:4 atkv.

Brtill. á þgskj. 145, 8 samþ. án atkv.
Brtill. á þgskj. 145, 9 samþ. án atkvgr.
Frumv. þannig breytt samþ. með 10 : 3 atkv. og afgreiðist til N. d.

---

3. *Frumvarp til laga um nafnabreytingar og ný nöfn á býlum* (118, 146, 147, 149); 3. umr.

Jósef Björnsson, framsögumaður: Við þetta frv. hefur nefndin leyft sjer að gera nokkrar brtill., og eru þær á þgskj. 146 og 149. Á þgskj. 146 eru 2 brtill. Hin fyrri þeirra er við 5. gr. frv. og er í tveim liðum. Fyrri liðurinn er um, að í staðinn fyrir leyfisbrjef skuli koma nafnfesti; er það í raun rjettri ekki nema orðabreyting og er í samræmi við það, sem samþykt var í frv. næst á undan. Liðinn *b* á þgskj. 146 tekur nefndin aftur, en í hans stað ætlast hún til að komi þeir tveir liðir, sem eru á þgskj. 149. Fyrri liðurinn fer fram á það, að sje býlisnafnið 10 árum eldra en lög þessi, þá skuli ekkert gjald greiða fyrir nafnfestina nema skrásetningargjaldið til sýslumanns og þinglestrargjaldið. Síðari liðurinn fer fram á, að sama gjaldákvæði nái til þess, þegar tekið er upp að nýju gamalt og úrelt heiti á býli; vona jeg að h. d. sýnist breytingar þessar sanngjarnar og rjettmætar. Loks leggur nefndin það til, að fyrirsögn frv. sje breytt, og það nefnt: Frumvarp til laga um bæjanöfn. Þessi fyrirsögn virðist vera fullskýr, en er styttri og viðkunnanlegri en hin fyrirsögnin. Það hefur slæðzt einkennileg prentvilla inn í brtill. á þgskj. 146. Hjer stendur bæjarnöfn í staðinn fyrir bæjanöfn, og þarf að sjálfsögðu að leiðrjetta það. H. 2. þm. Árn. (J. J.) hefur komið með brtill. við 6. gr. frv. Mun hann sjálfur gera grein fyrir henni; að eins skal jeg geta þess, að nefndin í heild sinni hefur ekki tekið sjerstaka afstöðu til brtill., en þó hygg jeg, að hún muni henni ekki mótfallin.

Jón Jónatansson: Jeg vil leyfa mjer að minnast lítið eitt á brtill. mína á þgskj. 147. Hún miðar að því, að lögin nái einnig til nafnaupptöku húsa og þurrabúða í kaupstöðum og sjóþorpum. Hún á að stemma stigu fyrir því, að á þessum stöðsjeu tekin upp leiðinleg eða hlægileg skrípanöfn; það er altítt, að menn í kaupstöðum og sjóþorpum taki upp heiti alkunnra lögbýla á húsum sínum, og það jafnvel lögbýla í sömu sveit og getur það valdið töluverðum glundroða. Að sýslumanni sje heimilt að neita um þinglýsingu nafnsins og banna upptöku þess, er í samræmi við það, sem er í 3. gr., að þyki stjórnarráðinu nýupptekið nafn á býli fyrir einhverjar sakir óheppilegt, þá eigi það að endursenda beiðnina og beiðanda gefast kostur á að taka upp annað nafn. Það sýnist fulltryggilegt, að gefa sýslumanni það vald, sem brtill. vill gefa honum, en umsvifaminna fyrir leyfisbeiðanda, en að þurfa að leita til stjórnarráðsins, Eins og sjá má, á brtill., að gera frumvarpið víðtækara, en gert er í 6. gr. frv., og vona jeg, að h. d. geti fallizt á hana.

ATKVGR.:
1. brtill. á þgskj. 146 við 5. gr., liðurinn *a* samþ. með 12 samhlj. atkv.
brtill. á þgskj. 149 við 5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
brtill. á þgskj. 147, 1. liður samþ. með 11 samhlj, atkv.
brtill. á þgskj. 147, 2. liður samþ. með 11 samhlj. atkv.
brtill. á þgskj. 147, 3 liður samþ. með 10 samhlj. atkv.
2. brtill. á þgskj. 146 samþ. í e. hlj.
Frumvarpið með áorðnum breytingum samþ. með 11 samhlj. atkv.
Verður frv. afgreitt til Nd.

---

4. *Frumvarp til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á lóð og mannvirkjum handa hafnarbryggju.* (94); 2. umr.

ATKVGR.:
1. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
2. — — í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

---

5. *Frumv, til laga um löggilding verzlunarstaða í Karlseyjarvík við Reykhóla og í Hagabót í Barðastrandarsýslu* (111); 2. umr.

ATKVGR.:
1. gr, frv. samþ. með 12 samhlj. atkv.
2. gr. frv. samþ. með 10 samhlj. atkv.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

---

6. *Frumv, til laga um sjerstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson rektor* (60); 3. umr.

Björn Þorláksson, framsögumaður: Jeg stend upp til að segja aðeins örfá orð, en vísa og vitna að öðru leyti til þess, sem nefndin sagði um málið við 2. umr. þess, og í nefndarálitið sjálft. Jeg stend fast við það, að þegar um það er að ræða, að veita Steingrími rektor Thorsteinsson heiður, þá eigi eingöngu að líta á hann sem skáld og rithöfund, en ekki sem embættismann; og að heiðursvottinn eigi og megi ekki miða við það, hvenær hann lætur af embætti. Nefndin telur sig hafa fundið hina rjettustu og sæmilegustu leið, til að láta í ljósi virðingu og þakklátsemi við hið ágæta skáld og rithöfund, þar sem hún vill, að þingið færi honum heiðursgjöf í nafni þjóðarinnar. Brtill. á þgskj. 159 fer fram á, að heiðursgjöfin sje hækkuð um 1000 kr.; á hún að sýna það, að fyrir nefndinni er þetta mál enganveginn fyrst og fremst fjármunamál, heldur principmál. Oss er ekki fast í hendi með það, hvort heiðursgjöfin er nokkuru hærri eða lægri, en oss er það áhugamál, að hinu aldraða skáldi sje sýndur sem mestur sómi, og það tel jeg bezt verða, með því að sú leið sje valin, sem nefndin hefur valið. Skal jeg svo ekki fjölyrða um málið. Jeg vil aðeins taka það fram, að þar sem tillaga nefndarinnar hefur sætt mjög hörðum og ómaklegum mótmælum hjer í deildinni, þá legg jeg alla meðferð nefndarinnar í máli þessu óhræddur og óhikað undir dóm þjóðarinnar. Að lokum óska jeg þess, að nafnakall verði viðhaft, þegar til atkvæða er gengið.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. J.): Jeg gat þess við síðustu umræðu, að það væri samkvæmt ósk og vilja Steingríms rektors Thorsteinssons, að frumv. þetta er komið fram. Gat jeg þess þá, að stjórnarráðinu hefði borizt brjef frá honum um málið. Þá hafði jeg brjefið ekki við hendina, en nú er það hjer, og skal jeg, með leyfi háttv. forseta lesa upp þann kafla þess, sem hjer skiftir máli, og er hann þannig:

> Hjer með leyfi jeg mjer að gefa hinu háa stjórnarráði til vitundar, að jeg hef í hyggju að segja af mjer rektorsembættinu fyrir næsta haust, ef alþingi á næstkomandi sumri vildi veita samþykki sitt til, að jeg megi fara frá með fullum launum, þeim sem nú eru".

Þetta hygg jeg að sýni, að frumv. er komið fram eftir ósk Steingríms rektors Thorsteinssons, eins og jeg sagði síðast.

Háttv. þm. Vsk. (S. Egg.) þótti um daginn við 2. umr., þessi leið ekki heppileg, en vildi heldur, að eftirlaunaviðbótin hefði komið fram á fjárlögunum. Stjórnin athugaði þetta atriði, einkum vegna

þess, að sú leið virðist að nokkru hafa vakað fyrir skáldinu Stgr. Thorsteinsson, að þetta væri gert með því að taka það upp á fjárlögin, því hann segir svo síðast í brjefi sínu:

„Eftir framansögðu eru það þá tilmæli min, að hið háa stjórnarráð vildi taka þetta erindi mitt til íhugunar og góðfúslega greiða fyrir því, að leggja það fyrir alþingi á næstu fjárlögum".

Þessa leið tók stjórnin til íhugunar, en hún leit svo á, að með því væri þessum heiðursmanni ekki sýnd næg viðurkenning, að setja þessa upphæð í fjárlögin. Stjórninni þótti það miklu fallegra form að fara þessa leið, og fanst, að þessi umsækjandi ætti það fullkomlega skilið.

Stjórnin bygði þetta einnig að nokkru á ummælum umsækjanda í skjali hans, sem eru svo:

„Það, sem jeg því fer fram á umfram lögmælt eftirlaun, væri því næst að skoða sem bókmentalegan styrk og viðurkenningarvott um viðleitni mína í því — það sem af er æfinnar — að leggja fram minn skerf til íslenzkra bókmenta".

Það er einmitt þetta, sem stjórnin vildi sýna, og vænti jeg því þess, að þessar umræður dragist ekki úr hófi fram hjer í háttv. deild, en að þessi ummæli skáldsins mættu vera síðasta orðið í málinu.

Siðurður Eggerz: Umboðsmaður ráðh. (Kl. J.) óskaði þess, að þessi ummæli umsækjandans yrðu síðustu orðin í málinu. I raun og veru er jeg í nokkrum vafa um, hvort sjerstök ástæða var til þess, að leggja þessi ummæli fram.

Jeg tók það fram við 2. umr., að jeg áliti frv. nefndarinnar betra, það, sem jeg átti við með því, var það, að mjer finst, að þegar þingið vill fljetta lárviðarsveig, þá eigi ekki að vefja eftirlaununum um lárviðarblöðin, því þau eru þjóðinni ógeðfeld.

Við vitum ekki, nema skáldið vilji fremur heiðurslaunin; það hefur ekki verið að því spurt. Þingið á að hugsa um það eitt, að finna þá aðferð, sem er fallegust, bezt viðeigandi og skáldinu mestur sómi að. Og sú leið er hiklaust heiðursverðlaunin.

Frv. samþykt með 9 atkv. á móti 4 að viðhöfðu nafnakalli, eftir ósk þm. Björns Þorlákssonar, Jósefs Björnssonar og Hákonar Kristofferssonar.

Já sögðu:	*Nei sögðu:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	H. Kristoffersson,
Eiríkur Briem,	Jósef Björnsson,
Guðjón Guðlaugsson,	Sigurður Eggerz,
Guðm Björnsson,	
Júlíus Havsteen,	
Sigurður Stefánsson.	

Jón Jónatansson og Þórarinn Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust því með meiri hluta.

Frumv. þá afgr. til ráðherra sem lög frá alþingi.

---

16. fundur. Föstudaginn 25. júlí kl. 1 síðd. Allir á fundi.

1. *Frumv. til laga um veiðiskatt.* 1. umr.

Guðmundur Björnsson, flutningsm.: Fyrst vil jeg þakka h. 1. þm. Húnv. fyrir, að hann vildi flytja þetta mál með mjer, og þar næst vil jeg biðja háttvirtu deild að afsaka, að þetta frv. kemur svona bert og nakið.

Það er nú svo, að þótt jeg hafi ekki átt langar setur á þingi, þá hef jeg þó búið mörg mál undir þing og það hefur glatt mig, að þingið hefur oft farið loflegum orðum um þá vinnu mína. En jeg veit, að fáir hjer í hv. deild mun renna grun í það, hversu *afarmikla* vinnu þarf til þess opt og einatt, að undirbúa málin svo

vel sje; sannleikurinn er sá, að flóknustu mál sýnast oft mjög einföld, þegar búið er að skýra þau og greiða vel úr þeim.

Þessvegna er það ekki altaf rjett, þegar verið er að ásaka stjórnina fyrir, að hún hafi undirbúið málin illa; bæði hefur hún oft lítinn tíma til þess fyrir öðrum störfum, og eins vantar hana oft menn með nægri kunnáttu.

Jeg hef aldrei áður borið fram jafn óundirbúið mál og þetta frv., en fuglafriðunin, og allur þessi mikli vængjaþytur hjer í hv. deild hefur knúið mig á stað.

Það er um mig sem aðra, að flestar þær fræðigreinar, sem mjer voru kendar til undirbúnings læknismentunarinnar, hef jeg orðið að leggja á hylluna, en þó hef jeg haldið trygð við sumar þeirra. Og þar á meðal er fuglafræðin. Jeg hef kynt mjer íslenzka fugla, ávalt haft gaman af því, og alt, sem að fuglaveiðum lýtur, og veit því meira þar, en sumir háttv. þingmenn halda.

Kveinstafir yfir því, að fuglunum fækki, heyrast nú alstaðar, og enn meira erlendis en hjer á landi.

Þegar byssan kom til sögunnar, hófst vandræðaöld fuglanna; þá fór eyðilegging þeirra að verða tilfinnanleg, en þó tók út yfir, þegar afturhlöðnu byssurnar komu á gang, þessi handhægu og hraðskeytu vopnin, og nú orðin svo ódýr, að hver maður getur veitt sjer þau, þeim er það að kenna, þessum nýju morðvopnum, að fuglar eiga hvergi friðland, en drepnir unnvörpum.

Erlendis, þar sem þjettbýlt er, eiga fuglarnir erfiðara uppdráttar en hjer á landi, og þar hefur þeim fækkað stórum. Það er nú svo komið víða erlendis, að ýmsar fuglategundir er gersamlega horfnar, og aðrar orðnar sjaldgæfar, sem áður voru almennar.

Og menn hafa fundið sárt til þessa erlendis, alveg eins og hjer.

Og menn hafa reynt fuglafriðun alveg eins og hjer.

Og fuglafriðunin hefur verið gagnslaus erlendis alveg eins og hjer.

En þá fundu menn þar nýtt ráð.

Menn fundu upp veiðimerki.

Þetta ráð hefur víða verið tekið upp, t. d. í Frakklandi og Þýzkalandi.

Og bæði fuglaveiðimenn og fuglafræðingar eru sammála um það, að þetta hafi gert langmest gagn.

Samkvæmt veiðitilskipuninni frá 1849 á hver landseti veiðirjett á jörð sinni, og jeg veit, að fátækir menn hafa oft aflað sjer álitlegra hlunninda með byssunni sinni, en þeir hafa líka vit á því, að stráDrepa ekki fuglinn. En miklu fleiri eru þeir landsetar, sem ekki nota veiðirjett sinn og hafa ekkert upp úr honum, en líða öðrum að nota hann, án þess að fá neitt í aðra hönd; land þeirra er að því leyti, eins og það væri almenningseign.

Það dettur engum í hug, að veiða silung eða lax í á einhvers bónda án þess að fá leyfi fyrir því, að mega vera að veiðinni, en það dettur engum í hug, að biðja leyfis, þó að hann vaði yfir landið til fugladráps.

Einkum hefur fugladrápið ágerzt síðan fólkinu fjölgaði í sjóþorpunum. Nú vaða menn frá sjávarþorpunum í heilum herskörum yfir sveitirnar, og þessum fuglamorðingjum þykir það mest fremdin, að drepa sem mest og flest með byssum sínum.

Heiðarlöndin eru, eins og menn vita, almenningseign, og þar mega allir veiða, en þeir eru tiltölulega fáir, sem nota þann rjett; hafa sumir gott upp úr því, en greiða ekkert fyrir.

Og eins er það um landhelgina, að hún er einskonar almenningseign, og þar mega allir veiða, og það er jeg viss um, að á sjónum eru framin flest brotin á friðunarlögunum. Innan landhelginnar

mundu lög um veiðimerki koma að margfalt meiri notum, en friðunarlögin ein um sig. Þeir, er hefðu keypt veiðimerki, mundu þá gæta þess, að þar væri enginn að veiðum, sem ekki hefði rjett til þess, og það er ólíkt hægar, að sanna löglega veiði yfirleitt, en hitt að koma því upp, að einhver tiltekinn fugl hafi verið drepinn.

Jeg þykist því vera viss um það, að ef þetta frumv. yrði að lögum, þá verður veiðirjetturinn meira virði fyrir bændur, og að þá verður líka betur farið með hann.

Þeir, sem ekki notuðu hann sjálfir, mundu þá selja hann á leigu, og þeir, sem leigðu hann, mundu fljótt sjá, að það verður að fara með fuglana á sama hátt og fjeð. Óhætt að lóga nokkru á hverju ári, en ekkert vit í því, að strádrepa niður alt kynið.

Fuglaveiðamennirnir hugsa um þetta og gefa því nánar gætur, en hinir, fuglamorðingjarnir, drepa alt, sem þeir geta náð, án þess að hugsa um afleiðingarnar.

Þetta er munurinn á fuglaveiðamönnum og fuglamorðingjum.

Fuglseðlið er alstaðar eins, og mannseðlið er alstaðar eins, og þess vegna held jeg, að það sem hefur komið að góðu gagni erlendis, kæmi það líka hjer.

Jeg geri mjer þess vegna von um, að hin háttv. deild taki máli þessu vel, og yfirvegi það, og leyfi mjer því, að leggja til, að málinu verði vísað til 3 manna nefndar, að þessari umræðu lokinni.

Hákon Kristoffersson: Jeg stend ekki upp til þess að mótmæla þessu frumv., en það eru ýmsar greinar þess, sem jeg fyrir mitt leyti get ekki verið með, eins og þær eru, t. d. 1., 7. og 8. grein, og vil þess vegna óska þess, að háttv. nefnd taki þær til íhugunar og breyti þeim; að öðrum kosti get jeg ekki verið með frumv.

Það eru nú þegar svo margir skattar lagðir á landsmenn, að jeg sje ekki, að þar við megi bæta, að minsta kosti verð jeg að hugsa mig vel um, áður en jeg fylgi því.

Jeg veit, að háttv. flutningsm. (G. B.) gengur gott til, og jeg tel málið það líka, og mæli með, að það verði sett í nefnd.

Júlíus Havsteen: Það er ætíð svo, að fyrst er maður les nýtt frumvarp, þá verður manni litið á fyrirsögnina, og fyrirsögn þessa frumv. er: frumvarp til laga um veiðiskatt, en þó eru ekki, er nánar er gætt að, nema tvær greinarnar um þennan skatt.

Hjer er um nýjan skatt að ræða, og það fælir mig frá frumvarpinu. Og þó að þessi nýi skattur sje ekki stór upphæð á ári, þá hvílir nóg byrði af allskonar sköttum á fátæklingunum, þótt ekki sje bætt við þá. Og eftir tilskipuninni frá 20. júní 1849 um veiði á Íslandi, sem er ágætlega samin, sem von er, eftir þann mann, sem þar vann að, þá á hver landeigandi veiðirjett á landi sínu, og jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að það sje ekki krafizt ofmikils, þótt þess sje krafizt, að þeir sjálfir gæti sín. Og landeigendurnir gera það, að minsta kosti sjer maður það, að landeigendurnir hjer í nánd við Reykjavík, eru iðulega að auglýsa í blöðunum, að þeir banni öllum veiði í landi sínu. Hvað eftirlitið snertir, þá geta þeir líka framkvæmt það, því löndin eru ekki svo stór, að þeir geti ekki sjeð til ólöglegra veiða og hverjir það gera.

Háttv. flutningsm. (G. B.) talaði um þetta frumv., eins og það væri einskonar viðauki við fuglafriðunarlögin. En jeg held, að það sje bezt að hafa fuglafriðunarlögin út af fyrir sig, og þennan viðauka fyrir sig, því hjer er ekki um annað að ræða, en hvernig menn eiga að veiða.

Háttv. flutningsm. (G. B.) var ennfremur að tala um það, að fuglarnir hefðu áður verið veiddir með bogum og örvum, og svo með snörum, er voru hættulegar

fyrir fuglinn, og mjög ómannúðleg veiðiaðferð. Svo komu byssurnar, en ekki tel jeg, að þær hafi gert neinn verulegan skaða, eins og háttv. flutnm. (G. B.) taldi, heldur verði að telja framför að þeirri veiðiaðferð; hún er miklu mannúðlegri, en snörurnar og aðrar veiðibrellur. Bogar hafa aldrei verið notaðir hjer í landi.

Þegar verið er að tala um það, hvort lítið sje um fugla hjer á landi, þá vita menn lítið eða ekkert um það. Það er t. d. sagt hjer í einu nefndaráliti, að örninn sje orðinn mjög sjaldgæfur hjer. Þetta er ekkert nýtt, því hann hefur alt af verið hjer sjaldgæfur. Það var líka sagt um daginn hjer í háttv. deild, að rjúpan væri að hverfa, en um það vita menn ekkert, og hefur oft áður verið áraskifti að því, hvort mikið eða lítið er af rjúpunni. Þetta sýndi jeg fram á við umræðurnar síðast um það mál hjer í háttv. deild. Hið sama má segja um sendlinga, er sumir telja að sjeu að hverfa.

Fuglar fælast yfir höfuð mennina, þeir fælast bygðina, og stundum fer það eftir veðuráttu, hvort þeir sækja í bygð eða ekki. Svo er t. d. sjerstaklega um rjúpuna. Auk þessara almennu athugasemda, gæti jeg komið fram með margar fleiri aðfinningar við hinar einstöku greinar frv., en það á ekki við við 1. umr. Jeg mun því geyma mjer það til 2. umr., sem jeg býst við að verði, þó að jeg óski þess ekki, að frv. komist svo langt.

Guðmundur Björnsson: Mjer er ekkert kappsmál um þetta frv., en mjer þótti rjett að hreyfa því, til þess að um það yrði hugsað. Jeg skildi háttv. þm. Barð. (H. Kr.) svo, að honum þætti það sjerstaklega athugavert, að hjer væri verið að leggja á nýjan skatt. En skatturinn er alls ekkert aðalatriði í frv. og með brtill. mætti t. d. veita landsetum undanþágu frá skatti. — Háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) var einnig hræddur við þetta frv., af því hjer væri um nýjar álögur að ræða, en um þennan skatt er öðru máli að gegna en flesta aðra, því að hann á að renna í sveitarsjóð, en ekki í landssjóð. Jeg er því ekkert hræddur um, nð þetta nýmæli kveiki neina óánægju hjá alþýðu. Hinn sami háttv. þm. hjelt því fram, að ástæðulaust væri að tala um, að fuglum væri farið að fækka hjer vegna ofsókna. Jeg játa auðvitað, að ekki hefur kveðið nærri eins mikið að fugladrápi hjer og víða annarsstaðar, en hitt óttast jeg, að bráðlega fari að sækja í sama horfið hjer eins og í öðrum löndum. Norðmaðurinn Barth, nafnfrægur veiðimaður og fuglafræðingur, heldur því fram í bók, sem hann gaf út um 1880, að fuglum hafi þá fækkað til stórra muna í Noregi frá því um miðja öldina. Það er svo að sjá, sem eyðileggingin hafi byrjað þar um miðbik síðustu aldar. Samskonar kvartanir heyrast hvaðanæfa að, bæði frá Svíþjóð, Danmörku, Englandi, Þýzkalandi og Frakklandi. Það, sem hlíft hefur fuglunum hjer á landi, eru hinar miklu óbygðir vorar, friðland fuglanna.

Þessi háttv. þingdeild hefur svo rækilega sýnt það á þessu þingi, að henni er ant um friðun og viðhald fuglategundanna í landinu, og vona jeg því, að menn sjái, að þetta frumv. hefur góðan tilgang. Jeg vona, að nefnd verði skipuð í málið, sem breyti því til batnaðar, er miður þykir fara í frv., en láti hitt haldast, sem gagn er að.

Málinu vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Samþ. að skipa 3 manna nefnd með 12 samhlj. atkv.

Þessir voru kosnir í hana:

Guðm. Björnsson,

Júlíus Havsteen,

Þórarinn Jónsson

með 12 samhlj. atkv.

Í nefndinni var Júlíus Havsteen kosinn formaður og Guðmundur Björnsson skrifari.

2. *Frumvarp til laga um friðun fugla og eggja.* (143, n. 144), 1. umr.

Jón Jónatansson, framsm.: Nefndin hefur leyft sjer að koma fram með nýtt frumv. í stað þeirra tveggja, sem hún hafði til athugunar. Jeg ætla mjer ekki að verða langorður nú við 1. umr., en vil aðeins með fám orðum gera grein fyrir, hvers vegna nefndin hefur komið fram með nýtt frv. Henni fanst sem sje ástæða til að taka friðunarlögin í heild sinni til íhugunar, til þess að koma þeim öllum í samræmi við þær reglur. sem hún álítur að fylgja beri í löggjöf um slík efni.

Hjer kemur margt til greina og má búa t við, að vandratað verði meðalhófið, Fyrst og fremst verður að líta á, hver eigi að vera takmörk friðunarinnar, hvar og hvenær friðun sje þörf. Í öðru lagi verður að hafa vakandi auga á því, annarsvegar að vernda atvinnuvegi manna og hins vegar að skerða ekki um of atvinnufrelsi manna. Jeg býst nú við, að dómarnir verði misjafnir um, hvernig nefndinni hafi tekizt að þræða meðalveginn, en um það hugsa jeg þó að allir sjeu sammála, að það eigi að vera höfuðtilgangur löggjafarinnar, að vernda sem bezt fuglategundirnar í landinu, þó að sitt sýnist hverjum, þegar til framkvæmdanna kemur. Sumir halda því t. d. fram, að það sje tilgangslaust að vera að friða fugla, sem engar nytjar sjeu að, — enginn leggi sig niður við að drepa slíka fugla. En jeg held, að drápgirnin spyrji ekki um nytjar; sumir drepa eingöngu til þess að drepa. Það er fegurðartilfinningin, sem krefst þess, að þessir nytjalausu fuglar sjeu verndaðir; tilfinningin fyrir fjölbreytni og fegurð, sem því miður er á alt of lágu stigi hjá mörgum hjer á landi. Margir þessara veslings fugla eru til hinnar mestu prýði og skemtunur og ættu að hafa sama rjett á sjer, sem karlssonurinn í ævintýrinu:

„Hvar sem jeg sit um hæstan dag og hefst ekki neitt ilt að, þar má jeg vera". — Þessa reglu, að vernda fjölbreytnina en varna gereyðingunni, vona jeg að sem flestir vilji aðhyllast. En um hitt má auðvitað deila, hverjir fuglar sjeu sjaldgæfir og hverjir ekki, því að mikill mismunur er á því í ýmsum hjeruðum.

Nefndin vonar, að sem flestir verði sammála um, að full þörf sje á að taka í taumana í þessu efni. Skotmennirnir hugsa alt af, að nóg verði eftir, þó að þeir svali veiðifýsn sinni, og svo mun sá einnig hugsa, sem drepur síðasta fuglinn. Annars sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um einstök atriði frv. nú við þessa umr. Það sem mestum ágreiningi veldur, verður að líkindum friðunin á svan og rjúpu. Hvað rjúpuna snertir, fer nefndin skemra en upphaflega frv., — hefur fært friðunartímann úr 5 árum niður í 2 ár. Sjálfsagt verður einnig talsverður ágreiningur um það, hvernig nefndinni hafi tekizt að flokka fugla til friðunar og ákveða takmörk friðunarinnar. Síðan hún lauk störfum sínum, hafa henni borizt ýmsar bendingar, sem hún mun taka til greina og yfir höfuð mun hún taka þakksamlega öllum upplýsingum, sem menn vilja gefa henni, því að hún játar, að hún hefur ekki svo fullkomna þekkingu á þessu efni, sem æskilegt væri. Vil jeg ljúka máli mínu með þeirri ósk, að frv. fái að ganga til 2. umr., og að á því verði gerðar slíkar breytingar til bóta, sem þörf krefur.

Júlíus Havsteen: Jeg vil láta í ljósi ánægju mína yfir því, að háttv. nefnd hefur stytt friðunartíma rjúpunnar, en helzt hefði jeg óskað, að þetta friðunarnýmæli hefði verið með öllu strykað út. Jeg hygg, að það sje á engum rökum bygt, að rjúpan sje að týna tölunni hjer á landi, því að útflutningsskýrslurnar sýna það svart á hvítu, að svo er ekki. Og jeg get ekki verið háttv. nefnd samdóma um, að útflutningsskýrslurnar sanni ekkert í þessu

efni. — Það getur orðið mörgum manni bagalegt, að mega ekki skjóta rjúpur, þótt ekki sje nema um 2 ára tíma, því að margir hafa álitlega aukaatvinnu af rjúpnadrápi. En mjer finnst altaf varhugavert, að spilla atvinnu manna með lagasetningu. Er það annars meining nefndarinnar, að banna að eins að skjóta rjúpur, en ekki að snara þær? *(Jón Jónatansson:* já!)

Að öðru leyti vil jeg aðeins gera þá athugasemd um þetta frumv., að það er ekki nema 10 ár, síðan að friðunarlög þau, sem nú gilda, voru sett. Þau voru samin af fróðum mönnum í því efni og eru nú fyrst að komast inn í meðvitund almennings. Mjer finst því alt of snemt að fara að breyta þeim nú þegar, það mætti vel bíða nokkur ár enn þá.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

---

3. *Frv. til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland. nr. 54, 11. júlí 1911, 1. gr. 15.* (126); 2. umr.

Enginn tók til máls, og var því gengið til atkvæða.

Frumvarpsgreinin samþ. í e. hlj.
Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

---

17. fundur. Mánudaginn 28. júlí, kl. 1 síðd. Allir á fundi.

1. *Frumv. til laga um breyting á tollögum fyrir Ísland nr. 54, 11. júlí 1911, 1. gr.* (126); 3. umr.

Enginn tók til máls, og var því þessari umr. lokið.

Frv. samþ. í einu hljóði og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

2. *Frv. til laga um friðun fugla og eggja* (143, n. 144, 178); 2 umr.

Málið var tekið út af dagskrá.

---

3. *Frv. til laga um löggilding verzlunarstaða í Karlseyjarvík við Reykhóla og í Hagabót í Barðastrandarsýslu* (111); 3. umr.

Enginn tók til máls og var því þessari umr. lokið.

Frumv. samþ. í einu hljóði og síðan afgreitt til forseta N. d.

---

4. *Frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju* (94); 3. umr.

Enginn tók til máls, og var því þessari umr. lokið.

Frv. samþ. í e. h. og síðan afgreitt til forseta Nd.

---

5. *Frv. til laga um friðun æðarfugls* (88, 174); 3. umr.

Málið var tekið út af dagskrá.

---

6. *Frv, til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórnar í kaupstöðum* (stjfrv. n. 157); 2. umr.

Málið var tekið út af dagskrá.

---

18. fundur. Þriðjudaginn 29. júlí, kl. 1 síðd. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um friðun fugla og eggja* (143, n. 144. 178, 206); 2. umr.

Jón Jónatansson, framsögumaður: Jeg tel ástæðulaust, að eyða mörgum orðum að þessu fuglafriðunarfrumvarpi. Nefndarálitið um það hefur legið fyrir hinni háttv. deild, og hún hefur sjeð, hvað vakað hefur fyrir nefndinni, er hún flutti þetta frv.

Helztu nýmæli í frv. eru þau, að friða svan og rjúpu. Um friðun rjúpna er það að segja, að ekki er farið fram á hana vegna fuglsins sjálfs, heldur vegna þess arðs, er hafa má og höfð er af rjúpnaveiðum; það er með öðrum orðum gert til þess, að veiðin verði meiri og ábatavœnlegri á eftir.

Það má deila mikið um fækkun rjúpunnar, en það er gagnlaust, að þjarka og þrátta um þau efni. Menn vita í raun inni lítið um það.

Það eru komnar fram brtill. við frv. nefndarinnar og getur nefndin yfirleitt ekki fallizt á þær. Þær fara yfirleitt allar í þá átt, að gera engar breytingar við núgildandi friðunarlög. Það er jafnvel lagt til að alfriða ekki þá fugla, er koma hingað sjaldan, og æskilegt væri, að ílendist hjer.

Það hefur verið sagt, að rjettast væri að gera ekki neitt í málinu, fyr en leitað væri álits sjerfróðs manns um þessi efni, t. d. náttúrufræðiskennarans við mentaskólann. Það kemur því heldur kynlega fyrir, að menn skuli koma með brtill. um að fella burt einmitt þann fuglinn, sem hjer er settur eftir tillögum sjerfræðings, náttúrufræðiskennarans við mentaskólann, Þessi fugl er hettumáfur, sem jeg nefndi áðan. Það er undarlegt að koma með slíka tillögu, en þykjast þó í öðru veifinu vilja fara eftir ráðum sjerfræðinga.

Við 1. gr. eru gerðar þær breytingar, að nokkrum nýjum tegundum er bætt inn í, er skuli vera alfriðaðar.

Við 2. gr. er og komin brtill. frá nefndinni. Það þótti ekki rjett, að gera ekki þessa undantekning, enda þótt það sje mjög sjaldgæft nú, að ernir leggist á lömb, síðan þeir gerðust svo fátiðir.

Við brtill. við 3. gr. er það að athuga, að himbrimar eru settir í flokk þeirra fugla, er ófriðaðir eru. Það hefur vitnazt, að allmikið er til af þessari fuglategund. Þeir geta og verið skaðræðisgripir, t. d. unnið silungsveiði ógagn.

Brtill við 5. gr. er ekki annað en nafnabreyting. Dúkönd er algengt hjá alþýðu.

Brtill. við 6. gr. er breyting á hámarki sekta fyrir brot á lögunum, hækkað úr 60 kr. upp í 80 kr., til þess hámarkið sje bein margföldun af lágmarkinu.

Þá er brtill. við 8. gr. Undanþágan getur eftir því líka náð til þeirra, er safna vilja fuglum handa náttúrugripasafninu í Reykjavík. Þessi brtill. er gerð eftir bendingum, er fram hafa komið, og til samkomulags.

Efnisbreytingar við frv. eru því litlar, eins og háttv. þingdm. sjá. Yfirleitt heldur nefndin fast við hið gamla frumvarp sitt.

Það hafa komið fram tillögur gegn friðun á rjúpum og svönum, en nefndin hefur ekki getað fallizt á þær. En jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða meira um það að sinni, fyr en þeir, sem breytingartillögurnar eiga, hafa rökstutt þessar tillögur sínar.

Júlíus Havsteen: Þetta er 7. frumv. um friðun fugla og eggja, sem er á ferðinni hjer í deildinni. Þau eru misjöfn að gæðum, en þetta er af verri endanum, og er sumt í því allnýstárlegt, t. d. að friða örninn. Það er með öðrum orðum farið fram á að vernda ránfugla, og er það undarlegt nýmæli. En þó er sú undan-

tekning gerð á þessu, að veitt er leyfi til að drepa hann, ef hann gerir einhverja óknytti. En hver á svo að dæma um, hvenær hann fremur eitthvað miður sæmilegt, svo að hann sje rjettdræpur. Það er yfir höfuð ekki svo hægt að sjá, hvernig örninn er „sítúeraður“ í þessu máli. Hann er bæði friðaður og dræpur.

Hjer á og að friða fugla, er flækjast hingað, og búizt er við, að þeir ílendist hjer, og að þeim fjölgi, ef ekki er amast við þeim. En jeg er því algerlega ósamþykkur. Fyrst átti og að friða himbrima, sem eru hinir mestu skaðræðisgripir, en nú er þó horfið frá því, og nú er lagt til að ófriða þá, sem er alveg nauðsynlegt. Fyrst átti og eftir tillögum flutningsmanna að friða rjúpur í 5 ár, en nú er friðunartíminn orðinn 2 ár. Hvorttveggja er rangt.

Eftir þessar almennu athugasemdir sný jeg mjer að brtill. okkar háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.).

1. brtill. okkar fer fram á, að silkitoppar sjeu teknir úr tölu þeirra fugla, er friða á árið um kring. Þeir dvelja hjer á stangli, sem gestir, nokkra daga og fara síðan aftur.

Annars má skifta fuglunum í 4 flokka, að því leyti, er snertir verustaði þeirra. Í fyrsta flokki eru þeir fuglar, er dvelja hjer altaf. Í öðrum flokki eru farfuglar, þeir fuglar, er verpa hjer. Í þriðja flokki eru fuglar, sem fara hjer um, koma hjer við á leið til norðlægari landa, t. d. helsingjar, margæsir eða hrotgæsir og ef til vill hvítmáfar. Og seinast er að telja þá fugla, er flækjast hingað með höppum og glöppum, og í þeim flokki eru silkitoppar.

Þá höfum við lagt það til, að sumir aðrir fuglar í fyrstu gr. falli burt, sem sje svanir, hettumáfar, haftyrðlar, himbrimar, svölur, starrar og sendlingar. Nefndin hefur nú sjálf komið með brtill. um að taka himbrima burt úr þessari grein og á að ófriða þá. Um haftyrðla er það að segja, að þeir eru varla til annarsstaðar en í Grímsey. Jeg hef örsjaldan sjeð þá á Eyjafirði.

Þá leggjum við til, að 2. gr. frv. falli burt. Hún er um friðun á örnum, og hef jeg mínst á það áður. Vil að eins bæta því við, að það er skritið ákvæði í þessari grein, að afhenda skuli hlutaðeigandi lögreglustjóra nef, vængi og klær hinna drepnu fugla. Til hvers eru þessi ákvæði sett? Það getur varla orðið til annars en spilla hamnum, sem þó er dýr, kostar um 25—30 kr. Hjer er því ekki gert annað en eyða því gagni, er hafa mætti af fuglinum. Þetta ákvæði spillir, með öðrum orðum, atvinnu manna, ef það verður að lögum. Við komum því með brtill. um að setja örninn í 3. gr. Ennfremur viljum við bæta við í hana helsingjum, hrotgæsum og himbrimum. Helsingjar voru settir í lögin 1903. Það eru skaðlegir fuglar, skemma grasið, þar sem þeir koma. Það er allmikið af þeim í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, á vorin, þegar þeir eru á leiðinni vestur og norður til Grænlands, og á haustin, þegar þeir koma aftur þaðan. En hrotgæsirnar leggja leið sína um Mýrarnar.

4. brtill. fer ekki fram á annað en það, sem er í lögunum 1903. Fyrst átti að alfriða rjúpur í 5 ár. Nefndin er það betri en flutningsmenn hins upphaflega frumvarps, sem er tekið aftur, að hún leggur til að friða þær ekki nema 2 ár. Það er og bót í máli, að þær eru ekki friðaðar nema fyrir skotum. Það má með öðrum orðum snara þær. Jeg segi sama um þetta, sem jeg sagði við 1. umr., að það er synd, að spilla þannig atvinnu manna. Háttv. deild hefur sýnt, að hún vill styðja atvinnuvegi landsins yfirhöfuð, að minsta kosti sjávarútveginn og búnaðinn. En það má þá ekki gleyma öðrum atvinnugreinum, þótt minni sjeu. Jeg veit með vissu, að einstakir menn hafa talsverðan hag af rjúpnaveiðum. Sumir, er hafa veiðirjett á stórum jörðum, geta vel haft

um 300 kr. upp úr rjúpnaveiðum á einum vetri. Og sumir sjá ekki aðra peninga en þá, er þeir fá fyrir rjúpur og aðra fugla, sem þeir skjóta. Jeg get því ekki verið með því, að friðunartíminn sje lengdur. Það er bezt að láta sitja við það, sem ákveðið er í lögunum 1903.

Jeg verð að mótmæla því, að rjúpum fækki. Það er umhleypingasöm veðrátta, er veldur því, að svo virðist, sem þeim fari fækkandi. Þær koma ekki oft ofan í bygð. Í staðviðri, frostum og snjó koma þær ofan í sveitir. Jeg er viss um, að þetta frumv. verður óvinsælt, ef það verður samþykt.

Þá kemur brtill. við 5. gr. um að friða aðeins rjúpnaegg. Jeg er hræddur um, að alþýða þekki ekki öll þessi egg, sem hjer er um að ræða. Jeg vil friða rjúpnaegg, láta það nægja. Rjúpur eru mjög gagnlegar, og því er rjett, að varna fækkun þeirra á þennan hátt.

Við stingum og upp á, að orðin „nema fyrir egg arnar, skal greiða 10 kr.“ falli burt. Það væri nær að veita verðlaun fyrir að ná þeim, þar sem jafnskaðlegur fugl og ernir eiga í hlut. Hann legst stundum á lömb, sem kunnugt er. Auk þess er það erfitt og hættulegt, að ná arnareggjum.

Að síðustu er brtill. um, að sektarfje renni að hálfu leyti til landssjóðs, en hinn helmingur til uppljóstarmanns.

Jeg vona, að háttv. deild taki þessum brtill. vel. Ef þær verða ekki samþyktar, kýs jeg helzt, að frumv. falli.

Guðmundur Björnsson: Jeg ætla mjer ekki tala um einstakar breyttill. við frv., jeg er samþykkur háttv. flutningsmönnum um, að breyta þurfi lögunum um friðun fugla frá 1909.

En þetta er hið mesta vandaverk. Vandinn er að gera þau þannig úr garði, að þau gangi ekki of nærri atvinnufrelsi manna, en að þau hinsvegar komi að þeim notum, er þeim er ætlað, að friðunin verði meiri en orðin eintóm. Rjett leið er hjer vandrötuð.

Hjer koma ýmsar spurningar til greina, er svara verður, t. d. hvaða fugla eigi að friða; hvort það eigi að vernda að eins nytjafugla, eða auk þeirra skemtilega fugla eða meinlausa. Þá leikur vafi á, hvort það eigi friða þá alt árið eða að eins nokkurn hluta þess, hvort það eigi að friða eggin eða ekki. Alt þetta verður að athuga, og er það hið mesta vandaverk.

Um nytjafugla má geta þess, að þeir eru fleiri en haft er á orði í daglegu tali. Það eru ekki allfáir menn, er hafa allálitlega atvinnu af eggjasöfnum, selja skurnin. Og það er ekki rjett að banna slíkt, ef það stendur ekki fuglategundunum fyrir þrifum. En það er mjög mismunandi, hvað þær þola í þessum efnum. Jeg get t. d. ekki hugsað mjer, að það finnist svo mörg steindepilshreiður, að þeim fugli sje hætta búin; það munar miklu, hve auðvelt er að finna hreiðrin.

Háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) þótti einkennilegt að friða ránfugla. En líkt á sjer stað í öðrum löndum. Birnir eru t. d. á sumum stöðum friðaðir (í Svíþjóð). Það þykir ekki hlýða, að þeim sje eytt með öllu.

Það var minst hjer á haftyrðla. Jeg veit ekki til þess, að þeir verpi annarstaðar en í Grímsey. Grímseyingar fá á aðra krónu fyrir skurnið. Þeir hafa farið vel með þá. Jeg hygg, að þeim hafi ekki fækkað. Þeir hafa haft dálitla atvinnu af að taka eggin, en gætt hófs. — Þetta bendir á að fara verði varlega, er slík lög sem þessi eru samin.

Það liggur í hlutarins eðli, að það ætti að vera sjálfsagt, að hagnýta sjer þekking sjerfróðra manna, er svona lög eru samin. Það vill nú svo vel til, að tveir menn hafa kynt sjer fádæma vel íslenzkt fuglalíf. Annar þeirra er danskur, Hörring, og hjer að góðu kunnur. Hann hefur

ferðast um landið fjögur ár í því skyni, að rannsaka háttu þeirra og líf. Hinn maðurinn, sem jeg átti við, er Bjarni kennari Sæmundsson. Hann hefur ferðast víða um land og veitt fuglum nákvæma eftirtekt á ferðalagi sínu. Þótt jeg viti, ef til vill, eins mikið um fugla og aðrir háttv. deildarmenn, þá finn jeg vel, að jeg gæti eigi samið fuglafriðunarlög, sem skyldi, nema með hjálp sjerfræðinga. Ef mjer væri falið að semja íslenzk fuglafriðunarlög, mundi það verða fyrsta verk mitt að leita álits og aðstoðar þessara manna. Jeg vil því leggja til, að háttv. flutningsmenn hætti við frumvarpið nú. Jeg skal aftur styðja þá til þess, að koma fram áskorun til stjórnarinnar um að undirbúa málið undir næsta þing og leita leiðbeininga sjerfræðinga og fleiri um þessi efni. Það mætti þá búa til ein friðunarlög, en ekki ein lög um friðun á æðarfuglum, önnur um lunda og svartbak o. s. frv.

Í gær var útbýtt 13 lagafrumvörpum hjer í deildinni. Tíminn er lítill til að gera öll þessi frnmv. vel úr garði, og væri nauðsyn á, að fækka þeim. Ef flutningsmenn taka þessi frumv. aftur, skal ekki standa á mjer að draga mig í hlje með veiðiskattinn.

Júlíus Havsteen: Jeg ætla aðeins að geta þess, að jeg gleymdi í fyrri ræðu minni að minnast á niðurlag 4. gr. frv. sem við með 4. brtill. á þgskj. 178 viljum að falli niður. Vildi jeg þar spyrja hina hv. nefnd, hvort hún hafi athugað sambandið milli ákvæða þeirra, er hún vill innleiða og annara laga um sama efni, laga t. d. 13. apríl 1894 um fuglaveiðasamþyktir í Vestmannaeyjum. Mjer fyrir mitt leyti sýnist hætt við, að eins og frv. liggur nú fyrir, þá muni niðurlag 4. gr. verða til að valda ruglingi og glundroða.

Jósef Björnsson: Út af umræðum þeim, sem orðið hafa um málið, ætla jeg sjerstaklega að minnast á eitt atriði, Það hafa bæði við þessa umr. og við fyrri umr. verið bornar töluverðar brigður á, að rjúpur sjeu að fækka. Það má að sjálfsögðu lengi um það þrátta, en mín skoðun er sú, að henni fækki. Þetta er ekki heldur undarlegt, þar sem kunnugt er, að í öllum sveitum landsins gengur út fjöldi manna með byssur til að skjóta rjúpur. Og þó vitnað sje í útflutningsskýrslurnar og sagt, að þær sýni, að eigi sje minna flutt út af rjúpum nú en áður, þá sannar það harla lítið um það, hvort jafnmikið sje nú til í landinu af rjúpum sem áður; því að það er augljóst, að því fleiri sem á veiðar fara, því meira mun að öðru jöfnu veiðast. Það getur því vel verið, að jafnmargar rjúpur sjeu enn skotnar sem áður, þótt fuglinn sje nú miklu strjálli. Það er fyrst, þegar fer að nálgast gereyðingu, að útflutningsskýrslurnar fara að segja til um eyðinguna fyrir alvöru. Af því að jeg hygg, að rjúpan sje að fækka, lít jeg svo á, að það sje tímabært, að vernda rjúpuna, einmitt til að vernda atvinnuveg þeirra, sem rjúpnaveiði stunda.

Jeg skal geta þess, að jeg get eftir atvikum felt mig við niðurstöðu nefndarinnar, að hafa friðunartímann styttri, en til var ætlazt í hinu upphaflega frv., og mun jeg því greiða atkvæði með tillögu hennar um það. Hv. 1. kgk. (J. H.) benti á, að rjúpur kæmu misjafnlega í ljós í ýmsum sveitum á vetrum, og að það færi eftir veðráttu og snjóalögum. Jeg játa, að þetta er rjett; en þótt snjóljett muni hafa verið að jafnaði á Suðurlandi undanfarna vetur, þá hefur eigi verið svo um alt land. Og víst er það, að þótt fannfergi hafi lagzt á og jarðbönn, þá hefur minna orðið vart við rjúpu nú en áður. Ekki er jeg hræddur um, að friðunarlög þessi muni reynast jafn óvinsæl, og hv. 1. kgk. gefur í skyn, að þau muni verða. Jeg held þvert á móti, að þau mundu reynast vinsæl; byggi jeg

það á því, að margir hafa sagt við mig, að það væri nauðsynlegt, að reisa skorður gegn því, að rjúpur yrðu framvegis drepnar eins gegndarlaust, eins og nú gerist. Og þótt mjer væri kappsmál að halda þingmannssæti, þá mundi jeg ekki vera hræddur við að missa það fyrir það, að jeg fylgi þessu máli.

Að öðru leyti skal jeg játa það, með hv. 6. kgk. (G. B.), að það er vandi, að semja heppileg friðunarlög. Fyrir það sje jeg þó ekki fullgilda ástæðu til að setja sig móti málinu við þessa umr. Það hlýtur að vera til bóta, að málinu sje velt sem bezt fyrir sjer.

ATKVGR.:

Brtill. á þgskj. 178, 1'a feld með 7:5 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Einar Jónsson,
Guðjón Guðlaugsson,	H. Kristoffersson,
Guðm. Bjórnsson,	Jón Jónatansson,
Júlíus Havsteen.	Jósef Björnsson,
	Þórarinn Jónsson.

Sigurður Eggerz greiddi ekki atkv. og taldist með meirihl.

Brtill. á þgskj. 178, 1b feld með 7:3 atkv.

Brtill. á þgskj. 206, 1 samþ. með 7:3 atkv.

1. gr. frv. þar með fallin.

Brtill. á þgskj. 178, 2 samþ. með 7:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Guðm. Björnsson,
Eiríkur Briem,	H. Kristoffersson,
Guðjón Guðlaugsson,	Jón Jónatansson,
Júlíus Havsteen,	Jósef Björnsson,
Sigurður Eggerz,	Þórarinn Jónsson.
Sigurður Stefánsson.	

Brtill. á þgskj. 206, 2 þar með fallin.

2. gr. frv. sömul. þar með fallin.

Brtill. á þgskj. 178 3 a samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Guðm. Björnsson,
Eiríkur Briem,	H. Kristoffersson,
Guðjón Guðlaugsson,	Jón Jónatansson,
Júlíus Havsteen,	Jósef Björnsson,
Sigurður Eggerz,	Þórarinn Jónsson.
Sigurður Stefánsson.	

Brtill. á þgskj. 178, 3 b 1 fallin af sjálfu sjer.

Brtill. á þgskj. 178, 3 b 2 samþ. með 8:1 atkv.

Brtill. á þgskj. 206, 3 samþ. með 10 samhlj. atkv.

3. gr. frv. þar með fallin.

Brtill. á þgskj. 178, 4 feld með 7:4 atkv.

4. gr. frv, samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Eiríkur Briem,
Steingr. Jónsson,	Guðm. Björnsson,
Einar Jónsson,	H. Kristoffersson,
Guðjón Guðlaugsson,	Júlíus Havsteen.
Jón Jónatansson,	
Jósef Björnsson,	
Sig. Eggerz,	
Þórarinn Jónsson.	

Sigurður Stefánsson greiddi ekki atkv. og taldist með meirihl.

Brtill. á þgskj, 206, 4 þar með fallin.

Brtill. á þgskj. 178, 5 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Guðm. Björnsson,
Eiríkur Briem,	H. Kristoffersson,
Guðjón Guðlaugsson,	Jón Jónatansson,
Júlíus Havsteen,	Jósef Björnsson,
Sig. Eggerz,	Þórarinn Jónsson.
Sig. Stefánsson.	

5. gr. frv. þar með fallin.

Brtill. á þgskj. 178, 6 samþ. án atkvgr.

Brtill. á þgskj. 206, 5 fallin af sjálfu sjer,

6. gr. frv. samþ. með 7 : 2 atkv.

Brtill. á þgskj. 178, 7 a samþykt án atkvgr.

Brtill. á þgskj. 178, 7 b samþykt án atkvgr.

7. gr. frv., þannig breytt, samþykt með 7 : 2 atkv.

Brtill. á þgskj. 206, 6 samþ, með 10 samhlj. atkv.

8. gr. frv. þar með fallin.

Brtill. á þgskj. 178, 8 feld með 8 : 2 atkv.

9. gr. frv. samþykt með 9 samhljóða atkv.

Brtill. á þgskj. 178, 9 feld með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Eiríkur Briem,	Björn Þorláksson,
Guðjón Guðlaugsson,	Steingr. Jónsson,
Júlíus Havsteen,	Einar Jónsson,
Sig. Eggerz,	Guðm. Björnsson,
Sig. Stefánsson.	H. Kristoffersson,
	Jón Jónatansson,
	Jósef Björnsson,
	Þórarinn Jónsson.

10. gr. frv. samþykt með 11 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 10 : 1 atkv.

---

2. *Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. nóv. 1903 um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórnar í kaupstöðum* (stj.frv. 156, n. 157, 192); 2. umr.

Sigurður Eggerz, framsögumaður: Með frumvarpi þessu, er hjer liggur fyrir, eru sumpart gerðar ýmsar breytingar á bæjarstjórnarkosningarlögum og sumpart er komið fram með ýms nýmæli. Nefndin er sammála um það, að flestar þessar breytingar sjeu til bóta, og hvað tillögur nefndarinnar snertir að öðru leyti, þá skal jeg geta þess, að það er ágreiningur um eina þeirra, þó formaður nefndarinnar þm. Strand. (G. G.) ekki hafi ritað nafn sitt með fyrirvara. Mun jeg síðar víkja að þessum fyrirvara nánar.

Yfirleitt er það einkenni hlutfallskosninga, að þær tryggja minni hlutann gegn einræði meiri hlutans. Hver sæmilega stór minnihluti getur eftir þeim komið að fulltrúa, og verður það til þess, að málin verða þá betur rædd frá báðum hliðum, og því betur upplýst, þegar þau ganga í gegnum hreinsunareld röksemdanna.

Kosningarlögin nú byggja á þessum megin grundvelli, en eins og nú hagar, þá getur hver einstakur kjósandi aðeins stutt einhvern ákveðinn lista, en hann getur ekki ráðið því, hver sje málsvari þess flokks eða þeirrar skoðunar, er þeir, sem á listanum eru, halda fram. En þetta er mjög mikilsvert atriði, því á því getur oft og einatt oltið á miklu, að hafa góðan málsvara.

Úr þessu er bætt á tvennan hátt með þessu frumvarpi. Í fyrsta lagi með því, að þegar kjósandi kýs einhvern lista er á standa t. d. 5 fulltrúaefni, þá getur hann ákveðið röð þeirra, með því að setja tölurnar 1, 2, 3, 4 og 5 fyrir framan nöfn þeirra, eftir því í hverri röð hann vill hafa þá, og fær þá sá, er talan 1 var sett við 1 atkvæði, sá er talan 2 var sett við $^1/_2$ atkvæði, talan 3 fær $^1/_3$ atkv., talan 4 fær $^1/_4$ atkv. og talan 5 fær $^1/_5$ atkv. Í öðru lagi getur kjósandinn strykað út nafn þess fulltrúa, er hann ekki vill hafa, og fær þá það fulltrúaefni ekkert atkvæði. Báðar þessar breytingar miða að því, að kjósendur listans geti ráðið því, hver skuli vera málsvari hans, en sameiginlegt er það fyrir báðar þessar breytingar, að þær eru innan listans, eða aðeins kjósendur listans, er ráða málsvaranum.

Þá er 3. nýmælið, en um það varð ágreiningur í nefndinni. Það nýmæli fer í þá átt, að fulltrúaefni, er stendur á fleiri listum, fái við úttölureikning á atkvæðafjölda sínum talin þau atkvæði, er hann hefir fengið á öllum listum, er komu fulltrúa að við kosninguna, og að þessi atkvæði verði talin til þess lista, eða lögð við atkvæði hans á þeim lista, er flest atkvæði fekk. Um þetta er fyrirvari hins háttv. formanns nefndarinnar (Guðjóns Guðl.).

Að því leyti, er þetta eins og hin nýmælin, er jeg nefndi áðan, að þessi atkvæði hafa engin áhrif á atkvæðamagn listans, heldur hafa þau aðeins áhrif á niðurröðunina á listanum. En hjer er sá munur á, að í hinum tilfellunum voru það kjósendur listans einir, er rjeðu málssvara listans, en hjer geta menn úr mótstöðuflokknum með gagnólíkar skoðanir ráðið því, hver verður málsvari mótstöðuflokks þeirra. Nefndin verður að játa, að í sjálfu sjer mæli nokkuð með því, að sá, sem hefur alment fylgi, fái að njóta þess á þann hátt, sem ræðir um í frumvarpinu, en hinsvegar er það ljóst, að þetta er brot á þeirri eðlilegu reglu, að kjósendur hvers lista ráði að öllu leyti niðurröðun á honum, og leggur því nefndin til, að þetta ákvæði frumvarpsins verði felt. Ef farið væri eftir þessari tillögu nefndarinnar, mundi hlutverk kjörstjórnar verða að mun ljettara. Hvað kjósendurna snertir, þá sje jeg ekki annað, en að þessi kosningaraðferð sje svo auðveld, að hún geti ekki orðið þeim að fótakefli við kosninguna.

Þá vil jeg minnast á 6. gr. Þar er mælt svo fyrir í frv., að ef einhver listi fær svo mörg atkvæði, að hann geti komið að fleiri fulltrúum en fulltrúaefni standa á listanum, þá skuli kosið það fulltrúaefni, er næst kosningu stendur á þeim lista, er hefur mest atkvæðamagn. Nefndin lítur svo á, að einfaldast og rjettast sje, að fulltrúinn sje þá kosinn af þeim lista, er flest atkvæði hefur afgangs.

Að því, er kosningarathöfnina snertir, þá lætur nefndin sjer nægja að vísa til hinnar ítarlegu skýringar við stjórnarfrumvarpið; aðeins hefur nefndinni þótt rjett, að benda á aðra einfaldari aðferð við niðurtalning atkvæðanna, og leyfi jeg mjer um það að vísa til nefndarálitsins.

Flestar brtill. nefndarinnar eru að eins orðabreytingar, að öðru en þær, er jeg hef vikið að, og finn jeg ekki ástæðu til þess, að telja þær upp hverja fyrir sig, en jafnframt vil jeg taka fram, að nefndin afturkallar brtill. sínar, sem eru undir stafliðunum:

b við 2. grein,
h við 3. grein og
e og f við 5. grein.

Að því, er snertir breytingartillögur þær, sem eru á þgskj. 192, þá aðhyllist nefndin þær allar, og greiðir atkvæði með þeim, nema brtill. *a* við 5. gr. Þessar brtill. eru flestar aðeins orðabreytingar, og ein þeirra er leiðrjetting á prentvillu, tillaga 1 c. Aðeins ein þeirra er viðauka- eða breyt.tillaga, og það er f. tillagan við 5. grein, er fer fram á það, að þegar atkvæði eru skakt talin niður, þá skuli líka fara yfir atkvæðaskrána, samhliða því, sem farið er yfir kjörseðlana, og getur nefndin fallizt á það.

Þá er brtill. nefndarinnar á þgskj. 196 við 3. gr., merkt *a*, um að í stað „stryk“ komi „kross“, og stafar sú breyting af því, að nefndin lítur svo á, að það sje heppilegast, að hafa krossinn áfram, bæði af því, að kjósendurnir eru orðnir vanir honum, og eins af því, að rjettast sje, að allir seðlar við leynilegar kosningar sjeu eins merktir.

Nefndin hefur lagt til hjer í brtill. II e við 3. gr., að í stað orðsins „blindu“ komi "sjónleysi“, og í f. brtill. við sömu grein, að orðið „handarmeins“ falli burt, og loks í næstu brtill., að í stað orðanna: „af öðrum slíkum ástæðum“, komi: „annarar líkamsbilunar“, og verður þá

þessi grein eftir tillögum nefndarinnar svohljóðandi:

„Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn telur gilda ástæðu o. s. fr.“.

Hjer er um mjög lítinn efnismun að ræða. Má vera, að skýringarreglum sje markað stærra svið samkvæmt ákvæðum stjórnarfrumvarpsins um þetta efni, þannig, að fleiri eigi kost á að njóta aðstoðar við kosningarnar samkæmt þeim.

Með brtill. sinni II h við 3. gr. leggur nefndin til, að það ákvæði frv. sje felt í burtu, að þeir, er aðstoð þurfa við kosninguna, verði að fá til þess einhverja í kjörstjórninni, Nefndinni hefur þótt eðlilegra, að kjósandinn geti valið hvern, sem hann helzt vill til þess að greiða atkvæði fyrir sig, eða rjettara sagt, aðstoða sig við kosninguna.

Sje jeg ekki ástæðu til þess, að gera frekari grein fyrir breytingum nefndarinnar að sinni, að minsta kosti ekki fyr en mótmæli koma fram, en vænti þess, að hin háttv. deild samþykki þær, og láti frv. þetta ná fram að ganga, því í því felst mikil rjettarbót.

Ráðherra: Jeg er þakklátur háttv. nefnd fyrir það, hvernig hún hefur tekið í mál þetta, þótt jeg hins vegar sje henni ekki fullkomlega samdóma um sumar breytingarnar.

Nefndin er því mótfallin, að atkvæði, sem sami maður fær á fleiri listum, sje talin saman og reiknuð honum á þeim listanum, þar sem hann fær flest, og telur þetta raska rjetti þeirra, sem kjósa aðallistann, til þess að ráða röð hinna kosnu á listanum. En tilgangur þessa frumvarps er einmitt að stuðla að því, að kjósendum gefist kostur á að hafa áhrif á það, hverjir mennirnir skuli vera, sem fulltrúastarfið er falið, af þeim, sem um er að velja, án tillits til þess, hvernig þeim er raðað á listanum, og sje jeg ekki betur, en að ákvæðið í stjórnarfrumvarpinu sje í fullu samræmi við þennan tilgang.

Það kemur öllum kjósendum í bæjarfjelaginu við, hverjir ná kosningu, og þegar einhver vill styðja að kosning tiltekins manns, þá sje jeg ekki, því hann ekki má gera það á hvaða lista, sem honum bezt geðjast, og nafn mannsins stendur á. Grundvöllur hlutfallskosninga raskast ekki við slíkt. Hlutfallskosningarinnar hugsjón er það, að hver stefna fái það fulltrúamagn, sem henni ber að tiltölu rjettri. En þetta hefur alls ekki áhrif á fjölda þeirra fulltrúa, er hver listi fær. Það virðist eðlilegt, að maður, sem menn af ýmsum flokkum geta sameinazt um í sameiginlegu trausti, án tillits til flokksfylgis, nái kosningu, og komist ofar á sínum flokkslista, heldur en þeir, sem engir vilja kjósa, nema vegna flokksaga.

Flokkarnir hjer á landi eru ekki svo ákveðnir, eða flokkstakmörkin svo skýr, að þetta geti komið í bága við neinar rjettmætar kröfur manna, eða hagsmuni þeirra. Til þess þyrfti stefna flokkanna og kjósendanna að vera miklu ákveðnari, og fastbundnari, heldur en hún eftir hlutarins eðli getur verið í almennum bæjarmálefnum. Hjer í Reykjavík hefir bólað á alvarlegri óánægju yfir því, að kjósendur gætu ekki ráðið röð fulltrúaefnanna á listanum, og yfir því, að fulltrúaefni nyti þess ekki, þó hann fengi atkvæði á mörgum listum, heldur yrði einn einstakur listi að vera svo sterkur, að hann geti komið honum að. Úr þessari rjettmætu óánægju vill frumvarpið bæta. Til þess að ekki verði hætt við, að þessu verði misbeitt, og til þess að fyrirbyggja ómerka ruglingslista, þá er tekið fram, að ekkert tillit skuli þó vera tekið til atkvæða á öðrum listum en þeim, er hafa svo mikið atkvæðamagn, að þeir geti komið fulltrúa að.

Annars er mjer þetta ekki kappsmál, en

mjer finst það vera rjett, að kjósendur fái að ráða því, hverjir kosnir eru, og mjer finst það alls ekki vera óviðkomandi kjósendum B-listans, hverjir eru kosnir á A-listanum, og ekki nema eðlilegt, að þeir geti stuðlað að því, að einn verði kosinn öðrum fremur, þó að þeir geti ekki hindrað, að listinn fái svo og svo marga fulltrúa.

Önnur breytingartillaga háttv. nefndar, er jeg vildi minnast á, er, að atkvæði skuli ekki falla á þann lista, er flest atkvæði hefur, heldur á þann lista, er hefur stærst brot, þegar svo hefur atvikazt, að einhver listi á rjett á fleiri fulltrúum en nöfn eru á listanum. Þetta kemur auðvitað ekki oft fyrir, enda ætti það að vera vorkunnarlaust, að hafa nöfnin nógu mörg. En ef þannig ber undir, þá finst mjer hiklaust rjettara og nær grundvallarreglum hlutfallskosningar, að þá sje tekinn fulltrúi af þeim lista, er flest atkvæði hefur, því annars getur það orðið til þess, að listi með fáa kjósendur að baki sjer gæti komið að fulltrúa, sem hann á enga heimting á að tiltölu rjettri.

Þriðja breytingin er sú, að ef einhver þarf hjálp til kosningarinnar, að þá megi hann ráða því sjálfur, hvern hann velur sjer til aðstoðar, en sje ekki bundinn við það, að velja einhvern úr kjörstjórninni. En jeg tel rjettara, að það sje bundið við kjörstjórnina, því ella getur sá, er vill, haft áhrif á atkvæði kjósandans, þvingað hann til þess, að fá aðstoð sína, og þannig þvingað hann til þess, að kjósa eins og þessi atkvæðasmali vill. Eitt aðalatriðið í lögunum er launungin á kosningnnni, en hjer væru opnaðar dyrnar til þess, að áfjáður atkvæðasmali gæti raskað löghelgaðri launung.

Að öðru leyti get jeg verið samþykkur breytingartill. nefndarinnar, þótt jeg t. d. álíti, að það sje betra, að hafa stryk en kross við kosninguna, því krossinn má hæglega gera svo margvíslega úr garði, að hægt sje með honum að gefa merki um, hver krossinn hefur gert, t. d. með því að hafa álmurnar mislangar, halla honum ýmislega o. s. frv.

Enn þá er eitt atriði er jeg vildi leyfa mjer að benda nefndinni á til athugunar til 3. umr. og það er ný breyting á sjálfu stjfrv. Það er um það, hvernig gildi atkvæða skuli metið á hverjum lista.

Eins og nú er, þá er talan
1 talin við nafn hvers kosins fulltrúa, 1 atkv.
2 talið $^1/_2$ atkv.
3 talið $^1/_3$ úr atkv.
4 talið $^1/_4$ úr atkv.
o. s. frv. En þetta er ekki fullkomlega hlutfallslegt. Brotin smækka ekki jafnt. Mismunurinn á atkvæðatölum fulltrúaefnanna verður misjafn. Þeir fyrstu fá miklu stærra brot úr atkvæði heldur en þeir seinni. Munurinn á þeim, sem merktur er nr. 1, og þeim, sem er merktur með tölunni 2,

verður $1 \div {}^1/_2 = {}^1/_2$ atkv.

Munurinn á nr. 2 og nr. 3

verður $^1/_2 \div {}^1/_3 = {}^1/_6$ atkv.

Munurinn á nr. 3 og nr. 4

verður $^1/_3 \div {}^1/_4 = {}^1/_{12}$ atkv.

Munurinn á nr. 4 og nr. 5

verður $^1/_4 \div {}^1/_5 = {}^1/_{20}$ atkv.

Þetta er alt of misjafn munur, og gerir þá, er fyrstu töluna fá, miklu betur setta en hina.

Það væri rjettara, þegar t. d. 5 væru í kjöri, að reikna atkvæði þess fyrsta $^5/_5$, þess næsta $^4/_5$, þess þriðja $^3/_5$, þess fjórða $^2/_5$, og þess neðsta $^1/_5$. Þetta er rjett hlutfall þá er „differensinn“ alt af jafn. Án brotareiknings væri hægt að framkvæma þetta annaðhvort með því, að talan 5 væri í þessu tilfelli mörkuð við þann, er kjósandi vill helzt, 4 við þann, er hann kýs þar næst o. s. frv., eða þá með því, að merkja eins og frv. greinir, og telja þann fyrst kosinn, er lægsta atkvæðatölu

fær, er tölurnar eru samanlagðar, og svo koll af kolli.

Guðjón Guðlaugsson: Háttv. framsm. hefur gert grein fyrir því ógáti minu, að jeg skrifaði fyrirvaralaust undir nefndarálitið, sem jeg þó ekki hafði ætlað mjer, vegna þess að jeg er hv. samnefndarmönnum minum ósamþykkur um eitt atriði. — Það hefur glatt mig, að þetta frv. hefur komið fram, þó að persónulega þurfi jeg ekki á slíkum lögum að halda, þar sem jeg er sveitamaður. En þetta frv. er bygt á sama grundvelli sem frv. það um kosningar til alþingis, sem lá hjer fyrir þinginu 1907 og jeg þá veitti fylgi mitt. Því miður komst það frv. ekki í gegnum þingið, en jeg vona, að flestir sjeu nú orðnir sammála um, að hlutfallskosningar sjeu rjettlátastar, því að meiri hlutinn getur þá aldrei útilokað minni hlutann, eins og hv. framsm. hefur tekið fram. En þessari kosningaraðferð er stórum spilt með því, að setja marga fulltrúa á sama listann, án þess að kjósendur geti ráðið neitt við, í hverri röð nöfn þeirra standi á listanum. Samkvæmt þeirri aðferð er sá, sem fyrstur er settur á listann, líka sjálfsagður til þess að fá flest atkvæðin. En það verða vitanlega oft „klíkur“ eða ráðríkir einstaklingar, sem mikið eiga undir sjer, sem ráða niðurröðun fulltrúanna á listann. Frv. það, sem hjer liggur fyrir, gefur nú kost á þeirri stjórnrjettarbót, að hver einstakur kjósandi getur fyrir sitt leyti ákveðið, í hverri röð nöfnin eigi að standa á listanum, — hann getur gert þann fyrsta síðastan og þann síðasta fyrstan. Þar með er hverjum einstakling tryggður sá rjettur, sem honum ber, til þess að haft áhrif á, hver sje málsvari hans.

Annar höfuðkostur frv. er í mínum augum sá, — eins og stjórnin einnig hefur tekið fram í athugasemdum sínum við frv. — að samkvæmt því fær fulltrúaefnið ekki eingöngu þau atkvæði, sem honum bera af sínum lista, heldur getur hann einnig fengið atkvæði af öðrum listum. Sanngirnin virðist mæla með því, að sá maður, sem fær atkvæði á mörgum listum. nái kosningu, þótt atkvæðin sjeu ef til vill ekki mörg á hverjum lista fyrir sig. Ef einhver maður er tekinn upp á marga eða ef til vill alla lista, þá virðist það ótvíræð bending í þá átt, að hann hafi alment fylgi, og sje maður vel þokkaður. Það getur auðvitað verið, að hann sje enginn skörungur, en góður maður og gegn, og óski því margir án flokksgreinarálits að hann nái kosningu. Mjer virðist auðsýnilegt, að slíkur maður ætti að vera rjettkjörinn í bæjarstjórn. Jeg get því ekki verið sammála hv. meðnefndarmönnum mínum um, að fella þetta ákvæði burt úr stjfrv. og var það því aðeins af vangá, að jeg skrifaði ekki undir nefndarálitið með fyrirvara, þó að jeg sje samnefndarmönnum mínum samdóma í öllum öðrum atriðum.

Hv. ráðherra mótmælti þeirri brtill. nefndarinnar, að blindir menn eða á annhátt fatlaðir, mættu kveðja hvern sem þeir vildu til að aðstoða sig við atkvæðagreiðsluna. Stjfrv. skyldar slíka menn, eins og menn vita, til þess að kveðja einhvern úr kjörstjórninni sjer til aðstoðar. En jeg hygg að breytingartillagan sje á fullum rökum bygð; mjer finst hún alveg sjálfsögð, og byggi jeg þá skoðun mína ekki á óljósu hugboði, heldur á fullri reynslu. Mjer er kunnugt um, að við síðustu kosningar til alþingis voru í einu kjördæmi þrír blindir menn í sama hreppnum. Einn þeirra varð að sækja um leyfi til þess að fá að greiða atkvæði í öðrum hreppi, vegna þess að hann trúði ekki þeim mönnum, sem sátu í kjörstjórn í hans hreppi. Hann átti þó tengdason, er einnig var kjósandi í sama hreppnum og hefði auðvitað legið beinast við, að hann hefði notið hans aðstoðar við atkvæðagreiðsluna, ef lög hefðu leyft. Brtill. þessi

er framkomin fyrir mína tilstuðlun, og er mjer þetta atriði talsvert áhngamál, sjerstaklega vegna þess að jeg vona, að þessi lög verði fyrirrennari margra annara laga, sem byggist á sama grundvelli. Einmitt þess vegna vildi jeg óska, að þessi brtill. verði samþykt, þótt jeg hinsvegar vilji fúslega játa, að flokkaskiftingin er ekki nándarnærri eins skörp við bæjarstjórnarkosningar eins og við alþingiskosningar. Jeg held, að það sje alveg nauðsynlegt að breyta þessu atriði — og raunar mörgu og miklu öðru — í núgildandi lögum um kosningarnar til alþingis. H. ráðh. ljet í ljósi ótta um, að ef brtill. yrði samþykt, kynnu áfjáðir og ósvífnir atkvæðasmalar að misbeita þeirri heimild, sem þeir samkvæmt henni gætu fengið til að aðstoða menn við kosningar. En jeg hygg, að blindir og fatlaðir menn mundu jafnan velja einhvern ættingja sinn eða nákominn flokksbróður sjer til aðstoðar. Pólitíkin er oft svo æst vor á meðal, að það er að leiða menn í of mikla freistni, að láta vissa ákveðna menn hafa einkarjett til þess að kjósa fyrir aðra. Jeg hygg, að það verði affarasælast, að þeir, sem á aðstoð þurfa að halda, sjeu ekki lögskyldaðaðir til að kveðja tiltekna menn sjer til hjálpar, heldur að þeir hafi um sem flesta að velja.

Sigurður Eggerz, framsögumaður: Jeg vil leyfa mjer að fara fáeinum orðum um það atriði, sem helzt hefur risið ágreiningur út af hjer við þessar umræður. Nefndinni er það að vísu ekki kappsmál, að fella burtu það ákvæði stj.frv., að leggja skuli hinar lægri atkvæðatölur, sem fulltrúaefni fær á þeim listum, sem til greina geta komið samkvæmt atkvæðamagni, við þá atkvæðatölu, sem hann hefur fengið á þeim lista, sem hann hefur mest á. En ef svo er, að hver listi er borinn upp og studdur af sjerstökum flokk, þá virðist eðlilegast og enda sjálfsagt, að sá hinn sami flokkur ráði einn, hverjir sjeu málsvarar hans. Það getur verið mikið komið undir þeim mönnum, sem fara með umboð flokkanna. Það virðist því ekki vera hættulaust, að menn utan flokkanna geti haft áhrif á, hverjir sjeu málsvarar þeirra. Slíkir menn, sem hafa hylli margra manna í öllum flokkum, eru oft þýðlyndir menn, en lingerðir og ófærir til þess að standa í broddi fylkingar. Það er því áríðandi, að flokksmenn einir ákveði, hverjir skuli bera áhugamál þeirra fram. Í slíkum efnum sem þessu er það mikilsvarðandi, að „princípunum“ sje haldið hreinum. Í þessu máli er það fyrsta megin reglan, að hlutfallið milli listanna sje rjettilega ákveðið, og önnur, að hver einstakur flokksmaður geti ákveðið röð nafnanna innan listans. En ef utanflokksmenn geta haft áhrif á röðina, þá er vikið frá hreinu „princípi“.

Háttv. ráðh. ljet í ljós þá skoðun, að ef blindir og fatlaðir kjósendur mættu velja hvern, sem þeir vildu, sjer til aðstoðar við atkvæðagreiðsluna, þá mætti óttast, að atkvæðasmalar notuðu sjer þetta sínum flokki í hag. Jeg játa, að þetta gæti komið fyrir, en hitt getur líka hent, að kjörstjórn sje svo óráðvönd, að hún misbrúki þann einkarjett til aðstoðar, sem stj.frv. heimilar henni. Jeg hygg einnig, að flestir sjeu svo skapi farnir, að þeir vilji helzt ákveða sjálfir, hverjum þeir fela launungamál sín.

Háttv. ráðh. hjelt því fram, að heppilegra væri, að kjósandinn táknaði atkvæði sitt með striki heldur en með krossi, því að hægra væri að gefa bendingar með krossinum, auðveldara að gefa til kynna með honum, hvernig hver einstakur greiddi atkvæði. En jeg held, að ekki geti stafað mikil hætta af krossinum, því að ef það færi alment að tíðkast, að menn vildu gefa vísbendingar um atkvæði sitt, þá mundi verða örðugt að finna „variationir“ við krossinn fyrir hvern einstakan. Þar að auki eru kjósendur nú orðnir vanir kross-

inum og virðist því hjer engin ástæða til þess að breyta til.

Eiríkur Briem: Jeg stend aðeins upp til þess að taka það fram, að jeg álít það ákvæði stj.frv., sem nefndin með síðustu br.till. sinni vill fella burtu, langmikilsverðasta og þýðingarmesta atriðið í frv. Það sem nefndin heldur fram, er í raun og veru hvorki meira nje minna en það, að allir skulu vera skyldir til þess að vera í einhverjum flokki eða fylgja einhverjum flokki að málum, hvort sem mönnum er það ljúft eða leitt, hvort sem sannfæring manna leyfir það eða ekki. Ef menn ekki geta fylgt neinum flokki, þá verða menn að láta atkvæði sitt ónotað, eða með öðrum orðum, þá missa menn kosningarrjett sinn. Jeg álít það mjög illa farið, ef þessi br.till. yrði samþykt. Hver einstakur kjósandi á að hafa svo frjálsar hendur sem frekast er unt, og það ákvæði, sem hjer er um að ræða, er í fullu samræmi við annað ákvæði í frv., nefnil. að hver kjósandi má strika út hvert það nafn, sem hann getur ekki felt sig við, á lista þeim, er hann kýs. Bæði þessi ákvæði miða að því, að gjöra kjósandann frjálsari og óbundnari um það, hvernig hann notar atkvæði sitt.

Br.till. við 6. gr. þykir mjer ekki máli skifta, en hallast þó heldur að stj.frv. einnig í því atriði. Sömuleiðis er jeg sammála hæstv. ráðh., að heppilegra sje að halda ákvæðum stj.frv. um atkvæðagreiðslu blindra og fatlaðra, því að hættara er við, að atkvæðasmalar misbúki þá heimild, sem þeir kynnu að geta útvegað sjer til þess að aðstoða slíka menn við kosninguna, heldur en að kjörstjórnir misbeiti þeim rjetti, sem stj.frv. heimilar þeim í þessu efni, þótt það gæti einnig komið fyrir.

Einar Jónsson: Jeg þarf ekki að tala langt mál um brtill. minar, því þær hafa allar fundið náð fyrir augum nefndarinnar, nema ein. Það er brtill. við 3. málsgrein 5. gr. stj.frv., þar sem mjer þótti orðið „kjörseðill„ koma of oft fyrir, en auðvitað skiftir sú brtill. ekki máli. Málið á málsgreininni verður aðeins liprara, ef brtill. mín væri samþykt, en eins og nefndin vill orða hana; en efnismunur enginn og greinin eins skýr, og er því rjettara að samþykkja hana. — Úr því að jeg er staðinn upp, vil jeg geta þess, að jeg aðhyllist ákvæði stjórnarfrumvarpsins um kosningu manna, sem atkvæði eiga á fleiri listum en einum. Ef einhver maður er á mörgum listum, þá virðist það vafalaus bending í þá átt, að hann hafi alment traust og hylli kjósenda. Ef mikil deilumál væru á dagskrá, þá mundi enginn flokkur taka neinn þann mann á sinn lista, sem væri talinn veill og óákveðinn í þeim efnum, og kæmi þá ekki til kosninga. En venjulega eru flokkaskiftingarnar ekki mjög skarpar við bæjarstjórnarkosningar og varðar þá mestu, að þeir nái kosningu, sem bezt eru hæfir til starfa í bæjarstjórn, en það eru ekki alt af mestu kappsmennirnir, heldur hófsmennirnir, sem ekki telja sjer ætið skylt, og eigi heldur hyggilegt, að fylgja stefnuskrá neins flokks út í yztu æsar, en hafa þó alment traust og fylgi margra manna í öllum flokkum fyrir gætilega og hyggilega stjórn í bæjarmálum yfirleitt. Mjer þykir vel farið, að stjórnarfrumv. greiðir fyrir því, að einmitt slíkir menn geti náð kosningu.

Sigurður Eggerz, framsögumaður: Jeg skal nú ekki bæta miklu við umræðurnar, en vil aðeins benda á það, að með þessu margumræddu ákvæði stj.frv. geta utanflokksmenn „spekúlerað“ í því, að koma ónýtum mönnum í fylkingarbrodd mótflokks síns. Jeg er alveg hissa á því, hvað menn leggja litla áherzlu á það, að hver flokkur eigi að ráða því einn, hverjir eru málsvarar hans. Háttv. 2. þm. N.-Múl. sagði, að mestu kappsmennirnir væru oft ekki bezt fallnir til þess, að sitja í

bœjarstjórn, en það er nú einmitt mín skoðun, að venjnlega sjeu þeir bezt til þess fallnir. Vinsælu mennirnir, „hófsmennirnir“, eru oft miðlungsmenn að hæfileikum, og sú hylli, sem þeir njóta hjá almenningi, get-oft verið á litlum rökum bygð. Það væri annars gaman að vita, hvort menn hjer á alþingi vildu taka upp þá reglu, sem gert er ráð fyrir í stj.frv. Ætli að mönnum þætti ekki súrt í broti, ef jeg t. d., sem er utan flokka, vildi fá að hafa hönd í bagga með flokkunum, hverja menn þeir gerðu að foringjum sínum. Jeg býst við, að menn tækju slíku allfjarri, en jeg skal játa, að það væri þægilegt fyrir utanflokksmennina, að fá þannig tækifæri til að stuðla að því, að einhver rolan fengi forustuna yfir mótstöðumönnunm.

ATKVGR.:

1. gr. frv. samþ. í e. hlj.

Brtill. á þgsk. 156 I a samþ. í einu hlj.
— - — 192 I a — - — —
— - — 192 I b — - — —
— - — 156 I b tekin aftur.
— - — 156 I c samþ. án atkvgr.
— - — 156 I d — — —
— - — 156 I e samþ. í einu hlj.
— - — 192 I e samþ. án atkvgr.

2. gr. frv. þannig breytt, samþ., í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 192 2 a — án atkv.
— - — 156 II a sþ. m. 8 shlj. atkv.
— - — 192 2 b samþ. án atkv.
— - — 192 2 c — — —
— - — 192 2 d sþ. m. 10 shlj. atk.
— - — 156 II b sþ. m. 10 shlj. atk.
— - — 156 II c — — 9 — —
— - — 156 II d — — 12 — —
— - — 156 II e — — 12 — —
— - — 156 II f — — 12 — —
— - — 156 II g — — 12 — —
— - — 156 II h tekin aftur.
— - — 192 2 e sþ. m. 11 shlj. atkv.
— - — 156 II i samþ. án atkv.
— - — 156 II j sþ. m. 12 shlj. atk.

3. gr. frv, þannig breytt, samþ. í einu hlj.

4. gr. frv. samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 156 III a sþ. m. 9 shlj. atkv.
— - — 192 3 a þar með fallin.
— - — 156 III b sþ. m. 7 shlj. atkv.
— - — 156 III c — — 11 — —
— - — 192 3 b — — 11 — —
— - — 156 III d samþ. án atkv.
— - — 156 III e tekin aftur.
— - — 192 3 c sþ. m. 12 shlj. atk.
— - — 192 3 d samþ. án atkv.
— - — 156 III e tekin aftur.
— - — 156 III f tekin aftur.
— - — 192 3 e samþ. án atkv.
— - — 191 3 f samþ. í e. hlj.

5. gr. frv., þannig breytt, samþ. með 12 samhlj. atkv.

Brtill. á þgsk. 156 IV a samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson.	Einar Jónsson,
Steingr. Jónsson,	Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,	Jón Jónatansson,
Guðm. Björnsson,	Júl. Havsteen,
Hákon Kristofferss.,	Sig. Stefánsson,
Jósef Björnsson,	Þórarinn Jónsson.
Sigurður Eggerz.	

Brtill. á þgskj. 156 IV b samþ. án atkv.
— - — 156 IV c feld með 7 : 6 atkv, að viðhötðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Steingr. Jónsson,	Eiríkur Briem,
Guðm. Björnsson,	Guðjón Guðlaugsson,
Hákon Kristofferss.,	Jón Jónatansson,
Jósef Björnsson,	Júl. Havsteen,
Sigurður Eggerz.	Sig. Stefánsson,
	Þórarinn Jónsson.

6. gr. frv., þannig breytt, samþ. í e. hlj.
7. gr. frv. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

---

3. *Frv. til laga um friðun æðarfugls* (88. 174. 196, 198); 3 umr.

Frumv. tekið út af dagskrá.

19. fundur. Miðvikudaginn 30. júlí. kl. 1 síðdegis.

1. *Frv, til laga um friðun æðarfugls* (88, 174, 196, 198); 3. umr.

Sigurður Stefánsson, framsögumaður: Jeg skal reyna að lengja umræðurnar ekki mikið að þessu sinni. Þær urðu miklar við 2. umr., svo að það er að bera í bakkafullan lækinn, að tala mikið um þetta mál nú.

Brtill. nefndarinnar við frv. eru framkomnar samkvæmt framkomnum bendingum í fyrri umræðum málsins; því fer harla fjarri, eins og jeg gat vist um við 2. umr., að nefndin hafi viljað ganga á hlut nokkurs manns, er hjer á hlut að máli. —

Eins og jeg tók fram við 2. umr., var nefndin í vafa um sektarákvæðin, hvort þau væru ekki sett ofhátt. Hún hefur komist að þeirri niðurstöðu, að rjettast væri, að breyta ákvæði frv. um þetta efni samkvæmt því, sem farið er fram á í 1. brtill. nefndarinnar á þgskj. 174. Það er farið fram á það, að sektin fari ekki upp úr vissu hámarki. Það er hugsanlegt, eins og háttv. 3. kgk. þm. (Stgr. J.) benti á við 2. umr., að hámark sektanna samkvæmt frumv., eins og það er nú, geti orðið óbærilega hátt, þótt það sje ólíklegt. Nefndinni þótti og rjett, að sleppa lægra hámarki sektanna eins og það er ákveðið í frv. Hins vegar vildi hún ekki setja niður lámark sektanna í 1. gr. Þessar sektir hafa staðið í lögunum um 20 ár. Þetta hafa verið tíðustu sektirnar, og menn eru orðnir vanir þeim. Nefndin áleit og, að það væri ekki í samræmi við anda frumvarpsins, að lækka sektirnar meira. En jafnframt þessu hefur nefndin talið rjett, að taka upp í frv. það ákvæði úr veiðitilskipuninni, að byssan skuli vera upptæk, ef fuglinn er drepinn með byssuskoti. Þetta er og í samræmi við ákvæði annara gildandi laga, t. d. laganna um botnvörpuveiðar, þótt í stærri stíl sje. Eftir þeim lögum eru auk aflans veiðarfærin upptæk. Nefndin hikaði ekki við, að taka þetta ákvæði upp í lögin, og býst við, að það kunni að leiða til þess, að menn horfi meira í að brjóta þau en ella, ef það er þar ekki. Að vísu munu dómarar ekki að jafnaði hafa beitt þessu ákvæði, er þeir hafa ákveðið sektir fyrir æðarfuglaskot, þótt það sje í lögunum. Jeg vona, að allir geti fallizt á 1. gr., ef hún verður eins og nefndin nú leggur til.

Þá kemur brtill. við 3. gr., um að fella burt orðið „hirða“ og í sambandi við þá brtill. er farið fram á, að bætt sje nýrri málsgrein aftan við greinina, er svo hljóðar:

„Nú finst dauður æðarfugl í vörzlum manns, og skal hann þá færa sönnur á, að hann hafi ekki drepið fuglinn, eða verið valdur að dauða hans, svo að honum verði gefin sök á, ella sektist hann samkvæmt 4. gr.“

Lögfróðir menn hafa, og það gamlir og glöggvir lögfræðingar, bent nefndinni á, að þetta væri ekki heppilegt ákvæði, og það væri gagnstætt eðli allrar löggjafar, að heimta sannanir fyrir því, að menn hafi *ekki* framið eitthvað. Raunar eru lík ákvæði til í lögum um sölu og veitingar áfengra drykkja, en þetta er ekki betra fyrir það. Af þessu kemst nefndin að þeirri niðurstöðu, að rjettast væri, að taka þetta breytingar-ákvæði aftur, og því tek jeg 4. og 5. brtill. aftur fyrir hönd nefndarinnar. Nefndin var alt af heldur treg til þessarar breytingar, sem að vísu var gerð í samræði við lögfræðing. Jeg fæ heldur eigi sjeð, að mikill atvinnuhnekkir geti verið að því, þótt bannað sje að hirða dauða æðarfugla.

6. og 7. brtill. eru í samræmi við þá stefnu, að lækka sektirnar, og því eru þær sektir, er þar ræðir um, færðar niður.

8., 9., 10. og 11. brtill. miða að því, að

stytta banntímabilið, sem ákveðið er í frv., og vegalengdir frá friðlýstu æðarvarpi, þar sem hvorki má skjóta nje leggja net. Það verður því ekki ástæða til að óttast, að rjettur varpeiganda skerði rjett annara manna út í frá, ekki sízt af því, að það hefur ekki heyrzt, að þau takmörk, er sett voru í tilskipunina 1849, hafi valdið ágreiningi milli varpeiganda og annara manna.

Síðasta brtill. er tekin upp að ráði góðs og glöggs lögfræðings hjer í deildinni, og nefndin telur hana mikið til bóta.

Brtill. á þgskj. 196 og 198 standa í sambandi hvor við aðra, því að ef brtill. 196 verður feld, þá verður viðaukatill. á þgskj. 198 tekin aftur. Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða meira um eggjatöku varpeiganda. Það hefur mikið verið talað um það áður, og það er engin þörf á að bæta við það. Það virðist vera trúaratriði fyrir sumum háttv. þingdeildarmönnum, að það megi takmarkalaust taka eggin frá fuglinum, án þess að það skaði nokkuð æðarvarpsræktina, eða tefji fjölgun æðarfuglsins, og að það valdi ekki neinum skaða. Jeg hef ekki heyrt neinar þær ástæður færðar, er sannfæri mig um rjettmæti þessarar skoðunar. En það þykir mjer ósamkvæmni, að um leið og lagðar eru háar sektir við að drepa æðarfugl, er hann er skriðinn úr egginu, þá sje varpeigendum veitt einkaleyfi til að drepa hann, áður en hann skríður úr egginu.

Steingrímur Jónsson: Jeg get verið háttv. nefnd þakklátur fyrir brtill. hennar á þgskj. 194. Þær koma að mestu heim við ummæli mín við 2. umr., og jeg tel frv. mjög bætt, ef þær verða samþyktar.

Jeg á hjer brtill. á þgskj. 196, og þarf jeg ekki að fjölyrða um hana. Jeg hef áður gert grein fyrir skoðun minni í þessu efni. Jeg álít það hvorki eðlilegt nje nauðsynlegt að banna varpeigendum að taka eggin, að banna þeim með öðrum orðum

að taka eign sína, og sama er að segja um það ákvæði, að eigi megi hirða dauða æðarfugla. Það er alt öðru máli að gegna um þetta, en um bannið gegn drápi á fuglinum. Fleygur fuglinn er einskis manns eign, en egg og dauðir fuglar eru eign þess manns, er á landið, sem þau finnast á. En samt skal jeg geta þess, að jeg mundi vera þessu meðmæltur, ef þessi ákvæði væru nauðsynleg, en jeg get ekki sjeð, að svo sje.

Háttv. framsögum. (S. St.) tók aftur 4. og 5. brtill. nefndarinnar Jeg get ekki fallizt á þær ástæður, er hann færði fyrir því. Jeg tók það fram við 2. umr., að það yrði engin ástæða færð fyrir því, hvorki frá lagalegu nje siðferðilegu sjónarmiði, að banna að hirða dauðan æðarfugl. Og jeg fæ ekki sjeð, að 5. brtill. nefndarinnar, sem nú á að taka aftur, sje varhugaverð frá lagalegu sjónarmiði. Hjer á að tryggja mönnum rjett til þess, að þeir geti haldið eign sinni, og hví skyldu þeir vera ofgóðir til að sanna eign sína. Fuglinn rekur á land einhvers; hann á hann að guðs og manna lögum, og hví skyldi hann ekki mega hagnýta sjer hann eins og hann vill.

Háttv. framsögum. (S. St.) bar fyrir sig álit lögfræðings um þetta breytingarákvæði. Jeg hef líka talað við lögfræðing um þetta, justitiarius, og hann sá engan annmarka á þessu ákvæði. Kringumstæðurnar eru oft þannig, að koma má sönnunargögnum við. T. d. á maður hrognkelsanet á sjó, og finnur í þeim tvær dauðar kollur; ef tveir menn eru með, þá er það nægileg sönnun.

Jeg skal nefna eitt dæmi enn. Maður gengur á fjörur, eins og víða á sjer daglega stað; hann er að líta eftir, hvort ekki hafi eitthvað rekið, svo sem trje, hval, fugl, og nú fer svo, að hann finnur sjórekinn dauðan fugl, sem hann svo tekur heim með sjer og sýnir. Geti hann nú sannað, að hann hafi ekki haft með

sjer neitt verkfæri, er hann hafi getað drepið fuglinn með — og það á honum oftlega að vera innanhandar — þá ætti hann að vera sýkn saka, þótt hann hafi hirt dauðan fugl.

Jeg skora því á háttv. deild að samþykkja brtill. um að hirða megi dauðan æðarfugl að ósekju, þegar það sannast, að sá á engan þátt í dauða fuglsins, sem hann hirðir. Slíkt verður engum að tjóni, en rjettindum manna er betur borgið á þann hátt. Jeg tek því upp báðar brtill. háttv. nefndar, er hún kvaðst taka aftur.

Að endingu tek jeg það fram aftur, að jeg mun greiða atkvæði með brtill. háttv. nefndar, því mjer líka þær betur en tilsvarandi ákvæði frv.

Sigurður Eggerz: Jeg hafði svarið við skegg mitt, að taka ekki til máls við þessa umræðu. En nú er svo komið, að jeg get ekki lengur orða bundizt. Það rekur svo langt, að þessi blessuð friðunarlög eru að verða eitthvert mesta ófriðarefnið á þinginu. Eins og bitlingarnir eru örðugasta viðfangsefnið bak við tjöldin, eins gerist þetta mál það framan við þau.

Jeg hef alt af verið hlyntur æðarvarpi, frá því jeg var drengur, og að minu viti er þetta frv. gott. Mest hefur verið deilt um eggjatökuna. Jeg álít hana skaðlega. Þegar jeg var drengur í Akureyjum, var þar mikið æðarvarp, og var jafnan lögð mesta aherzla á, að eggin væru ekki tekin, enda liggur það í hlutarins eðli, að aldrei kemur ungi úr því eggi, sem etið er. Jeg hef og talað við ýmsa varpmenn, sem álíta eggjatökuna skaðlega. Þá skal jeg minnast á 4. og 5. brtill. háttv. nefndar, sem hún kvaðst taka aftur, en háttv. 3. kgk. (Stgr. J.) hefur vakið til lífs aftur. Jeg varð feginn, er jeg heyrði, að háttv. nefnd tók brtill. þessar aftur, því að það er mjög óheppilegt, að slík ákvæði komist inn í löggjöfina sem þar eru. Til þess að sanna, að maður sje sýkn af drápi fuglsins, þarf hann fyrst og fremst að sanna það, hve nær fuglinn hafi dáið, og þar næst helzt líka, að hann hafi þá sjálfur verið annarsstaðar.

Jeg felli mig miklu betur við ákvæði gildandi laga um þetta en brtill., þau ákvæði að alls ekki megi hirða dauðan æðarfugl. Brtill. mundi, ef hún yrði samþykt, gefa mönnum átyllu til að fara kringum lögin. Ástæðurnar, sem færðar hafa verið fyrir því, að hart væri að banna mönnum, að hirða dauðan æðarfugl, eru ógn veikar. Fyrst og fremst er nú lítil björg í dauða fuglinum; og í öðru lagi munu flestir hafa fremur óbeit á að neyta kjöts af dauðum fugli, sem þeir vita ekkert um, hvað að bana hefur orðið, því að aldrei er að vita, nema kjötið sje af einhverjum orsökum heilsuspillandi *(Guðj. G.* Fiðrið er þó nokkurs virði). Það er líka iðulega skemt og harla lítils virði.

Steingr. Jónsson: Mjer finst h. þm. Vsk. (S. E.) og h. þm. Ísafjk. (S. St.) gleyma því, hvernig málið horfir við fyrir dómaranum. Jeg er leiddur heim á bæ, og mjer sýndur þar dauður æðarfugl, sem einhver hefur hirt. Eftir frv. yrði jeg skilyrðislaust að sekta þann, er fuglinn hirti, í fyrsta sinn 5 kr., annað sinn um 10 kr. og þannig áfram, þangað til hámarki sektanna væri náð. Þetta yrði jeg alveg eins að gera, þótt maðurinn gæti fært óyggjandi sannanir fyrir því, að hann hefði fundið fuglinn dauðan — og jeg hef sýnt fram á með dæmum, að þær sannanir er oft hægt að færa. — Þetta er ekki í samræmi við aðra löggjöf vora, og jeg vil, að í þessu máli sem öðrum, sje tekið tillit til fullra sannanagagna, þegar ákveða skal sekt eða sýknun mannsins.

Guðmundur Björnsson: Jeg átti 8 brtill. við 2. umr. málsins: það var farið miklu ver með þær, en vant er að fara

með sjálfan æðarfuglinn. Þó hafa þær timgast furðu vel, því nú eru fæddar af þeim 15 nýjar brtill. og margar svipaðar brtill. mínum. Jeg gæti því verið vel ánægður með áframhaldið, og sagt eins og þar stendur: „Brjánn fjell, en hjelt velli.“

Lítið eitt vil jeg þó minnast enn á hagnýting æðarareggjanna. Það er hjer eins og annarsstaðar, að „varðar mest til allra orða, að undirstaðan rjett sje fundin“. Undirstaðan, sem formælendur frv. byggja á, er þessi: Ef engin egg eru tekin og og enginn fugl drepinn af mannavöldum, þá hlýtur fuglinum að fjölga. Þetta sýnist vera orðið fullkomið trúaratriði þeirra, sem fyrir málinu berjast, og nú seinast kom það fram í ræðu hv. þm. Vsk. (S. E.). En hjer er ekki nóg að trúa, hjer þarf að leita sannfróðleiks, að jeg taki mjer í munn orð h. 2. kgk. (E. Br.) í öðru máli. Hjer eru ritningar, sem ekki er vanþörf á að rannsaka.

Jeg skal benda á eitt eftirtektavert atriði; það er andavarpið við Mývatn. Þar eru árlega tekin andaregg. Jeg hef ekki getað fengið fulla vissu um, hve mörg, en heyrt hef jeg, að það mundi ekki vera undir 60,000 á ári. Hjer er um lítið svæði að ræða, nálega hverfandi í samanburði við allar Íslands strendur, og væri líklegt, að hjer sæi högg á vatni; að minsta kosti mundu andmælendur mínir fyllyrða það, ef um æðaregg væri að ræða. En nú kemur fleira til greina en eggjatakan. Á haustin fljúga endurnar til sævar. Þær eru ófriðhelgar, og ekki hlífzt við að skjóta þær. Haldið þið nú ekki, að andarvarpið við Mývatn gangi fljótt til þurðar? Jeg hef spurzt fyrir um þetta hjá h. 3. kgk. (Stgr. J.), og segir hann mjer, að undanfarin ár hafi andavarpið *aukizt* við Mývatn, þrátt fyrir eggjatökuna og andadrápið.

Jeg ætla enga ályktun að draga af þessu, en víkja að öðru. Æðarvarpsmennirnir geta brugðið mjer um vanþekkingu, og þeim er það ekki ofgott. En hjer kemur til greina eitt grundvallarlögmál náttúrunnar, það lögmál, að á hverjum ákveðnum bletti getur ekki lifað nema tiltekin tala einstaklinga, sjeu lífsskilyrðin að öðru leyti óbreytt. Þegar út yfir þau takmörk fer, tekur fyrir fjölgunina. Við skulum skoða þetta með dæmum. Bóndi á mátulega vetrarbeit fyrir 10 hesta, þótt vetur sje nokkuð harður. Ef hann nú setti 30 hesta á þetta beitarland, þá er hætt við, að eilthvað fjelli af hrossunum, og geri harðan vetur, á hann á hættu, að þau falli öll.

Ef alt sauðfje okkar væri látið lifa á útigangi, þá er það sjálfsagt öllum ljóst, að það væri miklum takmörkum bundið, hve margt þannig gæti lifað, og ekki mundi því fjölga sí og æ. Einstöku menn sýnast vera svo skammsýnir, að þeir sjái ekki, að líkt muni vera með æðarfuglinn, og það muni vera takmörkum bundið, hvað margir æðarfuglar muni geta lifað hjer við land vetrarlangt. Þó vil jeg ekki fullyrða, að ekki geti lifað hjer fleiri æðarfuglar en nú eru. Það mál er órannsakað, En athugavert er það, að um langan tíma hefur engin dýrategund hjer verið svo vernduð sem æðarfuglinn. Varplandið hefur verið friðað á allan hátt og verndað, fuglinn sjálfur friðhelgur að lögum, og bannað að selja eggin. En þrátt fyrir alt þetta, er ekki útlit fyrir, að þessu fuglakyni hafi verulega fjölgað. Verzlunarskýrslunar sýna, að dúntekjan muni því nær standa í stað. Þegar á alt þetta er litið, fer að vakna efi um, hvort hjer muni geta lifað öllu meira af æðarfugli yfir veturinn en nú er hjer. Þá kemur það til skoðunar, hvort ekki sje óskynsamlegt, að vera að takmarka enn meir hagnýting eggjanna. Öll þessi ströngu ákvæði eru bygð á þeirri óbifanlegu trú, að sje fuglinn verndaður nógu rækilega með friðunarlögum, þá muni hann geta

fjölgað takmarkalaust. Þessir menn gera sjer ekki ljóst náttúrulögmál það, sem jeg nefndi áðan, það lögmál að öll fjölgun einstaklinganna er bundin þeim takmörkunum, sem náttúran sjálf setur henni. Þetta er mjer ljóst, og því er jeg mótfallinn frv., eins og það nú er. Málið þarf miklu meiri rannsóknar við, en hægt er að gera hjer á þingi; því þyrfti að rannsaka það rækilega milli þinga, og fá til þess kunnáttumenn. Þá fyrst getum vjer vænzt þess, að fá skynsamleg friðunarlög.

Sigurður Eggerz: H. 6. kgk. (G. B.) tók það fram, að Brjánn fjell, en hjelt velli. Satt var það, að brtill. h. 6. kgk. (G. B.) fjellu, en ekki hjeldu þær velli, því að höfuðbreytingartillaga 6. konungkj. (G. B.) tillagan um blikadrápið, fjell svo rækilega, að jeg er viss um, að hún rís aldrei aftur upp; enda er það auðsætt, að ef allir blikarnir væru drepnir, þá mundi fljótt verða úti um æðarvarp.

H. 6. kgk. (G. B.) sagði, að það, sem við töluðum um eggjatökuna, væri bygt á tómri trú og engu öðru. En jeg segi eins og h. 6. kgk. (G. B.), jeg hef töluvert vit á æðarvarpi, ekki síður enn hann. Jeg fer ekki í neina launkofa með þetta, því að það er gott að h. d. viti, að sá talar, sem vit hefur á málinu; þess meira tillit mun hún taka til orða hans. H. 6. kgk. (G. B.) sagði, að andavarp hafi aukizt við Mývatn, þrátt fyrir það, þótt egg hafi verið hirt þar. En hefur h. þm. (G B.) nokkra sönnun fyrir því, að það hefði ekki aukizt enn meir, ef engin egg hefðu verið tekin. Það liggur þó í hlutarins eðli, að því meira, sem fækkað er af afkvæminu, því minni er von fjölgunarinnar. H. 6. kgk. (G. B.) fór mörgum orðum um það, að fjölgunin væri háð lífsskilyrðunum. Að nokkru leyti er þetta rjett. En mundu lífsskilyrðin hafa orðið nokkuð verri fyrir ungann úr egginu, sem jetið var, en fyrir hina ungana? Mundu þeir ekki hafa öðlazt sama lífskraft, sem hinir, ef þeir hefðu fengið leyfi til að dafna? Mjer er ómögulegt að hverfa frá því, að mjer finst mjög óheppilegt að halda 5. brtill. á þgskj. 196; þótt dauður æðarfugl finnist í neti, þá er ekki með því sannað, hvernig hann hefur látið lífið, það getur hafa orðið af völdum þess, sem yfir netinu rjeði. Hjer getur komið fram, það sem kallað er „probatio diabolica“. Forseti hefur bannað að viðhafa ljót orð, svo jeg þori ekki að þýða latínuna, en í lágum róm get jeg skotið því að h. n., að það þýðir „djöfulleg sönnun.“

Einar Jónsson: Jeg er samþykkur stefnu frv., því jeg er einn af þeim, sem vil vernda og efla þennan atvinnuveg sem mest. Jeg viðurkenni líka, að ákvæðið um takmörkun eggjatökunnar sje í sjálfu sjer rjett; því að fyr fáum vjer ekki fulla reynslu fyrir því, hvað þessi atvinnuvegur getur aukizt en eggjunum er hlíft. Það liggur í augum uppi, að því fleiri ungar, sem úr eggjum koma, því meiri líkindi eru fyrir fjölgun fuglsins, og því meira til fyrir vanhöldum. Jeg er því í sjálfu sjer meðmæltur sem mestri eggjafriðun, þó að mjer þyki frv. fara fulllangt. Aftur þyki mjer brtill. á þgskj. 196 fara of skamt, því að ef hún er samþykt, geta varpeigendur eftir sem áður tekið æðaregg, alveg eins og nú á sjer stað. Þessvegna hef jeg komið með viðaukatillögu við hana, ef hún kynni að verða samþykt.

Að vísu má segja, að hver varpeigandi ætti að sjá svo hag sinn, að hann hagaði eggjatökunni eftir því, sem hann álíti heppilegast fyrir efling varpsins, og ljetir alveg vera að taka egg, ef hann teldi það hollast varpinu, og væri gott, ef þetta yrði með sanni sagt um alla; en það vitum vjer, að menn eru mishagsýnir og misframsýnir. Stundarhagurinn ræður of miklu hjá svo

mörgum. Jeg þekki dæmi þess, að varp getur vaxið mikið, þó að talsvert sje tekið af eggjum og einnig minkað, þó að lítið sje tekið af þeim. En fleira getur valdið því, hvort varp vex eða minkar, en það, hvort mikið eða lítið er tekið af eggjunum, og verður því ekki með vissu sagt á hverjum stað, hver orsökin er til þess, að varp vex eða minkar.

Jeg ætla svo að minnast nokkuð á brtill. mína; hún er bygð á reynslu, sem fengizt hefur við varp það, sem jeg hef nú umráð yfir, þó ekki á eigin reynslu minni; hún er of stutt til þess, heldur af reynslu manns þess, sem þar hafði umsjón með varpinu síðustu 8 ár. Þegar hann tók við varpinu, varð hann þess brátt var, að eftir hafrót og brim á haustum, lágu æðarungarnir dauðir hópum saman í fjörunni. Hann áleit því, að það mundi miklu skifta, að ungarnir gætu orðið sem elztir og öflugastir fyrir haustið; þá mundu þeir geta betur staðizt sjórótið. Þegar hann hafði hirt varpið í 3 ár, tók hann því upp þá reglu, að taka ekkert egg fyrsta mánuð varptímans, nema svonefnd „kaldegg“, en tók síðan öll þau egg, sem eftir það voru orpin. Afleiðingin af þessu var sú, að ungarnir fóru hjer um bil jafngamlir úr varpinu, og að engir voru þeir mjög ungir, þegar haustaði; og svo brá við, að síðan fann hann örsjaldan brimdauða æðarunga í fjörunni á haustum. Þegar hann tók við varpinu, var dúntekjan um 100 pd. á ári, en jókst síðan í 4 ár um 10 pund á ári, og í fyrra um 6 pd. Þessi hefur nú reynslan verið á þessum stað. Þegar maður þessi byrjaði að taka eggin, hafði hann merkt öll þau egg, er þá voru orpin og voru þá mjög víða 6 egg í hreiðri. Þegar hann nú tók nýorpin egg, ljet hann eldri egg í staðinn, og tók sú æður þau að sjer, sem var að verpa, og ungaði þeim út. Þau egg, sem hún sjálf varp, tók hann jafnóðum. Bar ekki á, að þessi flutningur gerði neitt til. Það var mjög lítið af ónýtum eggjum eftir í hreiðrunum við varplokin. Við þetta varð allur unginn hjer um bil jafngamall og alt að mánuði eldri, en margt af ungunum mundi hafa orðið, ef alt af hefði verið tekið eitthvað af eggjum úr hverju hreiðri allan varptímann, eins og tíðast er. Þess vegna hlaut hann að vera betur undir það búinn að standast haustbrimin. En þetta hlaut einnig að hafa góð áhrif á fuglinn, sem síðast varp; hann tók auðvitað minna að sjer og megraðist minna, þá er ásetutíminn styttist fyrir honum. Því eins og kunnugt er, tekur kollan ekki fæðu meðan hún situr á. Þessi fugl var því betur undir búinn, til að taka á móti hausthretunum og standast þau. Það virtist því, að þannig löguð eggjataka yrði til að tryggja bæði líf unganna og fullorðna fuglsins. Og reynslan varð sú, sem jeg sagði, að varpið jókst til muna, þó að það auðvitað einnig geti komið til af öðrum orsökum.

Jeg veit, að það má segja, að hægt sje að fara í kringum ákvæði þessarar brtill., og að hún styrki ekki mikið eftirlit með eggjatöku; en þó verð jeg að ætla, að svo framarlega sem brtill. á þgskj. 196 er samþykt, þá muni það vera til bóta, að samþykkja líka viðaukatill. mína við hana.

En þó að fara megi ýmislega kringum ákvæði brtill., þá ætti hún að geta verið gagnleg bending, sem varpeigendur gætu tekið til greina, ef þeir vildu, og jeg tel það þess vert, því það hefur reynzt vel í þessum stað, sem jeg hef nefnt. Það hefur reynzt svo í 2 varplöndum, sem jeg þekki eystra, að fuglinn verpir mikið í kringum 20. júní, og er það kallað þar Jónsmessuvarp. Fuglinn byrjar venjul. að verpa um miðjan maí, en síðar verður aftur mikið um varp um 20. júní. Jeg veit sem sagt, að síðan þessi regla var tekin upp með eggjatökuna í því varpi, sem jeg hef nefnt, þá hefur varpið vaxið,

og miklu færri æðarungar hafa á haustin dáið í haustbrimunum, enda eðlilegt, að ungu ungarnir sæti þá mestu afföllunum. Mjer er ekki kappsmál um þessa brtill., en jeg tel rjett að samþykkja hana, þó ekki sje nema til bendingar fyrir varpmenn.

Það hafa verið skiftar skoðanir um 5. breytingartillöguna á þingskj. 174, en jeg held, að jeg fyrir mitt leyti verði samt með henni, því þegar lögin verða kunnug, þá veit hver maður, að það varðar sektum, að hirða dauðan æðarfugl, nema að hann geti sannað, að fuglinn hafi verið dauður, er hann tók hann. Ef finnandinn því sjer, að hann geti ekki fært sönnur á það, þá lætur hann dauða fuglinn liggja kyrran. Jeg get ekki sjeð, að nein hætta geti stafað af því, þó að þetta verði samþykt. Og þeim mun síður finn jeg ástæðu til þess að vera á móti, þar sem lögfræðingunum kemur ekki saman um það, hvort það sje ósæmilegt frá löggjafarvaldsins hálfu að setja inn slík ákvæði.

Jeg er samþykkur þeim, er vilja leyfa þeim, er finnur dauðan æðarfugl, að notfæra sjer hann, og mjer finst vera ilt að banna það, sjerstaklega, þegar svo vill til, að mikið finst dautt af honum fyrir ísalögum, eins og stundum á sjer stað, því fuglinn er altaf einhvers virði, að minsta kosti fiðrið.

Jósef Björnsson: Háttv. 6. kgk. þm. (G. Bj.) dróg það í töluverðan efa, að friðunarlögin hefðu, að því er snertir fjölgun æðarvarpa og æðarfugla, komið að notum. Ekki skal jeg þrátta um það við hinn háttv. 6. kgk. þm. (G. Bj.) en jeg vil benda honum á ummæli háttv. þm. Ísaf. (Sig. St.) um, hvað æðarvörpin hafi vaxið við Ísafjörð. Í byrjun 19. aldar var varpið 2 pd. í Æðey af æðardún, en nú er það um 400 pd.; þá var varpið í Vigur 30 pd., en er nú 130 pd., og á líkt má benda á fleiri stöðum, auk þess er ný æðarvörp hafa komið á fleiri stöðum. Það nær því engri átt, að vörpin hafi ekki vaxið, *(Guðmundur Björnsson:* Dúnninn). — Já, þótt dúntekjan hafi ekki vaxið til muna allra síðustu árin, þá hrindir það ekki þeirri sannreynd, að vörpin og þar með dúntekjan hafi vaxið, eftir að farið var að friða æðarfuglinn, enda kemur þar til greina, að fuglinn á í baráttu við ýmsa varga, eins og tekið hefir verið fram áður, — auk mannanna, er myrða hann þrátt fyrir lögin.

Háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) vjek að því, hvort lífsskilyrði væru hjer á landi til þess að æðarfuglinum gæti fjölgað, og benti hann þar til þess grundvallarlögmáls, sem hver einstök dýrategund er bundin við í náttúrunni. Það er vitanlega alveg rjett, að tegundirnar hljóta altaf að vera bundnar við þessi grundvallarlög. En þegar þetta er heimfært á æðarfuglinn, þá er tvent, er þyrfti að taka hjer til greina og rannsaka ýtarlega, ef hægt ætti að vera að dæma um það, og jeg held, að hvorki háttv. deild geti það, nje einhverjir menn milli þinga, eins og háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) vildi halda fram, því slík viðfangsefni eru svo margþætt og flókin, að ekki tekst að rekja þau til hlítar, þótt glöggir og víðsýnir vísindamenn hafi þau með höndum. Þetta er ljóst, ef til þess er litið, hvað ransaka þyrfti, en það er bæði um fæðu fuglsins og önnur lífsskilyrði.

Hefur æðarfuglinn nægilega fæðu? Það þarf í fyrsta lagi að rannsaka, því eins og auðvitað er, þá getur honum ekki fjölgað, nema því aðeins, að hann hafi nóga fæðu. En jeg er vantrúaður á það, að þessi rannsókn geti farið fram, og allra sízt svo ýtarleg, að hún geti sannað, hvort æðarfuglinn hefur nóga fæðu eða ekki. Jeg hlýt að halda því fram, og tel það sennilegt, að hann geti haft nóga fæðu við strendur landsins og í kring um landið, og svo er líka á það að líta, að

æðarfuglinum er ekki svo markaður bás, að hann geti ekki leitað víðar að fæðu en við strendur landsins.

Í öðru lagi þyrfti að fá upplýsingar um óvini æðarfuglsins; því þeim mun skæðari, sem þeir eru, þeim mun hættulegri eru þeir fyrir fuglinn og hindra fjölgun hans, hvað sem fæðunni líður. Koma hjer bæði til greina óhagstæð náttúruskilyrði, sem gera baráttu hans fyrir lífinu erfiða, og beinir óvinir. Eins og háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) benti á, þá á hann að óvinum allskonar varga, auk mannanna, sem auk þess er þeir drepa hinn fleyga fugl, drepa líka hinn ófædda með eggjatöku sinni. Væri hægt að fækka vörgunum og friða alveg æðarfuglinn fyrir öllum óvinum hans, þá liggur í hlutarins eðli samkvæmt náttúrulögmálinu, að tegundinni fjölgaði að því marki, sem fæðan setti fjölguninni.

Með meiri friðun á æðarfuglinum eru því miklar líkur til, að æðarvörp fjölgi hjer á landi.

Háttv. 2. þm. N. Múl. (E. J.) vildi ekki láta taka nein egg fyrst framan af varptímanum, og sagði, að það hefði gefizt vel eystra. Jeg fyrir mitt leyti efast ekki um, að það geti verið rjett, en jeg lít svo á, að það sje allmikill vandi, að taka egg, ef þau eigi að geta ungazt út, og flytja þau á milli hreiðra. Hitt, er þingmaðurinn (E. J.) sagði, að ungum, sem eigi ungast út fyr en nokkuð er áliðið sumars, sje meiri hætta búin í haustbrimum, tel jeg mjög sennilegt. Og með því að taka engin egg framan af varptímanum nema kaldegg, er þeim eggjum fjölgað, sem vænta má að hraustir ungar komi úr. Þetta stefnir því í líka átt og að banna eggjatöku, en jeg hygg, að eggjatakan sje einn versti óvinurinn, er æðarfuglinn á við að stríða.

Guðjón Guðlaugsson: Mikið skánar frumvarp þetta, ef að breytingartillögur hinnar háttv. nefndar verða samþyktar,

og mun jeg því greiða atkvæði með þeim. En þó verða einstaka greinar eftir, sem jeg tel óheppilegar, sú að banna að gefa æðaregg, og að banna að hirða dauðan æðarfugl, og mun jeg um það efni greiða atkvæði með breytingartillögu háttv. 3. kgk. þm. (Steingr. J.) og með þeim tillögum, er hann tók upp, en nefndin tók aftur.

Jeg ætla ekki að svara miklu um eggjagjafirnar eða eggjatökuna. Framsögum. (Sig. Stef.) sagði, að það væri orðið trúaratriði hjer, að æðarfuglinum mundi fjölga, ef eggin væru tekin. Jeg skal ekkert þrátta um það, þó jeg haldi raunar, að svo sje ekki. En jeg held, að svo megi segja, að það líti út fyrir að vera orðið trúaratriði hjer í háttv. deild, að varpeigendur sjeu skynsemi gæddar verur, er ekki þurfi að svifta fjárforræði með sjerstökum lögum, og þetta er eðlilegt, þar sem heyrzt hefur hjer í umræðunum frá þeim mjög djúpsæ speki, þar sem t. d. háttv. þm. V.Skaftf. (Sig. Egg.) fræddi á því, að enginn ungi kæmi úr því eggi, er væri tekið, og að ekkert varp væri til, ef að enginn bliki væri. Hið fyrra var raunar gamalt, slitið og lánað, og fer því að verða lítið varið í það, en jeg hygg, að þetta bendi fullkomlega á, að það sje ekki nauðsynlegt, hvað slíka vizkusala snertir, að svifta þá fjárforræði.

Mjer finst það vera sjálfsagt, að leyfa þeim, sem finnur dauðan æðarfugl, að hirða hann, og háttv. 3. kgk. þm. (Stgr. J.) færði greinileg og ljós rök fyrir því.

Jeg get ekki skilið það, er sumir hafa haldið hjer fram, að þetta komi í bága við venjuleg lög, því ef að svo væri, þá kæmu lögin í bága við venjulega skynsemi, og það má ekki vera. Og mjer finst þetta ákvæði vera hart gagnvart þeim mönnum, er finna dauðan æðarfugl á landi sínu, því það á ekki að banna annað en drepa æðarfuglinn. Jeg veit ekki betur, en að ef maður er sakaður um glæp, þá verði hann því aðeins dæmdur sekur, að

sekt hans verði sönnuð; ef svo er ekki, þá er hann sýknaður, og það jafnvel þótt miklar líkur sjeu, og ef hann með vitnum eða öðru, t. d. fjarveru, getur sannað sýknun sína, þá er hann ekki eingöngu sýknaður af lögunum, heldur líka sýknaður af almenningsálitinu. Ef t. d. að maður er kærður fyrir, að kind, er hann ekki á, sje í fjárhúsi hans, og hann getur sannað með vitnum, að hún hafi verið látin þangað honum óafvitandi, þá er hann sýknaður, það er yfirleitt ekkert ákvæði í löggjöfinni, er heimili að sakfella menn, er geta sannað sýknu sína. En eins og h. 3. kgk. (Stgr. J.) benti svo ljóst og skilmerkilega á, og leiddi dæmi að, þá getur það oft borið við, að maður, sem hirðir dauðan æðarfugl, getur sannað, að hann hefur ekki drepið hann.

Það getur líka komið fyrir, eftir frv. þessu, að tveir menn verði sektaðir fyrir sama æðarfuglinn, þannig verður sektin tvöföld.

Dæmi til þess að sýna þetta, skal jeg taka:

Maður skýtur æður, en það eru vitni við, svo að hann þorir ekki að hirða hana, og hún liggur dauð eftir, en maðurinn fær sekt, svo kemur annar; hann finnur æðurina, og hirðir hana, vegna þess að hann ber litla virðingu fyrir þessu ósanngjarna lagaákvæði. En svo sannast það, og hann fær líka sekt. Hjer eru því tveir menn sektaðir fyrir sama fuglinn; sektin verður því 10 kr. alls eða 5+5 kr. í stað 5 kr. Og ef nú svo ber við, að ekki er hægt að vita, hver hefur skotið fuglinn, og hirðandinn fær sekt, þá liggur mjer við að segja, að það sje sá saklausi, sem er sektaður.

En oft er það svo, að menn geta sannað, að þeir hafi ekki drepið fuglinn. Jeg veit, að það er svo í minni sveit, að það er varla 9 af hverjum 10 mönnum, er eiga byssu, og það eru jafnvel ekki 9 af 10, er eiga net og þessir menn geta hæglega sannað það, að þeir hafi ekki drepið æðarfugl. Ennfremur geta menn sannað það, þegar 2—3 menn finna dauða æður í löglega lögðu neti.

Yfirleitt mun vera lítil tilhneyging til þess að drepa æðarfugl, og jeg get sagt það, hvað sjálfan mig snertir, að jeg hef sett fram bát til þess að bjarga æðarunga, er ætlaði að drepa sig í neti. Og sjálfur hef jeg aldrei meðhöndlað byssu, og aðeins einusinni skotið í mark.

Það er ekki hægt að vita, hvort hjer sje lítið um að vera; vanalega mun það þó, en benda vil jeg þó á, að það sje ekki altaf. Árið 1902, þegar hafísinn fylti firðina í Strandasýslu, þá drap hann æðarfuglinn unnvörpum. Jeg er sannfærður um, að fiður og jafnvel eitthvað af dún af þessum fugli hefur als við flóann numið einum 120 fjórðungum. Að það hafi verið um 30 heimili, sem hafi fengið fiður, sem svarar í eina sæng, eða 40 pd., þegar þau heimili við flóann, sem lítils nutu, eru lögð ofaná. Og þetta voru allt lögbrot. Af þessu má sjá, að þetta getur verið mikilsvirði. Þetta ár minkaði varpið á Hellu við Steingrímsfjörð úr um 75 pd. niður í um 25 pd., en nú er það aftur komið uppí 75 pd., að jeg held, en eggjataka hefur jafnan verið þar lítil, en þó gefin egg, auðvitað til einskis skaða fyrir varpið, þar sem hjer er um mikinn ráðdeildarmann að ræða.

Jeg fylgi því að málum breytingartillögu háttv, 3. kgk. þm. á þingskj. 156 og þeim breytingartillögum nefndarinnar, er háttv. 3. kgk. þm. (Steingr. Jónsson) tók upp, en ef þær ná ekki fram að ganga, þá mun jeg líklega greiða atkvæði móti frumvarpinu.

Sigurður Stefánsson, framsögum.: Umræðurnar hafa nú varað talsvert lengur, en jeg hafði búizt við, og skal jeg því vera stuttorður. Háttv: 3. kgk. sagði, að ef maður hefði votta að því, að hann hefði fundið fugl í neti, þá gæti hann sannað

sakleysi sitt. En þá er eftir að sanna, að það hafi ekki verið af mannavöldum, að fuglinn flæktist í netið. Allir hljóta að vita, að það hefur mjög tíðkazt víða um land, að menn hafa beinlínis lagt net fyrir æðarfugl, engt fyrir fuglinn í netunum með niðurburði, ætu fyrir hann, og sagt svo, að hann hafi komið í netin án þeirra tilverknaðar. Síðan hafa þessir morðingjar gengið með heilar kippur af fugli og boðið hann til sölu og það hafa þeir sagt, að þeir hafi fundið fuglinn dauðan í netunum, en auðvitað þagað yfir hinu, að þeir hafa drepið hann með þessu móti. Þetta, að menn mega ekki einusinni hirða dauðan æðarfugl, girðir fyrst með öllu fyrir, að menn geti að ósekju drýgt slík lagabrot.

Háttv. 6. kgk. vildi þakka sjálfum sjer óbeinlínis sumar af þeim brtill., sem fram hafa komið. Það getur verið að svo sje, þótt ekki þekki jeg hans mark á neinni þeirra. En vera má, að brtill. þær, sem hann flutti við 2. umr., hafi vakið menn til umhugsunar um ýmislegt. Háttv. þm. V.-Sk. hefur svarað því, sem háttv. þm. var að tala um skilyrðin fyrir viðhaldi og fjölgun dýrategundanna. Jeg tel svar hans gott og gilt, en vil aðeins bæta því við, að náttúran klekur ekki að jafnaði út fleiri einstaklingum, en hún getur annazt. Þess vegna er ómögulegt, að gera nokkurn samanburð á ótömdum dýrum og húsdýrum að þessu leyti. Húsdýrin hafa mennirnir tekið undir vald sitt og vernd, þar er náttúran ekki lengur einráð. Svo sem kunnugt er, kemur það næstum árlega fyrir hjer og þar um landið, að bændur fella búpening sinn úr hor, en hreindýrin, sem ganga sjálfala hjer á landi, falla örsjaldan eða ekki nema í aftaka harðindum, — að minsta kosti hefur það komið miklu sjaldnar fyrir. Vanhöldin í náttúrunni eru miklu minni en í meðferð mannanna á dýrunum.

Jeg vil ennþá einusinni endurtaka það, sem jeg áður hef sagt um eggjatökuna. Það er ekki eggjagjafirnar, sem jeg hræðist, heldur eggjasalan. Einmitt þess vegna aðhyllist jeg hið upphaflega frv. háttv. 5. kgk. þm. (B. Þ.). Það er óhrakið og óhrekjanlegt, að menn hafa selt egg í stórum stíl undir því yfirskyni, að þeir gæfu þau. Mjer dettur ekki í hug að drótta því að varpeigendum, að þeir sjeu ekki skynsemi gæddar verur, eins og háttv. þm. Strand. (G. G.) var eitthvað að tala um. En margir vel skynsamir menn geta oft og tíðum verið næstum því ótrúlega skammsýnir menn, og litið fremur á stundarhagnað sinn, en framtíðarvelferð atvinnuveganna eða landsins.

Jeg er þakklátur háttv. 2. þm. N.-Múl. (E. J.) fyrir brtill. hans. Hann gaf ýmsar upplýsingar, sem jeg hygg að geti komið að góðum notum. En ef brtill. hans yrði samþykt, þá er jeg hræddur um, að eftirlitið með þessum lögum yrði mjög erfitt. Og hræddur er jeg líka um það, að varpeigendum reyndist sá maður torfenginn, sem trúa mætti fyrir þessum eggjaflutningi milli hreiðranna. Jeg er viss um, að ekki einn af tíu varpeigendum mundi eiga því láni að fagna, að hafa svo dyggum, gætnum og trúlyndum manni á að skipa, sem til þess starfs þyrfti. Annars getur vel verið, að þessi aðferð, sem háttv. þm. gat um, sje hið mesta happaráð; aðeins óttast jeg, að slíkri hirðingu fylgi meira ónæði í varpinu, heldur en vera ber. Vera má líka, að hið sama eigi ekki við í öllum landshlutum; það heyrðist að minsta kosti af ræðu háttv. þm., að varphættir eru talsvert öðruvísi á Austurlandi, heldur en vestanlands og sunnan, því að þar er fuglinn venjulega alorpinn fyrst í júnímánuði.

Steingr. Jónsson: Út af latínuorðum hins hv. þm. Vsk., skal jeg leyfa mjer að geta þess, að nafnið „probatio diabolica“ á ekki við 5. brtill. á þgskj. 174. Það er

„probatio diabolica“, þegar lög mæla svo fyrir, að maður á í sakamáli að sanna það, að hann hafi ekki drýgt þann glæp, sem á hann er borinn. En hjer er ekki um sakamál að ræða, heldur að maður sanni eignarrjett sinn til einhvers hlutar.

Sigurður Eggerz: Það er almenn regla, að menn eru ekki dæmdir nema fullgildar sannanir liggi fyrir um sekt þeirra. En hjer á að lögfesta þá óviðurkvæmilegu reglu, að dæma megi mann, ef hann eigi getur sannað sýknu sína. Móti slíku ákvæði mun jeg greiða atkvæði mitt.

Einar Jónsson: Jeg vil geta þess út af orðum h. þm. Ísaf., að þar sem jeg þekki til, hefur það ekki reynzt neitt varhugavert, að flytja eggin til í hreiðrunum. Það virðist ekki hafa valdið neinu ónæði, eða truflun í varpinu; fúleggjum hefur alls ekki fjölgað við það. Jeg vil geta þess, mönnum til athugunar, að manni þeim, sem átti að gæta varplands þess, sem jeg hjer hef verið að tala um, var einu sinni skipað, að koma alls ekki í varpið fyrsta mánuð varptímans. Hann hlýddi boðinu, þótt hann áliti það óhyggilegt, en svo fór, að þegar hann eftir einn mánuð kom í varpið, þá var það orðið mjög eyðilagt, þar sem það var þjettast. Eggin lágu þá í hrúgum hver breiðan ofan á annari, og voru yfirgefin fyrir löngu. Jeg get þessa aðeins til þess að sýna framá, að rjettast er að ganga við og við um varpið til þess að gæta að því, þótt egg sjeu ekki tekin, enda er altaf eitthvað af kaldeggum, sem rjett er að taka.

ATKVGR:

1. brtill. á þgskj. 174, samþ. með 11 samhlj. atkv.

2. brtill. á þgskj. 174 samþ. með 11 samhlj. atkv.

3. brtill. á þgskj. 174 samþ. með 9 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 196 feld með 7 atkv. gegn 4.

Brtill. á þgskj. 198 tekin aftur.

4. brtill. á þgskj. 174, feld með 7 atkv. gegn 6.

5. brtill. á þgskj. 174, 5 feld með 7 atkv. gegn 6.

Um þessa brtill. var viðhaft nafnakall eftir ósk þeirra þm., sem hjer eru nefndir:

Júlíus Havsteen,
Sig. Stefánsson,
Eiríkur Briem,

og sögðu

já:	*nei*:
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,	Jón Jónatansson,
Guðm. Björnsson,	Jósef Björnsson,
Hákon Kristoffersson,	Júlíus Havsteen,
Þórarinn Jónsson.	Sig. Eggerz,
	Sig. Stefánsson.

6. brtill. á þgskj. 174, samþ. með 11 samhlj. atkv.

7. brtill. á þgskj. 174, samþ. með 10 samhlj. atkv.

8. brtill. á þgskj. 174, samþ. með 9 samhlj. atkv.

9. brtill. á þgskj. 174, samþ. með 11 samhlj. atkv.

10. brtill. á þgskj. 174, samþ. með 10 samhlj. atkv.

11. brtill. á þgskj. 174, samþ. með 11 samhlj. atkv.

12. brtill. á þgskj. 174, samþ. með 10 samhlj. atkv.

13. brtill. á þgskj. 174, samþ. með 11 samhlj. atkv.

Þessir þingmenn höfðu óskað nafnakalls um frv. í heild sinni:

Guðmundur Björnsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Steingrímur Jónsson,

og var frumv., þannig breytt, samþykt með 9 atkv. gegn 4, og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Einar Jónsson,	Guðjón Guðlaugsson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnsson,
H. Kristoffersson,	Þórarinn Jónsson,
Jón Jónatansson,	
Jósef Björnsson,	
Júlíus Havsteen,	
Sig. Eggerz,	
Sig. Stefánsson,	

og afgreiðist málið til Nd.

---

2. *Frv. til laga am sölu á þjóðjörðinni Fossi í Suðurfjarðarhreppi* (68, n. 171); 2. umr.

Hákon Kristoffersson, framsögum.: Nefndin, sem skipuð hefur verið til þess að athuga þetta frv. hefur, nú lokið störfum sínum. Hún hefur orðið á eitt mál sátt um það, að frá laganna hálfu sje því ekkert til fyrirstöðu, að ráðherra geti selt ábúandanum þessa jörð, og leggur hún því það til, að háttv. Ed, vísi málinu til stjórnarráðsins með meðmælnm sínum. Jeg vona, að háttv. deild taki vel í þetta og sjái ekkert því til fyrirstöðu, að fallast á þessa tillögu nefndarinnar. Ef ábúandanum verður synjað um kaupið, verð jeg að álita, að hann sje misrjetti beittur í samanburði við svo marga aðra leiguliða, sem keypt hafa ábýlisjarðir sínar á síðustu árum. Annars skal jeg ekki fjölyrða frekar um þetta mál, nema að svo kunni að fara, að það sæti mótmælum hjer í deildinni.

Steingrímur Jónsson: Jeg hef ekkert á móti því, að þessu máli sje vísað til stjórnarinnar, því að jeg er nefndinni sammála um, að ekki þurfi sjerstök lög til að selja þessa jörð. En hinu verð jeg að mótmæla, að háttv. deild fari að gefa meðmæli sín til þess, að jörðin sje seld; því stjórnin hefur betri tök á, að afla sjer allra upplýsinga um þetta mál, heldur en vjer, sem sitjum í þessari háttv. deild. — Jeg er sammála hreppstjóranum, sem segir í álitsskjali sínu, að það gæti verið bagalegt, að sinn væri eigandi að hverju, jörðinni og fossi og námu. Jeg álít því bezt við eiga, að stjórnarráðið taki sjálft ákvörðun í þessu máli, án þess að alþingi skifti sjer hið minsta af því.

Eiríkur Briem: Það er rjett, að nefndin leggur það til, að háttv. Ed. vísi málinu til stjórnarráðsins með meðmælum sínum. Málið er svo vaxið, að stjórnarráðið neitaði um söluna aðeins að svo stöddu, en nú hefur ábúandinn boðið, að undan megi skilja sölunni allstóran landskika, og jafnvel meira síðar, ef þess álitist þörf. Í fyrra bjuggust menn jafnvel við, að eitthvað kynni að verða innan skamms af námugrefti á þessari jörð, en nú eru þær vonir víst horfnar. Fossinn, sem jörðinni fylgir, er svo lítill, að hann verður víst tæplega notaður til iðnaðar. Það kynni að mega nota hann til heimilisþarfa, en ekki meira. Hjer verður að líta á það atriði, hvort meina megi ábúendum að kaupa ábýlisjarðir sínar, ef einhverjir möguleikar eru fyrir hendi um námugröft eða starfrækslu fossa í framtíðinni. Í slíkum tilfellum álít jeg ekkert í hættu, ef að eins hæfilega mikið land er undanskilið til væntanlegra iðnaðarfyrirtækja. Það þarf auðvitað ekki að taka það fram, að stjórnin verður að tryggja sjer það á alla lund, að eigandinn geti ekki gert slíkum fyrirtækjum neitt til tálmunar.

Hákon Kristoffersson, framsögum.: Jeg er þakklátur háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) fyrir ummæli hans um málið.

Jeg skil ekki, hvernig háttv. 3. kgk. þm. (Stgr. J.) fer að halda því fram, að stjórnarráðið hafi betur vit á þessu máli, en deildin. Hvaða skjöl hefur stjórnar-

ráðið haft, sem nefndin hefur ekki sjeð? Hvað er það kunnugra staðháttum þar en hún? Hvað veit það meira um fossinn? Hvað veit það meira um námuna? Og um álit hreppstjóra er það að segja, að þó virða beri mikils ummæli hans um, að það geti rekið sig illa á, að sinn væri eigandi að hverju, jörðu, fossi og námu, þá er það að líkindum ekki það, sem vakað hefur fyrir honum, heldur hitt, að hann missir umboðslaun af jörðinni, ef hún verður seld. Ef ábúanda jarðar þessarar verður synjað kaups á jörðinni, verður hann beittur misrjetti, ef borið er saman við aðra ábúendur þjóðjarða, er fengið hafa jarðir sínar keyptar. Jeg vona, að það verði ekki heldur endirinn á málinu.

Jeg þykist hafa fært nokkurnveginn góð rök fyrir því, bæði hjer í deildinni og í nefndinni, að það sje svo margt, sem mæli með því, að ábúandanum verði ekki synjað kaups á jörðinni, að jeg geti gert mjer beztu vonir um, að málið fái æskileg úrslit.

Steingrímur Jónsson: Jeg verð enn að halda því fram, að stjórnarráðið standi betur að vígi til að kynna sjer þetta mál en þingið. Stjórnarráðið er skyldugt til að kynna sjer það. Þingið hefur aðeins rjett til þess, en enga skyldu. Stjórnarráðið getur látið hreppstjóra og aðra gefa skýrslur um málið. Það getur látið sýslunefnd taka það til íhugunar. Það getur í þriðja lagi sent sjerstakan mann hjeðan til að rannsaka það. Í fjórða lagi getur það látið sjerfróða menn rannsaka kolanámuna. Mjer þótti það skrítið, sem háttv. þm. Barðstr. [H. Kr.), sagði um hreppstjórann. Jeg er ekki kunnugur þar vestra, en hitt veit jeg, að ef einhver hefði dróttað slíku að einhverjum hreppstjóra í Þingeyjarsýslum, að jeg þá hefði tekið málstað hans og það rækilega.

Hákon Kristoffersson, framsögum.: Það var að eins örstutt athugasemd um skýrslu hreppstjórans. Hún hefur legið hjer fyrir, og þar sem það, sem þar er sagt, er sagt út í loftið, getur það varla stafað af öðru en því, að eitthvað líkt hefur vakað fyrir honum, og jeg sagði. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning, vil jeg geta þess, að jeg hef það álit á viðkomandi hreppstjóra, að hann sje mesti sómamaður, enda þó jeg verði að álíta, að framkoma hans í þessu máli sje öðru vísi en hún ætti að vera.

ATKVGR.: Samþ. að vísa málinu til stjórnarinnar með 12 samhlj. atkv.

Samþykt að vísa því til hennar með meðmælum deildarinnar með 10 atkv. gegn einu.

---

3. *Frv. til laga um sauðfjárbaðanir* (188); 1. umr.

Þórarinn Jónsson, flutningsmaður: Það er ekki gustuk að vera langorður, þar sem umræður eru nú orðnar svo langar, og við þessa umræðu er það líka óþarfi.

Þetta mál er ekki nýtt, og það hefur mikið verið um það rætt, en það er nýtt í þeim búningi, sem það kemur hjer fram í. Þetta frumv. er til orðið af því, hvernig fór um mál þetta á síðasta þingi. Frumv. stjórnarinnar um útrýmingarbaðanir var þá felt, en í stað þess samþykt þingsályktunartillaga í báðum deildum þess efnis, að skora á stjórnina, að leita undirtekta hjá fjáreigendum út um land um það, hvort þeir óskuðu eftir heimildarlögum um þrifabaðanir. Þetta hefur verið gert, og svör eru nú komin. Samkvæmt þessum svörum höfum við flutt þetta frumvarp. Stefna þess er í samræmi við þau, eftir því sem við flutningsmenn þýðum

þau. Þau eru þess vegna fyrsta ástæðan til þess, að frumvarpið er fram komið. Í öðru lagi álítum við, að lög um almennar þrifabaðanir hafi mikinn hagnað í för með sjer fyrir alla fjáreigendur landsins, og muni hagnaður sá vega mikið meira en á móti þeim tilkostnaði, sem á menn legst eftir frumvarpinu. Í þriðja lagi er það trú okkar, að almennar þrifabaðanir, lögskipaðar með góðu eftirliti, muni að minsta kosti verða til þess, að kláðinn haldist niðri, ef það ekki getur dregið lengra, og styður það ýms reynsla, sem þegar er fengin.

Af því að skjöl þau, sem snerta mál þetta, eru yfirgripsmikil, tel jeg sjálfsagt, að nefnd fjalli um það, og skal jeg leyfa mjer, að aflokinni þessari umræðu, að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVGR:
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Nefnd samþykt í e. hlj. Í hana kosnir með lista:
Steingrímur Jónsson,
Jósef Björnsson,
Þórarinn Jónsson.

Í nefndinni var Þórarinn Jónsson kosinn formaður og Jósef Björnsson skrifari.

---

4. *Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 18. 3. okt. 1903, um kosningar til alþingis* (189); 1. umr.

Hákon Kristoffersson, flutningsmaður: Jeg hef ásamt háttv. meðflutningsmanni mínum leyft mjer að koma fram með þetta frv. um breyting á núgildandi kosningarlögum. Það hefur sýnt sig, að það eru ýmsir agnúar á þeim, er gott væri að laga, ef hægt væri. Það er sjerstaklega krossinn, er mörgum hefur gengið illa að gera, þó að það sje ekki vandasamt, og því hafa atkvæði margra manna orðið ónýt. Því líta margir svo á, að það sje skylda alþingis, að bæta úr þessu, að laga lögin. Því er það, að þetta frumv er framkomið. Jeg hef borið málið undir ýmsa deildarmenn og líka utandeildarmenn, og þeim hefur litizt vel á frumvarpið.

Jeg fer ekki út í einstakar greinir frumvarpsins nú. Jeg býst við, að nefnd verði kosin til að íhuga það. Jeg álít því ekki þörf á að ræða það nú. Jeg vona, að háttv. deild verði mjer samdóma um, að það er ekki ófyrirsynju, að þetta mál er borið upp. Jeg býst við, að breytingartillögur komi fram við frumvarp okkar. Sjerstaklega er mjer kunnugt um 1. gr., að gera verður brtill. við hana. Mjer kemur á óvart, ef þær verða miklu fleiri.

Jeg skal og geta þess, að kjörseðill var til búinn nokkuð öðru vísi en jeg bjóst við eða ætlaðist til, en það má leiðrjetta síðar.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira og sting upp á 3 manna nefnd.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

3 manna nefnd samþykt í e. hlj. og í hana kosnir með lista:
Hákon Kristoffersson,
Guðmundur Björnsson,
Sigurður Eggerz.

Í nefndinni var Sigurður Eggerz kosinn formaður og Hákon Kristoffersson skrifari.

Þá var fundi frestað til kl. 5 síðdegis.

Kl. 5 síðd. hófst fundur aftur. Var þá gengið til dagskrár þar sem fyr var frá horfið og tekið til meðferðar.

5. *Frv. til laga um hallærisvarnir* (191) 1. umr.

Guðjón Guðlaugsson, flutningsmaður: Það getur vel verið, að sumum hv. þm. virðist um frv. það, er hjer liggur fyrir, að ekki sje gild ástæða eða brýn

nauðsyn til að bera það fram á þessu þingi. En við, sem flytjum það, lítum svo á, að það sje orð í tíma talað. Við lítum svo á, að það verði að finna eitthvert ráð eða koma einhverju því á, er geti verið vörn, er hallæri og óáran ber að höndum. Og það er nauðsynlegt, að gera eittvað nú, þó að nú ríki góðæri í landinu. Þess ber að gæta, að lög þessi verka ekki á sömu stund, sem þau verða til, nái ekki tilgangi sínum undir eins. Til þess þarf langan tíma. Því er ástæða til að samþykkja slík lög sem þetta frv. nú, enda þótt svo standi á nú í bili, að það þurfi ekki á þeim að halda. Þeim mun fyr, sem lög þessi eru samin og samþykt, því fyr koma þau að notum. Það er líka „seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í hann". Í góðærinu verður að hugsa fyrir hallærinu. Það er of seint að hugsa fyrir því böli, er af harðindunum leiðir, þegar þau eru komin.

Að vísu má segja, að margt sje nú gert til að afstýra hallæri, t. d. má benda á miklar samgöngubætur, er gerðar hafa verið hjá oss á seinni árum. Þessu verður ekki neitað. En þá er góðar samgöngur teppast af völdum náttúrunnar, þá þarf einhver ráð til þess að bæta úr því böli, er af slíku leiðir. Þá er náttúran leikur oss svo hart, og fólkinu líður illa í landinu, getum við ekki haft not af peningunum, ef peningana vantar. Þó að skipin komi, geta menn ekki keypt vörur, nema þeir hafi peninga. En nú vita það allir, að hafísinn teppir oft allar samgöngur og þeirra verður als engin not.

Þetta frv. er nú tilraun til, að tryggja okkur gegn því, að fólkið þoli hungur í hallæri eða skepnur falli. Þótt fólkið hafi nú lengi ekki fallið úr hungri, þá hefur þó stundum verið mjótt á mununum. og það vita allir, að það hefur þurft mörg ár til að reisa það við aftur, er fallið hefur eða gengið til þurðar í hörðu árunum. Þetta viljum vjer flutnm. girða fyrir, og því er þetta frv. framkomið.

Þetta frv. er nefnt frv. til laga um hallærisvarnir. Það er í rauninni ekki nema ein grein um þetta, 1. gr., sem ákveður, að safna fje, er verður landsmönnum til hjálpar í hallæri. Kjarninn í frv. er í fám orðum sagt sá, að koma á stofn öflugum hallærissjóði.

Við höfum verið svo heppnir nokkur undanfarin ár, að hið mesta góðæri hefur ríkt í landinu, að kalla má stöðugt síðan 1887, enda þótt hörð veðrátta hafi stundum sýnt sumum landshlutum í tvo heimana, einkum árin 1902 og 1910. 1902 lá hafís fyrir öllu Norðurlandi frá miðjum febrúar fram í miðjan júní. Afleiðingarnar urðu raunar ekki mjög átakanlegar, sem stafaði af því, að sumarið áður var gott, heyskapur þá góður, og veturinn ekki snjóasamur. Af þessu leiddi, að heybirgðir voru nógar þar, sem jeg þekkti til. En samgöngur teptust. Á Húnaflóa kom ekkert skip frá því um haustið, þangað til í júnímánuði, Þó varð reynslan sú, að öll matvara, er til var, gekk ekki út. Menn voru því ekki svo illa staddir, sem búast hefði mátt við. Og þó kom ekkert skip á Borðeyri fyr en í júlímán.

8 árum seinna, 1910, reyndist þetta nokkuð á annan veg. Þá kom skip á hverja höfn í febr. Svo í marz átti annað skip að koma, Laura, en hún strandaði. snjóar voru miklir, og það var ekki hægt að hafa skepnur úti. En það er álit mitt, að fram að jólum hafi veturinn ekki verið harður. En þá var þó, þrátt fyrir þetta, ástandið þannig, að bjargarskortur varð í heilum hjeruðum. Jeg ætti að geta munað þetta, því að það lá við, að jeg stofnaði mjer í lífsháska til að ná í skemdar vörur úr Lauru, til þess að afstýra bráðum bana búpenings á nokkrum bæjum. Jeg fór á mótorbát til Skagastrandar. Og þetta var gert til þess, að nokkr-

ir bæir fengju hjálp til þess að lengja líf búpenings síns í 3—4 daga, þangað til Vestri átti að koma. Og þá er hann kom, fór þannig, að allar vörur, sem hann hafði meðferðis, auk fiskæta o. fl. frá Isafj.djúpi seldist alt upp á 3 dögum. Þegar Vesta kom 5. maí, þurfti aftur ekki nema 3—4 daga til þess, að alt, sem hún hafði að færa, væri uppgengið. Svona breyttist ástandið á 8 árum.

Reynslan sýnir, að mönnum hefur ekki vaxið fyrirhyggja á þessum tíma. Og sumstaðar feldu menn skepnur úr hor. Hjer er því um alt annað en forsjálni að ræða. Það er því ekki ófyrirsynju, að þingið reyni að koma í veg fyrir slíkt. Síðan hafa verið beztu ár og ekki hægt að komast í vandræði. Veturinn 1911—1912 var óminnilegur gæðavetur.

1. gr. frv. ákveður, eins og jeg sagði, að stofna skuli hallærissjóð. „Auðurinn er afl þeirra hluta, er gjöra skal", og það getur því varla leikið efi á, að það sje rjett byrjun að stofna hallærissjóð. Það geta verið skiftar skoðanir um, hvernig gjalda eigi til þessa sjóðs, hvort menn eigi að gjalda í hann eftir efnum og ástæðum.

Slíkt getur komið til athugunar síðar, en fyrst og fremst er þess að gæta, að nógu er hlaðið á dugnaðarmennina, og á þá, sem eitthvað geta, þótt ekki sje alt af verið að hlaða ofan á. Hjer er líka verið að útbúa trygging, sem á að ná til allra, en fyrst tryggingarrjetturinn er jafn fyrir alla, þá er líka eðlilegast, að skyldurnar nái jafnt til allra. Þegar um tryggingar fyrir hallæri er að ræða, þá nær hún fyrst til fátæklinganna, og er þýðingarmest fyrir þá; en hún nær þó líka til hinna efnuðu, því að hallærið gengur ekki fram hjá neinum, þar sem það legst á. Jeg tel því rjettast, að gjald það, sem hjer ræðir um, sje lagt á sem nefskattur. Hitt getur orðið miðlunarmál, hvort jafnhátt gjald eigi að leggja á alla eða ekki. Það á ekki við að fara langt út í það mál nú við þessa umræðu; það sem mestu varðar nú, er að hefjast handa og safna saman fje til að hafa til að grípa, þegar mögru árin koma og eta upp afurðir feitu áranna; þar næst þarf að hafa fyrirhyggju um það, hvernig fjenu skuli verja, þegar á þarf að halda. Þá þarf að hafa gott eftirlit með því, að fjeð sje ekki brúkað um skör fram, því að sje aðgangur að því mjög greiður, er hætt við, að gripið verði til þess, nærri hvað lítið sem á bjátar. En það yrði til að ala upp í mönnum hugsunarleysi og fyrirhyggjuleysi, og gæti þá verið ver farið en heima setið.

Málið er svo umfangsmikið og margbrotið, að jeg tel nauðsynlegt, að nefnd sje skipuð í því. Hjer liggur að vísu ekki fyrir nema einn kafli hallærismálsins, en það ætti meðal annars að vera verk hinnar fyrirhuguðu nefndar, að taka hina tvo þætti þess einnig til íhugunar, ef hún sjer það fært.

Eins og jeg sagði, er málið stórt, og þarf að athugast vel af þingi og þjóð, áður en það er leitt til lykta, enda er það ekki höfuðatriðið, að það verði leitt til lykta á einu þingi; hitt er höfuðatriðið að rekspölur komist á það, og að það sje sem vandlegast skoðað og undirbúið bæði á þingi og utan þings. Leyfi jeg mjer svo að stinga upp á, að 5 manna nefnd sje skipuð í málið, að loknum umræðum.

Júlíus Havsteen: Háttv. flutn.m. (G. G.) gat þess, að hann gæti búizt við, að mönnum mundi ekki geðjast að frv. þessu; og er þess sjálfsagt rjett til getið. Fyrsta ástæðan til þess er sú, að þetta er eitt af hinum mörgu frv., sem fer fram á að leggja nýtt gjald á menn. Það er komið svo, að ekkert þing er háð, án þess að á því sjeu sámþykt 2 eða fleiri lagaboð, sem leggja nýja skatta á landsmenn. Jeg hygg, að menn telji sig hafa fengið meira en nógar álögur, og einhversstaðar verður staðar að nema. Gjald þetta er að vísu ekki

mjög hátt, en þó getur það orðið full tilfinnanlegt að svara því út, þó ekki sje nema einni krónu, fyrir þá, sem hafa af litlu að taka og eiga í mörg horn að líta.

Jeg vil spyrja: hvað höfum vjer gert til þess að koma í framkvæmd lögunum fra 9. júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs? Ekkert. Og að hvaða haldi hafa oss komið lögin frá 11. júlí 1911 um heyforðabúr? Víst að harla litlu. Hvorttveggju þessi lög voru sett til að koma í veg fyrir hallæri, og svona hafa þau verið hagnýtt. Ætli það væri ekki rjettara að reyna þau dálitið betur, en gert hefur verið, áður en farið er að draga fje út úr vösum alþýðu í sama skyni með nýjum lagaboðum? Háttv. flutn.m. (G. G.) gat þess sjálfur, að nú væru ýmsar varnir fengnar gegn hallæri, sem ekki hefðu verið áður. Má þar til nefna bættar samgöngur. Kringum 1880 fór ekki nema eitt skip kringum landið, og það ekki nema að sumarlagi. Og í þá tíð voru skipin miklu ragari í siglingum hjer við land en nú; mátti svo heita, að þau hörfuðu undir eins frá, þegar þau urðu vör við ísjaka. Jeg tala ekki um tímann þar á undan, þegar það var ekki ótítt, að skip kæmu eigi til Norður- eða Austurlands fyr en í júnímánuði.

Jeg hygg, að nú sje svo komið, að varla þurfi mjög að óttast hallæri. Það væri annars ekki ófróðlegt að vita, hvað háttv. flutn.m. meina með hallæri.

Er það mannfellir eða skepnufellir eða hvorttveggja?

Jeg hef heyrt árin 1880—87 nefnd hallærisár, en það er ekki rjettnefni. Jeg var þá amtmaður yfir norður- og austur-amtinu, og mjer var vel kunnugt um hag amtsbúa minna. Jeg játa það, að vorið 1887 þrengdi töluvert að mönnum í þrem sýslum, en eiginlegt hallæri gat það ekki heitið. Vorið 1882 var fjarri því, að hallæri væri; það var kalt vor og illviðrasamt, er ísinn dreif að, en enginn sár bjargarskortur. Það er engin sönnun fyrir hallæri, þótt hallærislán væru tekin. Það vur orðinn siður undir aldarlokin síðustu, að grípa fljótt til hallærislána, ef eitthvað bar út af. Ef ekki fiskaðist á Suðurnesjum, þá var þaðan leitað hallærisláns. Svona gekk það þar, þangað til amtsráðið greip í taumana.

Hvernig sem jeg lít á málið, sje jeg ekki nauðsyn á, að taka það fyrir á þann hátt, sem það liggur fyrir í frv. Það sem næst liggur fyrir, er að nota lög þau, sem til eru, og gerð hafa verið til að sporna við skepnufelli og hallæri, bæði lög þau, sem jeg nefndi áðan, og horfellislögin. Það er betra að hvetja menn til að hjálpa sjer sjálfir og venja þá á það, en að vera að safna fje í sjóð, sem svo er máske útbýtt án þess brýn þörf sje á. Slíkt elur fyrirhyggjuleysi upp í mönnum.

Fyrir norðan er til legat Jóns Sigurðssonar frá Böggversstöðum. Það má ekki til þess taka nema fyrirsjáanlegur mannfellir vofi yfir. Það hefur því í raun rjettri ekki verið hægt að nota neitt af fjenu; eigi að síður hefir verið veittur styrkur af því; en þá hefur því nær verið farið út fyrir ákvæði stofnskrárinnar.

Jeg tek það enn upp: Við ættum að gera eitthvað til að framfylgja þeim lögum, sem þegar hafa verið sett til að sporna við hallæri, áður en við förum að sinna þessu máli.

Skal jeg svo ekki orðlengja þetta meir, en hef gaman af að sjá, hvað nefnd sú, sem líklega verður skipuð í málinu, getur gert.

Guðj. Guðlaugsson, flutnsm.: Mjer þykir það illa farið, ef háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) skuli ekki geta verið hlyntur þessu máli, því það munar ætíð mikið um liðveizlu hans, og mjer þykir gott að geta verið honum sammála.

Jeg geri ekki mjög mikið úr þeirri grýlunni, að hjer sje verið að leggja ný gjöld á, og að það muni verða óvinsælt.

Jeg veit að vísu, að þeir, sem vilja njóta allra rjettinda án þess, að nokkrar skyldur fylgi, munu verða óánægðir með frv. þetta; en varla mun heillavænlegt að sníða löggjöfina eftir vilja slíkra manna.

Það er lítið samræmi í því, að segja, að menn eigi að sjá fyrir sjer sjálfir, og vilja þó ekki stuðla að því, að þeir safni saman nokkru fje, er þeir geti gripið til, þegar á bjátar.

Mjer dettur í hug gamla sagan um Jósef og Egyptalandsmenn. Ekki kom hallæri þar í landi við það, að korninu var safnað á góðu árunum; en kornforðinn, sem fyrir var, þegar hallærið kom, bjargaði lífi manna. Eins mundi nú fara hjer, sem þar, því að sama lögmálið gildir nú, sem þá.

Háttv. 1. kgk. þm. (J. H,) veik þeirri spurningu að okkur, hver árangur hefði orðið að kornforðabúrslögunum og heyforðabúrslögunum. Í raun rjettri þarf jeg ekki að svara þessu, því að jeg átti ekki þátt í þeim lögum. En þó get jeg bent á, að þetta eru lög, sem aðeins leyfa að gera samþyktir, og því nálega sama sem engin lög. Í öðru lagi er þess að gæta, að til þess að stofna þessi forðabúr útheimtist töluvert fje. Auk þess er það skökk hugmynd, að ætla sjer að safna heyforða saman á einn stað í hrepp. Það er mjög hæpið, að slíkt geti komið að verulegum notum. Það þarf varla að gera ráð fyrir, að mjög oft þurfi til þess að grípa, en altaf þarf helzt að endurnýja það, og hlýtur það að valda miklum erfiðleikum.

Kornforðabúri verður varla öðruvísi komið upp, en að kaupmenn eða kaupfjelög taki að sjer að birgja sig upp með korn handa þeim, sem forðabúrið stofna. En til þess þurfa fjelagsmenn að hafa sjóð til umráða. Því að með þeirri verzlunarsamkepni, sem nú er, og þeim gjöldum, sem á verzlun hvíla, þá má telja það víst, að verzlanir hvorki vilji nje geti tekið að sjer að birgja sig upp með korn, svo að örugt sje, nema með því að fá borgun fyrirfram. Þetta frv. er því alveg eins nauðsynlegt, þótt til sjeu samþyktarlög um kornforðabúr vg heyforðabúr, því að það sannast, að þau koma aldrei að nærri fullum notum, nema í þeim sveitum, þar sem mestu eru ráðandi framtakssamir fyrirhyggjumenn. Horfellislögin eru að vísu ekki samþyktarlög, en það eru ómerkileg lög í öllum greinum. Fyrirskipanir þeirra eru hvorki heilt nje hálft. — Þegar menn eru að verða heylausir, þá hefur það lítið að segja, þótt einn eða tveir menn labbi um sveitina til að skoða skepnur og heybirgðir. Það skyldi þá helzt leiða til þess, að fjenaðinum væri dálítið jafnað niður milli manna; þeir, sem nokkru birgari væru, fengnir til að taka fje af hinum óbirgari, og öllum þannig komið á kaldan klaka.

Háttv. 1. kgk. þm. (J, H.) talaði um árið 1882, og kvaðst vel hafa þekt ástandið þá. Hann heldur máske, af því jeg lít svo unglega út, að jeg muni ekki eftir því ári. Jeg þykist geta fullvissað háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) um, að jeg muni eins vel eftir því eins og hann. Það var fyrsta eða annað árið mitt í Strandasýslu, þeirri sýslunni, sem þá varð einna harðast úti. Harðindi voru þar mikil, en ekki hallæri eða sultur; og þótt skip kæmu ekki fyr en í ágústmánuði, voru matarbirgðir sæmilegar. Skepnurnar aftur á móti hrundu niður. Bændur, sem að undanförnu höfðu haft 2—300 ær í kvíum; reiddu þá ein 10 lömb á fjall í kláfum og slík ótimgan var í þeim, að þau komu snoðin af fjalli um haustið.

Svona var það hjá bændum, sem nóg hey höfðu sjálfir, og meira að segja gátu hjálpað öðrum. Sá bóndi, sem jeg einkum, hef fyrir augum við lýsingu þessa, var Benedikt sál. Jónsson á Kirkjubóli; merkasti og bezti bóndi sýslunnar í mínu minni. Hann byrjaði á því, að skera

jafnharðan annan tvílembinginn undan tvílembunum sínum; en hann sá brátt, að það nægði ekki, og endaði með því, að hann ljet aðeins lifa undir vænstu ánum, undan öllum hinum skar hann, og var þó fullhart á, að þau tórðu af, þessi fáu lömb. Eftir kenningu þeirra eggjafriðunarmannanna hefði þetta ráðlag átt að vera hin mesta fjarstæða (*S. St.*: Fjölgaði fjenu máske við þetta?). Að vísu ekki; en minna tjón er að missa lambið eitt, en að missa bæði lambið og ána, og það sjá allir, að fjenu fjölgar fljótar aftur, ef ærin lifir af. Jeg man eftir því, að 28. ágúst það sumar ferðaðist jeg til Steingrímsfjarðar; hafði þá fent svo á Bitruhálsi, að ekki sá í dökkan díl, og skegg mitt fraus á hálsinum. Svona var tíðarfarið þá. Þetta sumar var jeg vikutíma í Bæ hjá Sigurði sýslumanni Sverrisen. Þá viku var aldrei meira en tveggja stiga hiti á daginn, en frost á nóttum. Þetta voru veruleg harðindi. Jeg veit ekki um önnur hjeruð, eu jeg veit um mitt hjerað, að það mundi ekki afbera önnur eins harðindi nú, eins og það gerði þá. Jeg er sannfærður um, að hefði hafís komið um sumarmál vorið 1910 og tept skipagöngur, þá mundi bæði hafa orðið mannfellir og skepnufellir í Strandasýslu. Reyndar veit jeg, að ýmsir mundu hafa leitað til Ísafjarðar, því að þar var björg að fá, en margir mundu þó hafa setið eftir, hvorki þózt geta yfirgefið skepnurnar, meðan þær voru hjarandi, nje heldur viljað fara, heldur lifað í voninni um, að þá og þegar mundi tíð batna og rætast úr fyrir þeim. Það er misskilningur, að skip kæmi ekki fyr en í júnímánuði. Jeg vildi að eins sýna muninn á því, hvernig menn dugðu 1902, þótt skip kæmi seint, og hve miklu miður menn dugðu 8 árum seinna 1910. Þá kom skip með birgðir í febrúar, og þó horfði til stórvandræða, ef skipakoma hefði dregizt fram eftir vorinu. Og hvílíkur munur þá, eða 1882, þegar skip kom ekki fyr en í ágústmánuði, og menn björguðust eigi að síður stórvandræðalaust, þrátt fyrir megn harðindi. Þetta ber ekki vott um það, að vjer megum treysta því, að bættar samgöngur bjargi oss undan hallæri og mannfelli.

Mjer finst okkur vera vorkunn, þótt við viljum reyna að finna ráð til að ráða bætur á fyrirhyggjuleysi manna og firra landið vandræðum.

Guðmundur Björnsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka til máls við þessa 1. umræðu, en ummæli hins háttv. 1. kgk. þm. (Júl. Hav.) komu mjer til þess að standa upp. (*Júl Havsteen*: Jeg stend við þau!)

Jeg hygg, að allir mentaðir Íslendingar geti verið samdóma um, að hagur þjóðarinnar hafi verið mjög breytilegur, alla leið síðan á landnámstíð.

Ef gætt er að því, hvað hafi kipt úr vexti og þroska þjóðarinnar, þá er það fljótsjeð, og hljóta allir að verða sammála; það eru *drepsóttir* og *hallæri*.

Þetta hefur orðið svo oft, og hefur bugað þjóðina svo, að það má heita, að hún hafi einlægt verið að hjakka í sama farið.

Við vitum með nokkurn veginn fullri vissu, hvað fólkið var margt síðan á 11. öld. — Það var álíka margt og núna um síðustu aldamót. Oft hefur því fjölgað og það að mun, en altaf hafa drepsóttir og hallæri fækkað því aftur. Svona hefur þetta gengið frá landnámstíð fram á 19. öld.

Menningin hefur nú kent oss að standast drepsóttirnar. Bólan getur nú ekki geysað yfir landið eins og áður, og aðrar drepsóttir, sem áður fyr gerðu hinn mesta skaða, hafa gengið hjer hin síðari ár, án þess að þær hafi orðið að verulegu meini. Þar kunnum við að standa í ístaðinu.

En hallærin ráðum við ekki við enn.

Hvað er þá hallæri?

Háttv. 1. kgk. þm. (Júl. Hav.) virtist skilja hallæri svo, að það eitt sje hallæri,

þegar mannfækkun verður af hungri, eða það liggur við borð, en í mínum augum er það hallæri, þegar menn alment bíða stórt atvinnutjón eða eignatjón.

Ef heyskapur bregst í mörgum sveitum landsins, svo hann verður ekki helmingur við það, sem venja er til, það er uppskerutjón eða atvinnutjón — það er hallæri.

Ef vetur er mjög harður, svo að löng jarðbönn eru, og sauðfje og annar búpeningur fellur víða; það er eignatjón, það er atvinnutjón — það er hallæri.

Ef hafís legst að landi, svo að ekki er hægt að stunda bátfiskiveiðar fyrir öllu Norðurlandi og Austurlandi, þá er böl búið, og fjöldi fólks getur farið á vonarvöl: Það er atvinnutjón — það er hallæri.

Þess vegna er ekki ofsögum sagt af hallærinu 1882—87; þá voru vondir vetrar og ill sumur, heyskortur og peningsfellir og aflaleysi. Og þess vegna flýði fólkið þúsundum saman af landi burt; þá fóru yfir 6000 manns til Vesturheims. *(Júl. Havsteen*: Það var af öðrum ástæðum). Nei, það var atvinnuleysi — það var hallæri.

Og þetta vofir yfir enn í dag. Stærsta orsökin til hallæra, hafísinn, getur altaf komið.

Í sumum hafísárum hefur atvinnu- og eignatjón það, er landið hefur beðið, numið mörgum miljónum króna. *(Júl. Havsteen*: En hvalirnir). Það er beinlínis broslegt að heyra þennan hvalablástur; hvað ætli fáeinir hvalskrokkar vegi á móti því eignatjóni, sem hlýzt af mjög illu árferði.

Hafísinn er eins hættulegur fyrir atvinnuvegina, og eldurinn fyrir húsin okkar, eða jafnvel hættulegri, því það er þó altaf hægt að vátryggja húseignir gegn eldsvoða.

Við megum ekki fljóta sofandi að þessum feigðarósi, við verðum að hugsa um þetta, góðir menn.

Hallærissjóður er sama og tryggingarsjóður gegn atvinnuskorti, er kann að dynja yfir landið.

Það er látið óspart klingja hjer, að það megi ekki leggja á fleiri skatta.

En gætið nú vel að!

Sá skattur, sem hafísinn leggur á þjóðina, er lang þyngsti skatturinn, og hann nemur mörgum miljónum króna. Sá skattur er heimtaður alveg hlífðarlaust, bæði af ríkum og fátækum. Hafísinn gerir sjer engan mannamun; hann skeytir engu um það, þótt gjaldendurnir komist á vonarvöl.

Nú hefur verið *góðæri*: en *hallæri* getur dunið yfir, þegar minst vonum varir.

Jeg veit, að ýmsir hinna háttv. þm. muna eftir árunum 1881—1887 þótt að háttv. 1 kgk. þm. (Júl. Hav.) muni ekki eftir þeim. Hann hefur ekki sjálfur búið við þröngan kost þá, heldur við amtmannslaun sín, því þá var hann orðinn amtmaður, svo hann hefur víst ekki sjálfur haft mikið af hallæri að segja. En jeg var þá fátækur bóndason uppi í sveit á Norðurlandi, og fór með bólgnar hendur af frostbólgu með föður mínum á hvalfjöru vorið 1882. Jeg man vel þá tíma. Jeg gleymi því aldrei.

Það er ekki víst, hvernig fer með þetta mál hjer á þinginu, en jeg veit með fullum sanni, að alþýða út um land hefur glöggvan skilning á, að það má ekki svo til ganga, að við höfum engan viðbúnað til að verjast hættunni. Og jeg hef ekki eingöngu heyrt það frá þeim mönnum, er hugsa um landsmál, heldur líka frá kvennfólkinu.

Við Íslendingar höfum jafnan átt góðar og göfuglyndar konur.

Jeg held hjer á 100 króna seðli. Það kom maður heim til mín með hann, nú rjett áður en jeg var að fara á fundinn, og sagði, að hann væri gjöf frá konu, sem hann ekki nafngreindi og vildi ekki nafngreina, og ætti þessi 100 kr. seðill að

vera gjöf í hallærissjóð þann, sem hún hefði heyrt, að verið væri að stofna á þinginu, en ef ekki yrði af honum, hefði hún óskað, að þessi litla upphæð gæti orðið vísir að tryggingarsjóð gegn hafís, eldi og öðrum slíkum þjóðhættum.

Júlíus Havsteen: Jeg hefði ekki staðið npp, ef h. 6. kgk. þm. (G. B.) hefði ekki talað persónulega til mín, um að jeg hefði ekki fengið skelli af hallærinu, og hefði því, af því jeg sat í góðri stöðu, ekki haft opin augun fyrir því, er gerðist í umdæmi mínu. Jeg ferðaðist þá, árið 1882, í eftirlitsferð um umdæmi mitt, austur á bóginn, frá Akureyri um Þingeyjarsýslur og Múlasýslur til Eskifjarðar, og vissi því vel, að þar var alt í bezta lagi og hvergi mjög vont ástand; það voru sumstaðar mislingar, nefnilega í Þingeyjarsýslu. Í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum vissi jeg, að enginn leið neyð.

Þessi hafíshræðsla hjá h. 6. kgk. þm. (G. B.), er alveg eins og hann haldi, að við stöndum á sama punkti nú, hvað skipagöngur snertir, og við stóðum um miðja 18. öld. Eða er h. þm. blindur fyrir framförunum?

Þegar þessi h. þm. (G. B.) er að telja upp tjónið af hafísnum, þá gleymir hann alveg að geta um tekjur þær, er hann færir, en þær ber líka að telja. Þannig man jeg það, að 1882 rak á einum stað í Húnavatnssýslu 40 hvali, og það var miklu meira en Húnvetningar gátu torgað. Það var margra króna virði. Og það rak þá víðar hvali, á Eyjafirði, Tjörnesi og enn víðar. Og hafísinn var ekki svo mikill, að ekki væri hægt að stunda sjó fyrir honum.

Þetta ár ferðaðist jeg, eins og jeg áður sagði, um hálft Norðurland, og var þar heimilisfastur heimilisfaðir, og jeg er því ekki í efa um það, og það eru víst ekki heldur aðrir, að jeg fylgdi þá betur með því, er fram fór, en unglingar, er þá voru að alast upp og voru fyrir innan fermingu eða um það.

Hvað embættisfærslu mína snertir, þá liggur hún undir dóm annara en h. 6. kgk. þm., enda hlýti jeg ekki dómi hans þar um.

Guðjón Guðlaugsson: H. kgk. þm. (Júl. Hav.) sýndi fram á það, að allir hefðu haft nóg til matar 1882, og að ofan á það hefði bæzt, að rekið hefði í Húnavatnssýslu 40 hvali, er menn hefðu ekki getað jetið upp, og kemur þetta algerlega heim við það, er jeg sagði áður, að þá hefðu allir haft nóga fæðu. En hvernig stæðum við nú, ef við fengjum samskonar árferði og var 1882? Eru kringumstæður vorar eins góðar? Þá var ekki komin á skuldakreppa sú, er nú er lögst á bændurna, og nú er ekki hægt að vonast eftir, að hvalreki verði, því nú er búið að eyða hvölunum. Þetta vita allir.

Við getum þessvegna ekki þolað annað eins ár aftur, við erum ekki eins vel undirbúnir.

Árið 1882 kom hláka í Strandasýslu um einmánuð. og var þá víða nóg jörð til útbeitar um veturinn, og þorri var allur góður. Þetta er mjer vel kunnugt, því jeg var þá farinn að hugsa um framtíðina, og vann þá ýmist að jarðabótum, heyskap, sjómensku eða almennri vinnu í sýslunni, vann að ötlu nema skrifstofustörfum. og kyntist því þessu vel.

Jeg þykist vita, að h. 6. kgk. þm. (G. B.) datt ekki í hug, að benda neinu til h. 1. kgk. þm. (Júl. Hav.) í sambandi við embættisfærslu hans. (*G. B,* Mjer datt það ekki í hug) og veit líka, að hann hefur þá fylgzt vel með í stórum hluta landsins. En hann hefur ekki lagt nógu vel niður fyrir sjer muninn, sem orðinn er á búnaðarháttum; en máske má segja, að það sjeu sjálfskaparvíti. Ef rigningin, sem nú hefur altaf verið hjer, heldur áfram, og svo kemur harður vetur (*Sig. Stef.:* Þá

er að setja vel á), þá getur orðið fellir ef ekki er komið í veg fyrir alt of djarfa ásetning.

Jeg fór að búa 1883 og flutti að Ljúfustöðum 1887. Jeg tel ekkert af þessum árum eins hart og 1882, en sumir hjer syðra telja 1881 harðara, en það voru harðindi ár eftir ár, og menn voru svo illa undirbúnir, að menn þoldu þau ekki. Það voru jagandi harðindi 1883—87, og skepnur fjellu víða niður eða varð að drepa þær. Efnahagur manna versnaði því á þeim árum, en í rauninni var ekkert árið líkt því eins hart og 1882, en af því það byrjaði á að lama efnahaginn, þá þoldu menn ekki seinni árin, og því ver sem lengra leið.

Sig. Eggerz: Jeg get verið samdóma þeim ræðumönnum, er halda fram, að þetta sje töluvert alvarlegt mál, og ástæða sje til að íhuga það.

En þegar verið er að ræða um það, hvernig bezt sje að tryggja þjóðina gegn slíkum hættum, þá held jeg, að það sje ekkert álitamál, að bezta ráðið til þess sje að efla atvinnuvegina og koma samgöngum vorum í sem bezt horf. Og það þarf að efla landbúnaðiun og bæta samgöngurnar.

En það verður að vera yfirvofandi hætta og ástæða til þess að stofna slíkan sjóð, eins og hjer er gert ráð fyrir, þegar menn fara, í viðbót við þá skatta sem fyrir eru, að bæta við nýjum sköttum.

Á síðasta þingi var með mjög svo óheppilegum lögum dembt á þjóðina um $^1/_2$ milj. kr. skatti á ári, og nú eru í háttv. Nd. skattafrv., er hækka skattana um hjer um bil 100,000 kr., og svo bætist við hjer í þessari háttv. deild þetta frv. með 30—40 þús. kr.

Þetta er mikil viðbót.

En þó að hv. deild álíti ástæðu til að bæta þessu við, þá verður hún að gæta þess, að leggja skattinn rjett á, en hann er lagður hjer eins á og í lögum um gjöld til prests og kirkju.

Það er nefskattur.

Enginn neitar því, að það eru til bæði efnamenn og fátæklingar, og að þeir sjeu ekki jafnfærir til gjalda.

Eftir þessu frumvarpi ætti ríkasti maður á Suðurlandi, hr. umboðsmaður Halldór Jónsson í Vík, jeg tel það enga minkun fyrir hann, þótt jeg nafngreini hann, að greiða 4 kr. í hallærisvarnir, en þar er annar maður mjög fátækur, er jeg ekki hirði að nafngreina, og hefur fult hús barna, en hann ætti að greiða 5 kr. í hallærisvarnir, eða einni kr. meira en umboðsmaðurinn. Þetta sjá allir að er hreinasta ranglæti, og svona lög má ekkert þing láta frá sjer fara. En svona er nefskatturinn, herrar mínir!

Það var sagt, að hjer væri um tryggingarsjóð að ræða. En í öllum tryggingarsjóðum fer gjaldið eftir því, hversu mikla eign menn tryggja þar. Sá, er metur líf sitt á 100,000 kr., greiðir 100 sinnum hærra gjald en sá, er tryggir það fyrir 1000 kr., sjeu báðir jafn gamlir. Og eins er það í búpeningssjóðum ytra. Og svo skildi jeg h. 6. kgk. þm. (G. B.), að hann væri þessu samþykkur.

Og hallæri gera meira tjón efnamönnum. Eignatjón þeirra er meira. Og eldgos eyðileggja jarðir þeirra. Þeir fátæku eiga opt ekkert, og hafa því ekkert að missa. Og þess ber að gæta, að sjeu skattarnir miklir, þá geta þeir orðið til þess, að fátækir menn komist á vonarvöl.

Jeg býst við því, að einhverjir segi, að jeg sje að tala fyrir kjósendur, en mjer er alveg sama um það, því jeg tala af sannfæringu minni, og jeg álít, að það beri eins að taka tillit til hinna fátæku í löggjöfinni. Og það er nú svo, að þeir efnuðu ráða, því þeir eru kosnir til alþingis, og þeir geta því sjeð um, að minni skattar lendi á þeim.

Jeg tek þetta fram, til þess að væntanleg nefnd geti athugað þessa hlið málsins, og vœnti þess, að hún láti ekki gjald þetta koma ranglátlega niður, eða jafni því niður eftir ranglátum mælikvarða, eins og nefskatturinn er.

Jósef J. Björnsson: Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) talaði um þetta mál sem venjulegt skattamál, en það er ekki rjett, því að hjer er aðeins um óbeint skattamál að ræða og jafnvel rjettast að skoða þetta alls ekki sem skattamál. Það, sem hjer er farið fram á, er ekki annað, en að menn leggi fje til hliðar til tryggingar, þegar hallœri ber að höndum, og er mikið öðru máli að gegna um það, en um það fje, sem lagt er til landsþarfa, því að hjer er ekki um eyðslufje að ræða. Fjeð verður eftir sem áður eign þeirra manna, sem leggja það fram. að vísu ekki einstaklinganna, heldur fjelagsheildarinnar. Þingmaðurinn veit vel, að ýmsum mönnum hefur komið saman um, að hyggilegt væri, að landsmenn kæmu sjer upp sjóðum, sem þeir gætu gripið til, þegar þörf krefur. Hreppsfjelög safna sveitarsjóðum fyrir sveitarfjelagið, og kemur engum til hugar að telja slíkt óeðlilegt eða óhyggilegt. Það, sem hjer er farið fram á, er alls ekki að leggja harðdrœga skatta á þjóðina, heldur er ætlazt til, að menn safni í sjóð, til þess að geyma til hallærisáranna, og er því ekki rjett að bera þetta saman við aðra skatta.

Jeg get ekki sjeð þá annmarka, sem hinum háttv. þm. þótti vera á frv. Þegar hallœri kemur, getur það kostað menn lífið, jafnt ríka sem fátœka. Og þar sem hjer er um það að ræða, að tryggja líf og eignir fyrir hnekki, sem stafað getur af hallærum, virðist ekki ósanngjart, að allir leggi jafnt fram, því allir þurfa að tryggja líf sitt og ekki síður hinn fátœki en hinn ríki, þó sennilegt sje, að ríkir menn þurfi ekki eins að grípa til tryggingarinnar eins

og fátœklingarnir, þegar í harðbakka slær. Á slíkt mál sem þetta, þegar um það er að ræða, að safna í sjóð, til að grípa til, þegar hallœri ber að höndum, verður að líta frá sjónarmiði þjóðfjelagsheildarinnar, en ekki einstaklinganna.

Jeg get ekki sjeð, að mikil hætta sje á ferðum, þótt málið sje rætt á þessu þingi. Það er vissulega þess vert, að það sje athugað. Á hinn hóginn álít jeg vafasamt, hvort heppilegt er, að það verði afgreitt sem lög í þetta sinn, hvort ekki er rjett, að það sje rætt á einu þingi, áður en það er gert að lögum. Það er mjög eðlilegt, að þessu máli sje hreyft, því að það er nauðsynlegt fyrir þjóðina að tryggja sig á einhvern hátt fyrir hættu þeirri, sem stafað getur af hallærunum. Það hefur verið minst á það, að menn hafi komizt af áður fyrri, þó að skip kæmu ekki til landsins fyr en í júlí eða ágúst, eða jafnvel í september. Þetta er alveg rjett. En samgöngunum var svo þá varið, að menn urðu að birgja sig upp, og verzlanirnar höfðu miklu meiri birgðir fyrirliggjandi þá, en nú er venja til. Nú standa menn uppi allslausir, jafnt fátœkir sem ríkir, ef samgöngur heftast. Þetta er afleiðing af tíðum samgöngum, og er ekki neitt sjerstakt fyrir oss Íslendinga, en á alstaðar við. Þessar breyttu kringumstæður gera nauðsynina meiri fyrir því, að menn tryggi sig vel fyrir hallærunum.

Jeg get ekki stilt mig um, að snúa enn orðum mínum að háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), sem blandaði þessu máli saman við söknargjöldin, sem hann taldi hræðilega ranglát og vildi endilega að væru á annan hátt en nú er. En þar til er því að svara, að þegar um þau gjöld er að ræða, sem menn gjalda fyrir trú sína, fyrir sálu sinni, ef svo mætti að orði komast, virðist rjett, að hver gjaldi fyrir sig. Það er algerlega falskt hjá þeim háttv. þm., sem síðast talaði, og öðrum þeim, sem líku halda fram og hann, að segja, að nefskatt-

urinn eftir núgildandi lögum komi miklu harðar niður á fátæku fólki en gömlu gjöldin. Slíkt geta þeir einir sagt, sem ekki hafa athugað málið, því það er hin mesta blekking og fásinna.

Hákon Kristoffersson: Jeg ætlaði aðeins að segja örfá orð, af því að jeg er einn af flutningsmönnum frumvarpsins. Jeg verð að lýsa því yfir, að mjer koma langar og miklar umræður á óvart, gagnstætt því, sem venja er til við 1. umræðu. Mjer kom ekki til hugar, að ekki væru margir og stórir gallar á frv., og jeg ætlaðist til, að þeir yrðu lagaðir í nefnd, en bjóst ekki við, að það yrði gert við 1. umr. Þessar umræður gera það að minsta kosti varla. Jeg get tekið undir með háttv. þm. V.-Sk. um það, að mjer er skatturinn þyrnir í augum, þótt jeg hafi ekki gert ágreiningsatkvæði, í von um, að samkomulag komist á síðar. Mjer skildist á háttv. síðasta ræðumanni, að hann legði áherzlu á, að skatturinn á eigi að renna í landssjóð, en jeg get ekki betur sjeð, en að einu gildi, hvert skatturinn rennur. Hann verður að gjaldast eigi að síður. En slíkur skattur sem þessi getur orðið til mikillar blessunar, en athugavert er, hvort hann er ekki of hár, þótt hann sje aðeins 1 króna á karlmann og 60 aurar á kvenmann.

Þingmönnum ætti að vera bezt kunnugt um það, að nú þegar hvíla svo miklir skattar á þjóðinni, að varlega verður að fara í nýjum skattaálögum. Það er líka mín skoðun, að nefskattur sje í flestum tilfellum óeðlilegur, því hann kemur jafnt niður á fátækum og ríkum.

Sigurður Eggerz: Aðeins örstutt athugasemd. Háttv. 2. þm. Skagf. (J. B.) hneykslaðist á því, að jeg skyldi jafna þessum skatti við sóknargjöldin, en þar sem hann sagði, að það væri fölsk ályktun hjá mjer, að gjöldin kæmu harðar niður á fátæklingum nú en áður, verð jeg að biðja háttv. þm. að gæta þess, að þetta hef jeg aldrei sagt, heldur aðeins, að gjöldin komi *nú* rangt niður, en það er ekki betra fyrir það, þótt svo hafi verið áður. Þar sem þm. vildi gera greinarmun milli skatta til sálarinnar og skatta til líkamans, þá held jeg, að aðskilnaðurinn milli sálar og líkama sje ekki svo nákvæmur nú á tímum, að vert sje að gera þennan greinarmun. Styrkur til skálda yrði þá t. d. útgjöld til sálarinnar. Jeg vona, að háttv. þm. átti sig á frv., þegar hann getur hugsað það nógu vel.

Jósef J. Björnsson: Jeg ætla aðeins að gera örstutta athugasemd. Ummæli háttv. þm. Barðstr. (H. Kr.) sýna það, að að hann hefur annaðhvort algerlega misskilið ræðu mína eða rangtfært hana vísvitandi, og vísa jeg þeim því heim aftur. Um það, sem háttvirtur þm. V.-Sk. (S. E.) sagði um samband sálar og líkama, ætla jeg ekki að deila við hann að þessu sinni.

Málinu var því næst vísað til 2. umræðu með 12 samhlj. atkv.

Samþykt var með 12 samhlj. atkv. að skipa 5 manna nefnd í málið, og hlutu þessir kosningu:

Guðjón Guðlaugsson,
Þórarinn Jónsson,
Guðmundur Björnsson,
Jón Jónatansson og
Björn Þorláksson,

allir með 12. atkv.

Í nefndinni var Guðjón Guðlaugsson kosinn formaður og Guðmundur Björnsson skrifari.

---

6. *Frumvarp til siglingarlaga* (stj.frv.); 2. umr. n. 161, 270.

Sigurður Eggerz, framsögumaður: A Alþ. 1909 var samþykt í Nd. þings-

ályktunartillaga um að skora á stjórnina að semja og leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um sjómensku á íslenzkum þilskipum, er stunda fiskiveiðar eða flutninga með ströndum fram. Stjórnin lagði síðan fyrir næsta alþingi (1911) frumvarp til siglingalaga, og var það þýðing á hinum dönsku siglingalögum frá 1. apríl 1892. Neðri deild alþingis skipaði nefnd í málið, og fjekk hún Jón prófessor Kristjánsson sjer til aðstoðar og benti hann á ýms atriði, sem mikillar lagfæringar þurftu. Var því málinu með rökstuddri dagskrá vísað aftur til stjórnarinnar til ýtarlegri athugunar. Stjórnin lagði síðan frumvarpið að nýju fyrir síðasta þing. Málið varð ekki útrætt, en nefnd sú, sem kosin var til að íhuga það, gerði á því nokkrar breytingar, sem stjórnin fjelst á, og lagði hún því næst frumvarpið þannig breytt fyrir alþingi í sumar.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, snertir lítið þá hlið siglinga, er að hinu opinbera veit, enda eru um það efni ýms sjerstök lög, svo sem lög um skrásetning skipa frá 13. desbr. 1895, um mæling skipa tilsk. frá 25. júní 1869, um eftirlit með skipum lög 22. oktbr. 1912, lög um atvinnu við siglingar 10. nóv. 1905, strandlögin frá 14. janúar 1876, og ennfremur lög um botnvörpuveiðar og siglingareglur. Um einkarjettarmálefni siglinga eru aftur á móti að eins til dreifð ákvæði, aðallega í farmannalögunum frá 22. marz 1890 og lögum um veð í skipum, frá 16. nóv. 1907; ennfremur má nefna 2 gamlar tilsk., aðra um bodmerílán, frá 28. desbr. 1792 og hina um „respondentia“ frá 14. desbr. 1794 og ýms önnur dreifð ákvæði, svo sem um árekstur skipa í lögum 9. septbr. 1899. Um ábyrgð útgerðarmanna á gerðum skipstjóra og skipshafnar eru engin ákvæði, og ekki um skipstjórasamninga og skyldur skipstjóra. Ennfremur vantar reglur um farmsamninga og farmskírteini, um sameiginlegt sjótjón (Groshaveri) og um skaðabætur fyrir ásiglingar. Úr þessu er bætt með því frumvarpi, er hjer liggur fyrir. Þar er safnað saman í eina heild öllum reglum um einkarjettarmálefni siglinga. Þetta er að vísu mikilsvert, en þó er hitt aðalatriðið, hvernig lögin eru úr garði gerð. Viðfangsefni löggjafans hjer er allerfitt, því hjer verður að gefa lög, bæði um kaupsiglingar og um fiskiveiðar, sem eru mjög ósamkynja atvinnugreinar. Um kaupsiglingar eru til ýmsar alþjóðarreglur, og verðum vjer eigi síður en aðrar þjóðir að sníða löggjöf vora á þessu sviði eftir þeim. Virðist nefndinni ákvæði frumvarpsins um þetta efni vera fullnægjandi. Mörg þessi ákvæði eru mjög mikilsverð fyrir oss, hvort sem vjer siglum eða ekki siglum, sjá þar til nefnd ákvæði í 6. kafla um flutningssamninga. Akvæðin um farmskírteini (conossement) taka til alls viðskiftalífs vors.

Það virðist og, sem áhugi sje að vakna hjá íslenzku þjóðinni um að taka kaupsiglingarnar í sínar hendur, og rætist nokkuð úr þeim áhuga, sem vjer allir munum óska, þá er því meiri þörf á lögum þessum. Örðugra er aftur á móti að samrýma kaupsiglingarreglurnar við ákvæðið um fiskiveiðarnar. Að vísu eru nú æðimargar sameiginlegar reglur, sem gilda um allar siglingar, og á því sveði virðast ákvæði frumvarps þessa vera fullnægjandi, en aðalvandinn er, að gæta þess, að setja ekki ákvæði í lögin, miðuð aðallega við kaupsiglingar, sem geti orðið fiskiveiðunum að skaða. Þar sem slík ákvæði hafa komið fyrir, hefur við undirbúning frumvarpsins verið reynt að laga þau eftir hinum sjerstöku kröfum um fiskiveiðarnar.

Jeg vil í þessu sambandi minna á, að skip, sem sigla milli landa, verða að hafa leiðarbók, en um þær eru mjög strangar reglur. Mundi það valda óþægindum fyrir skip, sem stunda fiskiveiðar eða ganga milli hafna innanlands, og því er ákveðið, að þau skuli aðeins halda dagbók. Nefndin lítur yfir höfuð svo á, að í þessu frum-

varpi sjeu margar reglur til stór-hagsmuna fyrir fiskiveiðarnar og engar, sem geta gert þeim skaða, en er hinsvegar ljóst, að ástæður geta verið til að setja ýmsar sjerstakar reglur fyrir fiskiveiðarnar, en til þess að undirbúa slíkar reglur, þarf menn, sem sjerþekkingu hafa á því máli. Ef þetta frumvarp verður að lögum, mun reynslan skera úr því, hvort í þeim eru nokkur ákvæði fiskiveiðunum til tjóns og fari svo, verður að undanskilja fiskiveiðarnar frá þeim.

Þá mun og reynslan leiða í ljós, hvort fiskiveiðarnar þurfa ítarlegri reglur, og hvernig þeim yrði varið.

Þar eð í frumvarpinu eru, eins og nú hefur verið skýrt frá, ýms ákvæði, sem eru til stórbóta, bæði fyrir kaupsiglingarnar og fiskiveiðarnar, ræður nefndin háttv. deild til að samþykkja frumv. með þeim breytingum, sem hún hefur lagt til að á því yrðu gerðar.

Frumvarp þetta er í 13 köflum. 1. kaflinn er um skip. Samkv. 1. gr. skulu þau skip teljast íslenzk, sem eiga heimili á Íslandi og að $^2/_3$ hlutum minst eru eign manna, sem heimili eiga á Íslandi eða í Danmörku, eða eru þar innbornir, án þess að vera ríkisborgarar annarsstaðar. Við 1. gr. hefur nefndin gert þá brtill., að um hlutafjelög verði sett það ákvæði, að hver stjórnarnefndarmaður skuli fullnægja ofangreindum skilyrðum um heimilisfestu eða rjett innborinna manna, enda sje aðsetur stjórnarinnar og heimilisfang fjelagsins á Íslandi. 2. kafli er um rjettindi yfir skipum. Tekur kaflinn ekki einungis til eignarrjettar, heldur einnig veðrjettar, haldsrjettar og annara takmarkaðra hlutarjettinda. Þó eru sjólánsveð undanskilin. Um þau gilda miklu strangari reglur, en um annan veðrjett. Að því, er snertir stofnun og vernd þessara rjettinda, gilda sömu reglur og um fasteignir, að svo miklu leyti, sem því verður viðkomið.

3. kafli er um útgerð skipa. Eru þar

ýms ný ákvæði, mjög þýðingarmikil, bæði fyrir fiskiveiðar og siglingar. Má þar einkum nefna reglurnar um sameign.

Samkvæmt núgildandi lögum getur hver sameigandi hindrað ýmsar nauðsynlegar ráðstafanir yfir skipum og með því bakað sameigendum sínum mikið tjón, en í frumvarpinu er það ákveðið, að um málefni útgerðarinnar skuli meiri hlutinn ráða, ef ágreiningur verður. Við þennan kafla hefur nefndin gert aðalbreytingartillögu sína, og er hún í því fólgin, að ef einhver sameiganda selur skipshlut sinn, skuli hver þeirra hafa rjett til þess að leysa hlutann til sín. Nefndinni þykir það óviðfeldið, að sameigendurnir skuli engu geta ráðið um það hverjir nýir menn gangi í fjelagsskapinn, en hinsvegar treystist hún ekki til að taka upp í frumvarpið ákvæði um forkaupsrjett, því það mundi leggja of mikil bönd á viðskiftalífið. Nefndin valdi því innlausnarrjettinn, sem ekki er eins varhugaverður í þessu efni. Hverjum sameiganda er því heimilt, að selja sinn hluta, en hinum er heimilt, að leysa hann til sín, ef þeir hafa gert það innan ákveðins tíma. Ef ekki fæst samkomulag, skal verðið komið undir mati og má það þó aldrei vera lægra en kaupverð það, sem hinn nýi eigandi greiddi. Hinsvegar fanst nefndinni engin ástæða til þess að ákveða, að matsverðið mætti eigi vera hærra en kaupverðið, því tilgangur ákvæðisins er ekki að stuðla að því, að sameigendur græði á kaupunum, heldur tryggja þá gegn sameigendum, er þeir telja sjer óheppilegri.

Þá kemur 4. kapituli, um rjett og skyldur skipstjóra, og sje jeg ekki ástæðu til þess að taka neitt sjerstaklega fram um hann, Hjer er þó ein brtill., sem jeg vil minnast á, það er brtill. nr. 17 við 40. gr. Þar er farið fram á, að öll skip, sem eru yfir 12 tonn, haldi dagbók, en samkvæmt frv. hvílir sú skylda eingöngu á þeim skipum, sem eru yfir 30 tonn. Nefndin hefur gert þessa brtill. vegna þess, að

henni er kunnugt um, að á Vestfjörðum eru mörg skip undir 30 tonn og er óviðurkvæmilegt, að þau þurfi ekki að halda dagbók. — 5. kapituli er um skipshöfn. Þar eru flest hin sömu ákvæði og í farmannalögunum, en þó fer ráðning sjómanna hjer eftir óbrotnari reglum, og ákvæðið um viðskiftabækur sjómanna er felt burtu. Brtill. 34 við 75. gr., um að 12 tonn komi í staðinn fyrir 15 tonn, er í samræmi við brtill. við 40. gr.—Þá er 6. kapituli um skipsleigu. Jeg drap áðan á, hvað mikla þýðingu þessi kapituli hefur. Hjer er aðeins átt við kröfurjettarsamning, ekki skipsleigu í venjulegum skilningi. Hjer eru ýms ný ákvæði. Áður var farið eftir hinum almennu reglum kröfurjettarins, en ekki tekið tillit til þeirra sjerstöku ástæðna, sem hjer eru fyrir hendi. Hjer hefur nefndin gert þá brtill. að *farmsamningur* komi í staðinn fyrir *skipaleigusamningur*. Ástæðan til brtill. er sú, að slíkir samningar eru aðeins kröfurjettarlegs eðlis. — 7. kapítulinn er um sjólán. Þau verða að vísu sjaldgæfari eftir því, sem samgöngurnar verða betri, en nefndinni þótti þó rjett, að sleppa ekki þessum kapítula vegna þess, hvað margir staðir eru enn þá símalausir hjer á landi. — 8. kapituli er um sjótjón. Þau ákvæði, sem þar ræðir um, verður að byggjast á alþjóðlegum reglum. En jeg skal geta þess, að í connossementum er það venjulega tekið fram, að farið sje eftir York-Antverpen-reglunum. — Þá eru 9. og 10. kapitularnir, um tjón af árekstri og björgunarlaun. — Þess er getið í nefndarálitinu, að árið 1910 hafi verið gerður samningur um björgunarlaun 24 þjóða í Bryssel. Sá samningur er þó ekki enn staðfestur, og þótti því nefndinni ekki ástæða, að taka hjer upp þær reglur, sem þar er farið eftir. En verði hann staðfestur, er sjálfsagt, að taka þær upp. — 11. kapituli er um sjóveðrjett og fyrning á sjókröfum og sje jeg ekki ástæðu til að taka neitt sjerstaklega fram honum viðvíkjandi. — 12. kapituli er um yfirsjónir skipstjóra og skipverja við skyldustörf þeirra o. fl. Hjer eru lík ákvæði og í dönskum lögum. Nefndin hefur gert gert brtill. nr. 116 við 270. gr. Í greininni er ákveðið, að ef skipverjar krefjist skoðunargerðar, og það reynist við skoðunargerðina, að engin sennileg rök hafi verið til þess að telja, að skipið hafi verið ósjófært, þá varði það 25—500 kr. sektum eða fangelsi. Nefndin fer fram á, að sektirnar geti ekki orðið hærri en 100 kr. og að fangelsishegningin falli burt. Ástæðan til brtill. er sú, eð nefndinni þótti íhugunarvert, að hafa hegningarákvæðin svo ströng, að skipverjar fældust frá að neyta þess sjálfsagða rjettar síns, að heimta skoðunargerð, þegar þeir álitu, að hætta væri á ferðum. — Við 13. kapítulann hef jeg ekkert sjerstakt að athuga.

Að lokum skal jeg geta þess, að Jón prof. Kristjánsson hefur mætt á fundum nefndarinnar, og á hún honum mikið að þakka. Hann er manna fróðastur í sjórjetti, og á frv. í þessari mynd, sem það nú er, að mörgu leyti rót sína ag rekja til hans. Nefndin vill því tjá honum sínar beztu þakkir.

Jósef Björnsson: Jeg vil aðeins gera örstutta athugasemd við 1. gr. frv. Jeg vildi óska, að orðalagi hennar yrði breytt. Það er óviðkunnanlegt, að skip, sem nefnd eru íslenzk, geti verið eign danskra manna, heimilisfastra í Danmörku. Slík skip væru þó sannarlega ekki íslenzk nema að nafninu til, en af greininni verður þó ekki annað sjeð, en að gert sje ráð fyrir. að skip hlutafjelags sje íslenzkt, þótt það sje eign danskra manna, sem allir hafi búsetu í Danmörku.

Jeg get ekki greitt þessu atkv. mitt, og vil skjóta því til nefndarinnar, hvort hún sjái sjer ekki fært að breyta þessu til 3. umr.

Sig. Eggerz, framsögumaður: Jeg er fús á að taka þessa athugasemd til greina. Prof. Jón Kristjánsson hafði lagt til, að orðin „í Danmörku“ væru feld burtu, en stjórnarráðið hefur viljað halda þeim. Jeg veit ekki, hverjar ástæður stjórnin hefur til þessa; hef því miður ekki leitað mjer upplýsinga hjá stjórninni um það. Jeg skal, sem sagt, athuga þetta, en ef staðfestingarsynjun liggur við, ef orðin eru feld í burtu, þá álít jeg rjettara að halda þeim.

ATKVGR.

Brtill. á þgskj. 170, 1 samþ. með 12 samhlj. atkv.

1. gr. frv., þannig breytt, samþ. í e. h.
2. — — sþ. í e. hlj.
3. — — — - - —
4. — — — - - —

Brtill. á þgskj. 170, 2 samþ. án atkvgr.

5. gr. frv., þannig breytt, sþ. í e. hl.
6. — — sþ. í e. h.
7. — — — - - -

Brtill. á þgskj. 170, 3 samþykt án atkvgr.

8. gr. frv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 4 sþ. án atkvgr.

9. gr. frv., þannig breytt, sþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 5 samþykt án atkvæðagr.

10. gr. frv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.
11. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 6 sþ. án atkvgr.

12. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í e. hlj.
13. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 7 sþ. án atkvgr.

14. gr. frumv., þannig breytt, samþ. í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 8 sþ. án atkvgr.

15. gr. frumv., þannig breytt, samþ. í einu hlj.
16. gr. frv. sþ. í e. hlj.
17. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 9 sþ. án atkvgr., báðir liðir, a og b.

18. gr. frumv., þannig breytt, samþ. í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 10 samþykt án atkvgr.

19. gr. frumv., þanníg breytt, samþykt í einu hlj.
20. gr. frv. sþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 11 sþ. án atkvgr.

21. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í e. hlj.
22. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 12 sþ. án atkvgr.

23. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.
24. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 13 og 14 samþykt í einu hlj.

25. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.
26. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 15 samþ. án atkvgr.

27. gr. frumv., þannig breytt, samþ. í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 16 sþ. án atkvgr.

28. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.
29. gr. frv. samþ. í einu hlj.
30. — — — - — —
31. — — — - — —
32. — — — - — —
33. — — — - — —
34. — — — - — —
35. — — — - — —
36. — — — - — —
37. — — — - — —
38. — — — - — —
39. — — — - — —

Brtill. á þgskj. 170, 17, liðirnir a, b, c og d, hver um sig, sþ. án atkvgr.

40. gr. frumv, þannig breytt, samþ. í einu hlj.
41. gr. frv. sþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 18 sþ. án atkvgr.

42. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 19, liðirnir a og b, sþ., hvor um sig, án atkvgr.

43. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

44. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 20 samþ. í e. hlj.

45. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

46. gr. frv. samþ. í einu hlj.

47. — — — · — —

Brtill. á þgskj. 170, 21 sþ. án atkvgr.

48. gr. frumv., þannig breytt, samþ. í einu hlj.

49. gr. frv. samþ. í einu hlj.

50. — — — · — —

51. — — — · — —

Brtill. á þgskj. 170, 22, liðirnir a og b, hvor um sig, sþ. án atkvgr.

52. gr. frumv. þannig breytt, samþykt í einu hlj.

53. gr, frumv. sþ. í e. hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 23 sþ. án atkvgr.

54. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

55. gr. frv. samþ. í einu hlj.

56. — — — · — —

57. — — — · — —

58. — — — · — —

Brtill, á þgskj. 170, 24 sþ. án atkvgr., báðir liðir a og b, hvor um sig,

59. gr. frumv,, þannig breytt, samþ. í einu hlj.

60. gr. frv. samþ. í einu hlj.

61. — — — · — —

Brtill. á þgskj. 170, 25 sþ. án atkvgr.

62. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

63. gr. frv. sþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 26, liðirnir a og b, hvor um sig, sþ. án atkvgr.

64. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170,27 samþ. án atkvgr.

65. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 28, liðirnir a og b, hvor um sig, samþ. án atkvgr.

66. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

67. gr. frv. sþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 29, liðirnir a, b. c og d, hver um sig, sþ. án atkv.

68. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 30, liðirnir a og b, hvor um sig sþ. án atkvgr.

69. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

70. gr. frv. samþ. í einu hlj.

71. — — — · — —

Brtill. á þgskj. 170, 31, liðirnir a og b, hvor um sig, sþ. án atkvgr.

72. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj, 170, 32, liðirnir a, b og c, hver um sig, sþ. í e. h.

73. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 33 sþ. án atkvgr.

74. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 34, liðirnir a og b, hvor um sig, samþ. án atkvgr.

75. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

76. gr. frv. samþ. í einu hlj.

77. — — — · — —

78. — — — · — —

79. — — — · — —

80. — — — · — —

81. — — — · — —

82. — — — · — —

83. — — — · — —

Brtill. á þgskj. 170, 35 sþ. án atkvgr.

84. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj,

85. gr. frv. samþ. í einu hlj,

86. — — — · — —

Brtill. á þgskj. 170, 36 sþ. án atkvgr.

87. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

88. gr. frv. samþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 37, sþ. án atkvgr.

89. gr. frumv. þannig breytt, samþykt í einu hlj.

90. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 38 sþ. án atkvgr.

91. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

92. gr. frv. samþ. í einu hlj.

93. — — — · — —

Brtill. á þgskj. 170, 39 sþ. í e. h.

94. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 40, liðirnir a og b, hvor um sig, sþ. án atkvgr.

95. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 41, liðirnir a og b, hvor um sig, sþ. án atkvgr.

96. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í e. hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 42 sþ. án atkvgr.

97. gr, frumv., þannig breytt, samþ. í einu hlj.

98. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 43, liðirnir a, b, c og d., hver um sig, sþ. án atkvgr.

99. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

100. gr. samþ. í einu hlj.

101. — — — · — —

102. — — — · — —

Brtill. á þgskj. 170, 44 sþ. án atkvgr.

103. gr. frum., þannnig breytt, samþykt í einu hlj.

104. gr. frv. samþ. í einu hlj.

105. — — — · — —

106. — — — · — —

107. — — — · — —

Brtill. á þgskj. 170, 45, liðirnir a, b og c, hver um sig, sþ. án atkv.

108. gr. frumv., þannig breytt samþykt í einu hlj.

109. gr. frv. samþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 46, liðirnir a og b, hvor um sig, sþ. án atkvgr.

110. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

111. gr. frv. samþ. í einu hlj.

112. — — — · — —

113. — — — · — —

Brtill. á þgskj. 170, 47, við fyrirsögn 6. kap., samþ. án atkvgr.

Brtill. á þgskj. 170, 48 samþykt án atkvgr.

114. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 49, liðirnir a, b og c, hver um sig, sþ. án atkvgr.

115. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

116. gr. frv. samþ. í einu hlj.

117. — — — · — —

118. — — — · — —

Brtill. á þgskj. 170, 50 samþykt án atkvgr.

119. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 51 samþykt án atkvgr.

120. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

121, gr. frv. samþ. í einu hlj.

122. — — — · — —

Brtill. á þgskj. 170, 52 sþ. í e. h.

123. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu. hlj.

124. gr. frv. sþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 53 samþykt án atkvgr.

125. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

126. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 54, samþykt án atkvgr.

127. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

128. gr. frv. samþ. í einu hlj.

129. — — — · — —

130. — — — · — —

Brtill. á þgskj. 170, 55 sþ. án atkvgr.

131. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu blj.

Brtill. á þgskj. 170, 56 samþykt án atkvgr.

132. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 57 samþykt án atkvgr.

133. gr. frumv., þannig breytt, samþykt i einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 58 sþ. án atkvgr.

134. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

135. gr. frv. samþ. í einu hlj.

136. — — — - — —

Brtill. á þgskj. 170, 59, liðirnir a og b, hvor um sig, sþ. án atkvgr.

137. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

138. gr. frv. samþ. í einu hljóði.

139. — — — - — —

140. — — — - — —

Brtill. á þgskj. 170, 60, samþykt án atkvgr.

141. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 61, liðirnir a, og b, hvor um sig, sþ. án atkvgr.

142 gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 62, samþykt án atkvgr.

143. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

144. gr. frv. sþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 63 samþykt án atkvgr.

145. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

146. gr. frv. sþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 194 (sjá neðanmáls á þgskj. 4) sþ. án atkvgr.

147. gr. frumv., þannig breytt. samþykt í einu hlj.

148. gr. frv. samþ. í einu hlj.

149. gr. frv. samþ. í einu hlj.

150. — — — - — —

151. — — — - — —

152. — — — - — —

153. — — — - — —

Brtill. á þgskj. 170, 64 samþykt án atkvgr.

154. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 65 samþykt án atkvgr.

155. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 66 samþykt án atkvgr.

156. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

157. gr. frv. samþ. í einu hlj.

158. — — — - — —

159. — — — - — —

160. — — — - — —

Brtill. á þgskj. 170, 67. liðirnir, a og b, hvor um sig, sþ. án atkvgr.

161, gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

162. gr. frv. samþ. í einu hlj.

163. — — — - — —

Brtill. á þingskj. 170, 68 sþ. án atkvgr.

164. gr frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 69 sþ. án atkvgr.

165. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 70 sþ. án atkvgr.

166. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

167. gr. frv. sþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 71 sþ. án atkvgr.

168. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

169. gr. frv. sþ- í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 72, liðirnir a og b, hvor um sig, sþ. án atkvgr.

170. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

171. gr. frv. samþ. í einu hlj.

172. gr. frv. samþ. í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 73, liðirnir a og b, hvor um sig, sþ. án atkvgr.

173. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 74, liðirnir a og b, hvor um sig samþ. án atkvgr.

174. gr. frnmv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

175. gr. frv. samþ. í einu hlj.

176· — — — · — —

177. — — — · — —

178. — — — · — —

179. — — — · — —

Brtill. á þgskj. 170, 75 sþ. án atkvgr.

180. pr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 76 sþ. án atkvgr.

181. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 77 sþ. án atkvgr.

182. gr. frv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

183. gr. frv. samþ. í einu hlj.

184. — — — · — —

185. — — — · — —

186. — — — · — —

Brtill. á þgskj. 170, 78, liðirnir a og b, hvor um sig, sþ. án atkvgr.

187. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

188. gr. frv. samþ. í einu hlj.

189. — — — · — —

Brtill. á þgskj. 170, 79, liðirnir a og b, hvor um sig, sþ. án atkvgr.

190. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 80 sþ. án atkvgr.

191. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 81 sþ. án atkvgr.

192. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 82, liðirnir a, b, c, d. e, f, g, h, i, j, k, l, m, hver um sig, sþ. án atkvgr.

193. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtil á þgskj. 170, 83, liðirnir, a, b og c, hver um sig, sþ. án atkvgr.

194. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 84, liðirnir a, b, c, d, e og f, hver um sig, sþ. án atkvgr.

195. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einn hlj.

196. gr. frv. samþ. í einu hlj.

197. — — — · — —

198. — — — · — —

Brtill. á þgskj. 170, 85 sþ. án atkvgr.

199. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 86 sþ. án atkvgr.

200. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 87 sþ. án atkvgr.

201. gr. frumv. þannig breytt., samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj- 170, 88 sþ. án atkvgr.

202. gr. frumv., þannig orðuð, samþykt í einu hlj.

203. gr. frv. samþ. í einu hlj.

204. — — — · — —

205. — — — · — —

Brtill. á þgskj. 170, 89 sþ. í e. h.

206. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 90, liðirnir a, b og c, hver um sig, sþ. í e. h.

207. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

208. gr. frv. sþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 91, sþ. í e. hlj.

209. gr. frv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

210. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 92 sþ. án atkvgr.

211. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 93, liðirnir a, b, c og d, hver nm sig, sþ. án atkvgr.

212. gr. frv., þannig breytt, samþykt án atkvgr.

Brtill. á þgskj. 170, 94, liðirnir a, b, c, d og e, hver um sig, sþ. án atkvgr.

213. gr. frv., þannig breytt, samþykt í einu hljóði.

Brtill. á þgskj. 170, 95, liðirnir a, b, c og d, hver um sig, samþ. án atkvgr.

214. gr. frv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

215. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Brtill· á þgskj. 170, 96, liðirnir a og b, hvor um sig, sþ. án atkvgr.

216. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 97 sþ. án atkvgr.

217. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

218. gr. frv. samþ. í e. hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 98 sþ. án atkvgr.

219. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 99, liðirnir a og b, samþ án atkvgr.

220. gr. frv. þannig breytt, sþ. í e. h.

221. — — samþ. í einu hlj.

222. — — — - — —

Brtill. á þgskj. 170, 100 sþ. án atkvgr.

223. gr. frv., þannig breytt, sþ. í e. h.

224. — — sþ. í e. hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 101 sþ. án atkvgr.

225. gr. frv., þannig breytt, sþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 102 sþ. án atkvgr.

226. gr. frv., þannig breytt, sþ. í e, h.

227. — — sþ. í e. hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 103 sþ. án atkvgr.

228. gr. frv., þannig breytt, sþ. í e. h.

229. — — samþ. í einu hlj.

230. — — — - — —

231. — — — - — —

Brtill. á þgskj. 170, 104, liðirnir a og b, hvor um sig, samþ. án atkvgr.

232. gr. frv. þannig breytt, sþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 105 sþ. án atkvgr.

233. gr. frv., þannig breytt, sþ. í e. h.

234. — — sþ. í einu hlj.

235. gr. frv. samþ. í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 106 sþ. án atkvgr.

236. gr. frv. þannig breytt, sþ. í e. h.

237. — — sþ. í einu hlj.

238. — — — - — —

239. — — — - — —

240. — — — - — —

241. — — — - — —

Brtill. á þgskj. 170, 107, liðirnir a, b og c, hver um sig, sþ. án atkvgr.

242. gr. frv., þannig breytt, sþ. í e. h.

243. — — sþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 108 sþ. án atkvgr.

244. gr. frv., þannig breytt, sþ. í e. h.

245. — — samþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 109 sþ. án atkvgr.

246. gr. frv., þannig breytt, sþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 160, 110 sþ. án atkvgr.

247. gr. frv. þannig breytt, sþ. í e. h.

248. — — sþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 111 sþ. án atkvgr.

249. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

250. gr. frv. sþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 112 sþ. án atkvgr.

251. gr. frv., þannig breytt, sþ. í e. h.

252. — — sþ. í einu hlj.

253. — — — - — —

254. — — — - — —

Brtill. á þgskj. 170, 113, liðirnir a, b og c, hver um sig, sþ. án atkvgr.

255. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

256. gr. frv. samþ. í einu hlj.

257. — — — - — —

Brtill. á þgskj. 170, 114 sþ. án atkvgr.

258. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

259. gr. frv. samþ. í einu hlj.

260. — — — - — —

261. — — — - — —

262. — — — - — —

263. — — — - — —

Brtill. á þgskj. 170, 115 sþ. án atkvgr.

264. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

265. gr. frv. sþ. í einu hlj.
266. — — — - — —
267. — — — - — —
268. — — — - — —
269. — — — - — —

Brtill. á þgskj. 170, 116, liðirnir a og b, samþ. án atkvgr.

270. gr. frumv. þannig breytt, samþykt í einu hlj.

Brtill. á þgskj. 170, 117, liðirnir a og b, sþ. án atkvgr.

271. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

272. gr. frv. sþ. í e. h.

Brtill. á þgskj. 170, 118, liðirnir a og b, sþ. án atkvgr.

273. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

274. gr. frv. sþ. í einu hlj.
275. — — — - — —
276. — — — - — —
277. — — — - — —
278. — — — - — —
279. — — — - — —
280. — — — - — —
281. — — — - — —
282. — — — - — —

Brtill. á þgskj. 170, 120 sþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frumvarpsins og fyrirsagnir einstakra kafla þess sþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. h.

---

20. fundur. Fimtudaginn 31. júlí, kl. 1 síðdegis. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um sparisjóði,* (stjfrv. nr. 205). 2. umr.

Þórarinn Jónsson, framsm.: Jeg get sparað mjer orð um þetta frumvarp. Nefndarálitið ber með sjer breytingar þær, sem nefndin vill koma með, og eru margar þeirra aðeins orðabreytingar. Jeg get búizt við, að mál þetta verði mikið rætt. Þar sem það snertir alla landsmenn svo mjög. Gæti jeg jafnvel trúað, að mönnum fyndist, að nefndin hefði ekki bætt alt, sem hefði þurft að bæta, en jeg geymi mjer að tala um það, þangað til að þeim aðfinslum kemur.

Það er lauslega tekið fram í nefndarálitinu, að sparisjóðir hjer á landi hafi stórum stækkað hin síðari ár. Þó eru ekki taldir með nema sparisjóður bankans, söfnunarsjóður og sveitasparisjóðir, sem njóta verndar samkvæmt tilskipun um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi frá 5. jan. 1874. En þar fyrir utan eru margir sjóðir, sem ekki eru nefndir í skýrslu um sparisjóði árið 1910. En sveitasparisjóðir, sem hlunnindi hafa, hafa nú í innlagsfje um 1 milj. 198 þús. kr.

Eins og peningasakir standa nú hjá oss, þá eru sparisjóðir þær einu lindir, sem alþýða manna nær peningum úr. Þessvegna skiftir það afarmiklu, að eftirlit við sjóðina sje eins grandgæfilegt og gott, sem framast er auðið, svo ekkert geti komið fyrir, sem rýrt geti álit þeirra og fæli menn frá að leggja fje sitt inn í þá, eða að erfitt verði að ná peningum útúr þeim. Það þyrfti ekki nema, að illa færi fyrir einum sparisjóði, til þess að hræðsla gripi menn og mundi slíkt valda miklu óhagræði. Þetta hefur stjórnin sjeð, og því hefur hún komið fram með frumvarp þetta, svo settar verði skorður við þessu í tíma, og sjóðirnir trygðir sem bezt. Jeg skal svo ekki að óþörfu fyrirfram lengja meira umræðurnar.

Jón Jónatansson: Þegar þetta frumvarp var hjer til 1. umr., hafði jeg lítið athugað það, en hef nú kynt mjer málið betur og blandast mjer ekki hugur um, að hjer sje um mjög athugavert mál að ræða. Jeg er samþykkur því, sem háttv. framsögumaður sagði, að sparisjóðirnir sjeu aðallega peningalindir þeirra, sem á smærri lánum þurfa að halda í svip.

Jeg er fyllilega samdóma nefndinni um það, að tilgangurinn með frumvarpi þessu

sje góður, og að þörf sje að tryggja innstæðufje manna í sparisjóðum sem bezt. En þess ber að gæta, að þetta mál grípur mjög inn í viðskiftalífið, og því er það hið mesta vandamál. Það er ekki nóg að líta til annara landa og fara eftir því, sem þar tíðkast um sparisjóði. Nei, menn verða, áður en nokkuð er gert, að þekkja viðskiftaástandið hjer, því það er mjög aðgæzluvert að gera nokkuð það, er geti heft viðskiftalífið. Þessvegna þarf þetta mál mikillar rannsóknar, og er þá ekki nóg að vita innstæðueignina, heldur þurfa menn einnig að þekkja starfsemi sparisjóðanna og þýðingu þeirra fyrir viðskiftalífið. Snöggar breytingar á þessu sviði þarf að varast. Jeg þykist vita, að háttv. deildarmenn telji nauðsynlegt, að vanda allan undirbúning þessa máls og að þeir vilji finna sem bezta undirstöðu, en til þess þarf nákvæma þekkingu á sparisjóðum og starfsemi þeirra hvers um sig, og á þeirri reynslu eiga lög um sparisjóði að byggjast. En á þessu sviði, er svo mjög snertir viðskiftalíf manna, verður að fara varlega. Lög, sem koma óvænt og alt í einu, en hafa víðtæk og snögg áhrif, eru næsta varhugaverð, og geta valdið mestu vandræðum. Ef hrapað er að að samþykkja slík lög sem þessi, þá getur það haft illar afleiðingar í för með sjer, einkum fyrir hina efnaminni viðskiftamenn sjóðanna, ef heft yrði útlánsstarfsemi sú, sem þeim er mest til nota. En hjer er auðvitað vandasamt að finna rjett takmörk.

Þegar frumvarp þetta var til 1. umr., hafði jeg ekki kynt mjer það, eins og jeg tók áðan fram, en þóttist þó verða þess var, að það væri að ýmsu leyti varhugavert. Vonaðist jeg eftir, að nefndin mundi laga frumvarpið, og það hefur hún að vísu gert. Allar breytingartillögur nefndarinnar eru til bóta, og jeg get reyndar verið með þeim öllum. En mjer þykir hún hafa gengið of skamt. Vil sjerstaklega vekja athygli á, að hún hefur ekki gengið nógu langt með að rýmka þau ákvæði, sem voru of þröng, og mjer þykir stærstu og varhugaverðustu gallarnir á frumvarpinu í 13. gr. um takmörkun sjálfsskuldarábyrgðarlána. Það er fjærri mjer, að jeg vilji gerast talsmaður fjárhættu eða annars bralls, en jeg held, að þessi lán sjeu ekki hættulegri en önnur lán, svo að ástæða sje til að kippa að sjer hendinni um þau og fara að setja svo þröng takmörk fyrir, hvað mikið megi lána af þeim. Það er vísu satt, að þessi lánsaðferð hefur verið misbrúkuð eins og fleiri, en menn hafa lært af því og orðið varfærnari. Nú mun það vera orðinn siður, að ábyrgðarmenn taki baktryggingu hjá lántaka. Þessi lán eru ekki nærri því eins hættuleg fyrir sparisjóðina, eins og landstjórnin álítur. Kunnugleika sparisjóðsstjórnanna á högum lántakenda og ábyrgðarmanna er það að þakka, að sjálfskuldarábyrgðarlán eru ekki lakari en sum fasteignalánin, að jeg ekki tali um lán gegn veði í húsum. Margir nota þessa aðferð, er þeir þurfa á lánum að halda um stuttan tíma, og tel jeg varhugavert að hefta þau, einkum þar sem hagur bankanna er ekki betri en hann er, að menn fá þar ekki slík lán, sízt utan Reykjavíkur.

Jeg skal leyfa mjer að nefna dæmi um þessa lánsstarfsemi, sem jeg þekki vel til, Það er sparisjóður Árnessýslu. Innstæðufje hans er um $^2/_5$ af innstæðufje allra hinna sjóðanna (utan Reykjavíkur). Sparisjóður þessi er nú 25 ára gamall, og hefur hann mikið greitt fyrir viðskiftum á sínu svæði, einkum þó hin síðari ár. Sjávarútvegurinn um þær slóðir hefur breyzt úr færa- og lóðaveiði í netveiði. Þetta hefur haft geysimikinn kostnað í för með sjer. En haganlegast að kaupa efni þannig, að borga það út í hönd. Menn hafa því orðið að taka lán á haustin til efniskaupa, og sparisjóðurinn þá

hlaupið undir bagga. Lánið vanalega tekið að haustinu, og borgað af óskiftum afla í lok vertíðar, því netin eru eign skipverja. Ef þessi lánsaðferð yrði hindruð, væri illa komið hag þessara manna, er hafa haft mikil not af lánunum.

En það eru ekki sjómennirnir einir, sem þurfa að leita til sparisjóðsins. Það getur komið sjer vel fyrir bændur líka, t. d. þá, er gert hafa mikil kaup á efni til girðinga, þurfa þeir þá stundum á smáláni að halda til húsabygginga, eða þegar gjalddagi kaupfjelaganna er í nánd, til þess að borga skuldir upp við kaupfjelögin á rjettum gjalddaga og geta orðið aðnjótandi verzlunarágóða, er fjelögin greiða þeim, sem standa í skilum. Selja þeir þá sparisjóðnum víxla, er þeir svo innleysa að vorinu, þegar þeir geta selt afurðir sínar. Reynslan hefur líka sýnt, að lán þessi eru als ekki hættuleg. Jeg gerði nýlega fyrirspurn um það austur, hvað mikið hefði tapazt á þessum lánum og var svarað, að á þessum 25 árum, sem sjóðurinn hefur staðið, hafi tapið orðið einar 18 krónur.

Það getur verið, að eitthvað verði að takmarka útlánsstarfsemi sparisjóðanna, en þess verður að gæta, að það má ekki gera snögglega. Jeg skal leyfa mjer að taka 2 dæmi um það fyrir þennan sparisjóð, er jeg nefndi, hver yrði afleiðingin, ef 13. gr. þessa frumvarps, yrði að lögum. Í þeirri grein segir svo: „Eigi má samanlögð upphæð lána þeirra, er sparisjóður veitir eingöngu gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna, nokkru sinni nema meiru, en þriðjungi af sparisjóðsinnstæðufjenu öllu.“ Við síðustu áramót átti sjóðurinn útistandandi í sjálfskuldarábyrgðarlánum kr. 361,983,88, en samkv. frumvarpinu mætti hann ekki eiga meira úti í sjálfskuldarábyrgðarlánum en kr. 194,916,67. Í víxlum hafði sjóðurinn útistandandi kr. 89,162,19, en mætti eftir frumvarpinu aðeins hafa kr. 58,475,00. Afleiðingin af þessari takmörkun, að því er sjálfskuldarábyrgðarlánin snertir, yrði sú, að sjóðurinn mætti ekkert lána út fyr, en búið væri að innheimta mismuninn, en það mundi taka að minsta kosti 3 ár, eftir greiðslum undanfarandi ára að dæma. Sparisjóðurinn yrði því algerlega að loka á meðan fyrir slíkum lánum, hve góð trygging sem í boði væri. Menn sjá, að svo snögg breyting mundi hafa mjög alvarleg og hættuleg áhrif á viðskiftalífið og því meiri, sem ekki væri annað að leita. Menn kunna ef til vill að benda á bankana í Reykjavík, en þeir gera ekki meira en að fullnægja Reykjavík, að því er slík lán snertir, enda hafa sveitamönnum reynzt þær dyr þröngar. Jeg sje því ekki, að viðskiftamenn þessara sjóða hafi þá nokkur úrræði. Takmörkunin í 13. gr. er of þröng, og svo snögg breyting er beinlínis hættuleg og má ekki ná fram að ganga. Auk þess sem hún gæti orðið til stórhnekkis fyrir viðskiftalífið, þá gæti hún orðið sparisjóðnum til stórhnekkis, og til þess að aftra stofnun nýrra sparisjóða. Nefndin hefur líka sjeð þetta, þótt ekki hafi hún gengið lengra í breytingartillögum sínum, en hún gerir.

Það má færa það til gegn því, sem jeg hef sagt, að í 2. gr. sje stjórnarráðinu gefin heimild til að veita undanþágu frá einstöku ákvæðum laganna og gefa fresti til að fullnægja fyrirmælum þeirra. En jeg get ekki lagt mikið uppúr þessu ákvæði, sjerstaklega þegar þess er gætt, hvern skilning landsstjórnin hefur á þessu efni. Það er sem sje sagt í athugasemdum stjórnarinnar við þessa grein, að skemra verði ekki með neinu móti farið. Jeg held því, að ekki sje mikið byggjandi á undanþáguheimildinni.

Þá tel jeg og mikið álitamál, hvort ákvæðin í 17. gr. muni ekki geta orðið til að draga úr starfsþoli sparisjóðanna. Sparisjóður Árnessýslu hefur hingað til haft 23,000 krónur fast í varasjóði, og það

talið nægilegt, en eftir þessu frumvarpi ætti hann að hafa 58½ þús. fast. Jeg álít varhugavert að skylda sparisjóðina til að setja þetta fje fast og flytja það í bankana og kippa því þannig burt af starfsviði sparisjóðanna. Í sambandi við þetta má geta þess, að Landsbankinn sækir nú um að mega gera varasjóð sinn að veltufje. Jeg skal fúslega fallast á það, að það beri að tryggja sparisjóðina sem bezt, en í þessu máli verður að fara með gætni og umfram alt forðast allar snöggar breytingar. Annað hefur hættulegar afleiðingar í för með sjer. Það væri t. d. hart, að neita efnuðum bónda um 1—200 kr. lán, ekki af því, að peningarnir væru ekki til, heldur af því, að þeir væru bundnir í banka suður í Reykjavík. Bóndinn yrði þá að fara til Reykjavíkur upp á von og óvon eða veðsetja jörðina sína í 2—3 mánuði.

Mjer er nú spurn, er nauðsynlegt að fara svona hart af stað? Til þess þarf mikil hætta að vera á ferðum. En jeg get ekki sjeð, að svo augljós hætta vofi yfir, að ekki megi bíða og gefa sjer tíma til að athuga, hversu þessum málum verði bezt skipað. En þótt svo væri, að takmarkanir væru nauðsynlegar, yrði að gjalda varhuga við snöggum breytingum; þær verða að koma smátt og smátt. Annars gætu þær orðið hættulegar fyrir sjóðina og stórlamað starfsemi þeirra. Jeg sje því ekki ástæðu til að keyra fram strönga ákvæði á þessu þingi; virðist mjer, að heldur beri að safna betri upplýsingum og sníða svo stakkinn eftir þeim. Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um málið að sinni; jeg mun greiða öllum breytingartillögum nefndarinnar atkvæði mitt; þær eru til bóta, og mun reyna að koma með frekari breytingartillögur við 3. umr. En rjettast og hættulaust þykir mjer að lofa málinu að bíða.

Einar Jónsson: Mjer finst rjett, að hafa rýmri takmörk fyrir útlánsheimildum gegn sjálfskuldarábyrgðum og víxlum, en í frumvarpinu eru. En það var annað atriði, sem kom mjer til að standa upp. Jeg held, að 3. brtill. sje óþörf. Hún hljóðar um að bæta aftan við 6. gr.: „og má aldrei veita lán eða ráðstafa eignum sparisjóðs án samþykkis meiri hluta stjórnarinnar“. En þetta er óþarft vegna 13. gr.; þar stendur: „Aldrei má veita neitt lán úr sparisjóði nema því aðeins, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar sje því samþykkur . . .“, og ennfremur í síðustu málsgrein: „Verðbrjefa- eða hlutabrjefaforða sparisjóðs má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar samþykki.“ Og ennfremur stendur í 14. gr. 1. málsgr.: „Aldrei má sparisjóður lán taka, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.“

Mjer finst, að þessi ákvæði tæmi alveg brtill. nefndarinnar; ef meira á að felast í henni, þá er rjett að taka það upp í 13. gr.

Jeg sá líka, að nefndinni hefur sjest yfir, að fella burt á einum stað „umsjónarmaður sparisjóða“.

Þá álít jeg enn, að önnur brtill. nefndarinnar sje óþörf, að setja „innborgað“ fyrir framan ábyrgðarfje í 3. gr. . . Þess þarf ekki með, þar sem verið er að tala um það fje, sem „lagt hafi verið fram“ til sjóðsins. Vildi jeg skjóta því til hinnar háttv. nefndar, að taka þessar tillögur aftur.

Steingrímur Jónsson: Aðalástæðan til þess, að jeg stend upp, er sú, að jeg og háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) gátum ekki orðið háttv. samnefndarmönnum okkar samdóma um eitt atriði. Við lítum svo á, að til þess að þessi mikilsverða rjettarbót, sem hjer er um að ræða, gæti komið að þeim notum, sem æskilegt er, sje nauðsynlegt, að ákvæði stjórnarfrumvarpsins um umsjónarmann sparisjóðanna sje hald-

ið. Við teljum þörf á þessum umsjónarmanni til að koma lögunum í framkvæmd og sjerstaklega til að byrja framkvæmd á þeim. Við lítum svo á, að með þessu móti komi lögin fyrst að gagni, að með þessu ákvæði sje það fyrst trygt, að lögin verði meira en pappírsgagn, að þau komi að gagni í raun og veru. Meirihlutinn sá ekki þörf á þessum umsjónarmanni, og telur hann mundi verða of dýran. Jeg mun því, ef til nafnakalls kemur, greiða atkvæði móti 4. brtill. nefndarinnar og brtill. nefndarinnar við 22. og 23. gr. frv., sem standa í sambandi við 4. brtill. En ef ákvæðið í stjórnarfrv. um umsjónarmanninn verður felt, tel jeg ekki hægt að hafa heppilegra fyrirkomulag í þessu efni en það, sem farið er fram á í brtill. við 22. gr, og 23. gr.

Þetta var, sem sagt, það sem aðallega kom mjer til að standa upp. En úr því að jeg er staðinn upp á annað borð, ætla jeg að minnast nánar á málið, ennfremur í tilefni af ræðu háttv. 2. þm. Árn. (J. J.).

Fyrsta spurningin, er svara verður, er þetta er rætt, er þessi: Hver er tilgangur sparisjóða? Þetta verða menn að gera sjer ljóst. Aðaltilgangur sparisjóðanna er að safna fje og tryggja það fje, sem safnað er. Það er ekki aðaltilgangur þeirra að starfa sem lánsstofnun. Það er nauðsynlegt að hafa þetta hugfast, en menn hafa, því miður, mist sjónar á þessu, en einblínt á hitt, að sparisjóðir hefðu fje til útlána. Og einkum hefur alþýðu manna ekki verið það ljóst, að aðaltilgangur sparisjóða er að safna fje.

Þá er litið er í síðustu skýrslur um peningastofnanir landsmanna, þá sjest, að 1200 þús. kr. eru geymdar í sparisjóðum. Hjer er slept því, sem geymt er í Landsbankanum og Íslandsbanka og útibúum bankanna. Það er óhætt að gera ráð fyrir, að þessi upphæð hafi vaxið að stórum mun seinustu 2 árin. Því verður ekki neitað, að nauðsynlegt er, að gera ráðstafanir til að tryggja þetta fje. Hingað til hefur sama sem ekkert eftirlit verið haft með þessum sjóðum. Stjórnarráðinu hefur verið sent afrit af reikningum þeirra sparisjóða, sem hlunnindi eru veitt, samkvæmt tilskipun frá 5. jan. 1874.

Aðalhlutverk sparisjóðanna er, sem sagt, það, að safna og tryggja fje. Aðalhlutverk nefndarinnar hefur nú verið að samrýma nauðsynleg tryggingarákvæði við önnur hlutverk sparisjóða, eins og hv. 2. þm. Árn. (J. J.) líka benti á. Nefndin hefur orðið að hafa það hugfast, að fara ekki lengra í viðleitni sinni að samþýða þetta tvent, en aðalhlutverk frv. fyrir nægilegri tryggingu leyfði.

Það er satt, að það hefur ekki borið mikið á því, að sparisjóðsfje hafi farið forgörðum. En þess ber að gæta, að sparisjóðir hafa mestmegnis starfað með sjálfskuldarábyrgarlánum. Það getur gengið vel fyrstu árin. Þau tapast ekki strax. Það eru gömlu lánin, sem hættulegust eru. En það hefur þó komið fyrir, að sparisjóður hefur farið um koll. Að vísu ekki nema einn enn. Það er ekki mikið, en það er nóg. Og jeg er það kunnugur þessu máli, að mjer er óhætt að segja, að dálítill vafi leikur á lánum sumra sparisjóða, hve trygg þau eru. Þegar hagur danskra sparisjóða var rannsakaður, kom það í ljós, að margt var óglæsilegra og ótryggara, en menn hugðu. Mjer þykir ekki óliklegt, að ástandið kunni að vera svipað hjer.

Það var eðlilegt, að háttv. 2. þm. Arn. (J. J.) mintist á 13. gr., og þætti þar gengið of nærri útlánsstarfsemi sparisjóðanna. Eins og nú er ástatt, er það óhjákvæmilega nauðsynlegt, að þeir sjeu einskonar smábankar í hjeruðunum. Nefndin hefur í samræmi við hlutverk sitt, er jeg gat um áðan, reynt að liðka hjer nokkuð til frá því, er ákveðið er í stjórnarfrumv.; hefur farið hjer meðalveg. Eftir stjórnarfrumvarpinu mátti eigi lána nema 42%

í sjálfskuldarábyrgð og víxlum. Nefndin fer fram á að breyta þessu í 50 %. En svo er hjer annað ákvæði, er háttv. þm. Árn. (J. J.) hefur, ef til vill, ekki tekið eftir, og það er það, að eftir 2. gr. er stjórnarráðinu leyft að veita undanþágu frá ákvæðum laganna, og eftir 8. brtill. má þessi upphæð, 50 %, vera hvort heldur vill víxillán eða sjálfskuldarábyrgðarlán. Og enn verður að minnast þess, að hjer er eingöngu átt við lán, er trygð eru með ábyrgð einstakra manna, en undantekin eru þau lán, sem veitt eru til sveitasjóða, og einnig þau lán, sem sumpart eru trygð með sjálfskuldarábyrgð, en jafnframt með annari tryggingu: fasteignarveði eða handveði. Hjer eru því ekki lögð svo mikil höft á útlán sparisjóðanna, sem í fyrstu kann að virðast. Takmarkið ætti að vera það, að sparisjóðir störfuðu sem minst með víxillánum og sjálfskuldarábyrgðarlánum, heldur veittu aðallega lán, er betur væru trygð, t. d gegn fasteignarveði, handveði eða þesshättar. Nefndin treystist samt ekki að fara lengra í þessu efni, en jeg hef nú gert grein fyrir. Eftir stjórnarráðsfrumvarpinu mátti samanlögð upphæð lána gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna ekki nema meiru en $^1/_3$ af innstæðufjenu, svo að hjer hefur nokkuð verið rýmkað til. Nefndin hjelt, að þetta væri óhætt, einkum ef gætt er niðurlags 2. gr.

Háttv. 2. þm. Árn. (J. J.) mintist á, að það þyrfti nokkur ár til að koma þessu í lag, og getur það satt verið. Og það er satt, sem hann sagði, að hjá sæmilega gætinni sparisjóðsstjórn geti víxillán verið mjög hagkvæm og trygg, einkum ef þau eru smá, og því setti nefndin saman í eitt víxillán og sjálfskuldarábyrgðarlán.

Það getur ekki gengið, eins og viðgengizt hefur, að sparisjóðir hafi ekki tryggingarfje, er hægt sje að grípa bráðlega til. Á því getur ekki leikið vafi. En um hitt má deila, hve há þessi trygging eigi að vera, hvort hún sje hjer sett of hátt eða eigi. Það liggur í hlutarins eðli, að sparisjóðir, er geyma 50 þús. kr. í innstæðufje eða meira, verða að hafa eitthvert tryggingarfje, sem hægt sje að grípa til, þegar á liggur. Jeg hef hugsað mjer, að bezt væri, að þeir hefðu með höndum verðbrjef, en síður að þeir hefðu það í hlaupareikningi í bönkum. Það getur auðvitað oft komið fyrir, að þeir verði að neita um lán, en þeim fer þar þá líkt og bönkunum. Þeir fást mest við það nú að neita um lán.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira að þessu sinni.

Þórarinn Jónsson, framsögumaður: Háttv. 3. kgk. þm. (Stgr. J.) hefur að mestu svarað ræðu háttv. 2. þm. Arn. (J. J.), svo jeg get verið stuttorður að þessu sinni. Þó skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um sjálfskuldarábyrgðarlánin. Mörgum finnast þau vera hættulegustu lánin, og það eigi að ástæðulausu. Þessi lán fara sívaxandi, og eru þá ýmsar eðlilegar ástæður fyrir því, að þau verða jafnframt ótryggari. Eftir því sem sjálfsábyrgðarmönnum fjölgar, eftir því verður það örðugra fyrir forstöðumenn banka og sparisjóða, að kynna sjer hag þeirra, og hafa vitneskju um þær breytingar, sem á honum kunna að verða. Þá er og ekki ólíklegt, að tryggingin, sem í sjálfskuldarábyrgðunum er fólgin, minki fremur en hitt, eftir því, sem lánin fjölga. Þegar litið er á Landsbankareikninginn 1912, sjest, að sjálfskuldarábyrgðarlánin eru þar orðin um $1^1/_2$ miljón króna, en fasteignaveðlán ekki nema um 28,000 kr. Sú spurning vaknar, þegar litið er á þessar tölur, hvort fasteignir í landinu muni vera orðnar svona veðbundnar, eins og tölur þessar benda á. Sem betur fer, mun það ekki vera. Ástæðan til þess, að menn leita svo lítið til bankanna með fasteignarveðslán, er sjálfsagt sú, að lánsskilmálarnir eru þar svo erfiðir, að menn

skirrast í lengstu lög við að leita þangað; vilja heldur leita til sparisjóðanna, þótt borgunarfrestur sje þar að jafnaði stuttur, en að verða að taka móti veðdeildarbrjefum með svo og svo miklum afföllum. Það er satt, að nefndin telur það rjett, að takmarka ábyrgðarlán og vixillán nokkuð; en þó hygg jeg, að þar sje ekki farið svo langt, að ákvæði þau, sem hún vill að lögin geymi, þurfi að verða til að teppa að nokkrum mun útlán úr sparisjóðum. Þess er að gæta, að þó hún leggi til, að upphæð lána úr sparisjóð, sem *eingöngu* eru trygð með sjálfskuldarábyrgð, megi aldrei nema meiru en $^1/_3$ af innstæðufje sjóðsins, þá er ekki takmörkum bundið, hvað lána megi út gegn fasteignarveði og einnig sjálfskuldarábyrgð; má gera ráð fyrir, að slíkt greiði allmikið fyrir lántökum, og að margur, sem á fremur rýrt fasteignaveð, er eigi þætti veita næga tryggingu eitt út af fyrir sig, mundi þó geta fengið lán, ef sjálfskuldarábyrgð væri líka fyrir láninu. Jeg skal játa það, að ákvæði 13. gr. um, að hvert sjálfskuldarábyrgðarlán skuli að fullu greitt á 10 árum, á að veita nokkra tryggingu, því sjálfskuldarábyrgðarlánin verða einatt ótrygg fyrir það eitt, að þau eru látin standa afborgunarlaus ár eftir ár, en þetta er enganveginn einhlítt. Reynslan hefur sýnt það, og svo mun enn fara.

Jeg skal játa það, að ýms lán gegn veði í húsum geta verið alveg eins ótrygg eins og sjálfskuldarábyrgðarlánin, og jafnvel viðsjálli. En það verður með þau, eins og með önnur lán, undir framsýni lánveitendanna komið, hvað hættuleg þau reynast. Þar sem jeg þekki til, hefur hin mesta varúð verið höfð við þær lánveitingar. Og má því segja, að þar sje allra varlegast farið.

Yfir höfuð hygg jeg, að ákvæði 2. gr. muni reynast einhlít til að fyrra vandræðum, á meðan verið er að koma sparisjóðunum og starfsemi þeirra í það horf, sem frv. ætlast til. Þá talaði háttv. 2. þm. Árn. (J. J.) um ákvæði 17. gr., og þótti honum þau mjög varúðarverð. En hjer á sama við, sem til er tekið í 13. gr., að ef ófyrirsjáanlegar útborganir koma fyrir, þá má í bili grípa til þess hluta varasjóðsins, sem 17. gr. ræðir um. En jeg get ekki gengið inn á það, að tekinn sje hver eyrir varasjóðs og settur í veltu. Varasjóðurinn á að tryggja sparisjóðinn allan, og hvern einstakan, sem fje á í honum, og það má ekki líta eingöngu á lánsþörfina; það þarf engu síður að tryggja þá, sem trúa sparisjóðnum fyrir fje sínu, og jeg hygg, að eigi sje ráðlegt, að hafa tryggingar minni, en nefndin leggur til. Jeg get samsint því, að 3. brtill. nefndarinnar sje óþörf, eins og háttv. 2. þm. N.-Múl. (E. J.) benti á. Þó hef jeg ekki heimild frá nefndinni að taka hana aftur að svo stöddu, en geri ráð fyrir, að hún verði fengin, áður en til atkvæða er gengið.

Aftur á móti verð jeg að telja það rjettara, að bætt sje við orðinu „innborgað“ á undan „ábyrgðarfje“ í 3. gr., því að hugsandi er, að einhverjir þeir, sem tekið hefðu að sjer ábyrgð á sparisjóðsfje, vildu reikna sjer vexti af ábyrgðarfje sínu, og færðu það sem ástæðu, að þeir hefðu orðið að festa það eða draga frá arðsömum fyrirtækjum, þó það væri ekki innborgað í sjóðinn. En nefndin telur það rjettast, að vextir þessir sjeu ekki reiknaðir af öðru tryggingarfje, en því, sem innborgað er.

ATKVGR.:

1. gr. frv. samþ. í e. hlj.

1. brtill. á þgskj. 205 samþ. í e. hlj.

2. gr. frv., þannig breytt, samþ. í e. hlj.

2. brtill. á þgskj. 205 samþ. með 11 samhlj. atkv.

3. gr. frv., þannig breytt, samþ. í e. hlj.

4. gr. frv. samþ. í e. hlj.

5. gr. frv. samþ. í e. hlj.

3. brtill. á þgskj. 205 tekin aftur.

6. gr. frv. samþ. í e. hlj.

7. gr. frv. samþ. í e. hlj,

4. brtill. á þgskj. 205 feld með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Björn Þorláksson,
Guðjón Guðlaugsson,	Steingr. Jónsson,
Hákon Kristoffersson,	Eiríkur Briem,
Jón Jónatansson,	Guðm. Björnsson,
Jósef Björnsson,	Júlíus Havsteen,
Þórarinn Jónsson.	Sigurður Eggerz,
	Sig. Stefánsson.

8. gr. frv. samþ. með 11 samhlj. atkv.

5. brtill. á þgskj. 205 samþ. með 12 samhlj. atkv.

6. brtill. á þgskj. 205 samþ. með 12 samhlj. atkv.

9. gr. frv., þannig breytt, samþ. með 11 samhlj. atkv.

10. gr. frv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

11. gr. frv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

7. brtill. á þgskj, 204 fallin af sjálfu sjer.

12. gr. frv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

8. brtill. á þgskj. 205 samþ. með 10 samhlj. atkv.

9. brtill. á þgskj. 205 samþ. án atkv.-gr.

10. brtill. á þgskj. 205 samþ. án atkv.-gr.

11. brtill. á þgskj. 205 samþ. með 10 samhlj. atkv.

12. brtill. á þgskj. 205 samþ. með 11 samhlj. atkv.

13. brtill. á þgskj. 205 samþ. án atkv.-gr.

14. brtill. á þgskj, 205 samþ. án atkv.-gr.

13. gr. frv. þannig breytt samþ. með 10 : 1 atkv.

14. gr. frv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

15. gr. frv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

15. brtill. á þgskj. 205 fallin af sjálfu sjer.

16. gr. frv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

16. brtill. á þgskj. 205 samþ. með 10 samhlj. atkv.

17. gr. frv., þannig breytt, samþ. með 10 samhlj. atkv.

18. gr. frv. samþ. með 10 samhlj. atkvæðum.

17. brtill. á þgskj. 205 samþ. án atkv.-gr.

18. brtill. á þgskj. 205 samþ. með 10 samhlj. atkv.

19. brtill. á þgskj. 205 fallin af sjálfu sjer.

19. gr. frv., með áorðnum breytingum, samþ. með 10 samhlj. atkv.

20. brtill. á þgskj. 205 fallin af sjálfu sjer.

21. brtill. á þgskj. 205 fallin af sjálfu sjer.

20. gr. frumv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

21. gr. frumv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

22. brtill. á þgskj. 205 fallin af sjálfu sjer.

22. gr. frumv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

23. brtill. á þgskj. 205 fallin af sjálfu sjer.

23. gr. frv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

24. brtill. á þgskj. 205 samþ. með 9 : 2 atkv.

Greinatala frumv. breytist samkvæmt því:

25. gr. frv., sem verður 24. gr., samþ. með 10 samhlj. atkv.

26. gr. frv., sem verður 25. gr., samþ. með 10 samhlj. atkv.

27. gr. frv., sem verður 26. gr., samþ. með 10 samhlj, atkv.

28. gr. frv., sem verður 27. gr., samþ. með 10 samhlj. atkv.

29. gr. frv., sem verður 28. gr., samþ. með 10 samhlj. atkv.

30. gr. frv., sem verður 29. gr., samþ. með 10 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

2. *Frv. til laga um friðun fugla og eggja* (212, 224). 3. umr. Málið tekið út af dagskrá.

---

21. fundur. Föstudaginn 1. ágúst, kl. 1 síðdegis. Allir á fundi nema 3. kgk. þm., Steingrímur Jónsson, sem tilkynti sjúkdómsforföll.

1. *Frv. til laga um friðun fugla og eggja* (212, 224, 226, 227, 230); 3 umr.

Jón Jónatansson, framsm.: Jeg fyrir mitt leyti var farinn að verða hræddur um, að þrátt fyrir alt það eggjahljóð, sem verið hefur hjer í deildinni, að úr þessu frv. ætlaði ekkert annað að verða en örverpi. Nú hafa málin þó skipast svo, að ekki er loku skotið fyrir, að einhvern tíma komi fleygur fugl úr egginu. Þetta fuglamál hefur að vísu orðið nefndinni allerfitt, en hún hefur þó ekki viljað láta sitt eftir liggja, að gera tilraun til þess að bjarga því gegnum deildina. Frv. á þskj. 212 er hvorki fugl nje fiskur, og hefur því nefndin orðið að breyta því talsvert til þess að gera það frambærilegt. Með brtill. á þskj. 230 hefur nefndin reynt að finna meðalveg og gerir hún því ráð fyrir að brtill. á þskj. 224, 226 og 227 sjeu sjálffallnar úr sögunni. Jeg sje því ekki ástæðu til að fjölyrða frekara um brtill., því að jeg hygg, að öllum sje ljóst, hvað meint er með henni. Loks vil jeg fyrir nefndarinnar hönd láta þá ósk í ljósi, að úr því að hún hefur gert sjer slíkt far um að bjarga málinu, þá afgreiði háttv. deild það fljótt og hljóðalaust.

Júlíus Havsteen: Jeg vil aðeins leyfa mjer að spyrja, hvers vegna nefndin hefur slept að friða rjúpnaegg. Þau virðast þó eiga að hafa jafn mikinn rjett á sjer, sem önnur egg, er menn vilja friða.

Jón Jónatansson, framsögumaður: Nefndin sá ekki ástæðu til að friða rjúpnaegg, því að svo lítið er tekið af þeim, og þar að auki á nú að friða rjúpuna meira en verið hefur, svo að það verður að álítast nægilegt.

Sigurður Stefánsson: Jeg vil geta þess fyrir hönd okkar flm. um brtill. á þskj. 226, að hún er tekin aftur.

ATKGR.:

Brtill. á þgsk. 224, 226 og 227 voru teknar aftur.

Brtill. á þgsk. 230, 1 samþ. með 7 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 230, 2 feld með 6: 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Guðm. Björnsson,	Eiríkur Briem,
Jón Jónatansson,	Guðj. Guðlaugsson,
Jósef Björnsson,	Hákon Kristoffersson,
Sigurður Stefánsson,	Júlíus Havsteen,
Þórarinn Jónsson.	Sigurður Eggerz.

Brtill. á þgskj. 230, 3 var samþ. með 9: 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Guðjón Guðlaugsson,
Einar Jónsson,	Guðm. Björnsson,
Eiríkur Briem,	Hákon Kristoffersson.
Jón Jónatansson,	
Jósef Björnsson,	
Júlíus Havsteen,	
Sigurður Eggerz,	
Sigurður Stefánsson,	
Þórarinn Jónsson.	

Brtill. á þgsk. 230, 4 fallin af sjálfu sjer.

Brtill. á þgsk. 230, 5 samþ. með 7: 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei*:
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Hákon Kristoffersson,	Eiríkur Briem,
Jón Jónatansson,	Guðj. Guðlaugsson,
Jósef Björnsson,	Guðm. Björnsson,
Sigurður Stefánsson,	Júlíus Havsteen.
Þórarinn Jónsson.	

Sigurður Eggerz greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum.

Brtill. á þgsk. 230, 6 samþ. með 7. samhlj. atkv.

Brtill. á þgsk. 230, 7 samþ. með 7 samhlj. atkv.

Frumvarpið, þannig breytt, var samþ. með 7 : 3 atkv. og afgreitt til neðri deildar.

---

2. *Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. nóv. 1903 um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórnar í kaupstöðum* (215) 3. umr.

Frumv. var samþ. í einu hljóði og afgreitt til neðri deildar.

---

3. *Frv. til landskiftalaga.* 2. umr. í (101 n. 217, 218).

Jón Jónatansson, framsögumaður: Eins og nefndarálitið í þessu máli ber með sjer, hefur nefndin lagt það til, að frumvarpið verði samþykt, með nokkrum breytingum, sem hún leggur til, að á því verði gerðar. Skal jeg nú minnast lauslega á einstakar greinar frumvarpsins og jafnframt geta þeirra breytinga, sem nefndin leggur til að gerðar verði. Í fyrstu gr. eru ákvæði um, hvaða lönd komið geta til skifta, og það tekið fram, að hver eigandi geti krafizt skifta. Breytingartillaga nefndarinnar við þessa grein, er að eins orðabreyting, að í stað orðanna „sveitabýla, sem fleiri jarðir hafa til samnota“, komi „sveitajarða, sem fleiri býli hafa til samnota“. Við 2. gr. hefur nefndin ekki gert neina breytingartillögu. Ákvæðið um, að sýslumaður skuli nefna oddamann, er sett í því skyni að tryggja, að við skiftin sje maður, sem sjerþekkingu hefur, en á annan hátt virðist það tæplega verða trygt. Við 3. gr. er þess að geta, að rjett hefur þótt að láta ákvæðin um, að hver eigandi jarðar geti krafizt skifta, ekki ná til hlunninda, heldur skuli þá þurfa samþykki eigenda að meiri hluta landsins. Á þessari grein hefur nefndin ekki lagt til, að gerð yrði nein breyting. Þá er 4. grein. Brtill. nefndarinnar við þá grein er aðeins orðabreyting. Í niðurlagi greinarinnar er sagt, að veðhafi geti heimtað yfirmat um 1 ár frá því að honum hafa verið tilkynt skiftin. En hjer þótti nefndinni þurfa skýrari fyrirmæli og leggur því, til að ákveðið sje beinlínis, að sýslumaður skuli tilkynna veðhafa skiftin. Í stað orðanna „honum hafa verið tilkynt skiftin“ leggur því nefndin til að komi: „sýslumaður hefur tilkynt honum skiftin“. Um C lið þessarar breytingartillögu er það aðeins að segja, að nefndinni þótti fara betur á því, að ákvæðin um dagpeninga væru sett í sjerstaka grein, sem verður 5. grein. Um 5 gr. finn jeg ekki ástæðu til að segja mikið. Nefndin hefur ekki gert neina breytingartillögu við þessa grein. Ákvæðið um, að útektarmenn skuli kynna sjer nákvæmlega landamerki aðliggjandi jarða, er nauðsynlegt til þess, að fyrirbyggja að ágreiningur rísi síðar um þetta efni. Um síðari lið greinarinnar er það eitt að segja, að rjett virðist, að gefa í lögunum bendingu um, að úttektarmenn skuli reyna, ef þörf er á vegna skiftanna, að fá krókóttum og óhagkvæmum landamerkjum breytt með samkomulagi við hlutaðeigendur.

6. gr. er aðeins bending um, að skifta skuli, svo að land hverrar jarðar liggi sem

mest í samhengi, og að tilgreina skuli ástæður, ef þessu verður ekki við komið; er það einkum nauðsynlegt vegna yfirmats, er krafizt kynni að verða. Við 7. grein hefur nefndin gert 2 breytingartillögur. Greinin ræðir um, hvernig að skuli fara, þegar einn af eigendum að óskiftu sameignarlandi hefur tekið blett til ræktunar án samþykkis hinna. Nefndin vill leggja það til, að það sje aðalreglan, að hann fái að halda landinu, en verði því ekki komið við, sjeu honum metnar hæfilegar bætur í ræktunarkostnað, sem þeir greiði, er fá það land, sem hann hefur ræktað. Þá er 8. grein. Það hefur þótt rjett, að gefa bendingu um, að athugað væri við skiftin, hvernig fara skuli um þá vegi, sem liggja um sameignarlandið, og hvar þar skuli vegi leggja síðar meir, ef þörf gerist, til þess að fyrirbyggja, að það valdi vandræðum eftir á. Þá leggur nefndin það til, að bætt sje við þessa grein tveim nýjum málsgreinum. Þykir rjett að gefa þeim, er skifta, bendingu um að taka tillit til þess við skiftin, ef landinu er hætta búin af skemdum af völdum náttúrunnar, svo að síður verði hætt við ágreiningi, ef landspjöll verða eftir að landinu hefur verið skift. Um síðari málsgreinina er það sama að segja, að hún gefur bendingu um, að þess sje gætt við skiftin, að þau hindri ekki framræslu þar sem hennar er þörf. Það getur vel komið fyrir, að votlend landspilda lendi í hlut, eins þeirra, er landið áttu saman, og er þá nauðsynlegt, að hafa ákvæði um þetta efni. — 5. breytingartillaga nefndarinnar við 9. gr., er aðeins orðabreyting. Við 10. grein hefur nefndin ekki gert neina breytingartillögu. Það, sem þar er kveðið á um, að úttektarmenn skuli láta setja glögg merki fyrir því, hvernig þeir hafa skift, er aðallega gert vegna yfirmatsins, til þess að þá verði ekki vilzt um, hvernig undirmatsmenn hafa ákveðið merkin; en að skiftunum fullloknum, fer að sjálfsögðu um merkjagerð eftir því, sem landamerkjalögin skipa fyrir. Samkv. 11. grein eiga leiguliðar að hafa rjett til þess að krefjast, að skift sje milli þeirra slægjum og beit í óskiftu landi, en þau skifti geta auðvitað að eins orðið afnotaskifti. Þá er 12. grein. Það hefur þótt rjett, að heimila landeigendum, að gera skiftin sjálfir, ef þeir geta komið sjer saman um það, og aðrir hlutaðeigendur samþykkja. Þá hefur og þótt nauðsynlegt, að skiftin sjeu skráð greinilega og þeim síðan þinglýst. Breytingartillögur nefndarinnar við þessa grein eru aðeins orðabreytingar. Seinni liður þessarar greinar fer fram á það, að ef einhver hefur látið meira land af hendi, en hann fjekk á móti að rjettri tiltölu, skuli það tilkynt sýslumanni, svo að hann geti breytt skattgreiðslunni eftir því. 13. grein var upphaflega sett í frumvarpið í því skyni að veita leiguliða, ef hann telur afnotum sínum spilt við skiftin, rjett til að láta úttektarmenn skera úr málinu og meta sjer sanngjarnar bætur. Hefur þetta verið gert til þess að hindra málaþras. Nefndin hyggur, að þetta muni mjög sjaldan koma fyrir og hyggur nægja, að taka upp í 4. gr. ákvæði um, að bjóða skuli leiguliðum að vera við skiftin, í stað þess að heimila þeim að heimta bætur eftir á; gerir hún ráð fyrir, að þeir, sem skiftin gera, taki svo mikið tillit til hagsmuna leiguliða og athugasemda þeirra, sem hann gerir, að varla muni koma fyrir, að hagsmunum hans sje spilt. Leggjum vjer því til, að 13 gr. sje feld burtu, en í stað hennar samþykt breytingartillaga nefndarinnar við 4. grein.

Við 14. grein hefur nefndin enga breytingartillögu gert. Það hefur þótt rjett, að setja ákvæði um, hvernig fara skuli um skógarhögg og mótak í óskiftum sameignarlöndum til þess að fyrirbyggja, að af því geti risið ágreiningur. Í 15. grein er sagt, hvernig fara skuli um sambeit. Nefnd-

in hefur ekki gert neina breytingatillögu við þessa grein, en þykir rjettara, að nánar sje kveðið á um, hvernig ítölu skuli meta. Leggur hún til, að orðin „fyrir sinn eigin búpening eða“ falli burt og að tveim nýjum málsgreinum verði bætt aftan við greinina, þar sem ákveðið verði, hver vera skuli grundvöllur matsins. Hyggur nefndin, að ef sumir hafa meira fje í haga, en þeim ber, geti svo farið, að hinir fari í kapphlaup við þá og yfirfylli svo hagana, ef engin takmörk eru sett fyrir þessu. Slíkt er ótækt, og þykir því rjett, að setja inn í frumvarpið ákvæði um, að meta skuli, hve mikinn fjenað má hafa í högunum að skaðlausu. Eru engar líkur til, að nein vandræði verði með að meta slíkt, því úttektarmenn verða að jafnaði kunnugir jörðum þeim, sem þeir skifta og geta auk þess stuðzt við skýrslur annara kunnugra manna. Þá þykir og rjett, að ef einhver hefur minna fje í haga, en hann hefur rjett til, skuli sameignarmenn hafa forgangsrjett gegn endurgjaldi, til að fylla ítölu hans fyrir öðrum út í frá.

Hef jeg nú minzt á einstakar greinar frumvarpsins og jafnframt getið þeirra breytinga, sem nefndin leggur til að gerðar verði, og finn jeg ekki ástæðu til að orðlengja frekar um frumvarpið að sinni, enda er í nefndarálitinu gerð glögg grein fyrir tillögum nefndarinnar og áliti hennar á málinu. Vona jeg, að háttvirt deild verði nefndinni sammála um að samþykkja frumvarpið og afgreiða það frá þessari deild.

Var þá umræðum lokið og gengið til atkvæða um einstakar greinar frumvarpsins.

1. brtill. á þgskj. 218 samþ. án atkvæðagreiðslu.

1. gr. frv. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. og 3. gr. hvor um sig samþ. í einu hljóði.

2. brtill. á þgskj. 218, liðirnir a, b og c samþ. hver um sig án atkv.

4. gr. frv., þannig breytt, var því næst samþ. með 11 samhlj. atkv.

5. og 6. gr., hvor um sig, var samþ. með 11 samhlj. atkv.

3. brtill. á þgsk. 218, a liður, var samþ. án atkv.greiðslu.

b liður var samþ. með 10 shlj. atkv.

7. gr. frv., þannig breytt, var samþ. með 11 samhlj. atkv.

4. brtill. við 8. gr. (þgsk. 218), fyrri liður, var samþ. án atkv.greiðslu; síðari liður með 11 samhlj. atkv.

8. gr. þannig breytt, var sþ. með 10 samhlj. atkv.

5. brtill. á þgsk. 218 við 9. gr. var samþ. án atkvæðagreiðslu.

9. gr. þannig breytt, var sþ. með 11 samhlj. atkv.

10. gr. frv. var sþ. með 9: 1 atkv.

11. gr. frv. var sþ. með 9: 1 atkv.

6. brtill. á þgskj. 218, liðirnir a, b og c við 12. gr. voru sþ. hver um sig, án atkvæðagreiðslu.

12. gr., þannig breytt, var sþ. með 11 samhlj. atkv.

7 brtil. á þgsk. 218 um, að 13. gr. falli burt, var sþ. með 11 shlj. atkv.

13. gr. frv. þar með fallin.

14. gr. frv., sem verður 13. gr., var sþ. með 10 samhlj. atkv.

8. brtill. á þgsk. 218 við 15. gr., a liður var sþ. með 11 shlj. atkv. og b liður sömul. með 11 samhlj. atkv,

15. gr. frv., sem verður 14. gr., þannig breytt, samþ. með 11 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. var sþ. án atkvæðagreiðslu.

Frv. var vísað til 3. umr. í einu hljóði.

---

22. fundur. Mánudaginn 4. ágúst, kl. 1 síðdegis. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um sparisjóði* (231, 255,256). 3 umr.

Þórarinn Jónsson, framsögumaður: Frumvarp þetta hefur tekið nokkrum

breytingum frá því, er nefndin gerði ráð fyrir, vegna þess, að aðalbreyting nefndarinnar, um umsjónarmanninn, var feld. Þessi atkvæðagreiðsla kom okkur meiri hluta nefndarinnar heldur að óvörum, af því að við höfðum skilið það svo, að allir nefndarmennirnir hefðu orðið sammála um, að reyna þá leið, sem nefndinni kom saman um. Það sem sjerstaklega vakti fyrir mjer, þegar um þetta var að ræða, var, að eftirlitið með sparisjóðunum yrði svo mikið verk, að það yrði ókleyft fyrir einn mann að koma því í gegn nema á mörgum árum, en hins vegar bezt, að lögin kæmu sem fyrst til framkvæmda. Ef umsjónarmaðurinn ætti því að koma lögunum í framkvæmd hvað eftirlitið snertir, þá yrði hann að fela það öðrum mönnum, eða þá að ferðakostnaður hans yrði mjög mikill. Jeg sje ekki ástæðu til þess, að fjölyrða frekar um þetta hjer, vegna þess, að engin breyting liggur fyrir í þessa átt, en vildi þó taka þetta fram, af því að við 1. umr. hreyfði jeg ekkert þessu atriði sökum þess, að jeg vildi ekki að fyrra bragði hefja máls á því, þar sem nefndin hafði öll orðið þarna sammála, eins og nefndarálitið ber með sjer. Atkvæðagreiðslan er því einkennilegri.

Á þingskj. 255 er komin fram brtill. um að fella burtu aðra málsgrein 13. gr. um víxla og sjálfskuldarábyrgðarlán. Nefndin getur ekki fallizt á þessa brtill., því hún fer í bága við þá skoðun nefndarinnar, að það sje fyrsta skylda sparisjóðanna að varðveita innieigendur fyrir tapi, eins og líka tekið er fram í 1. gr., þar sem sagt er, að ávaxta sparisjóðinn á sem allra tryggilegastan hátt, en ef brtill. verður samþykt, þá verður ekki sagt, að tryggingin sje í bezta lagi. Það má segja, að þegar sparisjóðir eru stofnaðir, að þá hafi sparisjóðsstjórnirnar nóga þekking á þeim, er biðja um lánin, og hún lánar þannig, að hún fari ekki lengra en svo, að lánin sjeu trygg, en þegar sjóðurinn stækkar og verkahringurinn vex og nýir stjórnendur taka við, þá má ekki vænta, að svo sje altaf.

Háttv. 2. þm. Árn. (J. J.) gat þess við 2. umræðu þessa máls, að sparisjóður sá, er hann þekti mest og hann þá talaði um, hefði tiðkað það, að lána út á tilvonandi sjávarafla, og finst mjer sparisjóðurinn þar leggja út á hálan ís, og jeg vil meira að segja kalla það bíræfni að lána út á fiskinn *í sjónum*. Öðru máli væri að gegna, ef fiskuriun væri kominn á land. Setjum svo, að sparisjóður þessi láni 20 mönnum sínar 500 krónurnar hverjum, það verða alls 10,000 krónur upp á 6% vexti, í stað þess að lána þessa upphæð gegn fasteignaveðum með 4%. Á þessu græðir sparisjóðurinn vitanlega 200 kr. á ári, ef alt fer vel. En hann þarf ekki að fá nema tap hjá einum lántakandanum, 500 kr., til þess að allur ágóðinn og helmingi meira sje farið forgörðum. Sparisjóðurinn á hjer alt of mikið á hættu, og það er hin fyrsta skylda sparisjóðsstjórnanna, að gæta þess, að sjóðurinn tapi ekki. Sjóðirnir ávaxta oft ómyndugra fje. og jeg held, að ef gengið væri um á meðal innieigenda sjóðsins, þá vildu þeir heldur lága en trygga vexti, heldur en háa og ótrygga. Eins er það, að ýmsir sparisjóðir skulda bönkunum, og ef bankarnir þurfa að fá fjeð, þá mega ekki sparisjóðirnir hafa það alt í ótryggum lánum, heldur verða að hafa fje til staðar. Sama er að segja um það, ef stærri inneignum væri sagt upp. — Jeg er ekki að tala um það, að geyma peningana arðlausa á kistubotninum, heldur aðeins að tryggja innlagsmenn sem bezt. Póstsparisjóðirnir á Englandi hafa verið notaðir stórmikið, og eru vextirnir þó mjög lágir, jafnvel 2%, en það er hægt að ná innieignum í öllum pósthúsum landsins, hvenær sem er, og tryggingin er áreiðanleg. Ríkið stendur á bak við; þess vegna gera menn sig ánægða með lága vexti.

Jeg tel, að það sje sjálfsagt, að hafa tryggingar sparisjóðanna sem beztar, og tel því óráðlegt, að samþykkja þessa breytingartillögu.

Á þgskj. 256 hefur nefndin borið fram breytingartillögu um, að 4. málsgrein 13. greinar falli burt, og er það afleiðing af atkvæðagreiðslunni um mál þetta hjer við 2. umræðu. Hin breytingartillagan á sama þingskjali er afleiðing af hinni fyrri.

Jeg vænti, að háttv. deild samþykki frv. með þessum breytingum á þgskj. 256.

Jón Jónatansson: Jeg hef, ásamt tveim öðrum háttv. þm. leyft mjer að koma fram með breytingartillögu á þgskj. 255. Háttv. frsm. nefndarinnar (Þ. J.) hefur nú skýrt frá afstöðu nefndarinnar til þessarar tillögu, en jeg finn ekki ástæðu til að lengja umræðurnar mikið, en vil aðeins víkja að henni örfáum orðum.

Það er fljótsagt, að brtill. þessi fer fram á það, að láta það bíða fyrst um sinn að setja um þetta fastar skorður. Það sem vakir þar fyrir oss tillögumönnum, er að láta eftirlitið leiða í ljós, hvaða skorður eigi að setja og hvaða breytingar eigi að gera.

Það þarf að rannsaka það, hversu langt þarf að fara í þessu, því það er svo náið samband á milli hagsmuna innleggenda og lántakanda, og því varhugavert að gera nokkuð það, er hnekki lánsstarfseminni. Við viljum þess vegna ekki setja þessi takmörk strax, við viljum láta bíða með það, þangað til það er komið í ljós, hvaða takmarkanir þurfa, og hvar takmörkin eiga að vera. Og þetta á umsjónarmaðurinn að geta rannsakað.

Við 2. umræðu málsins var vikið að því, að aðalatriðið fyrir sparisjóðina væri söfnun fjárins. En söfnunin er mjög nátengt því að gera fjeð arðberandi, því það getur ekki verið meining löggjafarvaldsins, að styðja að því, að menn safni fje í vetlingsþumla eða feli það í kistuhandraðanum, heldur hitt að fjeð beri þeim arð, er safna, og geti jafnframt unnið öðrum gagn. Það má því ekki telja þetta eins aðskilið, og sumir hv. þm. virðast vilja gera, því söfnunin kemur þá fyrst að verulegu gagni, að fjeð sje arðberandi.

Við aðra umræðu ljet hv. 3. kgk þm. (Stgr. Jónsson) í ljósi, að akvæðið um víxlana og sjálfskuldarábyrgðarlánin næði ekki til þeirra víxla eða sjálfskuldarábyrgðarlána, sem jafnframt eru trygð með handveði eða fasteignaveði, en þá tel jeg betra, að fella þetta ákvæði burtu, því jeg efa, að það sje gott, að setja slík ákvæði í lög, sem óhjákvæmilega leiða til þess, að menn leita ýmsra bragða til að fara svo í kringum lögin, og ekki eru lánin tryggari fyrir þessi málamyndarveð, sem hjer er gefið undir fótinn með, því þessi viðbótarveð geta oft verið lítils eða einskisvirði, og eins er það um handveðslánin, að þau eru tvíeggjuð; lánunum yrði einmitt miklu síður borgið alloft með þessu móti, heldur en nú á sjer stað almennt hjá sparisjóðum um venjuleg sjálfskuldarábyrðarlán; yrði þeim því ekki betur borgið.

Háttv. frsm. (Þ. J.) taldi það litla varfærni, að lána út á fiskinn í sjónum, og kann að vera, að það sje svo, fljótt á litið. en þegar nánar er aðgætt, þá er svo ekki. Lán þessi, sem jeg gat um að sparisjóður Árnessýslu lánaði sjómönnum til veiðarfærakaupa, eru að öðru leyti vel trygð, og aflavonin er aukatrygging, og svo eru lánin greidd af óskiptum afla, og það hefur aldrei komið fyrir, þó að afli hafi eitthvað brugðizt, að lánin ekki hafi greiðzt; þau hafa reynst vel trygg. Þetta hefur reynslan sýnt; það hefur aldrei tapazt á þeim, og reynsluna er meira að marka en getgátu og ímyndun manna.

Jeg vil ekki mæla á móti því, að nauðsynlegt kunni að vera, að einhverjar takmarkanir sjeu settar fyrir útlánsstarfssemi sparisjóðanna, en jeg vil, að reynslan leiði í ljós, hvar þeirra er þörf, og hvar tak-

mörkin eigi að vera, og jeg tel það varasamt, eins og nú er ástatt, að fara lengra en þörf krefur.

Eiríkur Briem: Um breytingartillöguna á þgskj. 256, vildi jeg segja nokkur orð, þó að h. frsm. (Þ. J.) gerði mikið góða grein fyrir athugasemdum nefndarinnar um hana.

Að ýmsu leyti, jafnvel flestu leyti, get jeg verið samþykkur flestu af því, er hv. 2. þm. Árn. (J. Jónat.) tók fram, en það er þar við að athuga, að það á ekki heima um sparisjóði. Hjer er um tvenskonar stofnanir að ræða; annarsvegar eru þær stofnanir, er aðallega hafa fyrir augum að útvega mönnum lán, það eru einskonur bankar í smáum stil, og þeir gætu komizt hjer á fót samhliða sparisjóðunum, en eftir því sem lagt er í merking orðsins sparisjóður, bæði erlendis í tilsvarandi orð, og einnig hjer á landi, þá er það hlutverk sparisjóðanna, að ávaxta fjeð á sem tryggilegastan hátt. Tryggingin er aðalatriðið, og þeir, sem leggja inn í sjóðinn, eiga að hafa vissu fyrir því að fjeð sje altaf trygt. Hitt er rjett, er hv. 2. þm. Árn. (J. Jónat.) tók fram, að víxlar og sjálfskuldarábyrgðarlán geta verið trygg, en það er undir kunnugleik stjórnendanna komið, og til jafnaðar eru veðin betri og hægra að hafa eftirlit með þeim. Og samkvæmt 1. gr. eru sparisjóðirnir skyldir að ávaxta fjeð á sem tryggilegastan hátt, og aðrar stofnanir ekki nefndar sparisjóðir, en þær, er fullnægja ákvæðum þessara laga, og í 25. gr. er gert ráð fyrir, að þeir geti geymt ómyndugra fje um stundarsakir. Það ákvæði stendur í sambandi við þetta.

Menn mega ekki láta það villa sjer sjónir, að það stendur öðruvísi á, fyrst þegar sparisjóðir eru nýstofnaðir og meðan þeir eru litlir, heldur en síðar. Þeir, sem stofna þá, taka ástfóstri við afkvæmi sitt, og reyna að efla og tryggja það sem allra bezt, og á meðan sjóðurinn er lítill, geta þeir stjórnað honum með mikilli nákvæmni, enda þekkja þá nánar lántakendurna og ábyrgðarmennina. Oft eyða þeir líka miklum tíma og fyrirhöfn í þetta fyrir ekkert. Öðru máli er að gegna, þegar sjóðirnir stækka, þá koma aðrir menn að stjórninni, sem máske láta sjer ekki eins ant um sjóðinn og stofnendurnir, og verkið og starfssviðið er orðið stærra, svo að stjórnendurnir geta ekki þekt lántakendurna og ábyrgðarmennina, nema meira eða minna af afspurn, og lánin verða því ekki eins trygg. Í stórum sparisjóðum er það því verra viðureignar að sjá um, að lánin sjeu öll trygg, og ákvæði um sparisjóði eigi ekki við aðrar útlánsstofnanir.

Sjóðir, er hafa aðallega fyrir augum lánveitingar, eru ekki sparisjóðir eftir því, sem það er skilið. Sparisjóðirnir lána jafnaðarlega út á lægri vexti, vegna þess, að þeir heimta meiri tryggingu og geta ekki ávaxtað fje sitt, svo að þeir eigi neitt á hættu. Það er líka meira erfiði, að lána fje móti víxlum og sjálfskuldarábyrgðum, einkum til stutts tíma.

Það er rjett, er háttv. 2. þm. Árn. (J. J.) tók fram, að það er oft lítil trygging í því, þó að veðrjettur sje látinn með ábyrgðinni; þriðji veðrjettur t. d. er oft lítils virði. En nefndin vildi samrýma þetta sem allra bezt, og vildi ekki leggja meiri hömlur á starfsemi sparisjóðanna, en óumflýjanlega nauðsynlegt væri. Og jeg sje ekki, að það sje hægt að fara lengra í þessu efni, en nefndin gerir, og ef veðin eru notuð eingöngu til þess að reyna að fara í kringum lögin, þá ætti það að koma fram við eftirlitið, og verða þá kipt í lag.

Jeg lít svo á, að það sje hið minsta, er nefndin hefur krafizt, og er stundir líða fram, þá verði heimtuð meiri trygging, en þá ættu líka að koma á fót aðrir sjóðir, er hefðu það hlutverk, að útvega innleggendum sem hæsta vexti og veita

lán, og þeir ættu að veita stuttu lánin til sjómannanna, er háttv. 2. þm. Árn. (J. J.) talaði um, en ekki sparisjóðirnir.

Sigurður Eggerz: Ógn stutta athugasemd.

Vegna þess, að jeg er einn þeirra manna, er flyt brtill. á þingskjali 255, vildi jeg gera grein fyrir ástæðum mínum.

Sem endurskoðandi hef jeg haft nokkur kynni af sparisjóði. Mjer þótti fyrst vera of mikið af ábyrgðarlánum, en reynslan hefur sýnt mjer, að engin vissa er fyrir, að fasteignarlánin sjeu yfirleitt tryggari en ábyrgðarlánin. Það verður að gæta að því, að flestar jarðir eru festar með 1. veðrjetti í bönkunum, og ef farið er að lána út á 2. og 3. veðrjett, þá er oft lítil trygging að því. Sjerstaklega vil jeg taka það fram, og leggja áherzlu á það, að jeg tel 2. veðrjett í húseignum út um land einhver hin ótryggustu veð, sem hægt er að fá.

Yfirleitt tel jeg það athugavert, að ákveða, að ekki megi lána einhverjar sjerstakar tegundir lána, og jeg tel heppilegast, að sparisjóðsstjórnirnar geti ráðið því sjálfar. En ef reynslan sýnir, að það sje heppilegt, að ákveða svo, þá er á sínum tíma að athuga það.

Það tel jeg mestu skifta í frumv. þessu, að nægilegt og tryggilegt eftirlit sje haft með sparisjóðunum, og það tel jeg að ekki geti orðið á annan veg, en að sjerstakur eftirlitsmaður sje hafður með þeim. Þá tel jeg einnig trygging allmikla fólgna í því, að nokkuð af varasjóðnum sje fólgið í verðbrjefum eða lagt inn í trygga banka, en auðvitað má ekki binda of mikið fje sparisjóðanna. Til sveita er oft mikil þörf á smálánum og lítið um veð, og er því ekki hægt að grípa til annara trygginga en ábyrgðanna. Öll bönd á viðskiftalífinu eru altaf mjög athugaverð.

Jeg vil að lyktum mæla með því, að brtill. á þgskj. 255 verði samþykt.

ATKVGR.:

Brtill. á þgskj. 255 feld með 7 : 3.

1. brtill. á þgskj. 256 samþ. með 10 samhlj. atkv.

2. brtill a þgskj. 256 samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frumv. í heild sinni, þannig breytt, samþ. með 10 samhlj. atkv. og sent til forseta neðri deildar.

---

2. *Frv. til landsskiftalaga* (248). 3. umr.

Með því að enginn tók til máls, var gengið til atkvæða, og var frv. samþ. í e. hlj.; verður það afgreitt til Nd.

---

3. *Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912—1913* (238); 1. umr.

Björn Þorláksson: Jeg geri þá tillögu, að skipuð sje 5 manna nefnd í málinu, að lokinni umræðu.

ATKVGR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

5 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Forseta var afhentur listi með þessum nöfnum:

Björn Þorláksson,
Jósef Björnsson,
Sigurður Stefánsson,
Steingrímur Jónsson,
Þórarinn Jónsson,

og var það samþ. í e. hlj., að þessir 5 skyldu skipa nefndina.

Í nefndinni var Sigurður Stefánsson kosinn formaður og Steingrímur Jónssou skrifari.

---

4. *Frumvarp til laga um landssjóðsábyrgð á innlánsfje Landsbankans og útibúa hans og um meðferð á varasjóði bankans* (239); 1. umr.

Eiríkur Briem: Þótt þetta frv. sje ekki langt, þá er það eigi að síður þýðingarmikið, og mun því vera rjettast, að nefnd sje skipuð í málinu, og það því fremur, sem búast má við, að annað mál komi frá h. N. d., sem þannig er háttað, að bezt á við, að sama nefndin taki það einnig til meðferðar. Leyfi jeg mjer því að stinga upp á, að 5 manna nefnd sje skipuð í málinu, að lokinni umræðu.

ATKVGR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

5 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Forseta var afhentur listi með þessum 5 nöfnum:

Eiríkur Briem,
Hákon Kristoffersson,
Júlíus Havsteen,
Sigurður Eggerz,
Steingrímur Jónsson,

og var það samþ. í e. hlj., að þessir 5 menn skyldu skipa nefndina.

I nefndinui var Júlíus Havsteen kosinn formaður og Eiríkur Briem skrifari.

---

5. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30. 16. nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins* (240, n. 251); ein umr.

Með því enginn tók til máls, var gengið til atkvæða, og var frv. samþ. með 8 : 1 atkv. og verður afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

---

6. *Frumvarp til laga um breyting og viðauka við tilskipun 15. ágúst 1832, 15. gr.* (stj.frv. n., 236); 2. umr.

Steingrímur Jónsson, framsögumaður meiri hlutans: Þetta litla frv. er borið fram af stjórninni fyrir hönd málaflutningsmannafjelags Íslands og eftir tilmælum þess. Nefndin í málinu hefur ekki getað orðið sammála. Jeg og háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) álítum frv. þess vert, að það sje samþykt, og verði að lögum. Get jeg að mestu vísað til þess, sem við segjum um þetta í nefndarálitinu á þgskj. 236. Það er ekki tilgangur frv. að takmarka að nokkru rjett manna til að flytja mál sín sjálfir, nje heldur að takmarka þann rjett, sem menn hafa haft að lögum til þess að láta þjóna sína eða frændur gera það. Hið eina, sem frv. fer fram á, er að takmarka rjett ólöglærðra manna til að reka mál fyrir bæjarþingsrjettinum í Reykjavík. Lögfræðingarnir vilja tryggja rjett sinn til þess, að það skuli að jafnaði vera þeir, sem málin eiga að flytja fyrir bæjarþingsrjettinum; og er það samkvæmt því, sem venja er í öðrum löndum,

Málið hefur verið borið undir bæjarfógetann í Reykjavík, og kveður hann hagsmunum aðila venjulega betur borgið, ef lögfróður maður flytur málið, heldur en ólögfróður. Helzt hefði frumv. átt að ná lengra, og eðlilegast væri, að sama reglan gilti um málfærslu fyrir undirrjetti, að minsta kosti í öllum kaupstöðum landsins, því að mín reynsla sem dómara er sú, að málin verði að jafnaði betur skýrð og því hægari viðfangs fyrir dómarann, ef löglærður maður flytur þau. — Að vísu skal jeg játa, að mín reynsla nær þar fremur skamt, því að jeg hef haft fá mál til meðferðar undanfarin ár. Þrátt fyrir þetta töldum við þó ekki ráðlegt, að fara lengra að svo stöddu, með því að fremur óvíða mun enn, sem komið er, vera auðið, með hægu móti, að ná í löglærða

menn til málfærslu utan Reykjavíkur. Ástæður minnihlutans fyrir því, að vera á móti frumv. þessu, munu vera þær, að hann er hræddur um, að það baki fátæklingum of mikinn kostnað. Við þessu mun varla hætt, því að samkepnin mun varna því, að málafærslumenn taki ósanngjarnlega mikið fyrir störf sín. Jeg hygg, að niðurstaðan muni líka oftast verða sú, að það borgi sig betur, þegar öllu er á botninn hvolft, að láta löglærða menn reka mál fyrir sig en ólöglærða. enda þótt þeir kunni að heimta einhverjir minni málafærslulaun. Það ætti líka að bæta úr skák, og gera frv. aðgengilegra fyrir þá, sem líkt líta á það og háttv. minni hluti, að menn mega eftir sem áður láta þjóna sína og frændur reka mál fyrir sig.

Fyrir mjer eru það meðmæli með frv., að það hlynnir að lögfræðingastjettinni, því jeg álít, að það geri það ekki um skör fram eða halli á aðra.

Sigurður Eggerz, framsögumaður minni hlutans: Jeg get verið stuttorður og vísað til þess, sem jeg segi um málið í nefndarálitinu. Aðeins ætla jeg að leiðrjetta eitt atriði í ræðu háttv. 3. kgk. þm. (Stgr. J.); hann kvað hjer það eitt bannað, að ólöglærðir gerðu sjer atvinnu að málarekstri, en þetta er ekki allskostar rjett, það er farið lengra. Mönnum er líka bannað að fela öðrum ólögfróðum mönnum en þjónum sínum og frændum rekstur mála sinna, þó annars hafi þeir það ekki fyrir atvinnu. En svo er líka annars að gæta; frumvarp þetta er þarflítið fyrir lögfræðingana sjálfa; því að ef um nokkuð erfitt eða flókið mál er að ræða, þá mun verða leitað til lögfræðinga með það, þótt engin lagaskylda knýi til þess. Þegar aftur um smámál er að ræða og óbrotin, þá sýnist ástæðulaust að hindra menn frá því, að láta hvern þann reka þau, sem þeim sýnist.

Að vísu geta lögfræðingarnir notað lög þessi á einn veg sjer til hagsmuna. Ef svo færi, að þeir fengju nálega einkarjett til allrar málafærslu, þá væri það ekki nema mannlegt, þótt þeir gerðu samtök og hækkuðu verðskrá sína. En þótt mál þetta geti verið hagsmunamál fyrir lögfræðingana, þá má ekki einblína á það; meira verður að meta hag almennings en þeirra.

Að öðru leyti virðist og stjórnin sjálf ekki líta svo á, að málfærsla ólöglærðra manna sje mjög skaðleg, þar sem hún gerir í frv. sínu ráð fyrir, að veita megi undanþágu frá lögunum þeim mönnum ólöglærðum, sem að undanförnu hafa fengizt við málafærslustörf.

Steingrímur Jónsson, framsögumaður meiri hlutans: Háttv. frsm. minni hlutans (S. E.) kvað frv. þetta gera meira en að banna ólöglærðum mönnum að gera sjer málaflutning að atvinnu, þar sem það takmarkaði líka rjett manna til að taka sjer fyrir málfærslumann hvern sem æskilegast þætti. Þetta er ekki allskostar rjett, því að þótt þeir geti hvorki rekið málið sjálfir nje látið þjón sinn eða frænda gera það, þá geta þeir, eins og bent er á í nefndarálitinu, handsalað öðrum kröfur sínar í skuldamálum. Aðaltilgangur frv. er auðsjáanlega að hindra það, að ólöglærðir menn geri sjer málaflutningsstörf að atvinnu, og má það rjettmætt teljast, þar sem það er samfara, að þegar öllu er á botninn hvolft, mun með þessu bezt trygður rjettur almennings og hagsmunir, og einnig hlynt að málafærslumannastjettinni. Frv. gætir þeirrar góðu og gildu löggjafarreglu, að svifta menn eigi þeim rjettindum, sem þeir hafa öðlazt, og því veitir það undanþágu þeim ólöglærðum mönnum, sem um nokkurn tíma hafa gert sjer málaflutningsstarf að atvinnu. Þetta ætti að vera kostur í augum háttv. minni hl. (S. E.).

Það er rjett og sjálfsagt, að hagur al-

mennings verður að sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum málaflutningsmannanna, En nú hyggur sá maðurinn, sem þessu hlýtur að vera kunnugastur, bæjarfógetinn í Reykjavík, að hag almennings muni ekki verða þröngvað með frv. þessu, heldur þvert á móti, þótt það yrði að lögum. Jeg er þessu að vísu ekki jafn kunnugur sem bæjarfógetinn, en það get jeg þó sagt, að fyrir mig sem dómara er það óendanlegur ljettir, að löglærður maður hafi málaflutninginn, sjerstaklega ef um flókið mál er að ræða.

Jeg tek það enn fram, að frá hagsmunalegu sjónarmiði álít jeg það ekki rjett að fella frv. þetta, og það jafnt, hvort sem litið er á hagsmuni almennings eða hagsmuni málaflutningsmannanna.

Júlíus Havsteen: Þótt jeg eigi að heita löglærður maður, og vænta megi, að jeg sem slíkur láti mjer ant um hag stjettarbræðra minna, þá verð jeg að játa, að jeg er ekki mjög hrifinn af frv. þessu. Þó mun það, að öllu athuguðu, rjettast að lofa því að ganga fram.

Frv. stendur í sambandi við frv. stjórnarinnar um breyting á lögum nr. 32, 20. október 1905 um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík. Þar er dálítið þrengt að ungum lögfræðingum með að mega reka mál fyrir landsyfirdóminum. Þetta frumvarp á svo að verða einskonar uppbót fyrir hitt.

Jeg veit ekki, hvort jeg hefði getað greitt atkvæði með frv., ef eigi væri veitt í því undanþága þeim mönnum, sem að undanförnu hafa fengizt við málaflutning, því jeg álít ekki rjett, að svifta menn, sem stundað hafa málafærslustörf, þeirri atvinnu. Það liggur hjer fyrir yfirlýsing stjórnarinnar um, að hún sje ekki á móti því, að undanþágur sjeu veittar; en rjettast er, að einnig komi yfirlýsing frá þinginu um, að það vilji að sínu leyti, að undanþágur þessar sjeu veittar. Jeg hygg

það vera óhætt, því að mín reynsla er sú, að ýmsir ólöglærðir menn hafi reynzt duglegir málafærslumenn.

Sigurður Eggerz, framsögumaður minni hlutans: Jeg sje ekki, að háttv. framsm. meiri hlutans (Stgr. J.) hafi tekizt að hrekja það, sem jeg sagði, að frv. ekki aðeins útilokaði ólöglærða menn frá því, að gera sjer málaflutningsstarf að atvinnu, heldur bannaði einnig, að þeir ólöglærðir menn flytji mál fyrir aðra, sem ekki væru frændur þeirra eða þjónar, þó málaflutningsstörf væru ekki atvinna þeirra. Hitt er rjett, að maður getur selt öðrum manni kröfu sína, og sá maður svo flutt málið; en þá hefur krafan skift um eiganda.

Jeg tek það enn fram, að hagsmunir almennings eru betur trygðir með núgildandi lögum en þessu. Málaflutningsmönnunum er innanhandar að hækka verðskrár sínar, og getur svo farið, að ókleyft verði fyrir fátæklinga að fara í smærri mál, og þeir neyðast til að láta vera að bera hönd fyrir höfuð sjer, þótt rjettur þeirra sje fyrir borð borinn. Reynslan hefur sýnt það, að með stærri málin er farið til lögfræðinga, en smærri málin eru að jafnaði svo óbrotin, að þeim er fullvel borgið í höndum ólöglærðra manna. Þetta frv. bætir því ekki úr neinni þörf; og jeg segi það enn, að hagur fjöldans á að vera þyngri á metunum, en hagur hinna fáu, lögfræðinganna.

Jósef Björnsson: Jeg verð að taka í sama strenginn sem háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), að jeg sje ekki ástæðu til að samþykkja frv. þetta. Í fyrsta lagi lít jeg svo á, að frv. verði til að íþyngja almenningi. Jeg skal að vísu ekki algerlega neita því, að svo mikil samkepni kunni að verða með lögfræðingunum, eins og háttv. 3. kgk. (Stgr. J.) gerði ráð fyrir, að þeir muni ekki setja upp um hóf

fram fyrir málaflutningsstörf sín; þó er engin trygging fyrir því, og fult svo líklegt mun mega telja það, að afleiðingin af því, ef frv. þetta er gert að lögum, verði sú, að málaflutningsmennirnir geri samtök og hækki verð hjá sjer.

Í öðru lagi get jeg ekki talið undanþáguna, sem frv. veitir, fullnægjandi. Það er að vísu sagt, að stjórnarráðið geti veitt þeim mönnum, sem að minsta kosti 3 síðustu arin, áður en lögin gengu í gildi, hafi fengizt við málafærslu fyrir undirrjetti í Reykjavík, leyfi til að flytja þar mál. En það er töluvert dregið úr þessu með því að bæta við orðunum: „að staðaldri“. Þetta verður því varla miðað við aðra en þá ólöglærða menn, sem hafa haft málaflutning að atvinnu, en þeir munu fáir vera, og undanþágan getur ekki orðið að miklu gagni. Það, sem eðlilegast er í þessu máli, mun koma fram af sjálfu sjer án allrar lagasetningar. Sýni það sig, að hentugra og affarabetra sje, að fá löglærða menn til að flytja mál en ólöglærða, þá munu menn án allrar lagaþvingunar taka þá til þess. Hjer er engin brýn þörf á lagasetning, og hyggilegast og sanngjarnast, að lofa mönnum að þreifa fyrir sjer og láta reynsluna skera úr, hvað bezt er.

Steingr. Jónsson, framsögum. meiri hlutans: Jeg þykist bera hagsmuni almennings fyrir brjósti alveg eins mikið og háttv. þm. V-Skaftf. og hv. þm. Skagf. En viðvíkjandi þeirri athugasemd hv. þm. V.-Skaftf., að undarlegt sje, að undanskilja í frumv. uppboðs- skifta- og fógetagerðir, þá er það að vísu satt, að við þá rjetti geta komið fyrir allvandasöm spursmál, en í 99 tilfellum af 100 eru málin svo blátt áfram, að engin ástæða er til að lögfræðingur mæti, eða jafnvel að nokkur mæti. Í skiftarjetti geta komið fyrir ótal spursmál, sem öll geta orðið ágreiningsatriði. En skiftaráðanda tekst venjulega að jafna þau, þar til ekki eru eftir nema 1—2 eða ekkert. Svipað er að segja um fógetarjettinn.

Með því að ekki tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var frv. felt frá 3. umr. með 9 atkv. gegn 4 að viðhöfðu nafnakalli eftir ósk þessara þingmanna:

Sigurðar Eggerz,
Jóns Jónatanssonar,
Hákonar Kristofferssonar,

og sögðu

já:	*nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Guðm. Björnsson,	Einar Jónsson,
Júlíus Havsteen,	Eiríkur Briem,
Sig. Stefánsson.	H. Kristoffersson,
	Jósef Björnsson,
	Jón Jónatansson,
	Sigurður Eggerz.

Guðjón Guðlaugsson og Þórarinn Jónsson greiddu ekki atk. og voru taldir með meiri hlutanum.

---

7. *Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1811*, 2. umr.

Sig. Stefánsson, framsögum.: Eins og hinni háttv. deild er kunnugt, þá er þetta frv. borið fram af stjórninni og hingað komið frá hinni háttv. Nd. Þær breytingar, sem stjórnin fer fram á að gerðar sjeu á núgildandi lögum eru þær, að undanþegin verði vitagjaldi skip, sem hingað leita hafnar í neyð og skemtiferðaskip. Um hið fyrnefnda hafa komið málaleitanir frá brezku stjórninni og utanríkisráðherra beint þeim til stjórnarinnar hjer. Í vitagjaldslögunum stendur, að ráðherra Íslands megi semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald af fiskiskipum, sem þaðan ganga. Enska stjórnin vildi fá undanþágu, að því er snertir skip, sem hingað leituðu hafnar í neyð, og er frv. þetta komið fram af þeim málaleitunum.

Um skemtiferðaskipin hef jeg aftur á

móti ekki heyrt að neitt „officielt“ hafi komið fram frá erlendum stjórnarvöldum. Stjórnin tekur það og fram í ástæðunum fyrir frumv., að svo hafi ekki verið, heldur hafi henni verið tjáð, að skip, sem eingöngu kæmu til skemtiferða, vildu gjarnan fá undanþágu frá þessu gjaldi. Í hv. neðri deild sætti þetta atriði talsverðum mótmælum, en þó varð það að samkomulagi þar, að samþykkja 15 a. lækkun á tonninu, eða úr 25 a. niður í 10 aura. Nefnd sú, er þessi hv. deild setti til að íhuga þetta mál, hefur orðið ásátt um það, að rjett væri að veita skipum, sem leita hafnar í neyð algerlega undanþágu; hún áleit það sjálfsagða mannúðar- og kurteisisskyldu, eins og hv. Nd. að taka þessa málaleitun til greina, enda svo um hnútana búið, að önnur skip en þau, sem leita hafnar í neyð, geta ekki smeygt sjer undir ákvæðið. Öðru máli gegnir um skemtiferðaskipin. Þar eru engar beinar orsakir til þess að sleppa gjaldinu, hvorki áskoranir frá erlendum stjórnum eða annað og því virðist ekki ástæða til að veita hana. Það er eigi nóg, þó útgerðarmenn þessara skipa vilji helzt vera lausir við að greiða vitagjald.

Eins og lauslega er tekið fram í nefndarálitinu, þá varð nokkur ágreiningur um þessa undanþágu eða linun, og varð það að málamiðlun, að þessi skip skyldu hafa rýmri kosti en nú er, en hækka þó 10 aura gjaldið um 5 aura, svo að skemtiferðaskip greiddu 15 aura af smálest í stað 25, sem ákveðið er í vitagjaldslögunum. Það mælir sanngirni með því, að þau hafi lægra gjald, en mjög fátt með því, að þau sjeu gjaldfrjáls. Tonnatal þessara skipa er tiltölulega miklu hærra, en annara skipa, og að því leyti er sanngjarnt, að þau gjaldi lægra vitagjald.

Það hefur verið sagt, að svo gæti farið, að ef engin linun væri gefin um vitagjaldið, þá mundu skipin hætta að koma og þá færi landið á mis við þann viðskiftahagnað, sem leiðir af komu þeirra. Jeg álít, að ekki sje svo mikið tillit takandi til þessa, að sleppa beri þessum tekjum, enda hefur það sýnt sig í sumar, að það hafa alls ekki komið færri skemtiferðaskip en að undanförnu. Það er ekki mikið leggjandi upp úr því, þótt útgerðarmenn vilji telja mönnum trú um, að skipin hætti að koma, þeir gæta auðvitað sinna hagsmuna. Í sumar hafa komið hingað til Reykjavíkur tvö skip, Grosser Kurfürst og Viktoria Louise, og hefur landssjóður haft 4000 kr. tekjur af þeim í vitagjaldi. Þessari upphæð vil jeg alls ekki kasta frá landssjóði. Auk þess álít jeg, að landið hafi alls ekki svo mikinn hag af 1—2 daga dvöl þessara skipa. Verzlun þeirra í landi mun ekki nema miklu, varla meiru en 1000—2000 kr. Jeg vil því ekki að óreyndu sleppa þessum tekjum alveg, en finst full kurteisi og sanngirni sýnd með því, að færa gjaldið niður um 10 aura frá því, sem nú er, eins og lagt er til í nefndarálitinu.

ATKVGR.:

Brtill. á þgskj. 245 samþykt með 7 shlj. atkv.

1. gr. frv. samþ. í e. h.

2. — — — - - -

Fyrirsögn frumvarpsins samþ. án atkvgr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

---

23. fundur. Þriðjudaginn 5. ágúst, kl. 1. síðdegis. Allir á fundi.

1. *Frumvarp til siglingalaga.* (247); 3. umr.

Eftir ósk nefndarinnar var málið tekið út af dagskrá.

---

2. *Frumv. til laga um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi* (128, n. 214); 2. umr.

Steingr. Jónsson, framsögumaður: Nefndin er samdóma hv. Nd. um það, að frv. þetta geti gert gagn, ef vel er áhaldið. Hún hefur því lagt það til, að samþykkja það óbreytt að efni til, en hefur komið fram með tvær orðabreytingar. Þær eru við 6. gr. Sú fyrri er um, að á eftir orðunum „innheimtu gjaldsins“ komi: „og reikningsskil.“ Nefndinni þótti rjettara, úr því að tekið er fram um innheimtu gjaldsins, að taka þá líka inn í lögin, að setja skuli í samþyktirnar reglur um reikningsskilin. Hin breytingartillagan er um það, að taka upp í lögin titil lögtakslaganna frá 16. des. 1885. Eins og það var í frumv., var það ógreinilega orðað, þar sem aðeins voru tiltekin lög frá 16. des. 1885 án titils eða númers. Jeg hef svo ekki frekara um frv. að segja, en leyfi mjer að endurtaka tillögu nefndarinnar um, að frv. verði samþykt.

ATKVGR.:

1. gr. frumv. samþykt með 12 samhlj. atkv.

2.—5. gr. frv. sþ., hver um sig, með 10 samhlj. atkv.

1. brtill. samþykt með 10 samhljóða atkvæðum.

2. breyttill., samþykt með 10 samhljóða atkvæðum.

6. gr. frumv., svo breytt, samþ. með 10 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 10 samhlj. atkv.

---

24. fundur, miðvikudaginn 6. ágúst, kl. 1 síðdegis. Allir á fundi.

1. *Frv. til siglingalaga.* (247, 286). 3. umr.

Sigurður Eggerz, framsögumaður: Nefndin hefur komið fram með nokkrar brtill. á þgskj. 286 og er aðeins ein þeirra efnisbreyting, en það er brtill. við 1. gr. Brtill. þessi er í fullu samræmi við lög nr. 35., 27. sept. 1901 og lög 19. júní 1888, sem nú eru upp hafin.

Um hinar brtill. er ekki ástæða til að orðlengja. Jeg vil að lokum taka það fram, að það er talsvert um prentvillur í frv., sem skrifstofan hefur gleymt að leiðrjetta, og vona jeg, að það verði gert, er frv. verður endurprentað. Vil jeg svo óska, að mál þetta fái góðan byr, ekki eingöngu hjer í deildinni, heldur líka í hv. neðri deild.

ATKVGR.:

1. brtill. á þgskj. 286 samþykt í einu hljóði.

2.—5. brtill. á þgskj. 286 samþyktar í einu hljóði.

Frv. með breytingum og leiðrjettingum samþykt í einu hljóði og sent til forseta neðri deildar.

---

2. *Frv. til laga um breyting á lögum 22. okt. 1912 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.* (stj.frumv. 252, n. 253). 2. umr.

Jósef Björnsson, framsögumaður: Jeg get verið stuttorður um frv. þetta sökum þess, hve ýtarlegt nefndarálitið er; jeg tel óþarft að taka upp það, sem í nefndarálitinu stendur, enda veit jeg, að háttv. deildarmenn hafa kynt sjer það.

Ákvæði það, sem stjórnin fer fram á að breyta, er, að í stað þess, er gildandi lög nú ákveða, að verja skuli tekjuafgangi símans til að byggja 3. flokks línur, þá skuli honum fyrst og fremst varið til að

endurborga lán, sem tekin verða til símalagninga þeirra, sem teljast til 1. og 2. flokks og til loftskeytastöðva. Nefndin hefur fallizt á þetta og telur, að hjer sje tekin upp rjett stefna. Hún álítur, að varlega sje farandi í að leggja fram fje til 3. flokks síma, og að það eitt skuli hafa til að leggja þá, sem afgangs er af tekjum, þegar vextir og afborganir hafa verið greiddar af hinu tekna láni.

Stjórnin hefur tekið það fram í athugasemdum sínum við frumvarpið, að ef þessi ákvæði verða sett inn í ritsímalögin, þá yrði auðveldara að fá lán til lagningar símanna. Í fljótu bragði virtist þetta ekki vera ljóst, hverju slíkt sætti, og fremur undarlegt, að það þætti betri trygging í símatekjunum en öllum tekjum landsins, þar sem lánið átti að takast á ábyrgð landsins. Við nánari athugun, og eftir að hafa fengið skýringar frá stjórninni um þetta atriði málsins, er nefndin þó þeirrar skoðunar, að þetta sje á rökum bygt. Og þau lánskjör, sem fyrir liggja, telur nefndin aðgengileg.

Í nefndarálitinu er skýrt frá, hvernig hjer stendur á. Lánið getur fengizt, ef breytingar þær eru gerðar á lögunum, sem fram á er farið í frv., úr varasjóði. Stóra Norræna ritsímafjelagsins, og kostirnir eru þeir, að 500 þús. kr. fást til 30 ára með 4% vöxtum og missirisafborgunum, en það eru lágir vextir eftir því, sem nú er varið peningamarkaðinum. Það er nú auðsætt, að þegar fjelag lánar úr varasjóði sínum, hvert sem fjelagið er, þá vilji það tryggja þau lán sem bezt og ekki veita slík lán nema gegn fullri tryggingu eða til arðvænlegra fyrirtækja, sem rekin eru gætilega, og hægt er að benda á að gefi svo vissan arð, sem lánið endurgreiðist af, að hægt sje á hverri stundu sem vera skal að segja: þarna liggja peningarnir, fyrir þeim þarf ekkert veð.

Símarnir hjer hafa sýnt það með reynslunni, að þeir eru mjög arðvænlegir, og að tekjuafgangur af þeim er viss, og því má segja, að ef vextir og afborganir lánsins greiðast af honum áður en honum er varið til annars, þá liggi þar í svo góð trygging, að önnur betri fáist ekki og veð sje óþarft. Þegar þannig er á þetta litið, þá kemur ástæðan glögt fram, sem gerir, að hægt er að fá lánið með betri kjörum sje lögunum breytt á þann hátt, sem fram á er farið, en ella.

Jeg vil bæta því hjer við, að það er með öllu ástæðulaust, að segja, — sem jeg get þó ekki neitað, að mjer hefur borizt til eyrna, — að hjer sje um veðsetning á símatekjunum að ræða. Lánið er veitt gegn ábyrgð landssjóðs og engin önnur trygging heimtuð, svo framarlega sem þingið breytir símalögunum í þá átt, að sagt verði, að farið sje hyggilega með fjeð samkvæmt þeim lögum. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta atriði.

Þá skal jeg snúa mjer að öðrum ákvæðum í frumvarpinu.

Jeg skal þá fyrst víkja að því, hvort þetta frv. hafi það í för með sjer, að töf verði á lagning á fyrirhuguðum 3. flokks símalínum. Eins og nefndarálitið ber með sjer, hefur hún spurt landsímastjórann um þetta efni. Hann hefur ekki talið neina hættu á því, því að starfskraftarnir við lagning á nýjum línum væru ekki meiri en svo, að þeir mundu ekki afkasta meiru en byggja línur fyrir það fje, er afgangs væri af símatekjunum, þá er goldnir væri vextir og afborganir af því láni, er hjer ræðir um. Hjer getur því ekki verið um verulega töf á símalagningum að ræða, og frá því sjónarmiði verður ekki neitt haft á móti frumv.

Jeg sje ekki, að þörf sje á fleiri orðum um þetta atriði.

Jeg sný mjer þá að brtill. nefndarinnar.

Hún leggur til, að gerðar sjeu breytingar á tveim atriðum í gildandi símalögum. Fyrri breytingin, sem hún stingur

upp á, er sú, að línan Sauðárkrókur-Siglufjörður sje færð upp í fyrsta flokk. Þetta byggir nefndin á því, að þessi lína gefur svo góðar tekjur, að engin aukalína 2. flokks gefur eins góðar tekjur. Þetta verður einkum rjettlætiskrafa, ef þessi lína og tekjur af henni eru bornar saman við Vestmannaeyjasímann, eins og sjest á skýrslu um þetta frá landssímastjóra og prentuð er sem fylgiskjal við nefndarálitið. Til lagningar þessari línu, Siglufjarðarlínunni, lagði landssjóður 25 þús. kr., en viðkomandi hjeruð 10 þús. kr. Kostnaðurinn við lagninguna nam því alls 35 þús. kr. Af þessari fjárupphæð eru nettótekjurnar, samkvæmt skýrslu landssímastjóra, 4,645 kr. Þetta eru svo góðar tekjur, að þótt dregið sje frá þeim fyrst 5—5½% vextir af landssjóðshlutunum, að þá verða eftir eitthvað kringum 3½ þús. kr. til greiðslu höfuðstólsins. Með þessu móti þarf ekki nema kringum 7 ár til að greiða allan höfuðstólinn. Jeg hef ekki fundið ástæðu til að reikna þetta nákvæmlega. Vitanlega þyrfti lengri tíma til að greiða lánið, ef þessum 10 þús. kr., er frá hjeruðunum komu, væri bætt við. en ágóðinn verður mjög mikill samt. Jeg skal bæta því við, að ef þessi lína yrði flutt í fyrsta flokk, mundi hjeruðunum að sjálfsögðu verða endurgreitt það, sem þau hafa lagt fram til lagningarinnar. Raunar býst jeg ekki við, að þeim yrði endurgoldið það, sem þau þegar hafa borgað af þessum 10 þús. kr., svo að það verða ekki 35 þús. kr., er landssjóður þarf að borga fyrir línuna, þó hún yrði 1. flokks lína.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að mæla meira með þessari brtill., en leyfi mjer að vænta þess, að háttv. deild samþykki hana.

Þá kem jeg að hinni brtill. nefndarinnar. Hún er á 9. gr. símalaganna.

Hún fer fram á það, að landssjóður, eða rjettara sagt landsíminn, borgi ársþóknun til allra símastaða á landinu fyrir starfsrækslu við símann, en jafnframt er sleginn varnagli við því, að þetta gjald fari upp úr vissu hámarki, svo það verði ekki of hátt, og má þóknunin ekki fara upp úr þessu hámarki, nema alveg sjerstakar kringumstæður sjeu fyrir hendi. Eins og nú stendur, eru 105 símastöðvar á landinu. Af þeim eru 7 1. flokks stöðvar, og starfræksla þeirra kostuð að öllu af símafje. Hinar stöðvarnar eru tæpar 100, sem eru annaðhvort 2. eða 3. flokks stöðvar. Eftir reglum þeim, sem upp voru teknar í byrjun, áttu stöðvarnar ekki að fá aðra borgun en þá, sem upphaflega var ákveðin í hinu svokallaða 5 aura gjaldi. En þessari reglu hefur ekki verið fylgt fram. Allmargar þeirra hafa fengið nokkra ársþóknun, eða ársþóknun hefur verið greidd til 30 stöðva af tæpum 100. Það er með öðrum orðum hjer um bil tæpur þriðjungur stöðvanna, sem fengið hefur þessa ársþóknun goldna. Nefndin lítur svo á, sem hjer komi fram misrjetti milli stöðvanna, þar sem sumar hafa notið þessara hlunninda, en sumar ekki, enda þótt þær stæðu líkt að vígi. Það er og mjög erfitt fyrir símastjórnina, að ákveða með fullri nákvæmni, hvaða stöð skuli fá þessa þóknun og hvaða stöð ekki. Til þess að koma á meira rjettlæti í þessu efni, fer nefndin fram á, að þessu sje breytt á þann hátt, sem jeg gat um. En nú kem jeg að öðru atriði í þessu efni. Þá er stöðvunum var komið á stofn, tókust sveitirnar á hendur að kosta starfrækslu þeirra um 5 ára bil, og á því árabili hafa þær að eins fengið 5 aura af hverju útförnu símskeyti og símtali. Þá er þessi 5 ár voru liðin, fór að bóla á því, að stöðvarnar fóru að gera kröfu til ársþóknunar, og það hefur jafnvel komið fyrir, að stöðvar hafa verið lagðar niður um skeið af því menn vildu ekki halda starfrækslunni áfram *borgunarlaust* eins og áður, og hefur símastjórnin þá neyðzt til að leggja fram starfrækslukostnað. Með þessu lagi getur vel verið, að meiru fje

hafi verið varið til stöðvargæslu, en þurft hefði, ef eitthvert hámark hefði verið í fyrstu til tekið í lögum. Nefndin leggur nú til, að ársþóknun sje ákveðin 20—60 kr. fyrir 3 fl. stöðvar, en 60—200 kr. fyrir 2. fl. stöðvar. Það er ekki mikið fje, er kemur á símasjóð til útgjalda, þó að þetta verði samþykt. Nú eru um 17, 2. fl. stöðvar. Af þeim fá 7 sjerstaka þóknun auk 5 aura gjaldsins. Það eru því ekki nema 10 nýjar, er í þessum flokki yrði bætt við. Gerum ráð fyrir, að hver þeirra fengi 100 kr., að meðaltali. Það eru samtals 1000 kr. Mjer þykir ekki ósennilegt, að meðaltalið yrði þessi upphæð, sem jeg nefndi, er lágmarkið er 60 kr., en hámarkið 200 kr. Í 3. fl. eru um 60 stöðvar, er eigi njóta neinnar ársþóknunar. Ársþóknun er ákveðin 20—60 kr. Það mun óhætt að gera ráð fyrir, að meðaltalið yrði 40 kr. á hverja stöð. Það yrði alls 2400 kr. kostnaður, er bættist á símasjóð af 3. fl. stöðvum. Alls yrði allur kostnaðurinn við þessa breytingu 3400 kr. á ári. Geri maður nú ráð fyrir, að hámark þóknunarinnar væri alstaðar goldið, þá næmi það 2000 kr. fyrir 2. fl. stöðvar, 3000 krónur fyrir þriðja flokks stöðvar, eða alls 5600 kr. Þetta er ekki ægileg upphæð. Því getur nefndin með góðri samvizku lagt til, að þetta verði gert. Hún leggur það hinsvegar til, að engin ársþóknun fram um 5 aura gjaldið sje goldin til stöðva fyrstu 5 árin, sem þær starfa. Það er í samræmi við venju þá, er ríkt hefur í þessu efni frá upphafi.

Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um breytingar nefndarinnar í þetta sinn.

Ráðherrann: Jeg verð að láta í ljósi, að jeg kann nefndinni þakkir fyrir starf hennar og góðar tillögur. Samt er jeg henni ósamþykkur um tvö atriði, og skal jeg leyfa mjer að drepa stuttlega á þau. Jeg á við ákvæðið um, að ársþóknun úr landsjóði *skuli goldin* til allra 3. fl. símastöðva landsins, eins og nefndin fer fram á, og upptöku nýrra 1. fl. lína.

Jafnvel þótt nefndin hafi nokkuð til síns máls, og þó að það sje rjett, sem h. frms. (J. B.) sagði, að sumar 3. fl. stöðvar hafi fengið nokkra þóknun, þá kemur breytingartillagan um greiðslu til 3. fl. stöðva mjög í bága við það fyrirkomulag, sem reynzt hefur vel til þessa og slegið er föstu í símalögunum frá 1912 að jeg verð að telja hana mjög varhugaverða. Ef á annað borð er farið að gera breytingar í þessum efnum, hygg jeg, að erfitt reynist að setja nokkurt takmark, og jeg hygg, að þar komi skjótt, að farið verði fram á hækkanir, sem mundu hefta mjög framgang landsímans. Það er síður en svo, að ekki hafi verið farið eftir neinni reglu, er þessar ársþóknanir voru veittar. Þá er kveðið hefur verið á um, hvort stöðvarnar ættu að fá styrk eða eigi, hefur verið rannsakað, hvort síminn sjálfur þyrfti á stöðinni að halda eða eigi. Ef síminn hefur þurft sjálfur á stöðinni að halda, til þess að eiga hægra aðstöðu við skjótar viðgerðir, og ef samkomulag hefur ekki náðst við þær sveitir, er hlut áttu að máli, þá hefur ársþóknun verið veitt, og eins, ef kostnaður við starfræksluna hefur verið svo mikill, að sveitirnar hafa ekki risið undir því. En það hefur oft komið fyrir, að sveitafjelögin hafa boðizt til að taka kostnað við starfrækslu stöðva sjer á herðar endurgjaldlaust, ef þau aðeins fengju stöðina, og þá virðist lítil ástæða til að troða þóknun upp á þær. Hví ekki að lofa þeim að greiða þenna kostnað, úr því að þær eru fúsar til þess.

Ef landið tekur nú allar 3. fl. stöðvar að sjer að nokkru leyti, kemst þar sá skriður á, er ilt verður að stöðva, Jeg óttast, að með því móti væri það skarð höggvið í símatekjurnar, að það seinki mjög lagningu á nýjum álmum og línum, sem borgast eiga af ágóða landsímanna. Jeg skil vel, hvað vakað hefur fyrir nefndinni og

ástæður hennar. En jeg sje ekki ástæðu til að fara að greiða mönnum peninga hjer og þar út um land, aðeins til þess að koma ímynduðum jöfnuði á. Til þess ber ekki brýna nauðsyn, og verður, eins til ógagns í framtíð.

Jeg vona, að deildin breyti sem minst þeirri reglu, er ríkt hefur í þessu efni. Jeg tel hag símans betur borgið og lögin betri, ef þessi brtill. nefndarinnar verður ekki samþykt.

Um hina aðra breytingu: að taka Siglufjarðarsímann upp í 1. fl. og endurgreiða sýslutillagið, er það að segja, að þó að ýmislegt kunni að sýnast með því mæla í bili, þá væri þar einnig farið út á hála braut, sem örðugt yrði að stöðva sig á. Þá mundu fleiri á eftir koma, sem ef til vill gætu fært eins haldgóðar ástæður fyrir því, að víkja frá ákvæðum símalaganna. En þau voru samin og sett í því skyni, að fyrirbyggja stöðugt þjark á þingi hverju um sjerstaka hjeraðshagsmuni í símamálum. Þau áttu að vera föst regla, sem landstjórn og alþingi fylgdu fyrst um sinn, og þar sem lögin er nú aðeins ársgömul, er of snemt að breyta meginreglum þeirra.

Steingr. Jónsson: Það var 4. brtill. nefndarinnar, er jeg vildi minnast örlítið á. Hún fer fram á, að línan Sauðárkrókur—Siglufjörður verði 1. fl. lína. Jeg vil ekki segja, að það sje ósanngjarnt, en að eins benda hv. deild á, að þessi brtill. hlýtur að hafa miklar afleiðingar í för með sjer, ef hún verður samþykt. Eins og h. deild er kunnugt, var þessi símalína samþykt árið 1909 á þinginu þá á móti vilja þeirrar stjórnar, er hafði undirbúið fjárlögin. Og jeg hygg, að jeg fari ekki rangt með það, að það var þetta tilboð hjeraðanna um að leggja fram 10 þús. kr. til lagningarinnar, er olli því, að þessi lína var lögð, en eigi Vestmanneyjalínan. Vestmanneyingar lögðu þá síðan þá línu, og sá sími var síðar keyptur fullu verði af landinu. En 1909 buðu þeir 8000 kr. til hans. Ef nú þessi lína verður gerð að 1. fl. línu, þá merkir það. eftir því sem jeg skildi hv. frms., að hjeruðin fá endurgoldið það, sem þau eiga ógreitt af þessum 10. þús. kr., er þau buðust til að borga. Er þetta nú heppileg pólitík, að samþykkja símabyggingu vegna slíkra tilboða, en endurgreiða svo það fje, er boðizt var til að láta af hendi, fyrirtækinu til styrktar? Jeg sje ýmsar línur í 3. gr. símalaganna, sem ættu sanngirniskröfu á og mætti færa í 1. fl., ef þessi lína verður tekin í hann. Jeg skal t. d. benda á línuna Egilstaði—Eskifjörð o. fl.; þar næst er línan Breiðamýri—Húsavík, Patreksfjörður—Ísafjörður.

Aukalínan frá Breiðumýri til Húsavíkur var lögð 1908. Alþingi 1907 hafði veitt fje til hennar með því skilyrði, að sýslan legði fram $^1/_3$ af stofnkostnaðinum. Sýslan lagði fram þetta fje. — 6500 kr. — og gekst að auki undir þá venjulegu skuldbindingu, að annast starfrækslu á öllum stöðum á línunni; það hefur hún einnig gert síðan, nema hvað landssjóður lagði fram 60 kr. til reksturs Húsavíkurstöðvarinnar 1912. — Bruttó-tekjur af þessari línu voru árið 1912 ca. 2100 kr.; þegar það er dregið frá, sem kom inn fyrir útlend skeyti og kostnaður landssjóðs við stöðvarnar, þá verða nettó-tekjur um 1600 kr. eða hjer um bil $12^1/_2$ % af stofnkostnaði landssjóðs. Ef nú Siglufjarðarlínan verður tekin upp í 1. flokk, þá er jeg sannfærður um, að Þingeyingar munu fara fram á hið sama, að því er þessa línu snertir, og fá uppgjöf á því, sem eftir er af láni því, sem hvílir á sýslunni vegna línunnar, en það eru 4700 kr. Það væri ekki hægt annað að segja, en þetta væri frambærileg krafa, þótt línan gefi ekki eins mikið af sjer og Siglufjarðarlínan. Jeg vil geta þess í þessu sambandi, að fyrir utan þær 25 þús. kr., sem veittar voru til Siglufjarðarlínunnar, veitti alþingi 1909 12000 kr. til þess að tvöfalda línuna

frá Akureyri að Völlum. Auðvitað kemur þessi tvöföldun öllu landinu að gagni, en að nokkru leyti var þetta þó gert vegna Siglufjarðarsímans. — Þar að auki verður að taka tillit til þess, að Siglufjarðarlínan er á nokkuð völtum grundvelli bygð, þar sem þrif hennar eru aðallega komin undir síldarveiðinni. Símastjórinn hefur líka sagt mjer, að tekjur af Siglufjarðarstöðinni væru ekki afbragðsgóðar nema eina tvo mánuði ársins. Aftur á móti væru ýmsar góðar stöðvar á línunni, t. d. Hofsós. — Alt þetta gerir, að jeg hika við að greiða þessari tillögu atkvæði mitt. Jeg álít þvert á móti, að sýslufjelagið eigi að standa við skuldbindingu sína. En verði brtill. samþykt. þá mun jeg gera mitt til, að Þingeyingar fái samskonar ívilnun, og þá mun jeg ekki heldur greiða atkvæði á móti viðlika kröfum frá öðrum hjeruðum.

Þá vil jeg minnast á styrkinn til stöðvanna. Jeg get ekki verið hæstv. ráðherra sammála um, að hann sje óheppilegur, því að víða hefur orðið talsvert meiri kostnaður við rekstur þeirra en menn í upphafi bjuggust við. Fyrir harðfylgi einstakra manna eða hjeraða hafa svo styrkir verið veittir einstöku stöðvum, og virðist þá heppilegra, að gefin sje föst regla, sem nái jafnt yfir alla. Einkum er nauðsynlegt, að hámarki styrksins verði slegið föstu. Annars er jeg hræddur um, að símastjóri geti ekki varið sig fyrir þeim kröfum, sem að honum drífa úr öllum áttum, og tel jeg því þetta ákvæði til mikilla bóta.

Jósef Björnsson, framsögumaður: Jeg vil leyfa mjer að svara nokkrum atriðum í ræðu háttv. 3. kgk. (Stgr. J.). Hann lagði mikla áherzlu á það, að haldið væri inn á hættulega braut, ef þessi lína væri tekin upp í 1. flokk. En jeg vil benda á, að það er ekki nefndin, sem leggur inn á nýja braut í þessu máli. Á síðasta þingi var það ákveðið, að tekin væri upp í 1. flokk hluti af símalínu, sem hafði minni tekjur og því minni rjett til þess, en sú lína, sem hjer ræðir um, nefnilega Vestmannaeyjasíminn, og þó einkum kaflinn frá Ölfusá til sambands við Vestmannaeyjasímann, sem er langt um tekjurýrari. Hjer er því ekki um nýja stefnu að ræða, og ef gengið er inn á þá braut, að taka við nokkurri línu af hjeraði, þá er eðlilegast að byrja á þeirri línu, sem bezt borgar sig. En því verður ekki neitað, að engin lína hefur borgað sig betur en línan frá Sauðárkrók til Siglufjarðar. Hinn háttv. þm. benti á línuna frá Breiðumýri til Húsavíkur, en játaði þó um leið, að hún gæfi talsvert minna af sjer. Hinsvegar hjelt hann því fram, að tekjurnar af Siglufjarðarsímanum væru alls ekki öruggar, því að þær væru næstum því eingöngu komnar undir síldarveiðinni. Vera má, að þetta sje rjett, en við vonum báðir, að síldarveiðarnar eigi mikla framtíð og virðist ekkert hættuspil að treysta á það. Þar að auki vil jeg benda á, að árið 1912 komu inn 2225 kr. á Siglufjarðarstöðinni fyrir símasamtöl og stendur sú grein af tekjunum ekkert í sambandi við síldarveiðina. En aðaltekja stöðvarinnar er auðvitað hin miklu skeyti til útlanda, um og yfir 8000 kr. árlega, og eigi Siglufjörður framtíð, þá er sjálfsagt, að landssjóður fengi á sínum tíma ríflegan hlut af þeim tekjum, sem nú fara til útlanda. — Þá gat hv. þm. þess, að línan frá Akureyri til Valla hefði verið tvöföldud með nokkru tilliti til Siglufjarðar. Jeg skal ekki neita, að þetta hafi við nokkur rök að styðjast, en hann gerði of mikið úr þessu. Það var tekið fram á alþingi 1909, að svo þröngt væri orðið á línunni sökum aukalína, að þörf væri á að tvöfalda hana, þótt ekkert tillit væri tekið til Siglufjarðar, og tvöföldun þráða á aðallínunni eða köflum af henni kemur öllum stöðvum á stórum línuköflum við, og jafnvel afnotum allra símanna, og

verður þar ekki á milli greint, hvað teljast á hverjum línuspotta til gjalda. Siglufjarðarsíminn á sinn hlut í þessu, en alveg óafmarkaðan og óverulegan hluta.

Það er eitt atriði í þessu máli, sem jeg enn þá ekki hef minzt á, en jeg vil tala nokkuð um. 1909 var í fjárlögunum ákveðið, að þessi lína ætti að liggja frá Vatnsleysu til Siglufjarðar, en ekki frá Sauðárkrók til Siglufjarðar. Milli Vatnsleysu og Sauðárkróks eru 12—14 km. Símastjórnin ljet nú rífa upp þennan línupart og endurnýja staura á þessu svæði, og fór ekki óverulegur partur af þessum 25000 kr., sem veittar voru. í þær umbætur á aðallínunni. (Stgr, J.: Hvað var gert við gömlu staurana?). Það veit jeg ekki, en að þessu unnu margir menn í margar vikur og hygg jeg, að ekki hafi minna fje farið í þetta en um eða yfir 6000 kr, er telja hefði átt til viðgerðar á aðallínunni. Þetta virðist hljóta að koma til álita hjer, því að meðan þetta var á döfinni, var því mótmælt, bæði af sýslumanni og þingmönnum Skagfirðinga og enda fleirum mætum mönnum norður þar, er töldu slíkt óþarfa eyðslu á fje því, er veitt var til línunnar frá Vatnsleysu til Siglufjarðar, og óheimilt eftir ákvæði fjárlaganna.

Þá vil jeg minnast á það, sem hæstv. ráðherra sagði um síðari brtill. nefndarinnar. Hann hjelt því fram, að engin trygging væri í því, þótt hámark væri sett fyrir styrknum til stöðvanna, því að síðari þing gætu breytt því. Þetta er að vísu satt, en jeg hygg, að menn muni síður krefjast, að styrkurinn verði færður upp, þegar almenn jafnrjetti er í þessu efni, heldur en þegar svo stendur á eins og nú, að einstakir menn geta með harðfylgi aflað sínum stöðvum styrks. Hæstv. ráðherra sagði, að frá upphafi hefði verið svo til ætlazt, að eftirlitsstöðvar einar fengju styrk, en menn þurfa ekki annað en líta í nefndarálitið til að sjá, að margar aðrar stöðvar hafa orðið styrks aðnjótandi. Það er auðvitað sjálfsagt, að hreinar eftirlitsstöðvar, sem litið annað hafa að annast en eftirlitið, hafi styrk. Slíkar stöðvar eru til; jeg þekki t. d. í grend við mig stöðvarnar beggja megin við Heljardalsheiði. En um ýmsar aðrar stöðvar held jeg, að þær hefðu aldrei fengið styrk, hefði hans ekki verið aflað með harðfylgi, og slíkt harðfylgi er ekki síður ástæða til að óttast framvegis en hingað til. Það hefur jafnvel komið fyrir, að stöðvar hafa lagzt niður um tíma, vegna þess að samkomulag hefur ekki fengizt við símastjórnina. Jeg held því, að ekki sje ástæða til að óttast, að þessi ráðstöfun mundi draga úr tekjum símans; hún mundi þvert á móti draga úr auknum kostnaði, því að reynslan hefur sýnt, að $^1/_3$ af stöðvunum hefur nú þegar fengið einhverja þóknun og þannig mun verða haldið áfram, þangað til aðeins sárfáar stöðvar eru þóknunarlausar. Jeg hlýt því að halda þessari brtill. fast fram.

ATKVGR.:

4. brtill. á þgskj. 252 samþ. með 7 : 6 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Einar Jónsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnsson,
Jón Jónatansson.	Hákon Kristofferss.,
Jósef Björnsson,	Júlíus Havsteen,
Sigurður Eggerz	Sig. Stefánsson.
Þórarinn Jónsson.	

Brtill. á þgskj. 252, 1 a., samþ. án atkv.gr.

Brtill. á þgskj. 252, 1 b., samþ. án atkv.gr.

1. gr., sem verður 2. gr., samþ. með 8 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 252, 2 samþ. með 10 samhlj. atkv.

2. gr., sem verður 3. gr., þannig breytt, samþ. með 12 samhlj. atkv.

5. brtill. á þgskj. 252 samþ. með 7 : 4 atkv.

3. brtill. á þgskj. 252 samþ. með 10 samhlj. atkv.

3. gr., sem verður 5. gr., samþ. með 10 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 10 samhlj. atkv.

---

3. *Frv. til laga um sjódóma og rjettarfar í sjómálum.* (Stj.frv.; n. 249). 2. umr.

Guðm. Björnsson, framsögumaður: Það er óþarfi, að fara mörgum orðum um þetta mál. Frumvarpið er lagt fyrir alþingi af stjórninni eftir áskorun síðasta þings, og fylgja því ljós og greinileg rök, sem óþarfi er að hafa upp aftur hjer. Okkur Reykvíkingum er, fremur flestum öðrum landsmönnum, kunnugt, hversu nauðsynlegt þetta nýmæli er. Til þess að dæma sjómál, þarf menn, sem sjerþekkingu hafa á siglingamálum, en þessa sjerþekkingu hafa hinir venjulegu dómarar ekki nærri altaf. Sjóferðaskýrslur eru hvergi nærri í svo góðu lagi, sem skyldi, og á síðustu tímum hefur það viljað brenna við, að tjón, sem orðið hefur á skipum og mönnum, hefur ekki verið rannsakað svo vel, sem æskilegt hefði verið. Nefndin ræður því til, að frumvarpið verði samþykt, en leggur til, að á því verði gerðar nokkrar breytingar, sem flestar eru að eins orðabreytingar og miða að því, að gera fyrirmælin ljósari. Jeg ætla nú að minnast með nokkrum orðum á þær af breytingartillögum nefndarinnar, sem ekki eru orðabreytingar. 1. brtill., a-liður, er um það, að í staðinn fyrir „sveitir“ komi „þinghár“. Nefndin lítur svo á, sem orðið „sveit“ hafi enga ákveðna merkingu í íslenzku lagamáli, og leggur því til, að í þess stað verði notað orðið þinghá, sem á við nákvæmlega tiltekið svæði. Þá er b-liðurinn, að í staðinn fyrir „sveitastjórna þeirra“ komi „bæjarstjórna, hreppsnefnda og sýslunefnda“. Með orðinu sveitastjórn er í íslenzku lagamáli átt við hreppsnefndir og bæjarstjórnir, og er því lagt til í c-lið að fella burtu orðin: „eða bæjarstjórna“ sem óþörf. Þá kemur d-liður. og vil jeg um leið athuga g-lið, því báðar þessar brtill. stefna að því sama, nefnilega að gera orðalagið ljósara, Í d-lið er farið fram á, að á eftir: „Ráðherra skipar sjódómsmenn“ komi: „í tiltekinni röð“. Þegar á sjódómi þarf að halda, þykir rjett að hjeraðsdómari gangi á röðina, svo að starfið komi jafnt niður á öllum sjódómsmönnum, og breyti ekki út af röðinni, nema nauðsynlegt sje vegna þess, að sjerstakrar þekkingar þurfi við, sem annar hefur en sá, sem næstur er í röðinni. Þetta hyggur nefndin, að verið hafi tilgangurinn í framvarpinu, en álítur, að það komi ekki nógu skýrt fram, og leggur því til, að þessum orðum verði bætt inn í til skýringar, og að upphafi 5. málsgreinar verði breytt á þann hátt, sem farið er fram á í g-lið. 2. brtill. um að fyrir: „muni rækja“ í 4. gr. komi: „skuli rækja“, er aðeins orðabreyting. Svo ætla jeg að minnast lítið eitt á 3. brtill. b-liðs. Nefndinni fanst ástæðulaust að taka það fram, að dómari skuli ekki fá neina sjerstaka þóknun, ef meðdómsmenn eiga heima innan sama þorps, kaupstaðar eða kauptúns, sem dómurinn er háður í. Ef þeir eru búsettir annarsstaðar, er sjálfsagt, að greiddur verði venjulegur kvaðningskostnaður. Nefndin leggur því til, að þetta ákvæði verði felt burtu. Um c-lið skal jeg taka það fram, að nefndin álítur, að hjeraðsdómara beri ekki að kalla saman meðdómsmenn, fyr en eitthvað þarf að gera; en ef hann veit um eitthvert rjettarhald, að þar aðeins verði lögð fram skjöl, þá beri honum ekki að kalla meðdómsmennina saman. Breytingartillaga nefnd-

arinnar er aðeins orðabreyting til þess að gera meininguna greinilegri. Aðrar breytingar sem nefndin leggur til að gerðar verði, eru allar orðabreytingar. — Eins og stjórnin segir í athugasemdum sínum, er frumvarpið sniðið eftir sjódómslögum nágrannaþjóða okkar, þar sem reynsla er fengin fyrir því, að þetta fyrirkomulag gefst vel, og má vænta þess, að sama verði niðurstaðan hjer hjá oss. Nefndin vill því ráða háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum, sem hún hefur borið upp að á því verði gerðar.

Einar Jónsson: Jeg vil að eins benda á, að í fyrstu brtill. nefndarinnar b-lið, þar sem farið er fram á, að í staðinn fyrir „sveitastjórna þeirra“ komi: „bæjarstjórna, hreppsnefnda og sýslunefnda“, er orðunum: „og sýslunefnda“ ofaukið, því þau mundu þá verða endurtekin í málsgreininni. Þar sem nefndin hefur lagt til í c og e lið 1. brtill. að orðin: og „bæjarstjórna“ verði feld burtu, er mjer ekki ljóst, hvers vegna nefndin vill leggja þetta til, því í b-lið sýnist nefndin ekki heimfæra bæjarstjórnir undir sveitarstjórnir. Jeg mun því ekki greiða atkvæði mitt með breytingartillögunum c og e fyr en jeg fæ nánari upplýsingar um þetta frá nefndinni. Í fyrstu málsgrein 2. gr. verður svo ákveðið eftir tillögum nefndarinnar, að áður en skipað er sjódómaþinghám, skuli leitað álits bæjarstjórnar, hreppsnefndar og sýslunefndar, sem hlut eiga að máli, en í 4. málsgrein sömu greinar er sagt, að ráðherra skipi sjódómsmenn, að fengnum tilögum hlutaðeigandi sveitastjórna. Þær tillögur munu nú vera þær sömu, sem átt er við í fyrstu málsgrein, en þá sýnist svo sem orðið „sveitarstjórnar“ í 4. málsgr. eigi að tákna bæði bæjarstjórnir og hinar eiginlegu sveitarstjórnir, þ. e. hreppsnefndir og sýslunefndir, en það er þó ekki samkvæmt því, sem annars er tiðkað í lögum vorum. Venjulegast mun orðið bæjarstjórn haft um stjórn bæjarmála í kaupstöðum, en sveitarstjórn um stjórn sveitarmála, hreppsnefndir og sýslunefndir og ætti svo einnig að vera hjer.

Í 6. gr. er talað um, „að stefna útgerðarmanni *á* persónulegt varnarþing hans“. Jeg hygg, að venja sje, að segja, „að stefna *til* varnarþings“, en ekki á varnarþing. Í 9. gr. stendur: „Ef þörf er á túlk og enginn sjódómsmanna getur *og* vill túlka“. Þar hygg jeg að ætti að standa: „getur *nje* vill túlka“.

Í 14. gr. 2. línu stendur; „til dæmis af því“. Þetta finst mjer óviðfeldið orðalag. Til dæmis ætti að vera skammstafað og síðan standa „af því að“.

Guðmundur Björnsson, framsögumaður: Nefndin er þakklát hinum háttv. þm. fyrir bendingar, sem hann hefur gefið. Það er rjett athugað hjá honum, að nefndin hefur gert það af vangá að setja: „og syslunefnda“ í b-lið 1. brtill. Það sem vakti fyrir nefndinni með því að fella í burtu orðið: „bæjarstjórna“ var, að hún álítur að sveitarstjórnir í íslenzku lagamáli tæki bæði til hreppsnefnda og bæjarstjórna, og að því orði sje þarafleiðandi ofaukið. Að öðru leyti mun nefndin taka athugasemdir hins háttv. þm. til íhugunar fyrir 3. umr. málsins.

Var þá umræðum lokið og gengið til atkvæða um einstakar greinir frumv. og brtill. nefndarinnar við þær.

ATKVGR.:

1. gr. frv. samþ. í e. hlj.

1. brtill. á þgskj. 249 1 a var samþ. í e. hlj.

1. brtill. á þgskj. 249 1. b aftur að „og sýslum“, samþ. í e. hlj.

1. brtill. á þgskj. 249 1. c var samþ. með 7 samhlj. atkv.

1. brtill. á þgskj. 249 1. e var samþ. með 7 samhlj. atkv.

1. brtill. á þgskj. 249 1. d var samþ. í e. hlj.
1. brtill. á þgskj. 249 1. f var samþ. án atkv.gr.
1. brtill. á þgskj. 249 1. g var samþ. í e. hlj.
2. gr. frv., þannig breytt, var samþ. í e. hlj.
3. gr. frv., var samþ. í e. hlj.
2. brtill. á þgskj. 249 við 4. gr. var samþ. án atkv.gr.
4. gr. frv., þannig breytt, var samþ. í e. hlj.
5. gr. var samþ. í e. hlj.
6. gr. frv. var samþ. í e. hlj.
3. brtill. á þgskj. 249 við 7. gr. a-liður var samþ. án atkv.gr.
3. brtill. á þgskj. 249 við 7. gr. b-liður var samþ. í e. hlj.
3. brtill. á þgskj. 249 við 7. gr. c-liður var samþ. án atkv.gr.
3. brtill. á þgskj. 249 við 7. gr. d-liður var samþ. án atkv.gr.
7. gr. frv., þannig breytt, samþ. í einu hljóði.
8. gr. frv. samþ. án atkv.gr.
9. gr. frv. samþ. án atkv.gr.
4. brtill. á þgskj. 249 við 10. gr. var samþ. án atkv.gr.
10. gr. frv., þannig breytt, var samþ. í e. hlj.
5. brtill. á þgskj. 249 við 11. gr. var samþ. án atkv.gr.
11. gr. frv., þannig breytt, var samþ. í e. hlj.
6. brtill. á þgskj. 249 a- og b-liður við 12. gr. var samþ., hvor um sig, án atkvæðagr.
12. gr. frv., þannig breytt, var samþ. í e. hlj.
13. gr. frv. var samþ. í e, hlj.
14. gr. frv. var samþ. í e. hlj.
15. gr, frv. var samþ. í e. hlj.
16. gr. frv. var samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frv. var samþ. án atkv.gr.

Frumv. var visað til 3. umræðu í einu hljóði.

---

4. *Frv. til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum* (stj. frv. n. 250). 2. umr.

Guðmundur Björnsson, framsögumaður: Jeg mun láta mjer nægja, að segja örfá orð um þetta frv., þar eð því fylgja mjög ýtarlegar athugasemdir frá stjórninni, sem jeg býst við að háttv. deildarmenn hafi kynt sjer. Ástæðurnar til þess að frv. þetta hefur komið fram eru, að mannskaðar hjer á landi eru afskaplega tíðir, og fyrsta sporið í þá átt, að koma í veg fyrir þá, er að fá nákvæma *vitneskju* um alla mannskaða og tildrögin til þeirra. Þetta er markmið frv. Jeg skal geta þess, af því að hæstv. ráðherra er ekki viðstaddur, að frv. þetta og frv. um sjódóma og rjettarfar í sjómálum eru ekki fullkomlega í samræmi hvort við annað, og kemur það til af því, að þetta frv. var fyr tilbúið en hitt. Annars er munurinn sára lítill. Frumvörp þessi mætast, þegar um er að ræða mannskaða á skrásettum skipum. Sjódómslögin taka til þeirra mannskaða og annara ekki, en þessi lög eiga aðallega við mannskaða á landi.

Nefndin leggur það til, að þetta frv. verði samþykt og vill aðeins ráða til, að á því verði gerðar tvær breytingar.

1. breytingin er í því fólgin, að koma á samræmi milli þessa frv. og frv. um sjódóma þannig, að ákvæði þessa frv. komi ekki til greina, ef sjódómur rannsakar málið.

Á hina brttll. ætla jeg að minnast lítið eitt. Það hefur verið venja hjer á landi, að hreppstjórar senda skýrslur sínar til sýslumanns. Þeir hafa svo gert yfirlitsskýrslur fyrir hjeraðið og sent hana til stjórnarráðsins ásamt fylgiskjölum. Af-

leiðingarnar af þessu hafa orðið þær, að skýrslurnar eru afarlengi á leiðinni og ekki er unnið úr þeim öllum á sama hátt, nje með sömu vandvirkni, því sýslumenn eru misjafnlega vandvirkir, eins og gengur og gerist. Það er álit nefndarinnar, að til þess að fá sem áreiðanlegastan fróðleik sje æskilegt, að frumskjölin sjeu send vönum mönnum, sem vinni úr þeim öllum í einu lagi á sama stað. Þar sem hún telur víst, að frv. um stofnun hagstofu nái fram að ganga, vill hún leggja til, að löggæzlumenn sendi skýrslur sínar beint til hennar. Með því ynnist, að fyr yrði unnið úr skýrslunum, og að unnið yrði úr þeim öllum á sama hátt; maður fengi fróðleikinn miklu fyr og áreiðanlegar. Jeg skal geta þess, að þessi aðferð er ekki alveg ný, heldur hefur hún verið reynd hjer áður. Það gerði jeg sjálfur árið 1898. Jeg hafði þá verið um hríð í Noregi til þess að undirbúa stofnun holdsveikraspítalans, og þurfti jeg nákvæmar skýrslur um, hve margir holdsveikir sjúklingar væru hjer á landi. Þá fjekk jeg því til vegar komið, að hreppstjórum var boðið að senda skýrslur um holdsveika beint til landshöfðingja, í stað þess að senda þær fyrst til sýslumanna, láta þá vinna úr þeim og senda sínar skýrslur til landshöfðingja. Afleiðingin var sú, að jeg var búinn að fá allar skýrslurnar í mínar hendur að tveim mánuðum liðnum, og var búinn að vinna úr þeim eftir 3—4 mánuði. Hin leiðin mundi að minsta kosti hafa tekið hálft ár.

Alveg sama dæmið kom fyrir, þegar jeg var að undirbúa yfirsetukvennalögin fyrir síðasta alþingi.

Það er því eindregið álit nefndarinnar, að ef menn vilja fá einhvern fróðleik greiðlega, þá er þetta einfaldasta og bezta aðferðin. Jeg vænti, að sýslumennirnir hafi ekkert á móti þessu, því það ljettir auðvitað störfum af þeim.

Vænti jeg svo, að háttv. deild samþykki þessa brtill., og að hæstv. ráðherra hafi ekkert á móti því, þó að aðferðin við skýrslusöfnunina sje dálítið önnur, en gert er ráð fyrir í stjórnarfrumvarpinu.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. í e. hlj.
2. gr. samþ. í e. hlj.
3. gr. samþ. í e. hlj.
1. brtill. á þgskj. 259 samþ. í e. hlj.
4. gr. samþ. með áorðinni breytingu. samþ. í e. hlj.
5. gr. frv. samþ. í e. hlj.
6. gr. frv. samþ. í e. hlj.
7. gr. frv. samþ. í e. hlj.
8. gr. frv. samþ. í e. hlj.
2. brtill. á þgskj. 259 samþ. með 12 samhlj. atkv.
9. gr. frv. þar með fallin.
10. gr. frv. samþ. í e. hlj.
11. gr. frv. samþ. í e. hlj.
12. gr. frv. samþ. í e. hlj.
13. gr. frv. samþ. í e. hl..

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

---

5. *Frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911* (287, n. 245). 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frv. samþ. í einu hljóði og endursent Nd.

---

6. *Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum* (129, n. 266); 2. umr.

Frumv. tekið út af dagskrá.

---

25. fundur. Fimtudaginn 2. ágúst, kl. 1. síðdegis. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um hallærisvarnir.* (191, n. 263) 2. umr.

Guðmundur Björnsson, framsögumaður: Nefndin, sem hafði þetta mál til meðferðar, hefur í nefndaráliti sínu, sem prentað er á þingskj. 263, gert fulla grein fyrir skoðun sinni og helztu breytingartillögum sínum, og jeg tel enga ástæðu til að bæta mörgu þar við að svo stöddu.

Þó breytingarnar sjeu nokkuð margar, þá raska þær ekki efni eða eðli þessa frumv., en að nefndin kemur með þær, er að miklu leyti sprottið af umræðum þeim, er haldnar voru hjer við fyrstu umræðu þessa máls.

Það var ýmislegt þá tekið fram, er nefndin hefur viljað taka sem mest tillit til, og væntir hún, að hún hafi gert það svo, að háttv. þm. geti ljeð frumv. fylgi sitt.

Gjaldið er lækkað í breytingartillögum nefndarinnar úr 1 kr. á kvenmann niður í 60 aura, og landssjóðstillagið er lækkað úr 50 aurum niður í 40 aura.

Nefndin hefur fallizt á, að sjóðurinn sje ávaxtaður í Landsbankanum. Það er rætt um það bæði utan þings og innan, að hann þurfi meira starfsfje, og nefndin lítur svo á, að með þessu frumv. aukist starfsfje hans mikið. Hinsvegar leit nefndin svo á, að setja yrði einhverja tryggingu fyrir því, að fjeð væri til taks, þegar á þyrfti að halda. Margir hafa látið í ljósi, að hallærissjóðinn allan þyrfti að geyma í handbærum verðbrjefum, sem hægt væri að taka til, hvenær sem þyrfti.

Þá er breytingartillagan við 6 gr. Nefndin áleit, að betur færi á, að stjórnarráðið hefði einhvern fyrir sína hönd til að hafa á hendi gæzlu hallærissjóðsins og hefur því gert þessa breytingartillögu. Hún álitur, að gæzlan verði tryggari með því.

Helzta breyting nefndarinnar er sú, að fjórar greinar (um gjaldmátann) eru teknar burtu, en í stað þeirra settar fjórar nýar greinar. Nefndin lítur svo á, að fyrirkomulag söknargjaldalaganna sje hjer hentugra en hin vafningsmikla aðferð í ellistyrktarsjóðslögunum.

Nefndin hefur rætt um það, hvort ekki mundi ráðlegt, að sleppa nefskatti og hafa gjaldið eftir efnum og ástæðum. Nefndin áleit rjettast, að láta sveitarstjórnirnar sjálfráðar; um það er 8. grein. Samkvæmt henni geta sveitastjórnirnar lagt gjöldin á með þrennu móti: 1. greitt alt gjaldið úr sveitarsjóði, og látið það vera innifalið í útsvörum; — 2. lagt það á eftir efnum og ástæðum; 3. lagt það á sem nefskatt.

Nefndin áleit affarasælast að sveitarstjórnirnar fengi að ráða þessu. Í söknargjaldalögunum og ellistyrktarsjóðslögunum er gjaldið fastbundið persónugjald. Nefndin áleit bezt að nota þær aðferðir, er mönnum eru kunnar, og þá er engum blöðum um það að fletta, að söknargjöldin eru miklu einfaldari.

Mjer hefur verið bent á það, að það þyrfti að takast fram í 2. gr., hvenær gjaldið fjelli í gjalddaga, og er það rjett og verður athugað á undan þriðju umræðu.

Í 6. breytingartillögu, a, við 11. grein hefur orðið prentvilla. Innheimtu*laun* fyrir: Innheimtu*menn*.

Eftir efni fer nú bezt á því, að 12. grein verði 11. gr. og 11. grein 12. grein.

I 14. gr. frumv. var gert ráð fyrir, að sýslunefndir og bæjarstjórnir mættu hækka gjaldið uppí 2 krónur; en nefndin leggur til, að þessari heimild sje breytt svo, að eigi megi hækka upprunalega gjaldið meira en um 50%, eða á karlmanninn um 50 aura og kvennmanninn um 30 aura. Ef ein sýsla þarf að jeta upp alla sjereign sína, og auk þess taka *lán*, þá getur hún haft hag af því, að hækka gjaldið, til þess að komast sem fyrst úr skuldinni.

Nefndin gerir sjer von um, að frumv.

fái góðar viðtökur hjer í háttv. deild, eins og það hefur átt góðum vinsældum að fagna hjá þjóðinni.

Júlíus Havsteen: Það er með hálfum hug, að jeg stend upp til þess að tala um þetta mál, því mjer lízt svo, sem að háttv. nefnd hafi lítið tillit tekið til orða minna við fyrstu umræðu. Það kann nú að vera, að það sje af því, að jeg er orðinn gamall maður. *(Sigurður Stefánsson:* Oft er það gott, er gamlir kveða). og af því að jeg var embættismaður árið 1882, þegar hallærið var á Norðurlandi, og hefði þá átt að hafa nokkurt aðaleftirlit og umsjón nokkra með því, að allir hefðu nóg í minu umdæmi. En vegna þess, að það eiga fleiri setu hjer í háttv. deild, en háttv. nefnd, þá vil jeg þó segja nokkur orð.

Jeg lít svo á, að þetta frumv. sje með öllu óþarft, og það sje svo langt frá því, að það geti gert gagn, að það geri miklu fremur skaða. Það verður til þess, að menn fara að sýna tómlæti og hætta að hugsa um sjálfa sig, en líta svo á, að ef eitthvað bjáti á, þá geti þeir hlaupið í þennan sjóð. Það eru nokkur ár, síðan að samþykt voru lög um kornforðabúr, og hafa þau verið lítið notuð, og væri nær að gera meir að því, að nota þau.

Það er ekki ástæða til þess, að ætla, að hallæri komi um land alt; ef um hallæri er að ræða, þá getur það komið yfir einstakar sveitir, en þá geta hinar sveitirnar bætt úr því, og hlaupið undir bagga með þeim, er fyrir því verða. Það verð jeg að telja langt um heppilegra. Alt öðru máli er að gegna um þetta en áður var. Samgöngur eru nú miklu betri en áður, og landbúnaður yfirleitt betri; auk þess sem símarnir eru komnir. Það er alt í betra horfi en áður.

Nefndin segir hjer í áliti sínu, að eina tryggingin gegn hallæri sjeu járnbrautir. En mjer er spurn, geta ekki járnbrautir stöðvast af snjó alveg eins og skip af ís? Jeg hygg, að svo sje.

Jeg sýndi fram á það við fyrstu umræðu þessa máls hjer í háttv. deild, að það sje engin ástæða til þess að hræðast ís. Og að því ber að gæta, að nú hafa skipstjórar fengið æfingu í að sigla um ís, en um árið 1880 voru þeir hræddir, ef þeir sáu hafísjaka, jafnvel þó að lítill væri, og sneru aftur.

Útdráttur sá úr landhagsskýrslunum, er háttv. nefnd kemur fram með, sýnir ekkert um nytsemi þessa máls. Hann er því óviðkomandi.

Hjer er að ræða um nýtt gjald á alþýðu manna, og það er komið langt um meira en nóg af gjöldum á þjóðina. Menn eru orðnir þreyttir af sífeldum gjöldum og vilja ekki meira af þeim. Nefskattur er ranglátur, og þótt sveitarstjórnirnar megi jafna niður gjaldinu eftir efnum og ástæðum, þá er jeg sannfærður um, að það yrði ekki vinsælt.

Jeg tel því bezt, að láta mál þetta bíða, og hugsa fremur um stofnun og efling kornforðabúra.

Einar Jónsson: Gott er að eiga sjóð til að bæta kjör manna, ef að hallæri kemur, en það er erfiðleikum bundið, að koma slíkum sjóð á fót, svo að það sje ekki tilfinnanlegt, en það gæti þó máske orðið tilfinnanlegra, ef að sjóðurinn væri ekki til.

Í frv. er tvent tekið til ráðs til að stofna og efla sjóðinn; annað ráðið er, að leggja gjald á hvern mann 20 ára, hitt að auka það framlag með tillagi úr landssjóði.

Persónugjald er að ýmsu leyti athugavert. Með breytingartillögu nefndarinnar við 2. grein er ætlazt til þess, að engar undantekningar eigi sjer stað, og kemur því gjald þetta eftir tillögu nefndarinnar niður á hvern mann, sem er 20 ára að aldri, nema hann sje á sveitarframfæri; því að þá á að greiða gjaldið fyrir hann úr sveit-

arsjóði. Þetta getur orðið allþungt fyrir einstaka menn, þegar litið er á persónugjöld þau, sem eru fyrir: lög um gjald til prests og kirkju og ellistyrktarsjóðslögin. Og þegar þetta bætist við, þá getur það samtals orðið allmikill skattur á einstökum mönnum, og það einmitt oftar á hinum fátækari mönnum.

Jeg get nefnt dæmi þess, hversu þetta getur orðið þungt gjald. Í Kirkjubæjarsókn í Hróarstungu bjó fátækur bóndi, er átti tvö börn. Hjá honum voru foreldrar hans og kona hans og önnur amman. Af þessu fólki átti hann að greiða til prests og kirkju 15 kr. 75 aur. og var þó ekki fært upp kirkjugjaldið, eins og heimilt er og allvíða gert; þetta var lögákveðna gjaldið 1 kr. og 50 aura til prests og 75 aur. til kirkju. En auk þess átti þessi bóndi að greiða til ellistyrktarsjóðs 2 kr. 25 aur.; hitt fólkið var eldra en 60 ára, eða undanþegið gjöldum af öðrum ástæðum. Eftir þessum lögum ætti hann að greiða 5 kr. 40 aura í viðbót. Ef þau hefðu þá verið á komin, hefði hann átt að greiða als 23 kr. 40 aur. Þetta dæmi er máske nokkuð skarpt, en það hefir komið fyrir og það getur framvegis komið fyrir. Ekkert af þessu fólki þáði af sveit, og varð hann því sjálfur að standa skil á gjöldum þess alls. Sjálfur komst hann hjá því að þiggja sveitarstyrk, meðan jeg vissi til, en erfitt varð honum að komast af. Jeg hef nefnt þetta sanna dæmi til þess, að sýna fram á, að persónugjöldin geta orðið æði þungbær; veit að vísu, að það muni vera fremur fátítt, að eins standi á sem hjer, en fyrir kemur það þó. Persónugjöldin verða og þungur skattur á vinnuhjúum í samanburði við kaup þeirra, sjer í lagi á vinnukonum, þegar þetta bætist ofan á annað. Kaup þeirra mun nú vera, þar sem mjer er kunnugt, 60—70 kr., og máske eitthvað af fatnaði; sje hann enginn með í kaupinu, þá kann peningakaupið að vera upp að 100 kr. Nú er það svo, að fatnaður kvenna er alldýr, og dýrari að tiltölu en fatnaður karla, og er að jafnaði farið að saxast á árskaupið, þegar vinnukonan hefir fengið sjer það sem hún þarf til ársins af fatnaði; svo koma hin ýmsu skyldugjöld, sem greiða verður af afganginum. Sumstaðar verða þær að greiða sveitarútsvar; gjald í prestlaunasjóð er 1 kr. 50, kirkjugjald 75 a., styrktarsjóðsgjald 75 a, og ef svo bætist við þetta hallærisvarnargjald 60 a., þá verða þessi föstu lögskipuðu gjöld 3 kr. 60 a. Þetta yrði nú það lægsta, því sumstaðar er kirkjugjald hærra, jafnvel 1 króna yfir lágmarkið. Þannig hefir kirkjugjaldið i Vopnafirðinum verið 1 kr. 80 a. á mann undanfarið.

Að vísu er það nokkru hærra, sem karlmenn verða að gjalda, en þó ekki að tiltölu við það, sem kaup þeirra er hærra en kaup kvenna; því að kaup vinnumanna er stundum meira en helmingi hærra en vinnukonu kaup, þar sem jeg þekki til; en þessi gjöld þeirra ekki $^1/_4$ hærri. Þegar þessa er gætt, þá ætti þetta gjald, sem hjer á að leggja á konur, helzt að vera lægra en 60 aurar.

Nefndin bætir að vísu nokkuð úr með því, að leggja til, að gjaldið sje ekki fastákveðið persónugjald, heldur vill veita sveitarstjórnum heimild til að jafna því niður eftir efnum og ástæðum. Má búast við, að sveitarstjórnir noti sjer þessa heimild, þar sem þeim finst það hentara og sanngjarnara, og er það góð bót í máli. Þó er ekki víst, að allar sveitarstjórnir notuðu sjer heimild þessa, og væri því ef til vill rjettara, að skipa svo fyrir, að víst ákveðið gjald væri greitt beint úr sveitarsjóði. En áður en það er gert, þyrfti þó að athuga, hvað mikil viðbót það mundi verða við aukaútsvörin. Þessi viðbót mundi sjálfsagt verða töluverð, og mönnum finnast til um hana, því að víðast þykja útsvörin fullhá, þótt ekki sje á bætt. Eigi að síður er rjett, að athuga, hvort ekki mundi bezt, að hverfa frá per-

sónugjöldunum, og borga fjeð úr sveitarsjóði, eins og önnur gjöld hans. Annað það, sem á að auka sjóð þennan, er tillagið úr landssjóði. Því verður ekki neitað, að það er landsmál, er hallæri ber að höndum, og því rjettmætt, að seilast í landssjóð, þegar leita á varnar gegn því. En þó verð jeg að geta þess, að jeg er sammála h. 3. kgk. (Stgr. J.) um það, að það sje töluvert varúðarvert, að ganga mjög langt í því að búta landssjóð niður í smásjóði. Nú á þessu þingi er gengið allangt í þá átt. Fyrst og fremst er hjer gert ráð fyrir, að hallærissjóðurinn fái úr landsjóði 19000 kr. árlega, landhelgissjóðurinn 5000 kr. styrktarsjóður kennara 2500 kr. og bankinn 100000 kr. Þetta alt skerðir landssjóð ekki lítið, og hlýtur að tefja fyrir ýmsum nytsemdar fyrirtækjum. Þó álít jeg það ekki bygt á minni rökum, að leggja fje í hallærissjóðinn, en hina sjóðina, því að hann á að koma öllu landinu að verulegu haldi, þegar mest á ríður.

Það er auðsætt, að þessi sjóður verður að vera öflugur, ef hann á að geta bætt úr verulegu hallæri, og því má ekki skera tillög til hans mjög við nögl. Þó ætla jeg, að tillag úr sveitarsjóðnum eða frá einstaklingum, og einnig landssjóðstillagið mætti vera nokkru lægra, en til er tekið í frv.

Mjer er ekki fullljóst, hvernig á að skilja 16. gr. frv. Þar er það tekið fram, að ef sjereign einhvers hjeraðs hrekkur ekki til hjálpar í hallæri, þá megi stjórnarráðið með ráði hallærisvarnarstjórnarinnar veita því hjeraði bráðabirgðarlán af sameignarfje sjóðsins gegn veði í hallærisgjaldi hjeraðsins. Að sjálfsögðu á því að greiða fje þetta aftur í sjóðinn og sameignarsjóðurinn því fara sívaxandi. En jeg sje ekki nefnt, hvað gera eigi við vextina. Það á máske að skipa fyrir um það í hallærissamþyktum þeim, sem nefndar eru í 15. gr.

Ef nú kæmi svo mikið hallæri, að allur sameignarsjóðurinn eyddist, þá er það vitanlegt, að mörg ár mundu ganga til að endurgjalda honum lánið, svo hann kæmist í samt horf sem áður; en af því leiddi, að um þetta árabil gæti enginn sjereignarsjóður myndast fyrir sveitirnar.

Það yrði að eins sameignarsjóðurinn, sem magnaðist. Ef þetta er rjett skilið hjá mjer, að vel geti svo farið, að sveitirnar eigi engan sjereignarsjóð svo árum skiftir, þá vaknar sú spurning, hvort nokkuð eigi að ræða um sjereignarsjóð.

Enn gæti það og komið til mála, hvort eigi væri rjett að snúa öllu þessu upp í heimildarlög, og gefi hreppunum að eins kost á að stofna hjá sjer hallærissjóði, en heita þeim jafnframt tillagi úr landssjóði, ef þeir gerðu það. Vera má, að ýmsum þyki þetta ekki nógu ákveðið; en víst ætti það þó að geta vakið hreppana til umhugsunar, og vera þeim hvöt til fyrirhyggju. Og víst mun oss öllum koma saman um, að bezt væri af öllu, ef hægt væri, að glæða þann framsynis- og fyrirhyggjuanda hjá landsmönnum, að hver og einn byggi svo vel um hag sinn, að ekki þyrfti að óttast stórhnekki af hallæri. Þetta væru beztu og tryggustu hallærisvarnirnar. Jeg get búizt við, að, ef samþyktarlagaleiðin væri farin, muni þykja gefinn of laus taumurinn, og ýmsir telji, að alþingi þurfi að vera eins konar fjárhaldsmaður landsmanna í þessu efni, og það muni sannast, að þjóðin muni síður þakka því fyrir afskifti þess af málinu. Hvað sem þessu líður, þá er þó vert, að athuga þetta atriði. Það var minzt á það síðast hjer í deildinni, að ekki væri rjett, að kalla annað hallæri, en þegar líf manna væri háski búinn af matarskorti og því, sem honum fylgdi. Jeg er á þeirri skoðun, að fyr geti heitið hallæri, en hætt sje orðið við heilsutjóni og lífstjóni. Í orðinu sjálfu liggur ekki annað, en að halli árí, að það taki að harðna verulega um fyrir mönnum.

Árið 1882 og þar á eftir álít jeg að svo mikið hallæri hafi verið af náttúrunnar völdum, að sjaldan hafi meira verið; en menn voru betur undir það búnir en áður. Menn voru svo vel búnir undir harðærið 1882 frá árunum áður, að ekki varð af stórtjón eða harðrjetti þá í svip, þó að efnahagur versnaði að mun. En það get jeg vottað, að 1887 krepti verulega að fólki, þar sem jeg þekti til. Þá tók jeg tvær manneskjur heim á heimili mitt; hafði önnur þeirra fengið skyrbjúg, og hefði það hæglega getað kostað líf þess manns, ef hann hefði haldið áfram að lifa við sama aðbúnað. Þá sá megurð á mörgum, og bjargarskortur var verulegur, þótt eigi leiddi til manndauða.

Jeg er á því, að rjett sje og sjálfsagt að reyna að fyrirbyggja, að í líkt horf komist aftur eða þaðan af verra. Því er svo langt frá, að jeg sje því móthverfur, að eitthvað sje gert til að fyrirbyggja tjón af hallæri. Jeg er því með því, að málið fái fyrir það fyrsta að ganga til 3. umræðu.

Það, sem mest um varðar, er að sá hugsunarháttur komist inn hjá fólki, að hver og einn leitist við að sjá sjer og sínum borgið, og leitist við að vera viðbúinn að taka á móti óhöppum og harðindum. Og fyrir sveitabóndann verður einna mest undir því komið, að hann búi sig sem bezt undir veturinn, ekki síst með góðum ásetningi á heyin. Sjálfsagt er heyásetning betri nú en fyrrum var, þó vantar mikið enn á, að vel sje. Eftir einu þykist jeg hafa tekið. Í harðindunum milli 1880 og 1890 og fyrst þar á eftir voru að jafnaði einstakir menn í sveit, sem áttu svo miklar heybirgðir, að þeir gátu hjálpað öðrum til stórra muna, og urðu þannig bjargvættir sveitarinnar. En síðan hefur það breyzt mjög, svo, að nú er varla nokkur maður í sveit, þar sem jeg þekki til, sem eigi eins miklar fyrningar, eins og áður átti sjer stað og geti því hjálpað eins, og þá, það eru aðeins einstakar undantekningar í því efni. Jeg get í þessu sambandi nefnt árið 1910, sem á austurlandi var eitthvert versta ár til sveita síðan harðindabálkinum ljetti af um 1890. Bati kom ekki fyr en undir miðjan maí, þá voru því nær allir að þrotum komnir með hey, enginn mátti heita aflögufær; þeir sem bezt voru staddir, voru að eins sjálfbjarga. Svona reyndist það í það sinn. Jeg veit ekki, hvað breytingunni hefur valdið; en auðsjáanlega þarf fyrirhyggjan fyrir því, að sjá búpeningnum fyrir nægum vetrarforða, að vaxa; hún er ekki orðin næg enn. Það verkefnið, sem liggur allra næst hendi, er að tryggja búpeninginn gegn fóðurskorti og horfelli; fyndust ráð til þess — og þau eiga að geta fundizt — þá er mjög dregið úr hallærishættunni. Nefndin vill með hallærissamþyktunum vekja þjóðina til umhugsunar um atvinnuvegi sína og áhuga á því, að tryggja þá sem bezt. Jeg er h. n. sammála um það, að mjög miklu skifti, að þessi áhugi geti orðið vel lifandi, og álít, að hann sje meira virði og meiri trygging í honum en nokkrum hallærissjóð.

Það er enginn vafi á því, að ef hallæri ber að höndum, þá muni landssjóður hlaupa undir bagga og leggja sinn skerf fram til að hefta það. Mundi það vera hagfelt, að landstjórnin hefði heimild til að taka lán, þegar svo bæri undir, til að bjarga þeim sveitum, sem verst yrðu úti, því að ekki er víst, að nægt fje sje jafnan fyrir í landssjóði.

Það er töluvert íhugunarefni, hvort rjett er að taka fje smátt og smátt úr landssjóði á þann hátt, sem frv. ætlast til; hvort eigi væri rjettara að verja þessari upphæð til nytsamra framfarafyrirtækja, og efla með því mótstöðukraft þjóðarinnar gegn hallærum. Mundi ekki vera eins heppilegt, að landssjóður legði fram í einu stóra upphæð, ef þörf krefði, en leggja þannig árlega fje fyrir? Jeg varpa þessu fram til íhugunar.

Steingrímur Jónsson: Eins og tekið er fram í nefndarlitinu, er mál þetta þýðingarmikið og þess vert, að það komi fram á alþingi til íhugunar, og að reynt sje að ráða því til sem heppilegastra lykta.

En frv., sem hjer liggur fyrir, er þó töluvert athugavert. Aðalathugasemdin við það frá mínu sjónarmiði er sú, að hjer er farið fram á að leggja stóran skatt á þjóðina. Það er gert ráð fyrir að safna í sjóð 57000 kr. á ári, og þetta verður þjóðin að borga. Setjum svo að gjaldþol þjóðarinnar í beina og óbeina skatta sje 24 kr. fyrir hvert höfuð — það má deila um, hvort það sje meira eða minna — þá yrði þessi nýi skattur hátt upp í 3% af allri upphæðinni; með öðrum orðum: hjer er tekinn töluverður hluti af gjaldþoli þjóðarinnar frá öðru. En það er gert meira: það er tekið mikið fje og lagt í sjóð, sem vjer vonum, að sjaldan þurfi að grípa til, en sem þó er þannig háttað, að hann verður jafnan að vera til taks, því að enginn veit fyrir fram, hve nær stórísar muni lykja strendur landsins, eða eldgos valda hallærum. Af því að sjóður þessi þarf jafnan að vera til taks, getur hann ekki gefið fylstu vexti, og langt frá, að fjeð gæti orðið eins arðberandi, eins og ef því væri varið til arðsamra fyrirtækja fyrir þjóðina. Þetta hef jeg að athuga við frv., en þó er ekki þar með sagt, að jeg muni leggjast móti því.

Ef hægt væri að girða fyrir með frv., að svipaðar afleiðingar yrðu af harðindum eins og varð 1782—1785 eða eins og varð 100 árum síðar, 1882—1887, hvort sem heldur væri um mannfelli eða efnatjón að ræða, þá væri vel gerandi að verja 3% af gjaldþoli þjóðarinnar til þess, því að þau 3% mundu koma aftur. En jeg er í vafa um, hvort aðferð sú, sem ætlazt er til að sje höfð í frv., sje tryggileg, eða hvort hún sje bezta aðferðin til að ná takmarkinu, nefnilega að tryggja sig gegn afleiðingum harðæranna. Þótt nú að þetta sje álit mitt, þá hef jeg samt ekki komið fram með brtill. og skal því ekki fjölyrða um einstakar greinar frv. að þessu sinni. En af því jeg álít, að þetta mál sje allþýðingarmikið, þá mun jeg greiða því atkvæði til 3. umr., og þá athuga, hvort rjett sje, að það fái að ganga út úr þessari h. deild.

En það er eitt atriði, sem jeg vildi minnast á, og það er brtill. við 11. gr. Þar er innleiddur sá sparnaður, að taka innheimtulaunin af sýslumönnum og bæjarfógetum. Það má auðvitað segja, að það sje ljettara, að innheimta gjaldið frá hreppsnefndum, heldur en einstaklingum, en er nokkur ástæða til að láta sýslumenn og bæjarfógeta gera þetta; er ástæða til þess að vega enn í hinn gamla knjerunn, að vera að hrúga störfum á þessa embættismenn fyrir ekkert gjald. Því má ekki borga þetta gjald beint til stjórnarinnar? Það er ósiður að vera að leggja kvaðir á menn, án þess að þeir fái nokkuð fyrir það. Þetta er að vísu ljett starf, en því fylgir þó altaf fyrirhöfn og ábyrgð.

Guðmundur Björnsson, framsögum.: Jeg er þakklátur þeim háttv. deildarmönnum, sem hafa talað svo rækilega og ítarlega um þetta mál og veitt því svo mikla athygli. Það sannar, að það er rjett, sem nefndin hefur haldið fram, að mál þetta sje mikilsvarðandi og þess vert, að það sje sem bezt íhugað.

Jeg veit, að það verður erfitt fyrir mig, að halda samhengi í því litla, sem jeg ætla að segja, og skal jeg því taka það, sem jeg ætla að svara, eins og mjer hefur borizt það til eyrna.

Háttv. 1. kgk. (J. H.) óttaðist, — og margir hafa sagt það sama við mig áður — að þessi sjóður mundi ala upp í mönnum fyrirhyggjuleysi. En þess ber að gæta, að hjer er að ræða um eitt af því, sem kallað er trygging á atvinnuvegum. Við höfum margskonar tryggingar, t. d. líf-

tryggingu, og mætti þá eins segja, að þegar maður tryggir líf sitt, þá falli hann í þá freistni, að drepa sig, svo að ástvinir hans geti notið góðs af tryggingarfjenu. Líftrygging sjómanna ætti þá eins að hvetja sjómennina til þess að kasta sjer í sjóinn. Um heilsutrygginguna mætti — eftir þessum nótum — hugsa sjer, að hún gerði menn fyrirhyggjuminni um heilsu sína. En þessara öfga hefur hvergi orðið vart í heiminum. Ennfremur má minna á eldsvoða-tryggingu; við tryggjum hús vor gegn eldi og látum það ekki fæla okkur, þó að stöku menn ginnist af tryggingunni til að kveikja í húsum sínum. Í frumvarpinu er um að ræða *atvinnutryggingu*, og þar hygg jeg að þessi hætta sje hvað minst. Það getur sem sje aldrei komið til mála, að menn fái *fulla* tryggingu. Menn geta aðeins fengið lítilsháttar bót á tjóninu, svo lítið brot af því bætt. Þessi lög leiða því engan í freistni, engin hætta á því, að þau auki fyrirhyggjuleysi. Sá ótti er alveg ástæðulaus.

Sami hv. þm. áleit rjettara að koma upp *forðabúrum*. Það er alveg satt; það er eitt af því, sem þarf að gera. En reynslan hefur sýnt, að það hefur gengið illa, mjög illa, að koma þeim á fót. Þau hafa því hingað til orðið að litlu liði. Nei, hjer verður að leita frekari ráða.

Hv. sami þm. áleit, að *alment* hallæri væri naumast hugsanlegt nú á tímum. Jeg vildi óska, að þetta væri örugt og engum efa bundið. En því miður er þetta ekki víst. Jeg held, að ef menn hugsa þetta mál með gaumgæfni, þá muni hver maður sjá, að það er enganveginn útilokað, að komið geti hallæri, sem baki þjóðinni, allri í heild sinni, ægilegt eigna- og atvinnutjón. Það hafa engar þær breytingar orðið í atvinnuvegum og búskaparlagi þjóðarinnar, sem hægt sje að byggja á þá trú, að hallæri geti ekki borið að höndum. Hallærin geta komið, og koma oft á versta tíma. Hitt er satt, að þau koma oft misjafnlega hart niður á þjóðinni; í hverju hallæri verða sum hjeruð fyrir þyngri búsyfjum en önnur. En þó svo sje, þá bíður samt *öll* þjóðin jafnan baga af þeim.

Eitt af því, sem haft er á móti þessu frv., er það, að samgöngur sjeu nú orðnar miklu betri en fyr á dögum. Satt er það. Skipagöngur eru nú tíðari en áður og gufuskip komin í stað seglskipanna. Og við höfum góða vegi og síma. En mjer er spurn: Er þetta næg trygging fyrir því, að aðflutningar geti ekki hindrast á vetrum, þegar verst gegnir, í *hörðu* vetrunum. Það mun enginn skynsamur maður neita því, að hjer geti lagzt ís að á útmánuðum og haldist fram á sumar. Þjóðin getur ekki treyst því, að þetta komi ekki fyrir. En hver vill ábyrgjast, að ísalög geti aldrei orðið svo mikil fyrir Norður- og Austurlandi, að þar verði algjör samgönguteppa — þegar verst gegnir. Vegirnir koma þá ekki að haldi. Jeg hef reyndar heyrt menn segja, að það megi flytja matbjörg á hestum norður í land í harðindum; en það er fjarstæða. Símar eru góðir meðan vegir eru færir, en annars eru þeir til þess eins, að aðrir geti fengið að vita um bágindin. (*Sig. Eggerz:* Að hvaða gagni koma þá sjóðirnir?) Það er alveg rjett hjá háttv. þm. Skfl., að sjóðirnir koma ekki að gagni við þessu, þótt til væru í hverri sveit; fólkið getur ekki jetið peninga. Á þeirri hættu, sem stafar af samgönguteppu, er ekki hægt að ráða bót, nema annaðhvort með betri samgöngum eða meiri vetrarbirgðum, og það er einmitt ein af þeim sorglegu breytingum, sem orðið hafa hjer á síðustu árum, að haustbirgðir eru nú ekki nærri eins miklar og áður. Vil jeg um það efni vitna til þeirra hv. þm., sem eiga heima á Norðurlandi og Austfjörðum. Þetta hefur aflagast svo herfilega vegna þess, að menn

vita af miðsvetrarferðinni og treysta á hana. Kaupmenn birgja sig ekki upp á haustin og eiga því miklu minni vörubirgðir við áramót en áður gerðust. Það getur lukkazt, að miðsvetrarskipið komist inn, áður en ís leggur að, en það getur líka mislukkazt. Þessi breyting á búskapnum og verzlunarháttunum getur orðið mjög hættuleg; en jeg skal ekki tala meira um þetta atriði að sinni. Jeg hef spurt marga menn um þetta atriði og altaf fengið sömu svörin: Ástandið er miklu verra en það var. Úr þessari hættu er aðeins hægt að bæta með frekari samgöngubótum, svo að allir hlutar landsins geti dregið að sjer nauðsynjar sínar jafnt vetur og sumar. En til þess þyrfti járnbrautir — hjeðan sunnan frá sjó og norður í land, (*Júl Havsteen*: Þær geta tepzt); það er alveg rjett, að járnbrautir geta tepzt. Þær geta tepzt eina klukkustund, hálfan dag eða í mesta lagi einn dag. Það hefir reynslan sýnt t. d. í Noregi, þar sem brautir þó eru lagðar yfir fjöll og firnindi.

Þetta atriði, samgönguteppan, er mál, sem þarf að ráða fram úr alveg út af fyrir sig. Hv. neðri deild hefir nú á prjónunum frumvarp, sem einmitt gengur í þá átt, að auka fyrirhyggju manna um vetrarbirgðir.

Háttv. 1. kgk. sagði, að hann vildi láta þetta mál bíða; og mjer skildist, að hann að vísu áliti það gott mál, en að það megi vel bíða. Það er satt, að sum mál eru svo vaxin, að þau þola bið, en aftur eru önnur þesshättar, að það er blátt áfram hættulegt, að láta þau bíða. Ef trygging væri fyrir því, að næstu harðindin vildu bíða, þá mætti þetta mál bíða. Ef engin hætta er á því, að óáran geti, þegar minst varir, valdið stórtjóni á atvinnuvegum vorum, þá má þetta mál bíða; en hver vill ábyrgjast, að ekki hljótist tjón af biðinni? Jeg trúi því ekki, að nokkur hv. þm. vilji taka á sig þá ábyrgð. Þjóðin getur fengið stór áföll, áður en varir, þessvegna má þetta mál *ekki* bíða. Bíða! bíða! Það er búið að bíða langt of lengi. — Eftir móðuharðindin prjedikuðu allir beztu menn landsins um það, að fólkið skyldi bæta ráð sitt og auka fyrirhyggjuna, svo slíkt kæmi ekki fyrir oftar. En hvað hafði það að þýða? Ekkert. Allar ræður og skrif manna urðu til einskis. Eftir fáein ár, rjett eftir 1800, kom aftur hallæri, og þá varð aftur skepnufellir og bjargarskortur, Það getur verið stórhættulegt að láta þetta mál bíða. Mörg góð mál þola bið, en sum eru svo nauðsynleg, að þeim má ekki skjóta á frest.

Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. þm. N.-Múl. (E. J.) fyrir hina einkar greinilegu, rækilegu og fróðlegu ræðu hans. Hann mintist á nefskattinn, sem hjer væri verið að leggja á þjóðina. Jeg held, að það sje eitt af því, sem margir hafa mest á móti þessu frumvarpi, að hjer sje verið að leggja á nýjan skatt, ný gjöld á þjóðina. Þetta atriði er þess vert, að það sé íhugað betur. Jeg ætla ekki að fara að þreyta menn með tölum — þeim hv. þm., sem vilja koma heim til mín, get jeg sýnt það og sannað, að á árunum 1881 — 1883 hafi þjóðin beðið 2—3 milj. kr. tjón, og það mjög lágt reiknað. Það er þungur skattur, sem harðindaárin leggja á þjóðina, og það er spursmál, sem þarf að íhuga vel, hvort okkur er betra að láta reka á reiðanum og bíða stórtjón á atvinnuvegnm vorum alt í einu, þegar minst vonum varir, eða að deila niður þessum tilkostnaði á góðu árin, svo að við stöndum ekki óviðbúnir þegar óhamingjuna ber að höndum. Jeg hygg, að enginn þurfi langan umhugsunartíma til að sjá, að hjer er ekki um nýja skatta að ræða, heldur útgjöld, sem þjóðin hefur alla sína lífstíð orðið að greiða í rykkjum, og þá orðið svo þung, að henni hefur legið við bana. Frv. vill koma í veg fyrir, að þessi útgjöld komi á hana eins og lausnargjald, sem lagt er á undirokaða

þjóð. Hjer er farið fram á, að þjóðin kosti einhverju til þess að efla sjálfstæðisvarnir sínar, svo að hún eigi einhvers sigurs von, þegar ólánið steðjar að henni.

Þetta mál sætir sömu mótbáru, og jeg átti við að stríða, þegar jeg var að koma hjer á sjúkrasamlögum. Þá var sagt, að alþýða þyldi ekki nýja skatta, og það var erfitt að sannfæra menn um það, að ekki væri um nýjan skatt að ræða, heldur um það eitt, að deila niður sjúkdómskostnaðinum, og fá menn til að bera hver annars byrðar. Og fátæklingarnir fóru loksins að sjá, að þeim var hagur í að borga 12 kr. á ári fyrir heilsutryggingu — það geta þeir. Hitt geta þeir ekki, að borga 4—500 kr. alt í einu, ef veikindi ber að höndum. Þetta sáu þeir: þeir sáu veikindahættuna, hættuna á því, að þeir yrðu upp á aðra komnir, mundu missa sjálfstæði sitt, ef þeir yrðu fyrir miklum veikindum. Þeir sáu, að rjettara var að deila niður kostnaðinum og vera við óhöppunum búnir. Þessvegna eru sjúkrasamlög orðin svo afarvinsæl um allan heim, þessvegna munu þau líka verða vinsæl hjer á landi. Hjer er líkt ástatt, um það að ræða, að tryggja sig fyrir óhöppum, sem ekki koma nema einstöku sinnum og þá oft svo mikil, að allir efnalitlir menn geta ekki staðizt þau, ef enginn viðbúnaður er hafður. Einhver var að segja, að það væri hart fyrir bónda, að þurfa að borga 5 kr. 40 a. í hallærissjóð ofan á öll önnur gjöld. En það *getur* hann þó, ef hann vill. En jeg veit annað, sem hann getur *ekki*. Þegar strangur vetur kemur, og hann þarf helmingi meira fóður handa skepnum sínum en í meðalári, og svo vont sumar á eftir, svo að hann heyjar helmingi minna en vant er, þá þarf hann að fækka skepnum sínum um helming — minka bústofninn um helming. *Það* þolir hann ekki.

Þá var líka verið að segja, að það væri miskunnarlaust, að fara að klípa utan af kaupi vinnukonunnar, sem ekki hefur nema 75 kr. um árið, taka af henni 60 aura á ári ofan á alt annað. Samt ómar nú altaf í eyrum, að vinnufólki sje goldið miklu meira kaup en í gamla daga, en þeim mun meiri sje líka *eyðslusemin*. Ef ný gjöld eru lögð á menn, þá koma þau fyrst niður á óþarfa eyðslunni, því það fje, sem menn eyða í óþarfa, spara menn þó fyrst við sig, þegar að kreppir. Það stakk einhver að mjer miða áðan; þar er reiknað út, hvað heimtað er af vinnukonunni í prestgjöld, kirkjugald, ellistyrktarsjóðsgjald og hallærissjóðsgjald, og hvað halda menn það sje mikið? Það er ekki nema meðalverð á einu kvennslifsi. Og það sem heimtað er af vinnumanninum, er ekki nema það, sem svarar einu og hálfu tóbakspundi.

Þá var einhver háttv. þingmaður að tala um það, að varasamt væri, að taka fje úr landssjóði og láta það liggja aðgerðalaust í sjóði. Þetta er alveg rjett og slíkt má ekki og á ekki að gera, nema brýna nauðsyn beri til. En við skulum hugsa okkur, hvernig fer fyrir landssjóði, ef beðið er og beðið, ekkert aðhafzt í þessum efnum, og alt látið vera með sama gamla ólaginu. Gerum svo ráð fyrir, að hallæri beri að höndum. Jeg vona þó, að þið, herrar mínir, sjeuð svo stórlátir fyrir hönd landsins, að þið kunnið því ekki, að vjer förum aftur að lifa á sníkjum og bónbjörgum ytra, viljið heldur reita landssjóð inn að skinninu, en gerast ölmusumenn útlendinga. En landssjóður á nú alt sitt fje í útlánum, ekkert á reiðum höndum. Hann yrði þá að taka lán — og óvíst að það fengist — en ef það fengist, þá gæti afleiðingin orðið sú, að hætta yrði við öll framfarafyrirtæki um langan aldur.

Háttv. þm. N.-Múl. (E. J.) fór nokkrum orðum um sameignarsjóðinn, og sagði margt rjett um það efni. Það var minzt á það í nefndinni, hvort það væri ekki rjett, að miða þetta landssjóðstillag við til-

tekinn tíma, eða þangað til varasjóður hefði náð einhverri tiltekinni upphæð. En við hurfum frá, að gera nokkur ákvæði þaraðlútandi, því að langur tími mundi líða þar til sjóðurinn væri orðinn það stór.

Þá hefur það verið sagt, að það gæti komið fyrir í ísárum, að sjereign hjeraðanna hrykki ekki til. Náttúrlega. En hvernig fer, ef engin sjereign er til? Er ekki betra, að eiga eitthvað til en ekki neitt? Og ef hjeruðin fá lán, er þá ekki betra, að hafa fast skipulag á, hvernig hjálpin skuli veitt, og hvernig lán skuli greitt aftur. Hvernig gekk milli 1880 og 1890? Lán voru tekin, sumstaðar án þess að þörf væri á þeim, og víða engin skinsamleg meðferð á lánsfjenu. Svo urðu sýslurnar að þræla árum saman sveittar og bognar fyrir endurgreiðslu lánanna. Jeg hef heyrt marga menn segja, að það hafi sumstaðar verið óhæfa, hvernig farið var að.

Háttv. þm. N.Múl. (E. J.) mintist á eitt atriði, sem ýmsir góðir menn hafa hugsað um, sem sje að búa til heimildarlög um hallærissjóð, leyfa sveitunum að leggja gjaldið á. Jeg bið menn vel að gæta þess, að heimildarlög hafa einn stórgalla. Og hver er hann? Sá, að beztu sveitirnar eða beztu hjeruðin verða ein til þess að nota heimildina, en hin verða útundan, sem sízt mega án tryggingar vera. Þegar um nauðsynlega trygging er að ræða, hygg jeg, að allir sjái, hve ótækt það er, að þeir geti skorizt undan, er sízt skyldi. Alstaðar um heim kemur í ljós þessi megingalli á heimildarlögum, að þau eru eigi notuð af þeim, er mest ríður á að nota þau; þetta hefir sannazt á fræðslumálum. Það hefur líka sannazt um heilsutryggingar; þær hafa byrjað með frjálsum samtökum; síðan hefur ríkið stutt þessi samtök og loks hefur tryggingin verið gerð að *skyldu*. Þessar og aðrar alþýðutryggingar (slysatrygging, öryrkjatrygging, ellitrygging) eru beztu sjálfstæðisvarnir almennings nú á dögum.

Þá hefur það ómað um allar jarðir, að beztu varnir gegn hallærum væru, að ala upp í þjóðinni forsjálni, fyrirhyggju og sparsemi. Síðan á 18. öld hafa allir beztu menn þjóðarinnar prjedikað fyrir henni forsjálni, fyrirhyggju og sparsemi. En þær prjedikanir hafa þotið eins og vindur um eyru þjóðarinnar, — lítinn sem engan árangur borið. Er þjóðin svona heimsk, eða höfum við aldrei ratað á rjettu þrautaleiðina? Jeg svara þessu óhikað og segi: Þjóðin er ekki heimsk, en hún hefur farið vill vegar, ekki komizt á bezta bjargráðaveginn. Hver er hann? Það er *tryggingar*vegurinn. Við vitum, að hús *eru* trygð gegn eldsvoða, skip gegn sjávarháska. En hitt er enn ókunnugra, að í öðrum löndum kaupir öll alþýða sjer nú orðið tryggingar gegn sjúkdómum, slysum, vinnuskorti og ellilasleik. Þar er fátæklingunum orðið ljóst, að tryggingarnar eru þeirra *eini sanni* og öruggi sjálfstæðisvegur.

Við tölum og skröfum mikið og margt um sjálfstæði? En hvaða sjálfstæði er bezt? Er það ekki bezta sjálfstæðið, að hver almúgamaður sje svo trygður, að hann geti staðizt þau bágindi, sem alt af koma fyrir í lífinu og þurfi þá ekki að vera upp á aðra kominn? Hitt sjálfstæðið, þjóðarsjálfstæðið, er stássmál hjá þessu. Hvað gagnar þjóðarsjálfstæðið, ef að mikill þorri þjóðarinnar er ósjálfbjarga aumingjar eins og á Rússlandi.

Háttv. þm. N.Múl. (E. J.) gat þess, að oftar væri hallæri, en þegar fólk fjelli. Það er alveg rjett. Annars sjest það vel á nefndarálitinu, hvað nefndin á við með hallæri. Hallæri er óáran, sem stafar af óviðráðanlegum orsökum.

Jeg get nú farið að ljúka máli mínu, því að háttv. 5. kgk. þm. (Stgr. J.) talaði í sömu átt og háttv. þm. N.Múl., svo að jeg þarf ekki að svara honum sjerstaklega.

Jeg vil að síðustu biðja háttv. þingdeildarmenn, að renna sem skjótast augum yfir sögu þjóðarinnar. Líf hennar og starf hefur verið eins konar *Sisyfusar-þraut*. Þið kannizt við söguna af þeim ólánsmanni. Það voru hans örlög, að standa eilíft og endalaust í því stríði, að velta þungu bjargi upp háa brekku — og missa það einlægt aftur niður alla brekkuna. Íslenzku þjóðinni hefur farið líkt og Sisyfusi í þessari forngrísku sögu. Hún hefur oft komizt langt upp í brekkuna, en svo hafa einlægt þung og stór áföll velt henni ofan aftur. Það hafa komið góð ár, mörg ágæt ár, efnahagur hennar blómgvast, atvinna eflzt og aukizt, alt í lyndi leikið, en þá hafa hallæri og hörmungar dunið á henni, hafísar hafa girt fyrir aðflutninga, hörkur spilt gróðrinum, svo að það hefur alt gengið til þurðar, er safnað var á góðu árunum; alt horfið aftur í gamla farið.

Og enn verð jeg að biðja menn, að minnast eins: Það hefur áratug eftir áratug verið sagt við stjórnmálamenn þjóðarinnar: „Hættið þið þessu stórpólitíska gargi. Snúið ykkur heldur að atvinnuvegunum og hugsið um þá". Þetta er alveg rjett. Atvinnuvegirnir, vöxtur þeirra og viðgangur, eru undirrót alls sjálfstæðis, grundvöllur þess. Og hvað leggja ekki aðrar þjóðir á sig til tryggingar lífi sínu og sjálfstæði. Miklu þyngri og stærri eru þær tryggingarkvaðir, sem hvíla á alþýðu í öðrum löndum, og hefur hún þó ekki meira á borð sitt að bera en íslenzk alþýða.

En þyngsta sjálfstæðistryggingin fyrir aðrar þjóðir er þó herkostnaðurinn. Hjer er verið að segja, að það sje varhugavert, að leggja á menn mikil fjárútlát til þess, sem ekki þurfi að nota nema einstöku sinnum. En einmitt þetta á heima um allan herkostnað. Herinn þarf ekki að nota nema einstöku sinnum. Tökum til dæmis Norðmenn. Norska þjóðin er ekki auðugri en vjer til uppjafnaðar. Auk allra annara gjalda kemur þar 8—9 kr. skattur á hvern mann, að meðaltali, til hervarnar. Það er sama sem nálægt því *800 þús. kr.* skattur væri lagður á oss Íslendinga. En hjer, í þessu frumvarpi, er ekki um að ræða nema 60 þús. kr. skatt. Og þó eru menn að velta og víla það fyrir sjer, hvort þeir eigi að leggja þetta smáræði í sölurnar fyrir sjálfstæði þjóðarinnar og framtíðarheill niðja vorra.

Sigurður Eggerz: Jeg get ekki neitað því, að mjer þykir nokkuð mikið hallærishljóðið í deildinni, þar sem háttv. 6. kgk. þm. taldi þetta aðalsjálfstæðismál þjóðarinnar, en önnur mál að eins stássmál.

Það neitar því víst enginn, að það sje gott að eiga sjóð. En þess verður að gæta, að hjer er að ræða um allálitlega upphæð, 60 þús. kr. En jeg vil biðja menn að athuga, hvað hægt væri að gera við þetta fje á annan hátt, hve mjög væri hægt að bæta atvinnuvegi þjóðarinnar með bættum samgöngum á sjó og landi og fleiru, svo að hún verði á þann hátt færari til að rísa undir hallærum, er þau ber að hendi. Það er auðsætt, að því betur sem þjóðin er efnum búin, því betur fær hún staðizt aðköst hörðu áranna, og jeg endurtek það: Jeg bið menn að athuga, hvað gera megi með þessu fje á annan hátt en hjer er farið fram á, til eflingar atvinnuvegunum.

Háttv. 6. kgk. þm. (G. Bj.) fór mörgum hjartnæmum orðum um, að það yrði að sjá fyrir fátæklingunum, ef hallæri bæri að höndum. En mig furðar á, að hinn sami háttv. þm. (G. Bj.), sem hugsar svo mikið um fátæklingana í framtíðinni, skuli hugsa svo lítið um fátæklinga í nútíðinni. Allir sjá, hvílíkt himinhrópandi ranglæti nefskattur er. Fátæklingurinn, sem varla getur sjeð fyrir fjölskyldu sinni til næsta máls, skilur ekki hollu ráðin ríka mannsins, um að leggja fje í sjóð. Hvaðan koma honum peningar til þess? Fátækl-

ingurinn verður fyrst að hugsa um, hvernig hann eigi að fá mat til næsta máls, áður en hann fer að hugsa lengra fram, fyrir löngu ókomnum tímum. Það verður að fara með gætni í að leggja skatt a öreigana. Og hvaða nauðsyn er til að fara þessa leið? Hví má ekki leggja þessa skatta á eftir einhverjum rjettlátari mælikvarða. Eða ef þörf er á sjóðum, því má þá ekki taka þetta fje úr landssjóði? Jeg sje enga ástæðu til að koma þessu mikla hallærissjóðsstjórnarbákni á fót. Ef menn finna ástæðu til að veita fje til hallærisstyrks, hví má þá ekki láta sýslunefndir og hreppsnefndir og stjórnarráðið hafa með þetta að sýsla, eins og venjan er. Því þarf að búa til nýjar stjórnir og langa skrifstofuleið?

Einar Jónsson: Mjer skildist háttv. 6. kgk. þm. (G. Bj.) byggja á því, að jeg væri andvígur þessu frv., en það er ekki svo. *(Guðm. Björnsson:* Það var ekki heldur meining mín). Jeg er því hlyntur, að við tryggjum okkur gegn hættum, er yfir kunna að vofa.

Það, sem jeg benti á, var það, hvort ekki væri rjettara, að hverfa frá nefskattinum og jafna þessu gjaldi, er hjer ræðir um, niður eftir efnum og ástæðum.

Háttv. 6. kgk. þm. mintist á, að sjereign hjeraðanna í hallærissjóðnum mundi ekki hrökkva til og sagði, að betra væri, að eiga lítið en ekki neitt, en það var ekki það, sem jeg átti við, heldur það, að svo gæti farið, að engin sjereign yrði til í hallærissjóðnum, þegar fram í sækti, ef hallæri bæri að og mjög stórt lán yrði að fá úr sameignarsjóðnum, því að þá gæti gengið langur tími til að endurgreiða það lán, áður en nokkur sjereign gæti aftur myndast. Gæti jafnvel komið nýtt hallæri áður, og þurft að halda á fje úr sjóðnum til þeirra hjeraða, er enga sjereign hefðu þá eignast. Eins og frv. nú er útbúið, getur sameignarsjóðurinn vaxið takmarkalaust, en mjer finst, að það ætti að setja einhver takmörk fyrir vexti hans nú. Það má auðvitað gera það seinna, en væri þó rjettara að gera það nú þegar, og tryggja betur sjereignina.

Mér finst háttv. framsögum. alt af gera ofmikið úr fyrirhyggjuleysi landsmanna. Fyrirhyggja þeirra er vafalaust að ýmsu leyti meiri en áður var. Þó að það sjeu nú óvíða til einstöku miklir fyrningamenn, eins og áður var, þá hefur mönnum þó alment *í heildinni* vaxið nokkuð fyrirhyggja og forsjálni, að því er heyásetning snertir í samanburði við það, sem var fyr á tímum, eins og bezt má sjá á frásögum um harðindi og hallæri fyr á tímum í íslenzkum annálum og víðar. Nú hafa menn þó að minsta kosti hús yfir búpening sinn. En jafnvel á öndverðri 19. öld er svo frá skýrt, að fje hafi verið farið að falla á Þorra, *það sem ekki hafði hús* — og það í Strandasýslu, einu mesta harðindasvæði landsins. Svona var fyrirhyggjan þá. Áður er jafnvel talað um stundum í hörðum vetrum, að fje hafi verið farið að falla fyrri hluta vetrar.

Nú hygg jeg, að til sjeu þó alstaðar fjárhús í Strandasýslu. Sem betur fer, er nú meiri fyrirhyggja, en áður var, þó að henni sje því miður mikið ábótavant enn, og treysti jeg því, að hún muni fara vaxandi. En alt um það er nauðsynlegt, að tryggja sig sem bezt fyrir stórum áföllum, svo að vjer þurfum ekki að lifa af bónbjörgum frá öðrum þjóðum, þegar þau ber að hendi. Það getur verið spurning, hvort vjer í slíkum tilfellum eigum að taka lán eða veita fje úr landssjóði, og getur vel verið, að hyggilegast sje að taka smámsaman eitthvað úr landssjóði og leggja það í tryggingarsjóð. Ýmsir aðrir sjóðir hafa verið myndaðir á þann hátt, og virðist fult eins rjettmætt, að beita þeirri aðferð hjer. Jeg skildi hinn hv. þm. V.-Sk. svo, að hann vildi, að fjeð væri tekið úr landssjóði, án þess að neitt væri lagt til úr hjeruð-

unum. Þetta álít jeg alveg rangt; fólkið á að leggja sjálft beinlínis sinn skerf til tryggingarinnar. Því að, ef hver hreppur verður árlega að hugsa um að tryggja framtíðina, þá fer ekki hjá því, að slíkt glæði hjá almenningi umhugsunina um hyggilega forsjálni á hverjum tíma, sem er að líða. En að því hallast jeg heldur, að sveitarsjóðirnir eigi að leggja fjeð fram, heldur en að nefskattur sje lagður á. Háttv. 6. konungkj. þingm. mintist á, að þó að samgöngur væru greiðari nú en áður, þá væri þó ástandið að vissu leyti hættulegra nú en áður. Því að áður hefði það verið siður, að verzlanir birgðu sig alt fram í júnímánuð, en nú væri það alkunna, að litlar birgðir væru í kaupstöðum á haustin; menn treystu á miðsvetrarferðirnar, en ef þær brygðust, þá stæðu menn uppi auðum höndum, og það er sannleikur, að þessar birgðir eru langt of litlar. Það virðist því liggja í augum uppi, að hvað sem öðru líður, þurfa sveitarfjelögin að vinda bráðan bug að því, að tryggja sjer nægar vetrarbirgðir. Það getur altaf komið fyrir, að á þeim þurfi að halda. Jeg man t. d. eftir því, að 1882 sendi jeg ull mína í kaupstað 19. sept. Það var fyrsta kaupstaðarferðin á því sumri. Kaupskipin komust þá fyrst inn á Skagafjörð í september. Frostaveturinn 1880—1881 var illfært fyrir skip um sjóinn fyrir lagísum og frostum jafnvel áður en hafísinn kom, og hefði það illa hindrað sjóferðir í janúar og febrúar. Það ber því hina brýnustu nauðsyn til að menn komi sér sem fyrst upp kornforðabúrum, hvað sem þessu frv. líður.

ATKVGR:

1. gr. sþ. með 8 shlj. atkv.

1. breyttill. á þgskj 263 samþykt með 10 shlj. atkv.

2. gr. þar með fallin.

2. breyttill. á þgskj. 263 samþykt með 10 samhlj. atkv.

3. gr. frv., þannig breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

3. breyttill. á þgskj. 263 samþykt með 10 samhlj. atkv.

4. gr. frv., þannig breytt, samþykt með 10 samhlj. atkv.

5. gr. sþ. með 10 shlj. atkv.

4. breyttill. á þgskj. 263. samþykt með 10 samhlj. atkv.

6. gr., þannig breytt, samþykt með 10 samhlj. atkv.

5. breyttill. á þgskj. 263 samþykt með 9 samhlj. atkv.

Þar með 7—10. gr. fallnar en í staðinn koma 4 nýjar greinar.

6. brtill. a, á þgskj. 263, samþykt með 9 samhlj. atkv.

6 brtill. b, á þgskj. 263, samþykt með 9 samhlj. atkv.

11. gr. frv., sem verður 12. gr., samþykt þannig með 9 shlj. atkvgr.

7. breyttill., á þgskj. 263, samþykt án atkvgr.

12. gr. frv., sem verður 11. gr. sþ. með 9 samhlj. atkv.

13. gr. sþ. með 9 shlj. atkv.

8. brtill. á þgskj. 263 samþykt með 9 samhlj atkv.

14. gr., þannig breytt, samþykt með 10 samhlj. atkv.

15. gr. sþ. með 10 shlj. atkv.

16. gr. sþ. með 10 shlj. atkv.

9. brtill. á þgskj. 263 við fyrirsögn frv. sþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv., þannig breytt, sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umræðu með 12 shlj. atkv.

Þau 3 mál, sem eftir voru á dagskránni voru tekin út af dagskrá.

26. fundur. Föstudaginn 8. ágúst, kl. 1 síðd. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um sölu á kirkjujörðinni Undirfelli með hjáleigunni Snæringsstöðum í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu* (276); 1. umr.

Þórarinn Jónsson, flutningsmaður: Þetta frumvarp er framkomið vegna þess, að ábúandinn hefur orðið að snúa sjer til alþingis til þess að fá jörðina keypta. Hann hefur áður leitað kaups á jörðinni hjá sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, og fjekk það svar, að sýslunefndin áliti, að jörðin heyrði ekki undir 2. gr. laga um sölu kirkjujarða. Var það samþykt í sýslunefndinni með 3 atkv. gegn 2, en 2 greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hluta. Voru þá skipaðir matsmenn og matið sent stjórnarráðinu, en með því að atkvæðagreiðsla sýslunefndarinnar þótti óljós, eða einhverjar aðrar ástæður hafa verið til, var henni sent málið aftur, og fjell það þá með 4 atkv. gegn 1. Aðalástæðan til þess var sú, að jörðin var talin hentugt barnaskólasetur. Þetta atriði var ítarlega rætt í sýslunefndinni. En það sýnist nú vera breytt skoðun hjá hreppsbúum í þessu atriði, þar sem komið hefur verið upp kenslustofu til barnafræðslu á öðrum stað í hreppnum, og því ekki líklegt, að hreppsmenn hugsi til þess, að setja upp heimavistarskóla fyrir börn og taka undir hann stóra jörð, en til heimangönguskóla er Undirfell ekki heppilega sett fyrir alla sveitina. Jeg hygg, að rækileg rannsókn á öllum skjölum máli þessu viðkomandi muni leiða í ljós, hvernig í þessu liggur, og vona jeg því, að hv. deild skipi 3 manna nefnd til þess að íhuga það, og geri jeg það að minni uppástungu, að lokinni þessari umr.

Forseti: Af því að þetta frv. hefur ekki komið fram fyr en 4 vikum eftir að þing var sett, þarf að leita samþykkis hinnar háttv. deildar til þess, að það geti fengið löglega meðferð hjer á þinginu.

Samþykt að veita leyfi til þess að ræða málið með 10 shlj. atkv.

Málinu vísað til 2 umræðu með 10 shlj. atkv.

3 manna nefnd samþykt með 10 samhlj. atkv., og voru kosnir í hana í einu hljóði:

Guðm. Björnsson,
Steingr. Jónsson,
Þórarinn Jónsson.

Í nefndinni var Guðmundur Björnsson kosinn formaður og Þórarinn Jónsson skrifari.

---

2. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum* (129, n. 265); 2. umr.

Jósef Björnsson, framsögumaður: Jeg finn ekki ástæðu til að tala margt um mál það, sem hjer liggur fyrir, enda hefur nefndin gert grein fyrir skoðun sinni í nefndarálitinu. Nefndin leggur til, að 2. og 3. gr. frumv. sjeu samþyktar óbreyttar, en aftur vill hún breyta 1. gr., og er þar um allverulega efnisbreytingu að ræða. Í 1. gr. frv. er ætlazt til, að landssjóður leggi styrktarsjóðnum 2500 kr. um óákveðinn tíma. Þetta er 1500 kr. meira en sjóðurinn fær nú úr landssjóði. Nú er fyrst að líta á, hvort styrktarsjóðurinn muni eigi með núgildandi tillögum geta leyst ætlunarverk sitt af hendi. Nefndin álítur það hæpið, jafnvel þótt gera megi ráð fyrir, að fyrst um sinn muni eigi verða mikil þörf á styrkveitingum, þar sem mjög margir af kennurum landsins eru vafalaust ungir menn, og því engin

hætta á, að þeir verði styrks þurfandi í nánustu framtíð. Nefndin vill því stuðla að því, að gera sjóðinn svo stóran á næstu árum, að hann geti komið að fullum notum, þegar þörf krefur. Þessu hyggur hún að megi koma til leiðar, ef landssjóður leggur 2500 kr. á ári til sjóðsins, en þó þannig, að eigi megi nota annað en vöxtu sjóðsins til árlegrar úthlutunar, fyr en hann er orðinn 50,000 kr. Eftir þann tíma falli landssjóðstillagið burtu. Samkv. núgildandi lögum má ekki úthluta öðru úr sjóðnum en ársvöxtunum, fyr en hann er orðinn 20,000 kr., en eftir að hann hefur náð þeirri upphæð, má veita $^3/_4$ allra árstekna hans. Ef látið væri sitja við þetta, þá mundi sjóðurinn seint aukast og seint geta fullnægt ætlunarverki sínu. En ef svo er farið að, sem nefndin leggur til, þá mundi sjóðurinn innan fárra ára geta leyst það starf af hendi, sem honum er ætlað. Nefndin hefur miðað við, að af barnakennurum landsins, sem eru um 300, verði styrkþegarnir eða þeir kennarar, sem styrk geta fengið fyrst um sinn, sennilega ekki fleiri árlega en svo, að gera megi ráð fyrir, að vextir af sjóðnum komi að góðum notum. Ef gert er ráð fyrir, að ekki verði þörf á mörgum styrkveitingum fyr en eftir 30—40 ár, og nefndin telur líklegt að svo fari, þá verður sjóðurinn orðinn svo stór, að úthluta má úr honum árlega ríflegri upphæð, eða alt upp að 4000 kr. á ári, því um 1950 verður hann sjálfsagt orðinn alt að 80,000 kr., en þetta nemur allmikið yfir 100 kr. á hvern styrkþurfa, ef styrkþurfar væri 10 % af tölu kennaranna. — Jeg finn svo ekki ástæðu til þess, að fara fleirum orðum um þetta mál, en vil taka það fram fyrir hönd nefndarinnar, að hún telur þessa brtill. sína vera til mikilla bóta, bóta, sem koma bæði fram á styrktarsjóðnum, til að auka hann fljótt og gera hann með því færan til að inna starf sitt vel af hendi, og fyrir landssjóðinn, sem innan skamms losast alveg við árgjald til styrktarsjóðsins, og leggur nefndin því mikla áherzlu á, að brtill. verði samþ.

Steingr. Jónsson: Jeg ætla að taka fram það álit mitt, að varhugavert sje, að leggja fram úr landssjóði fjárstyrk þann, sem farið er fram á í frv. þessu, því að það stefuir í sömu átt, sem ýms önnur frv., sem fram hafa komið á seinni þingum, netnilega að skifta landssjóðnum niður í ýmsa smærri sjóði, sem hin árlegu þing hafa engin umráð yfir. Jeg mun þó greiða atkvæði mitt með þessu frumvarpi vegna þess, að jeg hygg, að með því sje lagður grundvöllurinn undir, að alþýðukennarastjettin komist á eftirlaun, og að þau verði miðuð við eftirlaun þau, sem embættismönnum eru ætluð í eftirlauna, lögunum frá 4. marz 1904.

Þetta frv. er að vísu ekkert eftirlaunafrumvarp, en meiningin er þó að komast að sama takmarki með því og með eftirlaunalögunum. Jeg mun því eins og jeg áður sagði, greiða atkvæði mitt með þessu frv. í þeirri von, að hjer sje um stefnubreytingu að ræða, og að auga alþýðu muni brátt opnast fyrir því, hve heimskuleg sú stefna er að vilja afnema eftirlaun embættismanna, hve heimskulegt það er, að halda, að þau sjeu skaðleg og útgjaldaauki fyrir landið, í stað þess, að þau eru nauðsynleg og sjálfsögð og til sparnaðar fyrir þjóðina.

Jósef Björnsson, framsögumaður: Jeg er hv. 3. kgk. þakklátur fyrir það, að hann er meðmæltur þessu frv., en jeg get ekki verið honum samdóma um, að hjer sje stefnt að sama takmarki, sem í eftirlaunalögunum. Vil jeg máli mínu til styrktar minna á, að hjer er einungis um það að ræða, að styrkja í bili sjóð, sem kennarar sjálfir stofna sjer til tryggingar í elli sinni, sjóð, sem þeir sjálfir leggja fje í, sem þeir eiga ekki afturkræft, nema þeir

síðar sökum fátæktar þurfi styrks við. Hjer er því um alt annað princip að ræða en í eftirlaunalögunum. Eftirlauna njóta bæði þeir, sem þurfa þeirra með, og eins hinir, sem ekki þurfa þeirra, en í þessum lögum er aðeins ætlazt til, að þeir kennarar verði styrksins aðnjótandi, sem þarfnast fyrir hann. Í þessu er aðalmismunurinn fólginn, en hann er líka mjög greinilega markaður.

Steingr. Jónsson: Jeg stend einungis upp til þess að undirstrika það, að jeg álít, að þessi lög, eins og ellistyrktarsjóðslögin, sjeu aðeins byrjun til nýrrar stefnu, einungis hyrningarsteinninn undir því, sem við væntum að þingið muni gera í framtíðinni. Í því trausti mun jeg greiða frumvarpinu atkvæði mitt.

Sigurður Stefánsson: Jeg get fullkomlega skrifað undir það með háttvirtum 3. konungkjörna, að það, sem farið er fram á í þessu frumvarpi, er að tryggja kennurum nokkurs konar eftirlaun, og jeg ætla ekki að fyrirdæma frumvarpið fyrir það. En annað mál er, hvort tillag það, sem farið er fram á að veita úr landssjóði er ekki fullhátt eða hvort það ákvæði, að láta það falla niður að 9 árum liðnum, hefur mikla þýðingu. Jeg býst við, að þegar sjóðurinn er orðinn 50 þús. kr., muni eftir sem áður verða farið fram á ríflegt tillag úr landssjóði; eftir því sem þessari kennarastjett fjölgar, mun hún eiga öflugri flutningsmenn þessa máls á þingi.

Það hefur verið sagt til sönnunar því, að hjer væri um alt annað en eftirlaun að ræða, að einungis þeir kennarar, sem heilsulausir væru og styrks þörfnuðust, ættu að fá tillag úr sjóðnum. En úr þessari sönnun gjöri jeg ekki mjög mikið. Þótt hjer sje ekki um almennan eftirlaunarjett kennarastjettarinnar að ræða, þá mun reynslan sýna, að þessi eftirlaun verða æríð almenn; fátækt þessara uppgjafakennara verður víst mjög almenn, og þá ekki síður aðrir verðleikar þeirra til þessa styrks, því á verðleikum er aldrei neinn hörgull, er um það er að ræða að ná í einhvern opinberan styrk; við þann pottinn eru allir einstakir sæmdar- og dugnaðarmenna, sem alls góðs eru maklegir.

Við vitum það, að þingmenn eru á hverju ári að koma með alskonar eftirlaunapósta inn á þingið, ýmist fyrir landpósta eða einhverja aðra. En hvað mundi verða, ef öll lögákveðin eftirlaun væru afnumin.

Jeg mun greiða atkv. með þessu frumvarpi vegna þess, að jeg álít að það gangi í rjetta átt, og vegna þess að það sýnir, að þeim mönnum, sem hæzt glamra um afnám eftirlauna, er ekki alvara með öllu þessu glamri sínu.

Jósef Björnsson: Jeg hef ekki mikla ástæðu til þess að taka til máls, en jeg vil einungis geta þess gagnvart því, sem háttvirtur þingmaður Ísfirðinga sagði, „að þingmenn væru að pota inn á þingið alskonar eftirlauna póstum, enda þótt þeir þættust vilja afnema öll eftirlaun,“ þá get jeg ekki tekið þessi orð hans töluð til nefndarinnar, nje til mín, því hvorki hef jeg nje nefndin verið að flytja inn á þingið neina eftirlaunapósta hvorki fyrir landpósta nje aðra, og um engin eftirlaun er að ræða í frumvarpinu.

Þar sem háttv. þm. Ísafjarðar og fleiri háttv. þingmenn eru að halda því fram, að hjer sje um eftirlaun að ræða, þá verð jeg að halda fast við það, sem jeg áður hef sagt, og er alt hjal þeirra um þetta hinn mesti hjegómi og fjarstæða, því að það, sem hjer er farið fram á, er alt annars eðlis en eftirlaun. Hjer er að eins um það að ræða, að styrkja viðleitni manna, til þess að tryggja sjer hjálp í elli sinni, og þótt þessum lögum og ellistyrktarsjóðslögunum væri breytt á þá leið, að hver maður skyldi í elli sinni verða aðnjótandi

styrks úr þessum sjóðum, þá væri hjer þó ekki um eftirlaun að ræða á þeim grundvelli, sem eftirlaun embættismanna eru bygð á, heldur væri það styrkur, sem mennirnir hefðu safnað sjer sjálfir eða saman sparað fje, sem þeir hefðu lagt til hliðar, og álít jeg rjett, að landssjóður styrki viðleitni þeirra í þessu efni. En þetta er í samræmi við kröfur þjóðarinnar um afnám eða breytingu á eftirlaunum, því um leið og menn hafa óskað þess, að eftirlaun væru afnumin, hafa þeir lýst yfir þeim vilja sínum, að embættismenn, sem nú njóta eftirlauna, væru styrktir af landssjóði til þess að safna sjer ellistyrk. Þetta hef jeg heyrt tekið fram aftur og aftur á þingmálafundum. Hvort af þessu verði kostnaðarminna fyrir þjóðina, skal jeg ekki þrátta um, en hitt er víst, að ellistyrkurinn kemur niður á alt annan og heppilegri hátt, en þau eftirlaun, sem nú eiga sjer stað, því að hans eiga aðeins þeir að njóta, sem þurfandi eru fyrir hann.

Hákon Kristoffersson: Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta frumvarp. Jeg get tekið undir með þeim, sem telja varhugavert, að skifta landssjóði upp í marga smærri sjóði, og vona, að sú leið verði athuguð, eins og vert er. En jeg get ekki fallizt á það, sem háttv. þingm. Ísfirðinga sagði, að það, sem hjer er farið fram á, sje í rauninni sama og eftirlaun, og virtist hann vera hlyntur málinu af þeirri ástæðu. Þann veg lít jeg ekki á málið, því jeg er þeirrar skoðunar, að afnema beri öll eftirlaun, og þar sem hann sagði, að ef það yrði gert, mundi allskonar styrkbeiðslum rigna yfir þingið, þá get jeg ekki litið svo smáum augum á embættismennina, að búast mætti við slíkum sultarbeiðnum frá þeim.

Jeg lít svo á, að það sje vel til fallið, að styrkja viðleitni manna til þess að sjá sjer borgið í ellinni. og þar eð aðeins er farið fram á tillag í nokkur ár, mun jeg verða meðmæltur þessu frumvarpi. En áður en jeg lýk máli mínu, vil jeg enn á ný mótmæla því, að hjer sje um nokkur eftirlaun að ræða, því að með eftirlaunum mun jeg aldrei verða, nema ef um eftirlaun til allra væri að ræða.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er algerlega samdóma hv. þm. Ísaf. (Sig. Stef.) og hv. 3. kgk. (Stgr. J.) um, að rjett sje að samþykkja þetta frv., vegna þess að það kemur algerlega í bága við afnám eftirlauna, því jeg get ekki fallizt á það, sem hv. 2. þm. Skgf. sagði, að hjer væri um alt annað en eftirlaun að ræða. Jeg get ekki sjeð, að brtill. nefndarinnar hafi mikla þýðingu, því þótt ákveðið sje, að tillag landssjóðs skuli falla niður, að 9 árum liðnum, getur þetta ákvæði orðið þýðingarlitið. Á þeim tíma verða haldin 4—6 þing, sem hafa ráð á að breyta þessu og framlengja tillagið og mjer þykir ekkert líklegra, en að það verði orðið tvö- eða þrefalt, að þeim tíma liðnum. Að tala um þetta sem ellistyrk, er hin mesta fjarstæða, því að hjer er aðeins um eftirlaun að ræða, og sjezt það beint á því, að í 3. gr. er ákveðið, að ef kennari andist, megi veita ekkju hans eða börnum styrk þann, er hann hefði getað orðið aðnjótandi. Þetta er alveg sami andinn og í eftirlaunalögunum. Jeg mun því verða frumvarpinu samþykkur, vegna þess að jeg álít, að það gangi í alveg rjetta átt, og það gleður mig. að þeir menn, sem hæst tala við kjósendur sína um afnám eftirlauna, en flytja svo annað eins frv. og þetta inn á þingið, geta orðið sjer til athlægis og minkunar fyrir fylgi sitt við þetta mál, annað hvort í nútíð eða framtíð.

Þórarinn Jónsson: Jeg ætla ekki að tala um brtill. nefndarinnar, en þar sem sagt var, að með þessu frv. kæmum við

inn á nýja braut, eftirlaunabrautina, þá get jeg eigi sjeð, að svo sje, því mjer virðist, að það, sem hjer er farið fram á, standi í alls engu sambandi við eftirlaun, heldur sje alt annars eðlis.

Hv. þm. Strand. hjelt, að síðar mundi lögunum verða breytt og tillagið hækkað. Um þetta getum við bara spáð, og það er ekki á okkar ábyrgð, þótt svo verði. Okkar skylda er að ganga svo frá þeim, eins og við álítum rjett og sanngjarnt, án nokkurs tillits til þess, hvað síðari þing muni gera.

Hv. þm. Ísaf. talaði mikið um, að nú væri farið að koma inn á þingið með allskonar eftirlaunapósta, og þótti það bera vott um, að þinginu væri ekki alvara með að afnema eftirlaun. En hjer er ekki um nein eftirlaun að ræða; ef þetta ætti að vera í sambandi og samræmi við eftirlaunalögin, þa þyrfti að breyta eftirlaunalögunum á þá leið, að þeirra nytu ekki nema þurfandi og verðugir. En nú á það gagnstæða sjer stað. Eftirlaunin ganga jafnt yfir alla. Hjer er aðeins um það að ræða, að styrkja þá, sem hjálpar þurfa og geta ekki bjargað sjer sjálfir, og ef menn athuga þetta, munu menn glögt sjá muninn á eftirlaununum, eins og þau gerast nú, og þeim styrk, sem hjer er um að ræða.

Hv. þm. Strand. sagði, að menn gerðu það til þess, að geðjast kjósendum, að tala á móti eftirlaununum, því það væri alþjóðarvilji, að eftirlaun væru afnumin. Er það þá þessvegna, að hann er þeim svo meðmæltur? En þessi orð hans get jeg ekki tekið til mín. Jeg hef einmitt reynt að sýna kjósendum mínum fram á, að ef eftirlaun verða afnumin, muni afleiðingin verða sú, að launin hækki og þá vafasamt, hvort það hafi minni útgjöld í för með sjer. en eigi að síður eru eftirlaunin óeðlileg og órjettlát. Betra að hafa rjettlætið, þótt dýrara reyndist.

Hákon Kristoffersson: Jeg ætla aðeins að segja örfá orð, því að hv. þm. Húnv. hefur tekið flest fram af því, sem jeg vildi segja. En það sem hv. þm. Strand. var að segja um eftirlaunablaður við kjósendur, get jeg ekki tekið til mín, enda mun hann hafa mælt það til þeirra, sem nær honum standa. Jeg hef ekki haft tækifæri til þess að vera með neitt eftirlaunablaður við kjósendur, nje yfir höfuð að tala neinskonar blaður fyr en þá á þessu sumri.

Jeg mótmæli því, að hjer sje um eftirlaun að ræða, því þótt svo sje ákveðið í lögunum, að ekkja og börn kennara skuli njóta styrks úr sjóðnum, ef þau þurfa hans með, þá er hjer um alt annað en eftirlaun að ræða, því þeirra njóta jafnt þeir, sem þarfnast fyrir þau og hinir, sem ekki þurfa þeirra með. Verðugir og óverðugir. Góðir embættismenn og laklegir. Þetta mál á því ekkert skylt við eftirlaun. Þeir, sem eru málinu hlyntir, bljóta því að vera það, af því að sanngirniskrafa mælir með því, en ekki af þeirri ástæðu, að það eigi neitt skylt við eftirlaun.

Jósef Björnsson: Jeg ætla að fara örfáum orðum um ræðu hv. þm. Strand. Hann sagði, að það ákvæði væri lítilsvert, að tillagið fjelli niður eftir ákveðinn tíma. Hann ræður sinni meiningu um þetta atriði, og jeg skal ekki deila við hann um það, hvort þessi skoðun hans er rjett eða ekki, en jeg ætla aðeins að benda á, að slíkt má segja um öll lög, að þau eru ekki sett fyrir tíma og eilífð, heldur geta síðari þing breytt þeim eftir vild sinni, og þessu sama hljóta þau lög að lúta, sem hjer ræðir um. En þetta þarf ekki að hindra lagasetningu og gerir það ekki. Mörg lagaákvæði standa lengi, þótt hægt væri að breyta þeim, og má vel vera, að svo fari um þetta mál. Sami hv. þm. sagði, að

það væri fjarstæða, að telja þetta ellistyrk, en jeg segi, að þetta er engin fjarstæða. Hann vildi rökstyðja þetta með því, að í frv. væri ákveðið, að ekkju og börnum látins kennara megi veita styrk þann, sem kennarinn hefði getað orðið aðnjótandi, ef hann hefði lifað. Það er alveg rjett, að þessum aðstandendum kennarans má veita styrk, en þetta er alt annað en ákvæði eftirlaunalaganna, því að þar er sagt, að ekki einungis *megi* heldur *skuli* veita ekkju og börnum embættismanna eftirlaunastyrk, og jeg vona, að þingmaðurinn skilji muninn á *má* og *skal*. Sami þm. sagði ennfremur, að hann mundi greiða atkvæði með þessu máli, vegna þess að með fylgi sínu yrðu þessir eftirlaunaglamrarar sjer til athlægis og minkunnar hjá þjóðinni. Jeg tek mjer það ljett, þótt þingmaðurinn tali þetta til mín eða nefndarinnar, en jeg verð að segja, að jeg öfunda hann ekki af þeim tvísýna heiðri, að greiða atkvæði með nokkru frv., aðeins til þess að samþingismenn hans verði sjer til minkunar og að athlægi, eins og orð hans lágu til. Ef til vill yrði slíkt nefnt einhverju miður fögru nafni.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg vildi aðeins taka það fram, að það, sem jeg sagði um að það gleddi mig að þeir þm., sem þættust vilja afnema eftirlaun, en bæru svo fram annað eins frv. og þetta, yrðu sjer til athlægis og minkunar, það meinti jeg ekki til hv. deildarmanna minna eða hv. nefndar, því að jeg veit það vel, að frv. er ekki runnið frá þeim, heldur er það komtð hingað frá hv. Nd.

Allir þeir, sem greiða atkv. með þessu frv., en segjast vera á móti eftirlaunum, þeir eiga þetta, er jeg sagði, því þeir sýna með framkomu sinni, að það er svo langt langt frá, að þeir vilji afnema eftirlaun, að þeir koma með ný eftirlaun, og jeg tel það gott, að fá þannig tækifæri til þess, að sjá, hversu hugur fylgir máli; það á helzt að sjást um aldur og æfi.

Og ekki fæ jeg sjeð, að það sje hægt að ganga lengra en hjer er gert, því frv. þetta er frá upphafi til enda nákvæmlega bygt á sama grundvelli og eftirlaunin. Það sýnir því ljóslega, að alt þetta glamur á móti eftirlaununum er eintóm heimska, fáfræði og ósamkvæmni frá upphafi til enda.

ATKVGR.:

Brtill. nefndarinnar á þgskj. 265 samþ. í einu hlj.

1. gr. frv. þar með fallin.

2 gr. sþ. í e. h.

3. gr. sþ. í e. h.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvgr.

Frumvarpið samþykt til 3. umr. í einu hljóði.

---

3. *Frv. til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi* (284, 295); 3. umr.

Steingrímur Jónsson, framsögumaður: Sem framsögumaður nefndarinnar, finn jeg mjer skylt, að láta uppi álit um breytingartillöguna á þingskj. 295. Nefndin lítur svo á, að breytingartillaga þessi sje ekki heppileg.

Í frumvarpinu stendur, að alþingiskjósendur eigi að gera út um málið, og það álít jeg lang eðlilegast, því hjer er um einskonar lög að ræða, og er eðlilegast, að þetta vald sje lagt í hendur alþingiskjósenda. En í breytingartillögunni er farið fram á, að allir, er hafa atkvæðisrjett í sveitarmálum og fiskiveiðar stunda, hafi þar um atkvæðisrjett, en þá yrðu þeir miklu fleiri, er ættu atkvæðisrjettinn, og verra að ná til þeirra.

Jeg vil benda á það, að eins og breytingartillagan er orðuð, þá má misskilja

hana, eða skilja á fleiri en einn veg. Eða hvað þýðir þetta „og“. Á það að vera til þess að fjölga kjósendunum, þannig að atkvæðisrjett fái allir, er hafa atkvæðisrjett í sveitarmálum og auk þess þeir, er fiskiveiðar stunda, þótt þeir ekki hafi atkvæðisrjett í sveitarmálum. Eða á það að vera til þess að takmarka, þannig að þeir einir hafi atkvæðisrjett, sem atkvæðisbærir eru í sveitarmálum, *enda stundi fiskiveiðar*. En hvor skilningurinn, sem lagður er í orðið „og“, þá yrði oft erfitt að segja, hverjir hefðu atkvæðisrjett, eða hvað feldist í orðunum „fiskiveiðar stunda“, t. d., hvort fiskiveiðarnar þyrftu að vera höfuðatvinna eða aukaatvinna. En ef miðað væri eingöngu við þá, er hafa atkvæðisrjett í sveitarmálum, þá væri auðvitað hægt, að framkvæma þetta, því þá þyrfti ekki annað en fara eftir kjörskrám hreppanna í sveitarmálum. En þá er sá galli á því, að þingið fengi öðrum þetta vald í hendur en þeim, er gefa okkur þingmönnunum löggjafarvaldið, og það álít jeg ekki vera rjett. Jeg álít, að þeir einir eigi að hafa það vald að lögum, og mjer finst ekki rjett, að víkja frá reglu þeirri, er hefur ríkt í samþyktarlögunum fram að síðustu árum. Og ef þessu yrði breytt, þá fengju ýmsir atkvæðisrjett, er varðaði málið ekkert. Jeg skal sem dæmi nefna það, að vinnukona, er væri *nýkomin* í sveitina, ætti þá atkvæðisrjett um fiskiveiðasamþyktina, og það þótt hún flytti næsta ár aftur burt úr sveitinni.

Jeg sje því ekki ástæðu til að samþykkja þessa breytingartillögu, og þar sem jeg hef heyrt heimildarlög þau, er samþykt voru hjer í fyrra um mó-töku, nefnd í þessu sambandi, þá eru þau alt annars eðlis; þar er um eignarrjett að ræða, og hafa þeir einir atkvæðisrjett, er eiga eða nota móland.

Ráða vil jeg því til þess, að hin háttv. deild felli breytingartillöguna.

Jón Jónatansson: Jeg býst við, að það geti hvorki orðið til gamans fyrir deildina, eða að það hafi mikil áhrif á úrslit breytingartillögunnar á þingskj. 295, að fara að tala um hana langt mál; tillagan sjálf er stutt, og mjer ekki mál þetta neitt kappsmál.

En mjer þótti það rjett, að láta þessa breytingartillögu koma fram til þess, að háttv. þingm. gæfist kostur á, ef þeir kysu, að hafa lög þessi í samræmi við önnur heimildarlög, t. d. heimildarlög um mótak, er voru samþykt hjer í fyrra.

Það, sem vakir fyrir mjer, er, að mjer finst það vera ósanngjarnt, og ekki ástæða til, að útiloka konur eða ekkjur, sem hafa sjávarútveg, frá því að hafa atkvæðisrjett um samþykt, því í sjálfu sjer er hjer einungis um sveitarmál að ræða, og ekki um annað en það eitt, hvernig bezt sje að haga þessu eftirliti.

Jeg skal játa það, að það er rjett, er háttv. frsm. (Steingr. Jónss.) tók fram, að það megi misskilja orðið „og“, en meiningin í því er, að það skyldi þýða enda, en mjer er þetta annars ekki kappsmál, en virðist þó rjettast, að þeir einir greiði atkvæði um þessar samþyktir, sem málið varða; og þar sem því er haldið fram, að orðalag tillögunnar sje ekki nógu ljóst, og jeg þykist vita, að allmargir geti þó fallizt á fyrri hluta tillögunnar, um að miða kosningarrjettinn við kosningarrjett í sveitarmálum, þá vil jeg biðja hæstv. forseta að skifta breytingartillögunni í tvent við atkvæðagreiðsluna þannig, að orðin „og fiskiveiðar stunda“ sjeu borin upp sjerstaklega.

Jeg geri ráð fyrir, að hinir háttv. deildarmenn hafi gert sjer ljóst, hvernig þeir ætli að greiða atkvæði um tilöguna, svo jeg finn ekkl ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið.

ATKVGR.:

Breytingartill. á þingskj. 295 a feld með 6 atkv.: 6.

Brtill. á þingskj. 295 b, tekin aftur.

Frumvarpið samþykt með 12 samhlj. atkv. og endursent til neðri deildar.

---

4. *Frv. til laga um breyting á lögum frá 22. okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands* (299, 318); 3. umræða.

Jósef Björnsson, framsögumaður: Nefndin hefur leyft sjer að koma fram með brtill. við 4. gr. frv. um upphæðina, er á að greiða sem ársþóknun til stöðvanna. Það, sem farið er fram á í brtill. þessum, er að lágmarkið til stöðvanna sje lækkað þannig, að það verði til 3. flokks stöðva 10 kr. í stað 20 kr. í frv. Og í sambandi við þetta er lagt til, að hámarkið sje lækkað úr 60 kr. í 50 kr. Í samræmi við þetta er brtill. um 2. flokks stöðvarnar.

Þetta hefur nefndin gert sumpart til þess, að slá varnagla við því, að gjaldið verði ofhátt, og sumpart eftir samtali við landsímastjórann, án þess þó, að það sje gert í samráði við hann. Það er ekki hans tillaga heldur nefndarinnar.

Um breytingartill. á þgskj. 318 finn jeg ekki ástæðu til að tala, fyr en hv. flutnm. hennar (H. K.) hefur gert skil fyrir henni.

Hákon Kristoffersson: Örfá orð vil jeg segja um brtill. á þgskj. 318.

Jeg hef borið hjer upp þessa brtill. með tilliti til þess, sem á undan er farið í máli þessu hjer í hv. deild, þar sem hv. nefnd tók upp svipaða símalínu, og hv. deild galt því jákvæði sitt. Með því er fordæmið skapað.

Jeg vænti þess, að hv. deild líti vel á þetta mál.

Kunnugt má það öllum vera, að þessi símalína gefur nokkuð góðan arð, og má telja hana með beztu símalínunum, þó hagur af henni sje ef til vill ekki eins mikill og af Siglufjarðarsímanum.

Með tilliti til þess, er áður hefur verið um þetta talað, finn jeg ekki ástæðu til að ræða það frekar að sinni, en vænti þess, að hv. deild samþykki brtill., því hún er í alla staði rjettmæt.

Jósef Björnsson, frsm.: Lýsa vil jeg yfir því, að nefndin getur ekki aðhylzt brtill. á þgskj. 318.

Til þess liggja aðallega tvær orsakir.

Fyrri orsökin til þess er sú, að framlagið til að leggja símann er tiltölulega lítið úr hlutaðeigandi hjeruðum og minna en á ýmsum stöðum öðrum, miðað við alla upphæðina, er símalínan kostaði.

Hjeruðin lögðu til þessa síma 20 þús. kr., en í fjáraukalögunum er lagt til, að þeim verði endurborgaðar 5 þús. kr., og verður því framlag þeirra aðeins 15 þús. kr., en sími þessi kostaði als 78 þús. kr. Hjeruðin hafa því lagt fram tæplega $^1/_5$ hluta upphæðarinnar, og kemst ekki í neinn samanburð við framlag hjeraðanna til Siglufjarðarsímans, sem lögðu fram 10 þús. kr af 35 þús. als eða $^2/_7$ upphæðarinnar. Ef hjeruðin vestra hefðu lagt jafnmikið hlutfallslega fram, þá hefðu þau átt að leggja fram óskornar 22 þús. kr. í stað 15 þús. kr.

Önnur orsökin er sú, að þótt símalína þessi borgi sig vel, þá er hún ekki með hinum fremstu í því efni, og hún gefur ekki tiltölulega við stofnkostnað jafn mikinn ágóða og Siglufjarðarsíminn. Það er því hætt við því, að ef brtill. verður samþykt, þá kunni hún að draga dilk á eftir sjer, og aðrar símalínur koma, er þykjast hafa og hafa eins mikinn rjett til þess, að verða 1. fl. lína og þessi. Vil jeg þar sjerstaklega nefna til símalínuna frá Breiðumýri til Húsavíkur, er stendur eins vel að vígi; annað hvort að verða þá tekin upp í 1. flokk, eða þá að fá endurgreiðslu á framlaginu að meira eða minna leyti.

Af þessum ástæðum er nefndin mótfallin breytingartillögunni, og leggur til, að hún sje feld.

Hákon Kristoffersson: Stuttorður skal jeg vera, því mjer fellur bezt að segja lítið.

Hv. frms. (J. B.) gat þess, að hv. nefnd gæti ekki orðið samferða mjer, að leggja til, að þessi brtill. yrði samþykt. Jeg lái hv. frms. (J. B.) það alls ekki, því hann er búinn að koma fram mesta áhugamáli sínu (*G. B.*: alveg rjett!).

Þar sem h. frsm. var ennfremur að tala um það, að það stæði á fjáraukalögunum 5 þús. kr. endurgreiðsla til hjeraðanna af framlagi sínu, þá er þess að geta, að það er ekki enn endurborgað, og að hjeruðin hafa tapað vöxtum af upphæðinni allan tímann. Það fer bezt á því, að geta hins smáa, eins og hins stóra, þegar verið er að skýra mál.

Þettur mjer svo ekki í hug að deila við hv. frsm. (J. B.) frekar um þetta. Jeg hef áður gert grein fyrir þessu. En jeg vænti þess, að tillaga mín fái hinn bezta byr í hv. deild samkvæmt atkvæðagreiðslu um Siglufjarðarsímann við 2. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg get ekki öðruvísi talað, en að mjer finst það vera eðlilegt, að hv. þm. Barð. (H. K.) kæmi fram með þessa brtill., því það er ávalt svo, að þegar skriða er farin að renna, þá sópar hún meiru eða minna með sjer, og stækkar á leiðinni. Þessi símalína er, eins og allir vita, ein hin arðmesta fyrir landssjóðinn, og jeg vænti þess, að fleiri samskonar tillögur komi jafnvel á þessu þingi, að minsta kosti á næstu þingum, ef gengið er inn á þessa braut. Jeg tek þetta ekki fram af því að jeg sje með brtill.

Það, sem mjer þykir verst við þetta, er að þegar búið er að slá einhverju prinsípi, föstu þá er strax byrjað á því, að fara að rugla í því, eins og gert var á síðasta þingi með ritsímalögunum. Þetta gerir löggjafarhorfið í hinum þýðingarmestu málum alt að tómum hjegóma, og sýnir stakt stefnu- og staðfestuleysi. Og það er ekki eingöngu í símamálum, er bólar á þessu. Vegalögin eru t. d. ung, og þó er verið að hræra í þeim á hverju þingi alveg gagnstætt stefnu þeirra.

Þótt arðsemi Siglufjarðarsímans mæli nú með því, að hann sje settur í 1. flokk, þá ber að líta á það, að þessi arðsemi er eingöngu komin undir því, að síldarafli þar framvegis verði jafnmikill og verið hefur, en þetta er mjög komið undir árferði og getur hæglega breyzt. En breytist það, þá er alt búið og símaálma þessi orðin mjög tekjurýr. Alt öðru mál er hjer að gegna um Patreksfjarðarsímann, þar er skipagangur einna mestur á landinu, og ekki unt að hugsa sjer, að það breytist á meðan fiskiveiðar verða stundaðar hjer við land, bæði af landsmönnum sjálfum og útlendingum. Jeg er því fremur með þeirri símalínu en Siglufjarðarálmunni, en jeg greiði þó atkvæði móti þeim báðum.

Steingr. Jónsson: Háttv. þm. Barð. (H. K.) hefur sett mig í ljóta bobbann með brtill. á þgskj. 318.

Jeg gat þess við 2 umr., að jeg teldi víst, að ef Siglufjarðarsíminn yrði samþyktur, þá hlytu aðrar símalínur að koma á eftir, og hefði jeg vitað, að hv. þm. Barð. mundi koma fram með þessa brtill., þá hefði jeg talið mjer skylt, að koma fram með brtill. um símalínuna frá Breiðumýri til Húsavíkur.

Þegar búið er að samþykkja Siglufjarðarsímann, þá get jeg ekki verið á móti Patreksfjarðarsímanum, því eins og hefur verið tekið fram, þá gefur hann góðar tekjur, og hann hefur ákaflega mikla þýðingu fyrir fiskiveiðaviðskifti milli Suðurlands og Vesturlands, og því mjög ólíku

saman að jafna við Siglufjarðarsímann, sem að miklu leyti er fyrir Norðmenn, er stunda þar síldveiði, og hefði því ekki verið nema eðlilegt, að þeir hefðu lagt fram fje til hans, enda býst jeg við, að svo hafi verið, þó jeg hinsvegar ekki viti það, af því jeg er ekki nógu kunnugur.

Jeg get því ekki annað, að svo komnu, en greitt atkvæði með Patreksfjarðarsímanum í þeirri von og í því trausti, að hv. Nd. felli báðar þessar símalínur, eða þá að hún bæti við öðrum þeim símalínum, er bera sig svo vel, að þær verðskuldi og eigi rjett á, samanborið við þessa síma, að verða í 1. flokki.

Annað tveggja af þessu á að gera, og í þeirri von að svo verði, greiði jeg atkvæði með breytingartilögunni á þingskj. 318.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg verð að styðja mál þeirra hv. þm. Ísaf. (S. St.) og 3. kgkj. þm. (Stgr. J.), að brtill. á þgskj, 318 sje í fylsta máta rjettmæt og ekki sje hægt að greiða atkvæði móti henni samkvæmt því, hvernig mál þetta fór hjer við 2. umræðu.

Jeg verð að líta svo á, að símalína þessi eigi meiri rjett á sjer en Siglufjarðarsíminn. Og þó að sá sími gefi nú meiri arð, þá er hann eingöngu fyrir Norðmenn, og það er auðsjáanlegt, að tekjur hans eru bygðar á tómri tilviljun, þeirri tilviljun, hvort mikil síldarveiði sje á Siglufirði eða ekki.

Við 2. umr. þessa máls, tók háttv. framsm. (J. Bj.) fram, að hann áliti, að tekjur og notkun Siglufjarðarsímans gæti ekki tekið breytingum. En mjer finst það þurfa talsverða heimsku til þess, að halda því fram, að fiskiveiðar geti ekki breyzt. Við vitum það, að fyrir nokkrum árum, þá streymdi fólkið til austfjarða, einkum til Seyðisfjarðar, vegna þess, að þar var mjög mikil síldarveiði. Nú hefur síldin horfið þaðan, og fólkið er líka farið burtu til annara staða. Svo kemur síldin á

Siglufjörð og fólkið þyrptist þangað, einkum Norðmenn, en síldin getur hæglega horfið þaðan aftur og haldið sig upp að Austurlandinu, og þá fer fólkið burtu. Síldinni er ekki svo markaður bás, og það eru áraskifti að því, hvað mikið aflast. Og þegar þess er gætt ennfremur, að lína þessi er nær eingöngu gerð fyrir útlendinga, þá eru þeir líka ekki ofgóðir til þess, að greiða eitthvað af stofnkostnaði símans.

Mjer finst það vera hart, úr því þessi símalína var samþykt, að taka þá ekki aðrar símaálmur, sem eru miklu þýðingarmeiri fyrir fiskiveiðar landsins, og það er enginn efi á því, að þar er Patreksfjarðarsíminn fremstur. Þær sveitir, er þar að liggja, eiga mjög glæsilega framtíð fyrir höndum, svo framarlega sem nokkur sveit hjer á landi á framtíð í sjávarútveg.

Jeg hefði helzt kosið, að stjórnarfrumv. hefði verið samþykt óbreytt, eins og það kom frá stjórninni, og vildi ekki prjóna neitt aftan við það.

Það er leiðinlegt, að fara að rugla í lögum strax á næsta þingi, eftir að þau hafa verið samþykt; það sýnir enga festu hjá þinginu.

Atkvæðagreiðslan við síðustu umræðu er þess valdandi, að mjer dettur ekki annað í hug, en að greiða nú atkvæði með brtill. á þgskj. 318, og það, þótt jeg greiddi síðast atkvæði gegn því, að Siglufjarðarlínan yrði sett í fyrsta flokk. Það er rjett, að ósamkvæmnin, sem komst inn í símalögin við síðustu atkvæðagreiðslu, fái að sýna sig með öllum afleiðingum hennar.

Aftur á móti mun jeg ekki greiða atkvæði með brtill. á þgskj. 322. Mjer var nóg boðið og þótti naumast lengur sætt í deildinni, þegar jeg sá við síðustu umræðu, meiri hluta háttv. deildar greiða atkvæði brtill. hv. nefndar. Það er annað en skemtilegt, að heyra sífelt barinn lóminn fyrir landsmenn, ef ætlazt er til, að þeir styðji

eitthvert nytsemdarfyrirtæki, sem lagt hefur verið upp í hendurnar á þeim fyrir landsfje. Jeg vil ekki verða til þess að greiða atkvæði með því, að fje sje tekið úr landssjóði til þess að svala þessari barlómssýki. Það sligar víst engan hrepp, þótt hann þurfi að sjá um starfrækslu síma hjá sjer. En auðsætt er um það, að ef landssjóður á að takn að sjer starfrækslu allra símastöðva á landinu, þá seinkar það ekki lítið fyrir lagning nýrra síma. Þetta er hin mesta ósanngirni. Það hefur verið ákveðið, að leggja símalínur til þeirra, sem engar hafa, fyrir fje það, er sparaðist af símatekjunum. Þetta var og næsta sanngjarnt; þessir menn hafa að sínu leyti lagt fje fram í þær símalínur, sem komnar eru, og eiga því fullan rjett á, að fá símalínu sem allra fyrst. En nú á að fara að jeta upp tekjuafganginn, svo að misrjettið haldist sem lengst, og dragist von úr viti, að þessar nýju símalínur verði lagðar.

Það kemur hjer fram sem oftar, að ein syndin býður annari heim. Fyrst vill nefndin láta leggja 20—60 kr. til starfrækslunnar; nú er það komið ofan í 10—50 kr. Ekki er nú festan meiri hjá henni en þetta; tómt fálm út í loftið. Við þá stöðina, sem jeg þekki bezt til, hefur með ánægju verið borgaðar 100 kr. til starfrækslunnsr af hlutaðeigendum. Á þingi í fyrra fjekk jeg hjá háttv. 5. kgk. (B. Þ.) upplýsingar um það, að á Austurlandi væri sú sanngirni ríkjandi, að næstu hreppar við hrepp þann, sem símastöðin væri í, legðu fram sinn skerf til starfrækslunnar. Þegar jeg kom heim af þingi, hreyfði jeg þessu máli, og árangurinn varð sá. að tveir næstu hrepparnir við stöðina, sem jeg nefndi, lögðu fram annar 20 kr. og hinn 25 kr. Ef þessu hjeldi áfram, og tillögur nefndarinnar fengju framgang, ætti sá hreppurinn, sem langmest not hefur stöðvarinnar, ekki að þurfa að borga nema einar 5 kr.

Að endingu skal jeg enn taka það fram, að hjer er verið að beita rangindum við þá, sem borgað hafa skatt vegna símanna, borga hann enn, og munu verða að borga hann áfram, án þess að hafa haft þeirra nokkur bein not; það er verið að tefja svo og svo mikið fyrir, að þeir fái síma til sín. Eins og málinu er komið, þá greiði jeg atkvæði með brtill. á þgskj. 318, en á móti brtill. á þgskj. 322.

Sigurður Eggerz: Jeg leyfi mjer að skjóta því til háttv. forseta, hvort hann vilji ekki taka málið út af dagskrá. Jeg ætlaði mjer að koma með brtill. um, að línan frá Vík að Kirkjubæ á Síðu væri tekin upp í annan flokk, en varð of seinn með hana, en gæti komið henni að, ef málinu yrði frestað.

Jósef Björnsson, framsögumaður: Það hafa komið fram mörg og hörð mótmæli gegn nefndinni frá ýmsum þingmönnum, og einkum frá háttv. þm. Ísaf. (S. St.) og háttv. þm. Strand. (G. G.), og verð jeg nokkuð að athuga mótmæli þessi.

Háttv. þm. Barðst. (H. K.) vil jeg að eins svara því, að hann hefur enn ekki rökstutt tillögu sína svo, að það sýni glögt, að rjett sje fyrir háttv. deild að samþykkja hana. Þetta hefði þó verið öllu þarfara en ummælin um, að jeg væri tillögunni mótfallinn, af því jeg hefði fengið mitt áhugamál fram, því þau ummæli sönnuðu lítið. En það vil jeg segja háttv. þm. Barðst. (H. Kr.) og háttv. 6. kgk., (G. B.), sem tók í sama streng, að jeg skammast mín ekki fyrir það, þótt mjer sje áhugamál það, sem jeg álít rjett vera, hvort heldur er í þessu máli eða öðrum.

Bæði háttv. þm. Ísaf. (S. St.) og háttv. þm. Strand. (G. G.) þykir brydda á stefnuleysi hjá nefndinni, og tala jafnvel um, að hjer komi fram ný stefna, þar sem

lagt er til, að Siglufjarðarlínan sje tekin upp í 1. flokk. Nefndin ber það fram máli sínu til stuðnings, að þessi lína gefi meiri tekjur en aðrar aukalínur landsins. Því hefði og mátt bæta við, að landssjóður hefur hjer lagt fram hlutfallslega minstan skerf (*Stgr. J.:* Þingeyingar lögðu tiltölulega meira til línunnar Breiðamýri-Húsavík). Eftir upplýsingum háttv. þm. (Stgr. J.) mun þar hafa verið um líka upphæð að ræða.

Jeg skal benda á, að þetta stefnuleysi nefndarinnar, sem háttv. þm. tala um, er ekki meira en svo, að það er í fullu samræmi við stefnu háttv. þm. sjálfra á síðasta þingi, þegar þeir voru með því, að Vestmannaeyjasíminn væri settur í fyrsta flokk. Háttv. þm. Strand. (G. G.) var í nefnd þeirri, sem lagði áherzlu á að taka Vestmannaeyjalínuna upp í fyrsta flokk, *af því að hún gæfi svo miklar tekjur*, og sama skoðun kom fram hjá háttv. Nd. og var glögt tekin fram af framsögumanni nefndar þeirrar, er um málið fjallaði þar, háttv. þm. Vnstmannaeyinga. Hvernig geta svo hinir háttv. þm. kinnroðalaust haldið því fram, að hjer sje verið að taka upp nýja stefnu. Jeg hef sýnt fram á, að nefndin vill fylgja alveg sömu stefnunni, sem síðasta þing, og þetta er ómótmælanlega rjett. Háttv. þm. Strand. (G. G.) kannaðist við, að Siglufjarðarsíminn gæfi góðar tekjur, en hann vildi halda því fram, að þær væru valtar, þar sem þær væru mestmegnis bundnar við veiðiskapinn, en fiskiveiðar væru breytilegar. Þessu neitar enginn, allir vita, að stundum aflast betur og stundum ver, og enginn nema háttv. þm. Strand. (G. G.) hefur víst heyrt mig halda því fram við 2. umr. málsins, að fiskiveiðar gætu ekki breyzt. eins og hann sagði og taldi heimsku. Þá heimsku má hann sjálfur eiga, hún er hans eigið afkvæmi. Og sje nú litið á þessar tvær línur, sem háttv. þm. Strand. (G. G,) var að bera saman, Vestmannaeyjalínuna og Siglufjarðarlínuna, eiga þær sammerkt í því, að tekjur þeirra eru mjög komnar undir fiskiveiðunum, og í því, að allmikið af bruttótekjunum eru tekjur af símskeytum til útlanda. Háttv. þm. Strand. (G. G.) sagði, að á Patreksfjarðarlínunni væru ýmsar góðar símastöðvar, og stæðu í sambandi við fiskisælar veiðistöðvar, og að samband þeirra við Suðurland væri þýðingarmikið. Þetta efar enginn, en geta ekki fiskiveiðar þar og sambönd miljónafjelagsins tekið breytingum? Um Siglufjarðarlínuna má með rjettu segja svipað um talsímastöðvar og veiðiskap; þar eru ýmsar góðar stöðvar og góðar veiðistöður, og þess er vert að geta, að tekjur af símasamtölum einum hafa verið á þriðja þúsund krónur síðastliðið ár á Siglufirði einum, auk allra annara stöðva á línunni; er það eigi svo lítil upphæð, þótt það sje að visu minstur hluti af bruttótekjunum, sem eru 11—12000 krónur. Það er sjálfsagt ekki til neins að deila um það, hvernig tekjurnar af Siglufjarðarsímanum muni reynast hjer eftir; reynslan ein getur skorið þar úr til fullnustu, en öll líkindi eru til, að sú lína haldi áfram að vera arðsöm lína, ekki síður, heldur betri en Vestmannaeyjalínan. Þar sem háttv. þm. Strand. (G. G.) hneykslaðist á niðurfærslu nefndarinnar á þóknuninni fyrir starfrækslu símanna, þá verð jeg að játa, að jeg skildi hann ekki vel, enda óvíst, að hann hafi skilið sig sjálfur, þótt skýr sje. Ætli það megi ekki heimfæra þar upp á hann, að „skýzt þó skýr sje“, því yfir þeim hluta ræðunnar var einhver móða. En auðsætt er það, að því minna sem borgað er af símatekjunum til starfrækslu, því meiri verður tekjuafgangurinn til að leggja nýjar línur fyrir, og því minna gætir þá misrjettis þess eða ranglætis, sem háttv. þm. (G. G.) talaði um að þeir yrðu fyrir, sem ekki hafa fengið símalínu. Þetta var vorkunnarlaust fyrir þm. að skilja. Frá sjónarmiði háttv. þm. (G. G.)

ætti brtill. því að vera til bóta og er því undarlegt, að hann skuli andmæla henni. Háttv. þm. Strand. (G. G.) kvaðst hafa tekið sjer til inntekta fræðsluna frá háttv. 5. kgk. þm. (B. Þ.) og tekið að prjedika fyrir nágrannahreppum stöðvarinnar, sem hann var að tala um, að þeir skyldu leggja nokkuð fram til starfrækslu hennar, og skildist mjer svo, að árangurinn hefði orðið sá, að hreppurinn, sem stöðin er í, hefði ekki þurft að leggja fram nema einar 5 kr. til starfrækslunnar. Jeg efast ekki um, að háttv. þm. Strand. (G. G.) muni vera góður og áhrifamikill prjedikari, og að honum hafi áunnizt það, sem hann sagði frá. En þessi saga hans snerti ekkert það, sem hjer er farið fram á. Landsjóðstillagið á að vera *fastbundið*, og ekkert háð því, hvort einn eða fleiri hreppar eða enginn hreppur hleypur undir bagga með hreppnum, sem símastöðin er í. En sennilegt er það, að ýmsir stöðvarstjórar þykist ekki geta stundað símann fyrir 10—20 kr. ársþóknun þar sem minst 7—800 stundir á ári ganga til starfrækslunnar; kemur þá til hreppsins eða hreppanna kasta, að leggja fram það, sem á vantar, og er engum vafa bundið, að það yrði all oft töluvert mikið gjald. Af símatekjunum á ekki að borga meira en þessar 10—20 kr.; og með ákvæðinu er einmitt verið að setja slagbrand fyrir, að hærra gjald verði heimtað, og svo og svo miklu eytt af tekjum símans til starfrækslu þessarar. Jeg skal ekki þrátta um brtill. á þgskj. 318. Um hana verður hver að ráða sínu atkvæði. Að endingu tek jeg það enn fram, *að hjer er ekki stefnt inn á nýja braut*, þótt farið sje fram á að taka upp í 1. flokk þá línu, sem bezt borgar sig, og ágætar tekjur gefur. Sú stefna var hafin á síðasta þingi, og henni vill nefndin nú fylgja. Jeg verð að neita því fyrir hönd meðnefndarmanna minna, að þeir hafi nokkru sinni sagt, að þeir vildu enga breyting á frumv., eins og það var, þegar deildin tók við því. Þeir hafa báðir neitað því, er jeg spurði þá um það nú á þingfundinum, og það er því ósannindi, sem þingmaðurinn fór með í því efni. Að því er mig sjálfan snertir, tek jeg það fram, að ekki var minst á þetta við mig. (*G. G.*: Á dagskrárfundi kvaðst háttv. 5 kgk. enga breytingu vilja á frumvarpinu).

Guðmundur Björnsson; Jeg var einn af þeim, sem greiddi atkvæði móti tillögu háttv. nefndar um Siglufjarðarsímann. Eigi að síður sje jeg mjer nú ekki annað fært en að greiða atkvæði með brtill. á þgskj. 318, og verð jeg að gera nokkra grein fyrir því, hvernig á því stendur. — Jeg þóttist þess fullviss, er jeg sá brtill. háttv. nefndar um Siglufjarðarsímann, að fleiri mundu á eftir fara. Nú er byrjunin komin, en ekki sjeð fyrir endann. Það mætti segja, að rjettmætt væri, að veita fleiri hjeruðum sömu ívilnun, sem Siglfirðingum. En því verður ekki neitað, að verði farið að veita hverju hjeraðinu á fætur öðru samskonar ívilnanir, þá hlýtur að koma mikil stöðvun á símalagningunum, og vart hægt að halda henni áfram svo nokkru nemi, nema með tilfinnanlegum kostnaði úr landssjóði fram yfir það, sem gert hefur verið ráð fyrir. Það mun sannast, að það vekur megna óánægju, ef mikil bið verður á símalagningunni fram yfir það, sem ráðgert hefur verið. Hinsvegar munu margir hika við, að mæla með því, að landssjóður leggi að mun meira fje fram, en gert hefur verið ráð fyrir; telja hann ekki færan um það. Mjer fanst það því óhyggilegt, að koma fram með brtill. um Siglufjarðarsímann, og enn óhyggilegra að samþykkja hana. Háttv. framsm. (J. B.) sagði, að hjer væri ekki farin ný leið, því að lagt hefði verið út á þessa braut í fyrra með Vestmannaeyjasímann. Þetta er ekki alls kostar rjett. Þar stóð nokkuð öðruvísi á. Þar var

um nýjan síma að ræða, hjer um gamlan. Auk þess má ekki gleyma því, að þótt þinginu hafi eitt sinn orðið það á, að gera eitthvað, sem eftir á sjest, að verið hefur óhyggilegt, þá á það ekki að halda áfram hina óhyggilegu leið, heldur hverfa af benni.

Ef tillagan um Siglufjarðarsímann fær framgang, þá er jeg viss um, að mörg hjeruð koma á eftir með alveg eins rjettmætar kröfur eins og Siglfirðingar. Og hvernig á að fara að neita þeim, þegar hinir hafa fengið sínu framgengt? Sje þeim veitt áheyrn — og hjá því er ekki auðvelt að komast — þá fer eins og jeg sagði áðan: það kemst truflun á símalagninguna og við það vaknar óánægja, eða mjög mikil útgjöld lenda á landssjóði, fram yfir það, sem til var ætlazt.

En þótt það sje bagalegt, að komast inn á óheppilegar brautir með fjármál landsins, þá er þó annað, sem enn síður verður unað við, og það er, að landsmenn sjeu beittir misrjetti. Slíkt má ekki eiga sjer stað.

Úr því nú er verið að komast út á þá braut, sem leiðir til ívilnunar fyrir einstök hjeruð, þá verðum vjer svo sem mest má verða, að sjá um, að ekki komi fram misrjetti hjeraða á milli. Með þetta fyrir augum get jeg ekki annað en greitt atkvæði með brtill. á þgskj. 318; því hvorki get jeg nje vil ljá atkvæði mitt til að skapa misrjett. Meira að segja, verði málið tekið út af dagskrá, og komi fram brtill. um hjeruð, sem líkt er háttað, hlýt jeg að verða þeim fylgjandi bæði rjettsýninnar vegna, og til þess að hv. Nd. verði sem ljósast, hvaða dilk brtill. nefndarinnar um Siglufjarðarsímann hlýtur að draga á eftir sjer.

Einar Jónsson: Því hefur verið haldið fram, að í fyrra hafi, þar sem um Vestmanneyjasímann var að ræða, verið gefið fordæmið fyrir brtill. hv. nefndar um Siglufjarðarlínuna. Þar horfði þó öðruvísi við. Nefndin, sem þá fjallaði um símamálið, taldi víst, að símalínan hjer austur og alla leið austur og suður um land ætti að vera 1. flokks lína. Hins vegar bjóst nefndin við, að það gæti dregizt æði lengi, að þessi lína kæmist alla leið. Því ákvað hún, að línan skyldi fyrst um sinn látin enda í Vestmannaeyjum, og teljast til 1. flokks. En línur þær, sem smátt og smátt yrðu lagðar austur á bóginn, skyldu taldar til 2. eða 3. flokks, þangað til línan yrði komin alla leið austur, þar sem henni var ætlað að enda; þá yrði hún öll talin í 1. flokk. Þar er því ekki um reglulegt fordæmi að ræða fyrir því að taka Siglufjarðar- og Patreksfjarðarlínurnar upp í 1. flokk. Jeg er annars þeirrar skoðunar, að síminn allur eigi með tímanum að bera sig sjálfur. Álít jeg því, að smátt og smátt ætti að taka í fyrsta flokk þær línur, sem bezt borga sig, en þó ekki allar í einu. Siglufjarðarsíminn ætti þá að verða tekinn fyrstur, því hann borgar sig bezt, og hinar línurnar síðan smátt og smátt. Það er of fljótt að taka þær allar nú; meira að segja, ef til vill of fljótt með sjálfa Siglufjarðarlínuna.

Mjer þótti það ekki rjett, er brtill. h. n. við 9. gr. símalaganna var samþykt, og greiddi jeg því atkvæði á móti henni. Því fremur mun jeg greiða atkvæði móti brtill. á þgskj. 322, því hún gerir greinina enn óaðgengilegri í mínum augum, þar sem hún færir starfrækslugjaldið við símana úr landssjóði enn meira niður. Jeg álít stöðvarstjórunum ekki oflaunað, þótt þeir fái þá upphæð, sem upprunalega var tekin til.

Sigurður Stefánsson: Mjer skildist sem hv. frsm. þætti það ósamkvæmni hjá mjer, að vera nú á móti Siglufjarðarsímanum, en hafa verið með Vestmannaeyjasímanum í fyrra. En hann gætti þess

ekki, að þetta var þá ekki nýjar breytingar á núgildandi lögum, enda alt öðru máli að gegna með Vestmannaeyjar. Eyjamenn höfðu sjálfir komið upp hjá sjer símanum, voru næstum að segja þvingaðir til þess, og sá sími borgaði sig vel. Það var því sjálfsagt að taka hann upp í kerfið og setja þar 1. flokks stöð. Og hv. frsm. gleymdi því, að það, sem hjer er um að ræða, var felt í fyrra. Jeg er á móti því, að breytingar sjeu gerðar á því, sem þá var ákveðið, og mun greiða atkvæði á móti öllum breytingum, er ganga í þessa átt. Jeg sje ekki ástæðu til að taka Siglufjarðarsímann nú upp í 1. flokk frekara en í fyrra. Menn verða vel að gæta að því, að tekjurnar aukast ekki, ef altaf er verið að hringla með lögin fram og aftur. Það seinkar því, að nýjar línur verði lagðar, sem menn hafa lengi beðið eftir og hafa miklar sanngirniskröfur til að fá.

Það er algerlega óþarft af hv. framsögum. að segja það, að jeg get ekki kinnroðalaust greitt atkvæði móti þessu atriði. Hjer er um alveg nýja stefnu að ræða, þar sem að í fyrra var sett upp nýtt „system“, og þá var Siglufjörður ekki tekinn í 1. fl. Síðasta þing hafnaði því. Jeg var á móti því þá, og er það eins nú. Jeg er líka á móti Patreksfjarðarsímanum, sem þó hefur meiri rjett til þess að komast í 1. flokk en Siglufjarðarsíminn. Jeg vil flýta fyrir því, að þær línur sjeu lagðar, sem fyrirhugaðar eru; á þeim er sár þörf og þessvegna er jeg með þeim, en ekki eingöngu vegna teknanna, sem af þeim kynnu að fást.

Steingr. Jónsson: Það eru aðeins tvær athugasemdir, sem jeg vil gera. Hv. frsm. gat þess, að til Siglufjarðarsímans hefði verið lagt mest tillag, en þetta er ekki rjett. Þingeyingar lögðu fram 33%, Vopnafjörður og Fáskrúðsfjörður enn meira. Vopnafjörður lagði fram helming og Fáskrúðsfjörður enn meira. Af línum, sem lagðar voru 1907—1909, þá var það aðeins Barðastrandarsýsla, sem lagði minna til eða 20 %.

Hin athugasemdin, sem jeg vildi gera, er viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. N.-Múl. (E. J.) sagði, um að taka lán til símanna. En þetta finst mjer ekki heppilegt. Sam. kvæmt undanfarinna ára reynslu, þá má ganga að því visu, að hjeruðin sæki um það, að fá eftirgjöf á tillögum sínum eða að minsta kosti því, sem þá er eftir að borga. Mjer finst það vera herfilegt, að taka yngsta símann fyrst, en láta hina bíða, þar til þeir hafa borgað upp lánin. Annaðhvort er að taka alla eða enga.

ATKV.GR.:

b liður, brtill. á þgskj. 318, sþ. með 7 atkv. gegn 5.

a liður sþ. án atkvgr.

Brtill. á þgskj. 322, a við 4. gr. samþ. með 8 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu.

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Steingr. Jónsson,	Guðm. Björnsson,
Eiríkur Briem.	Jón Jónatansson,
Jósef Björnsson,	Júlíus Havsteen,
Sigurður Eggerz,	Sig. Stefánsson.
Þórarinn Jónsson.	

Guðjón Guðlaugsson og Hákon Kristoffersson greiddu ekki atkvæði og voru taldir með meiri hlutanum.

Brtill. á þgskj, 322 b liður sþ. með 8 shlj. atkv.

Frv., þannig breytt, sþ með 10 shlj. atkv. og afgreitt til forseta Nd.

---

5. *Frv. tillaga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.* (297, 323) 3. umr.

Einar Jónsson: Jeg hef leyft mjer að koma fram með 3 brtill., sem jeg ætla að

minnast lítið eitt á. 1. brtill. við 5. gr. er lítið annað en orðabreyting við 3. málsgrein, að í staðinn fyrir: „eða líkið fundizt, en löggæzlumanni ekki tilkynt", komi „eða líkið *hefur* fundizt, en löggæzlumanni ekki verið tilkynt". Mjer finst það muni helzt aldrei koma fyrir, eins og hjer hagar til, að prestur verði beðinn að jarða lík, án þess að hann hafi fengið að vita, að það hafi fundizt einhverstaðar, og því þurfi ekki að gera ráð fyrir, að hann hafi aðeins grun um það.

Brtill. við 6. gr. hljóðar um það, að skjóta inn orðunum „eða var fyrst til bæja flutt". I frv. er talað um, að þegar lík finst megi ekki flytja það úr þeirri sveit, sem það hefur fundizt í. Ef lík finst á fjöllum uppi, þá getur verið hentugra að flytja líkið í aðra sveit en fjalllendið telst til, ef t. d. þar búa ættingjar hins látna.

Um 3. brtill. hafði jeg ekki átt kost á að tala við nefndina, en nú hef jeg átt tal við framsögumann hennar, og í samráði við hann tek jeg þá brtill. aftur.

Guðm. Björnsson, framsögum; Jeg leyfi mjer að þakka háttv. 2. þm. N.-M. fyrir, hve vel hann hefur athugað frv., og eins fyrir það, að hann hefur tekið aftur 3. brtill.

1. brtill. við 5. gr er lítil efnisbreyting, en jeg vil þó sýna fram á, að hún er efnisbreyting. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að það geti hugsazt, að prestur verði beðinn að jarða lík en sje dulinn þess, að líkið hafi fundizt. Það eru auðvitað litlar líkur til þess, að þetta beri við, en það er þó engan veginn útilokað. Samt vil eg ekki segja, að það sje skemd á frv., þó brtill. verði samþykt.

Um 2. brtill. vil jeg lýsa því yfir fyrir hönd nefndarinnar, að hún aðhyllist hana og mælir með því, að hún verði samþykt. Það er alveg rjett, sem háttv. þm. sagði, að það getur komið fyrir, að hentugra sje, þegar lík finst á jöklum uppi, að flytja það í aðra sveit, en þá næstu.

ATKVGR:

1. brtill. á þingskj. 323 við 5. gr. samþ. með 8 shl. atkv.

2. brtill. á þingskj 323 við 6 gr. s. þ. með 8 shl. atkv.

3. brtill. tekin aftur.

Frv. svo breytt samþ. með 12 shlj. atkv. og sent forseta n. d.

---

27. fundar, laugardaginn 9. ágúst, kl. 1 síðdegis. Allir á fundi.

Frv. til laga um sjódóma og rjettarfar í sjómálum (298, 332) 3. umr.

Einar Jónsson: Jeg hef komið fram með brtill. við frv. í þá átt, sem jeg mintist á við síðustu umræðu. Í rauninni eru þær lítið annað en orðabreytingar.

1. brtill. er við 2. gr. og er aðalbrtill. Það er svo ákveðið í frv. stjórnarinnar, að þegar skipa skuli sjódóma, þá skuli leita álits bæjarstjórnar og sveitarstjórna um það, hversu stór sjódómaþinghá skuli vera, hversu margir sjódómsmenn, og í hvaða röð þeir skuli skipaðir. En í frv., eins og það er nú, eftir að tillögur nefndarinnar hafa verið samþyktar, er orðalagið óljósara, þar sem talað er um, að leita skuli álits sveitarstjórnar einungis um tölu sjódómsmanna og röð þeirra, en um stærð sjódómsþinghár skuli leita álits bæjarstjórnar, hreppsnefnda og sýslunefnda. Mun þetta stafa af því, að nefndin hafi viljað láta orðið sveitarstjórn í 2. og 3. málsgr. fela einnig í sjer orðið bæjarstjórn, því að, þar sem ætlazt er til, að þinghá geti bæði tekið yfir kaupstaði og sveitir, þá eru það auðvitað bæjarstjórn og sveitarstjórn, sem á að leita til, en þetta þarf að koma skýrt fram í lögunum, og því hef

jeg komið með þessar brtill. Eftir því, sem tíðkast í lagamáli voru, þá eru aðgreind hugtökin „sveitarstjórn“ og „bæjarstjórn“, þó að hvortveggja sú stjórn fjalli um samskonar mál fyrir sín svæði. Þannig er í sveitarstjórnarlögunum tekið beinlínis fram, að sveitarstjórn sje þettað tvennt: hreppsnefndir og sýslunefndir, og þau lög því aðeins um þeirra verksvið. Eins er í bæjarstjórnarlögum að eins talað um verksvið stjórnar í kaupstöðum og þegar um eitthvað það er rætt í öðrum lögum, sem snertir bæði sveitir og kaupstaði, þá eru venjulega nefndar til bæði sveitarstjórnir og bæjarstjórnir. Til þess að koma þessu frv. í samræmi við það, hef jeg komið með brtill. mínar.

Fyrsta brtill. fer fram á, að í 1. málsgr. sje í stað „bæjarstjórna, hreppsnefnda og sýslunefnda“ sett „bæjarstjórna og sveitarstjórna (hreppsnefnda og sýslunefnda)“ og vil jeg þar með svigunum benda á, við hvað átt sje með orðinu sveitarstjórn, svo að eigi þurfi að endurtaka nafn nefndanna.

Þá fer jeg fram á, að í 2. málsgr. sömu greinar, þar sem segir að leita skuli álits „sveitarstjórna“ um, hve margir skuli vera sjódómsmenn í þinghá, skuli bæta við „og bæjarstjórnar, ef kaupstaður er í þinghánni“. 3. brtill. fer fram á hið sama, að bæta inn í 4. málsgr. þessarar greinar orðunum „og bæjarstjórna“.

Aðrar breytingartill. eru ekki annað en orðabreytingar, sem jeg hygg, að menn geti orðið mjer sammála um að fari betur, eins og jeg hef sett þær fram.

Guðmundur Björnsson, framsögumaður: Fyrir nefndarinnar hönd vil jeg lýsa því yfir, að jeg get ekki sjeð, að 3. brtill. við 2. gr. sje nauðsynleg, þar sem um er að ræða útvalningu sjódómsmanna. Það er orðin málvenja. að orðið *sveitarstjórnir* nái bæði til hreppsnefnda og bæjarstjórna, svo þetta getur ekki misskilizt.

Um brtill. við 6. gr. er það að segja, að jeg hefði persónulega kunnað betur við að losna við „persónulegt“ varnarþing, en löglærðir menn hafa sagt mjer, að það merki ekki alveg það sama og „varnarþing sjálfs hans“; því trúi jeg, og þess vegna er varasamt að samþykkja brtill.

Brtill. við 9. gr., b-lið, getur nefndin aðhylzt, þ: að í stað orðanna: „muni rækja“ komi: „skuli rækja“. Það er lítill munur og varðar engu, hvort orðalagið er haft. En um a-liðinn, þar sem um er að gera að útvega túlk, þegar enginn sjódómsmanna „getur og vill túlka“, þá lítur nefndin svo á, að það muni að vísu litlu, hvort sagt er: „getur og vill“, eða „getur nje vill“. En hún hyggur þó, að rjettara sje að hafa *„og“*, því að það getur hugsazt, að maður *geti* túlkað, en *vilji* það *ekki*, eða *vilji* túlka, en *geti* það *ekki*. Nefndin getur því ekki mælt með þessari artill.

Brtill. við 10. gr. aðhyllist nefndin.

Þá er brtill. við 12. gr., að í staðinn fyrir „óforsvaranlega“ komi: „óhæfilega“. Lögfræðingar hafa sagt mjer, að í lagamálum sje ekki sama merking í þessum orðum. Jeg þykist vita, að háttv. þm. hafi komið fram með þessa tillögu af umhyggju fyrir móðurmálinu, og skal jeg sízt lasta það. Móðurmálið virði jeg mjög mikils og er honum þakklátur fyrir umvöndun hans í þá átt. En jeg held nú samt, að „óforsvaranlega“ sje forsvaranleg íslenzka; tel þó ekki forsvaranlegt, að fara lengra út í þá sálma. Víst er það, að þá væri vel, ef aldrei hrytu verri orð af vörum eða á pappírinn en þetta er.

Síðustu brtill. við 14. gr. aðhyllist nefndin. Það eru því 3 brtill., sem nefndin fellst á, en hinar getur hún ekki sjeð að sje nauðsynlegar.

Einar Jónsson; Mjer er ekkert kappsmál um þessar brtill., en álít þær til bóta. Ef svo er, að háttv. deild skilur hið

sama við orðin sveitarstjórn, sem sveitarstjórn og bæjarstjórn, þ. e. lætur orðið „sveitarstjórn“ einnig grípa yfir bæjarstjórn, þá hlýtur henni auðvitað að þykja brtill. mínar óþarfar í því efni. Eftir því, sem jeg hef skilið nefndina og frumvarpið, þá skilur hún við „sveitarstjórn“ í 2. málsgrein og 4. málsgrein 2. gr. (sbr.: „að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitastjórna“), bæði „bæjarstjórn“ og „sveitarstjórn“. En mjer finst sveitarstjórnarlöggjöf vor gera skýran greinarmun á bæjarstjórn og sveitarstjórn. En háttv. deild sýnir auðvitað með atkvæði sínu, hvort hún er á sama máli, og er gott að það komi skýrt í ljós.

Þá er brtill. mín við 9. gr. a., að „getur og vill“ verði „getur nje vill“. Fyrir mjer vakti eingöngu það, að snúa þessu til betra máls. Mjer þótti það blátt áfram rjettara mál, að hafa það svona, þar sem neitun var komin á undan. Hjer er verið að tala um tilfelli, er þarf að fá túlka, og þá, hvort þurfi að fá sjerstaka mann til þess. Ef einhver sjódómsmanna getur og vill túlka, þá er sjálfsagt, að hann geri það, og þarf þá ekki að kaupa túlk til þess. Ef einhver þeirra vill gera það, en getur það ekki, þá er sjálfsagt, að það verður að fá keyptan túlk. Ef einhver þeirra getur það, en vill ekki, verður honum ekki þröngvað til þess, og er þá úr sögunni sem túlkur.

Jeg hef átt tal við lögfræðing og hann góðan um brtill. mínar, og hann sá ekkert athugavert við þær, en áleit þær allar til bóta. Hjer er eingöngu að ræða um, hvað sje skýrara og betra mál. Það skiftir því í sjálfu sjer ekki miklu, hvort þær verða samþyktar eða ekki, en heldur ætti þó að kjósa það, sem er skýrara og rjettara mál.

ATKVGR.:

1. brtill. á þgskj. 332 við 2. gr. a feld með 7 : 5 atkv.

2. brtill. á þgskj. 332 við 2. gr. b feld með 7 : 5 atkv.

3. brtill. á þgskj, 332 við 2, gr. c þar með fallin.

4. brtill. á þgskj. 332 við 6. gr. feld með 7 : 5 atkv.

5. brtill. á þgskj. 332 við 9. gr. a feld með 6 : 6 atkv.

6. brtill. á þgskj. 332 við 9. gr. b sþ. án atkv.gr.

7. brtill. á þgskj. 332 við 10. gr. sþ. án atkv.gr.

8. brtill. á þgskj. 332 við 12. gr. feld með 8 : 5 atkv.

9. brtill. á þgskj. 332 við 14. gr. sþ. án atkv.gr.

Frv,, þannig breytt, samþ. með 12 atkv. og afgreitt til Nd.

---

2. *Frv. til laga um hallærissjóð* (317, 335); 3. umr.

Guðmundur Björnsson, framsögumaður: Nefndin hefur leyft sjer að gera fáeinar brtill. við frv., mest í því skyni að gera það ljósara.

1. brtill. nefndarinnar, við aðra gr., var gerð grein fyrir við 2. umr. Þá var boðað, að að hún mundi verða gerð, því að nauðsynlegt væri að, tiltaka eindaga á hallærisgjaldinu.

2. breytingartill. er leiðrjetting á prentvillu.

Brtill. við 15 gr. eru ekki efnisbreytingar, heldur skýringar á, hvað við sje átt í greininni. Þetta geta hv. þingdm. sjeð, ef þeir bera breytingartillöguna saman við greinina.

Þá er brtill. við 16. gr. Fyrri brtill. er til ýtarlegri skýringar. Í 15 gr. segir, að gera skuli samþykt um hagnýting þeirrar sjereignar, er sýslan eða kaupstaðurinn á í hallærissjóðnum. Þessu er nú bætt inn, sem í brtill. stendur, eftir ósk sumra h. þingdm. Seinni brtill. geymir aftur, að

efni til, ný ákvæði. Þar er kveðið svo á, ef illa árar í einhverju hjeraði, og haust brigðir reynast litlar, að þá megi það hjerað taka til sjereignar sinnar til að tryggja sjer vöruforða.

Jeg vona, að meira þurfi ekki að ræða um þessar tillögur. Þær eru ljósar og ofboð einfalt mál.

Nefndin vonar, að frv. fái að fara til neðri deildar, svo að henni gefist kostur á að athuga það.

Sigurður Stefánsson: Jeg kann ekki vel við, að mál þetta fari svo út úr deildinni, að jeg geri ekki grein fyrir afstöðu minni til þess.

Jeg lái hv. flm. ekki, þó að hann hafi komið fram með þetta frv. Jeg kannast fúslega við, að hjer sje um hið mesta og alvarlegasta mál að ræða. En það er ekki aðeins hið mesta alvörumál, það er líka hið mesta vandamál. Það er svo vandasamt, að jeg fæ ekki sjeð, að neitt eitt þing geti afgreitt það, svo að í góðu lagi sje. Ef það er nokkurt mál á þessu landi, er þyrfti eigi aðeins undirbúning eins þings, heldur undirbúning allra stjórnarvalda landsins, þá er það þetta mál. Ákvæði þess ná til allra einstaklinga landsins. Því væri það ráðandi, eins og jeg sagði, að öll stjórnarvöld, alt frá hreppsnefndum upp í stjórnarráð, væru spurð ráða. Jeg er þess viss, að sveitastjórnirnar mundu taka þetta merkilega mál til alvarlegrar íhugunar, ef það kæmi til þeirra kasta. Þær mundu flestar finna til þeirrar ábyrgðar, er þær bökuðu sjer, ef þær köstuðu slíku stórmáli frá sjer hugsunarlaust. Það er því síður en svo, að jeg telji mál þetta lítilsvert. Jeg tel það þvert á móti svo stórfelt og mikilsvert, að eigi megi hrapa að því að afgreiða það hugsunarlítið, áður en heyrðar eru tillögur þeirra manna, er sjerstaklega eiga að hafa framkvæmd laganna á hendi.

Annars lít jeg svo á, að alt of mikið hafi verið gert úr hallærishættunni, er vofa á yfir landinu, í umræðum um þetta mál hjer í deildinni. Flm. hafa málað hana með alt of svörtum litum. Það hefur komið mjer svo fyrir sjónir, sem þeir töluðu eins og þeir fremur væru uppi á 18. öld, heldur en þeir væru uppi nú í byrjun 20. aldar. Það voru áður á öldum ekki altaf eldgos og hafís, sem ollu hallæri í landinu, heldur eins opt siglingaleysi til landsins. Langt fram á 19. öld kom aðeins eitt skip í sýslu á ári. Nú er þessi orsök til misæris að mestu leyti horfin. Nú koma skip svo hundruðum skiftir árlega til landsins, hlaðin lífsnauðsynjum landsmanna. Enginn getur heldur talið mig á þá skoðun, að hafís sje eins geigvænlegur nú, og hann áður var. Skipakostur er nú allur annar en í gamla daga; þá var siglt hingað á seglskipum, og þeim flestum illa útbúnum við það sem nú er. Nú eru slík skip horfin. Vjer vitum það, að seglskip þykja nú ófær í ís, enda þótt þau sjeu mjög góð og vönduð. Gufuskipum og gufuskipaferðum stafar miklu minni hætta af hafís en áður. Þetta vil jeg taka fram gegn því, er talað hefur verið um allar þær skelfingar, er vofa eiga yfir landinu af hafísnum. Og enn vil jeg bæta því við, að því er svo varið og hefur verið það frá alda öðli, að það eru stór svæði á landinu, þar sem aldrei þarf að óttast að hafísinn tálmi skipagöngum. Á jeg hjer við strandlengjuna frá Horni og sunnan um land alt austur undir Austfirði. Á þessu svæði teppast samgöngur og siglingar aldrei af hafís, eða að minsta kosti örsjaldan. Á hinu svæðinu, þar sem samgöngur geta tepzt, er hættan miklu minni en áður var. Hafísinn er ekki gufuskipaferðunum eins hættulegur í því efni, og hann var áður seglskipaferðunum. Jeg get sagt dæmi þess, hver munur er á dirfsku og dugnaði skipa í hafísnum, en var fyr. Kringum 1884, kom jeg á „Lauru“ norðan af Sauðárkrók og ætlaði til Ísafjarðar. Skipstjór-

inn var Christjansen, duglegur maður, eins og menn vita. Þegar kom vestur fyrir miðjan Húnaflóa, sáust nokkrar ísspengur fyrir stafni, og áræddi skipstjóri þá ekki að halda áfram, heldur sneri við og hjelt kringum land. Daginn eftir fóru 2 norsk skip í gegnum þann ís, er „Laura“ hörfaði frá. Árlega fara gufuskip nú gegnum stórar hafísspildur. Hafíshættan fyrir siglingar að landinu er því áreiðanlega miklu minni nú, en hún hefur verið áður, og minkar ár frá ári eftir því, sem öllum útbúnaði gufuskipanna fer fram. Mjer dettur samt ekki í hug að neita, að það geti komið fyrir, að ís geti tept skipagang til landsins, en það má ekki gera of mikið úr henni. Samgöngur eru nú stórkostlega bættar frá því sem var. Hættan stafar miklu meir frá öðru en náttúrunni, og það er *fyrirhyggjuleysi landsmanna sjálfra*. En á henni verður ekki ráðin veruleg bót með lagasetningu, eða jeg hef, að minsta kosti, litla trú á, að það takist.

Jeg hef ekki gert neinar brtill. við frv. Jeg hef satt að segja ekki treyst mjer til þess. Málið er svo umfangsmikið, og hinsvegar ekki þannig undirbúið, að jeg hafi treyst mjer til að leggja út í slíkt. Samt tel jeg ýms ákvæði frv. mjög varhugaverð, og það undireins í 1. gr., þar sem sagt er, að sjóðurinn skuli vera til hjálpar í hallæri, er hlýzt af hafís eða eldgosum eða öðrum stórfeldum orsökum. En það eru til fleiri stórfeldar harðærisorsakir en hafís og eldgos, t. d. landskjálftar. Svo kemur það og fyrir í stórum sjávarhjeruðum, að fiskafli bregst, af því að fiskur gengur ekki inn á grunnmið um langan tíma. Af þessu getur orsakazt harðæri eða bjargarskortur á stærri og minni svæðum landsins. Heyrir það þá undir stórfeldar orsakir? Víst er um það, að mönnum eru fiskigöngur eins óviðráðanlegar og eldgos, hafís og landskjálftar.

Þá er gjaldið. Það hefur verið allmikið talað um það við fyrri umr. Jeg kann illa við, að einum nefskattinum sje enn bætt við; þeir eru mjög óvinsælir og koma illa niður. Þó verð jeg að taka undir með hv. frsm., að hjer er um litla upphæð að ræða á móts við það, sem er í húfi. En mjer finst þetta gjald samt mjög ísjárvert. Það yrði mjög óvinsælt. Það, sem t. d. gerir söknargjöldin svo óvinsæl, er það, að þau eru tekin jafnt af fátækum, voluðum, vönuðum, höltum og blindum, eins og af efnamönnum og þeim, sem alheilir eru. Hjer á að gera sama. Þá eru þó betri ákvæði ellistyrktarsjóðslaganna, þó þar sje líka um nefskatt að ræða. Hjer eru engir undanþegnir, þeir sem eru orðnir 20 ára að aldri. Jeg hefði kunnað betur við, að aldurstakmark þessa frumvarps hefði verið lægra að neðan, t. d. 18 ár, en verið eitthvað aldurstakmarkað að ofan, og eins að undanþegnir því væru þeir, sem þiggja af sveit.

Annars er mikil eyða í þetta frv. Það stendur ekkert um, hvað gera skuli við sjóðinn, annað en ávaxta hann í Landsbankanum. Jeg heyri sagt, að hv. nefnd hafi frv. í smíðum um þetta, er ráði bætur á gloppunum í þessu frv. (*Stgr. J.*: Það er í neðri deild). Nei, það er nefndin hjer. Jeg hefði kunnað betur við, að það frumvarp hefði komið á undan þessu frv.

Jeg hef trú á því, að með bættu eftirliti með heyásetningu og meðferð manna á búpeningi megi gera mikið til að koma í veg fyrir skepnufelli og þar af leiðandi harðæri, og hvað sem sagt er um horfellislögin, þá hafa þau áreiðanlega gert mikið gagn í þessu efni, og hefði þó mátt vera miklu meira, ef þeim hefði verið vel framfylgt.

Mjer þykir hallærisumdæmin samkv. frv. of stór. Í sömu sýslunni getur verið mismunandi hallærishætta fyrir hina einstöku hreppa, og er meiri hvöt fyrir þá

hreppa, sem hættan mest vofir yfir, að sjá sjer fyrir hallærisvörnum, heldur en fyrir hina. Ef umdæmin væru minni, yrði þar að auki öll framkvæmd þessa máls auðveldari og vafningaminni. — Jeg mun nú ljúka máli mínu, og vona jeg, að enginn skilji framkomu mína á þá leið, að jeg vilji frv. illa, því að svo er ekki. En hitt er satt, að jeg álít málið ekki tímabært nú sem stendur. Slíkt nýmæli sem þetta ætti stjórnarráðið að undirbúa og afla allra nauðsynlegra upplýsinga, áður en það er lagt fyrir þingið. Það skal vel vanda, sem lengi á að standa, og hjer er um eitt hið þýðingarmesta málefni þjóðarinnar að ræða.

Steingrímur Jónsson: Jeg gat þess við 2., umr., að jeg mundi gera nánari grein fyrir skoðun minni á þessu máli við 3. umr. — Jeg get nú verið stuttorður, því að hv. þm. Ísaf. hefur tekið margt af því fram, sem jeg vildi sagt hafa. Þó kemur okkur ekki saman í öllum atriðum. Hv. 6. kgk. sagði við 1. umr., að það væri saga þjóðarinnar, sem hefði knúð sig til þess að hreyfa þessu máli. Líf þessarar þjóðar hefði altaf gengið upp og ofan, góðæri og hallæri og drepsóttir hefðu jafnan skifzt á. Við annað tækifæri líkti hann íslenzku þjóðinni við Sisyfus. — Það er nú rjett, að hjer hefur oftið á ýmsu, hagur þjóðarinnar hefur oft eins og stungizt á endum. Mestu hefur loftslagið og tíðarfarið valdið um það. Það tjáir ekki að treysta á veðrið á voru landi, hjer verður aldrei gengið að neinu vísu, hjer er ekkert víst nema umhleypingarnir. Auðvitað hefur þetta haft hin mestu áhrif á þjóðina og að mörgu leyti mótað skapferli hennar — en þessu verður ekki breytt; við þetta verðum við að búa. Hin óblíða náttúra landsins hefur knúð fram alt hið bezta í þjóðinni, en líka margt, sem er miður gott. Af þessu miður góða vil jeg aðeins minna á eitt: hvað við erum lausir á kostunum, látum okkur lítið ant um landið og hlaupum burt í aðra heimsálfu, ef svo bíður við að horfa. En þó er rangt að segja, að vinna þjóðarinnar á móti harðindum og hallærum hafi ekki verið annað en Sisyfusarstrit. Þjóðin hefur að vísu lengi verið að stritast við mikið og þungt bjarg, en það er ekki rjett, að hún hafi ekkert komizt áleiðis, fremur en Sisyfus. Vjer stöndumst nú miklu betur harðæri, en fyr hefur verið. Á harðindaárunum 1881—1887 rýrnaði að vísu efnahagur manna víðast um land, en fólkinu fækkaði þó ekki til mikilla muna, og þar auki sendum vjer 6—7 þúsmanns til Ameríku.

Mjer virðist, að menn verði að gera sjer grein fyrir, að til er tvenskonar hallæri. Önnur tegund hallæranna stafar af þeim orsökum, sem koma eins og þjófur á nóttu, t. d. hafís, eldgos, landskjálftar o. s. frv. Það er miklu hægara að reisa rönd við afleiðingum slíkra hallæra, heldur en hinna, sem stafa af langvinnum harðindum, eins og t. d. 1881—1887, eða þegar afli bregst mörg ár í sjávarsveitum. Það er erfitt að hjálpa mönnum til að standast, þegar árferði versnar og efnahag þeirra hnignar ár frá ári. *Þá getur ekkert hjálpað nema kraftur einstaklingsins.* Hallærisvarnirnar ættu því aðallega að miða að því, að hjálpa mönnum til að hjálpa sjálfum sjer.

Hv. 6. kgk. talaði um hinn versta förunaut harðæranna: manndauðann. Jeg vil í því sambandi leyfa mjer að benda á alt það stóra verk, sem hjer á landi hefur verið unnið til þess að vinna bug á drepsóttum og kippa heilbrigðismálefnum þjóðarinnar í betra horf. Læknaskipun landsins hefur tekið stórskostlegum breytingum frá því í upphafi 19. aldar, og þó ekki sje farið lengra aftur í tímann en til 1880. Læknunum hefur orðið mjög mikið ágengt í því, að auka og glæða áhuga almennings á þrifnaði og að kenna mönnum að

haga lífernisháttum sínum betur eftir krófum heilsufræðinnar, en áður hefur verið. Hjer er því einmitt eitt af þeim verkum, sem þjóðin hefur unnið á móti hallærishættunni.

Þá má minnast á hinar stórbættu samgöngur vorar, sem ekki síður vinna í sömu átt. Í því efni getum vjer gert mikið enn þá. Það er hægt að útvega skip, sem komast í kringum landið, þótt ís liggi hjer alt árið. Slík skip eru til og eru víða notuð. Þau kosta auðvitað mikið, en samt sem áður væri gerlegt að útvega þau.

Enn má minnast á eina allra beztu hallærisvörnina, en það er aukin menning í búnaði, sem gerir bændur að forsjálli og betri búmönnum. Í því efni hefur þegar verið gert mikið, og mikið hefur áunnizt, svo að jeg efast ekki um, að það muni sjást bezt í næstu harðindum, hvað framfarirnar eru miklar. Þýðingarmesta atriðið er hjer öll meðferð búpenings. Þegar hverjum bónda á landinu hefur verið innrætt sú óhagganlega sannfæring, að það sje ekki eingöngu hyggilegast heldur einnig siðferðisleg skylda, að fara vel með skepnurnar, þá er fundin bezta vörnin móti horfellinum.

Þetta er í mínum augum aðalatriði málsins. Jeg álít, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, miði í rjetta átt, og því hef jeg greitt því atkvæði mitt, þo að jeg sje ekki allskostar ánægður með það.

En bráðasta nauðsynin virðist mjer þó það, að landssjóður takist á hendur að ábyrgjast, að jafnan sjeu nægar kornbirgðir fyrir hendi hjer á landi. Það varðar þó mestu, að bæði menn og skepnur hafi mat, og ef nóg er hjer af rúgi, þá mun alt komast af. Þetta mundi að vísu kosta mikla peninga, en kleyft ætti það þó að vera. Og ef landssjóður tæki að sjer einkasölu á rúgi og rúgmjöli, og skuldbindi sig til að hafa jafnan nægar birgðir af þeirri vöru á öllum höfnum landsins, þá mundi öllu vera borgið. Ef þetta væri gert, þá er jeg ekki viss um, að neinn hallærissjóð þyrfti, en jeg greiði atkvæði með frv. í því trausti, að málið komist á einn eða annan veg í þessa stefnu.

Sigurður Eggerz: Mjer virðist alt þetta hallæristal bera vott um einhverja veiklun, að minsta kosti lýsir það ekki miklu trausti á þjóðinni. Það er satt, að þungir tímar hafa gengið yfir þetta land, en á síðustu áratugum hafa líka verið gerðar margvíslegar ráðstafanir móti harðindum og hallærum. Síminn, samgöngubæturnar, læknafjölgunin og allar ráðstafanir yfir höfuð að tala eru ráðstafanir gegn hallærum. Jeg mintist á það við fyrri umræðu málsins, hvað mikið gott mætti gera við þá peninga, sem hjer er ráðgert að setja fasta í sjóð. Jeg vil nú leyfa mjer að taka eitt dæmi; Það er áætlað, að 60,000 kr. eigi árlega að renna í hallærissjóðinn. Það er jafnmikið og ætlað er til gufuskipaferða. Ef nú um þetta tvent væri að velja, hvort vjer ættum heldur að leggja fje í sjóðinn eða til skipanna, hvort ætli yrði þá ofan á? — Skyldi mönnum ekki finnast meiri hallærisvörn í skipaferðunum heldur en í sjóðnum? Jeg býst við, að allir yrðu sammála um það. Og eins finst mjer, að allir ættu að vera sammála um, að betra væri að verja þessum 60,000 kr. til aukinna samgöngubóta, heldur en að leggja þær í hallærissjóð. Það hefur verið sagt, að hafísinn banni oft allar samgöngur og megi menn því ekki byggja of mikið á þeim. En hvað ætli sjóðurinn dugi, ef allar hafnir eru lokaðar? Menn hugsa sjer þó víst ekki, að senda hjálpina með símanum! Nei, ef stór óhöpp ber að hendi, þá á landssjóður að hlaupa undir bagga, að svo miklu leyti sem hann getur, en að öðru leyti verðum við að byggja alt á tápi og forsjálni landsmanna sjálfra.

Jeg er annars hræddur um, að þetta hallæristal geti stórspilt fyrir landinu í útlöndum. Það má raunar segja, að það geri ekki mikið til, hvað menn skrafa, en jeg óttast þó, að allur þessi eymdaróður geti veikt lánstraust landsins til muna. Ef svo skyldi fara, að þessi sjóður yrði stofnaður, ætti hann að minsta kosti að heita eitthað annað en hallærissjóður. — Jeg hef áður minzt á það, að menn ættu að fara gætilega í að leggja nýja skatta á þjóðina, því að af miklum sköttum getur leitt hallæri. En það lítur nú út fyrir, að alþingi sje ekkert verk ljúfara en að leggja nýja skatta á.

Guðmundur Björnsson, framsögumaður: Jeg get í raun og veru verið þakklátur fyrtr þær viðtökur, sem þetta frv. hefur fengið hjá háttv. deild. Næstum því allir hafa viðurkent, að hjer væri um mikið nauðsynjamál að ræða, og það er í mínum augum aðalatriðið. Jeg get því verið stuttorður, en verð þó að minnast á nokkur atriði, sem fram hafa komið í umræðunum. Háttv. þm. Ísaf. (S. St.) lagði mikla áherzlu á, hvað þetta væri mikið vandamál, og ætti því ekki að ráða því til lykta, án þess að leitað hefði verið álits manna víðsvegar um land. Þetta er nú að vísu rjett, en jeg vil þó leyfa mjer að benda á, að fult eins stór mál hafa verið borin upp hjer á þingi og ráðið til lykta að þjóðinni fornspurðri. T. d. voru lögin um sóknargjöld ekki lögð undir atkvæði almennings. Sama er að segja um vörutollinn, og er þó hvorugt þessara mála smámál. Ennfremur vil jeg benda á, að það mál, sem hjer liggur fyrir, er í raun og veru ekkert nýmæli, heldur hefur það um langan aldur verið á dagskrá þjóðarinnar. Hjer hafa verið samþykt þrenn horfellislög á alþingi og mikið hefur verið rætt og ritað um kornforðabúr. Þetta frv. er ekkert annað en stórt stig í sömu átt. Hinsvegar vil jeg alls ekki segja, að málið hefði ekki átt að fá betri undirbúning, en það hefur fengið.

Samgönguteppan er ekki eina stóra hættan, sem stafar af ísnum, þó hún hafi oft gert mikið mein og geti enn gert mein í náinni framtíð, því að þó samgöngurnar sjeu, eins jeg hef áður tekið fram, miklu betri, en þær voru áður, þá þyrftu þær þó að vera enn betri en þær eru nú, til þess að allri hættu væri afstýrt. Nei, það er ekki rjett, að samgönguteppan sje höfuðhættan; það er önnur stærri hætta, sem stafar af ísnum, og hún er sú, að hann breytir gersamlega loftslaginu, svo að jarðargróðinn verður margfalt minni en vant er, vegna þess hve sumrin verða stutt og köld, og vetrarhættan margfalt meiri, af því að vetrarnir verða miklu lengri og strangari; allur afrakstur landsins verður þessvegna stórum minni en ella. Það er öldungis ekki rjett, sem einn hv. þingdm. sagði, að stóru svæði af landinu, það er að segja öllu Suðurlandi, væri engin hætta búin af hafísnum. Hvernig geta menn farið að tala svona, þegar þeir vita, að margir eru enn á lífi, sem muna, hvílíkan hnekki síðustu hafísár gerðu öllu Suðurlandi, vegna þess, að veðráttan var miklu verri en ella. Nei, þegar hafísinn kemur í almætti sínu, stafar sannarlega af honum hætta fyrir alt landið, því að veðráttan spillist alstaðar, og búskapararfiðleikarnir aukast, jafnt hjer á Suðurlandi, sem annarsstaðar á landinu. Hin vonda veðrátta, sem fylgir hafísnum, gengur jafnt yfir alt landið. *Þetta* er sú mikla hætta, sem stafar af hafísnum, og altaf fylgir honum jafnt fyrir það, þó að við ættum hundruð skipa og hefðum síma heim á hvern bæ á landinu. — Einn háttv. þm. sagði, að til væru skip, sem gengju í gegnum ís. Þetta er alveg rjett. Jeg hef sjálfur sjeð þessi skip, þau heita ísbrjótar. En jeg hef aldrei sjeð skip, sem ganga í gegnum sam-

feldan hafís, og jeg veit líka, að þau eru ekki til,

Það er rjett, sem sagt hefur verið, að síminn er mikils virði til þess að afstýra hallærishættunni, en ef skip komast ekki inn á hafnirnar, þá fæst þó kornið ekki með símanum, og ekki sprettur grasið betur, þótt síminn sje kominn, nje heldur verða veturnir skemri fyrir þá sök. (*S. E.*: Vex grasið betur, ef sjóðurinn verður stofnaður?), Nei, sjóðurinn er ekki til þess, heldur til þess að hjálpa, ef grasvöxtur bregst (*Sig. Eggerz*: Það gerir síminn líka). Jú, jú, en ætli hungraðir aumingjar seðjist mikið á því, þó að sultarhljóðið heyrist í símanum. Háttv. þm. Ísaf. (S. St.) sagði, að eitt af okkar miklu meinum væri fyrirhyggjuleysið, þetta gamla þjóðarmein, sem allir vildu bæta, ef þær gætu, og háttv. þm. hefur sjálfur oft sýnt, bæði í orði og verki, að hann vill bæta þetta eins og mörg önnur mein, sem að þjóðinni ganga; en hann sagði, að það mundi ekki stoða, að setja lög til að bæta meinið. Getur vel verið, að margar tilraunir til þess að setja lög um slíkt efni hafi mishepnazt. En þótt það mishepnist einu sinni, tvisvar, þrisvar, þá verður að halda áfram, kynslóð eftir kynslóð, þangað til meinið er bætt. Þessi háttv. þm. hefur sjálfur unnið að því að setja slík lög, nefnilega horfellislögin. Hann sagði ennfremur um 1. gr., að til væru fleiri stórfeldar orsakir til hallæris en hafís og eldgos. Já, einmitt rjett, og þessvegna stendur líka í greininni, að sjóðurinn eigi að vera til hjálpar í hallæri, sem stafar af hafís, eldgosum og *öðrum stórfeldum orsökum*. Það má deila um það, hvaða orsakir sjeu stórfeldar, og jeg er samdóma háttv. þm. Ísaf. (S. St.) um það, að langvint aflaleysi, sem veldur atvinnutjóni og þar af leiðandi hallæri, sje stórfeld orsök. Já, svo er verið að berja því við, að sá hængur sje á þessu máli, að það hafi í för með sjer aukna skatta, en þjóðin geti með engu móti þolað meiri skatta, og þegar þingmenn eru andstæðir einhverju nýju máli, sem hefur í för með sjer aukin útgjöld, þá segja þeir ávalt þetta sama; það hljómar svo vel í eyrum; en þrátt fyrir þetta líður varla svo nokkurt þing, að eigi sjeu lagðir nýir skattar á þjóðina. Og þegar nú um það er að ræða, að leggja á nýjar álögur, verður að athuga, hvort þær eru nytsamlegar, og kannske enn nauðsynlegri en aðrar, sem fyrir eru. Þann samanburð óttast jeg ekki. Menn hafa líka fundið upp ráð til þess, að komast hjá því, að leggja nýja skatta á þjóðina, og það er að taka *lán*; en væri ekki vert að athuga það, hvort þessi lán eru nú í rauninni ekki *ólán* fyrir þjóðina. Það rekur þó að því, að lánin verður að borga, og hver er það þá, sem borgar? Er það ekki þjóðin, sem að lokum verður að borga lánin? Þetta úrræði, að hlífa þjóðinni við sköttum með því að taka lán, er enn ihugunarverðara en að leggja á nýja skatta.

Loks eru þeir, sem hafa það á móti þessum skatti, að hann eigi að vera nefskattur; en það sjeu þeir ranglátustu skattar, sem hægt sje að leggja á þjóðina. En hvernig stendur á því, að þeir menn, sem eru svona mikið á móti nefsköttum, koma ekki fram með tillögu um, að nema burtu þyngsta og versta nefskattinn, sem á þjóðinni hvílir, sem sje sóknargjöldin. Maður hlýtur að efast um, að þessir menn tali af einlægni. „Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá“, og þessir menn bera ekki þá ávexti, sem við mætti búast eftir tali þeirra. Einn háttv. þm. sagði, að það nauðsynlegasta væri, að koma á eftirliti með búskap og atvinnuháttum landsmanna. Jeg er honum alveg samdóma um, að þetta er afar mikilvægt atriði, og jeg álít að það sje einhver mesti vandinn að koma eftirlitinu nógu hyggilega fyrir. En jeg vil bæta því við, að hvað gagnar eftirlitið eitt, ef engin ráð eru til þess að

hjálpa. Hvað gagnar það, að vita að menn vantar að borða; þeir verða að svelta eftir sem áður, ef engin ráð eru til þess að bæta úr hungrinu. En eftirlitið er undirstaðan; fyrst er að finna meinið, og síðan er að lækna það. En meinin verða ekki læknuð með eintómu eftirliti.

Háttv. 3. kgk. (Stgr. J.) sagði, að jeg hefði haldið því fram, að þjóðin stæði ekki betur að vígi nú, en hún gerði áður fyr, og úr annari átt heyrði jeg sagt, að jeg talaði eins og maður á 18. öld. Mjer þykir leitt, að menn hafa ekki tekið betur eftir orðum mínum, en þetta. Jeg hef oft tekið það fram, að framfarirnar sjeu miklar hjá okkur, en að þær sjeu ekki nógu miklar til þess, að við sjeum úr allri hættu. Háttv. 3. kgk. þm. (Stgr. J.) sagði ennfremur, að meira en nokkur hallærissjóður mætti sín kraftur mannsins sjálfs til þess að vinna sigur á erfiðleikunum. En þar talaði hann ekki eins og maður á 18. öld. heldur eins og maður á 10. öld. Þá þótti sá mestur maðurinn, sem treysti sjálfum sjer, trúði á mátt sinn og megin. Þá var þetta aðalboðorðið: „Sjálfur leið þú sjálfan þig“. En síðan eru liðnar margar aldir, og menn hafa smámsaman komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta sje ekki góð regla, heldur eigi hver að hjálpa öðrum. Menn eigi að sameina kraftana til þess að vinna bug á erfiðleikunum. Og hjer er um það að ræða, að sameina kraftana í öllum mönnum í einn stóran þjóðarkraft, til þess að vinna sigur á hallærishættunni.

Einhver háttv. þm. sagði, að þjóðinni hefði ekki fækkað í seinustu hallærum. Það er rjett, að á árunum 1881—1888 fæddust fleiri en dóu, en svo margt manna fór af landi burt til Ameríku, að fólkinu fækkaði á þessum árum um 3229. Til Ameríku fóru alls um 6000 manna. Ef góðæri hefði verið, mundi þjóðinni hafa fjölgað um 5 þús. í stað þess að henni fækkaði um rúm 3 þús., svo að munurinn á þessum árum er 8 þús., sem þjóðin hefði verið fjölmennari 1888, ef hallærið hefði ekki komið.

Jeg skal játa það, að hættan á því, að menn deyi úr hungri, þegar harðindin koma, er nú minni en áður, en það er komin önnur hætta í staðinn, hættan sú, að menn flýi land, fari til Vesturheims. Það er að vísu miklu viðkunnanlegra, að vita fólk fara af landi burt, en að sjá á eftir því ofan í gröfina, en jeg get ekki betur sjeð, en tjónið sje líkt fyrir þjóðina, fyrir þjóðarbúskapinn, og þeir, sem í gröfina fara, taka þó ekki fje með sjer, en það gera þeir, sem fara af landi burt. — Við verðum því að leita allra bragða til þess að koma í veg fyrir, að fólk sje svona laust við landið. Við þurfum að búa til taug, sem tengir þjóðina við landið, heldur kjarkinum í þjóðinni, svo að hún flýi ekki landið, þótt eitthvað á bjáti. Og jeg vona, að hallærissjóðurinn geti orðið einn þátturinn í þeirri taug.

Jeg get ekki sezt niður án þess, að minnast með örfáum orðum á það, sem var mesta nýungin í ræðu háttv. 3. kgk., þar sem hann mintist á nauðsynina á því, að tryggja þjóðinni nægar matvörubirgðir á vetrum. Jeg er honum fullkomlega samdóma um þá miklu nauðsyn, sem er á þessu, en jeg ætla ekki að fara frekar út í það hjer, af því að frv. um viðauka við lögin um kornforðabúr er brátt væntanlegt frá Nd., og mun þá gefast kostur á að ræða þetta mál frekar hjer í deildinni.

Um leið og jeg lýk máli mínu, vil jeg leggja áherzlu á það, að öll deildin er sammála um, að hjer sje um nauðsynjamál að ræða, en að jafnframt sje málið vandasamt og þurfi nákvæmrar íhugunar við. Það er því bezt að afgreiða málið til Nd., svo að henni gefist kostur á að athuga frv. Það gleður mig, að sjá þann áhuga, sem deildin hefur á þessu máli og

jeg vil þakka ræðumönnum fyrir góðar undirtektir þeirra.

Júlíus Havsteen: Það var eitt atriði í ræðu háttvirts 6. konungkjörins (G. B.), sem mig langaði til að minnast á. Það er það, sem hann sagði um hafísinn, því að hann er alt of hræddur við hann. Jeg hef sjálfur tvisvar sinnum verið í hafís, í fyrra skiftið árið 1861, og í seinna skiftið árið 1887 og þá komst jeg að raun um það, að hafísinn er ákaflega fljótur að breytast, hann er farinn frá þegar minst vonum varir. Í fyrra skiftið var jeg á seglskipi og við komum upp undir Langanes og þá var allur sjórinn þar fyrir norðan eins og stór hafísbreiða, sem virtist samfeld svo langt sem augað eygði. En svo fór að næsta dag sigldum við með fram Norðurlandi og komumst þann dag til Eyjafjarðar. Í hitt skiftið var jeg ásamt mörgum þingmönnum á skipinu „Laura", en við gengum af henni á Sauðárkrók vegna hafíss og riðum suður, en þegar við komum hjer, var gufuskipið komið á undan okkur og hafði þó komið á margar hafnir á Vesturlandi og tafizt við það. Nei, hafísinn er ekki eins hættulegur og margir halda, það segi jeg ykkur alveg satt. Þá var því haldið fram, að hafísnum fylgdu vond veður, sem eyðilegðu grasvöxtinn, en um þetta get jeg ekki verið háttv. þingmanni samdóma. Það eru að vísu oft vond veður, meðan hafísinn er að nálgast landið, helzt á vorin, en það er ekki svo mikið, að það eyðileggi grasvöxtinn. Þegar hafísinn er orðinn landfastur er einmitt oft gott veður, stillur og blíðviðri. Vorið 1882 var að vísu leiðinleg veðrátta, en þó varð heyskapur í Eyjafjarðarsýslu alt að því eins góður og venjulega.

Það er oft gert langt of mikið úr þeirri hættu, sem stafar af hafísnum. Þegar hákarlamenn við Eyjafjörð ætluðu að fara í legur, gengu þeir vanalega upp á fjall á undan, til að gá að ísnum, og þegar þeir komu niður aftur, sögðu þeir sumir, að hafþök væru útifyrir, allt væri ein hafísbreiða en þetta var ekki svo, heldur sýndist þeim það vegna þess að þeir stóðu ekki nógu hátt. Þá sýnast þeim allir jakarnir vera samfastir.

Hafísinn er því gríla, sem talað er mikið um, þegar verið er að tala um hallæri. Í nefndarálitinu er heldur ekki minnzt á vonda veðráttu í sambandi við hafísinn, heldur er aðallega talað um samgönguteppuna, sem af honum stafi, en jeg segi, að á suðurströnd landsins er mönnum aldrei hætta búin af hafísnum og sjaldan á Austur nje Vesturlandi. Það er helzt á Norðurlandi, en þó er hún ekki mikil.

Af eldgosum stafar sjaldan alment hallæri, en það getur stafað af þeim hallæri í einstöku hjeruðum.

Hvað snertir útflutninga til Vesturheims héðan af landi árin 1880—90, þá stöfuðu þeir mikið af politiskri óánægju, og þá komu hingað líka einatt vesturfaraagentar, er töldu menn á að fara til Vesturheims.

Jeg sje því enga ástæðu til þess, að frumvarp það, er hjer liggur fyrir, verði afgreitt af þinginu að þessu sinni.

Jón Jónatansson: Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, því það er öllum vitanlegt, að þar sem jeg er einn af nefndarmönnunum, og hef ekki gert neinn ágreining. muni jeg telja þetta gott mál.

Þó vil jeg minnast á nokkur atriði.

Háttv. þm. V.-Skaft. (Sig. Egg.) hóf mál sitt með því að tala um, að það væri hallærishljóð hjer í háttv. deild. Mjer finst það vera misskilningur, að hjer sje um hallærishljóð að ræða, því hallæri tel jeg það, er gerir verðtjón, mannfelli og allskonar miklar skemdir, en hjer er að ræða um fyrirtæki til þess að tryggja atvinnu manna, svo þeir verði betur færir um að þola óvænt óhöpp. Þessi sami háttv. þm. sagði, að þetta hallærishljóð væri sjúkleiki — nei, það er ekki sá sjúkleiki, er þjáir þjóð

vora, það er annað, sem er mesti sjúkleiki hennar, og það er *fyrirhyggjuleysið*, og jeg lít svo á sem það, að stofna þennan sjóð, sje eitt ráðið til að lækna þann þjóðar-sjúkdóm.

Háttv. þm. V.-Skaft. (Sig. Egg.) sagði enn fremur, að hann teldi frumvarp þetta vott um, að menn vantaði trú á landinu, en þetta er rangt. Þeir sem hafa fulla trú á landinu verða að gera sér grein fyrir því, af hverju trú þeirra er sprottin, og hún á að vera bygð á þekkingu á landinu, kostum þess og löstum; án þeirrar þekkingar geta menn ekki lifað eftir þessari trú sinni, og ef menn sjá, að einhversstaðar sje hætta á ferðum, þá er skylda þeirra að reyna, að finna ráð til að fyrirbyggja hana, að vera viðbúinn til að standast hana. Sje þetta gert, geta menn fremur horft djörfum augum beint framan í hættuna. Og þetta er einmitt það, sem hjer er verið að gera, hjer er verið að reyna að tryggja sig gegn hættunni.

Sami háttv. þm. (Sig. Egg.) sagði, að þetta hallæristal gæti orðið til hættu fyrir lánstraustið út á við. Jeg vil nú spyrja hann að því, hvað hann hugsi um bónda, er ver jörð sína vel fyrir hættum, Ef t. d. bóndi, sem verður þess var, að jörðinni hans er einhver hætta búin, t. d. af vatnságangi, hættu, sem öðrum hefur dulizt, og hann tekur sig til og gerir ráðstafanir og ver fje sínu til að fyrirbyggja þessa hættu, og hann sjer, að ef hann gerir þetta, getur hann tekið miklu ókvíðnari við ókomnum tímum, mundi þá háttv. þm. fara til hans og segja: „Blessaður vertu, þetta máttu ekki gera, enginn sjer þessa hættu nema þú, en ef þú ferð að starfa í þessu, fá aðrir grun um hana, jörðin fellur í verði, og þetta spillir lánstrausti þínu“.

Jeg hygg, að háttv. þm. mundi ekki segja þetta, heldur þvert á móti, og eins og þessi forsjálni bóndans mundi efla, en ekki veikja lánstraust hans, eflir það lánstraust landsins, en veikir ekki, að þjóðin gerir ráðstafanir til að tryggja sig gegn hættunni, svo hún geti unnið en öruggari að umbótastarfi sínu, að bæta landið.

Það hefur verið sagt, að þetta væri ástæðulaust hjal; það væri nú búið að búa svo vel í garðinn, að þjóðin geti tekið hverju sem á dynur. En þótt svo væri, sem ekki er, að enn geti ekki orðið samgöngutepping af hafís, þá er það víst, að hann getur valdið hjer afskaplegu misæri. Hv. 1. kgk. þm. (J. Hav.) sagði, að hafísinn flytti okkur sól og sumar, hita og gróðursæld. Þegar hafísinn væri kominn að landi á vorin, þá þyti upp grasið og sóleyjar og fíflar klæddu túnin fögru litskrúði. Mjer skilst, að hv. 1. kgk. þm. vildi, ef unt væri, panta handa oss enn meiri hafís, til þess að fá alt þetta góðæri. En þrátt fyrir þessa skoðun þessa hv. þm., þá held jeg, að allir þeir, er hugsa um ræktun landsins og hafa fengizt við hana, sjeu sammála um það, að hafísinn og veðráttubreytingar þær, er af honum stafa, sjeu eitt hið mesta mein, og að þetta land væri eitt hið bezta á hnettinum, bara ef hafísinn væri ekki. Vjer getum ekki, því miður, með neinni ráðstöfun varnað því, að hafísinn komi að landinu, en vjer getum gert ýmislegt, sem gerir oss betur færa um að þola mikla og skyndilega óáran, er af honum stafar.

Sumum finst þessi sjóðsstofnun ekki vera rjetta ráðið, og er eðlilegt, að um það geti verið misjafnar skoðanir. En finst mönnum það vera óskynsamlegt af einstökum manni, að leggja til hliðar fje til þess að tryggja sig gegn hættum? Ef mönnum finst það ekki vera, og um það býst jeg við að allir sjeu samdóma, þá er það ekki óhyggilegt fyrir þjóðina í heild sinni. Það er jafnrjett af henni sem heild, sem einstaklingnum, að leggja eitthvað til hliðar á góðu árunum, til þess að grípa til, er slæmu árin koma. Og jeg held, að við hefðum orðið þakklátari og ánægðari, ef slíkur sjóður hefði verið

stofnaður fyrir svo sem einum mannsaldri síðan. Og jeg lít svo á, að afkomendur vorir verði oss þakklátir fyrir sjóð þennan, því að þá eru þeir ekki að öllu óviðbúnir, ef hart verður í ári. Og það er skylda vor, ef við sjáum, að við getum gert eitthvað til bóta, að gera það.

Minzt hefur ennfremur verið á það í sambandi við þetta frv., að það sje óvinsælt, að leggja nýja skatta á þjóðina, og er það satt, en það skiftir miklu máli í hverju skyni það er gert. Og ef mönnum finst þetta vera frv. órjettlátt, er þá ekki eitthvað órjettlátt í núverandi sköttum til landssjóðs? Annars hygg jeg, að það, að almenningur er á móti nýjum sköttum, stafi af því, að honum finst að of mikið af því fje, er hann greiðir til landssjóðs, fari í súginn með ýmsu móti til litillar nytsemdar, en of litlu af því sje varið til þess, að auka framleiðslur í landinu, eða efla atvinnuvegina. En hjer er það svo skýrt, að skatturinn gengur beinlínis til að vernda atvinnuvegi vora, að jeg tel víst, að almenningur verði ánægður með það. Hjer er einnig svo um búið, að gjaldendur sjálfir hafa fult ráð yfir því að þeim verði rjett varið.

Mjer þykir vænt um, að þeir, er hafa talað um mál þetta, hafa allir talið það þarft og viljað gera eitthvað, þó þá greini á við okkur suma um aðferðina, og sízt vil jeg mæla á móti því, að nauðsyn beri til að vanda alt, er að þessu máli lýtur, sem bezt. Það er einmitt svo afar nauðsynlegt.

Að lyktum vil jeg ítreka mótmæli mín gegn því að hallærishljóðið sje sjúkleiki. það er fyrirhyggjuleysið, er hefur verið það, og er stærsta mein vort, og gegn því þurfum við að tryggja oss svo vel sem unt er.

Jeg vænti þess svo, að þeir, sem vilja láta athuga málið betur og vanda það, greiði atkvæði með því áfram til neðri deildar svo að þeirri deild gefist einnig kostur á að athuga málið.

Steingr. Jónsson: Hv. frsm. (G. B.) fann að því, að jeg hefði borið sjer á brýn, að hann hefði sagt, að við stæðum ver að vígi gagnvart hallærunum en áður hefði verið. Við aðra umr. sagði h. frsm. (G. B.) sögu Sysifusar, er hann var að rekja hallærissöguna, og þessa sögu útskýrði hann svo, og heimfærði á oss, að við stæðum altaf í sama stað. Þessu vildi jeg mótmæla. Og jeg sje ekki á hvern annan veg er hægt að útskýra sögu Sysifusar en hv. frsm. (G. B.) gerði, en það gleður mig, að hann hefur breytt um skoðun (*G. B.*: Það er nóg að fara í nefndarálitið). Getur verið, en jeg er ekki alveg viss um, að hann hafi meint hið sama í ræðu sinni og í nefndarálit inu.

Hv. frsm (G. B.) vildi líkja þessu frv. sem skattafrv. við sóknargjöldin, en þar var tvent beinlínis rangt hjá honum í þeim samanburði. Fyrst er það, að með sóknargjaldslögunum núverandi var ekki lagður eins eyris nýr skattur á þjóðina, heldur var aðeins eldra skattafyrirkomulagi breytt. Bæði jeg og fleiri þm. hjer í hv. deild erum fúsir til að verja þessa skattabreytingu sem rjettmæta, en út í það vil jeg ekki fara, að minsta kosti ekki að sinni, þar eð það ekki beinlínis snertir þetta mál. Annað er var beinlínis rangt í samanburðinum, var það, að sóknargjöldin hefðu komið þjóðinni að óvörum. Frv. var frá milliþinganefnd, og hafði verið til umræðu á flestum eða öllum þingmálafundum.

H. frsm. (G. B.) talaði hæðilega um hallærislöggjöfina, og jeg tel það álíka óviðeigandi og að tala illa um fjarverandi menn, en það er ósiður. Því það að tala illa um löggjöf vora, er hið sama og að tala illa um fyrverandi þing og stjórnarvöld. Hver er svo hallærislöggjöf vor í síðustu 30 ár. Það eru þrenn horfellis-

lög, og jeg veit ekki betur, en þau hafi gert mjög mikið gagn, og þekki jeg þau vel af reynslu minni sem embættismaður. Jeg þori að ábyrgjast það, að á Norðurlandi í kringum mig er mjög mikill munur á því, hversu miklu betur menn eru undirbúnir en áður var, og þótt aðrir kraftar hafi stutt að því, þá er það augljóst hverjum, sem kynnir sjer það, að horfellislögin hafa gert mikið gagn. Lögin um hey- og kornforðabúrin eru svo ný, auk þess sem þau eru heimildarlög, að það er ekki von um mikinn árangur af þeim enn.

Fast held jeg við það, er jeg sagði, að hægt mundi vera, að fá skip, er gætu gengið hjer í kringum land í hafís. Jeg veit ekki betur en að slík sterkbygð skip sjeu höfð í förum til Grænlands og meðfram ströndum Síberíu. Skip þessi eru ekki eins dýr og ísbrjótar, en vel vönduð, og sjerstaklega bygð með þessar ferðir fyrir augum. Það getur verið, það veit jeg ekki, að þau þurfi einhverntíma að bíða eitthvað — t. d. mánaðartíma — einstaka sinnum vegna mikils hafíss.

Háttv. frmsm. (G. Bj.) sagði, að jeg talaði eins og maður frá 10. öld, er jeg talaði um kraftinn í manninum sjálfum, en hann hefur algerlega misskilið það, sem jeg sagði. Jeg sagði, að til þess, að þjóðin gæti haldið áfram að starfa og rækta þetta land, þá væri ekkert annað ráð betra en að stæla kraftinn í manninum sjálfum, og jeg minti á það, að þessi kraftur hefði máske þroskað eitt hið allra bezta, er hefði verið hjá forfeðrum vorum, jafnframt því, er hann hefði líklega þroskað það, er miður mátti fara, oft og einatt, því miður. Og jeg skil ekki, að háttv. frmsm. (G. Bj.) neiti þessu. Á þessu bygði jeg, og jeg gerði mun á því, hvort hallæri kemur snögt, eða hvort það stendur árum saman.

Þegar litið er á fólksfækkunina hjer á landi á árunum 1880—1890, þá stafaði hún, að því jeg hygg, af tvennu: Ameríkuförum og af mislingunum 1882. Jeg hygg þetta ekki fjarri lagi, þó eins fróður maður og landlæknirinn náttúrlega viti þetta betur. En aðalástæðunni til fólksfækkunarinnar verður ekki útrýmt með hallærisvörnum. Ástæðan liggur dýpra, hún er sú, að við erum svo lausir við landið okkar, við höfum svo lítið af því, er jeg vil kalla sanna föðurlandsást, að vilja ekki yfirgefa landið okkar. Og það verður ekki læknað með lögum.

Sigurður Stefánsson: Háttv. 3. kgk. þm. (Steingr. J.) tók af mjer ómakið um sóknargjöldin, svo jeg get verið stuttorður.

Sóknargjaldalögin eru samin af góðum og greindum mönnum, er sæti áttu í millipinganefnd um kirkjumál landsins og þau lög fengu því góðan undirbúning, og alt annan undirbúning, en mál, sem lítt hugsuðum er kastað hjer inn í þingsalinn, og þar síðan afgreidd í flughasti. Þar var breytt öðru gjaldi, eldgömlu og ranglátu, og því var breytt í rjettlátara gjald, sem allir játa að er miklu betra en hið gamla var. Og er þó gjald þetta víða óvinsælt, aðeins af því að það er persónugjald. En jeg verð þó að segja það, að eigi persónugjald nokkursstaðar við, þá er það einmitt þar, sem ræða er um eins persónulegt mál og sálusorg einstaklinganna. Samt eru gjöldin óvinsæl og það þrátt fyrir það, þó þau komi miklu rjettlátara niður en gömlu gjöldin.

Háttv. frmsm. (G. B.) sagði, að hjer væri ekki um neitt nýmæli að ræða, og er það satt, að það er langt síðan, að talað hefur verið um það, að ráða bót á hallærum. En það er alt annað að tala um það í ræðum og ritum, eða semja lög um það. Slík tilraun sem hjer, hefur ekki verið gjörð fyr, og það þarf mikla umhugsun og undirbúning innan þings og utan, áður en nokkur trygging sje fengin fyrir sanngjarnri og hagkvæmri löggjöf í þessu efni, og jeg álít, að við getum

ekki forsvarað að afgreiða þetta mál með þeim tíma, er við höfum til þess, á þessu þingi.

Jeg hef tekið það fram, að jeg skil lög þessi svo, að þau eigi að bæta úr bráðustu nauðsyn, ef hallæri kemur, og jeg veit, að hafísinn — sem ekki er eina hættan — hefur ýmsa annmarka í för með sjer, verri grassprettu o. fl. En komi slík hallærisár eða hörð ár hvert eftir annað, þá þurfum við miklu hærra gjald en hjer er farið fram á, ef að sjóðurinn á að koma að verulegu gagni, en þá má hækka gjaldið eftir frumv. En þó grasbrestur geti stafað af hafís, þá getur hann komið af fleiri orsökum, og við getum ekki stofnað, hvorki á þessu þingi nje því næsta, svo stóran sjóð, að örugt sje, að hann geti komið í veg fyrir afleiðingarnar af mörgum harðindaárum í röð; væri þá tekið til þeirra ráða að hækka og hækka gjaldið hvað eftir annað, þá mætti jafnvel óttast fyrir, að þær hækkanir gætu orðið áhrifameiri en nokkur Ameríkuferða-prjedikari.

Sjóðurinn er því allsendis ónógur, gangi mörg hallærisár hvert eftir annað yfir landið, hvort heldur er þau stafa af hafís, fiskleysi eða öðru. Vitanlega gæti sjóðurinn gert eitthvert gagn, en það yrði að, eins lítið eitt. Og það jafnvel þótt langur tími liði til næsta hallæris frá stofnun hans, og hann því orðinn svo stór að millíónum kr. skifti.

Jeg sagði, að það væri örðugt, ef ekki ómögulegt að bæta fyrirhyggjuleysið, en það er hjer versta meinið, og jeg stend við það.

Að lokum skal jeg taka það fram, til að fyrirbyggja allan misskilning, að jeg er samþykkur háttv. frmsm. (G. Bj.) um, að það sje betra að leggja á nýja skatta, en að leggja út á lánabrautina. Hún er hál og hættuleg.

Sigurður Eggerz: Mjer virðist háttv. framsm. (G. B.) og fjelagar hans hafa alt of mikla tröllatrú á sjóðstofnun sinni. Það er stór misskilningur, að það sje bezti vegurinn til þess, að landið verði fært um að ganga á móti örðugum tímum, að hallærissjóður sje stofnaður. Það eru margfalt meiri hallærisvarnir í því, að bæta landið og efla atvinnuvegi á sjó og landi. Því betur, sem hver bletturinn er ræktaður, því síður bregst hann, þótt kuldatíð komi og grasbrestur á lítt ræktaðri jörð. Því meiri rækt, sem lögð er við sjávarútveginn, og af því meiri kunnáttu, sem hann er stundaður, því minni hætta er á fiskileysi. Meira gras og sem misbrestaminst grasspretta, meiri og jafnari fiskiafli, það eru okkar öruggustu hallærisvarnir. Hvorttveggju þessu er hægt að ná, ef eigi skortir fje og fyrirhyggju. Þá eru símarair. (*G. B.:* Ekki flytja þeir þó björgina). En við gætum símað eftir björginni, kallað á skip til að færa okkur hana. Hv. framsm. (G. B.) virti mig ekki svo mikils, að hann tæki til íhugunar ítrekaða fyrirspurn mína til hans um það, hvort hann áliti fjenu betur varið með því að leggja það í sjóð, eða með því, að verja því til ræktunar landsins.

Fyrst háttv. framsögumaður (G. B.) vill ekki svara þessu, þá vil jeg beina þeirri spurningu til háttv. bænda á þingi, sem, þótt undarlegt sje, virðast standa í þjettri fylkingu bak við frv. þetta. Mundu þeir heldur kjósa, að þær 54000 kr., sem búnaðarfjelaginu eru ætlaðar á ári, væru lagðar í sjóð, en að þeim væri varið til búnaðarbóta. Hvort hyggja þeir affarasælla fyrir framtíð landsins eða meiri vörn gegn hallæri. En svona fer hugsjónamönnunum. Þeir festa augun á einhverju einu fjarlægu, en gleyma öllu, sem í kring um þá er. Nú er það hallærissjóðurinn, sem þeir hafa komið auga á. Eina leiðin til að bjarga mönnum undan hallæri og harðrjetti er, að gera hann sem stærstan og sem bundnastan. Þeir sjá ekki, að

þetta er einhver versta og ópraktiskasta leiðin. Það er líkt eins og þegar menn áður fyr grófu fje sitt í jörðu eða lögðu það á kistubotninn, svo það væri til taks, hvenær sem til þyrfti að grípa. Svona vilja þeir fara með fjeð, í stað þess að verja því til að rækta landið og bæta atvinnuvegina til lands og sjávar. Það er víst, að við stöndum betur að vígi, ef við verjum fje okkar til arðsamra fyrirtækja, en þó við söfnum fjenu í sjóð, og það jafnvel þótt við geymum þann sjóð í landsbankanum.

Það er rjett og satt, að fyrirhyggjuleysi er hættulegt. En það er ekki líklegt, að fyrirhyggja landsmanna vaxi við það, að þeir vita, að þeir eiga sjóð, sem þeir geta hallað sjer að, ef á bjátar. Háttv. framsm. (G. B.) kveðst ekki trúa, að þeim sje alvara, sem nú leggjast móti nefskattinum, þar sem þeir hafa ekki komið fram með neina tillögu um að afnema sóknargjöldin. Jeg hef tekið það fram, að jeg álít þau afar ósanngjörn. En ástæðan fyrir því, að jeg hef ekki komið fram með beina tillögu um að afnema þau, er sú, að jeg veit, að hugarfar margra háttv. þm. er þannig, að það er ekki til neins annars að bera fram slíka tillögu en að eyða tíma þingsins til einskis. Aftur á móti vil jeg vinna af alefli á móti því, að lengra sje farið út á nefskattabrautina, því að hún er bæði óholl og óheppileg. Það má enginn skilja orð mín svo, þegar jeg var að tala um, að stofnun hallærissjóðsins mundi spilla lánstrausti landsmanna út á við, að mjer hafi komið til hugar, að sá væri tilgangur háttv. flutningsmanna. Fjarri fer því. En hitt er jeg sannfærður um, að þegar það frjettist til útlanda, með hvað miklum krafti og hvílíku ofurkappi er unnið að því, að koma þessum hallærissjóð upp, þá mun það þar verða skoðað sem síðustu örþrifaráð þeirra manna, sem búnir sjeu að missa trúna á landinu, til að bjarga landinu undan bersýnilegum háska. Ætli þetta verði til að auka álit okkar út á við og efla traust á okkur?

Jeg fyrir mitt leyti hef svo mikla trú á landinu, að ef við leggjum fram alt það fje, sem við megum missa, þá munum við standa svo miklu betur að vígi gegn hallæri, en við nokkurntíma áður höfum gert.

Gnðmundur Björnsson, framsögumaður: Jeg ætla ekki að halda langa líkræðu yfir þessum þrem háttv. þingm., sem nú eru sálaðir; vona að þeir rísi síðar upp til nýs og betra lífs í þessu máli. Jeg ætla alls eigi að svara ræðum háttv. þingmanna orði til orðs, heldur láta mjer nægja að minnast á sitt atriðið hjá hverjum þeirra. Háttv. 3. kgk. (Stgr. J.) kvað þjóðarheillina undir því komna, að hver einstaklingur þjóðfjelagsins styrkti kraftinn í sjálfum sjer. En jeg segi, að það sje ekki kraftur hvers einstaklings, út af fyrir sig, sem mest er undir komið, heldur eru það sameinaðir kraftar *allra* einstaklinganna, sem stórvirkin vinna í baráttunni fyrir velfarnan þjóðanna. Þetta sjest æ betur og betur. Við Íslendingar ættum að vera farnir að sjá það og skilja, hvílík blessun getur fylgt samvinnunni, og hvílík efling atvinnuveganna henni er samfara. Vjer megum ekki loka augunum fyrir hinu nýja lögmáli, sem heimurinn beygir sig meir og meir undir nú á dögum, því lögmáli, að samvinnan og samúðin margfaldar þjóðarmáttinn. Þetta er alveg andstætt gamla lögmálinu, þegar hver bóndi vildi vera einvaldskongur á bújörð sinni, vera sem mest sjálfum sjer nógur, og hafa sem minst saman við aðra að sælda. Þá sný jeg mjer að háttv. þm. Ísafj. (S. St.) Hann sagði, að ef mörg hardindaár kæmu hvert eftir annað, þá mundi það skamt hrökkva, þótt vjer ættum 3—4 miljónir króna í hallærissjóð. Þetta getur rjett verið, og það gladdi mig

að heyra, að hinn mikilsmetni og ágæti þingmaður er undir niðri sömu skoðunar og jeg og margir aðrir, að stór hætta geti vofað yfir þjóðinni af harðindum. Við hljótum þá líka að vera sammála um það, að mesta þörf sje á því, að draga úr þessari hættu. En það er mesti baginn, að ekki eru nógu margir í þessu landi, sem reyna að leita sannfróðleiks, eins og háttv. 2. kgk. (E. Br.) komst að orði, um alla landsins hagi. Hefðum við marga sannfróða menn um þá á þingi og utan þings, þá mundi mál þetta ekki þurfa að verða mikið deiluefni. Háttv. þm. Ísaf. (S. St.) gerði ráð fyrir því, að hallærissjóðurinn mundi jetast upp á harðindatímum, og að hækka mundi þurfa gjöld til hans, en það mundi verða til að reka fólk úr landi. En getur háttv. þm. Ísaf. (S. St.) ekki hugsað sjer það, að fult svo líklegt sje, að fólk flýi úr landi undan harðæri, ef enginn sjóður er til, miklu fremur en þegar hallærissjóður er fyrir hendi að grípa til. Langt um líklegra sýnist, að sjóðurinn mundi festa menn í landinu, en flæma þá burt, og það þó dálítið gjald þurfi að greiða í hann. Svo mikils er jeg viss um að fólkið kann að meta tryggínguna nú á þessari tryggingaöld.

Loks hverf jeg til háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), sem alt af er að tala um, að þessi sjóðstofnun muni spilla fyrir oss í augum annara þjóða, og skemma lánstraustið. Rjett er nú það. Jeg er viss um, að ef háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) gæfi sjer tómstund til að hugsa um málið í einrúmi, þá mundi hann komast á þveröfuga skoðun. Hallærissjóðurinn er einmitt eitt hið vísasta ráð til að tryggja atvinnuvegina, og stofnun hans yrði sönnun þess, að hjer á landi býr forsjál og fyrirhyggjusöm þjóð, sem hugsar um að gera atvinnuvegi sína sem öruggasta. Og þetta ætti að veikja lánstraust landsmanna út á við! Jeg held ekki; það getur ekki hjá því farið, að það mundi stórum *auk-ast*. Nú erum við taldir af mörgum óforsjálir ræflar. Með stofnun hallærissjóðsins sýnum við, að svo er ekki. Við sýnum, að við viljum tryggja bjargræðisvegi okkar, eigi síður en aðrar þjóðir. *(S. E.:* Ekki hafa þær hallærissjóði). Það hafa þær víst, þær hafa tryggingarsjóði gegn atvinnubresti, og það er alveg sama.

Það er mæða til þess að vita, þegar þeir, sem eiga að ráða vandamálum þjóðarinnar til lykta, eru eins og úti á þekju um allar þjóðlífshreyfingar nútímans. Háttv. þm V.-Sk. (S. E.) er alt af að tala um, að það sje vitleysa að vera að safna fje í hallærissjóð. Eftir þeirri kenningu ættu allir tryggingarsjóðir að vera vitleysa; það ætti að vera vitleysa að vera að vátryggja hús sín, skip sín, líf sitt. Öll líftrygging ætti þá að vera vitleysa, og ellistyrktarsjóðurinn okkar ætti þá líka að vera vitleysa. Ja, hún riður ekki við einteyming vitleysan í heiminum nú á dögum, ef kenning háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) er ekki vitleysa. Ef kreppir að með fjárhaginn, þá held jeg, að hollara væri fyrir háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) að beita sjer fyrir því, að eitthvað væri klipið af skáldalaununum, eða einhver hjegóminn numinn úr fjárlögunum, heldur en að vera altaf að telja eftir þessar krónur, sem farið er fram á að landssjóður leggi í hallærissjóðinn.

ATKVGR.:

1. brtill. á þgskj. 335 samþ. með 10 samhlj. atkv.

2. brtill. á þgskj. 335 samþ. án atkvæðagreiðslu.

3. brtill. á þgskj. 335, liðirnir a og b hvor um sig samþyktir án atkv.gr.

4. brtill. á þgskj. 335, liðurinn a, samþ. án atkv.gr.

4. brtill. á þgskj. 335, liðurinn b, samþ. með 9 samhlj. atkv.

4. brtill. á þgskj. 335, liðurinn c, samþ. án atkv.gr.

4. brtill. á þgskj. 335, liðurinn d, samþ. án atkv.gr.

Frv., þannig breytt, samþ. með 10 : 2 atkv. og verður afgreitt til Nd.

---

3. *Frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll 22. okt. 1912* (292); 1. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Þetta mál er ekki stórmál, en þó tel jeg þörf á að sje tekið til skoðunar. Það er að vísu það leiðinlegt, að þurfa að fara að breyta lögum, sem ekki eru nema ársgömul. En þegar gallar sjást á lögum, og menn þykjast geta ráðið bót á þeim, þá má ekki horfa í að breyta, fyrir það eitt, að lögin eru ung. Mál þetta er komið frá h. Nd., en var lagt fyrir þingið af stjórninni. Þótt málið hafi verið athugað í h. Nd. og tekið þar bótum, mun eigi að síður rjettast, að það sje skoðað í nefnd í þessari deild, og sting jeg upp á, að 3 manna nefnd sje kosin í það, að lokinni umræðu.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

3 manna nefnd samþ. í e. hlj., og í hana kosnir

Steingrímur Jónsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Jón Jónatansson.

I nefndinni var Guðjón Guðlaugsson kosinn formaður og Steingrímur Jónsson skrifari.

---

4. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. júlí 1911 um skoðun á síld* (291); 1 umr.

Björn Þorláksson: Þetta frv. er komið frá h. Nd., og þar sem hjer er að ræða um nauðsynjamál, sem snertir annan aðalatvinnuveg vorn, þá legg jeg til, að skipuð sje í það 3 manna nefnd, að lokinni umræðu.

ATKVGR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

3. manna nefnd samþ. í e. hlj. og í hana kosnir:

Björn Þorláksson,
Júlíus Havsteen,
Sigurður Eggerz.

Í nefndinni var Júlíus Havsteen kosinn formaður og Björn Þorláksson skrifari.

---

5. *Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi* (290); 1. umr.

Björn Þorláksson: Um þetta mál er sama að segja sem hið næsta á undan; það er komið frá h. Nd. og hefur verið athugað þar og rætt.

Það er um breyting á mjög þýðingarmiklum lögum, sem, eins og kunnugt er, allmismunandi skoðanir eru á hjá þjóðinni. Jeg tel nauðsynlegt, að nefnd sje skipuð í málið, og mun bezt fyrir því sjeð, með því, að menn með mismunandi skoðanir komist í nefndina, og mun jeg því leggja til, að 5 manna nefnd sje skipuð, að lokinni umræðu.

Það sem meðal annars gerir nauðsynlegt, að málið sje athugað í nefnd, er að málaleitun hefur komið frá frönsku stjórninni hingað, um að undanþiggja sendiræðismann sinn hjer á landi frá aðflutningsbannslögunum. Hæstv. ráðherra hefur lofað að leggja brjefið með þessari málaleitun fyrir nefndina.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 12: 1 atkv.

5 manna nefnd samþ. með 7 samhlj. atkv., og í hana kosnir:

Björn Þorláksson,
Guðmundur Björnsson,
Sigurður Eggerz,
Jón Jónatansson,
Sigurður Stefánsson.

Í nefndinni var Guðmundur Björnsson kosinn formaður og Björn Þorláksson skrifari.

---

28. **fundur.** Mánudaginn 11. ágúst, kl. 1. síðdegis. Allir á fundi nema Þórarinn Jónsson, 1. þm. Húnv. Hann hafði tjáð forseta sjúkdómsforföll.

1. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18. 9. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum* (318); 3. umr.

Jósef Björnsson, framsögumaður: Áður en frv. þetta og því skyld mál fara úr deildinni, virðist mjer ástæða til að líta nánar á lög, sem afgreidd hafa verið af þinginu á síðari árum til styrktar sjerstökum stjettum eða öllum almenningi í landinu. Vil jeg því fyrst og fremst líta nánar á lögin um styrktarsjóð barnakennara og ellistyrktarsjóðslögin, af því að á þau hefur verið minst í sambandi við þetta mál, og síðan gera ofurlítinn samanburð á stefnu þessara laga og eftirlaunalaganna, sem við síðustu umræðu þessa máls var talin vera lík eða hin sama. Lögin um styrktarsjóð barnakennara eru bygð á þeim grundvelli, að á kennarastjettina, sem er lágt launuð, er lagður allhár atvinnuskattur, sem fer hækkandi eftir hækkandi launum. Notin, sem þeir hafa af sjóðnum, eru þau, að þeir fátækustu þeirra eiga rjett á því að fá á sínum tíma styrk úr honum, en aðeins þeir fátækustu. Í 5. gr. laganna stendur: „*Því aðeins getur* kennari fengið styrk úr sjóðnum, að hann sje styrkþurfi". Hinir, sem betur eru efnum búnir, og þá að líkindum allmargir þeirra, sem rífust höfðu launin, og því hafa int hæstu skattgreiðslurnar af hendi, hafa engar líkur til að fá nokkurntíma styrk úr sjóðnum. Sjóður þessi er því einskonar *fátækrastyrktarsjóður fyrir þessa stjett manna* — kennarastjettina. Auðvitað er gott og eðlilegt, að gera alt til að firra menn örbirgð, sjerstaklega á efri árum, en þegar margir leggja fram fje sitt eins og hjer er gert, er eðlilegt, að sem flestir þeirra, fleiri en beinlínis eru styrkþurfar, hafi aðgang að fjenu, sem þeir hafa lagt fram. Sá skerfur, sem landssjóður leggur fram, og sem er töluverður, ætti á hinn bóginn vel við að yrði hinum fátæku að notum. Virðist því rjettlátt, að fyrirkomulagið verði það, er tímar líða, að allir þeir kennarar, sem inna af hendi *skattgjöld* sín til sjóðsins, fái úr honum hlutfallslega eftir gjaldhæð og árafjölda, sem þeir hafa goldið í sjóðinn, og sje þetta sem sparifje, er þeir hafi lagt til hliðar til afnota, er aldurinn færist yfir þá. Mjer virðist jeg sjá þetta í *framsýn*, og líkt ætti að komast í framkvæmd á fleiri sviðum. Á þennan hátt yrði skatturinn sjereign þeirra, sem inna hann af hendi, *sparifje*, en eigi fátækrastyrkur, er heilsa þeirra bilar. Þetta væri svo eðlilegt, því fjeð er lagt til hliðar eftir sparsemisreglunni, að eyða eigi öllu, sem aflað er. Þó þessu sje eigi þannig fyrir komið enn sem komið er, þá má vel vera, að stefnunni verði breytt, þegar sá tími kemur, að þessi sjóður er orðinn 50,000 kr., því þá ættu vextir sjóðsins að vera nægir til að styrkja þá, sem fátækastir væru, þótt fyrirkomulagið breyttist í þá átt, sem jeg hef bent á.

Við 2. umr. þessa máls bar ýmislegt á góma, sem jeg vil víkja að með nokkrum orðum, og því minnast á ellistyrktarsjóðina. Til þeirra gjalda allir nefskatt, sem fullorðnir eru og eigi gamalmenni eða á milli 18—60 ára, nema þeir, sem fje-

lausir eru og þeir sem trygt hafa sjer lífeyri frá 60 ára aldri. En samkv. 14. gr. laga nr. 17 frá 9. júlí 1909, um ellistyrk, geta þeir einir notið hans, sem eru fullra 60 ára, hafa eigi þegið sveitarstyrk um 5 síðustu árin, og eru í þriðja lagi vandaðir og reglusamir menn. Hvað er þá þessi styrkur? Að vísu *fátækrastyrkur líkt og styrkurinn til barnakennara en þó nokkuð annars eðlis. Ellistyrkurinn er almenn mannrjettindatrygging*, því það er vitanlegt, að þeir, sem þegið hafa sveitarstyrk, hafa mist almenn mannrjettindi, *kosningarrjett* og *fjárhald*. En frá því að njóta styrks úr ellistyrktarsjóði eru allir undantekningarlaust útilokaðir, sem mist hafa þessi mannrjettindi á síðustu 5 árum. Það er því dálítið annað, sem hjer liggur til grundvallar, og það virðist sjálfsagt, að *landssjóður* með tillagi sínu *hjálpi til þess, að menn missi eigi mannrjettindi sín*. Hitt væri aftur á móti jafn eðlilegt, að því er framlög kennaranna snertir, að þeir sem persónugjaldið, nefskattinn, hafa int af hendi, fái að njóta þess, sem þeir hafa sparað um langa æfi, og gætu hver og einn átt aðgang að því, þegar þörf krefði, og aldur færðist yfir þá.

Við 2. umr. þessa máls var sagt, að þeir, sem vildu styrkja þessa sjóði með fjárframlögum, væru að koma mönnum á eftirlaun, og yrðu því í mótsögn við sjálfa sig, ef þeir vildu afnema eftirlaun embættismanna í landinu. Jeg gat þess þá lítillega, að jeg gæti ekki verið þessu sammála, og vil nú reyna að sýna hjer, hver ómótmælanlegur mismunur er á þessu. Samkv. lögum frá 4. marz 1904 eiga konunglegir *embættismenn rjett á eftirlaunum*. *Kennarar* eiga undir högg að sækja og verða að *vera þurfandi; alþýðumaðurinn* þarf að uppfylla ýms skilyrði til að fá styrk í ellinni, hann þarf að vera *þurfandi*, vera orðinn *sextugur að aldri* og *vandaður maður*, en *embættismaðurinn*, sem fengið hefur konunglega veitingu fyrir embætti sínu, á *rjett á launum án þeirra skilyrða, sem hinum eru sett*. Þeir eiga að vísu ekki eftirlaunarjett í öllum tilfellum, en þau skilyrði, sem þurfa að vera fyrir hendi, fara ofurlítið í aðra átt. Þeir þurfa t. d. eigi að vera *sjerstaklega vandaðir*, sbr. 6. gr. laganna, þar sem svo er ákveðið: „Þegar embættismanni er vikið frá fyrir embættismisfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja virðingu og traust . . . þá *skal* ákveða eftirlaun hans með sjerstökum lögum". — En hvað er það, sem veikir virðingu og traust? Sennilega það, sem ekki er sem allra vandaðast, og þá á þó að ákveða eftirlaun þeirra með sjerstökum lögum. Allir sjá festuna í þessu, sjá, hve gert er upp á milli manna.

Og hvernig er þá fyrirkomulagið að öðru leyti? Embættismaður með 3000 kr. launum á, samkv. eftirlaunalögunum frá 1904, heimtingu á að fá $^1/_5$ launa sinna eða 600 kr. og að auki 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefur gegnt embætti sínu. Hafi hann því verið 20 ár í embætti, þá á hann *rjett* á að fá 600 kr. $+ 20 \times 20$ eða 400 kr., og því alls 1000 kr. á ári. Annar embættismaður með 6000 kr. árslaunum, sem gegnt hefur embætti jafnlengi, fær eftir sömu reglum 1600 kr. *Eftirlaunin verða því hærri, sem launin hafa verið hærri*, þó sennilegt sje, að sá, sem hefur hærri launin, safni meir til elliáranna, en hinn, og sje ríkari en sá, sem fá á lægri eftirlaunin. *Hjer er því farin alveg öfug leið við það, sem farið er í ellistyrktarsjóðslögunum og um styrk barnakennara*, að láta þá fá hærri styrkinn, sem hærri laun hafa haft og meiru hafa úr að spila, en hina minna, sem lægra voru launaðir og ver eru staddir, ef að líkum lætur.

Þá var og höggvið niður á því við 2. umr. — til sönnunar því að hjer væri um eftirlaun að ræða, — að í frv. því, er hjer liggur fyrir, væri ekkjum og börnum ætl-

aður styrkur. En ef þetta er skoðað eftir orði og anda frv., þá vakir þar fyrir sama hugmyndin, sem jeg nefndi áðan, að þetta væri aðeins uppsparað fje, sem þessir erfingjar eiga sanngirniskröfu til að fá, er þeir þurfa þess með, og er með því markað spor í þá átt, þótt lítið sje, sem jeg tel eðlilegt, að stefnt verði í með framtíðinni. Ekkjur konungl. embættismanna eiga eftirlaunarjett á öðrum grundvelli en þessum. Og ef fara á út í mismuninn greinilega, þá eru *styrktarsjóðirnir trygging gegn örbirgð og mannrjettindatrygging*, en *eftirlaunin* fæ jeg ekki betur sjeð en sjeu *metorðalaun* eða *stjettaskifta-trygging*, því auðsætt er, hve þau styðja að stjettaskifting í landinu. Börn embættismanna eiga rjett á styrk til 16 ára, ef þau missa föður sinn, 20—100 kr. hvert árlega, en hálfu rífara gjald, ef þau eru bæði föður- og móðurlaus, en ekkjurnar $^1/_{10}$ af launum manns síns upp að 600 kr. Uppeldisstyrkurinn er bersýnilega til þess, að gera móðurinni, eða öðrum aðstandendum barnanna hægra fyrir að koma þeim í sömu stjett og faðirinn var í. Og að eigi sje fjarri lagi að kalla þetta metorðalaun, er auðsætt af því, að með *hærri launum fylgja hærri metorð* og *hærri eftirlaun*. Landamerkjalínan er mjög svo glögg, og er því undravert, að nokkur skuli geta vilzt á henni og haldið, að sama sje beggja megin línunnar. Öðru megin línunnar, *eftirlaunamegin, er aukinn rjettur með vaxandi launahæð og oft meiri auð, en hinumegin aukinn rjettur með aukinni örbirgð*. Munurinn er því svo mikill, sem getur verið. Og ástæðan til þess, að *þjóðin hefur krafizt afnáms eftirlaunanna*, er, að *sumar stjettir hafa forrjettindi öðrum fremur*, og það orsakaði stjettamismun. Sumstaðar hefur það komið skýrt í ljós á þingmálafundum í sambandi við umræður um afnám eftirlauna, að landssjóður ætti að styrkja stofnun sjóðs, er trygði, að embættismenn kæmust eigi í örbirgð, og mun því fólk alveg eins fella sig við slíkan sjóð, ef landssjóður legði nokkurt fje til, eins og ellistyrktarsjóðina. Forrjettindi eru óvinsæl og *ranglát*; stjettaskifting er hjer á landi ekki glögt afmörkuð að því leyti, að fjöldi manna úr lægri stjettunum kemst í þær æðri, og allóþarft verk er að draga línurnar gleggri milli stjettanna. Þjóðin óskar eftir meira jafnrjetti einstaklinganna. Jeg veit því ekki, hvað þeir menn eru að hugsa, eða fyrir hverja þeir eru að fara, sem telja það blaður, að styrktarsjóðir sjeu annað en eftirlaun, og telja það heimsku, eða sem segja, að þeir þm., sem tali um afnám eftirlauna, geri sjer minkun og sjálfa sig að athlægi.

En jeg hef nú sýnt hjer glögglega, hve ólíkt þetta tvent er, og veit jeg eigi, hví öðru er haldið fram. Jeg vil eigi segja, að slíkt sje af heimsku sprottið, en tel *sorglegt*, þegar *menn gerast svo einsýnir*, að þeir sjá ekki eins glögg landamerki og eru milli þessara styrktarsjóða og eftirlaunanna; *sorglegt fremur en hlægilegt, þegar það kemur fram í sölum þingsins*.

Steingrímur Jónsson: Háttv. frsm. (J. B.) byrjaði ræðu sína á að tala um þá framsýni, er þetta frv. bæri vitni um. Það gladdi mig, því að það kom heim við það, sem jeg sagði við aðra umræðu, að í þessu frumvarpi væri farið inn á sömu sanngirnisbrautina og farið hefur verið, er ræða hefur verið um launakjör þeirra starfsmanna þjóðfjelagsins, er kallaðir eru konunglegir embættismenn, sem sje að gera aðstöðu kennara líka og embættismanna samkvæmt eftirlaunalögunum frá 1904, og þrátt fyrir hina löngu ræðu háttv. framsm. (J. B.) hef jeg ekki sannfærzt um annað. Háttv. framsm. (J. B.) sagði líka, að hann vonaði, að ekki liðu mörg ár, þar til allir kennarar gætu fengið eitthvað af þessum sjóði, ekki eingöngu

þeir, er þurfandi væru. Það er líka sannleikurinn, að hjer á okkar fátæka landi eiga kennarar, er fjölda ára hafa unnið þarft og erfitt vandaverk í þarfir lands og þjóðar, ekki aðeins rjett á líku, heldur hafa þeir þörf á því; efnahag kennara mun undantekningalaust þannig háttað. Þeir eiga rjett á því, þar sem þeir hafa lagt fje í þennan sjóð, og eins af því, að þeir hafa slitið kröftum sínum í þarfir þjóðfjelagsins. Það er sama stefnan eða andinn í þessum lögum og eftirlaunalögunum frá 1904.

Háttv. framsm. (J. B.) mintist á eftirlaunalögin 1904, en hann leit mjög einhliða á þau. Hann reif þau út úr sögulegu samhengi. Þessi lög kollvörpuðu algerlega eftirlaunalögunum frá 1856. Með þeim var því breytt lögum, er gilt höfðu hjer um langan aldur. Með eldri lögunum var embættismönnum trygð aðstaða þeirra í fjárhagslegum efnum. En hvernig var nú lögum þessum breytt? Öll hærri eftirlaun voru minkuð meira en um helming. Jeg skal skýra þetta með dæmi: Sá, sem hefur 6000 kr. laun fær eftir gömlu lögunum 4000 kr. í eftirlaun, en nú 1800 kr., eftir 30 ára þjónustu. Embættismaður með 3000 kr. launum fær eftir gömlu lögunum 2000 kr., en eftir þeim nýju 1200 kr. Embættismaður með 1500 kr. launum fær nú 900 kr. eftir 30 ára þjónustu, en eftir gömlu lögunum 1000 kr. Háttv. framsm. (J. B.) hefði átt að skýra frá hinu sanna samhengi í þessu efni. Með lögunum 1904 var komið á meiri jöfnuði í þessum efnum. Þing og þjóð viðurkeudi rjettmæti eftirlauna. Það var viðurkent, að þá er menn hefðu starfað 30 ár í þarfir þjóðfjelagsins, hefðu slitið kröftum sínum og heilsu í þarfir þess, þá mætti það ekki sleppa hendi sinni af þeim, ekki síst, ef efnahagurinn væri þannig, að embættismaðurinn gæti ekki sjeð fyrir sjer og sínum. Því er svo háttað um marga starfsmenn þjóðfjelagsins, að þeir hafa um æfina vanizt betra lífi en fjöldinn. Sumir þeirra hafa meira að segja orðið að lifa dýrara lífi og við meira skart og ljóma, en upplag þeirra stóð til, því að staða þeirra knúði þá til þess, er þeir hafa orðið að lifa með tignum og auðugum mönnum. Það er og hart að taka sleifina úr hendi embættismanna eftir 30 ára embættisstörf og segja við þá: „Nei, nú verður þú að breyta til um lifnaðarháttu. Nú verður þú að lifa við alt af skornum skamti, það sem þú átt eftir, ef til vill, við sult og seyru“. Menn hafa viljað tryggja það með eftirlaununum, að þetta gæti ekki komið fyrir.

Þessi lög eru svo mild gagnvart landssjóði, og hinsvegar svo sanngjörn gagnvart embættismönnum, að jeg sje ekki, að betra fyrirkomulag verði fundið. Þegar það er aðgætt, hvað embættismenn verða að leggja af mörkum til þess að tryggja sjer geymdan lífeyri, t. d. embættismaður með 1500 kr. launum, er geldur 30 kr. á ári, þá fær hann að líkindum hlutfallslega litlu meira úr landssjóði en það, sem kennarinn fær hlutfallslega, eftir því, sem hann leggur til móts við landssjóðstillagið. Jeg get ekki sagt nákvæmlega um þetta, því að jeg hef ekki reiknað það út.

Það er satt, að það stendur, að styrk skuli að eins veita verðugum og þurfandi kennurum. En það er enginn vafi á því, að takmarkið á að vera það, að hver kennari, sem lagt hefur í sjóðinn, fái styrk úr honum, þegar hann hefur náð vissum aldri. Takmarkið á að vera það, að varna því, að kennarar þurfi að þiggja af sveit. Þessi styrkur á að koma í stað sveitarstyrks. Að því marki verður að keppa, og því verður vonandi náð innan skamms. Þessu marki hafa Danir og Englendingar náð að nokkru leyti með ellistyrktarlögum sínum, en Englendingar iðrast þó eftir, að þeir hafa ekki tekið upp nákvæmlega sama fyrirkomulag og

hjer er, samkvæmt lögunum um ellistyrk.

Þá var það eitt atriði í ræðu háttv. framsm. (J. B.), sem jeg vil ekki segja, að væri beinlínis móðgandi, en það átti að minsta kosti mjög illa við. Hann sagði, að eftirlaun embættismanna væru metorðalaun. Þetta er rangt. Gáum að, hvernig eftirlaun eru til orðin? Þau eru til orðin af því, að það þótti nauðsynlegt, að tryggja það starfsmönnum þjóðfjelagsins, sem yfirleitt hafa á höndum langvandasömustu og ábyrgðarmestu störf þjóðfjelagsins, að þeir gætu helgað alla krafta sína stöðu sinni og ættjörð. Það varð að tryggja þá á ýmsan hátt og gegn ýmsu. Það varð fyrst að tryggja þeim sæmileg laun, svo að þeir gætu varizt þvingun að ofan, frá voldugum og auðugum aðli, að tryggja þeim, að þeir yrðu ekki hálfgerðir þrælar voldugra auðmanna, og að þeir gætu ekki litið niður á þá fyrir fátæktar sakir. Það varð að tryggja þeim fullkomið fjárhagslegt sjálfstæði upp á við, og það varð ekki gert með öðru móti en að tryggja þeim, að þeir gætu lifað og haldið sig eins höfðinglega og voldugir og tignir auðmenn, er þeir þurftu að beita sjer og valdi sínu gegn. Og til þessa varð að tryggja þeim framtíð þeirra alla, og það varð ekki gert á hagkvæmari hátt, en með eftirlaunum. Það eru og staðreyndir, að þar sem eftirlaun eru ekki, eru embættislaunin þeim mun hærri, svo að ríkið græðir ekki á afnámi þeirra, heldur bíður peningalegt tjón af því. Þá mun og verða sú raunin á, þar sem engin eftirlaun eru, að embættismenn leggi mikinn hug á að auðgast, meira en góðu hófi gegnir. Það getur verið gott, að þeir haldi spart á, en það má þó ekki vera um of. Þetta er sanna hliðin, sú er upp á við vissi. Hin hliðin veit niður á við, það þarf líka að tryggja þá gegn eilífu aðkasti þeirra, er þeir eiga að stjórna.

Háttv. framsm. (J. B.) sagði, að það, sem vekti fyrir almenningi með afnámi eftirlauna, væri það, að alþýða vildi eyða öllum stjettamun. En það er ekki það, sem fyrir henni vakir, heldur ráða hjer mestu um endurminningar frá gömlum tímum, þegar embættismannavald og kaupmannavald stóð saman, endurminningar um kúgun þá, er alþýða varð að sæta af hendi kaupmanna og embættismanna.

ATKVGR.:

Frv. samþykt í einu hljóði og endursent Nd.

---

2. *Frv. til laga um hvalveiðamenn* (310). 1. umr.

Eiríkur Briem: Jeg verð að taka til máls, úr því að enginn annar gerist til þess.

Þá er jeg sá þetta frv., mintist jeg þess, er jeg kom fyrst hingað til Reykjavíkur. Það eru nú yfir 50 ár síðan; það var 1860. Um það leyti voru gufuskip að hefja ferðir sínar hingað. Það var vist 1858 að stöðugar gufuskipaferðir hófust Það vildi svo til, að um sama leyti voru litlar fiskigöngur hjer syðra. Þær hugmyndir höfðu komizt inn hjá mönnum, að gufuskip hefðu ill áhrif á fiskigöngur, að þau fældu fiskinn af miðunum. Og ef kosningar hefðu farið fram hjer í Gullbringu- og Kjósarsýslu um það leyti, er ólíklegt, að nokkur hefði þurft að hugsa til, að ná kosningu, ef hann vildi ekki banna gufuskipunum siglingar um Faxaflóa. Einu sinni áttu netin að valda feiknaskaða, og miklar samþyktir voru gerðar um þau efni.

Þetta frv. er sprottið af sömu rótum og þessar samþyktir. Hinar og þessar hugmyndir hafa alt af komið fram til að gera sjer grein fyrir, hvað væri þess valdandi, að fiskigöngur brygðust. Það væri t. d. buslið i skrúfunni, reykurinn

úr „*skorsteininum*“ og eimyrjan, sem áttu að valda því, að fiskurinn fældist burt af miðunum, Menn hræðast sitt í hvert sinn í þessum efnum. Menn hafa skapað sjer þá hugmynd, að hvalir hafi mikla þýðing fyrir fiskigöngur. Þetta hjeldu menn á Vestfjörðum fyrir nokkrum árum, og menn halda nú hið sama á Austfjörðum. Og það hefur ógnarþytur verið gerður af þessu, Hugir manna eru æfinlega æstastir, þegar sem minst er á að byggja, því minni sem rökin eru, og því meira trúaratriði sem eitthvað er. — Jeg þekki ekki annað um þetta frv., en að þær ástæður, er það byggist á, sjeu algerlega ósannaðar hugmyndir um það, sem menn víta ekki minstu vitund um. Það er ekki ekkert nema hjátrú og bábiljur, er menn hafa hjer við að styðjast.

En setjum nú svo, að hvalveiðar hefðu þýðingu fyrir fiskiveiðar og væru skaðlegar. Frv. væri samt sem áður afar gagnslítið. Hvalir fara fram og aftur um höfin. Nyrzt í Noregi hefur verið veiddur hvalur með skutli frá New-Foundlandi. Þetta frv. er því álíka skynsamlegt, og farið væri að friða rjúpuna í 1—2 landareignum í því skyni, að greiða fyrir fjölgun rjúpna.

Gætum nú hinsvegar að, hvað lagt er í sölurnar með þessu frv. Hvalveiðar hafa að vísu minkað, og um leið hafa tekjur landssjóðs af þeim minkað. Jeg heyri sagt, að útflutningsgjald af hvala-afurðum árið 1912 hafi þó numið 14 þús. kr. Auk þess greiða hvalveiðamenn hjer vörutoll og annað aðflutningsgjald og tekjuskatt. Jeg ímynda mjer, að það, sem þeir greiða í landssjóð, nemi alls um 20 þús. kr. Það er því sama sem 20 þús. kr. tekjumissir, er frv. þetta bakar landssjóði, ef það verður að lögum. Og það væri sama sem, að demba ætti 20 þús. kr. útgjöldum á landssjóð og ekkert kæmi í aðra hönd. Auk þess gjalda þeir mikið til sveitar og veita mikla atvinnu, er landsmenn missa með slíkum lögum, sem þessu frv.

Enn er að líta á það, hvílíkur ójöfnuður það er, sem þessir menn eru beittir, er hjer eiga hlut að máli. Jeg þekki ekki þessa menn, veit ekki svo mikið sem nöfnin á þeim, svo að jeg hef enga ástæðu til að taka málstað þeirra af persónulegum ástæðum. Jeg hef heyrt sögu frá Rússlandi, sem mjer dettur í hug í þessu sambandi. Maður nokkur hafði bygt sjer myllu og bjóst að nota hana, sem lög gera ráð fyrir. En þá kom valdsmaður til hans og sagði: „Þú mátt ekki mala neitt í þessari myllu, góðurinn minn“. En hún mátti standa þar. Þetta hefur verið sagt sem dæmi af rússneskum ójöfnuði. En hjer stendur eins á, hjer er nákvæmlega um sama að ræða. Þessir hvalveiðamenn hafa reist hjer hús, og sett upp dýrar rekstursstöðvar, og svo á að banna þeim að nota alt saman! Hjer á að hafa í frammi þann ójöfnuð, er getur hefnt sín. Um hvern atvinnuveg geta vaknað þær hugmyndir, að hann sje skaðlegur. Með þessu móti verða menn fældir frá að koma hjer dýrum atvinnufyrirtækjum á stofn. Menn vita aldrei fyrirfram, hvaða bábiljur kunna að verða til, og hvaða atvinnugreinir því kunna að verða bannaðar.

Einar Jónsson: Jeg ætla mjer ekki að hrekja það, sem hv. 2. kgk. þm. talaði um rangar hugmyndir. Það sem fyrir mjer vakir, er ekki það, að hvalveiðar spilli fiskiveiðum. Það er ósannað mál. En það er fleira, sem kemur hjer til greina. Það er t. d. kunnugt, að hafís hefur rekið hvali hjer á land í ísaárum, og þeir hafa þá verið mönnum einhver drjúgasta hjálpin oft og tíðum. Hættulegustu ísaárin eru venjulega þau, þegar mikinn ís rekur algerlega að landi seint á vorin, því að þá liggur hann oftast lengi fram eftir sumri og hindrar allar samgöngur á

sjó. Þegar ísinn kemur svo seint, þá hafa venjulega hvalir verið farnir að halda sig upp að landinu meira en áður og verða svo fyrir ísnum, þegar hann rekur að, og hefur svo hjer og hvar hval rekið á land. Þessvegna hefur mjer ætíð verið illa við, að hvölunum væri mjög eytt.

En frv. er athugavert að því leyti, að það er vafamál, hvort hvalveiðamenn geta ekki krafizt þess með fullum rjetti, að þeim sjeu greiddar skaðabætur, ef þeir eru sviftir þessari atvinnu sinni. Sumir þeirra hafa kostað hjer miklu til, keypt lóðarrjettindi o. fl. Þetta mál þarf því að athuga sem bezt og ættu auðvitað lögfræðingarnir að geta bezt sagt um það.

Jeg leyfi mjer því að stinga upp á 3 manna nefnd, að umr. lokinni.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 8 atkv. gegn 2.

3 manna nefnd samþ. með 10 shlj. atkv. og í hana kosnir:

Einar Jónsson,
Sigurður Stefánsson,
Sigurður Eggerz.

Í nefndinni var Einar Jónsson kosinn formaður og Sigurður Stefánsson skrifari.

---

3. *Frv. til laga um samþykt um hringnótaveiði á Eyjafirði* (324); 1. umræða.

Jósef Björnsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að skipuð verði 3 manna manna nefnd í þetta mál, að lokinni þessari umræðu. Frv. er þess vert, að það verði atbugað nánar, áður en það verður samþykt eða felt.

Málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

3 manna nefnd sþ. í e. hlj. og voru kosnir í hana í e. hlj.:

Jósef Björnsson,
Júlíus Havsteen,
Steingr. Jónsson.

Í nefndinni var Júlíus Havsteen kosinn formaður og Jósef Björnsson skrifari.

---

4. *Frv. til laga um umboð fjóðjarða* (325); 1. umr.

Eiríkur Briem: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að nefnd verði skipuð í þetta mál, að lokinni þessari umræðu. Þó að málið sje nokkuð þýðingarmikið, hygg jeg, að 3 manna nefnd muni nægja.

Málinu vísað til 2. umræði í einu hlj.

3. manna nefnd sþ. í e. hlj., og voru þessir kosnir í e. hlj.

Eiríkur Briem,
Hákon Kristoffersson,
Júlíus Havsteen.

Í nefndinni var Júlíus Havsteen kosinn formaður og Eiríkur Briem skrifari.

---

29. fundur. Miðvikudaginn 13. ágúst, kl. 5. síðd. Allir á fundi nema Sig. Stefánsson, þm. Ísafjk., sem hafði tilkynt sjúkdómsforföll.

1. *Frv. til laga um sauðfjárbaðanir* (188, n. 341, 342); 2. umr.

Jósef Björnsson, framsögumaður: Jeg vil fyrst geta þess, að í nefndarálitinu er prentvilla í fyrirsögn 3. dálks, í töflunni á bls. 2; þar á að standa *baðað* fyrir *bað*. — Annars ætla jeg ekki að fjölyrða um þetta mál, því að nefndin hefur lýst sinni skoðun á því í nefndarálitinu. Allir munu vera sammála um, að mikill hagnaður sje að böðum; þrif og hreysti fjárins verður miklu meiri, og þar

að auki stuðla böðin að útrýming kláðans. Þegar rætt var um kláðamálið á alþingi 1912, var það skoðun nefndarinnar, sem skipuð var í málið, að árleg þrifaböð væru æskileg fyrir margra hluta sakir, og er óhætt að segja, að meiri hluti þingsins aðhyltist þá skoðun. Þess vegna var þá samþykt þingsályktun um, að leita umsagnar fjáreigenda í öllum hreppum landsins, hvort þeir óskuðu, að samin yrðu heimildarlög um þrifaböð á sauðfje. Nú hafa svör komið úr flestum hreppum landsins, og má sjá yfirlit yfir þau í nefndarálitinu. Af því yfirliti sjest, að 109 hreppar vilja hafa heimildarlög, en 32 hreppar vilja hafa almenn lög, sem fyrirskipi baðanir um land alt, af því að þeir óttist, að heimildarlögin reynist ónóg. 31 hreppar er böðum hlyntir, en þó mótfallnir lögum um þetta efni og telja þau óþörf, af því að *alment sje baðað* nú þegar. Einir 12 hreppar eru mótfallnir öllum lögum um baðanir, og verður jafnvel ekki af svörum þeirra sjeð, að þeir sjeu hlyntir böðun sauðfjár yfir höfuð að tala. 10—20 hreppar hafa engin svör sent.

Af þessu er ljóst, að mikill meiri hluti sauðfjáreigenda í landinu er þeirrar skoðunar, að árleg böð á sauðfje sjeu nauðsynleg og 141 hreppur óskar lagasetningar um það efni. — Nefndin hyggur, að heppilegast sje, að fara þá leið, sem frv. bendir til: að lögskipa árlegar baðanir á öllu sauðfje. — Þar með væri þeim hreppum, sem óska samþyktarlaga, engin þvingun sýnd, því enginn getur í alvöru óskað slíkra laga án þess að meiningin sje að beita þeim. Enda mundu þeir hreppar, sem samþyktarlaganna óska, vafalaust hafa tjáð sig hlynta almennum lögum, ef þeir hefðu verið spurðir um það. Hitt gæti fremur komið til mála, að þeim hreppum væri nokkur þvingun sýnd, sem hafa tjáð sig mótfallna allri lagasetningu í þessu efni, en eins og jeg áður tók fram, eru þeir sárfáir. — Nefndin hikar því ekki við að leggja til, að frv. verði samþykt. Hagnaðurinn af lögum, sem heimila samþyktir, yrði miklu óvissari, því að hætt er við, að samþyktir kæmust ekki alstaðar svo fljótt á, sem æskilegt væri. Þá telur nefndin það einnig þýðingarmikið, að líkur eru til, að betri baðlif verði notuð, ef almenn lög eru sett, heldur en ef hvert hreppsfjelag eða sýslufjelag gerir sjerstaka samþykt og notar svo þau baðlif, sem þar eru á boðstólum. Auk þess er mikill sparnaður að því, ef öll baðlif sjeu keypt í einu lagi. Ef innkaup eru gerð í stórum stil, verður varan vafalaust miklu ódýrari en ella.

Breytingar þær, sem nefndin leggur til að gerðar verði á frv., eru mestmegnis orðabreytingar. Aðalbreytingin er, að bætt verði inn í nýrri grein á undan 7. gr., og hefur verið gerð grein fyrir þeirri brtill. í nefndarálitinu,

Um tilefni þessarar nýju greinar skal jeg þó taka það fram, að þótt kláði sje ekki nema óvíða í landinu, má þó búast við, að fyrirskipaðar kunni að verða kláðabaðanir á stærri eða minni svæðum samkvæmt kláðalögunum frá 1901, og þurfti því að ákveða, hvernig með lög þessi skyldi fara, þegar svo stæði á. Samkv. skýrslum, sem stjórnarráðinu hafa borizt, hefur á síðastliðnum vetri orðið vart við kláða hjer og þar. Að vísu eru hinar kláðasjúku eða kláðagrunuðu kindur mjög fáar, en samt getur verið full ástæða til þess að fyrirskipa kláðabaðanir á nokkrum svæðum samkv. kláðalögunum frá 1901. Að vísu er það lítt viðkomandi frv. því, sem hjer liggur fyrir, hve mikill fjárkláðinn virðist vera, en jeg vil þó geta þess, að samkvæmt skýrslum, sem stjórninni höfðu borizt um kláða á síðastliðnum vetri og vori, og nefndin hafði til athugunar, er alls getið um 30—40 kláðagrunaðar kindur í 6 sýslum. Af þeim var ein í Vestm.eyjum, 1 í S.-Múlas., 8 í Skagafirði, 5

í Eyjafirði, 16 í Rangárvallasýslu og fáeinar kindur í Þingeyjarsýslu. Þó að þessar tölur sjeu ekki háar, þá sýna þær þó, að kláðinn er ekki aldauða, og að nauðsynlegt er, að haft sje gát á honum.

Að svo mæltu vil jeg leyfa mjer að leggja til, að hv. deild samþykki frv. með brtill. nefndarinnar.

ATKVGR.:

1. gr. frumv. samþykt með 12 samhlj. atkv.

1. brtill. á þingskj. 342 samþ. í einu hljóði.

2. gr., þannig breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

2. brtill. á þgskj. 342, a-liður, sþ. með 11 shlj. atkv.

2. brtill. á þgskj. 342, b-liður, samþ. í einu hlj.

3. gr., þannig breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

4. gr. frumv. samþykt með 10 samhlj. atkv.

3. brtill. á þgskj. 342., a-liður, sþ. með 11 shlj. atkv.

3. brtill. á þgskj. 342, b-liður, sþ. með 11 samkl. atkv.

5. gr. frv., þannig breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

4. brtill. á þgskj., 342, a-liður, samþ. án atkvgr.

4. brtill.á þingskj. 342, b-liður, samþ. án atkvgr.

6. gr., þannig breytt, samþ. með 9 atkv. gegn 1.

5. brtill. á þgskj. 342 samþ. með 11 shlj. atkv.

7. gr., sem verður 8. gr., sþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

2. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. okt. 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík* (315); ein umr.

Málið var tekið út af dagskrá.

---

3. *Frv. til laga um rafveitu í kaupstöðum og sjálfstjórnarkauptúnum* (350); 1. umr.

Guðmundur Björnsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að, að aflokinni umræðu um þetta mál, verði skipuð 3 manna nefnd til að athuga það nánar.

ATKVGR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

3 manna nefnd samþ. í e. hlj. og voru kosnir í hana í e. hlj.:

Björn Þorláksson,
Guðm. Björnsson,
Sigurður Eggerz.

Í nefndinni var Sigurður Eggerz kosinn formaður og Guðmundur Björnsson skrifari.

---

4. *Frv. til girðingalaga* (353); 1. umr.

Steingrímur Jónsson; Jeg legg til, að máli þessu verði, að aflokinni þessari umræðu, vísað til landskiftalaganefndarinnar.

ATKVGR.:

Málinu vísað til 2 umr. í e. hlj.

Samþykt í e. hlj. að vísa því til landskiftalaganefndarinnar.

---

30. fundur, þriðjudaginn 15. ágúst, kl. 1 síðdegis. Allir á fundi nema Sig-

urður Stefánsson, þm. Ísafjarðarkaupstaðar, sem hafði tjáð sjúkdómsforföll.

1. *Frv. til laga um forðagæzlu* (360. n. 423); 1. umr.

Með því að þetta frv. var of seint fram komið, leitaði forseti leyfis deildarinnar um það, hvort að það mætti taka til meðferðar, og var það leyfi veitt í einu hlj.

Guðjón Guðlaugsson, framsögumaður: Þótt það sje nú seint orðið, kemur nú þessi liður hallærisvarnanna fram á sjónarsviðið; áður hefur verið talað um hann hjer í deildinni, og hefur hann fengið góðar undirtektir.

Þegar um það er að ræða. að tryggja landsmenn sem bezt fyrir hallærum, er það þrent, sem aðallega þarf að aðgæta. Í fyrsta lagi þarf að safna peningum, svo að fje verði til taks, þegar hallærin koma, og á því þarf að halda til styrktar atvinnuvegunum. Í öðru lagi þarf að sjá um, að peningarnir geti þá komið að tilætluðum notum, og í þriðja lagi þarf að sjá um, að eftirlitið sje gott með því, að ávalt sjeu til reiðu nægilegar hey- og kornbirgðir, enda þótt ekki sje um hallæri að ræða, og að farið sje sem bezt með það, svo að það geti komið að tilætluðum notum., til þess að fyrirbyggja hallæri. Þetta mál er svo vaxið, að það er ekki nauðsynlegt að setja það í neitt samband við hallæri, því að enda þótt við ættum víst, að aldrei yrði hallæri framar hjer á landi, þá væri þó nauðsynlegt að setja lög um þetta efni. Eftirlit það, sem farið er fram á í lögum þessum, ætti að vera trygging fyrir því, að meðferð á skepnum yrði betri en áður, því að það eykur metnað manna til þess, að hafa fjenað sinn í góðu lagi, og það mundi einnig stuðla að því, að menn sýndu meiri hyggindi en ella með það, að ætla skepnum sínum nægan forða. Af slæmri meðferð, að jeg ekki

tala um horfelli á skepnum, leiðir, auk vanvirðunnar, sem því fylgir, mikið fjártjón, svo að margur býður þess aldrei bætur, allan sinn búskapartíma. Þeir, sem ætla fjenaði sínum lítið fóður, eru auðþektir úr frá hinum, því að þeir verða aldrei nýtir menn. Mig undrar það stórum, hve mál þetta hefur komið seint fram, ekki einungis hjer á þingi, það er mest að kenna mínum slóðaskap, heldur utanþings. Orsökin hlýtur að vera sú, að menn hafa verið hræddir um, að ekki yrði hægt að koma eftirlitinu svo fyrir, að það kæmi að nokkru haldi, að það mundi mest verða á pappírnum, af því að hjer væri um svo mikið vandaverk að ræða, sem hver og einn muni bezt framkvæma sjálfur, og með vaxandi sómatilfinningu og hagnaðarlöngun muni þetta komast í viðunanlegt horf. Jeg ætla ekki að mótmæla því, að allir vilja gjarna eiga fje, en sómatilfinningin er misjöfn hjá mönnum, og oft eigi svo mikil, sem skyldi. Það er fyrst, þegar allir taka höndum saman, að árangurinn verður almennur, og ekki einungis hjá einstaklingnum. Því er nauðsynlegt að setja lög, sem ná til allra. Í því frumv. sem hjer liggur fyrir, er mikið bygt á haustskoðunum, en um þær hefur verið sagt, að erfitt væri að framkvæma þær svo að haldi kæmi. Þetta finst mjer bera vott um óskiljanlegan hugsunarhátt, því að það, sem er óframkvæmanlegt einum manni, getur verið auðvelt verk fyrir annan, sem þekkingu hefur á málinu. Áætlanagerð er að vísu mjög vandasöm, en öll stórvirki, sem gerð eru nú á tímum, eru gerð eftir áætlun. Þessvegna er það einkennilegt, að menn skuli halda, að eigi sje hægt að fara eftir áætlun um heyforða manna.

Nefndarálitið sýnir, að þetta er líka mögulegt. Jeg finn það vel, að jeg stend eigi flestum framar að því, er hæfileika til slíks verks snertir, heldur stend jeg að eins fáum mönnum framar, og þegar jeg

byrjaði á þessu verki, kunni jeg vitanlega ekkert til þess, en reynslan sýndi mjer, hvernig að átti að fara, og að þetta var mögulegt. Mig undrar það stórum, að algerlega skuli hafa verið farið fram hjá heyásetningi á búnaðarskólunum. Á námsskeiðum þeirra eru haldnar ræður um flest alt, sem að búnaði lítur, nema um þetta. Þetta hlýtur að stafa af því, að menn hafa haldið, að ómögulegt væri, að koma við áætlunum um heyásetning. En þetta er mjög vel mögulegt, og jeg álít, að þetta ætti að kenna á búnaðarskólunum. Í nefndarálitinu má ýmislegt sjá um reynslu manna og tilraunir í þessu efni. En það er ekkert um það talað, hverskonar þessar áætlanir, sem þar eru birtar, reyndust svo rjettar, sem þær reyndust. En í þeim hreppi, sem skýrslur þessar greina um, höfðu heyásetningsmenn nákvæmar töflur yfir hverja einustu heystæðu í sveitinni, og töflu yfir ýmsar fóðurtegundir, sem sýndu, hvað þurfti mikið hey að rúmmáli fyrir hverja viku af tiltekinni heytegund handa hverri búpeningstegund, og á þennan hátt gat þetta flýtt mjög fyrir verkinu og gerði áætlanirnar vissari, og ætla jeg svo ekki að útlista það frekar. Um fóðurgildi korns í samanburði við hey, hafa menn nú nákvæmar skýrslur frá búfræðingum landsins. Fyr á tímum var ekki annað brúkað til skepnufóðurs en hey, en nú eru notaðar aðrar fóðurtegundir jafnframt, og því þarf í skýrslunni sjerstakan dálk fyrir þetta, sem nefndist annað fóður, og það, sem er nefnt í skýrslunum teningsalin eftir mati, yrði þá nefnt forðaeining. Um þetta og ýmislegt annað, þessu máli viðvíkjandi, hefur ekkert verið sett í nefndarálitið, og af því, sem hjer hefur verið sagt, vona jeg, að menn sjái, að þetta eftirlitsverk er ekki svo erfitt, að það sje engum menskum mönnum fært, nema kannske galdramönnum af Ströndum. Hjer er að eins um verk að ræða, sem þarf góðrar vandvirkni við og sæmilegrar skynsemi. Þetta starf verður að álíta sem trúnaðarstarf fyrir sveitina, og þeir, sem í það verða kosnir, standa jafnfætis sóknarnefndar- og fræðslunefndarmönnum og hreppsnefndum að virðingu; ætti það að vera hvöt fyrir mennina til þess að leysa verkið vel af hendi. Ætla jeg svo eigi að fara fleiri orðum um þetta frv., en jeg vona, að hv. deild sýni því að minsta kosti þann sóma, að vísa því til 2. umr. Þar sem málið hefur þegar verið athugað í nefnd, er óþarft að skipa nú nefnd í málið.

Var þá umræðum lokið, og var málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

---

2. *Frv. til laga um sauðfjárbaðanir* (385) 3. umr.

Þar eð enginn tók til máls, var gengið til atkvæða um frumvarpið og það samþ. með 10 samhljóða atkv. og sent til neðri deildar.

---

3 *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. júlí 1911, um skoðun á síld* (291. n. 361) 2. umr.

Björn Þorláksson, framsögumaður: Á þessu frv. stendur þannig, að á þinginu 1911 voru samin lögum, að skipa skyldi menn til þess, að skoða síld og meta gæði hennar, og var þetta gert í því skyni, að koma síldinni í hærra og fastara verð en verið hefur áður á þessari vörutegund. Þar sem þá var hjer um nýmæli að ræða, var það ákveðið, að þau skyldu að eins ná yfir nokkurn hluta landsins eða frá Horni til Langaness, og að þau skyldu aðeins gilda til loka þessa árs, sem nú er að líða. Lögin áttu því að vera reynslulög. Sú reynsla hefur verið á þann veg, að þau hafa gefizt vel, og óskir hafa komið fram um, að þau væru framlengd og

látin ná til alls landsins. Í þessu eru fólgnar aðalbreytingarnar á frv. En auk þeirra hefur einnig verið gerð sú breyting á núgildandi lögum, að í stað þess að áður voru tveir síldarmatsmenn, og sat annar þeirra á Akureyri en hinn á Siglufirði, er nú ákveðið, að stjórnin skuli kveða á um aðsetursstað síldarmatsmanna. Ennfremur hefur verið bætt inn viðauka um, að yfirmatsmaður megi leyfa skoðun á síld, sem ekki hefur verið ætluð til útflutnings, og að síðan megi senda það út af henni, sem til þess reynist hæft. Það kemur oft fyrir, þegar mikið veiðist af síld í einu, að hún er svo gölluð, að hún er ekki öll hæf til útflutnings. en ef hún er skoðuð, má þó velja nokkuð úr, sem flytja má út. Aðrar breytingar, sem gerðar hafa verið við frv., eru mjög lítilfjörlegar, og ein eða tvær breytingar eru að eins til þess, að skýra ákvæði í lögunum, sem ógreinileg þóttu. Nefndin vill því ráða háttv. deild til þess að samþykkja frv. óbreytt, eins og það kom frá neðri deild.

ATKVGR.:

1. gr. frv. sþ. í e. h.
2. gr. sþ. í e. h.
3. gr. sþ. í e. h.
4. gr. sþ. í e. h.
5. gr. sþ. í e. h.

Fyrirsögn frumv. var samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu var vísað til 3. umræðu í e. h.

---

4. *Frumv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 20- okt. 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.* Ein umr.

Steingr. Jónsson, framsögumaður: Jeg hef litlu að bæta við það, sem sagt er í hinu stutta áliti nefndarinnar. Það er aðeins ein lítilfjörleg breyting, sem neðri deild hefur gert á frv., og er hún í því fólgin, að þessi lög skuli ekki ná til þeirra, sem þegar hafa byrjað laganám við háskólann, áður en þessi lög ganga í gildi, eða rjettara sagt þeirra, sem ljúka námi innan ákveðins tíma. Þessi breyting virðist vera sanngjörn, því að það má segja, að þeir, sem nú eru að stunda laganám, hafi tekið það fyrir með það fyrir augum, að þeir mundu geta komizt að málafærslu við yfirdóminn, þegar að náminu loknu, og það virðist auk þess meiri ástæða til þess að gera þessa breytingu, þar eð annað frv. þessu máli skylt, var felt hjer í deildinni fyrir skömmu síðan. Vjer viljum því ráða hv. deild til þess, að samþ. frv. óbreytt.

Var þá umræðum lokið og gengið til atkvæða.

Frumvarpið var samþykt með 11 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

31. fundur. Laugardaginn 16. ágúst, kl. 1. síðd. Allir á fundi nema Sigurður Stefánsson, sem enn var sjúkur.

Áður en gengið var til dagskrár, las forseti upp svolátandi símskeyti, frá ekkju Guðlaugs heitins Guðmundssonar sýslumanns Eyfirðinga og bæjarfógeta á Akureyri:

„Um leið og jeg þakka Alþingi innilega fyrir hluttekningu þá, er það hefur
„sýnt mjer við fráfall mann míns sáluga,
„óska jeg, að guðs blessun fylgi störf-
„um Alþingis framvegis.

„O. Guðmundsson.“

Var síðan gengið til dagskrár.

1. *Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.* (238, n. 394, 444); 2. umr.

Steingrímur Jónsson, framsögum.: Það eru ekki miklar breytingar, sem nefndin ræður hv. deild til þess að gera við frv. þetta. Þær eru aðeins 8 talsins, og af þeim hafa 4 áhrif á gjöldin.

Tvær breytingar eru til hækkunar og nema þær báðar 30,300 kr., en tvær þeirra eru til lækkunar og nema þær 1166 kr. 67 au., og er því tillaga nefndarinnar, að hækka útgjöldin á frumv. frá því sem hv. Nd. gekk frá því, um 29,133 kr. 33 au.

Í athugasemdum stjórnarinnar við frv. er gerð all ítarleg grein fyrir fjárhagnum, og eftir þeirri áætlun er tekjuafgangur 144 þús. kr. eða rúmlega það. Þetta vil jeg leggja áherzlu á, til þess að sýna, að það sje forsvaranlegt að leggja fram fje á fjáraukalögunum. Og tekjuafgangurinn getur orðið meiri, þar sem vörutollurinn átti eftir þessari hálfs árs reynslu, sem fengin er, að gefa 50 þús. kr. fram yfir áætlun, og tekjuafgangurinn því að verða 190 þús. kr. Á þetta vildi jeg benda, til þess að hv. deildarmenn geti sjeð, að það sje forsvaranlegt að veita fje á fjáraukalögunum, því jeg tel forsvaranlegt að veita þar fje, þegar hægt er að benda á tekjuafgang, og þarf því ekki að taka ný lán.

Jeg skal þá víkja orðum mínum að br.-till. nefndarinnar.

Fyrsta brtill. er um 300 kr. styrk til sjúklingsins Einars Guðmundssonar á Þórarinsstaðaeyri. Í nefndarálitinu er þess getið, hvernig sjúkdóminum er varið, að hann, þessi 9 ára drengur, sje máttlaus öðru megin. Eftir þeim upplýsingum, er nefndin hefur fengið, er talið líklegt, að hann geti fengið bata, ef að hægt sje að leita honum læknishjálpar í Danmörku, en foreldrar drengsins eru öreigar, svo það er ekki tiltaksmál, að þeir geti staðizt þann kostnað, er leiðir af förinni, og varla yrði hann minni en 500 kr. Og það er sótt um þennan styrk í þeirri von, að það, sem ávantar fáist annarsstaðar að. Jeg get búizt við því, að einhverjir segi, að það sje skylda sveitarsjóðsins, að veita þennan styrk, en nefndin lítur svo á, sem það sje rjett, að landssjóður hlaupi hjer undir bagga. Það hefur líka verið stefna löggjafarvaldsins, að gera ekki slíka styrki að sveitarstyrkjum, ef unt er að komast hjá því. Þegar sjúkdóminum er svo háttað, að enginn viðbúnaður er hjer á landi til þess að bæta úr vanheilsunni, virðist rjett, að landssjóður hlaupi undir bagga, Og í öðru lagi má geta þess, að ef drengurinn er ekki kostaður af sveitinni, þá verður kostnaðurinn minni. Nefndinni hefur sem sje verið skýrt svo frá, að þá muni hann fá umbúðir o. fl. ókeypis (*B. Þ.*: Það er rjett) og kostnaðurinn þar af leiðandi minni. Að þessu athuguðu, virðist ekki neitt verulegt vera á móti því, að drengnum verði veittur þessi styrkur. En það gæti verið talsverð ástæða á móti því, ef þetta væri fyrsti sjúkrastyrkurinn, sem hjer væri um að ræða á þinginu; slíkir styrkir hefðu ekki verið veittir áður. Jeg hef aðgætt í þessu efni nokkur síðustu þing, og hafa verið veittir svipaðir styrkir á þingunum 1905, 1907, 1909 og loks 1911. Þá var Önnu Magnúsdóttur veittar 1000 kr. til þess að leita lækningar á ljóslækningastofnun Finsens. Alþingi virðist því, að minsta kosti hin síðustu 8 ár, hafa fylgt þeirri reglu, að veita slíka styrki til líknarstarfsemi, þegar svo hefur hagað til, að engin tiltök hafa verið að fá lækning við sjúkdóminum hjer á landi. Og í því tilfelli, er hjer ræðir um, hagar einmitt svo til, að engin tiltök er að lækna þennan sjúkling hjer heima.

Önnur brtill. nefndarinnar er við 4. gr., og er það aðalbreytingin. Sú breyting er um pósthúsið. Eins og kunnugt er, þá

er hin mesta nauðsyn á því, að rýmka húsnæði það, er póststjórnin hefur til afnota. Þar er nú afgreitt bæði pósturinn og síminn, og hver sem kemur inn til símastjórans eða á landssímann, sjer strax, að húsnæðið er alveg óviðunandi og litlu betra, hvað pósthúsið snertir. Það er jafnvel skaði að því, að vera ekki búinn að byggja. Og nefndin lítur svo á, að bezt sje að byggja strax. Stjórnin setti upphæð til viðbótarbyggingar við pósthúsið á fjáraukalög, og ætlaðist til þess, að bygging þessi yrði 28 álnir meðfram Pósthússtræti og 34 álnir meðfram Austurstræti 20 álnir að breidd, en fjárlaganefnd Nd. feldi burtu fjárveitinguna, og ætlaðist til þess, að hún yrði sett á fjárlögin fyrir árin 1914 og 1915. En nú hefur fjárlaganefndin í þessari hv. deild borið sig saman um þetta efni við fjárlaganefnd Nd., og þær hafa orðið sammála um, að leggja til, að byggingin verði bygð strax, þótt þær hins vegar búist ekki við, að upphæðin verði notuð upp í ár, en það gerir ekki mikið til.

Öðru máli er að gegna um það, hvort það sje heppilegt, að bygging þessi verði bygð sem viðbótarbygging við pósthúsið, þar sem það nú er. Það, sem þar vakti fyrir nefndinni, er það, hvort ekki sje eins hagfelt, eða hagfeldara, að byggja nýtt pósthús annarsstaðar í bænum. Ef það yrði gert, þá fengi landsíminn alt gamla pósthúsið til afnota, og hefði þar gott og notalegt rúm, að minsta kosti fyrst um sinn, að því er landsímastjóri segir, og það losar úr tvíbýli, sem alt af fylgja ýmsir gallar. Það er talið svo, af byggingarfróðum mönnum, eftir því, sem nefndin hefur fengið upplýst, að byggja megi eins stórt hús, og þessi fyrirhugaða viðbótarbygging við pósthúsið, fyrir sama verð, ef bygt sje á Arnarhólslóð. Það þyrfti þá einum vegg, eða hluta úr vegg meira, en þeir segja, að það muni að minsta kosti svo miklu, hversu betra sé að byggja þar uppfrá.

Jeg vænti þess, að hin háttv. deild geti fallizt á þessa fjárveitingu, og sjái, að það dugar ekki lengur, að fresta þessu máli; það er beint tap bæði á húsaleigu og vinnu, því afgreiðsla póstsins útheimtir miklu meiri vinnu, af því hve óhentugt húsnæðið er.

Þá kem jeg að lækkunartillögum nefndarinnar.

Eins og háttv. þm. er kunnugt, þá var 1907, þegar ákveðið var að leggja símann austur að Garðsauka, ákveðið, að austursýslurnar skyldu leggja fram 20 þús. kr. til þessarar símaálmu, og átti Árnessýsla að leggja fram 12 þús. kr., en Rangárvallasýsla 8 þús. kr. Á þinginu 1909 voru framlög þeirra lækkuð um helming, svo framlag Árnessýslu varð 6 þús. kr. og framlag Rangárvallasýslu 4 þús. kr., samanber fjáraukalög 1908—1909, 3. gr., og þessar upphæðir voru sýslunum veittar sem viðlagasjóðslán, Árnessýslu $^{29}/_{9}$ 1909 og Rangárvallasýslu $^{15}/_{10}$ 1909. Svo líður og bíður til ársins 1912, að það var engin breyting gerð á þessu, en þá er samþykt að kaupa símann til Vestmannaeyja, og þá var þessi símalína jafnframt gerð að 1. flokks línu, og þá er farið fram á endurborgun á tillaginu.

Nefndin lítur svo á, að engin ástæða sje til að gefa eftir öll tillögin, heldur aðeins þá upphæð, er óborguð var, er síminn varð 1. flokks sími, en það er Rangárvallasýsla 3333,33 og Árnessýsla 2500,00 krónur.

Ástæðurnar til þess, að nefndin leggur þetta til, eru: í fyrsta lagi, að hún sjer ekki ástæðu til, að meira sje gefið eftir en óborgað var, er línan varð að 1. flokks línu, því þá fyrst fjekk sýslan nokkurn rjett til að biðja um eftirgjöfina, og í öðru lagi, að nefndin vill slá þessari reglu fastri fyrir eftirtímann. En það hefur

mikla þýðingu, eða getur haft það, að því sje slegið föstu, að ef símalína sje gerð að 1. flokks línu, þá beri hlutaðeigandi hjeraði ekki endurgreiðsla á meiru en því, sem þá er óborgað af láninu, er breytingin fer fram. Þetta telur nefndin mjög sanngjarnt, og álítur, eins og jeg áðan sagði, að fjárveitingarvaldið eigi að mynda sjer hjer fastar reglur til að fara eftir. Og þótt línan frá Breiðumýri til Húsavíkur yrði gerð að 1. flokks línu, sem hún verður fyr eða síðar, þá dytti mjer ekki í hug, að fara fram á meiri endurgreiðslu en samkvæmt fyrirsagðri reglu. Jeg álít, að Þingeyjarsýsla ætti ekki rjett á að fá meira.

Um Patreksfjarðarsímann gildir alt annað. Það er viðurkent af öllum, að áætlunin hafi verið röng, og að sýslan hafi eingöngu átt að greiða 15 þús. kr. eftir því hvað síminn kostaði, en ekki 20 þús. kr., og því er endurgreiðsla þar sjálfsögð.

Þá leggur nefndin það til, í 5. brtill. sinni, að orðin „alt að“ komi framan við fjárveitinguna til brunngraftrar við Garðskagavitann. Vitavörðurinn þar og umsjónarmaður vitanna telja gerlegt, að grafa brunn við vitann, og telja æskilegt, að það verði framkvæmt og í því skyni er þetta fje veitt, 800 kr. Nefndin er þessu samþykk, en það liggur engin regluleg áætlun fyrir. Hjer er því að eins um tilraun að ræða, sem ef til vill hepnast, og ef til vill ekki, og því hefur nefndin viljað bæta þessum orðum inn í liðinn, til þess að sýna, að hún vilji ekki að meira fje sje veitt, en vonast eftir, að minna verði brúkað, ef tilraunin ekki hepnast.

Brtill. nefndarinnar við 5. gr. er aðeins leiðrjetting á prentvillu, er sumpart stafar alla leið frá stjórnarfrumvarpinu.

Við 6. gr. er engin brtill. frá nefndinni, en henni hefur þótt það rjettara, að taka fram, að stjórnin eigi að fara varlega í greiðslur úr landssjóði, sem eigi eru fyrirfram heimilaðar. Nefndin viðurkennir, að það geti komið fyrir, að hagsmunir eða heiður landsins krefjist þess, að gripið sje til fjár, þótt ekki sje á fjárlögunum veiting fyrir því. En þetta er vitanlega mesta vandamál, og þar reynir á, að stjórnin sýni „conduite“. Það má ekki skilja orð mín svo, að nefndin vilji víta stjórnina fyrir þessar 2 smáupphæðir, þvert á móti er hún stjórninni sammála um, að hún hafi breytt heppilega (*Hákon Kristoffersson*: En þriðja liðinn?).

Þá er leikfimishúsið á Hvanneyri. Á fjárlögunum 1912–13 voru veittar 2000 kr. til að byggja þetta leikfimishús. Að ekki var veitt meira fje, kom til af því, að þar lá fyrir töluvert efni, er var talið 2 þúsund kr. virði, og fjárlaganefndin og þingið leit svo á, að það mætti nota það í þessa byggingu, sem hægt væri að byggja fyrir 4000 kr. En reyndin hefur orðið alt önnur, leikfimishúsið hefur kostað kr. 2000 er veittar voru á fjárlögunum, 2000 kr. í efnisleifum og 3258 kr. 27 aura, sem farið er fram á að veittar verði hjer á fjáraukalögunum. Ef efnið hefur því alt gengið til hússins, hefur það kostað 7258 kr., 27 aura, svo það hlýtur að vera óvanalega gott og vandað leikfimishús, enda umframgreiðslan mikil og mjög athugaverð. Nefndin vill þess vegna bæta aftan við liðinn því skilyrði, að styrkur þessi verði ekki útborgaður, fyr en stjórnarráðið hefur fengið fullkomna skilagrein fyrir efnisleifum frá byggingu skólahússins á Hvanneyri.

Þá hef jeg minst á allar breytingar, er nefndin leggur til að gerðar verði við frumvarpið.

En svo er eitt atriði, er nefndin ræddi um, og það var 2. liður 9. gr. Nefndin lítur svo á, sem það geti ekki komið til mála, að „Det forenede Dampsskibselskab“ hafi verið leyst frá samningi sínum um samgöngur hjer við land með vörutollslögunum frá síðasta alþingi. Nefndin lít-

ur svo á, að Sameinaða fjelaginu beri að hlýða lögum þessum eins og hverjum öðrum lögum, sem sett eru hjer á landi. En þar sem fjelaginu hinsvegar var íþyngt með gjaldi þessu, þá virðist nefndinni nokkur sanngirni í því, að fjelagið fengi þann kostnað endurborgaðan.

Samkvæmt samningi við Hið sameinaða gufuskipafjelag frá 7. ágúst 1909, leit innanríkisráðherra Dana svo á, að ekki mundi verða undan því komizt að endurgreiða fjelaginu farmgjaldið af kolum þeim, er það tœki hjer á landi handa skipum sínum, og hefur hann því gefið loforð um endurgreiðsluna, en þó með því skilyrði, að Íslandi stæði opinn vegur til þess, að láta dómstólana skera úr því, hvort fjelagið ætti rjett á því, að fá kolatollinn endurgoldinn, og skyldi fjelagið borga upphæðina aftur til baka, ef málið fjelli á það.

Að fella þessar 5000 kr. burt úr fjáraukalögunum, getur ekki komið til mála - það væri sama sem að segja, að við vildum ekki borga innanríkisstjórn Dana fje það, sem hún hefur lagt út fyrir oss. Auk þess mundi oss ekki haldast það uppi, þótt við vildum smokka oss undan greiðslu þessari, því að innanríkisráðherrann mundi telja sjer heimilt að halda eftir upphæð þessari af 60,000 kr. árgjaldinu frá Dönum. Enn bætist það við, að ráðherra vor mun hafa lofað að greiða fje þetta. En sjálfsagt er opinn vegur fyrir alþingi að höfða mál gegn Sameinaða gufuskipafjelagina, og vinnist það mál, þá verða þessar 5000 kr. að sjálfsögðu aftur borgaðar inn í landssjóð. Þess er að gæta, að það er ekki eingöngu um þessar 5000 kr., að ræða fyrir árið 1913, heldur og svipaða upphæð fyrir hin 6 árin, sem eftir eru af samningstímabilinu. Af því þetta veltur á allmiklu fyrir landssjóð, þá áskilur nefndin sjer rjett til síðar á þessu þingi að bera fram þingsályktunartillögu um málshöfðun gegn Sameinaða gufuskipafjelaginu, á þann hátt, sem bent er á í athugasemdum stjórnarinnar við fjáraukalagafrumvarpið. Þetta telur nefndin eðlilegustu leiðina í máli þessu. En áður en lengra er farið, mun hún þó taka málið til nánari athugunar en henni hefur enn gefizt kostur á, og fyrst að því búnu koma fram með ákveðnar tillögur.

Þá á jeg eftir að minnast á 2 erindi, sem nefndinni hafa borizt. Annað er frá stjórninni um endurgjrld á álagi á Þönglabakkakirkju; hitt er gamall kunningi hjer á þingi, það er um álag á Viðvíkurkirkju. Nefndin hefur enn eigi vísað erindum þessum á bug, en virðist rjettara að geyma að gera út um þau, þangað til fjárlögin koma til meðferðar, því að hlutaðeigendum mun á minstu standa, hvort þeir fengju það, sem fram á er farið, fyrir nýár eða eftir það.

Sigurður Eggerz: Jeg sje, að háttv. nefnd leggur til að 30,000 kr., sjeu veittar til pósthússbyggingar í Reykjavík. Jeg vil leyfa mjer að spyrja hv. nefnd, hvort hún viti til, að glögg áætlun hafi verið gerð um þann kostnað, sem leiða muni af byggingu þessari. Það er meira en varhugavert, að byrja á byggingunni, áður en gerð hefur verið áætlun um, í hvaða stíl byggja skuli og hvað byggingin muni kosta; sje það vanrækt, gæti svo farið, að byggingin væri byrjuð á þann hátt, að þingið sæi sjer ekki fært, að veita það fje, sem þyrfti til að fullgera hana. Því segi jeg það, að þingið þarf nokkurn veginn að vita fyrirfram um tilhögun byggingarinnar og kostnað við hana, áður en það fer að veita fje til hennar.

Þá er að minnast á brtill. hv. nefndar um endurgreiðsluna á tillagi Rangárvallasýslu til Garðsaukasímans. Jeg vil ekki gera árás á hinar almennu hugleiðingar hv. frsm. (Stgr. J.) um endurgreiðslu á tillagi hjeraða til símalagninga. En hjer stendur nokkuð sjerstaklega á. Í áliti

nefndarinnar í ritsímamálinu hjer í deild 1912 var meira að segja bygt á því, að þessi endurgreiðsla færi fram, og vil jeg með leyfi h. forseta lesa upp kaflann úr nefndarálitinu um þetta. Hann er þannig: „Ef línan til Vestmannaeyja verður 1. fl. lína, má búast við því, að Rangæingar óski að fá endurgreiddar þær 4000 kr., sem þeir hafa lagt til hennar, og býst nefndin við, að þinginu þyki rjett að taka þá ósk til greina á sínum tíma, en álítur, að það ætti þó að veitast með því skilyrði, að 2000 kr. af þeirri upphæð, væru lagðar til Víkursímans. Yrði þá ekki mjög þungt tillag það, er Skaftfellingar yrðu til hans að leggja, enda liggur fyrir, að þeir verði einir að leggja fram tiltölulega mikið fje, þegar til þess kemur, að halda símanum lengra austur. En þar sem háttv. Nd. lækkaði hjeraðstillagið til Víkursímans um 1000 kr. frá því, sem í stjórnarfrv. stóð, með tilliti til áðurnefnds framlags Rangárvallasýslu, sem deildin ætlaðist til að hjeldist, leggur nefndin til, að aftur verði upptekin tillaga stjórnarinnar og tillagið látið vera 5000 kr., ef samþykt verður, að línan til Vestmannaeyja verði „1. flokks lína."

Jeg vona, að hv. nefnd taki þetta til athugunar og komist að þeirri niðurstöðu, að eftir því, sem undan er gengið, sje það rjett, að gefa Rangárvallasýslu eftir sömu upphæð, og gert er ráð fyrir í stjórnarfrv.

Næst kem jeg að 2. lið 9. gr. frumv. um endurgreiðslu á vörugjaldi af kolum Sameinaða fjelagsins. Það munu margir vera svo skapi farnir, að þeir vilji ekki að óþörfu taka þessa kröfu fjelagsins til greina; viðskiftum þess við oss Íslendinga hefur nú verið þannig háttað, að það hefur ekki aflað sjer hjer sjerlegra vinsælda. Það sem mjer virðist sjerstaklega athugavert hjer, er það, að málinu hefur verið komið í það horf, að það er orðið erfiðara viðfangs, en vera hefði þurft. Innanríkisráðherra Dana hefur gert þær ráðstafanir. og ráðherra vor samþykt, að nú verðum vjer að lögsækja fjelagið, ef við viljum ná þessum 5000 kr., sem ágreiningurinn er um, í stað þess að eðlilegast hefði verið, að málinu hefði verið haldið í því hórfi, að fjelagið hefði orðið að lögsækja oss.

Jeg sje ekki, að innanríkisráðherrann hafi upp á eigin spýtur heimild til að halda eftir þessum 5000 kr. af tillagi Danmerkur til Íslands. Vitaskuld er þó erfitt fyrir oss nú að fást við þetta, eftir að ráðherra vor hefur samið við innanríkisráðherrann á þann hátt, sem hann hefur gert. En jeg verð að telja það athugavert, og væri ráðherra viðstaddur hjer í deildinni, mundi jeg spyrja hann að, hversvegna hann hefði gert það.

Mjer finst óviðkunnanlega komizt að orði hjá hv. nefnd, að telja það sjálfsagt, að halda fjárveitingu þessari í frv., þar sem innanríkisráðherrann hafi lofað að greiða hana. Jeg get ekki gengið inn á, að hann hafi haft rjett á, að lofa nokkru fyrir vora hönd, nema vjer hefðum gefið honum heimild til þess.

Guðmundur Björnsson: Jeg ætla að minnast á brtill. hv. nefndar um pósthússbygginguna. Í frv. stjórnarinnar er farið fram á fjárveitingu, til að byggja viðbót við pósthúsið. Hefur stjórnin látið gera áætlun um, hvað sú viðbót mundi kosta?

Öllum mun koma saman um það, að pósthúsið sje orðið oflítið og að nauðsynlegt sje að að fá meira húsrúm. En úr því skiftast sjálfsagt skoðanir manna H. nefnd segir, að það muni vera skiftar skoðanir um, hvort rjettara sje, að byggja viðauka við pósthúsið eða pósthús á öðrum stað, svo að landssíminn einn geti fengið alt hið núverandi pósthús til afnota.

Mjer þykir það langsennilegast, að sje

málið vandlega athugað, þá muni sú verða niðurstaðan, að hyggilegast sje fyrir landið, að hugsa ekki um þessa viðbótarbygginga við pósthúsið, hún mundi hvort sem er ekki nægja nema til bráðabyrgða. Hitt mun ráðlegra, að byggja nýtt pósthús, svo stórt, að það mætti nægja fyrst um sinn, og þannig fyrirkomið, að auðvelt væri að stækka það, þegar þörf krefði.

Það hefur aðeins verið gerð heldur lausleg áætlun um, hvað viðbót við gamla pósthúsið mundi kosta, en engin áætlun um kostnað við að byggja nýtt pósthús. Eitt er vist: ætti að byggja það eftir nútíðarkröfum og við vöxt, þá mundi það verða margfalt dýrara en viðbótin. Það þarf því að athuga málið betur en gert hefur verið, og þingið koma sjer niður á, hvort það vill láta byggja nýtt hús eða ekki. Jeg kann ekki við, að stjórnin sje látin einráð um það, en vil að þingið hafi þar hönd í bagga. Jeg kann ekki við, að þingið veiti fje út í loftið til stórmannvirkja; og því síður er við það unandi, þar sem, eins og hjer, er aðeins um byrjunarfjárveiting að ræða, sem ekki er hægt að sjá, hvern dilk muni draga eftir sjer. Mjer finst, að fast verði að halda við það, að jafnan, er þingið veitir fje til stórra fyrirtækja, þá skuli fyrir það lögð nýtileg kostnaðaráætlun.

Það sem sjerstaklega vakti umhugsun mína um þetta, var annað mál, sem bráðum mun koma fyrir þingið. Það er önnur af byggingum landsins, sem einnig þarfnast viðbótar. Jeg á við geðveikrahælið á Kleppi. Þingmenn utan Reykjavíkur hafa eflaust orðið þess varir, hve ónógt húsrúm þar er. Stjórn hælisins hefur árlega vakið athygli á því, að byggja þyrfti í viðbót, en landstjornin hefur hingað til ekki sjeð sjer fært að verða við þeirri ósk. Nú getur það ekki dregizt lengur. Það hafa komið áskoranir frá mörgum þingmálafundum um, að hælið væri stækkað, enda rúmar það ekki meira en helming af sjúklingum þeim, sem það þyrfti að geta veitt viðtöku; og sjúklingar, sem nauðsynlega þyrftu að komast þangað og erfitt er að geyma heima, verða að bíða árum saman eftir hælisvistinni sökum rúmleysis þar. En þótt mikil þörf sje á að stækka húsakynni á Kleppi — líklega enn meiri en á að stækka pósthúsið — þá hefur mjer þó ekki komið til hugar að bera fram tillögu um, að veitt væri einhver upphæð út í loftið til þessa. En tillögu mun jeg bera fram um það, að þingið veiti dálítið fje til þess að undirbúa málið undir næsta þing, svo að það geti legið ljóst og skýrt fyrir því; þá fyrst er tími til kominn að biðja um fje til byggingarinnar sjálfrar.

Eins og málið um pósthússbygginguna liggur nú fyrir, get jeg ekki greitt atkv. með því; það væri ekki gætileg aðferð.

Jeg veit, að það þarf að bæta pósthúsið; en því fylgja svo mikil gjöld fyrir landssjóð, að það má ekki ana út í það rannsóknarlaust. Jeg fæ ekki skilið, að fjárveiting þessi megi ekki bíða reglulegra fjárlaga eða öllu heldur næsta þings. Þar sem málinu er enn eigi komið svo langt, að ákvörðun hafi verið tekin um, hvort heldur skuli bygt nýtt hús eða viðbót við gamla húsið, þá er ekki líklegt, að byrjað verði á byggingunni á þessu hausti. Yrði málinu frestað nú, ætti að geta legið fyrir næsta þingi áætlun um, hvað nýtt og gott pósthús mundi kosta í Reykjavík, og þá getur þingið skorið úr, hvort það sjer sjer fært, að leggja fram fje til að byggja það eða ekki.

Jeg tek það enn fram: megi ekki bíða að bæta pósthúsið, þá má ekki heldur bíða með að auka húsakynnin á Kleppi, því að hver sanngjarn maður hlýtur að játa, að þótt mikil nauðsyn sje á að stækka pósthúsið, þá er enn meira knýjandi þörf að auka húsrúm í geðveikrahælinu.

Hákon Kristoffersson: Jeg get verið

sammála háttv. 6. kgk. (G. B.) fyrir ummæli hans um geðveikrahælið, og vona, að ekki líði á löngu, þangað til það verður stækkað; þess er mikil þörf. Mjer er það kunnugt, að það stafa vandræði af því, að margir sjúklingar verða að bíða árum saman heima í sveit og komast ekki á hælið vegna rúmleysis þar. En það hygg jeg, að ekki sje þörf á að vera að veita fje til undirbúnings byggingunni; jeg sje ekki betur, en að húsabyggingarmeistari Rögnvaldur Ólafsson, sem er launaður af landsfje, ætti að geta unnið að þeim undirbúningi. Háttv. framsm. (Stgr. J.) gat þess, sem mjer þótti vænt um að heyra, að hann teldi það varhugavert, að stjórnin veitti nokkurt fje á fjáraukalögunum, sem þingið hefði ekki veitt heimild til. Jeg er þar sömu skoðunar, og vil ekki að það komi fyrir, nema bráð og brýn nauðsyn kalli að.

Þar sem háttv. framsm. (Stgr. J.) taldi það nauðsynlegt, að veita fje til pósthúsbyggingar á fjáraukalögum, svo að byrjað yrði á verkinu í haust, þá er jeg þar á annari skoðun. Jeg verð þar fremur að hallast að skoðun háttv. 6. kgk. (G. B.), að málið sje ekki nóg undirbúið, á meðan ekki er svo mikið sem búið að ákveða um, hvort reisa skuli nýtt hús eða byggja viðbót við gamla pósthúsið. Auk þess er það óheppilegt, að byrja á bygginginni að hausti til, eða það hlýtur að haga sjerstaklega til með veðurátt hjer í Reykjavík, ef það er ekki dýrara að byrja á byggingu að haustinu, en að vorinu. Hv. 6. kgk. þm. (G. B.) sagði, að stjórninni væri ekki trúandi fyrir því, að ráða til lykta um pósthúsbygginguna. Háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) hefur þar víst gleymt því, hvað trúa þjóna við eigum fyrir þjóðfjelagið! Þá ætla jeg að minnast á brtill. mína á þgskj. 444 um styrkinn handa Valgerði Jónsdóttur, sem mun vera ekkja Jóns frá Múla. Jeg hef leyft mjer að leggja til, að sá liður sje feldur burtu.

Jeg sje ekki ástæðu til að veita þennan styrk. Jeg mæli að vísu ekki á móti því, að vel fari á, að stjórnin sje góðgjörn, og að hún veitti sem oftast styrk bágstöddum, ef fjárhagurinn leyfði það, en nú gerir hann það ekki, og þá verður að sníða stakk eftir vexti. Eftir upplýsingum, sem jeg hef fengið, mun þessi ekkja þar að auki standa betur að vígi, en fjölda margar aðrar ekkjur. Hún á uppkomin börn, sem hafa bæði siðferðisskyldu og lagaskyldu að sjá fyrir henni, og auk þess hef jeg heyrt, að hún fengi styrk úr annari átt, sem henni muni nægja. Jeg kem ekki með brtill. af neinni meinbægni við þessa persónu, heldur af því að jeg álít, að hún þurfi ekki á styrknum að halda.

Jeg er þakklátur háttv. nefnd fyrir það, hvað hún hefur tekið vel í að styrkja drenginn. Jeg vona, að hún sjái, að brtill. mín er sanngjörn, og óska, að nafnakall sje viðhaft, þegar hún verður borin undir atkvæði.

Steingrímur Jónsson, framsögumaður: Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) og háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) hafa komið fram með athugasemdir viðvíkjandi pósthúsbyggingunni. Það lítur út fyrir, að þeir hafi hvorki tekið vel eftir orðum mínum nje lesið vandlega athugasemdir stjórnarinnar við fjáraukalagafrumvarpið. Það liggur hjer fyrir áætlun eins góð, eins og menn eiga að venjast, frá Rögnvaldi Ólafssyni húsameistara. Áætlun þessi, ásamt teikningum, liggur hjer á þinginu, og mundu háttv. þm. eflaust hafa getað fengið að sjá hana, og geta það enn. Ennfremur gat jeg þess áðan, að fyrir lægi yfirlýsing frá byggingarmeisturum hjer í Reykjavík um, að jafnstórt hús viðbótinni mætti byggja sjerstakt fyrir 65000 krónur; og gæti það orðið hagkvæmara pósthús, en það sem menn eiga við að búa. Lengra er þessu máli ekki komið enn. Komizt

stjórnin að þeirri niðurstöðu, að rjettara sje að byggja sjerstakt hús, sem svo megi stækka eftir þörfum síðar, þá má vænta þess, að hægt verði að leggja fram tillögur um það og áætlanir fyrir þinglok, svo að þingmenn sjái hjer um bil, að hverju er að genga, en þurfi ekki að veita fje út í loftið eins og háttv. 6. kgk. (G. B.) komst að orði.

Jeg hjelt, að flestum háttv. þingmönnum væri það ljóst, að full þörf er á þessari byggingu. Þeir munu flestir hafa komið upp á landsimastöðina og sjeð, hve óforsvaranlega þröngt þar er. Þó er enn verra með sjálft pósthúsið, og skal jeg með leyfi háttv. forseta lesa upp kafla úr brjefi frá póstmeistaranum um, hvernig þar er ástatt: Í því segir svo: „Húsrúm það, sem afgreiðslan hefur til umráða, er af svo skornum skamti, að það hefur stundum orðið að flytja afgreiðslu á böglapósti út í bæ; og nú er orðið óhjákvæmilegt, að leigja húsnæði að staðaldri úti í bæ fyrir böglapóstinn, því að um langan tíma hefur verið ómögulegt sakir þrengsla að hafa gát á, hvort allar þær sendingar koma á pósthúsið, sem póstsendingaskrárnar segja, nje hafa nauðsynlega reglu á útsendingu þeirra.

Hið eina húsnæði, sem kostur er á til þessa, sem er Báruhúsið, neðri hæðin, mundi eigi fást leigð fyrir minna en 2400 kr. á ári.

Þegar póstafgreiðslan yrði þannig tviskift, yrði eigi komizt hjá að fjölga póstþjónunum, enda mundi vinna þeirra eigi notast jafnvel eins og að undanförnu, og svo þyrfti að hafa lokaðan vagn sífelt á ferðinni, til þess að skifta póstsendingum á milli pósthúsanna, bæði þeim, sem koma, og þeim, sem fara".

Með öðrum orðum: Hjer þyrfti fyrst og fremst að leigja hús fyrir 2400 kr., og óvíst hvort það nægði. Í öðru lagi þyrfti að fjölga póstþjónum sökum óhentugs og ónógs húsrýmis, og loks hefur tviskiftingin það í för með sjer, að næga tryggingu vantar fyrir því, að póstsendingar geti ekki glatazt. Síðan 1907 hefur það vakað fyrir þinginu, að pósthúsið væri ófullnægjandi, og ekki yrði hjá því komizt, að bæta það á einhvern hátt. Nú er það hugmyndin, að byrja á verkinu þegar í haust, með því einu móti er hægt að ljúka verkinu svo tímanlega, að flutt verði inn í nýju bygginguna haustið 1914. Þetta er meiningin með því, að setja nokkuð af byggingarkostnaðinum á fjáraukalög. Upphæðin, sem til er nefnd, 30000 kr., er sett nokkuð af handahófi, og sennilegt, að ekki verði alt fjeð notað fyrir nýár, en alt kemur í sama stað niður, og betra að taka heldur ríflega til, en að verkið verði að stöðvast um stund vegna fjárskorts.

Jeg er á sama máli og háttv. 6. kgk. þm. (G. B.), að nauðsyn sje á að auka húsnæði á Kleppi. Hús þar veit jeg að hafa reynzt ónóg síðan 1909 og verða margir sjúklingar stöðugt að bíða. En á slíkt að tefja fyrir pósthúsviðaukanum? Það mundi þvert á móti verða báðum málunum til hagnaðar, að pósthúsinu væri flýtt. Og jeg mun eigi leggjast móti því, að aukið sje við Klepp, en jeg veit eigi til, að farið sje að hreyfa því máli ennþá. En hins vegar vona jeg, að háttv. deild samþykki þessa fjárveitingu, og við umræður fjárlaganna getur það komið til nánari athugunar, hvort fylgja eigi þessari áætlun, sem þegar er gerð, eða breyta henni, og veita fje til að byggja pósthús.

Þá vill háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), að alt tillagið frá Rangárvallasýslu til Garðsaukasímans verði endurgoldið, og get jeg eigi fallizt á þetta, en vil, að fjárveitingarvaldið ráði, hvernig eftirgjöfunum er hagað, fordæmisins vegna, og legg áherzlu á, að þess sje gætt, að fara þá leið, sem nefndin stingur upp á, hvenær sem um eftirgjöf er að ræða. Landssjóð mundi muna það miklu, að borga út aftur allar þær upphæðir, sem farið mundi fram á að fá

endurgreiddar, ef þessi leið væri ekki farin, en hjeruðin munar það minna, þótt þau eigi fái það endurgoldið, sem þau eru einusinni búin að leggja af mörkum.

Að því, er snertir kolatollinn, sem háttv. þm. V.-Sk. mintist líka á, þá getur varla komið til mála að neita að greiða fjeð, að minsta kosti til bráðabirgða, þangað til málið er útkljáð fyrir dómstólunum. Menn verða að gæta þess, að innanríkisráðherra Dana er aðalsemjandinn og Sameinaða fjelagið á aðganginn að honum. Því samkvæmt stöðulögunum á danska stjórnin að annast þetta, og er því eðlilegt, þó að hún verði að borga peningana, því annars biður ríkissjóður Dana halla (*Sig. Eggerz*: Hvernig líður ríkissjóður Dana halla?). Á þann hátt að Sameinaða fjelagið segir upp samningunum, svo að semja þarf að nýju, og þá mundi fjelagið sennilega heimta hærra árgjald. Jeg segi ekki, að það ætti að gera það, en jeg segi, að það hafi rjett til að gera það. Annað er það, hvort innanríkisráðherrann hafi rjett til að ákveða, að borga fjelaginu þessar 5000 kr., en vita má, hvort það fje fæst ekki með málssókn aftur, þó að ekki sje vert að gera sjer of háar vonir um, að svo verði.

Viðvíkjandi því, er háttv. þm. Barðstr. (H. Kr.) vill fella burtu 400 kr. til ekkju Jóns sáluga frá Múla, þá getur verið, að að það mæli með því, að vissa er fyrir, að hún fær fyrst um sinn styrk frá fyrri húsbónda Jóns í Múla, en það er óviðkunnanlegt, að fella þessa upphæð burtu, sem þar að auki er veitt í eitt skifti fyrir öll, í viðurkenningarskyni frá vinum hans, og til að heiðra minning hans, og auk þess vissi stjórnin, að ekkjan var efnalítil og bágstödd, ef niður fjelli eftirlaunin frá Zöllner. Það væri ver farið en heima setið, ef þingið kipti nú að sjer hendinni.

Jón Jónatansson: Það var fátt eitt, sem jeg vildi minnast á. Sjerstaklega er það þó 1. brtill. við 4. gr., sem jeg vildi víkja að nokkrum orðum. Hjer er í sjálfu sjer um smámuni að ræða, sem jeg geri ekki að miklu kappsmáli, og mjer finst, að nefndin hefði heldur ekki átt að gera það, en jeg get þó eigi felt mig við brtill. og ekki fallizt á ástæður háttv. framsögumans; þessi brtill. sem jeg á við, er um niðurfærslu á endurgreiðslu á tillagi Árnessýslu til símalínunnar frá Ölfusárbrú til Eyrarbakka og Stokkseyrar. Jeg hafði búizt við, að heyra einhverjar góðar ástæður frá nefndinni fyrir þessu, en hef eigi orðið þeirra var, svo að mjer þyki fullnægjandi.

Fjáraukafagafrumvarpið, eins og það kom frá Nd., lagði til að endurgreiða helming tillagsins, alt að 3000 kr., en fjárlaganefndin leggur til, að það sje nú fært niður í 2500 kr. Ástæða nefndarinnar fyrir þessu er sú, að þessar endurgreiðslur verði að byggjast á einhverjum föstum grundvelli. En jeg verð að álíta, að nefndin hefði þá átt að geta fundið annan grundvöll betri en þennan, sem hún nú byggir á, að endurborga ekki meira en nemur eftirstöðvunum af lánunum, hvort sem þær eru meiri eða minni, og láta svo vera happ sem hlýtur.

Háttv. framsm. (Stgr. J.) gat þess, að kostnaðaráætlunin við Patreksfjarðarsímann hefði verið alt of há, og því væri endurgreiðsla þar sjálfsögð, en þannig er líka einmitt ástatt hjer, að línan kostaði ekki eins mikið og áætlað var, eða litlu meira en tillagið nam, og þessvegna var þessi endurgreiðsla einnig rjettmæt og sjálfsögð. Þrátt fyrir tilraunir mínar hef jeg aldrei getað fengið nákvæmar upplýsingar um kostnaðinn við þessa símalínu. Símastjórnin lagði að vísu fram reikninga, að verkinu loknu, um allan símann austanfjalls í heild sinni, en þeir reikningar sýndu ekki neitt, hvað þessi lína kostaði út af fyrir sig; þegar jeg í fyrra gat þess opinberlega, að þessi lína hefði ekki kost-

að meira en tillaginu nam, svaraði símastjóri því atriði ekki, en bauðst til að gefa upplýsingar um símamálið, ef jeg vildi meira um það skrifa; jeg tók þessu boði hans og óskaði eftir að fá að sjá sundurliðaðan reikning yfir kostnaðinn við þessa línu, en hann er ókominn enn, og fyrirspurn í síma nú í vor frá sýslunefnd Árnessýslu svaraði landsímastjóri á þá leið, að síminn hefði kostað um 9000 kr., en þetta svar verð jeg að telja ófullnægjandi. Það, sem jeg hafði fyrir mig að bera um það, að þessi lína hefði kostað miklu minna, er eftir sem áður óhrakið. Það er einmitt út af tilboði landsímastjórans sjálfs um upplýsingar í málinu, að jeg beiddi um sundurliðaða kostnaðarreikninga, en það kom fyrir ekki, og jeg verð því að álíta það enn óhrakið, að Árnessýsla ætti rjett á endurgreiðslu. Stjórnin, landsímastjórinn sjálfur, eftir því sem jeg hef heyrt, og háttv. neðri deild hefur nú fallizt á að endurgreiða 3000 kr. En svo tekur fjárlaganefndin sig til, og lækkar þetta um 500 kr., ojæja, hún getur lotið að litlu, og jeg ann henni ánægjunnar af þessu.

Mjer er ekki kappsmál um þessa smámuni, en jeg vil benda á ósamræmið hjá nefndinni, ef hún álítur, að hjer sje farið fram á of háa endurgreiðslu í samanburði við Patreksfjarðarsímann, og hygg jeg, að finna megi aðra hagfeldari endurgreiðsluleið, en nefndin er hjer komin inn á. Hjer er um litla fjárhæð að ræða, sem tæplega tók fyrir háttv. nefnd að færa niður.

Háttv. nefnd hefur farið vel af stað að spara, og verið í því efni nærfærin og nákvæm, og vona jeg, að það verði þannig einnig á öðrum sviðum, og um ýmsa liði fjárlaganna, þegar nefndin fær þau til meðferðar. Hjer er vegið á netta vog, endurgreiðslan til Rangárvallasýslu reiknuð út upp á 3 aura, og þótt jeg geti ekki lagt svo mikið upp úr þessari 3 aura nákvæmni, eða 3 aura sanngirni nefndarinnar, þá getur verið hún þykist hafa þar talsvert til síns máls, en helzt hefði jeg óskað, að hún hefði ekki beitt henni á þessum lið, og að það hefði fengið að standa, sem Nd. hefur gert í þessu atriði.

Sigurður Eggerz: Jeg tók það fram í fyrstu ræðu minni, að nauðsyn væri á að endurreisa pósthúsið og kastaði fram spurningunni um það, hvort kostnaðaráætlun fyrir byggingunni lægi fyrir. En jeg get eigi sjeð, að hjer liggi fyrir nema áætlun um viðbót. Stjórnin er sjálfri sjer samkvæm. Þar sem hún fer aðeins fram á viðbót, en nefndin er það ekki, þar sem hún vill veita fje annaðhvort til viðbótar eða til að byggja nýtt pósthús. Þessi fjárveiting, sem farið er fram á, getur verið nóg til viðauka, en alls ekki til pósthússbyggingar, og það er eigi rjett að spara nokkrar krónur í svip, ef strax þarf að framhalda byggingunni með auknum fjárframlögum.

Að því er snertir eftirgjöf á tillaginu til Garðsaukasímans, þá er alls eigi rjett, að mynda neitt fordæmi hjer, því hjer stendur alveg sjerstaklega á. Það hefur verið gefið undir fótinn með þessa endurgreiðslu, og með hana fyrir augum hefur tillagið til Víkursímans verið hækkað. Þá mega og þingin ekki fyrirlíta hvert annars vilja og gerðir. Mjer virðist sem þingið í fyrra hafi lofað þessari endurgreiðslu, og þá er skylda þessa þings að uppfylla það loforð; og held jeg þessu ekki fram af hreppapólitík.

Að því, er snertir athugun háttv. frsm. (Stgr. J.) viðvíkjandi vörutollinum, þá álít jeg, að það sje eigi rjett hjá honum. Innanríkisráðherrann getur alls eigi gefið þannig löguð loforð, að alþingi sje skyldugt að uppfylla þau, og virðist það fullljóst. Það nægir eigi, að vísa til 6. gr. stöðulaganna í þessu efni, því hjer er ekki lögð sjerstök gjöld á póstflutning, en að-

eins er hjer að ræða um almenn tolllög fyrir Ísland. Og auk þess mun „Sameinaða fjelagið“ geta hagað svo kolakaupum sínum, að kaupa þau eigi hjer, og hvernig á fjelagið þar að auki að sanna, eða hvaða skilríki eru heimtuð fyrir því, að það hafi keypt svo og svo mikil kol hjer. Afskifti innanríkisráðherrans af þessu máli hafa gert það að verkum, að við verðum að sækja „Sameinaða fjelagið“, í stað þess, að það sækti oss, sem eðlilegast var. En hafi innanríkisráðherrann gert þetta í samráði við hæstvirtan ráðherra vorn, þá er alt öðru máli að gegna. Um það þarf upplýsinga hæstv. ráðherra, en hann er hjer ekki viðstaddur.

Hákon Kristoffersson: Háttv. frsm. (Stgr. J.) gat þess viðvíkjandi brtill. minni, að styrkveitingin til ekkju Jóns frá Múla væri nokkurskonar viðurkenning frá vinum hins látna. Jeg lasta eigi vinsemd, en ef þessir menn eða aðrir, vilja sýna hana, eiga þeir að gera það með sínu eigin fje en ekki landssjóðs.

Það er víst satt, að hann var mesti myndarmaður. Og mjer er það kunnugt, að hann lifði mjög myndarlegu lífi. En þó hefur þessi myndarlegi maður látið eftir ekkju sína svo fátæka, að hún verður að fá styrk. Hvernig stendur á því? Jeg neita því ekki, að gott og fagurt sje að styrkja þá, sem bágt eiga. En jeg vil ekki, að hver sem vill geti farið í landssjóð og fengið styrk úr honum. Jeg er því mótfallinn, að ekkjur þingmanna fái styrk úr landssjóði, af því að þeir hafi unnið svo mikið í þarfir þjóðfjelagsins; það eru fleiri en þingmenn, sem vinna í þarfir þess, og það getur ekki komið til mála, að launa ekkjur þeirra allra, enda þótt þær hefðu þörf á því. Ef ekkja þessi, sem hjer er um að ræða, er verulega styrks þurfi, þá lægi næst, að vinir hins látna þingmanns legðu eitthvað af mörkum handa henni af eigin fje. Þá kæmi fram vináttuþel þeirra í göfugri mynd. Vilji þingm. skjóta saman handa ekkjunni hinni umræddu fjárhæð (420 kr.), þá skal jeg taka hlutfallslegan þátt í því.

Steingrímur Jónsson, framsögum.: Hv. þm. Árn. (J. J.) mintist á 3 aura sanngirni nefndarinnar. Það er satt, að nefndin gerði sjer far um, að líta með sanngirni á málin, og eins á það mál, sem hv. þm. Árn. ber fyrir brjósti. Hún vildi líta á það með sanngirni gagnvart hlutaðeigandi hjeruðum og með gætni gagnvart landssjóði. Það er ekki vegna hjeraðsins eða til að íþyngja því, að farið er fram á þetta, heldur vegna fordæmisins, sem það getur myndað. Það er aðalatriðið. Árnessýsla hefur greitt 1000 kr. heilar af láninu, og hún verður ekki harðar úti í þessum efnum en önnur hjeruð. Jeg álít því sanngjarnt, að sýslunum sje endurgreitt það, sem eftir er af lánunum, og ekki heldur meira.

Hvað kostnaðinn við lagningu símalínunnar til Eyrarbakka og Stokkseyrar snertir, þá hefur símastjóri sagt það í skýrslu, gefinni í embættisnafni, að hún hafi kostað 9000 kr. með skiftiborði á Eyrarbakka, og annað hef jeg ekki að halda mjer við. Jeg trúi því, að það sje rjett, þar til sannað verður, að það sje rangt. Það dugir ekki að varpa hjer fram jafnþungri ákæru á hendur landsímastjóra og þeirri, að hann segi rangt frá þessu.

Hv. þm. V.-Skf. (S. E.) skal jeg svara því, að jeg hjelt, að jeg þyrfti ekki oft að taka það fram, að það er til áætlun um kostnað við þessa pósthússbyggingu, sem hjer ræðir um (*S. E.*: Er til áætlun um nýtt pósthús?). Nei, en áætlun um viðbót við pósthús, og kostnaðurinn verður samur, hvort sem það verður bygt hjá gamla pósthúsinu eða á Arnarhóli. Það er að vísu nokkur kostnaðarauki við að byggja á Arnarhóli, en er aftur að sumu leyti hentugra, að byggja þar, svo að það

jafnast. En sje ráðizt í að byggja alt öðru vísi, og þeirri teikningu verði breytt, er hjer liggur fyrir, þá þarf nýja áætlun, og hún yrði þá auðvitað lögð fyrir þetta þing.

Jeg er sammála hv. þm. V.-Skf. (S. E.) um það, að það er óheppilega komið, er við þurfum að sækja rjett okkar í hendur gufuskipafjelagsins sameinaða. En það er ekki okkur að kenna. Og stjórnin gat heldur ekki hindrað það. Þetta varð að samkomulagi milli innanríkisráðherrans danska og þess „Sameinaða", til þess að fjelagið hjeldi áfram ferðum sínum. Stjórnin íslenzka varð að ganga að þessu, en ráðherra fjekk áskilið alþingi rjett til málshöfðunar, ef því litist svo. Þetta er alt mikið álita- og vafamál, en jeg fyrir mitt leyti tel óráðlegt að fara í mál út af þessu.

Hv. þm. Barð. (H. Kr.) hef jeg áður svarað, og jeg sje ekki ástæðu til að endurtaka það. Hjer er og um svo litla upphæða að ræða, að það tekur því ekki að hafa langar umræður um hana.

Guðmundur Björnsson: Háttv. frsm. (Stgr. J.) tók það greinilega fram, að það væri aðeins til áætlun um kostnað við að reisa viðbót við pósthúsið, en það er engin áætlun til um nýtt, stórt og vandað sjerstakt pósthús. Jeg er nefndinni hinsvegar algerlega samdóma um það, að það sje hið mesta álitamál, hvort heldur eigi að byggja viðbót við pósthúsið eða nýtt pósthús, þar sem allir póstar hefðu nægilegt rúm. Og jeg er þess viss, ef það mál væri rannsakað, að það yrði ofan á, að langrjettast og hagkvæmast væri að reisa nýtt pósthús, stórt og vandað. Jeg geri mjer svo miklar vonir um framtíð og framfarir þessarar þjóðar, blómgun atvinnuvega og vöxt allra viðskifta í landinu, að þar komi, áður en langt um líður, að síminn þarfnist umráða yfir allri þeirri lóð, er nú heyrir pósthúsinu til, og að fá verði pósthúsinu nýjan stað. Af þessum ástæðum tel jeg hyggilegast, að reisa alveg nýtt pósthús, en enga viðbót við gamla pósthúsið. Og einkum lízt mjer mjög óráðlegt að reisa *viðbótar*-hús á Arnarhólstúni. Við þekkjum allir þau óþægindi, er af því leiðir, að póststjórnin verður nú að leigja húsnæði út í bæ, t. d. í Bárubúð, og það verður ávalt dýrara að hafa póstinn í tveim póststofum en einni.

Þá sagði hv. frsm. (Stgr. J.), að ráða mætti bót á þessu vankvæði á þann hátt, að fá nýja áætlun fyrir þinglausn. Jeg hef nokkur kynni af húsagerð og reynslu fyrir mjer í þeim efnum, og get því fullyrt, að langan tíma þarf til að semja slíkar áætlanir. svo að þær sjeu ábyggilegar. Þær verða alls ekki samdar í einu vetfangi. Jeg hef því enga trú á, að nokkur tök sjeu á að fá nýtilega áætlun fyrir þinglausn. Ef menn því vilja ekki fallast á tillögur stjórnarinnar, en þykir hyggilegra að reisa nýtt pósthús, þá er ekki hægt að afgreiða málið frá þessu þingi, svo að í nokkru lagi sje.

Að síðustu skal jeg geta þess, til að gleðja hina hv. nefnd, að jeg mun greiða atkv. með öðrum till. hennar.

Steingr. Jónsson, framsögumaður: Jeg verð að játa, að mjer kemur það á óvart að. h. 6. kgk. þm. (G. Bj.) tekur ekki rjett eftir eða skilur ekki það, sem jeg hef sagt um pósthúsið. Hjer er bent á tvær leiðir. Annaðhvort 65 þús. kr. til viðbótarbyggingar við pósthúsið, eða þá til byggingar á Arnarhóli, og ef það verður gert, þá fær síminn sæmilegt húsrúm, að minsta kosti fyrst um sinn, og pósthúsrúm verður viðunandi, að minsta kosti nokkur ár. En þriðja leiðin er sú, að reisa stórt og vandað hús, miklu stærra en hægt er að reisa fyrir 65 þús. kr., sem áætlaðar eru nú til byggiugar handa pósthúsinu, en um það er ekki hægt að samþykkja neitt, nema sæmileg áætlun sje fyrir hendi.

En það vakti fyrir nefndinni, að óhjákvæmilegt væri að byggja í þessu skyni, og að vinda yrði bráðan bug að því, og því kom hún fram með þessa tillögu (*G. B.*: „Venjulegt flaustur). Jeg trúi því ekki, að hv. 6. kgk. þm. vilji bíða til 1916 eða 1917 eftir sæmilegu pósthúsi, bæði af því að hann er Reykvíkingur, og eins af hinu, að hann er maður athugull. Svo óviðeigandi og ófullnægjandi er ástandið í alla staði.

Einar Jónsson: Mjer finst það rjett, sem nefndin hefur stungið upp á um endurgreiðslu á símaláninu til Árness- og Rangárvallasýslu. Með þessu er myndað heppilegt fordæmi. Eftir þessari reglu verður að líkindum farið í framtíðinni, er líkt stendur á. Ef það verður sannað, að Eyrarbakkalínan hafi ekki kostað eins mikið og sagt er, þá er sjálfsagt að leiðrjetta endurborgun á láninu eftir því, þegar þar að kemur. Um Patreksfjarðarsímann er alt öðru máli að gegna, því að það er vitanlegt, hvað sveitirnar hafa oflagt til. Jeg mun því greiða atkvæði með brtill. nefndarinnar, einmitt af því að hjer er verið að mynda fordæmi. Það er með öllu ósannað, að Árnessýsla hafi greitt meira en henni bar að tiltölu. Það verður því að byggja á því, sem nú liggur fyrir í þessu efni.

Jósef Björnsson: Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls við þessa umræðu. En úr því verið er að bíða eftir hv. ráðherra, sem er ekki viðlátinn í bili, af því að hann þarf að vera í Nd., þá ætla jeg að gera ofurlitla athugasemd út af því, sem nefndinni hefur verið álasað fyrir tillögu sína um endurgreiðslu á símaláninu, og reynt að finna ósamræmi í tillögum hennar, einkum í sambandi við Patreksfjarðarsímann. Það hefur verið samþykt hjer í deildinni, að gera þá línu að 1. flokkslínu, og það liggur nú fyrir hv. Nd. Það liggur í augum uppi, að hjer kemst enginn samanburður að. Ef það verður ofan á, að gera þessa línu að 1. flokks línu, þá þarf ekki sjerstaklega þessa 5 þús. kr. eftirgjöf, því að hún felst þá í upphæð þeirri, sem verður endurgreidd, af því að línan var hafin í 1. flokk. En þá er það hefur að fullu verið samþykt, að setja hana í 1. flokk, þá *fyrst* kemur það til að skera úr því, hvort endurgreiða eigi hlutaðeigandi hjeraði alla upphæðina, sem það hefur lagt fram, eða aðeins það, sem hún á óendurgoldið af láninu, og er þá sjálfsagt, að við yrði haft fullt samræmi við aðrar endurgreiðslur. Það var aðeins þessi athugasemd, er jeg vildi gera.

En úr því að jeg stóð upp, þá vil jeg geta þess um brtill. á þgskj. 444, að jeg hef áskilið mjer rjett til þess í nefndinni, að sitja við atkvæðagreiðslu um þá grein frv., er brtill. snertir, og mun jeg því ekki greiða atkv. gegn þeirri brtill.

Jón Jónatansson: Mjer er sama, þó að jeg tali mig dauðan, meðan þessi þögn er hjer í deildinni. Jeg ætla ekki að þrátta við hina hv. nefnd um þá meginreglu, er hún hygst að skapa með brtill. sinni um endurgreiðslu á símaláninu. Það er með öllu gagnslaust. En það var eitt atriði í ræðu hv. frsm. (Stgr. J.), er jeg vildi mótmæla. Hann sagði, að Árnessýsla yrði ekki harðara úti enn önnur hjeruð. Það var aðal röksemd hans. Jeg fæ ekki sjeð, að ósanngirni eða órjettlæti verði rjettmætt, þó að því sje beitt annarsstaðar.

Hv. frsm. og hv. þm. N.-M. (E. J), sögðu, að það væri ósannað, að línan hefði kostað minna, en hermt væri í skýrslunum, en hitt er líka ósannað, að hún hafi kostað svo mikið. Það er eftir að sýna það með skýrum tölum, og sundurliðuðum reikningum.

Þetta vildi jeg taka fram. Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að tala meira um frv. Jeg er samþykkur hv. 6. kgk. þm.

(G. B.) um það, sem hann hefur sagt um pósthúsið. Það leikur alt í lausu lofti, sem ráðgert er um það, og það vantar skýrar og ábyggilegar rannsóknir á því máli. Eins og málið liggur nú fyrir, er þessi fjárveiting alveg út í loftið, og jeg mun ekki greiða henni atkvæði; það er ekki rjett, að veita fje til að byrja á byggingu, sem enginn veit, hvað kosta muni, ef fullnægjandi ætti að vera.

Ráðherrann: Jeg hef því miður ekki haft tækifæri til að hlýða á mál manna hjer í deildinni í dag. Jeg hef orðið að vera í Nd. og taka þátt í 2. umræðu um fjárlögin.

Jeg hef heyrt, að nokkrar mótbárur hafi komið fram gegn endurgreiðslu á kolatollinum til gufuskipafjelagsins „Sameinaða", og að það hafi verið gefið í skyn, að það sje mínum ráðstöfunum eða stjórnarinnar að kenna, að svo er nú komið, að greiða verður þetta gjald, eða alþingi verður að höfða mál gegn fjelaginu. Jeg skal því gefa háttv. deild vitneskju um, hvernig öllu er háttað.

Þá er jeg kom til Hafnar í haust, fjekk jeg brjef frá stjórn hins Sameinaða gufuskipafjelags, þar sem var tilkynt, að fjelagið teldi sig leyst frá samningunum frá 1909, er alþingi hefði samþykt lagafrumvarp um kolatoll, því þar með væru burtfallin þau grundvallarskilyrði fyrir samningnum, að annar samningsaðilinn gerði ekki hinum ókleyft að uppfylla hann fyrir um samið verð. Það hafði og tilkynt þetta innanríkisráðherra Dana, sem að vísu var aðalsamningsaðilinn, en Íslandsráðherra hafði skrifað undir samninginn með honum 1909 af Íslands hálfu. Hjer þurfti bráðra aðgerða. Engin tök voru á að fá önnur skip fyrir eins lítið verð og áður var kostur á, og því nauðsynlegt, að halda fast við samningana. Jeg leitaði álita lögkænna manna um þetta efni. Þeir töldu fjelagið hafa farið of langt, en hins vegar hjeldist Íslendingum, sem öðrum samningsaðilanum, ekki uppi að gera fjelaginu ferðirnar dýrari, en áður voru þær, að óbreyttu tillaginu. Árangurinn af málshöfðun mundi því verða sá, að fjelagið yrði að halda áfram samgöngum, en Íslendingar yrðu að endurgjalda fjelaginu þann halla, er það biði sökum kolatollsins, eða sleppa kröfunni til kolatolls frá skipum þess.

Jeg skal leyfa mjer að lesa hjer upp til skýringar kafla úr brjefi til stjórnarinnar frá fjelaginu, er ritað var, þegar fjelagið loks, eftir talsverðar munnlegar ráðstefnur um málið, sendi ferðaáætlunar uppkast sitt fyrir árið 1913.

„Det er imidlertid fra vor Side en Selvfölge, at nærværende Indsendelse ikke præjudicerer vort for det ærede Kontor bekendte principielle Standpunkt nemlig at Overenskomstens Forudsætninger ensidigt er tilsidesatte ved den omhandlede Foranstaltning, der væsentlig fordyrer vor Virksomhed, saaledes at vi ikke kan paatage os at udföre Trafiken i Henhold til det vedlagte Udkast, uden at der forud opnaas Forstaaelse om Stillingen i det hele".

Það varð því úr, að innanríkisráðgjafinn, með samþykki ráðherra Íslands, gerði tilboð um að borga upphæð þá, er fjelagið yrði að greiða hjer í toll af þeim kolum, sem millilandaskip þess yrðu að taka hjer af landi og greiða toll af, með því skilyrði, að fjelagið skuldbindi sig til að endurborga hana, ef dómur fengist fyrir því, að þessi krafa fjelagsins væri ekki rjettmæt. Hinsvegar setti innanríkisráðherrann það upp við mig, að Ísland endurborgaði ríkissjóði þá upphæð, er hann í þessu skyni yrði að greiða. Upphæðin var því útborguð með *reservation*, og leiðir af sjálfu sjer, að ef vjer viljum reyna til að fá hana endurgoldna, þá verðum vjer að höfða mál. Jeg get ekki sjeð, að stjórn Islands hafi gert sig seka

í neinni yfirsjón í þessu máli; þvert á móti, hjer var sú aðferð höfð, sem var sjálfsögð eftir málavöxtum. Háttv. þm. verða að gæta þess, að hjer er um fastbundinn samning að ræða. sem hvorugur aðili má rjúfa. Jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að Ísland mundi hafa kostnað einn upp úr málshöfðun, því að í stöðulögunum er svo mælt fyrir, að ef nokkurt gjald verður lagt á póstferðirnar milli Íslands og Danmerkur, þá hafi Danastjórn rjett til að draga jafnmikið af árstillaginu til Íslands. Það getur því tæpast leikið neinn vafi á því, að Ísland yrði dæmt til að borga umrædda upphæð.

Mjer er sagt, að hjer í deildinni hafi komið fram mótmæli gegn tillögu stjórnarinnar um að bæta við pósthúsið, vegna þess að það mál sje of illa undirbúið. En þótt svo sje, að mörgum leiki hugur á, að fá nýtt pósthús annarsstaðar í bænum, þá er á það að líta, að hjer þarf hið bráðasta að bæta úr brýnni þörf. Og það er full ástæða til þess að taka þessa fjárveitingu inn á fjáraukalögin, því að öll líkindi eru til, að fjárlögin fyrir 1914—15 verði svo yfirhlaðin, að þar sje ekki á bætandi. Því að ef alt verður samþykt, sem fram á hefur verið farið, — sem jeg raunar hef góða von um að ekki verði til fulls — þá sýnist óhjákvæmilegt, að ávísað verði 500—600 þús. króna tekjuhalla á viðlagasjóðinn, sem allur stendur fastur í útlánum. Hinsvegar virðist áreiðanlegt, að þó nokkur tekjuafgangur verði eftir fjárhagstímabilið 1912—13, sem gengið gæti til pósthúsviðbótarinnar, svo að af þeim ástæðum þarf ekki að fella þennan lið úr fjáraukalögunum. Jeg vona því, að háttv. deild láti hann óhaggaðan.

Sigurður Eggerz: Það, sem jeg hef sagt, er þetta, að innanríkisráðherrann danski hafi ekki heimild til þess, að gera neinar þær ráðstafanir, sem skuldbindandi sjeu fyrir Ísland í þessu efni. Þetta hygg jeg að öllum hljóti að vera ljóst. En með því að samþykkja, að innanríkisráðherrann gerði þessa ráðstöfun, hefur ráðherra vor komið því til leiðar, að í stað þess, að hið Sameinaða gufuskipafjelag hefði átt að lögsækja Ísland, verður Ísland nú að lögsækja fjelagið. Jeg hygg ekki, að mikið sje byggjandi á því ákvæði stöðulaganna, sem hæstv. ráðherra vitnaði í. Þótt vjer gefum slík tolllög, þá er ekki hægt að segja, að þar með sje lagt á póstferðirnar sjerstaklega, því að Sameinaða fjelagið er ekki neytt til að taka kol sín hjer. En ef svo væri, þá ætti fjelagið að minsta kosti að sanna, hvað mikið af kolum það þyrfti að taka hjer.

Ráðherra: Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) leggur mikla áherzlu á, að innanríkisráðherrann hafi ekki getað skuldbundið Ísland í þessu máli. Það gerði hann heldur ekki. Hann skuldbatt sig gagnvart fjelaginu, en jeg skuldbatt Ísland gagnvart innanríkisráðgjafanum til þess, að greiða upphæðina, ef dómur fjelli svo, að fjelagið ætti rjett á henni. Þetta varð að ganga í gegnum innanríkisráðgjafann, af því að hann hafði gert samninginn 1909, þótt í sambandi við Íslandsráðherra væri. Hann hefði auðvitað getað látið sjer í ljettu rúmi liggja og látið sjer nægja, að halda einhverju litlu póstsambandi milli Danmerkur og Íslands, samkvæmt stöðulögunum 1871, en hann gerði það ekki. Hann gerði það bezta, sem hann gat til að bjarga samgöngunum, með því að ganga inn á kröfur fjelagsins með *reservation*. Annars sýnist það veru furðu þýðingarlítið, hvort Ísland höfðar mál eða fjelagið. Hinn háttv. þm. hjelt því fram, að fjelagið þyrfti ekki að taka kol hjer. Það er langt frá því að vera rjett, því að öll þau skip, sem ekki koma beint til Reykjavíkur, heldur þurfa að fara kringum land, eru nauðbeygð til þess að taka kol hjer við land. Engin þeirra skipa, sem í póstferð-

um eru, eru svo stór, að þau geti birgt sig í Leith að kolum til svo langrar ferðar, báðar leiðir.

ATKVGR.:

2. gr. frv. samþ. með 11 samhlj. atkvæðum.

Viðaukatillaga á þgskj. 394 samþ. í e. hlj.

3. gr. frv. þannig breytt, samþ. með 12 samhlj, atkv.

2. brtill. á þgsk. 394 við 4. gr. samþ. með 7 : 5 atkv.

3. brtill. á þgsk. 394 við 4. gr. samþ. með 9 : 1 atkv.

4. brtill. á þgsk. 394 við 4. gr. samþ. með 9 : 2 atkv.

5. brtill. á þgsk. 394 við 4. gr. samþ. í e. hlj.

4. gr. frv., þannig breytt, samþ. með 10 samhlj. atkv.

6. brtill. á þgsk. 394 samþ. án atkv.-gr.

7. brtill. á þgsk. 394 samþ. án atkv.-gr.

5. gr. frv., þannig breytt, samþ. í e. hlj.

6. gr. samþ. í e. hlj.

8. brtill. á þgsk. 394 samþ. í e. hlj.

7. gr.. þannig breytt, samþ. í e. hlj.

Brtill. á þgsk. 444 feld með 11 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eftir ósk flutningsmanns, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Hákon Kristoffersson,	Björn Þorláksson,
	Steingr. Jónsson,
	Einar Jónsson,
	Eiríkur Briem,
	Guðj. Guðlaugsson,
	Guðm. Björnsson,
	Júlíus Havsteen,
	Sigurður Eggerz,
	Þórarinn Jónsson.

Jón Jónatansson og Jósef Björnsson greiddu ekki atkvæði og teljast með meiri hlutanum, (Sig. Stefánsson veikur).

8. gr. frv. samþ. með 9 : 1 atkv.

9. gr. frv. samþ. með 9 samhlj. atkv.

1. gr. frv., með þeim breytingum, sem af atkvæðagreiðagreiðslunni leiða, samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

---

32. fundur: Mánudaginn 18. ágúst kl. 1 síðd. Allir á fundi nema Ísaf. (S. St.), sem enn er veikur.

1. *Frv. til laga um forðagæzlu* (369, n. 423, 458); 2. umr.

Guðjón Guðlaugsson. framsögumaður: Jeg tók það fram við 1. umr., að vel mætti skoða þetta frv. sjálfstætt, án þess að setja það í samband við aðrar tilraunir til hallærisvarna. En þó er hjer um eitt hið mikilverðasta hallærisvarnamál að ræða, því að ef þetta frumvarp nær fram að ganga, þá mun það reynast eitt hið happasælasta ráð gegn hallærum. Jeg vil leyfa mjer að nota þetta tækifæri til þess að gera nokkrar athugasemdir um ýmislegt, sem hefur verið talað hjer í deildinni í þá átt, að hallærishættan væri nú orðin lítil eða engin hjer á landi. Jeg hygg, að sú hætta sje miklu meiri, en menn alment gera sjer í hugarlund. Hv. 6. kgk. hefur margoft tekið það fram, að einhverjar ráðstafanir þyrfti að gera til þess að verja sig þeim hallærum, sem stafa af hafísum eða eldgosum. Þetta hygg jeg í alla staði rjett. En menn hafa reynt að hrekja þetta með þeirri mótbáru, að samgöngurnar væru nú orðnar svo góðar, að engin hætta væri á, að þær mundu teppast til lengdar af hafís. Sömuleiðis hafa menn haldið því fram, að með bættum samgöngum mætti mikið ráða bót á afleiðingunum af eldgosum. Jeg er hræddur um, að menn hafi ekki hugsað þetta mál út í æsar. Samgöngurnar bæta

lítið úr skák, ef fjenaður manna fellur. Það þarf ekki hafísár til, að fjárfellir verði, hann getur stafað af langvarandi ótíð. En þegar bústofninn hrynur niður, þá er jafnan hætt við hungri og örbirgð og jafnvel mannfelli, þótt samgöngurnar teppist ekki. Mjer hefur heyrzt háttv. 6. kgk. samsinna því, að fullkomnari samgöngur mundi vera öruggasta vörnin í flestum tilfellum. En hvernig eiga samgöngurnar að hjálpa bændum, ef fjenaður þeirra er fallinn? Og hvernig eiga þær að hjálpa sjómönnum, þegar langvarandi fiskileysi ber að höndum? Það er eins og að það vaki fyrir mönnum, að samgöngurnar geti jafnvel hjálpað þeim, sem allar bjargir eru bannaðar. Menn ættu þó að minnast þess, að á okkar tímum eru flestir ofhlaðnir af skuldum. Og hvernig mundi ekki hlaðast ofan á þær hjá bændunum, ef fjárfellir yrði? — Sá eitraði hugsunarháttur er enn þá ríkur hjá almenningi, að kasta allri sinni áhyggju upp á kaupmanninn. Kaupmaðurinn er nú raunar ekki lengur það sem hann áður var; það er nú orðið ekki hann, sem sýnir viðskiftamönnum hroka, heldur þeir honum, svo að hann oft verður að skríða fyrir þeim. En hvernig á kaupmaðurinn að hjálpa, þegar hann ef til vill er að þrotum kominn vegna óskilsemi viðskiftamanna sinna. Verzlunarskuldirnar hafa aukizt hin síðari árin og kringumstæðurnar einnig að öðru leyti versnað, því að samtímis hefur tiltrú kaupmanna í útlöndum stórminkað. Sjerstaklega hafa verið brögð að þessu síðan 1908. Þá fóru ýmsar verzlanir á höfuðið og hefur lánstraust vort aldrei náð sjer síðan. Verzlanir mundu því nú víðast eiga mjög bágt með að veita lán til þess að bjarga almenningi, ef hallæri bæri að höndum. Jeg tala um þetta af nokkurri þekkingu, því að jeg hef nú fengizt við verzlun í 15 ár, og verið raunar lengur við kaupsýslu riðinn sem endurskoðari. Jeg veit um eitt verzlunarfjelag, sem fyrir nokkrum árum var svo heppið — ef happ skyldi kalla — að hafa erindreka í útlöndum, sem veitti stórlán. Sem kaupstjóri þessa fjelags — verzlunarvelta þess er o: 60,000 kr. á ári — stóð jeg einu sinni í 13,000 kr. skuld við erindrekann á nýjári. Nú mundi jeg ekki geta slíkt, þó að jeg vildi, því að nú verður alt að vera borgað að fullu um nýjár. Tiltrú vor hefur minkað svo, að nú vilja umboðsmenn, að allar skuldir sjeu greiddar að fullu um nýjár, þrátt fyrir talsvert aukinn efnahag og eindregna viðleitni til að standa í skilum, sem endaði á næstliðnu nýjári með talsverðum inneignum en engum skuldum við stórsala.

Það er ómögulegt að hugsa sjer, að verzlunarinnar geti birgt menn upp, þótt samgöngurnar sjeu nú betri en áður. Það er ekki hægt að setja fólk nje fjenað á fyrirhyggju verzlananna. Það er auðsætt, að það þarf ekki lítla peninga hjá verzlununum út um land, ef þær eiga að hafa allar nauðsynjavörur, svo að enzt geti fram eftir vetrinum, geta leyst út ull og gærur og aðrar afurðir landsmanna, borgað inneignir. Til þessa verða þær að hafa mjög mikinn peningaforða, en það er ekki hægt að áætla hvað mikinn. Um munaðarvöru má að vísu segja, að það sje óþarfi að liggja með hana, en það er þó ekki hægt að áætla svo nákvæmlega, hvað mikið muni þurfa til þess að aldrei vanti neitt af neinni vörutegund eða að afgangur verði af annari. Þessvegna hljóta allar verzlanir að liggja með talsvert af vörum á nýjári, bæði útlendum og eins innlendum vörum, sem komið hafa eftir lok kauptíðar, svo sem haustfisk o. fl., og svo eru allar útistandandi skuldir. Mitt fjelag lá einu sinni inni með um 19 þús. kr. virði í vörum á nýjári. Af þessu er auðsætt, að það er ómögulegt að reka verzlun nema með mjög stóru kapítali, nema þá hjer í Reykjavík, þar sem öll skifti ganga

svo fljótt fyrir sig. Þó er öðru máli að gegna. Það má að vísu segja, að kaupmenn þurfi ekki að lána út vörur, en það er óumflýjanlegt, að hafa vöruskiftaverzlun, því að bændur geta ekki borgað útlendar vörur með öðru en því, sem þeir fá fyrir ullina og aðrar afurðir sínar, og verða því að taka vörur að láni hjá kaupmanninum, og þá er vandi að koma fullkomlega í veg fyrir skuldir. Það má að vísu takmarka lánin, með því að verzlanirnar sjeu nokkurskonar fjárhaldsmenn bænda, dragi úr lánunum, láti ekki meira af hendi en það, sem minst má komast af með. En hvernig fer nú eftir rigningarnar í sumar og svo harðan vetur í vetur og hart vor í vor, og látum þó ísinn víkja í maí, svo að korn geti komið. Það er að vísu gott, það getur slökt hungrið í fólkinu, og ef til vill bjargað einhverju af skepnum, sem eftir kunna að vera, en flestar þeirra eru þá dauðar. En hvernig á þá kaupmaðurinn að fara að bjarga þessum manni, sem búinn er að missa alt fje sitt og enga tryggingu getur sett. Ef hann fær enga hjálp án hennar, hlýtur fólkið að deyja úr hungri, nema skip komi þá til landsins, sem flytji fólkið burt úr landinu. Ef kaupmaðurinn hinsvegar lánar án þess að hafa nokkra tryggingu fyrir greiðslunni, hlýtur hann að eiga það á hættu, að verzlunin fari á hausinn. Nú er svo háttað, að hugsunarhátturinn er mjög að breytast um meðferð á skepnum, svo að ef menn eiga einn kornhnefa, þá skifta menn honum jafnt, öðrum helmingnum til sín og barnanna og hinum helmingnum til skepnanna. Þetta er mjög fallegur hugsunarháttur, en kornið eyðist fyr ef bæði menn og skepnur eru settar á það. Til þess að koma í veg fyrir, að skortur verði, er því nauðsynlegt, að birgja sig upp með kornforða og setja skepnurnar varlega á. Þetta frv. er því það fyrsta og helzta, sem við þurfum að fá í gegn, til þess að koma í veg fyrir, að menn felli fjenað sinn vegna fóðurskorts. Við verðum því að leggja alúð á að fá menn að fylgja þessum lögum ef þau komast á. Við verðum að leiðbeina þeim og þrýsta til þess að nota þau sem bezt.

Loks vildi jeg minnast lítið eitt á einstakar greinar frv., en af því að jeg er nú búinn að taka alt það markverðasta fram, get jeg orðið stuttorður um hverja grein. Í 1. grein er ákveðið, að í hverjum hreppi skuli kosnir forðagæzlumenn, einn eða fleiri. Jeg vildi taka það fram sem athugasemd frá sjálfum mjer, að reynslan hefur sýnt, að einn maður getur dugað, ef hann er starfinu vaxinn, og þar sem sparnaðarhugmyndin er ríkjandi í frv., er gert ráð fyrir, að einn forðagæzlumaður geti dugað, en jeg álít að það væri heppilegra, að þeir væru tveir, því að allir vita, að betur sjá augu en auga, og svo hafa menn misjafna hæfileika, einn hefur þetta til að bera, annar hitt. Annar getur verið leikinn í að mæla heyin og meta fóðurgildi þeirra, hinn geti ur verið æfður fjármaður, og haft betra vit á útliti fjenaðarins, verið strangur um hirðingu og alla umgengni, sem víða er ábótavant, ekki einungis til skaða, heldur og til vansæmdar. Það er hörmung að sjá, hvernig oft og einatt er gengið um heyin. Það er troðið undir fótum og að öllu leyti því líkast, sem naut hafi rótast í því. Ef forðagæzlumenn eru tveir, eru því meiri líkindi til, að þeir mundu leysa verkin vel af hendi, og þar að auki mundi oft standa svo á, að annar þeirra væri æfður í þessu starfi, en hinu væri þá nokkurskonar lærisveinn hans, og þegar hinn eldri og æfðari færi að þreytast og bila af starfinu, væri hinn til taks til þess að taka við því í staðinn, og væri þá sjeð fyrir því, að ávalt væri hæfur maður við starfið. Jeg álít því mikinn skaða, að forðagæzlumenn skuli ekki ávalt vera tveir. En eins og sjá má af nefndarálitinu, er það tilgangur nefndarinnar, að ef forða-

gæzlumennirnir eru fleiri en einn, þá skuli þeir skifta hrepnum á milli sín í tvö eða fleiri umdæmi. Þetta álít jeg ekki rjett, en þó getur hreppurinn verið svo stór, að nauðsynlegt sje að skifta honum. Jeg hygg nú reyndar, að fáir þekki stærri hreppa en jeg, en hinsvegar þekki jeg ekki þá hreppa, sem fjölbygðastir eru, og þar getur þetta verið nauðsynlegt, því að skoðanagerðin er mjög seinleg, þar sem býlin eru mörg, og því getur þetta verið rjett hjá nefndinni, en ef þeir fylgdust að, mundi vera meira samræmi í skýrslum þeirra og allur ásetningur nákvæmari. Í 2. grein er rætt um, hvernig forðagæzlumenn skuli kosnir. Samkvæmt horfellislögunum eru eftirlitsmenn kosnir á hreppskilaþingum en það er ekki heppilegt af því, að þau eru víðast illa sótt, og valið verður því ekki ávalt sem bezt, því ilt að kjósa fjarverandi menn. Frv. þetta fer því fram á, að forðagæzlumenn skuli kosnir um leið og hreppsnefnd er kosin, er þá trygging fyrir því, að þeir sjeu kosnir af öllum almenningi, því að hreppsnefndarkosningar eru venjulega vel sóttar og áhugi fyrir þeim mikill. Forðagæzlumenn skulu kosnir til 3 ára, og fer því kosning þeirra fram í hvert skifti, sem kosið er til hreppsnefndar og um kjörgengi, og rjett til þess að skorast undan kosningu fer sem um hreppsnefndir, og er það vel til fallið. 3. gr. ræðir um, hve margar skoðanir skuli framkvæma á hverjum vetri og er ákveðið, að þær skuli vera þrjár, því nefndinni hefur talizt svo til, að af því muni alls ekki veita. Á fyrstu skoðuninni byggi jeg mest og vænti bezts árangurs af henni. Sú skoðun fer fram á þann hátt, að forðagæzlumenn mæla heyin og meta fóðurgildi þeirra, svo sem bezt þeir kunna og byggja þetta á svo góðum rökum, sem hægt er. Væri mikil nauðsyn á að fá góða handbók fyrir forðagæzlumenn frá þeim mönnum, sem helzt hafa reynzlu fyrir sjer í þeim efnum. Þá er önnur skoðunin. Aðaltilgangurinn með henni er að skoða heyin á ný, og aðgæta hvort farið hafi verið nálægt sanni með þann fjárfjölda, sem á hefur verið settur. Þá á einnig að gæta að, hvernig heyin sjeu umgengin, og hvernig fjeð sje þrifað. Þriðja skoðunin er til þess að gefa einkunnir og meta, hve mikið er þá eftir af heyjum. Þegar um einkunnirnar er að ræða, mun það verða niðurstaðan, að mest mun verða bygt á annari skoðuninni að því, er snertir umgengni og holdafar á fje. Þar sem hold eru góð á fjenaði um miðjan vetur, eru þau venjulega einnig góð að vorinu, nema heyskortur hafi orðið, því að þeir, sem fara vel með fje sitt til miðsvetrar, gera það ekki að gamni sínu, að hirða það illa seinni hluta vetrar. Að því er snertir þriðju skoðunina, er það að segja, að þar sem ætlazt er til þess, að hún fari fram upp úr sumarmálum, þá er of snemt að mæla heyfyrningar. Því þó að fje sje sloppið, þá verður að gefa kúm enn um langan tíma, og getur maður því aldrei haft annað en áætlun, að því er þær snertir. Þessi skoðun verður því mest holdaskoðun, og til þess að gæta að, hvort menn eru algerlega að þrotum komnir með hey sín. Til þess að mæla fyrningingarnar, þarf því fjórðu skoðunina, því að það hefur reynslan sýnt, og það sjest á skýrslum þeim, sem prentaðar eru í nefndarálitinu, að þær er ekki hægt að mæla, fyr en komið er fram í júnímánuð.

Jeg býst nú við því, að menn kunni að segja, að þetta eftirlit fari að verða nokkuð dýrt, ef skoðanirnar eigi að verða fjórar. Það getur verið, en þó má á ýmsan hátt draga úr kostnaðinum við þessa skoðun. Í fyrsta lagi má að sjálfsögðu hlaupa yfir marga bœi, þar sem menn vita, að engar fyrningar eru. Í öðru lagi geta forðagæzlumennirnir gert þetta við hentugleika, og ef þeir eru tveir, geta þeir vel skift breppnum á milli sín við þessa skoðun, og ef einhver skilríkur maður á

leið heim á einhvern bæinn, geta þeir falið honum að mæla fyrningarnar, og skrifa þær í vasabók sína, og láta þá svo vita um það við tækifæri. Það gefur að skilja, og er ákveðið í 4. gr., að þegar forðabúr eru komin á, þá eiga þessir forðagæzlumenn að vera ráðunautar og leiðbeinendur um alt, sem að þeim lítur, og sem snertir fóðurbirgðir og fyrningar. Forðabúrin verð jeg að álíta mjög nauðsynleg, til þess að tryggja fjenaðinn gegn verulegum harðindum, og ennfremur er nauðsynlegt, að hafa sjóð, sem grípa má til, þegar annað þrýtur. En alt slíkt álít jeg eingöngu hjálp í viðlögum, en það, sem farið er fram á í frv. þessu, álít jeg aðalhjálpina, ef það gæti orðið til þess, að breyta hugsunarhættinum, og fá menn til þess, að skilja nauðsynina á því, að hafa fjenaðinn í sem beztu standi. Þá kemur 5. gr. frv.; í henni er ákveðið, að forðagæzlumenn skuli skrifa allar skoðunargerðir í þar til gerða bók, en ekki senda skýrslu sína til hreppstjóra, eins og nú á sjer stað. Þetta álít jeg sjálfsagt þeim til leiðbeiningar, er síðar taka við starfanum, en jeg ætla að geta þess, að jeg álít ekki nóg, að þeir hafi gerðabók, heldur ættu þeir einnig að hafa handbók, sem þeir notuðu á ferðum sínum og færðu svo úr henni inn í gerðabókina, þegar heim kæmi.

Búnaðarfjelag Íslands ætti að gefa slíka bók út, og ætti hún að vera í handhægu vasabókarbroti, af sömu stærð t. d. eins og leiðarvísir fyrir sóknarnefndir, sem út hefur verið gefin. Í þessari vasabók ættu að vera vinnutöflur og leiðbeiningar um forðagildi, ásamt hjálpartöflum til að reikna út fóðrið, því bæði er það að menn eru misjafnlega færir í reikningi, og eins er það, að forðagæzlumennirnir verða oft og einatt að reikna út fóðrið undir misjöfnum kringumstæðum; stundum verður að reikna það við jötur í fjárhúsum eða undir berum himni. Þetta er að vísu ekki tekið fram í lögunum, en ef frv. nær

fram að ganga, og fær góðar undirtektir hjá þjóðinni, eins og það verðskuldar, þá tel jeg líklegt, að landstjórnin taki sjer fyrir hendur nð láta semja slíka handhæga vasabók, því að hún yrði til mesta hægðarauka fyrir forðagæzlumennina. Og auk þess er jeg hef tekið fram, að þar ætti að vera, þá ættu að vera prentuð þar lögin og samþyktirnar ásamt öðru því, er forðagæzlumennina varðar, og svo ætti að vera auður pappír, er forðagæzlumennirnir gætu fært til bráðabirgða inn á allar athuganir sínar, til þess síðan að hreinrita þær og færa inn í bók sína í hentugleikum heima hjá sjer.

Þá er 6. gr. frumvarpsins. Hún fjallar um, að forðagæzlumaður eigi að gefa hreppsbúum holl ráð og bendingar um heyásetningu og skepnuhirðingu. Samskonar ákvæði stendur í núgildandi horfellislögum og sveitarstjórnarlögum. En það er áreiðanlegt, að þeir hafa ekki nema takmarkað vald, og geta ekki gert fyrirskipanir um skurð af fóðri; þeir eru leiðbeinandi.

Jeg hef eitt sinn skrifað grein um heyásetning, og sýndi jeg þar dæmi, að bóndi, er vantar hey og getur því ekki sett allan búpening sinn á að hausti, og því fargar $^1/_5$ hluta hans að haustinu, á samt eins mikið peningagildi í búfénaði að vorinu, eins og hann hefði sett alt fjeð á.

Þetta dæmi sýnir ljóslega, að það er ekki alt undir því komið, að setja mikið fje á fóðrið, heldur meira undir því, að setja aldrei meira á en svo, að bóndinn geti fóðrað fjeð vel, svo það gangi vel undan og gefi góðan arð. En þegar heyleysi er, þá verða menn að gæta þess, hvað þeir eigi að setja á, og hverju sje haganlegast að farga. Þar kemst hagsýni að.

Bóndi, sem hefur sauðfjárbú, má t. d. ekki missa ærnar; þær eru bússtofninn; hann verður heldur að farga lömbunum og sauðunum. En þar sem kúabú er,

þar hagar málinu öðruvísi; þar verður að taka þær kýrnar til lógunar, sem eru fóðurfrekastar, en þar er miklu síður hætt við vitlausum ásetningi, því að gjafatími er nokkuð svipaður og ekki treyst á beit eins og með sauðfjeð. En þó að einhver bóndi hafi heyjað $^1/_5$ minna en vant er, og vanti það á fóðurbirgðir sínar, þá er ekki sjálfsagt, að hann þurfi að lóga að því skapi, og þar er skylda fordagæzlumannsins að gefa holl ráð og bendingar, og geta þær oft komið að góðu gagni. Það getur t. d. verið nóg, að láta ekki ærnar fá lömb, því þá verða þær nálægt því eins harðgerðar og sauðir, og þola betur beit og vorharðindi, en það vita allir, að þegar vorharðindi ganga, að þá eru sauðirnir tryggasta sauðfjáreignin. Og á fleiri ráð má benda. Það ber við, að þeir, sem nær altaf eru heylausir, eru að ala kálfa, og það jafnvel undan hverri kú, og það enda þótt að kýrnar sjálfar sjeu gallagripir og ekki til undaneldis, en það hefur reynzt mjer svo, að einn kálfur haustalinn þurfi $^1/_6$ af kýrfóðri, eða að 6 kálfar þurfi jafnmikið fóður og ein kýr, auk þess er þeir fá mjólk. Það sjá þess vegna allir, að það er ekki rjett að ala kálfa, þegar heybirgðir eru litlar, og mjólkureyðslan verður til þess, að bóndinn þarf að leggja meira til búsins og verður því síður fær um að kaupa fóður annarsstaðar að. Eins er það, að mörg hross eru oft vandræðaeign og það er oft hreinn og beinn skaði að því, að eiga gömul hross, og það er oft ekkert tjón að því, að drepa á haustin hest, sem er í góðum holdum.

Í miðskoðuninni má líka oft gefa holl ráð og bendingar, er getur verið beinn hagnaður að fyrir hlutaðeigandi bónda, og get jeg í því sambandi nefnt dæmi, er komið hefur fyrir. Þegar skoðað var hjá bónda nokkrum í miðskoðun, þá litu fordagæslumenn svo á, sem hann þyrfti að lóga einni kú, til þess að vera fóðurbirgur. Það stóð þá svo á fyrir bónda þessum, að hann átti meðal kúnna ljelega stritlu, og tók hann hana og drap. Skrokkinn seldi hann í næsta kauptún, en slátrið notaði hann til heimilisþarfa. Svo seldi hann hálft skinnið, en hinn helminginn notaði hann heima. Um vorið keypti hann sjer nýja kú mikið betri en hin var, og kostaði hún ekki meira en hann fjekk fyrir kjötið og hálft skinnið. Hann hafði því grætt slátrið, hálft skinnið og fóður, en auk þess fengið betri kú en hin var. En jafnvel hafði hann ef til vill forðað sjer frá stórtjóni. Hagnaðurinn er auðsær hverjum sem er, en slíkar geta leiðbeiningar oft verið.

7. gr. frv. er um launin til fordagæzlumannanna; þau eru mjög smá, en þegar hreppssjóður á hlut að máli, verður að skera alt við neglur sjer. Þess er ekki alveg eins gætt, þegar landssjóður á að borga brúsann.

Þá er 8. gr. frv. Jeg skal í sambandi við hana geta þess, að þegar jeg kom með frumvarpið, þá var það miklu lengra, og þar voru tekin fram öll smáatriðin nákvæmlega, en nefndin komst að þeirri niðurstöðu. að fella þau burtu, og hafa ekki neitt af smáatriðunum í lögunum sjálfum. Það sem vakir þar fyrir nefndinni, er að gera lögin sjálf sem óflóknust fyrir þingið, svo þau gætu fengið þar greiðan og góðan framgang, og eins það, að það sje þægilegra í framkvæmdinni, að hafa þau ákvæði í samþyktum eða reglugjörðum, því skeð getur, að reglugerðir þurfi að vera eitthvað mismunandi í hinum ýmsu hjeruðum landsins. Og það er líka þægilegra að breyta þeim, ef það skyldi koma síðar í ljós, að það þyrfti að breyta þeim á einhvern hátt; eitthvað ekki reynast heppilegt.

Um 9. og 10. gr. þarf ekki að taka neitt sjerstaklega fram, en viðvíkjandi 11. gr. vil jeg taka fram, að nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri nauðsyn-

legt, að setja þar ákvæði um sektirnar. Horfellislögunum hefur ekki verið hlýtt, og þó hefur lagavendinum ekki verið beitt enda þótt allir viti um brotin. En það eru til nóg lagaákvæði handa dómendunum að fara eftir, þegar til þeirra kasta kemur, þótt ekki sjeu sektir ákveðnar í frumvarpinu.

Jeg vil þá víkja nokkrum orðum að þeim brtill., er nefndin hefur komið fram með. Þær eru gerðar eftir samráði við eða eftir bendingum frá ýmsum háttv. deildarmönnum.

Það er þá fyrst 1. breytingartill. nefndarinnar við 2. gr., sú breyting er að fella burt: „en jafnan skulu“ til enda annarar málsgreinar í 2. greinar, og er það gert eftir bendingu annara þingmanna. Að nefndin fellir burt þetta ákvæði, kemur ekki af því, að hún álíti ekki, að kjósa beri reynda og ráðsetta búmenn, heldur af því, að hún lítur svo á, að þetta ákvæði eigi ekki heima í lögum, heldur eigi kjósendur jafnan að hafa það hugfast við kosninguna, að kjósa reynda og ráðsetta búmenn, eða þá, sem kunnir eru að búhyggindum og góðri þekkingu á skepnuhirðingu.

Önnur brtill. nefndarinnar er við 3. gr., að í staðinn fyrir „sem honum er falið til umsjónar“ komi: „sem hreppurinn hefur falið honum til umsjónar“. Af frv. verður ekki sjeð, hvaða stjórnarvöld hjer væri um að ræða, og sumir hafa talið þar til hreppsnefnd, en nefndin getur ekki fallizt á, að hreppsnefndin eigi neitt skylt við þetta, heldur eigi fórðagæzlumennirnir að vera alveg sjálfstæðir, eins og t. d. fræðslunefndirnar og sóknarnefndirnar, og þeir eiga ekkert að vera gefnir undir hreppsnefndirnar, en geti komið til þeirra með reikning sinn til borgunar er þeir vilja, og hafa framkvæmt verkið. Þessvegðna höfum við tekið fram, að hreppurinn gefi valdið.

Jeg fyrir mitt leyti hefði helzt kosið, að sömu mennirnir hefðu skoðað á öllum heimilum í hreppnum þrisvar á ári, en hjer vakir fyrir meiri hluta nefndarinnar, að það geti verið heppilegt oft og einatt, að hrepp sje skift í fleiri en eitt umdæmi, og þessvegna er breytingartillagan svo orðuð.

Jeg held því, að brtill. sje til bóta. en hún sje hinsvegar veigalítil.

Þriðju brtill. við 6. gr. höfum við gert eftir bendingum hv. deildarmanna, og jeg býst við því, að 3. skoðun fari ekki fram, fyr en um fardaga, og því lítur nefndin svo á, að þetta ákvæði sje fremur til bóta.

Fjórða brtill. a. við 9. gr. víkur að því, að það megi ljetta af fóðri, án þess að lóga fjenu; það megi t. d. selja fje til annara, sem eru heybirgir, en eins og allir vita, er altaf leyfilegt að kaupa fje, ef fóður er nóg handa því, og orðið fargar táknar í daglegu máli nú bæði að selja af hendi til annara, týna eða drepa.

Um brtill. 4 b, er það að segja, að við höfum borið hana fram í sambandi við það, að við höfum heyrt, að 10. gr. hafi verið nokkuð misskilin, þannig, að bóndi, er hefði ekki nægar fóðurbirgðir að dómi fórðagæzlumanns, væri skyldur til þess hlífðarlaust að skera fje sitt, ef honum væri sagt það. En þetta er mesti misskilningur, og nefndin hefur viljað forðast, að hann gæti átt sjer stað. Hjer er ætlazt til þess, að fórðagæzlumenn láti sýslumann vita, ef þeir telja, að einhversstaðar sjeu ekki nægar fóðurbirgðir og ekki er tekið tillit til bendinga og ráða hans. Og nefndin ætlast svo til, að sýslumaður gefi fyrirskipanir um málið, ef hann ekki álítur, að það þá heyri ekki undir ákvæði hegningarlaganna.

Fyrri liður við brtill. við 10. gr. er um, að í staðinn fyrir: „kaupa fóður nje lóga“ komi: „afla sjer fóðurs nje farga“. Hvað „farga“ snertir, þá stendur það í sambandi við, og er í samræmi við 4. brtill. a. En nefndin taldi rjettara, að setja

hjer að „afla fóðurs“, og það er hægt að gera það úr ríki náttúrunnar að vorinu. Jeg hef verið þar, sem marakjarna hefur með vorinu verið aflað fyrir kýr, þegar fóðurleysi er, og jeg tel það sje gott fyrir þá, er ekki hafa vit á því, að fá þá bendingu, þar sem svo stendur á. Og þótt það sje ekki beinlínis svo, að hægt sje að hrósa því, þá getur það verið heppilegt, að fá hey hjá þeim, sem eru heybirgir, og greiða það aftur með nýju heyi að sumrinu. Þetta er vitanlega að jeta fyrir sig fram, en það forðar frá háska í svip og getur því verið rjettmætt.

Síðari liður till., stafliður 5 b, er að eins orðabreyting.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að sinni.

Júlíus Havsteen: Jeg lít svo á, sem hjer sje að ræða um 4. útgáfuna af horfellislögunum.

En það sem jeg vildi sjerstaklega vekja athygli á, er hegningarákvæðin. Nefndin hefur sett, að það varði „fangelsi“, en það getur bæði þýtt einfalt fangelsi, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og fangelsi upp á vatn og brauð, en með svofeldu móti gæti hegning fyrir það brot, sem hjer er um að ræða, orðið helzt til svæsin.

Í 299. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, er hegningin fyrir grimdarfulla meðferð á skepnum, sjer í lagi húsdýrum, ekki nema sektir alt að 200 kr. eða einfalt fangelsi alt að 4 mán., og mjer finst, að nefndin hefði átt að láta sitja við hið sama hjer. Það er líka athugavert, að nefndin hefur ekki sett sektunum nein takmörk, en það væri æskilegt.

Jeg vil því, sem sagt, sitja við sömu ákvæði um þetta og nú gilda um illa meðferð á skepnum, og vildi jeg leyfa mjer að benda háttv. nefnd á þetta til athugunar.

Steingr. Jónsson: Jeg vil taka undir ummæli hv. 1. kgk. (Júl. Hav.). að það sje rjett, að líta svo á, sem hjer sje að ræða um 4. útgáfuna af horfellislögunum frá 9. febr. 1900. Og jeg held, að þetta frv. sje heldur til bóta.

Þó eru það nokkrar athugasemdir, er jeg vildi hreyfa til athugunar fyrir háttv. nefnd.

Aðalkostinn á þessu frv. tel jeg, að það fyrirskipar meira en eina skoðun. Síðast er horfellislögin voru endurskoðuð, var fyrirskipuð ein skoðun, en áður voru fyrirskipaðar tvær skoðanir. En það þoldu menn ekki. Mjer er nú spurn, þola menn nú, að þessu sje breytt aftur og skoðunum fjölgað. Það eru að vísu liðin 13 ár síðan, en það á líka að fyrirskipa þrjár skoðanir í staðinn fyrir eina.

Annað, er jeg vildi hreyfa, er það, að mjer er ekki ljóst eftir frv., hvernig eigi að haga skoðununum. Jeg sje t. d. ekki, *hvenær* að haustinu að skoðunin eigi að fara fram, og það tel jeg heppilegt, að eitthvert stjórnarvald ákvæði eða skipi fyrir um það. Jeg álít því, að það þyrfti að minsta kosti að taka slíkt ákvæði upp í reglugerðirnar, og ætti þá að setja eitthvert ákvæði, er heimilaði það, inn í 3. gr. frv., og vil jeg skjóta því til hv. nefndar, að lagfæra þetta til 3. umr. Jeg er hræddur um, að verði slíkt ákvæði ekki sett inn í frv., þá muni sýslunefndaroddvitar líta svo á, og það held jeg að jeg mundi gera í þeim sýslunefndum, sem jeg er oddviti í, að það væri ekki leyfilegt að taka slíkt ákvæði upp í reglugerðina. Þeir mundu líta svo á, sem forðagæzlumennirnir rjeðu því sjálfir, hvenær þeir framkvæma skoðanirnar.

Eftir horfellislögunum 9. febrúar 1900

eiga skoðanir á heyjum og búpeningi að fara fram á tímabilinu frá 1. marz til 15. maí ár hvert. Í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að miðskoðunin fari fram upp úr miðjum vetri, og mundi það líklega verða einhvern tíma á tímabilinu frá byrjun febrúars til miðs marzmánaðar. Væri nú þessu tímatakmarki breytt þannig, að skoðunin skyldi framkvæmd einhvern tíma á tímabilinu frá því síðari hluta marzmánaðar og fram undir miðjan apríl, þá mundi sú skoðun líka geta gilt sem vorskoðun; því að jeg get ekki talið það svo mjög þýðingarmikið, að skoða fyrningar manna, að það muni borga sig að hafa skoðunarferð til þess *(Hákon Kristoffersson:* Þá á líka að skoða holdafar búpenings). Það má sjá það nokkurnveginn á síðari skoðunarferðinni, ef hún fer fram síðla vetrar; enda hefur það ekki mikið upp á sig að skoða holdafar á peningnum framgengnum, þá of seint að bæta úr, þó ábótavant hafi verið. Það ætti þá að vera til þess, að geta framfylgt hegningarákvæðum horfellislaganna. En auðsjáanlega er í frv. ekki lögð áherzla á það, þar sem engin sjerstök hegningarákvæði fyrir horfelli eru þar tiltekin. Aðaláherzlan er lögð á það, að reyna að forða mönnum frá heyleysi og horfelli.

Haustskoðunin er mjög nauðsynleg og má ekki missa sig. En þar sem jeg er hræddur um, að þessar þrjár skoðanir geti orðið þrepskjöldur í vegi fyrir framkvæmd laganna, hef jeg komið með þessa bendingu um að láta vorskoðunina falla niður.

Það er vafasamt, hvort það er rjett, að nefna ekki horfelli og hegningu fyrir hann í frumvarpinu; og þótt hegningarákvæðum horfellislaganna hafi ekki oft verið beitt, þá hafa þau þó hangið sem sverð yfir höfðum manna, Og þó hegningarákvæðum horfellislaganna hafi sjaldan verið beitt, þá veit jeg þó til, að fyrir hefur það komið, t. d. í Eyjafjarðarsýslu eftir aldamótin síðustu. Aðalþýðing frv. þessa liggur auðsjáanlega í leiðbeiningunum, sem á að gefa, og harðindaviðbúnaðinum og kemur það meðal annars greinilega fram 6. gr. frv. Við þessa gr. hefi jeg annars nokkuð að athuga. Í henni stendur, að forðagæzlumenn skuli senda sýslumanni fyrir fardaga aðalskýrslu um það fardagaár, sem þá er að enda, og skal sýslumaður lesa þá skýrslu upp á næsta manntalsþingi og grenslast eftir því, hvort hún er rjett og sönn. Nú á að halda manntalsþing á tímabilinu frá 16. maí til 10. júní. Eftir ákvæðum 6. gr. getur því hæglega svo farið, að skýrslurnar verði ekki komnar til sýslumanns, þegar hann heldur eitthvert af manntalsþingunum það vorið, og hann því ekki geti lesið þær upp fyr en á manntalsþingi næsta vor. Og því hættara er við þessu, ef brtill. hv. nefndar „upp úr fardögum“ verður samþykt. Á þetta vil jeg leyfa mjer að benda, því það mun ekki hafa verið tilætlunin. Annað er það og, sem jeg leyfi mjer að benda á. Það er gert ráð fyrir, að sýslumaður lesi upp skýrslurnar á manntalsþingi. Þetta er miður heppilegt ákvæði, því að þar mæta oft fremur fáir. Einkum er það óheppilegt, þar sem þá um leið er slept því ákvæði horfellislaganna, að sýslumaður leggi skýrslurnar fyrir sýslunefnd til skoðunar og athugunar. Þetta var mjög þýðingarmikið atriði. Engin stjórnarvöld eru betur fallin til að fjalla um þessi mál en einmitt sýslunefnd, enda heyrir það undir hana eftir sveitarstjórnarlögunum. Þar sem jeg þekki bezt til, hefur sýslunefnd gert mikið gagn í þessu máli. Jeg vildi því mega ráða háttv. nefnd til að breyta þessu ákvæði sínu. Hinsvegar er það alveg rjett, að skipa fyrir, að skýrslurnar sjeu lesnar upp á vorhreppaskilum. Jeg var í nokkrum vafa um það, hvort það væri rjett hjá háttv. nefnd, að ætla forðagæzlumönnum ekki annað vald en að kæra bændur. Þó hall-

ast jeg að því, að það sje rjett, því að það mundi ekki verða auðvelt að ákvarða skýrt og heppilega valdsvið þeirra, ef þeim væri fengið meira vald. En jeg hygg, að rjett væri að taka upp í lög þessi sekta-ákvæði líkt og í horfellislögunum 9. febr. 1900. Gætu þá forðagæzlumennirnir kært menn til sekta, þegar ástæða þætti til. Jeg er hræddur um, að það leiði sjaldan til mikils, þótt kært sje eingöngu eftir 299. gr. hegningarlaganna. Hitt verður sjálfsagt þýðingarmeira, að hafa hegningarákvæði í þessum lögum sjálfum. Þá tel jeg það óviðkunnnnlegt, að öll hegningarákvæði skuli hjer skorin eftir sömu línu, hvort heldur er að ræða um horfelli eða vanrækslu forðagæzlumanna. Í horfellislögunum 9. febr. 1900 var gerður munur á þessu tvennu, og er það vafalaust rjettara, að halda enn þeirri tvískifting. Það er líka, eins og vænta mátti, alveg rjett athugað hjá háttv. 1. kgk. (J. H.), að í frv. ætti að standa *einfalt* fangelsi, en ekki að eins fangelsi. Það of óákveðið. Þetta vona jeg háttv. nefnd taki til greina.

Jeg er því meðmæltur, að frv. þetta verði að lögum, og vona, að breyting sú, sem hjer er ráðgerð á horfellislögunum geti orðið til bóta. Einkum og sjer í lagi hef jeg trú á, að þessi lög geti að haldi komið, ef það kemst á, að landstjórninni sje á hendur falið, að sjá á einn eða annan veg fyrir því, að kornforðabirgðir til skepnufóðurs sjeu til, þar sem hægt er að nálgast þær.

Jeg skal geta þess. að jeg kann ekki við það, sem stendur í framhaldsnefndarálitinu, að það sje á allra manna vitorði, að síðan lögin (nr. 7, 1900) gengu í gildi, hafi það borið við, að fjenaður hafi fallið úr hor í ýmsum sveitum landsins, og verið allmikil brögð að því. Þetta þykir mjer helzt til hörð fullyrðing frá nefndarinnar hálfu, ekki sízt þegar henni er beint

til allra sveita, án þess að nokkrar sannanir sjeu færðar fyrir henni.

Jeg get af meiri kunnugleik en nokkur annar háttv. þm. dæmt um, að þessi ummæli geta ekki með sanni náð til Þingeyjarsýslu. Samkvæmt skyldu minni hef jeg á hverju manntalsþingi í 16 ár grenslast eftir skepnuhöldum manna, og aldrei fundið ástæðu til að draga menn fyrir lög og dóm samkvæmt horfellislögunum. Jeg má því fullyrða, að hin hörðu ummæli nefndarálitsins ná ekki til Þingeyjarsýslu, og sama mun vera óhætt að segja um Eyjafjarðarsýslu. Í þessum tveim sýslum búa um 13000 manns, og finst mjer það hart fyrir þá, að verða fyrir ámæli þessu, og því hef jeg ekki viljað láta því ómótmælt.

Yfir höfuð fanst mjer háttv. framsm. (G. G.) mála ástandið með helzt til svörtum litum. Það villir og er sízt til bóta; eflaust hollast að mála myndina sem rjettasta. Mjer skildist á háttv. framsm. (G. G.), að honum fyndist hagur manna vera að versna. Hann kvað menn vera skuldugri nú en áður, og lánstraust á förum. Í mínu hjeraði er þessu ekki þannig farið. Jeg hef verið töluvert kunnugur hag manna þar, fram undir mannsaldur, og jeg veit, að skuldir við verzlanir eru þar mun minni nú, en þær voru 1880—90. Það getur verið, að öðruvísi sje ástatt í Strandasýslu með þetta. Að vísu skulda margir í bönkum nú, sem eigi gerðu það þá. En því fje hefur að miklu leyti verið varið til nytsamra og arðvænlegra fyrirtækja.

Jeg vona, að háttv. nefnd taki bendingar mínar til athugunar, og mun jeg því hiklaust greiða atkvæði með, að málið gangi til 3. umræðu.

Einar Jónsson: Háttv. 3. kgk. (Stgr. J.) hefur tekið flest fram af því, sem jeg hef að athuga við frumvarpið. Jeg get

tekið undir það, að mjer þykir of hart að orði komizt í nefndarálitinu um horfelli. Jeg hef ekki orðið hans var á síðari árum, þar sem jeg þekki til, svo teljandi sje. Jeg hef áður haldið því fram, þegar verið var forðum að semja horfellislögin, að það væri þýðingarmikið, að tvær skoðanir færu fram á fóðurpeningi á vetri, og er jeg sömu skoðunar enn, og hygg það betra en eina skoðun, og ætti það að geta orðið til að glæða áhuga manna á góðri meðferð búpenings. En jeg hef orðið þess var, að víða þótti mönnum lítið til þessara skoðana koma, og lögin urðu óvinsæl hjá mörgum mönnum. Þeir töldu þau aðeins til kostnaðar. Raunar voru skoðanir manna á þessu nokkuð skiftar, er almennara var, að menn álitu þær þýðingarlitlar í samanburði við kostnaðinn við þær. Með horfellislögunum 9. febrúar 1900 var fyrirskipuð að eins ein skoðun á vetri á fóðurpeningi, til að draga úr kostnaðinum. En það var eins, að mörgum hefur þótt jafnvel þessi eina skoðun þýðingarlítil. Jeg er þó ekki á því, þó jeg álíti tvær skoðanir gagnsmeiri. Þegar athugað er, hvernig menn hafa snúizt við fyrirskipunum laganna um skoðanir að undanförnu, þá er jeg hræddur um, að margir verði harla óánægðir með þessar þrjár skoðunarferðir á vetri; og jeg er samdóma háttv. 3. kgk. um, að þriðja skoðunarferðin sje ekki svo þýðingarmikil, og að vorskoðunin mundi að skaðlítlu mega falla burtu.

Þess er og að gæta, að mjög ólíkt hagar til víðsvegar á landinu. Sumstaðar er sauðfje slept á einmánuði eða fyr, ef vel viðrar, og gæti þar orðið erfitt að ná fje saman til skoðunar eftir það. Auðvitað getur verið gott og fróðlegt að vita, hvernig fje hefur gengið undan að vorinu, og um heyfyrningar. Þó álít jeg alveg rjett, að láta hina einstöku hreppa sjálfráða um það, hvort þeir vilja kosta til vorskoðunar eða ekki. Mætti þá kveða á um það í reglugerð fyrir forðagæzlumennina.

Jeg veit, að menn álíta víða, að kostnaðurinn við skoðunargerðirnar samsvari ekki gagninu af þeim, og hafa aðeins sætt sig við þær, af því það hefur verið lögskipað. Það má því búast við, að það mundi verða mjög óvinsælt, ef kostnaðurinn ætti að þrefaldast.

Jeg veit, að í þeim hrepp, sem jeg er einna kunnugastur, gekk vika í skoðunarferðirnar fyrir 2 menn, og kostnaðurinn varð um 30 kr.; en þó ekki nema 22 bæir í hreppnum. Ef kostnaðurinn nú yrði 90 kr. eða meira, þá er það verulegur kostnaðarauki fyrir hreppinn, og alls ekki ótilfinnanlegur. Hreppsmenn þyrftu því að geta sannfærzt um, að gagn sje að skoðununum; að öðrum kosti er hætt við, að kurr mundi vakna yfir útgjaldaaukanum.

Jeg vil skjóta því til hv. nefndar, og biðja hana að athuga, hvort ekki muni rjett að bæta við 7. gr. ákvæði eitthvað á þessa leið: „Semja má þó við forðagæzlumenn um ákveðna borgun fyrir veturinn“. Þá gætu þeir fremur hagað skoðununum eftir hentugleikum, væru ekki bundnir við að taka til þeirra heila daga í einu, og orðið starfið svo ekki eins tilfinnanlegt, gæti og hugsazt, að einhverjir vildu vinna verkið fyrir minna gjald, af því að þeir vildu vilna hrepp sínum í.

Brtill. verð jeg að telja til bóta allar, nema 2. brtill. Mjer finst fara vel á því eins og er í frv. Svo er annað hitt: ef fleiri forðagæzlumenn eru í hreppi, hver á þá að skifta störfum með þeim, ef þeir fylgjast ekki að? Mega þeir ekki gera það sjálfir? Ef svo er ekki, þá yrði annaðhvort að gera það á hreppsfundi, eða fela hreppsnefnd að gera það. Það væri gott að fá að heyra álit hv. nefndar um það, hvernig hún hugsar sjer þetta. Einkum er nauðsynlegt, að fá að vita, hvað

hún á við með orðinu „hreppurinn“ í brtill., hvort heldur þar er átt við hreppsmenn eða hreppsnefnd. Sjálfur hreppurinn getur það ekki verið, og þá er orðið of óákveðið. Í 1. málsgr. 3. gr. frv. stendur þrisvar sinnum orðið „sinni“, þar sem á að vera „sínu“.

Í síðustu málsgr. 2. gr. frv. er orðinu „að eins“ ofaukið. Brtill. við 2. málsgr. 6. gr. frv. „upp úr fardögum“ á ekki við greinina eins og hún er að öðru leyti orðuð. Þar stendur: „skulu þeir því næst senda sýslumanni fyrir fardaga skýrslu um það fardagaár, sem þá er að enda“. Sje „upp úr fardögum“ hjer sett í stað „fyrir fardaga“, þá yrði einnig að breyta því, sem á eftir fer og segja: „skýrslu um það fardaga ár, sem þá er *liðið*.“

Í 10. gr. frumv. er talað um einn forðagæzlumann, og eintölunni haldið út alla greinina, og eins í viðaukatillögunni. Þetta á við, ef ekki er nema einn forðagæzlumaður í hreppi, annars ekki (*Stgr. J.*: Það er sjálfsagt búizt við, að ekki skoði nema einn á bæ). Jeg tel þó rjettara að halda fleirtölunni, ef fleiri en einn forðagæzlumaður eru í hreppi; því jeg tel rjettara, að þar sem tveir eða þrír forðagæzlumenn eru í hreppi, þá komi þeir sjer saman um, hvort kæra skuli eða ekki, en það sje ekki komið undir, aðeins einum þeirra. (*G. B.*: En ef þeir eru tveir og þeim kemur ekki saman um, hvort kæra skuli eða eigi, hvernig á þá að fara að?) Jeg býst við, að sá muni kæra, sem kæra vill, ef honum er það kappsmál. Aðalatriðið er, að samvinna eigi sjer stað milli forðagæzlumannanna, þar sem um vafaatriði er að ræða.

Að öðru leyti hefur h. 3. kgk. (Stgr, J.) tekið fram, það sem jeg hef að athuga við málið, og ætla jeg ekki að vera að endurtaka það.

Hákon Kristoffersson: Jeg vil byrja mál mitt með því,að þakka h. nefnd fyrir, að hún hefur komið fram með frv. þetta, og nefndarálit sitt. Og þó jeg felli mig ekki allskostar við frv., eins og það er nú, þá álít jeg málið vera gott og nauðsynlegt; en það má ekki hrapa að því, þar sem það þarf nákvæma yfirvegun, og áríðandi. að það sje skoðað frá ýmsum hliðum og af mörgum. H. frsm. (G. G.) mintist í ræðu sinni á hroka viðskiftamannanna við kaupmenn. Jeg hef ekki orðið þess var, þar sem jeg þekki til, og leiði það mál því alveg hjá mjer. Þá hygg jeg það tæplega rjett, að skuldir við kaupmenn hafi aukizt. Þar sem jeg þekki til, eru þær nálega engar, og menn kosta kapps um að halda sjer skuldlausum við kaupmenn. Hins vegar skulda sumir nokkuð í bönkum og opinberum sjóðum. H. frsm. (G. G.) hjelt því fram, að miðsvetrarskoðunin væri nauðsynleg, og sjerstaklega ábyggileg skoðun. Jeg neita því ekki, að hún geti verið nauðsynleg, en einna minst ríður þó á henni. Jeg hef nú á síðastliðnum 9 árum haft nokkra reynslu í þessu efni, og mín reynsla er, að mest ríði á vorskoðuninni, ef ekki er höfð því tryggilegri haustskoðun og ásetningur.

Þeir, sem kærulitlir eru, hugsa um það eitt, að fara nokkurnveginn vel með skepnur sínar, þangað til vorskoðuninni er lokið; en verða ef til vill, að henni lokinni, skeytingarminni. Þessvegna hefur sýslunefndin í Barðastrandarsýslu nú síðustu árin gefið bendingu um að fresta skoðuninni fram undir sumarmál, og hefur þeirri reglu verið fylgt hjá okkur í Vestur-Barðastrandasýslu og hún gefizt vel. Því ef eftirlitsmennirnir eru, eins og þeir eiga að vera, þá horfa þeir ekki í að beita ákvæðum horfellislaganna, þar sem þess þarf — jeg felli mig vel við það nafn á lögunum, það sker svo vel úr, og sýnir svo ljóslega, við hvað átt er. — Um miðjan vetur líta skoðunarmennirnir aðeins eftir hjá þeim, sem þeir geta búizt við

að koma muni í heyþröng. Það getur verið nauðsynlegt að koma sem oftast til slíkra manna, og gera ráðstafanir hjá þeim, áður en í óefni er komið. Í mínum hreppi hefur þessi aðferð reynzt vel. Jeg legg ekki eins mikla áherzlu á heyfyrningarnar og h. nefnd þótt jeg játi, að þær geti verið góðar, og sjálfsagt sje að sjá sjer þannig farborða, að heldur sjeu fyrningar en hitt. Það sem mest er um vert, er að skepnurnar sjeu í góðu lagi. Jeg gef ekki svo mikið fyrir fyrningar hjá þeim mönnum, þar sem skepnurnar skreiðast fram horaðar að vorinu. Heyfyrningarnar eru mest til stuðnings við ásetning á haustin. Jeg felli mig ekki vel við það ákvæði, að sýslunefnd skuli fastákveða, hvað margir forðagæzlumenn eigi að vera í hverjum hreppi. Jeg hefði kunnað betur við, að í frv. sjálfu stæði einhver minsta og mesta tala forðagæzlumanna, að þar væri t. d. kveðið svo á, að þeir skyldu vera 2—4 í hreppi, og að hreppsbúar ákveði sjálfir á sveitarfundi, hvort þeir vildu hafa mennina 2, 3 eða 4 í einum hreppi. Í 1. gr. er sagt, að forðagæzlumenn eigi að hafa eftirlit með kornvörubirgðum hreppsbúa. Jeg geri ráð fyrir, að hjer sje átt við kornvörubirgðir til skepnufóðurs, en rjettara væri að taka það greinilegar fram.

Þessi staða er launuð með 2 kr. á dag, og er þó mjög svo erfið; þekki jeg það af eigin reynd, að í þessum skoðanaferðum getur verið 10 tíma vinna á dag og þar yfir, og get jeg ekki felt mig við, að skoðunarmennirnir hafi ekki meira kaup.

Frumv. gerir ráð fyrir, að hreppunum sje skift til eftirlits milli skoðunarmannanna, en jeg hygg, að affarasælla sje, að þeir fari um allan hreppinn, því að eftir því sem reynsla þeirra eykst, þá geta þeir leyst verk þetta betur af hendi, og meira samræmi verður í skýrslum þeirra. Þá vildi jeg láta ákveða í frv. sjálfu, hvenær vorskoðun eigi fram að fara, en þykir frv. sjálft sumstaðar leggja einum manni of mikið vald í hendur, þar sem forðagæzlumaðurinn er látinn gera hreppstjóra aðvart, ef honum er ekki hlýtt, og kynni jeg betur við, að fleiri menn ættu þá um málið að fjalla, og get jeg ekki betur sjeð, en að hreppstjóra sje með þessu ákvæði gefið dómsvald, og kemur þetta skýrt fram í 9. og 10. gr., og vil jeg heldur fela úrskurðinn tveimur mönnum.

Háttv. 3. kgk. hefur tekið ýmislegt fram viðvíkjandi 11. gr., sem jeg vildi sagt hafa, en aftur á móti get jeg ekki verið honum samdóma um skoðanirnar og álít, að mest ríði á vorskoðuninni. Vorskoðunin ætti að fara fram seint, helzt ekki fyrri en um sumarmál. Eins og kunnugt er, hef jeg haldið því fram, að mál þetta bæri að leggja fyrir sýslunefndir. Þeim eru falin ýms mikilsverð mál til undirbúnings og meðferðar, og svo ætti að vera um þetta mál.

Þá heldur nefndin því fram, að horfellislögunum hafi aldrei verið beitt, en jeg, sem veit nú svo fjarskalega lítið, veit þó, að maður var sektaður um 50 kr., af því að hann átti horaðan hest. Og mun lögum þessum beitt, þegar þörf þykir, að minsta kosti í sumum sveitum landsins.

Háttv. þm. N.-M. (E. J.) talaði um aukning kostnaðarins við fjölgun skoðunarferðanna. Jeg er honum samdóma, að spara beri bæði fje sveitarsjóðanna og einstakra manna, en erfitt mun verða um framkvæmdirnar, ef fjárframlögin eru engin, og álít jeg þeim peningum, sem til skoðananna fara, vel varið, ef þær koma að notum. Þær hafa nú þegar í mörgum hreppum haft góðar afleiðingar, eins og kunnugt er, og eiga einkunnagjafirnar mikinn þátt í því. Jeg er því sammála háttv. nefnd, að eins nauðsynlegt sje að gefa einkunnir fyrir meðferð heyja eins og holdafarið, því holdafarið getur verið gott, skepnur í góðu standi, þótt maður-

inn eigi enga viðurkenningu skilið fyrir heyumganginn. Jeg hef eigi meira að segja að sinni, en þakka nefndinni starf hennar, sem er góðra gjalda vert.

Guðjón Guðlaugsson, framsögumaður: Jeg hef eigi mikið að segja, því allir háttv. deildarþingmenn virðast málinu hlyntir. Háttv. 1. kgk. kallaði frv. þetta 4. útgáfuna af horfellislögunum og háttv. 3. kgk. (Stgr. J.) studdi hans mál. Þetta er nú ekki ný bóla, þótt breyta þurfi lögum, og gerir hvorki til nje frá, hvaða nafn þeim er gefið, og jeg vil í sambandi við þetta minna á, að við erum nú með 4. útgáfu girðingarlaganna. Sami háttv. 1. kgk. (J. H.) sagði, að ákvæðin í 11. gr. væru alt of hörð. En þau eru ekki harðari en í öðrum lögum, og þar eð sektir eru ekki ákveðnar, eru miklar líkur til, að þær verði fremur vægar, þar sem þær eru komnar undir áliti dómarans, og að hjer verði aldrei um harða dóma að ræða. Rjettlátir dómarar munu gera sjer það að reglu, að dæma heldur of vægan en of harðan dóm, og til þess að fangelsisákvæðið í 11. gr. geti eigi misskilizt, ímynda jeg mjer, að nefndin vilji taka þá bending til greina, að þar eigi að standa: „einfalt fangelsi". En benda má á, að þannig er t. d. ákveðið í lögum um varnir gegn næmum sjúkdómum, og eigi að því fundið; en það gerir eigi til, þótt þessu sje breytt.

Háttv. 3. kgk. (Stgr. J.), þm. N.-Múl. (E. J.) og þm. Barðstr. (H. Kr.) álitu, að 3 skoðanir væru eigi nauðsynlegar, og hv. 3. kgk. (Stgr. J.) áleit, að mest ylti á tveim fyrri skoðununum. Skal jeg fúslega játa, að þær hafa meira að segja en sú síðasta, sem jeg þó eigi get verið honum sammála um að fella megi í burtu, því hún á einmitt að vera til þess, að fá fulla vissu fyrir, að fjenaður sje eigi kvalinn eftir að miðsvetrarskoðunin fer fram, En bæði árferði og landskostir ráða miklu um, hvernig fjenaður gengur undan, og þarf því ætíð að taka tillit til þess. Þar sem landskostir eru góðir og sæmilega vorar, er fje oft slept um sumarmál, og kemur það eigi á hús eftir það um vorið, og þannig var á síðastliðnu vori fyrir vestan. Þegar nú þannig er ástatt, og fje í góðu lagi, er því er slept, þarf einungis að skoða fyrningar. Álít jeg markleysu, að hafa skýrslur um heybirgðir á haustum, ef ekki eru aðgættar fyrningar, og aftur á móti er fjarstæða, að senda skýrslur um hey á miðjum vetri, því þau geta alveg gefizt upp, ef hart er, þó mikil sjeu þá. En vorskoðun þarf jafnvel ekki að kosta neitt, ef rjett er að farið, því nota má ferðir til þess, að viða að efni í skýrslurnar. Háttv. þm. N.-Múl. (E. J.) gat þess, að hann vissi til, að ein skoðunargerð hefði kostað 30 kr., og reiknaði eftir því, að þrjár skoðunargerðir mundu kosta 90 kr. Þetta þarf eigi alt af að vera svo, þótt komið hafi fyrir, og þriðja skoðunin þarf alls ekki að kosta neitt líkt þessu, eins og hef áður sýnt fram á. En til þess að lögin nái markmiði sínu, sje jeg eigi, að draga megi úr skoðanafjöldanum, Það er rjett hjá háttv. 3. kgk. þm. (Stgr. J.), að ónákvæmt sje ákvæðið um, að önnur skoðunin fari fram úr miðjum vetri, og jeg er þakklátur fyrir þá bendingu, sem aðrar góðar bendingar.

Það verða sjálfsagt skiftar skoðanir um það, sem háttv. 3. kgk. þm. sagði um upplestur skýrslnanna á þingum og fyrir sýslunefnd. Þar sem seint er þingað, geta skýrslur þessar verið komnar, en það hagar eigi svo til alstaðar, að eigi sje þingað fyr en í júní eða júli. Á sýslunefndarfundum eru fáir viðstaddir, og að skýrsluframlagning þar hafi haft nokkra þýðingu, þekki jeg ekki.

Þá gat háttv. 3. kgk. þess, að honum þætti óviðkunnanlegt, að öll sektaákvæðin væru skorin eftir sömu línu, en það er dómarinn einn, sem sker úr því, eftir

hvaða línu fara eigi í hverju einstöku tilfelli.

Jeg hef heyrt, að það hafi sært tilfinningar manna, að minst hefur verið á horfelli. Háttv. 3. kgk. þm. (Stgr. J.) kvað þurfa skilríki til að sanna, að hann hefði átt sjer stað, til að geta sagt slíkt, en jeg álít sjón sögu ríkari, að eigi þurfi meira en vita það sjálfur. Og bendir það ekki á horfelli, þegar lambadauði er mikill? og þegar svo er, mun það reynast, að einhver kindin er mögur. Oft er og talað um lungnasótt, en hún er algeng í horuðu fje. Í sambandi við lungnasóttina minnist jeg orða gamals bónda við son sinn, er var að bollaleggja við hann, hvernig hann ætlaði að græða á lambakaupum á hausti: „Jú, þetta er nú alt gott og blessað, en gemlingarnir þínir geta fengið kvef", sagði gamli bóndinn.

Það gleður mig að heyra það um skuldirnar, að þær sjeu lægri annarsstaðar en þar sem jeg er kunnugur. En jeg held nú samt, að jeg hafi sagt satt um það efni.

Þar sem h. 3. kgk. þm. (Stgr. J.) sagði, að skuldir manna stöfuðu af nýjum og nýtilegum framförum, er þeir hefðu komið á, þá hygg jeg, að hinn hv. þm. hafi þar rjett að mæla. Það er víst hverju orði sannara, að það er svo. Jeg sagði heldur ekki, að skuldirnar væru sprotnar af óþarfaeyðslu, nje að menn hefðu fengið lán til þess að leika sjer fyrir það. En slíkt skiftir engu í þessu sambandi. Það kemur í sama stað niður, hvort jeg hleypi mjer í stórskuldir til þess að reisa mjer snoturt og laglegt íbúðarhús eða til þess, að eyða því í einhvern óþarfa. Það skiftir mig engu, segi jeg, þegar jeg er orðinn heylaus og verzlunin þorir ekki að lána mjer neitt, af því að jeg er orðinn fjelaus af lánunum, enda þótt jeg hafi varið lánsfjenu vel.

Jeg er sammála h. þm Barð. (H. K,) um, að laun forðagæzlumanna sjeu helzt til lág. En jeg sje ekki, að hægt sje að fara lengra. Þetta er og í samræmi við það, sem ákveðið er í öðru frv., er nú liggur fyrir þinginu, frv. um sauðfjárbaðanir. Það verður að fara varlega í þessu. En þar sem mjer virðist h. þm. N.-Múl. vilja hafa undirboð á þessu starfi, þá er jeg því algerlega mótfallinn. Ef það á að fara að hafa undirboð á þessu starfi, eins og þegar verið er að koma fyrir hreppsómögum, þá má alveg eins vel strika alt frv. út. Forðagæzlumennirnir eiga fullkomlega heimting á þóknun fyrir starf sitt. En á hinn bóginn tel jeg sjálfsagt, að þeir afli sjer vitneskju um heyfyrningar og heyforða hreppsmanna á hvern þann hátt, sem þeir geta, og skoði því ekki, nema nauðsyn beri til. Þesskonar sparnaði er jeg hlyntur, en ekki undirboðum.

Einar Jónsson: Jeg skil ekki, hvernig h. frsm. (G. G.) hefur farið að fá það út úr orðum mínum, að jeg hafi verið að tala um undirboð. Hjer er ákveðið, að kjósendur alment kjósi forðagæzlumenn. Það er alt annað atriði, hvernig þeim er goldið starf þeirra. Það má ákveða, eftir að þeir hafa verið kosnir. Jeg sje ekkert á móti því, að semja við forðagæzlumenn um greiðslu fyrir starf þeirra, hvort þeir vilja t. d. fá einhverja fasta upphæð fyrir starfið, eða láta greiða sjer daglaun. Það gæti og verið eins hagkvæmt, að þeir skoðuðu eftir hentugleikum, heldur en þeir færu eftir fastri áætlun, er ef til vill væri ákveðin löngu fyrirfram. Aðalatriðið er, að gæzlumennirnir geri það, sem þeir eiga að gera. Það skiftir engu, hvort farnar eru 3 skoðunarferðir eða fleiri, ef aðaltakmarkinu er náð, og sjeð er um, að menn hafi altaf nægar birgðir handa búpeningi sínum. Fastar ferðir eru auðvitað ákveðnar, af því að það þykir tryggilegra. En ef einhver vildi taka að sjer þetta eftirlit, án þess að hann hefði fasta áætlun, þá gæti það komið að

sömu notum, ef hann hefði áhuga á starfinu, en gæti orðið ódýrara bæði honum og hreppnum.

H. frsm. (G. G.), vildi ekki fallast á það, er jeg sagði, að þar sem ein skoðunarferð hefði kostað 30 kr., að þá mundu 3 kosta 90 kr. Hann gaf í skyn, að vorskoðun gæti orðið ódýr eða jafnvel kostnaðarlaus, en frv. gefur ekki ástæðu til að ætla það. 3. gr. frv. *skyldar* þá til að fara í 3 eftirlitsferðir, og koma á hvert heimili í þessum erindum, „í fyrsta sinni á hausti, annað sinn upp úr miðjum vetri, í þriðja sinn á vori.“ En mjer finst það vafasamt, að þeir vilji ekkert taka fyrir vorskoðun sína. En ef nefndin getur komið þessu máli í það horf, að hún yrði kostnaðarlaus, þá er öðru máli að gegna.

ATKVGR.:

1. gr, frumv. samþykt með 11 samhlj. atkv.

1. brtill. á þgskj. 458 við 2. gr. sþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr., með áorðinni breytingu, sþ. með 10 shlj. atkv.

2. brtill. á þgskj. 458 við 3. gr., sþ. með 10 atkv. gegn 2.

3. gr., með áorðinni breytingu, sþ. með 9 samhlj. atkv.

4. gr. frumv. samþykt með 10 samhlj. atkv.

5. gr. frumv. samþykt með 10 samhlj. atkv.

3. brtill. á þgskj. 458, við 6. gr., sþ. með 10 shlj. atkv.

6. gr., með áorðinni breytingu, sþ. með 9 shlj. atkv,

7. gr. frumv. samþykt með 10 samhlj. atkv.

8. gr. frumv. samþ. með 10 atkvæðum gegn 2.

4. brtill. a á þgskj. 458 við 9. gr. sþ. með 11 shlj. atkv.

4. brtill. b á þgskj. 458 við 9. gr., sþ. með 12 shlj. atkv.

9. gr., þannig breytt, samþykt með 10 samhlj. atkv.

5. brtill. a á þgskj, 458 við 10. gr., sþ. án atkvgr.

5. brtill. b á þgskj. 458, við 10 gr., sþ. í e. hlj.

10 gr. með áorðnum breyt., sþ. með 10 shlj. atkv.

11. gr. samþykt með 9 shlj. atkv.

12. gr. sþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkvgr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

---

2. *Frv. til laga um stofnun landhelgissjóðs* (405, n. 434); ein umr.

Jósef Björnsson: Það er ekki mikið um þetta mál að segja. Nd. hefur aðeins breytt einu orði í frv. Hún hefur sett í frv., að löggjafarvaldið ákveði, hvenær sjóðnrinn tekur til starfa, en áður stóð í frv., að *alþingi* gerði það. Eftir þessu þarf nú lög til að ákveða þetta, en eftir fyrra ákvæðinu þurfti að margra dómi ekki nema þingsályktun til þess.

Breytingin er ekki svo stór, að nefndin geti ekki fallizt á frv. þess vegna, og býst við, að deildin samþ. frv. óbreytt, og vil mæla með því.

ATKVGR.:

Frv. sþ. í e. hlj. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi*.

---

3. *Frv. til laga um umboð þjóðjarða* (325, n. 380). 2. umr.

Málið tekið út af dagskrá.

---

4. *Frv, til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. nóv. 1907* (381); 1. umræða.

Steingrímur Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að gera þá tillögu, að 3 manna nefnd sje kosin í málið, að umræðunni lokinni.

Frumvarpinu vísað til 2. umræðu í e. hlj.

Nefnd samþykt í einu hljóði og í hana kosnir:

Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Guðmundur Björnsson.

Í nefndinni var Eiríkur Briem kosinn formaður og Guðmundur Björnsson skrifari.

---

5. *Frumv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði* (406), 1. umr.

Frumvarpinu umræðulaust vísað til 2. umr. í e. hlj.

---

6. *Frumv. til laga um íslenzkan fána* (410); 1. umr.

Eiríkur Briem: Jeg vildi aðeins leyfa mjer að leggja til, að málinu væri vísað til nefndar, og af því að allmikill skoðanamunur hefur komið fram um málið í Nd., og slíkt hið sama mun eiga sjer stað hjer í deildinni, og hinsvegar æskilegt, að þessi skoðanamunur komi fram í nefndinni, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á fimm manna nefnd.

ATKVGR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

5 manna nefnd samþykt í einu hljóði. Kosnir voru:

Eiríkur Briem,
Björn Þorláksson,
Jósef Björnsson,
Steingr. Jónsson,
Sigurður Eggerz.

Í nefndinni var Björn Þorláksson kosinn formaður og Sigurður Eggerz skrifari.

---

7. *Frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll* (292, 438); 2. umr.

Málið tekið út af dagskrá.

---

8. *Frv, til lag um breyting á lögum nr. 26, 11. júlí 1911, um skoðun á síld* (291, n. 361); 3. umr.

Frumvarpið samþ. umræðulaust í einu hljóði, og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

33. **fundur.** Þriðjudaginn 19. ágúst, kl. 1. síðdegis. Allir á fundi, nema Sigurður Stefánsson, þingm. Ísafjk. sem enn var veikur,

1. *Frv. til laga um umboð þjóðjarða* (325, n. 380); 2. umr.

Eiríkur Briem, framsögumaður: Það er, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, efni frvs. þessa, sem hjer liggur fyrir, að setja sömu ákvæði um umboð þjóðjarða og gilda um kirkjujarðir eftir lögunum um laun sóknarpresta 16. nóv. 1907, þau sem sje, að hreppstjórar skuli, hver í sínum hreppi, hafa umráð yfir öllum þjóðjörðum, nema þeim, er undir umsjón syslumanna standa.

Auk þess, sem komið er á meira samræmi í þessu efni en áður, og að vel fer á slíku, þá hefur þjóðjörðum fækkað mjög, en á hinn bóginn eru óseldu jarðirnar oft

fjarst í umboðunum, eða mjög langt frá umboðsmanni, svo að hann verður að ferðast út á yztu takmörk umboðsins vegna þeirra, og fyrirhöfnin verður þá lík og áður, er umboðin voru stærri. Nefndin er því sammála flutnm. frv. um, að rjett sje að breyta þessu. Hún sá ekki ástæðu til að stinga upp á miklum breytingum. Það er aðeins eitt atriði í 3. gr., er henni þótti betur fara á, að hafa öðru vísi. Þar í 13. gr. stendur: „Ef lóðarblettur eða önnur jarðanot eru leigð lengur en leiguliði getur sjálfur notað þau, skal ávalt ákveðinn leigutími tilnefndur, eigi lengur en 100 ár". Í lögunum um laun sóknarpresta er sami tími ákveðinn 50 ár, og nefndin sá ekki ástæðu til að hafa þetta öðru vísi en þar er, og kemur því með tillögu um að færa þenna tíma niður í 50 ár. Jeg hef talað um þetta við flutnm. málsins í Nd., og hann sá ekkert athugavert við þessa breyting.

Jeg vil því leyfa mjer að leggja það til, að þessi brtill. nefndarinnar verði samþykt.

ATKVGR.:

1. gr. frumv. samþykt með 9 samhlj. atkv.

2. gr. frumv. samþykt með 9 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 380 við 13 gr. sþ. með 10 shlj. atkv.

3. gr. með áorðinni breytingu samþykt í e. hlj.

4. gr. frumv. samþ. með 11 samhlj. atkv.

5. gr. frumv. samþykt með 11 samhlj. atkv.

6. gr. frumv. samþykt með 11 samhlj. atkv.

7. gr. frumv. samþykt með 11 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvgr.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

2. *Frumv. til laga um breyting á lögum um vörutoll 22. okt. 1912* (292, n. 438); 2. umr.

Steingr. Jónsson, framsögumaður: Jeg vil geta þess, að óviðkunnanleg prentvilla er í nefndarálitinu, á 2. síðu 11. línu. Þar stendur: „hinn dýra áburð", fyrir húsdýraáburð.

Þá er vörutollslögin voru samþykt hjer í fyrra, voru flestir þm. víst sammála um, að miklir gallar væru á lögunum og að skjótt bæri nauðsyn til að breyta þeim, og reynslan hefur nú leitt þetta í ljós. Þetta frv. er komið frá stjórninni; það hefur verið rætt í Nd. Var nefnd skipuð í það, er bar fram allmiklar og mikilvægar brtill. við það, er samþyktar voru. Hjer hefur það líka verið athugað í nefnd, eins og hv. deild er kunnugt.

Það er ógerningur að breyta vörutollslögunum þannig, að þau verði rjettlát og vel við unandi. Til þess þyrfti að telja upp flestar vörutegundir, er til landsins eru fluttar, og skipa þeim niður í mjög marga gjaldflokka. Með svo nákvæmri flokkaskipun í þessu efni yrði alt eftirlit og öll innheimta ákaflega dýr. Hjer er því ekki annað hægt að gera en að reyna að bæta úr mestu göllunum. Hjer er því reynt að bæta úr því, er komið hefur í ljós eftir hálfs árs reynslu á þeim, frá 1. jan. þ. á., að álagan kæmi harðast niður. Reynt er og að orða sumt skýrara, svo að misskilningur kæmist ekki að eða brögðum verði beitt þannig, að vörum verði komið úr hærra flokki í lægra flokk, eða í flokka, sem undanþegnir eru gjaldinu. Þetta hefur nefndin haft hugfast. Hún leit svo á, að sumt væri óljóst í frv., og vildi leiðrjetta það og gera skýrara. Í frv. er sjávarútveginum aðallega veittar ívilnanir. Nefndin hefur þar bætt við ýmsum vörum, er landbúnaðurinn þarf á að halda. 1. brtill. nefndarinnar er um netatvinna. Nefndin leggur til, að hann sje tollaður í 3. flokki,

sem verið hefur. Hún lítur svo á, ef þetta ákvæði frv. er samþykt, sje þar með gefið undir fótinn með að koma allskonar tvinna í annan flokk.

Hins vegar leggur nefndin til, að *netatvinni* sje hafður framvegis í 3. flokki eins og verið hefur. Gjaldið er svo lágt, að engin ástæða er til breytingar, enda gæti það valdið ruglingi og ýmsum óþægindum að vera að flytja þessa vörutegund til. Af samskonar ástæðum er nefndin því mótfallin, að færa *striga* úr 3. flokki, því að undir það nafn er hægt að koma miklu af grófum ljereftum. Þó þorði nefndin ekki að fella burt segldúk, þó að sama megi segja um þá vörutegund. Nefndinni í fyrra var það ljóst um tollinn á striga, að hann mundi koma hart niður á „balla"striga og fiskumbúðastriga. En gjaldið af fiskumbúðum mun þó eigi vera meira en 8—10 aura á skippundið og þar að auki er þess að gæta, að að eins lítill hluti af saltfiski er sendur í pökkum. Í frv. er farið fram á, að allur pappír sje undanþeginn vörutolli, nema prentaður umbúðapappír, sem telst í 2. flokki. Nefndinni virðist þetta vera ósamræmi og óþarfi og leggur því til, að prentuðum umbúðapappír sje einnig slept. — Vjelaáburður virðist nefndinni vera of óákveðin vörutáknun, því að þar er hægt að smeygja mörgu undir. Vjelaolíur til áburðar er nákvæmari táknun. — Þá leggur nefndin til, að flytja öll hin helztu jarðyrkjuverkfæri, — sláttuvjelar, plóga, herfi, skóflur, spaða, kvíslar, — í 2. flokk. Tollurinn á þessum vörum er uú tilfinnanlega hár og hjer er að ræða um nauðsynjavörur til ræktunar landsins. Nú eru öll þessi verkfæri talin í 6. flokki. Sömuleiðis vill nefndin telja eldfastan leir í 2. flokki. Ennfremur leggur nefndin til, að fella burt úr frv. „rær, gadda og spengur til járnbrautargerðar". Þessar táknanir eru of ónákvæmar og leggur því nefndin til, að taka upp aftur „járnbrautarteina",

eins og var í stjórnarfrv. Astæðan til að nefndin vill lækka gjaldið á járnbrautarteinum er sú, að hún hugsar sjer, að vel geti komið fyrir, að víðsvegar hjer á landi verði lagðar smásporbrautir, en tillagan er alls ekki sprottin af tilliti til hinnar fyrirhuguðu stóru járnbrautar, því að viðvíkjandi henni mætti gera, og yrði sjálfsagt gerð undanþága með sjerstökum lögum. — Þá leggur nefndin til, að sami tollur verði lagður á skófatnað sem á annan fatnað og á allskonar garn, annað en veiðarfæragarn, sami tollur sem á tvinna. Þetta er óljóst í lögunum, eins og þau eru nú, og er því sjálfsagt, að taka það fram berum orðum. Táknunin „veiðarfæragarn" má ætla að sje nægilega ljós. — Loks leggar nefndin til, að tilbúin áburðarefni og borpípur sjeu undanskilin tolli. Tilbúin áburðarefni eru notuð á einstöku stað, sjerstaklega til garðræktar, en þó einnig stundum til túnræktar. Menn gera þetta venjulega með þeirri áhættu, að það borgi sig ekki og virðist því ósanngjarnt að gera mönnum þetta enn þá erfiðara með tollálögum. Leirpípurnar eru sumstaðar notaðar til framræslu og víða til reykleiðslu frá eldstæðum. Þær eru mjög brothættar og brotna því oft á leiðinni til landsins, og þar á ofan er flutningsgjald á þeim afarhátt. Það virðist því brýn nauðsyn til þess að þiggja þær undan tolli.

Nefndin telur heppilegast vegna innheimtu og reikningsskila lögreglustjóra, að lögin gangi í gildi við næstu áramót, en ekki þegar við staðfestingu, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Loks skal jeg geta þess, að nefndinni hefur borizt brjef frá umboðsmanni Monbergs um eftirgjöf á tolli á verkfærum til hafnargerðarinnar. Nefndin lítur svo á, að þá eftirgjöf sje ekki hægt að veita nema á fjárlögum. Vil jeg svo ljúka máli mínu með þeirri ósk, að háttv. deild samþykki frv. með þeim breytingum, sem

nefndin hefur gert á því, en bæti ekki mörgum brtill. við, því að það gæti gert innheimtuna erfiðari og jafnvel stofnað frv. í hættu.

Einar Jónsson: Það mun vera viðurkent af öllum, að hjer er um vandræðamál að ræða og eru því ekki tiltök, þó að menn reyni að breyta vörutollslögunum svo, að þau komi rjettlátlegar niður. Með þessu frv. og brtill. nefndarinnar er reynt til að bæta úr hinum mesta ójöfnuði, en þó virðist mjer, að ennþá vanti mikið á, að öll ákvæði verði svo sanngjörn og skýr, sem æskilegt væri. — Nefndin stingur upp á að skilja tilbúin áburðarefni og leirpípur undan tolli. En hún hefði líka átt að undanskilja alt það, sem landssjóður kaupir. Það er sannarlega óviðkunnanlegt, að landssjóður sje að borga sjálfum sjer toll og greiða svo og svo mikil laun til starfsmanna sinna fyrir ónæði það, sem þeir hafa við innheimtuna. Því ætti t. d. að vera undanþegið tolli efni til þeirra vita, brúa og síma, sem landssjóður lætur gera. Innheimtulaunin eru bein útgjöld fyrir landssjóð, og þau geta numið þó talsverðu, þegar um stórfyrirtæki er að ræða. — Jeg hef heyrt menn minnast á tvær vörutegundir, sem ættu að undanskiljast tolli, nefnilega mold til hreinsunar gasi, — af henni mun nú flutt til landsins um 40 tons á ári — og sandur, sem notaður er til jarðsteypumóta. Þetta eru hvorttveggja ódýrar vörur og ættu því eigi að tollast. — Jeg held, að 6. brtill. ætti að orðast öðruvísi. Undir þann lið, sem hún á við, heyrir „kokolit“ og virðist mjer því rjett að láta „línotol“ heyra þar undir líka, því að nú þegar er farið að nota það dálítið á gólf, og útbreiðsla þess fer sjálfsagt í vöxt. 10. brtill. fer fram á, að á eftir orðinu „tvinni“ í 6. málsgrein frv. komi: „og allskonar garni öðru en veiðarfæragarni“. En nú stendur í 4. málsgrein „seglgarni og allskonar netagarni“. Í brtill. ætti því að standa: „allskonar garni öðru en seglgarni og netagarni“. — Nefndin leggur til, að „eldfastur leir“ sje tekinn inn í 2. flokk. Stjórnarráðið hefur úrskurðað, að hann skyldi vera tollfrí eins og múrsteinn, en ef á að tolla hann, þá virðist hann eiga að vera í 1. flokki eins og kalk. Nefndin hefur stungið upp á, að „vjelaolíur til áburðar“ komi í staðinn fyrir orðið „vjelaáburður“. Betra virðist mjer að væri „olía til vjelaáburðar“. Í 8. brtill. vill nefndin setja „járnbrautarteinar“ í staðinn fyrir „teinar... til járnbrautargerðar“. Betra hefði verið að setja: „járnbrautarteinar og teinaspengur (Skinnelasker)“. Nú heyrir allskonar saumur undir 2. flokk og mundu „gaddar“ vera taldir þar með, og því er óþarft, að hafa þá hjer. — Áður en jeg sezt niður vil jeg geta þess, að jeg hafði ætlað mjer að koma fram með brtill. við þessa umræðu, en of seint varð að geta fengið hana prentaða í tíma. Jeg býst því við að koma fram með hana við 3. umræðu.

Jósef Björnsson: Jeg vil aðeins leyfa mjer að benda háttv. nefnd á, að það er óviðkunnanlegt, að þar sem hún telur upp jarðyrkjuverkfæri, tekur hún ekki nærri öll slík verkfæri með. Hún sleppir t. d. alveg rakstrarvjelum, vjelum til að snúa heyi með og mörgum fleiri verkfærum, er ástæða er til, að teldust til sama flokks. Vænti jeg þess hún taki þetta til athugunar og lagfæri það, ef hún sjer það fært.

Steingrímur Jónsson, framsögumaður: Nefndinni var ljóst, að ástæða gat verið til þess, að taka fleira með, en hún gerði. En hún varð að setja sjer einhver takmörk, og það vona jeg að henni hafi tekizt nokkurnveginn, Rakstrarvjelar eru fremur ljettar og að mínum dómi fremur ópraktiskar.

ATKGR.:

1. brtill. á þgskj. 438 við 1. gr. var samþ. með 9 samhlj. atkv.

2. brtill. á þgskj. 438 við 1 gr. var samþ. með 9 samhlj. atkv.

3. brtill. á þgskj. 438 við 1, gr. var samþ. með 10 samhlj. atkv.

4. brtill. á þgskj. 438 við 1. gr. var samþ. með 11 samhlj. atkv.

5. brtill. á þgskj. 438 við 1. gr. var samþ. án atkv.gr.

6. brtill. á þgskj. 438 við 1. gr. var samþ. í e. hlj.

7. brtill. á þgskj. 438 við 1. gr. var samþ. í e. hlj.

8. brtill. á þgskj. 438 við 1. gr. var samþ. með 9 samhlj. atkv.

9. brtill. á þgskj. 438 við 1. gr. var samþ. í e. hlj.

10. brtill. á þgskj. 438 við 1. gr. var samþ. með 10 samhlj. atkv.

11. brtill. á þgskj. 438 við 1. gr. var samþ. í e. hlj.

1. gr. frv. með áorðnum breytingum var samþ. í e. hlj.

2. gr. frv. var samþykt með 11 : 1 atkv.

12. brtill. við 3. gr. var samþykt í e. hlj.

3. gr., þannig breytt, var samþykt í e. hlj.

Fyrirsögnin var samþykt án atkv.gr.

Frv. var vísað til 3. umr. í e. hlj.

---

34. **fundur.** Miðvikudaginn 20. ágúst, kl. 1 síðdegis. Allir á fundi nema Sigurður Stefánsson þm. Ísafj.k., sem enn var veikur.

1. Fyrst var tekið til meðferðar 3. mál á dagskránni: *Frumvarp til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu.* 1. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg vil aðeins lýsa því yfir, að mjer þykir leitt, að þetta mál er komið svo langt, sem það nú er komið á þessu þingi. Þetta mál hefur gengið í gegnum Nd. og er nú komið hingað upp í Ed. Jeg lít sem sje svo á, að frv. þetta fari fram á að breyta síðasta vilja látins manns og verð jeg að álíta, að það sje hin mesta lögleysa. Þegar jeg var amtmaður, hafði jeg á hendi umsjón þessa sjóðs og hef jeg því nokkra reynslu um meðferð hans. Jeg hef útbýtt ásamt Davíð Guðmundssyni prófasti í Eyjafjarðarsýslu úr sjóði þessum undir 3000 kr. á hinum svonefndu hallærisárum 1882—1889. Mjer finst engin ástæða til þess að vera að breyta ákvörðunum gefandans um sjóðinn. Jeg vil því helzt, að frv. þetta verði felt frá 2. umr., en til vara vil jeg leggja það til, að 3 manna nefnd verði skipuð í málið, ef því skyldi verða vísað til 2. umr.

Frv. var vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Samþykt var með 10 samhlj. atkv. að skipa 3 manna nefnd í málið og hlutu þessir kosningu:

Guðmundur Björnsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Júlíus Havsteen.

Í nefndinni var Júlíus Havsteen kosinn formaður og Guðmundur Björnsson skrifari.

---

2. *Frumvarp til laga um heimild fyrir veðdeild landsbankans til þess að gefa út 4. flokk* (serie) *bankavaxtabrjefa.* 1. umr.

Steingrímur Jónsson: Jeg vil gera það að tillögu minni, að, að lokinni þessari umræðu, verði þessu máli vísað til nefndar þeirrar, sem áður hefur haft til meðferðar frumvarp til laga um ábyrgð landssjóðs á sparisjóðsfje Landsbankans. Það er eins og menn vita 5 manna nefnd.

ATKVGR.:

Frv. var vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. var vísað til nefndarinnar um landssjóðsábyrgð á sparisjóðsfje landsbankans í e. hlj.

---

3. *Frumvarp til laga um viðauka við lög um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884.* 1. umr.

Jósef Björnsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á því, að, að lokinni þessari umræðu, verði máli þessu vísað til nefndar þeirrar, sem hafði landskiftalögin til meðferðar.

ATKVGR.:

Frumvarpinu var vísað til 2. umræðu í e. hlj.

Málinu var vísað til landskiftalaganefndarinnar í einu hlj.

---

4. *Frumvarp til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði.* 2. umr.

Þar eð enginn tók til máls, var gengið til atkvæða um frumvarpið. Frumvarpsgreinin var samþykt í einu hljóði. Fyrirsögn frumvarpsins var samþykt án atkvæðagreiðslu. Frv. var vísað til 3. umr. í e. hlj.

---

5. Þá var tekið fyrir 1. mál á dagskrá, sem var:

Frv. til laga um bæjanöfn (407, 451, 491); ein umr.

Einar Jónsson: Jeg hef leyft mjer að koma fram með brtill. á þgskj. 491 við 6. gr. Þessar brtill. eiga aðeins að vera til skýringar á greininni, og það getur vel verið, að þeirra þurfi ekki með, en mjer þykir rjettara, að þær komi hjer til umtals. 3 málsgr. 6. gr. byrjar á þessum orðum: „Nú vill maður taka upp nýtt nafn á býli, sem ekkert nafn hefur í jarðabókinni, eða húsi eða þurrabúð í kaupstað eða sjóþorpi.“ Jeg bjóst við því, að hjer væri átt við það, ef menn vilja taka upp nýtt nafn á húsi eða þurrabúð, sem ekkert nafn hefur haft áður, og þykir mjer rjettara, að það sje tekið skýrt fram í frv., ef sú er meiningin, og legg jeg því til, að bætt sje við þessum orðum: „er eigi hefur áður haft sjerstakt nafn“. Mjer finst eigi rjett, að leyfa mönnum að hringla til um nöfn á húsum og þurrabúðum, eins og þeir vilja, fremur en nöfn á býlum, því að slíkt getur valdið óþægindum, og því þarf að taka þetta fram í frv. Í 6. gr. er ennfremur talað um að afhenda skuli sýslumanni til þinglesturs yfirlýsingar um nafn býlisins eða hússins, en ekkert er talað um borgun fyrir það. Jeg hygg, að sú sje meiningin í frv., að aðeins skuli greiða þinglestursgjald, þegar þinglýst er nýju nafni á býli, sem ekkert nafn hefur haft áður, en mjer þykir rjettara, að það sje tekið beint fram í frv., að fyrir slíka nafntöku skuli ekkert gjald greiða nema þinglestursgjald. Þessar breytingar, sem jeg hef farið fram á, eru því, eins og jeg þegar hef tekið fram, aðeins til skýringar á frv. Að vísu kosta þær það, að málið verður að fara til Nd. að nýju, og ef lögfræðingar hjer í deildinni halda, að þessar breytingar sjeu óþarfar, þá mun jeg ekki halda þeim fast fram.

Jósef Björnsson: Nefnd sú, sem hafði þetta mál til meðferðar, hefur tekið það til athugunar að nýju, eftir að það kom frá hv. Nd., og hefur nefndin, eins og álit hennar ber með sjer, leyft sjer að ráða hv. Ed. til þess að samþykkja frv. óbreytt. Breytingar hafa nokkrar verið gerðar á frv. í hv. Nd., og vill nefndin taka það fram, að hún álítur frv. harlalítið betra fyrir þær breytingar, þótt hún hinsvegar vilji

ekki ráða háttv. deild til að breyta frv. enn á ný, og senda það því næst aftur til Nd. upp á von og óvon um, hvort það nái þá fram að ganga. Af breytingum, sem gerðar hafa verið og máli skifta, má nefna þá breytingu á 5. gr. frv., að ef býlið er 5 árum eldra en lögin, skuli ekki greiða annað gjald fyrir leyfisbrjefið. en þinglestursgjald í stað þess, að býlið þurfti að vera 10 árum eldra en lögin, eins og efri deild gekk frá þeim. Þessa breyting verður nefndin að álíta til nokkurs skaða, en getur þó eigi látið hana standa í vegi fyrir því, að ráða hv. deild til þess að samþykkja frv. óbreytt. Um aðrar breytingar er það að segja, að Nd. þótti orðið nafnfesti, í stað leyfisbrjefs, óviðkunnanlegt, og hefur því fært það í þennan leyfisbrjefsbúning, sem henni þótti viðkunnanlegri, en nefndinni virðist Nd. hafa bygt útstrikun þessa orðs á misskilningi á fornri merking þess. Loks vil jeg fara nokkrum orðum um brtíll. þær, sem hv. þm. N.-Múl. hefur komið fram með, en sem nefndinni hefur ekki gefizt kostur á að athuga. Um fyrri brtill. er það að segja, að jeg get ekki sjeð, að hún sje möguleg, eftir því, hvernig greinin er orðuð, og að minsta kosti er hún óþörf eftir því sambandi, sem hún mundi standa í við orð greinarinnar. Um síðari brtill. hefur flutnm. nokkuð til síns máls, að minni hyggju, en nefndinni finst þó ekki ástæða til, að gera breytingu á frumv. í þessa átt, og heldur hún því fast við þá tillögu sína, að frv. verði samþykt óbreytt, eins og það kom frá Nd.

Einar Jónsson: Jeg skildi ekki almennilega athugasemd hv. frsm. við fyrri brtill. mína. Mjer finst brtill. koma rjett heim við frv., og vera til skýringar á ákvæðum þess. Málsgreinin hljóðar þannig: „Nú vill maður taka upp nýtt nafn á býli, sem ekkert nafn hefur í jarðabókinni, eða húsi eða þurrabúð í kaupstað eða sjóþorpi“.

Eftir þessu sýnist mega taka upp nýtt nafn á húsi aða þurrabúð. þótt þau hafi áður haft fast nafn, en til þess mun þó ekki hafa verið ætlazt, og því finst mjer rjett, að taka til greina þessa brtill. mína, að þau megi ekki áður hafa haft sjerstakt nafn, svo að menn geti ekki verið að breyta þessu fram og aftur, því að það getur valdið vafningi og óþægindum, og það vildi jeg láta fyrirbyggja.

Að því er aðra brtill. mína snertir, þá getur vel verið, að greinin verði ekki skilin öðruvísi en svo, að ekkert gjald verði heimtað annað en þinglestursgjald og um það atriði vildi jeg gjarnan heyra álit lögfræðinga hjer í deildinni.

Jósef Björnsson: Jeg ætla aðeins að taka það aftur fram, að jeg fyrir mitt leyti og sömuleiðis nefndin í heild sinni, álít þessar brtill. óþarfar. Að því er fyrri brtill. snertir, get jeg ekki sjeð, að það sje nein ástæða til þess, að bæta inn í frv. þeim orðum, sem tillagan fer fram á. Að því er seinni brtill. snertir, má geta þess, að í 6. gr. er leyfisbrjef hvergi nefnt, og með því að 25 kr. gjaldið er bundið við það, að fengið sje leyfisbrjef, er ekki ástæða til þess, að bæta við þeim orðum, sem brtill. fer fram á. Jeg leyfi mjer því enn að endurtaka það, að nefndin leyfi sjer að ráða hv. deild til þess að samþ. frv. óbreytt.

Einar Jónsson: Þar sem frsm. nefndarinnar hefur lýst því yfir, fyrir hönd nefndarinnar, að hún hefði sjerstaklega athugað síðari brtill. og ekki álitið, að hennar þyrfti með, svo frv. yrði skýrara, þá get jeg eftir atvikum látið mjer það nægja. Og þar sem frsm. nefndarinnar taldi hina brtill. óþarfa og lögfræðingarnir hafa ekki mótmælt því og þar með samþykt ummæli hans, þá getur ef til vill 6. gr. verið fullskýr, svo jeg tek brtill. aftur, til þess að málið þurfi eigi að fara aftur til Nd., þó

að jeg eigi að síður áliti rjettara, að þær hefðu verið samþ.

ATKVGR.:

Brtill. á þgskj. 491 teknar aftur.

Frv. sþ. með 9 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

6. 2. mál á dagskrá, sem var *Frv. til laga um forðagæzlu,* var tekið út af dagskrá.

---

35. **fundur.** Fimtudaginn 21. ágúst, kl. 1. e. h. Allir á fundi nema þm. Ísaf., Sig. Stefánsson, sem enn er veikur.

1. *Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913* (457). 3. umr.

Sigurður Eggerz: Jeg skal ekki vera langorður, það var að eins stutt athugasemd, er jeg vildi gera. Hæstv. ráðherra tók það fram við 2. umr. þessa máls, að það væri sprottið af vanþekkingu hjá mjer, að halda því fram, að skip gæti tekið kol í Færeyjum. Jeg skal fúslega játa það, að jeg hef ekki fengið þessa þekkingu mína hjá „Det forenede Dampskibsselskab", en þar fyrir hygg jeg, að hjer sje ekki talað út í bláinn. Jeg hef síðan aflað mjer upplýsinga um þetta atriði, og samkvæmt þeim upplýsingum, er jeg hef fengið, þá geta skip birgt sig svo af kolum í Færeyjum, að þau nægi þeim þótt þau fari í kringum land, þangað til þau koma aftur í Færeyjar. Og stundum hafa skip tekið kol í Leith á leið til Íslands, og þau duga, þangað til þau koma þangað aftur. Sje nú það, sem hjer hefur verið tekið fram, rjett, þá hefur Sameinaða fjelagið alls ekki neitt til að byggja kröfur sínar á.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að taka aftur fram, það sem jeg sagði við 2. umræðu, en læt mjer nægja að vísa til þess.

Annars finst mjer, að þótt hv. stjórn geti verið nógu hörkuleg á svipinn, þegar hún horfir framan í þm. V.-Skapt., að svipurinn sje ekki að sama skapi harður, þegar hún stendur augliti til auglitis við Dani.

Steingr. Jónsson, framsögumaður: Jeg ætla mjer ekki að svara ræðu hv. þm. V.-Skaft, (S. E.), en aðeins benda honum á, að það hefur verið stöðug krafa Íslendinga, að skipin kæmu ekki við í Færeyjum.

En úr því að rætt varð um frv. nú, þá vil jeg minnast á, að það hefur verið sagt af sumum, að það sje ósamræmi á milli ákvæðanna um endurgjald til símanna með tilliti til Patreksfjarðarsímans. En það er ekki rjett, að það sje ósamræmi þar á milli, því um Patreksfjarðarsímann er alt annað mál, og endurgjaldið bygt á öðrum grundvelli. Þar er lagt til, að þessi upphæð, 5000 kr., verði endurgreidd vegna þess, að þeir greiddu upprunalega of mikið til símans, vegna ónákvæmrar eða skakkrar áætlunar um kostnaðinn. Nú er búið að samþykkja hjer í hv. deild, að þessi lína verði í 1. flokki, og ef það nær fram að ganga, þá verður þar fylgt sömu reglu og um hina símana í frv., endurgreitt það sem er óborgað.

Frumv. samþ. með 11 samhlj. atkv. og endursent Nd.

Steingrímur Jónsson, framsögumaður: Nefndin hefur borið fram nokkrar brtill., alls tíu að tölu, á þgskj. 497.

Jeg skal þá fyrst geta þess, að það hefur orðið prentvilla í 2. brtill. Þar stendur „í 3. málsgrein", en á að vera „í 4. málsgr." Jafnframt vil jeg beina þeirri

ósk til hæstv. forseta, að hann beri 8. brtill. upp á undan 7. brtill.

Um 1. brtill. vil jeg, geta þess, að þar er ekki að ræða um annað, en að eldfastur leir er fluttur úr 2. flokki upp í 1. flokk, og kemur það heim við úrskurð stjórnarráðsins, en í gildandi lögum er hann hvergi nefndur, og hefur því verið reiknaður mismunandi tollur af honum hjá hinum ýmsu tollheimtumönnum, og sumir munu hafa talið hann í 6. flokki.

Önnur brtill. er um bátavjelar; nefndin telur rjett, að lækka toll á þeim, því á þeim er tilfinnanleg þörf.

Þriðja brtill. er í beinu sambandi við fyrstu brtill. og afleiðing af henni.

Þá er fimta brtill. Nefndin fer þar fram á, að bætt verði aftur inn í frumv. nokkrum hluta af því, er felt var burt við 2. umræðu. Það, sem hún hefur tekið upp, eru spengur til járnbrautargerðar, aftur hefur henni ekki fundizt ástæða til að taka upp rær og bolta, því rær er alt of óákveðið, en boltarnir munu vanalega ekki vera stærri en svo, að það sje hægt að telja þá með saum.

Sjötta breyt.till. er að bæta gólfbræðing aftan við gólfdúka. Er það gert eftir upplýsingum, er nefndin fjekk, og taldi hún það sanngjarnt.

Sjöunda og áttunda brtill. eru að eins orðabreytingar, er ekki þarf að gera sjerstaka grein fyrir.

Níunda brtill. er um, að 7. málsgrein falli burt. Nefndin telur ekki rjett, að láta báta vera tollskylda.

Loks er 10. brtill. örlítil viðbót.

Þessar brtill. fara í þá átt, að lækka gjaldið, en þó er það ekki eins mikið og sýnist í fyrstu, og jeg býst við, að það nemi mjög litlu.

Á þgskj. 485 fer háttv. 1. þm. Húnv. (Þ. J.) fram á að hækka gjaldið af póstbögglum úr 25 aurum upp í 40 aura, en við það er komin fram brtill. á þgskj. 490 frá háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) um, að póstbögglagjaldið verði 30 aurar. Nefndin hefur ekki tekið neina afstöðu til þessara brtill., þó tel jeg, að allir sjeu á móti 40 aura gjaldinu, en hinsvegar munu sumir nefndarmanna greiða atkvæði með því, að hækka gjaldið uppí 30 aura.

Forseti: Það er komin fram brtill. á þgskj. 501, en hún er ofseint fram komin, og vil jeg því bera undir háttv. deild hvort hún vilji leyfa tillöguna.

Það samþykt.

Hákon Kristoffersson: Jeg hef leyft mjer að koma fram með brtill. á þgskj. 501.

Fyrsti stafliður tillögunnar fer fram á að færa „karbid“, sem víða er notað sem eldsneyti, í 1. flokk. Eldsneyti þetta er nú orðið mjög notað í þarfir sjávarútvegsins, og jeg veit, að það er samkvæmt ósk og vilja útgerðarmanna, að þetta verði svo sem hjer er farið fram á, og mjer finst ekkert á móti því, að verða við þeim óskum. Annars er það sannfæring *mín*, að sem *minst* af vörum eigi að vera undanskilið tolli, en þá heldur að hafa tollinn lágan, ef svo sýnist. Og jeg álít, að menn ættu fremur að hafa það fyrir augum, að lagfæra flokkaskipunina, heldur en að fá vörur undanfeldar. Jeg vona, að þessi litla breyting fái hinar beztu undirtektir í háttv. deild.

Stafliður b er um, að 7. málsgrein falli burt, og í sambandi við þann staflið er næsti stafliður. Jeg lít svo á, að bátar, einkum mótorbátar, ættu að vera undanþegnir tolli, því við þurfum þeirra mjög svo með, og tollur á þeim gæti komið hart niður á báteigendum. Og þar sem háttv. nefnd er mjer samdóma um þetta, þar sem leirpípur til húsagerðar eru undanskildar tolli, sem jeg álít þó ástæðulaust, þá vænti jeg, að þessi tillaga fái góðan byr hjer í deildinni.

Jeg finn ekki ástæðu til að mæla frek-

ar með þessum tillögum, en treysti góðgjarnri athugun og sanngirni háttv. deildarmanna.

Þórarinn Jónsson: Aðeins örfáum orðum vildi jeg víkja að brtill. minni.

Til þess, að jeg hef gert þessa brtill., liggja tvær ástæður. Hin fyrri er sú, að jeg hef viljað koma á samræmi á milli gjaldsins af póstbögglum og af öðrum vörutegundum. Samkvæmt vörugjaldslögunum nú á að greiða 30 aura af vefnaðarvöru. Það er því innan handar fyrir kaupmenn að panta þá vörutegund með póstum í 10 punda bögglum og þurfa þeir ekki að greiða nema 25 aura, eða 5 aurum minna, auk þess er þeir þurfa ekki að greiða uppskipunargjald. Mjer finst vera sjálfsagt, að gera hjer á samræmi.

Hin ástæðan er sú, að þessir póstbögglar eru orðnir að hreinni plágu. Svo er það að minsta kosti á Norðurlandi, þar sem jeg þekki til. Það má heita, að þar panti nú nærfelt hver unglingur vörur frá útlöndum, mest frá Þýzkalandi. Eitt sinn komu t. d. í einu nær 20 tunnusekkir af póstböglum til Bönduóss, og það voru held jeg mest óþarfavörur, og svo er yfirleitt um þessar pöntuðu vörur, er koma í póstböglum, nema ef kaupmenn fara að nota sjer að panta þannig vefnaðarvöru, eins og jeg gat um áðan. Jeg skal geta þess, að jeg hef átt tal um þetta við fleiri póstafgreiðslumenn, og hafa þeir kvartað undan póstbögglamergðinni og vildu láta leggja jafnvel 1 krónu toll á hvern böggul. En þó ekki sje gengið svo langt, þá má úr þessu bæta nokkuð. Jeg sje, að það er komin fram brtill. um að gjaldið af hverjum póstbögli verði 30 aurar, er það þó nokkru nær, því þá er það sama gjaldið og af vefnaðarvöru; að eins losna menn þá við uppskipunargjaldið, sem þó altaf nemur nokkru.

Jeg sje ekki ástæðu til að ræða málið frekar, en vil skjóta þessu til háttv. deildar til athugunar. og vænti þess, að tillagan verði samþykt.

Eiríkur Briem: Jeg hef gert brtill. við brtill. á þgskj. 485, frá háttv. 1. þm. Húnv. (Þ. J.). Þó að jeg viðurkenni, að hann hafi nokkuð til síns máls, þá þykir mjer hann fara helzt til langt. Gjaldið af hverjum póstbögli er nú 25 aurar, og hver böggull má ekki vera þyngri en 5 kílógrömm, og verður því gjaldið 5 aurar á hvert kg. Með hækkun þeirri, er jeg hef leyft mjer að bera fram, verður gjaldið 6 aurar á hvert kílógramm, og finst mjer ekki vera ástæða til þess að fara lengra, því þá er ekki lengur hersýnilegur vinningur að því, að flytja vefnaðarvörur í póstbögglum. Og svo er þess að gæta, að þó að bögglar megi vera 5 kílógrömm að þyngd, þá munu þeir vanalega ekki vera svo hnitmiðaðir niður, og mun því mega gera ráð fyrir, að þeir sjeu að jafnaði ljettari. En svo er þess að gæta, að brúkuðu frímerkin má selja aftur með nokkru verði. Jeg geri ráð fyrir, að hingað muni vera fluttir um 40000 bögglar; það hefur verið nálægt því, og ef gjaldið verður hækkað um 5 aura, þá nemur hækkunin 2000 krónum, og vinst þar nokkuð upp í hinar breytingarnar, er hafa verið gerðar á lögunum.

Mjer finst ekki ástæða til þess að fara lengra, hvað hækkunina snertir, en upp í 30 aura, en jeg sje enga ástæðu til að hika við það, einkum er litið er til þess, að gjaldandinn fær stimpluð frímerki fyrir upphæðinni, en þau eru, eins og menn vita, altaf talsverðs virði, svo hann fær nokkurn hluta gjaldsins endurgoldinn.

Steingrímur Jónsson, framsögumaður; Jeg vil að eins lýsa því yfir, að nefndin tekur aftur 9. brtill. á þgskj. 497, en aðhyllist aftur brtill. undir staflið b og c á þgskj. 501.

Hvað brtill. á þgskj. 501 staflið a viðvíkur, þá hefur nefndin ekki tekið neina afstöðu til hennar, en hver einstakur nefndarmaður er þar óbundinn að öllu leyti.

ATKVGR.:

1. brtill. á þgskj, 497 samþykt í einu hljóði.

1. brtill. á þgskj. 501 samþykt með 9 samhlj. atkv.

2. brtill. á þgskj. 497 samþykt með 11 samhlj. atkv.

3. brtill. á þgskj. 497 samþykt án atkvæðagreiðslu.

4. brtill. á þgskj. 497 samþykt án atkvæðagreiðslu.

5. brtill. á þgskj. 497 samþykt í einu hljóði.

6. brtill. á þgskj. 497 samþykt í einu hljóði.

7. brtill. á þgskj, 497 samþykt án atkvæðagreiðslu.

8. brtill. á þgskj. 497 samþykt án atkvæðagreiðslu.

9. brtill. á þgskj. 497 tekin aftur.

b) brtill. á þgskj. 501 samþykt með 9 samhlj. atkv.

c) brtill. á þgskj. 501 samþykt með 9 samhlj. atkv.

10. brtill. á þgskj. 497 samþykt í einu hljóði.

Brtill. á þgskj. 490 samþykt með 8 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 485 með áorðinni breytingu samþykt með 8 : 1 atkv.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj. og endursent Nd.

---

3. *Frv. til laga um umboð þjóðjarða.* 483); 3. umr.

Eiríkur Briem, framsögumaður: Jeg stend aðeins upp til þess, að óska þess, að frv. þetta mæti hinum sömu góðu undirtektum hjá háttv. deild eins og við 2. umr.

ATKVGR.:

Frv. sþ. í e. hlj.

Verður endursent Nd.

---

4. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. okt. 1903, um kosningar til alþingis* (189, n. 461); 2. umr.

Hákon Kristoffersson, framsögum.: Eins og hv. deild er kunnugt, var máli þessu tekið vel við 1. umr. þess hjer í deild, og vona jeg, að sama verði við þessa umr. og hina 3.

Jeg hygg, að flestir geti orðið samdóma um það, að frv. bæti að minsta kosti úr sumum þeim göllum, sem eru á hinum núgildandi kosningarlögum. Nefndin, sem um málið hefur fjallað, hefur og gert sitt til að koma því í viðunandi horf. Vil jeg þar sjerstaklega þakka hv. 6. kgk. þm. (G. B.) fyrir hans góðu bendingar, einkum þó um gerð kosningaseðilsins. Þá vil jeg snúa mjer að frv. sjálfu og breytingum nefndarinnar á því, og þá jafnframt minnast á, hvaða breytingar ætlazt er til að verði á núgildandi kosningarlögum.

1. brtill. nefndarinnar á þgskj. 461 er við 1. gr. frv., 2. málsgrein, sem er breyting á 7. gr. kosningarlaganna frá 3. okt. 1903. Þar er um það að ræða, hvernig fara skuli að, þegar sýslumaður, sem nú er lögum samkvæmt oddviti kjörstjórnar, er sjálfur frambjóðandi, og er það hjer skýrt tekið fram, hver koma skuli í hans stað, þegar svo stendur á. Álít jeg, að þessi breyting sje til verulegra bóta frá því, sem nú er. Þá hygg jeg, að mönnum blandist ekki hugur um, að 2. gr. frv., sem á að verða 19. gr. kosningalaganna, sje til stórra bóta, og einnig að breyting sú, sem nefndin hefur gert á hinu upphaflega frv., sje hagkvæm.

Eins og kunnugt er, voru línurnar á

milli nafnanna miklu breiðari í frv. en nú er ætlazt til. Sömuleiðis voru deplarnir í svarta borðanum ferkantaðir í sýnishorninu fyrst, en nú eru þeir kringlóttir. Þetta álít jeg til bóta, því að meiri vissa er fyrir, að fullkomlega verði stimplað út fyrir kringlóttan depil en ferkantaðan reit.

Það var ofurlílill ágreiningur í nefndinni um það, hvernig merkja skyldi seðlana. Formaðurinn var í fyrstu heldur á móti því, að taka upp stimpilinn; en við nánari athuganir hallaðist hann að okkar skoðun, enda hafa ýmsir skilríkir menn, sem athugað hafa þessa aðferð, látið það í ljós við mig, að þeim litist vel á hana. Það má vel vera, að annað betra megi finna, en þetta mún vera hið bezta, sem nú er völ á; og vona jeg að hv. deild felli sig vel við þessa grein frv. með breytingum nefndarinnar.

Jeg gleymdi að geta þess áðan við 1. gr. þessa frv., að mesta breytingin, sem lagt er til að gera þar, miðar að því, að koma í veg fyrir, að frambjóðandi sje í kjörstjórn. Flestir munu samdóma um, að það sje óheppilegt. Það er ekki langt síðan, að það vakti óánœgju og olli frambjóðanda óþœginda. Við munum, að hv. þm. V.-Ísf. varð fyrir aðkasti fyrir það, að hann sat í kjörstjórn, þegar hann var sjálfur frambjóðandi, og álitið var, að kosningin mundi hafa fallið á annan mann (séra Kr. D.), ef núverandi þingm. V.-Ísf. hefði ekki átt kost á að dæma í sínu eigin máli. Með breytingum þeim, sem gert er ráð fyrir, á algerlega að vera girt fyrir, að slíkt geti komið fyrir framvegis.

Þá kem jeg að 3. gr. frv., sem á að breyta 26. gr. kosningarlaganna. Þar er undirkjörstjórn látin koma í stað yfirkjörstjórnar. Það mun vera vegna þessarar breytingar, að hv. formaður nefndarinnar (S. E.) skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara. Hann gat ekki felt sig við, að það vald, sem hjer ræðir um, væri flutt frá yfirkjörstjórn til undirkjörstjórnar. H. 6. kgk. (G. B.) lagði fátt til þess, og kvaðst ekki gera það að kappsmáli. Það er jeg, sem hef haldið þessu fast fram; jeg hygg, að það megi alveg eins trúa undirkjörstjórn fyrir að fara með þetta vald eins og yfirkjörstjórn. Jeg held því fram, að undirkjörstjórnir sjeu ekki hlutdrægari en yfirkjörstjórnir; hafi aðrir orðið þess varir, þá byggja þeir á reynslu, sem jeg þekki ekki; enda sje jeg ekki, hvernig undirkjörstjórnirnar eiga að geta beitt valdi sínu til óþœginda einstaklingum hreppsins.

4. gr. frv. er svipuð 31. gr. kosningarlaganna, nema nú á að nota stimpil við atkvæðagreiðsluna, í stað þess sem nú er gerður kross með blýanti. Jeg og þeir, sem þessu halda fram með mjer, við teljum það vera til bóta. Það er kunnugt, hve mörgum hefur gengið illa að gera krossinn, og atkvæði ónýtzt fyrir þá sök. En ef þetta er tekið upp, sem hjer er farið fram á, getur það tæplega komið fyrir, að atkvæði ónýtist fyrir þá sök, að merkið sje ekki eins og það á að vera. Með þessu er þá stutt að því, að vilji einstaklinganna fái að njóta sín í þessu, og hjer því um rjettlætisverk að ræða.

5. gr. frv., sem verður 38. gr. kosningarlaganna, er að mestu leyti eins og nú, að öðru leyti en því, að nauðsynlegar orðabreytingar hafa verið gerðar, út af því, að gert er ráð fyrir að nota stimpil í stað blýants.

Þá er 6. gr. frv., sem á að koma í stað 40. gr. kosningarlaganna. Aðalbreytingin þar er sú, að atkvæðagreiðslu megi aldrei slíta, fyr en 6 stundum eftir að hún hófst. Nefndin hefur hjer breytt nokkuð frá því, sem var í frv.; þar er gert ráð fyrir, að atkvæðagreiðslan standi yfir frá kl. 12 á hádegi til kl. 10 sd. í kaupstöðum, og frá kl. 12 til kl, 7 alstaðar annarsstaðar. Meðnefndarmenn mínir stungu upp á að breyta þessu þannig, að láta vera óákveðið, hvað atkvæðagreiðsla skyldi

standa lengi yfir í kaupstöðum, en í sveit. um skyldi ákveðið, að hún stæði frá kl. 12—6. Það getur hugsazt, að það mæti mótspyrnu, að hafa tímann svona langan, þó varla nema hjá kjörstjórnum. Það vakti fyrir oss, að gera öllum sem hægast að neyta atkvæðisrjettar síns. Við, sem kunnugir erum í sveit, vitum, að einstaklingarnir eiga oft örðugt með að mæta á mjög takmörkuðum tíma, heimilisstörfin banna það. Þessi breyting mun því verða vinsæl hjá almenningi. Og þar sem lögin gera ráð fyrir, að kjörstjórar hafi 4 kr. í kaup á dag, sýnist ekki til of mikils ætlazt, þó að þeir verji þessum tíma til að taka a móti atkvæðunum.

7. og 8. gr. frv. sje jeg ekki þörf á að ræða um; þar er aðeins nauðsynleg breyting, eftir því sem tilhagar, en um enga efnisbreyting að ræða.

Að endingu skal jeg geta þess, að ofurlítil stílsvilla hefur komizt inn í nefndarálitið hjá mjer. En jeg veit, að velviljaðir og sanngjarnir menn muni sjá, við hvað átt er og lesa í málið, um hina hirði jeg ekki.

Læt jeg svo úttalað um málið að sinni.

Einar Jónsson: Mjer er það ekki vel ljóst, hvernig á að koma saman 1. og 2. brtill. hv. nefndar. Í 1. brtill. stendur, að oddviti yfirkjörstjórnar skuli *ekki víkja sæti úr kjörstjórninni, „fyr en atkvæða kassar eru opnaðir og atkvæði talin“*. En í 2. brtill. stendur: „Sýslumaður eða bæjarfógeti er oddviti yfirkjörstjórnar. Ef hann er frambjóðandi, skal hann þó víkja sæti úr yfirkjörstjórninni *„meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði talin.“* Jeg sje ekki betur, en hjer sje mótsögn, þar sem í fyrri brtill. er gert ráð fyrir að oddviti víki úr sæti í kjörstjórninni *ekki fyr en atkvæðakassar eru opnaðir og atkvæði talin*, en í hinni síðari *meðan atkvæðakassar eru opnaðir og atkvæði talin*. Mjer er ekki ljóst, hvernig h. nefnd hefur hugsað sjer þetta, og þætti vænt um að fá skýringu á því.

Í 3. brtill. nefndarinnar er talað um fyrirkomulagið á kjörseðlunum. Þar er gert ráð fyrir, að í svarta borðanum sjeu hvítar *kringlur*, en alstaðar annarsstaðar í frv. eru þessar kringlur nefndar *reitir*. Það þarf því að breyta öðruhvoru, og hafa annaðhvort orðið allstaðar í frv.

Ef svo er, sem mjer sýnist, að ósamræmi sje á milli 1. og 2. brtill. h. nefndar og sömuleiðis 3. brtill. og orðalags frv. annarsstaðar, þá vildi jeg skjóta því til h. nefndar og h. forseta, hvort ekkt mundi rjettara, að taka málið út af dagskrá og leiðrjetta þetta, sem jeg hef minst á.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg sakna í frv. þetta eins ákvæðis, sem jeg bjóst við, að þar mundi verða sett. Það er að segja samskonar ákvæðis, sem er í frumv. um kosningar í bæjarstjórnir, um að kjörseðlarnir skuli vera úr góðum og þykkum pappír, og að þeir skuli vera þannig saman brotnir, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er þeir eru notaðir. Þessa ákvæðis sakna jeg, og sömuleiðis annars ákvæðis úr sama frv., er segir, að þegar kjósandi hafi sett merki við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill atkvæði gefa, þá skuli hann brjóta seðilinn saman í sömu brot, sem hann var í, þegar hann tók við honum. Það gengur yfir mig, að framhjá þessu skuli hafa verið gengið af þeim, sem um frumv. hafa fjallað, því að reynslan hefur sýnt, að langmest af mistökum við kosningar hafa stafað af því, að seðlarnir hafa ekki verið brotnir saman sem vera á. Þetta atriði hefur reynzt miklu þýðingarmeira en hitt, þótt einhver hafi verið svo skjálfhentur, að hann hafi ekki gert krossinn keiprjettan. Jeg vil skjóta því til háttv. nefndar, hvort henni sýnist ekki rjett að taka þetta atriði til athugunar til 3. umr.

Jeg er ekki viss um, að jeg geti verið

samþykkur 6. gr. frv., nje heldur tillögum nefndarinnar, þar sem gert er ráð fyrir, að kosningarathöfnin eigi að standa yfir 6 stundir, í stað þess sem í kosningarlögunum er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðslu megi slíta eftir tvær stundir frá því hún hófst, ef ekki gefa sig þá fleiri fram. Mjer sýnist það þýðingarlaust, að fastákveða tímann svona langan. Aðalatriðið er að ákveða einhvern ofurlítinn biðtíma eftir að hætt er að greiða atkvæði; með því er það trygt, að allir, sem á kjörstaðnum eru, geti neytt atkvæðisrjettar síns. Þess er að gæta, að kosningarnar fara að jafnaði fram á haustin, þegar dagur er orðinn stuttur, og getur þessi bið fram í myrkur orðið býsna óþægileg fyrir kjörstjórnina, sem verður að hima þar von úr viti, sjálfsagt oftast svo og svo lengi aðgerðalaus. Jeg held þessi langa bið geti jafnvel leitt til siðspillingar. Það getur vel komið fyrir, þegar kosning er úti, og menn þykjast sjá fyrir kosningaúrslitin, að þá sje farið að senda út um sveitina, til að smala saman nýjum kjósendum, þegar tíminn er svo yfirfljótanlegur til þess. Jeg þekki dæmi til þess, að við hreppsnefndarkosningu var sent þrisvar sinnum af stað eftir kjósendum, sem heima sátu; þá fyrst hafðist það fram, sem fyrir var barizt. Þetta kalla jeg siðspillandi, og því tel jeg breytinguna fremur til skaða en gagns.

Það herðir á mönnum að mæta í tíma, ef þeir vita, að tíminn er ekki mjög langur, sem atkvæðagreiðslan stendur yfir. Og það hljóta allir að sjá, að það er þýðingarlaust, að vera að bíða klukkutímum saman eftir því, að ljúka kosningarathöfninni, þótt kjörstjórn viti það með vissu, að allir hafi kosið, sem á nokkurn hátt má vænta að kjósa muni. Aftur getur það komið fyrir, að 6 stundir sjeu of stuttur tími fyrir alla til að kjósa, eins og hann getur verið þrefalt lengri eða meira en þörf er á.

Hvernig sem þetta er skoðað, er fátt, sem mælir með breytingunni, en margt á móti.

Jón Jónatansson: Það voru tvö atriði, sem jeg ætlaði að minnast á. Um annað þeirra, brotið á seðlunum, hefur háttv. þm. Strand. (G. G.) talað, og er jeg honum þar samdóma. Það hefði verið ástæða til þess, að nefndin hefði fyrst og fremst tekið þetta atriði til athugunar, og reynt að breyta til bóta, því það eru einmitt ákvæði kosningarlaganna um brotið á seðlunum, sem valdið hafa mestum ágreiningi, vafa og vandræðum, og vona jeg, að háttvirt nefnd taki þetta til nánari athugunar til 3. umr. og taki upp í frv. svipuð ákvæði um þetta, og það, sem nú stendur í frv. um bæjarstjórnarkosningar, sem nú er til meðferðar í þinginu.

En svo er annað atriði, sem jeg vil fara nokkrum orðum um. Bæði frv. og háttv. nefnd halda óbreyttu hinu meiningarlausa ákvæði 26. gr. kosningarlaganna um það, að sje kjörþing haldið annarsstaðar en á þingstað hreppsins, þá skuli yfirkjörstjórnin auglýsa það á *kirkjustöðum* hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi. Það er svo mikilsvert atriði fyrir kjósendur, að fá að vita í tæka tíð, hvar kjósa eigi, að það þarf að búa miklu tryggilegar um, að svo geti orðið, en hjer er gert. Það er eins og gert sje ráð fyrir, að messað sje á öllum kirkjustöðum á hverjum sunnudegi, en bæði er það, að því nær allir prestar hafa fleiri en einni kirkju að þjóna, sumir fjórum eða þaðan af fleirum, og auk þess verða ekki svo ósjaldan messuföll. Og enn er á það að líta, hvernig ætti að fara að, ef enginn kirkjustaður væri í hreppnum. Þessar bendingar sýna, hve ófullnægjandi þessi auglýsingaraðferð er, og þetta ákvæði er með öllu gagnslaust og blátt áfram hlægilegt; þyrfti því að finna betri aðferð; vona jeg, að nefndin taki þetta atriði til athugunar. Jeg geri ráð

fyrir, að nefndin hafi athugað kosningarlögin, en búast megi þó við, að ýmislegt sje fleira í þeim lögum, sem ástæða sje til að breyta, úr því verið er að breyta þeim hvort sem er, en jeg læt vera að fara lengra út í það að þessu sinni, þar sem jeg geri ráð fyrir, að háttv. nefnd muni en að nýju taka þau til skoðunar, áður en 3. umr. verður, og koma þá með nýjar brtill.

Sigurður Eggerz: Eins og nefndarálitið ber með sjer, hef jeg skrifað undir það með fyrirvara og hefur háttv. frsm. getið ástæðunnar til þess. Fyrirvari minn er í raun og veru um mjög lítilfjörlegt atriði. Mjer þykir rjettara, að ákvæði núgildandi kosningarlaga um það, að yfirkjörstjóri ákveði kjörstað í hreppunum, ef nauðsyn ber til, sje haldið, heldur en að vald þetta sje lagt í hendur undirkjörstjórnar. Yfirhöfuð vil jeg ekki breyta öðru í lögum þessum en því, sem jeg með vissu tel til bóta. Og svo er á það að líta, að ef undirkjörstjórn væri mjög pólitisk, gæti hún sett kjörstaðinn þannig, að sem erfiðast yrði að sækja fyrir andstæðingana. En meiri líkur til að yfirkjörstjórn fari eigi að breyta um kjörstaði, nema þá samkvæmt áskorun undirkjörstjórnar. Þá er jeg sömuleiðis samþykkur háttv, 2. þm. Arn. (J. J.), að eigi sje heppilegt, að auglýsa breyting kjörstaða á kirkjustöðum. Það getur verið, að eigi sje messað, og þá kemur auglýsingin að litlu liði, og jafnvel eigi víst, að kirkjustaður sje í hreppnum.

Þá vildi jeg, fyrst jeg á annað borð stóð upp, víkja örlítið að athugasemdum háttv. þm. N.-Múl. (E. J.) um 1. og 2. brtill. nefndarinnar. Get jeg ekki sjeð, að í þeim sjeu mótsagnir. Í hinni fyrri er tekið fram, hvenær oddviti eigi að víkja, en í hinni síðari, hve lengi. Nefndin sjer enga ástæðu til, að oddviti víki nema meðan atkvæði eru talin saman. Að því er brot seðlanna snertir, er jeg samþykkur háttv. þm. Strand. (G. G.) og háttv. 2. þm. Árn. (J. J.), að því skuli haga eins og við hlutfallskosningar.

Þá þótti háttv. þm. Strand. (G. G.) athugavert, að tíminn væri lengdur, sem mönnum væri gefinn kostur á að kjósa hjá kjörstjórn. Jeg get ekki betur sjeð, en að mönnum sje einungis gert hægara fyrir að kjósa með þessu fyrirkomulagi, því að það getur staðið svo á, að þeim sje ekki unt að koma innan hins ákveðna tíma, og eigi get jeg sjeð neitt athugavert við það, þó að sent yrði eftir mönnum, og að sem flestir gætu þannig neytt kosningarrjettar síns.

Steingrímur Jónsson: Jeg styð tillögu háttv. þm. N.-Múl. (E. J.) um að taka mál þetta út af dagskrá og vil jafnframt benda háttv. nefnd á, að mjer virðist dálítið ósamræmi milli 1. og 2. brtill., sem veldur því, að jeg get ekki almennilega greitt þeim atkvæði, eins og þær eru nú, en hinsvegar er mjer illa við að fella greinina. Ennfremur vil jeg benda háttv. nefnd á, að í 8. gr. stendur, að taka skuli upp í þessi lög viðauka þá og breytingar á kosningarlögum 3. okt. 1903, sem og breytingar á þeim lögum 9. júlí 1909, og hygg jeg, að varla sje hægt að koma því við, nema ákvæði laganna sje tekið upp í þennan texta, og væri rjettara fyrir háttv. nefnd að athuga þetta nokkru nánar.

Þórarinn Jónsson: Það var sjerstaklega eitt atriði, sem jeg vildi skjóta til háttv. nefndar, en málinu í heild sinni er jeg fremur mótfallinn og efast um, að breytingarnar verði til nokkurra verulegra bóta. Menn munu fara að æfast í að gera krossana, svo að ónýtum seðlum fari fækkandi.

Jeg get ímyndað mjer, að ef gamall og skjálfhentur kjósandi á í hlut, að þá geti orðið ofurlítið horn útundan hjá honum

við stimplunina, eða að stimplingin lýsist svo að lítið beri á henni, þegar hún þornar. Jeg tel ávalt varhugavert að breyta lögum, sem eru að fá festu, og menn eru að venjast.

Aðalatriðið í þessu máli eða þessum kosningum er það, að kjörstjórnin sje ekki sundurþykk. Er þá vanalega það tekið gott og gilt, ef vilji kjósandans kemur í ljós, þótt ekki sje eftir laganna bókstaf út í æsar. En sje kapp og stýfni í kjörstjórninni, mun það sýna sig, að þó að breytt verði um kosningaraðferð, verða deilurnar ávalt til um það, hvort atkvæði sjeu gild eða ekki. — En játa skal jeg það, að breytingin á skipun kjörstjórnar er til bóta.

Það atriði, sem jeg vildi skjóta til hv. nefndar, er, hvort ekki væri ástæða til að ákveða, hve lengi kjósandinn mætti lengst vera inni í kjörherberginu, Jeg minnist á þetta af því að jeg hef sannar sögur af því, að kjósandi, sem var dálítið við skál, fór að tala við sjálfan sig inni í kjörherberginu og halda ræður um frambjóðendur, en kjörstjórnin stóð ráðalaus, og gæti svo farið, ef margir gerðu slíkt, að allir kjósendur gætu ekki kosið, þrátt fyrir það, hve tíminn er langur.

Annars held jeg, að ekki sje mjög mikið unnið við að lengja kjörtímann, það venur menn á að trassa að sækja fundi. Aftur á móti getur tept ófært veður, en við því verður ekki spornað. Jeg býst ekki við, að greiða atkvæði með frv. þessu, en láta það afskiftalaust.

Einar Jónsson: Mjer nægir ekki sú skýring, sem jeg hef fengið um sambandið milli 1. og 2. málsgreinar. Jeg þykist skilja, að í fyrri málsgreininni sje átt við, að oddviti skuli ekki víkja fyr en opna á kassana, en orðalagið helgar ekki þetta, og hefði átt að orða þetta öðruvísi og segja: „ekki fyr en opna skal atkvæðakassana“, og væri það þá nægilega skýrt. Jeg stakk áðan upp á, að taka þetta mál út af dagskrá, og álít það enn heppilegt. Jeg er samþykkur hv. þm. Strand., að tíma takmarkið — 6 stundir — sje óþarflega langt; það getur jafnvel hjálpað til að venja menn á óstundvísi, en það er nóg til af henni samt. Kosningum getur víðast verið lokið á tveim til fjórum klukkustundum, og álít jeg þetta því óþarfa.

Hákon Kristoffersson, framsögumaður: Það er eðlilegt, að mál þetta mæti mótspyrnu, eins og önnur mál, og er það ekki nema sanngjarnt og gott, ef á rökum er bygt. Jeg efast ekki um, að hv. þm. N.-Múl. hafi rjett fyrir sjer, þó að jeg sjái það ekki, og má hann halda tölu í þriðja sinn, til þess að skýra mál sitt. Hv. þm. Strandam. mintist á brotið á seðlunum, og sá nefndin enga ástæðu til þess að gera breytingar í þá átt, því að vafasamt þótti hvort þær yrðu til bóta. Þá var hann og mótfallinn 6 stunda tímabilinu, eins og aðrir fleiri. Jeg skal játa það, að mjer er þetta ekkert kappsmál, en þau rök hafa ekki komið, sem hafa sannfært mig — en það er nú kannske erfitt. Lögin gera ráð fyrir, að kjörstjórar fái 4 kr. í kaup á dag, og er sanngjart, að þeir vinni fyrir peningunum. Þessi hv. þm. sagði, að senda mætti eftir mönnum, ef tíminn væri svona langur, og menn vissu, hvernig atkvæði fjellu, og það veit jeg líka, að hv. þm. Strand. mundi nota sjer, ef til kæmi. En hvernig á að vita um það, hvernig atkvæði falla við leynilegar kosningar? Og álít jeg þetta því ekki varhugavert. Þá þykir hv. þm. Árn. óviðkunnanlegt, að auglýsa flutning kjörstaðar á prjedikunarstólnum, en víða er í lögum ákvæði um, að auglýst skuli á kirkjustöðum. Þá vill vinur minn, hv. þm. Skaftf. ekki láta undirkjörstjórn ráða því, hvort kjörstaður er færður til eða ekki, og er það galli á jafn þjóðræknum manni, að vilja

ekki færa valdið þangað, sem það er bezt komið, og þegar jafn skynsamur maður heldur því fram, að yfirkjörstjórn sje ekki eins hlutdræg eins og undirkjörstjórn, þá er auðsætt að hann er að tala um sig. En gæta verður hann þess, að allir þeir, sem í yfirkjörstjórn sitja, eru — að þeim ólöstuðum — tæplega honum líkir.

Jeg er ekki hissa á því, að hv. 1. þm. Húnv. er frv. þessu ekki meðmæltur. Jeg hafði hugsað mjer, að skýra frá, hve mörg atkæði orðið hefðu ógild við síðustu kosningar, fór til stjórnarráðsins, fjekk þar engar upplýsingar, en var vísað til skjalasafns þingsins, en það var ekki á mínu færi að finna þær í þeirri súpu.

Jeg held því ekki fram, að þetta mál sje gallalaust, en það er einkennilegt, þegar skynsamir menn sýna aðeins verri hliðina. Jeg held það sje ekki rjett hjá hv. þm. Húnv., að kjósendur sjeu orðnir svo vanir að gera krossana, að það geti ekki mistekizt, en jeg er því samþykkur, að ef sæist, hvar kjósandi hefði viljað setja kross, þá ætti ekki að ónýta seðilinn. Ummæli sama hv. þm. um ölvaða kjósandann, er hann var að segja frá, geng jeg alveg fram hjá.

Þess má geta, að í kjörstjórn geta setið þeir heiðursmenn, að þeir taki ekki hart á smávægilegustu misfellum við seðlana, eins og t. d. var í Barðastrandasýslu síðast, þar sem voru 53 vafaseðlar, sem þó voru flestir teknir gildir eftir á, en ef þessir menn hefðu verið hlutdrægir, hefðu seðlarnir kannske allir verið ónýttir.

Jeg held því ekki fram, að þetta frv. sje gallalaust, og jeg er öllum þakklátur, sem benda mjer á þá og vilja styrkja að því, að gera frv. þetta sem aðgengilegast, og læt jeg svo úttalað um þetta mál að sinni.

Guðm. Björnsson: Jeg vil gera mitt til þess, að mál þetta verði sem minst til tafar, og vil þess vegna benda á það, að til þess að nefndin geti farið að vinna að frumv., þarf hún að fá að vita. hvað meiri hluti hv. deildar vill aðhyllast af þeim brtill., sem fram hafa komið.

Jeg ætla að drepa örfáum orðum á þessar breytingartillögur, og vík þá að 1. brtill.

Sú skoðun virðist nú ríkja um land alt, að það eigi mjög illa við, að sýslumenn skipi yfirkjörstjórn, er þeir eru sjálfir frambjóðendur. Það er og auðsætt, að sú skoðun hefur mikið til síns máls, þar sem sýslumenn fá þannig ráðið miklu um, hvaða seðlar eru taldir gildir eða ógildir.

H. þingdm. hafa eigi verið sammála um, hvernig skilja eigi brtill. nefndarinnar, hafa fett fingur út í orðalagið og óttast, að það mundi valda misskilningi. En sá ótti er ástæðulaus. Þegar „atkvæðakassar eru opnaðir og atkvæði talin", getur þýtt bæði þegar *farið* er að opna og telja og þegar *lokið* hefur verið að opna og telja. En þegar næsta málsgrein er lesin, sjest, við hvað er átt, svo að misskilningur fær trauðla komizt hjer að.

Þá kemur breytingin á kjörseðlunum. Það tel jeg veigamestu breytinguna, sem í frv. felst. Það er eðlilegt, að lítt pennafærir menn hiki við, og þurfa að velta því fyrir sjer, hverig þeir eigi að gera þennan kross og þetta brot á honum, sem lögskipað er. Jeg hef iðulega verið sjónarvottur að því við kosningar hjer í Reykarík, hve lengi mönnum hefur dvalizt inni í kjörklefunum. Þeir hafa staðið þar lon og don, af því að hik hefur komið á þá, er þeir áttu að setja markið á kjörseðilinn, og árangurinn svo orðið stundum, að seðillinn hefur orðið ónýtur. Það hefði farið minni tími í þetta fyrir þeim, ef þeir hefðu getað notað stimpil. Það er miklu þægilegra og vandaminna, að mega setja stimpilinn yfir alla hvítu kringluna, eins og hjer er farið fram á. Það er alt annað að eiga að gera kross með blýant. Skjálfhentum manni getur auðveldlega mis-

tekizt *það*, en miklu síður að stimpla á þann hátt, sem hjer er gert ráð fyrir.

Breytingaratkvæðið um tímann getur vel verið að megi misbrúka. En í því efni er það *aðalatriðið*, að tryggja það sem bezt, að allir, sem vilja, geti notið kosningarrjettar síns. Jeg er sannfærður um, að það getur oft komið fyrir til sveita, að menn eigi ekki hægt með að komast snemma af stað heimanað frá sjer, og sleppi ferðinni á kjörfund með öllu, er þeir urðu síðbúnir, af því að þeir halda, þá, að það sje ekki til neins — alt verði um garð gengið, þegar þeir koma. Veður og búannir geta hamlað ferðum manna árdegis, en þær tálmanir geta horfið, er líður á daginn. Og það verður að tryggja mönnum kosningarrjett sinn, þó að eitthvað tálmi ferðum fyrra hluta dags. Það leikur varla á tveim tungum, að þau breytingarákvæði, er hjer er farið fram á, gera það *betur* en ákvæði núgildandi laga um þetta efni.

Jeg sje ekki ástæðu til að taka málið út af dagskrá nú. Hitt virðist mjer skynsamlegri aðferð, að greiða atkvæði um það nú, svo að nefndin sjái, hvaða breytingar hv. deild vill aðhyllast og hverjar ekki.

Jósef Björnsson: Jeg er sammála h. nefnd um, að ýmsar breytingar frv. sjeu til bóta, og það sjerstaklega fyrsta breytingin, sú megin breyting þess, að sýslumaður megi ekki sitja í kjörstjórn, ef hann sjálfur er frambjóðandi.

Breytingin á kjörseðlunum er aftur á móti nokkurt vafamál. Krossarnir eru að vísu oft nú þannig gerðir, að seðlarnir verða ógildir. En það er líka nokkuð vafasamt, hvort stimpluðu seðlarnir, sem hjer er farið fram á, geta ekki orðið ógildir. Það er ekki ómögulegt, að skjálfhentur maður geti farið þannig að með stimpilinn, að kjörseðillinn verði ónýtur.

Um lengingu tíma til atkvæðagreiðslu eða tímalengdina, sem ætluð er kosningarathöfninni sjálfri, vildi jeg benda hv. nefnd á það, að jeg hygg, að hún hafi eigi haft í huga, á hvaða tíma kosning fer fram, sem sje fyrsta vetrardag. Þá er tekið að gerast stuttir dagar og dimt á kvöldum. Það er augljóst, ef kosningin dregst svo lengi, að nemi 6 klst., að þá muni margir menn verða nokkuð seint á ferli, og geta ekki náð heim til sín fyr en komið er langt fram á nótt. Þótt ástæða sje til að lengja tímann, tel jeg svo mikla lenging fullkomlega óþarfa.

Það hefur orðið deila um 1. brtill. nefndarinnar, og hvort samræmi væri milli hennar og næstu brtill. Hv. frsm. (H. K.) gat ekki sjeð rjettmæti ummæla hv. þm. N.-Múl. (E. J.) um það efni. En mjer finst augljóst, að „atkvæði talin“ þýði, er atkvæði *hafa verið talin*. Ef sagt er t. d.: „maður er veginn“, þá merkir það að *búið* er að vega hann eða drepa hann. Líka merkingu verða þessi orð *atkvæði talin* að hafa. En það er vel hægt að samþykkja þessar brtill. í því trausti, að hv. nefnd lagi þetta við 3. umr.

Jeg verð því að vera sammála hv. 6. kgk. þm. (G. B.) um, að það sje ekki ástæða til að taka málið út af dagskrá, heldur sje rjettara, að laga það við 3. umr., er laga þarf. Það er ekki til annars en tefja málið að taka það út af dagskrá, en það er ekki rjett, því að það felur í sjer góðar og nauðsynlegar umbætur, að minsta kosti að sumu leyti.

ATKVGR.:

1. brtill. á þgskj. 461 samþykt með 8 shlj. atkv.

2. brtill. á þgskj. 461 samþykt með 9 shlj. atkv.

1. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. h.

3. brtill. á þgskj. 461 við 2. gr. sþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 8 atkv. gegn 1.

3. gr. feld með 6 atkv. gegn 6 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Eiríkur Briem,	Einar Jónsson,
Guðm. Björnsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Hákon Kristoffersson,	Jón Jónatansson,
Jósef Björnsson,	Sigurður Eggerz,
Júlíus Havsteen.	Þórarinn Jónsson.

4. brtill. á þgskj. 461 við 4. gr. sþ. með 9 shlj. atkv.

4. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 9 samhlj. atkv.

5. gr. sþ. með 8 shlj. atkv.

5. brtill. á þgskj. 461 við 6. gr. sþ. með 7 atkv. gegn 4.

6. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 8 atkv. gegn 2.

7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkvgr.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

---

5. *Frumvarp til laga um forðagæzlu* (470, 478, 486, 500); 3. umr.

Guðjón Guðlaugsson, framsögumaður: Það eru komnar fram nokkrar brtill. við frv. og standa þær í sambandi við athugasemdir, er gerðar voru við 2. umr.

1. þeirra er við 3. gr. Aðalefni hennar er að fastákveða, að skoðanirnar verði eigi nema tvær, en ekki þrjár, eins og ákveðið er hjer í frumvarpinu. En í stað þess er aftur farið fram á, að gæzlumaðurinn skuli kynna sjer vandlega að vorinu skepnuhöld og fyrningar á hverju heimili. Enn fremur er farið fram á það, að í reglugerð þeirri, er ætlazt er til að sýslunefnd setji samkvæmt 8. gr., sje ákveðið, hvenær eftirlitsferðir þessar skuli farnar, og hvernig forðagæzlumaður skuli að vorinu afla sjer vitneskju um fyrningar og skepnuhöld.

2. brtill. er afleiðing af 1. gr., og sama er að segja um brtill. a og b við 6. gr. Brtill. 3 c. er aftur efnisbreyting. Þar er það lagt til, að aðalskýrslur skoðunarmanna sjeu lagðar fyrir sýslunefndarfundi til athugunar, eins og tíðkazt hefur. Jeg er ekki trúaður á, að þetta komi að miklu gagni, en sje hinsvegar ekki mikið á móti því.

Þá er *d*-liður 3. brtill. Hann fer fram á, að forðagæzlumaður lesi upp skýrslurnar á næstu vorhreppaskilum eða öðrum almennum sveitarfundi, í stað þess, að nú ætlast frumvarpið til, að það sje á hausthreppaskilum. Margir ætla, að þessi upplestur komi því aðeins að fullum notum, að skýrslurnar sjeu lesnar upp, er þær eru sem allra nýjastar. Jeg kynni bezt við, að ákveðið væri, að þessi upplestur færi undantekningurlaust fram á vorhreppaskilum, og er því hlyntur brtill. á þgskj. 478. En nefndin hjelt, að skýrslurnar væru ekki altaf tilbúnar á vorhreppaskilum. Því var komið fram með þessa brtill. á þgskj. 486 til málamiðlunar, og bætt við orðunum: „eða öðrum almennum sveitarfundi“. Það tíðkast í flestum hreppum, að haldnir eru almennir sveitarfundir, þar sem hreppsómögum er ráðstafað o. fl., og þeir eru oft betur sóttir, en vorhreppaskil, að minsta kosti þar sem jeg er kunnugur. Og þá er eigi óeðlilegt, að þeir væru notaðir til að lesa upp á þeim skýrslurnar, ef það kynni að þykja hentugra. Orðið hreppstjóri er og strykað burt, en í stað þess er sett forðagæzlumaður, því að trúlegt er, að hann lesi betur upp það, sem hann hefur sjálfur skrifað.

Þá er farið fram á, að bæta aftan við 10. gr. ákvæði í samræmi við horfellislögin. Það kom fram við síðustu umræðu, að þetta ákvæði vantaði.

Þá er brtill. við 11. gr. um að orða 1. málsgrein þannig:

„Sá, er sekur verður um horfelli

samkvæmt 10. gr., skal sæta sektum frá 10 til 100 kr., eða einföldu fangelsi alt að 6 mánuðum. Önnur brot gegn þessum lögum eða almennum sjerstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim, varða sektum frá 5—100 kr., nema hærri hegning sje ákveðin í almennum lögum. Sektirnar renna í sveitarsjóð".

Þetta ákvæði er tekið úr horfellislögunum, af því að nefndin fjekk vitneskju um, að sjaldnast mundi hægt að heimfæra brot gegn lögum þessum undir hin almennu hegningarlög.

Þá er brtill. á þgskj. 478. Nefndin hefur ekki rætt hana, en býst við, að flutningsmaður hennar, háttv. þm. Skagf. (J. Bj.), haldi henni ekki fast fram, er nefndin hefur komið með brtill., er fer í líka átt.

Þá er brtill. frá háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) á þgskj. 500. Það hefur enn ekki verið fengið leyfi til að bera hana undir atkvæði, og jeg veit eigi, hvort háttvirt deild vil leyfa það, svo að jeg minnist eigi á hana að sinni.

Forseti: Brtill. á þgskj. 500 hefur eigi verið útbýtt fyr en nú í fundarbyrjun, svo að fá verður leyfi deildarinnar til þess, að greitt sje atkvæði um hana nú. Bið jeg þá háttv. þingdeildarmenn, sem veita vilja þetta leyfi, að gera svo vel að standa upp.

ATKVGR.:

Leyfið veitt í einu hljóði.

Jósef Björnsson; Að eins örfá orð um brtill. mína á þgskj. 478.

Jeg er fullkomlega sammála háttv. framsm. (G. G.) um, að upplestur á þeim skýrslum, er hjer ræðir um, komi að mestu gagni, ef stutt er til hans, frá því skýrslurnar eru gerðar. Og það leikur ekki vafi á, að sá skýrsluupplestur, sem hefur átt sjer stað í sumum sveitum, hefur haft góð áhrif á meðferð á skepnum og hirðing á þeim, og yfir höfuð átt þátt í að bæta ástandið í þeim efnum. En ef þessi upplestur ætti að dragast mjög lengi, þá mundi mjög draga úr þýðingu hans. Jeg hef því komið með brtill. á þgskj. 478, af því jeg lít svo á, að vorhreppaskil sjeu víðast fjölsóttari en hausthreppaskil. og af því að þau liggja nær skoðuninni sjálfri. Háttv. framsm. (G. G.) bjóst við, að jeg tæki hana aftur, er nefndin hefur komið með brtill. í líka átt, en eg geri það ekki að svo stöddu. Það stafar sjerstaklega af því, að háttv. nefnd hefur komið með breytingaratriði, sem jeg get ekki fallizt á, og tel eigi heppilegt. Hún vill leyfa að lesa skýrslurnar á öðrum fundi en vorhreppaskilum. Á þau koma einmitt flestir skepnueigendur, og því vil jeg ekki að leyft sje að lesa þær annarsstaðar. Það getur verið margt, er kalla má hreppsfundi, t. d. unglingafjelagsfundi og fleiri fundi. Má vel vera, að fáir skepnueigendur mæti á slíkum fundum, og missir upplesturinn þá þýðingu sína.

Þess vegna held jeg fram brtill. minni, þangað til jeg sje, hvort d-liður 3. brtill. verður samþyktur. Jeg kýs heldur, að mín brtill. verði samþykt, en skal þó fúslega játa, að nefndin hefur gengið til móts við mig.

Úr því að jeg stóð upp, vil jeg taka það fram, að mjer virðast sumir háttv. þm. hjer í deildinni hafa gert fullmikið úr horfelli hjer á landi. Það er hægara fyrir menn að slá slíku fram, en að sanna það. Einmitt það, hvað horfellislögunum hefur sjaldan verið beitt, sýnir bezt, að erfitt mundi að færa sönnur á slíkar staðhæfingar. Það hafa fallið þau orð hjer í deildinni, að horfellir ætti sjer víða stað, og lambadauði verið talinn eitt af því, er sannaði þetta, því lambadauðinn stafaði af slæmri hirðing og megurð á fjenaðinum, og hann væri mjög almennur. En mjer væri auðvelt að færa rök að því,

að lambadauði getur átt sjer stað, þó að fjeð sje í bezta standi. Hann getur vitanlega stafað af megurð, en líka af mörgum öðrum orsökum. Það geta líka orðið mikil vanhöld á fullorðnu fje af sjúkdómum, þótt ekki sje heyskorti til að dreifa. Að segja, að lungnaveiki stafi ætíð af illri meðferð, heyleysi og hor, nær engri átt, og sama má segja um ýmsa sjúkdóma aðra. Lungnaormurinn spyr ekki að því, hvort hey sje til eða ekki. Sá sjúkdómur gerði mikinn skaða á Möðruvöllum í Hörgárdal fyrir nokkrum árum, og hef jeg hvorki fyr nje síðar heyrt því haldið fram, að það hafi verið fyrir heyskort og illa meðferð. Síður en svo. Annarsstaðar hefur og hið sama komið fyrir. Nei, þótt ástandið kunni sumstaðar að vera ekki sem bezt, þá ættu menn ekki að gera þjóðinni þá vanvirðu, að fara með slíkar órökstuddar fullyrðingar, sem heyrzt hafa hjer í deildinni undir umræðunum um þetta mál. Það er rjett að benda á gallana og draga enga dul á þá, en hitt er ekki *rjett*, að segja þá miklu meiri og verri en þeir eru, því það er vafasamt, hvort slíkt er æskileg upphvatning til að taka sjer fram.

Hákon Kristoffersson: Jeg get ekki greitt atkvæði með d-lið 3.brtill. nefndarinnar, því að jeg álít, að hausthreppaskilin sjeu fult svo heppileg í því efni, sem hjer er um að ræða, eins og vorhreppaskil. Í Vestur-Barðastrandarsýslu er það svo í sumum hreppum, að einir 5—6 bændur koma á vorhreppaskil, en allir eða flestir á hausthreppaskil. Betra væri, ef í brtill. stæði: „annaðhvort á vorhreppaskilum eða hausthreppaskilum“. En að nota almenna sveitarfundi til upplesturs, finst mjer ástæðulaust. Þá álít jeg og betra, að hreppstjórinn lesi upp heldur en forðagæzlumaðurinn, því að hugsazt gæti, að forðagæzlumaðurinn væri ekki viðstaddur, en hreppstjórinn er þó í flestum tilfellum staddur á hreppaskilum. Eins og frv. er nú, þá verð jeg að halda því fram, sem jeg áður hef sagt, að það sje að mörgu leyti mesti gallagripur. Líka er það mitt álit, að óviðlíka mál og þetta þurfi að vera athugað og undirbúið, áður en á þing væri komið, þ. e. rætt á sveitareða þingmálafundum, en ekki hrapað að því á nokkurn veg, eins og mjer virðist á þessu frv. að gert hafi verið.

Sigurður Eggerz: Brtil. mín á þgskj. 500 miðar að því, að gera aðferðina við samning reglugerða fyrir forðagæzlumenn einfaldari. Í frv. gætir alt of mikillar skriffinsku, og hygg jeg, að nægilegt sje, að sýslunefndirnar og stjórnarráðið fjalli um reglugerðirnar, eins og brtill. mín fer fram á. Jeg vil líka leyfa mjer að benda hv. deild á, að allar líkur eru til, að vinna hallærisvarnastjórans verði svo mikil, að menn ættu að gæta þess, að ofbjóða ekki kröftum hans. Hann verður sjálfsagt svo störfum hlaðinn, að ósvinna væri að launa hann ekki eins og skrifstofustjórana í stjórnarráðinu og láta hann hafa eftirlaun. Jeg hef því viljað lagfæra frv. að þessu leyti. — Jeg er auðvitað samdóma hv. flutnm. þessa frv. um það, að nauðsyn beri til þess, að setja gætilega á. En jeg hef enga trú á, að það bæti neitt úr skák, þó að löggjafarvaldið sje með nefið niðri í hverri kirnu. Og jeg vil alvarlega taka í sama streng, sem hv. þm. Skagf., að alt það horhljóð, sem hjer hefur verið í deildinni, er alveg óþolandi. Jeg get að minsta kosti fullyrt það, að þar sem jeg þekki til, kemur það ekki fyrir, að fje sje felt úr hor. — Annars er jeg hlyntur því frv., sem liggur fyrir, því að jeg álít, að það geti komið að góðu haldi, en jeg er hálf hræddur við, að svo geti líka farið, því miður, að frv. þetta, ef samþykt verður, reynist viða aðeins dauður bókstafur,

Guðm. Björnsson: Jeg vil leyfa mjer að gera nokkrar athugasemdir út af sumu því, sem fram hefur komið í umræðunum. Nefndin hefur fengið ávítur úr mörgum áttum fyrir það, að hún hafi verið ofharðorð um horfellinn hjer á landi. Það er sjálfsagt, að jeg taki ábyrgðina á mig, því að jeg var skrifari nefndarinnar, en þó vil jeg geta þess, að í henni sátu menn úr öllum landsfjórðungum, og kom þeim öllum saman um, að ekki væri ofsögum sagt af ástandinu. Það getur verið háskalegt að temja sjer það, að breiða yfir alt, sem miður fer. Það kann að vera satt, að til sjeu þau hjeruð, þar sem fje hefur ekki verið felt úr hor nýlega. en jeg hygg, að vandalaust sje að sanna, að ástandið er því miður ekki alstaðar svo gott. Jeg vil líka leyfa mjer að benda á, að annar eins maður og Torfi í Ólafsdal hefur nýlega tekið enn þa dýpra í árinni, heldur en nefndin hefur gert. Jeg verð að lýsa yfir því, að jeg vil heldur segja satt um slíkt mál, þótt sumir kunni að reiðast, heldur en að fá lof manna fyrir það, að breiða yfir sannleikann. Menn kunna að geta gert sig vinsæla af sveitungum sínum fyrir að forsvara þá í slíkum efnum, en það er sæmilegri iðja að segja mönnum hlíðarlaust til syndanna, ef þeir eiga það skilið. Það er með horfellinn eins og með drykkjuskapinn, að menn eru farnir að skammast sín fyrir hann, og reyna því að breiða yfir hann á allar lundir. Því er það, að nú eru menn farnir að kenna skitu, gigt o. s. frv. um það, sem hornum er að kenna. Jeg gæti fært nægar sannanir á mitt mál, ef jeg vildi það viðhafa.

Mjer dettur ekki í hug að fara að deila við hinn hv. þm. V.-Skaptf. út af því, er hann sagði um hallærisvarnastjórann. Jeg vil aðeins spá því, að hann muni sjá þann dag, ef hann lifir lengi, að þjóðin skynji, að framkoma mín í hallærisvarnamálinu hefur verið á fullum rökum bygð. Jeg er ekkert hræddur við dóm framtíðarinnar um það mál.

Jósef Björnsson: Jeg vil taka það fram gagnv. 6. kgk., að jeg hef ekkert tilefni gefið til þeirra ummæla hans, að jeg væri að forsvara sveitunga mína. Jeg var alls ekki að reyna að bera blak af þeim, nefndi þá ekki á nafn. Ræða mín beindist heldur ekki á móti nefndarálitinu, heldur gegn ýmsum ummælum hjer í deildinni, sem mjer hafa fundizt fullsvæsin. Hinn hv. þm. sagði, að menn kendu oft skitu, gigt o. fl. um það, sem hornum væri að kenna. En ætli, að það geti ekki verið, að mennirnir segi satt? Jeg skal taka eitt dæmi úr mínu hjeraði. Einn bezti bóndinn þar, sem fer ágætlega með fje sitt, misti síðastl. vetur töluverðan hluta af ám sínum úr einhvers konar lungnaveiki. Þetta var allsnemma vetrar, og heybirgðir yfirfljótanlegar. Um veikina var ráðgast við dýralækni, og við ærnar reynt ýmislegt, en þær dóu samt þrátt fyrir gnægð heyja og góða umönnun. Það eru líkindi til, að ærnar hafi verið orðnar magrar um þær mundir að þær drápust, en ekki var það af heyskorti, og fjarstæða væri að telja slíkt horfelli. Annað dæmi skal jeg nefna. Eftir að jeg stóð upp og hafði tekið til máls, er mjer rjettur seðill sá, er jeg held á, og á hann er ritað: Á Möðruvöllum drápust sauðir á annan vetur frá nógu og góðu heyi úr lungnaormaveiki fyrir miðjan vetur. Hv. forseti þessarar deildar, sem þá bjó þar, hafði orð fyrir að ala fje sitt manna bezt. Væri nú nokkurt vit að kalla slíkt horfelli? Mörg fleiri slík dæmi gæti jeg nefnt. Það, sem jeg vildi benda á með ræðu minni, var þetta: að skepnufellir stafaði ekki alt af af fóðurskorti. Það er satt, að maður á ekki að gera ástandið of bjart, en maður á ekki heldur að gera það of svart. — Annars skal jeg taka það fram, að jeg mun styðja brtill. hv. þm. V.-Skf,, af því

að jeg veit ekki, hvort hallærisstjórnin kemst á laggirnar. En þetta frv. á að geta staðið, hvað sem öðrum frumv. líður, sem á ferðinni eru á þinginu.

Steingrímur Jónsson: Jeg mun áður hafa eitthvað andæft öllu þessu horfellistali, en jeg vil leyfa mjer að vísa á bug þeim orðum háttv. 6. kgk., að jeg sje að reyna að breiða yfir horfellinn, af því að jeg skammist mín fyrir hann (*G. B.:* Þetta er mesti misskilningur). Orð mín við síðustu umræðu spruttu af því, að jeg vildi benda á, hvað mikið verk hefur verið unnið á síðasta mannsaldri, til þess að bæta meðferð á skepnum. Það er hart, að láta það altaf klingja í eyrum manna, að þeir sjeu fyrirlítlegar horlýs, hversu miklar og auðsæjar sem framfarirnar eru. Það verður að gæta þess, að þjóðinni er mikil uppörfun í því, að framfaraviðleitni hennar sje viðurkend. Sífeld harmakvein yfir ástandinu geta dregið kjark úr henni. Mjer fundust orð háttv. 6. kgk. gefa mjer tilefni til að taka þetta fram.

Annars er jeg nefndinni þakklátur fyrir þær brtill., sem hún hefur gert við frv., og vona jeg, að það verði vinsælt í því formi, sem það nú fær. Jeg hefði raunar óskað, að ekki væri svo mikið breytt frá horfellislögunum, sem nefndin hefur gert, en þó álít jeg, að þetta frv. með brtill. nefndarinnar bæti þau. Jeg mun því greiða því atkvæði mitt.

ATKVGR.:

1. brtill. á þgskj. 486 samþykt í einu hljóði.

2. brtill. á þgskj. 486 samþykt í einu hljóði.

3. brtill. á þgskj. 486, liðirnir a, b og c samþyktir hver um sig með öllum atkvæðum, liðurinn d samþyktur með 9 gegn 2 atkvæðum.

4. brtill. á þgskj. 486 samþykt með 9 gegn 1 atkv.

5. brtill. á þgskj. 486 samþykt með 11 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 478 var tekin aftur.

Brtill. á þgskj. 500 var feld með 6 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem	Steingr. Jónsson,
Hákon Kristoffersson,	Guðjón Guðlaugss.
Jósep Björnsson,	Guðm. Björnsson,
Júlíus Havsteen,	Jón Jónatansson,
Sigurður Eggerz.	Þórarinn Jónsson.

Frumvarpið, þannig breytt, var samþykt með 11 samhljóða atkvæðum og sendist Nd.

---

36. fundur. Föstudaginn 22. ágúst, kl. 1 síðdegis. Allir á fundi nema Sigurður Stefánsson, þm. Ísfirðinga (veikur).

1. *Frumvarp til laga um vatnsveitingar* (408, n. 419). Ein umr.

Þórarinn Jónsson framsögumaður: Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er nú komið aftur frá háttvirtri neðri deild, og hafa þar verið gerðar á því nokkrar breytingar, sem flestar skifta ekki miklu máli, en eigi getur nefndin álitið, að þær sjeu að neinu leyti til bóta á frumvarpinu. Fyrsta breytingin er sú, að í 2. gr. hefur verið slept þessum orðum, „enda verði henni (þ. e. vatnsveitingunni) ekki breytt nema með meiri kostnaði, en skaði gjörðarbeiðanda telst". Það, sem hjer vakti fyrir nefndinni, var, að hugsazt gæti, að einhver veitti vatni af sínu landi inn á annars manns land, einungis í því skyni að gera honum miska eða óþægindi, þótt hann gæti veitt vatninu annað, sjer að meinalausu, og vildi þá nefndin, að sá, er fyrir slíku verður, gæti fengið það leiðrjett. En þar eð neðri

deild hefur felt þetta burtu, vill nefndin sætta sig við, að það falli niður, því að hún treystir því, að úttektarmenn meti sanngjarnar bætur fyrir slíkt, sem hjer er um að ræða. Við 3. gr. hefur verið gjörð sú breyting, að í staðinn fyrir „hæfilegt endurgjald" hefur verið sett: „hæfileg þóknun". Nefndin lítur svo á, að í orðinu „þóknun" liggi önnur merking en í orðinu „endurgjald", því að þóknun eigi ekki við fullkomnar bætur, heldur aðeins við bætur að nokkrum hluta, og telur hún því þessa breytingu fremur til skaða, en þó getur hún sætt sig við, að við svo búið standi, til þess að samkomulag náist fremur við neðri deild. Í 6. gr., þar sem talað er um, að krefjast megi landskifta, ef vatni er veitt á óskift land, hefur verið slept úr þessum orðum: „eða lönd, sem ekki er skift til eignar. svo sannanlegt sje". Ef þessari eftirsetningu er slept, þá á greinin einungis við lönd, sem sanna má að eigi hefur verið skift, en skifti geta líka verið til afnota, þó ekki sjeu til eignar. En þar eð frumvarp til landskiftalaga nær væntanlega fram að ganga á þessu þingi, álítur nefndin, að þetta skifti litlu máli, og getur hún því fallizt á, að þessu verði slept úr frumvarpinu. Þá hefur ennfremur verið gjörð sú breyting á 6. gr., að í staðinn fyrir: „skiftin skulu miðuð við jarðarmagn" hefur verið sett: „skiftin skulu miðuð við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir jarðamatinu". Þessa breytingu getur nefndin sætt sig við, þar eð hún hyggur, að hún muni eigi verða til verulegs ógagns, enda þótt í jarðamatinu sje mjög mikið ósamræmi, og er það í trausti til úttektarmanna. Á 17. gr. hefur verið gjörð sú breyting, að í stað þess að leiguliða var heimilað í endurgjaldskostnað alt að því tólf sinnum meira en eftirgjaldshækkuninni nemur, hefur verið sett fimtánfalt. Þetta hyggur nefndin að sjaldan muni koma til greina, og getur hún því sætt sig við þessa breytingu. Þá kemur 18. gr. Þar er aðalbreytingin, sem

gjörð hefur verið á frumvarpinu í neðri deild, og liggur hún í því, að greinin hefur verið feld burtu og ný grein verið sett í staðinn. Greinin hljóðaði um stóráveitu og var þess efnis, að ef hvorki landsdrottinn nje leiguliði vildu greiða áveitukostnað, þá mætti taka jörðina eignarnámi gegn fullu endurgjaldi. Í stað þessa hefur verið sett það ákvæði, að áveitukostnað skuli mega taka lögtaki hjá leiguliða, þar til hann er orðinn öreigi, og ganga þá að eiganda með málssókn. Þetta teljum vjer mjög óheppilegt. Nefndin hyggur, að þegar um fjelagskap er að ræða, sje hugsunarhætti manna yfirleitt svo farið, að flestir vilji hafa sem mestan hagnað af fjelagsskapnum, en komast hjá að leggja nema sem minst af mörkum sjálfir. En til þess að binda fjelagsskapinn traust saman, álítur nefndin nauðsynlegt, að þeir beri sjálfir mestan kostnaðinn, sem mestan hagnað hafa af fyrirtækinu, og álítur hún því, að það, að láta leiguliða eða landsdrottinn greiða kostnaðinn, þótt þeir vilji eigi, og heimila, að þetta sje tekið lögtaki eða ná því inn með dómi, sje miklum mun lakara en sú leið, sem efri deild vildi fara, og getur hún því eigi fallizt á þetta atriði af þeim ástæðum, sem fram eru teknar í framhaldsnefndaráliti nefndarinnar, en leyfir sjer að ráða háttvirtri deild til þess að fella 18. gr. niður en samþykkja í hennar stað nýja grein, eða samhljóða grein og áður var í frumvarpinu, og háttv. deild samþ. þá með miklum atkvæðamun. Væntum vjer, að svo fari enn.

Þar eð eigi tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var breytingartillaga nefndarinnar á þingskj. 479 við 18. gr. samþ. með 9 samhlj. atkvæðum.

Frumv. þannig breytt var því næst samþykt með 9 samhlj. atkv. og endursent neðri deild.

---

2. *Frumvarp til laga um sölu á kirkjujörðinni Undirfelli* (276 n. 473) 2. umr.

Þórarinn Jónsson framsögum.: Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, því nefndarálitið ber með sjer, hver skoðun nefndarinnar er á því, en hún hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að vísa beri málinu til stjórnarinnar, og byggir hún þetta á því, að málið er eigi svo vel undirbúið sem skyldi. Máli þessu er þannig varið, að ábúandinn á Undirfelli hefur farið fram á, að fá keypta þá jörð, og var samþ. á sýslunefndarfundi, að selja honum jörðina, og var hún síðan metin til peningaverðs ásamt hjáleigunni Snæringsstöðum, en þá jörð hafði ábúandinn á Undirfelli ekki farið fram á að kaupa, er hann bað um kaup á Undirfelli. Síðan hefur það upplýzt af skjölum, sem fylgja málinu, að Snæringsstaðir hafa ávalt verið sjerstök jörð og það eigi svo lítið kot, því hún er talin geta framfleytt um 130 sauðfjár auk nauðsynlegra kúa og hrossa. Og þó að jörð þessi hafi verið virt með Undirfelli, gefi það ekki tilefni til að selja hana með, þar sem hvorki í sýslunefndargerð nje skipunarbrjefi sýslumanns hefur verið beðið um kaup á henni, eða virðingarmönnum falið að virða hana. Álítur nefndin, að eigi beri að selja Snæringsstaði með, þótt Undirfell sé selt. Þær ástæður, sem færðar hafa verið fram á móti því, að Undirfell verði selt eru tvær: í fyrsta lagi að jörðin muni ef til vill í framtíðinni verða notuð sem prestssetur, og í öðru lagi, að hún muni vera hentug sem skólasetur í Áshreppi, og var um þetta leitað álits þeirra manna, er bezta þekkingu höfðu á þessum efnum. Hinu fyrra svaraði biskup á þá leið, að eigi væri ástæða til þess, að halda í jörðina til þess, að varðveita hana sem prestssetur. Um hið síðarnefnda hafa orðið nokkrar deilur. Nefndinni þykir ekki líklegt, að heimavistarskólar fyrir börn verði settir upp í sveitum í nálægri framtíð, en fyrir heimangönguskóla er jörðin ekki heppleg nema fyrir nokkurn hluta sveitarinnar, enda hefur verið gjörð skólastofa á öðrum stað í hreppnum. Nefndin hefur nú leitað álits fræðslumálastjórans um þetta efni, og telur hann eigi líklegt, að Undirfell verði notað sem skólajörð, en Snæringsstaði telur hann vel til þess fallna, nægilega stóra handa kennaranum til ábúðar og að öllu heppilegri en Undirfell. Og álítur því nefndin, að undanskilja beri þá jörð frá sölunni. Að því er gjörðir sýslunefndarinnar snertir, þá lítur nefndin svo á, að atkvæðagreiðsla hennar 1912 verði að skoðast ábyggileg og þannig telja aðeins 2 atkv. á móti sölunni á Undirfelli, sjerstaklega þar sem þeir 2, sem þá greiddu atkv. á móti sölunni, ljetu bóka mótmæli sín og fengu eigi þá 2, er ekki greiddu atkv., til þess að skrifa undir mótmælin með sjer. Nefndin álítur því, að óþarft sje, að málið gangi til sýslunefndarinnar að nýju, og álíta beri, að hún hafi samþykt söluna á Undirfelli, og að hin síðari atkvæðagreiðsla hafi verið óviðeigandi. En um Snæringsstaði er það að segja, eins og áður er fram tekið, að þar sem þeir hafa verið taldir sjerstök jörð með greinilega afmörkuðu túni, og þeir þar að auki eru eigi nefndir í beiðni ábúandans á Undirfelli, álítur nefndin, að eigi beri að selja þá með þeirri jörð, og leyfir hún sjer því að ráða háttv. deild til þess að vísa máli þessu til stjórnarinnar til framkvæmda.

Var þá umræðum lokið og gengið til atkvæða, og var málinn vísað til stjórnarinnar með 9 samhlj. atkv.

---

3. *Frumvarp til laga um samþyktir um hringnótaveiði við Eyjafjörð* (324 n. 474). 2. umr.

Jósef Björnsson, framsögumaður meiri hlutans: Eins og nefndarálitið í þessu máli ber með sjer, gat nefnd sú,

sem kosin var til þess að fjalla um þetta frumv., ekki orðið samferða.

Meiri hlutinn getur ekki sjeð, að neitt verulegt mæli á móti því, að frv. þetta nái, fram að ganga, og hinsvegar finst honum að leggja verði áherzlu á, að frv. er komið fram fyrir eindregnar óskir manna á því svæði, sem ákvæði þess eiga að ná til, og að takmörkun sú, sem frv. fer fram á að gera megi á hringnótaveiði er mjög lítil, þar eð hún getur einungis náð til innri hluta Eyjafjarðar, og þótt sú breyting verði gerð á frumvarpinu, sem meiri hlutinn leggur til, sem sje, að það verði einnig látið ná til Skagafjarðar, samkvæmt óskum fjölda manna í því hjeraði, þá bætist ekki annað við en nokkur hluti af innanverðum Skagafirði. Að þetta geti valdið verulegu atvinnutjóni fyrir þá menn, sem nú stunda síldarveiði með hringnót eða herpinót, getur meiri hluti nefndarinnar ekki skilið, en meiri hluti nefndarinnar verður hinsvegar að vera þeirrar skoðunar, að frumv. tryggi bjargræðisvegi þeirra manna, sem stunda síldarveiði með öðrum veiðarfærum en hringnót, eða herpinót, sem nefndin leggur til að þetta veiðarfæri verði kallað í stað hringnótar. Vjer lítum og svo á, að þetta kunni að verða bátfiski til hagnaðar með því að ljettara verði að fá bátasíld. Þessvegna leyfir meiri hluti nefndarinnar sjer að ráða háttv. deild til þess að samþykkja frv. með lítilli breytingu, sem sje þeirri, að sýslunefnd Skagafjarðar sje einnig heimilt að gera samþyktir um síldarveiði með herpinót á Skagaflrði, innan beinnar línu milli Kögurnafar á Þórðarhöfða og Reykjadisks. Þótt nú svo sje, sem háttv. minni hluti heldur fram, að fiskiveiðasamþyktir, einkum þær, sem gerðar hafa verið við sunnanverðan Faxaflóa, hafi reynzt illa, þá verður meiri hlutinn að líta svo á, að öðruvísi horfi við um þetta mál, en um ýmsar fiskiveiðasamþyktir, sem gerðar hafa verið, sjerstaklega hjer við

sunnanverðan Faxaflóa, og geti því enginn samanburður komið til greina þar á milli. Jeg skal svo ekki mæla frekar fram með þessu frv. að sinni, en vil einungis taka það fram, að meirl hlutinn hefur í nefndaráliti sínu bent á þau þrjú atriði, sem að hans áliti mæla mest með því, að frv. þetta verði samþykt, og að hann getur ekki sjeð neitt athugavert við frv., og leyfir hann sjer því að ráða háttv. deild til þess, að samþykkja það með þeim breytingum, sem hann hefur lagt til að á því verði gerðar.

Einar Jónsson: Jeg hallast að till. meiri hluta nefndarinnar í þessu máli, með fram vegna þess, að samþyktir þær, sem hjer er um að ræða, eiga ekki að gilda nema um 5 ára tímabil, og eigi er hjer mikil hætta á ferðum, ef þær skyldu reynast ver en til er ætlazt. En aðalástæðan til þess, að jeg tók til máls er sú, að jeg vildi vekja máls á galla, sem mjer virðist vera á frv., en sem nefndin hefur ekki minzt á í áliti sínu. Þessi galli er í því fólginn, að mjer virðist vera ósamræmi milli 1. og 3. gr. frumvarpsins. Í 1. gr. er ákveðið, að sýslunefndum Eyjafjarðar- og Suðurþingeyjarsýslu ásamt bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar skuli heimilt að gera samþyktir um hringnótaveiði á Eyjafirði. Í 1. gr. er ekki talað um annað en þessa heimild, og í hinum greinunum er svo ákveðið, hvernig koma skuli þessum samþyktum á. Í 2. gr. er talað um, að kveðja skuli kjósendur til fundar og í 3. gr. er talað um, hvað gera skuli á þessum fundi, að þar á fundarstjóri að leggja fram frumv. til samþyktar, sem áður hefur verið samþykt samkvæmt 1. gr. En í 1. gr. er ekki talað um neitt samþykt frumv., heldur að eins um heimild til að gera samþykt, og er sú grein að eins sem inngangur að lögunum. Það getur verið, að hjer eigi að standa „samið“, en ekki „samþykt“, en þótt svo væri, þá kemur

það eigi heldur heim við 1. gr. Jeg álít, að hjer þurfi frv. breytinga við, og vil jeg skjóta því til nefndarinnar, hvort hún vill ekki athuga nánar þetta atriði. Jeg hygg, að hjer þurfi að taka það fram, að sýslunefnd skuli semja frumvarp og leggja fyrir fund þann, sem ákveðinn er í 2. gr. En eins og þetta stendur nú í frumvarpinu, er það mjög óljóst.

Júlíus Havsteen, framsögumaður minni hlutans: Jeg ætla að eins að segja örfá orð máli mínu til stuðnings, þótt það sje varla nauðsynlegt, því að jeg hef lýst skoðun minni á þessu máli í ágreiningsatkvæði mínu. Að því, er snertir fiskiveiðasamþyktir þær, sem gerðar hafa verið, einkum við sunnanverðan Faxaflóa síðan árið 1877, þá er óhætt að segja, að þær hafa undantekningarlaust reynzt illa, ávalt gert meiri skaða en gagn. Og þar sem hjer er um það að ræða, að gera takmarkanir um annan aðalatvinnuveg landsmanna, finst mjer varhugavert, að þingið sleppi löggjafarvaldi sínu um þetta í hendur sýslunefndum, og yfirleitt virðist mjer, að þingið ætti að fara mjög varlega í að afsala sjer nokkru af valdi sínu. En að því er sjerstaklega snertir hringnótaveiði við Eyjafjörð, þá getur hún ekki gert verulegan skaða fremur en hvalveiðarnar, sem jeg get ekki sjeð að sjeu að neinu leyti háskalegar, þótt margir sjeu mjög hræddir við, að þær spilli fiskigöngum. Ennfremur er það rangt gagnvart þeim mönnum, sem lagt hafa mikið í kostnað til þess að útvega sjer herpinætur, að hindra það, að þeir geti notað sjer þessi veiðarfæri eins og þeim hentar bezt. Þar að auki er það einungis partur af því svæði, sem frv. þetta á að gilda fyrir, sem hefur óskað eftir lögum um þetta efni. Það er hvorki meira nje minna en Akureyri með 2000 íbúum, sem er mótfallin þessu frumvarpi, svo að menn geta ekki sagt, að einróma raddir manna á þessu svæði, óski eftir lögunum. *(Steingr. Jónsson:* Þá komast samþyktirnar ekki á). Jú, víst því að hinir geta borið þá ofurliða í atkvæðagreiðslu. Af þessum ástæðum, sem jeg nú hef tekið fram. vil jeg leyfa mjer að ráða háttv. deild til þess að fella frv. þetta.

Jósef Björnsson, framsögumaður meiri hlutans: Jeg vildi aðeins taka það fram gagnvart því, sem háttv. 2. þm. N.-Múl. (E. J.) sagði um ósamræmi milli 1. og 3. gr., eða rjettara sagt að 3. gr. væri ónákvæm samkvæmt frumvarpinu að öðru leyti, þá er þetta ekki fullkomlega rjett hjá hinum háttvirta þingmanni. Því að í 1. gr. stendur, að sýslunefndir megi gera samþyktir um síldveiðar með herpinót, og það eru einmitt þessar samþyktir, sem verða lagðar fram á fundi þeim, sem um er rætt í 3. gr., svo að hjer er alls ekki um ósamræmi að ræða milli 1. og 3. gr. Þessi athugasemd hins háttv. þingmanns er því ekki fyllilega rjettmæt, en nefndin er þrátt fyrir það bæði honum og öðrum þakklát fyrir þær athugasemdir, sem þeir hafa gert við frv. og skotið til nefndarinnar. Að því er snertir andmæli háttv. minni hluta gagnvart frv., þá er ekki miklu þar til að svara. Aðeins má geta þess, að þegar um samþyktaratriði er að ræða, þá má ávalt búast við því, að einhverjir sjeu, sem álíta, að samþykt sú, sem verið er að gera, sje ekki heppileg, en að mínu áliti er ekkert athugavert við það, þótt einstakir menn verði að beygja sig undir meiri hlutann. Hagsmunir fjöldans verða að ganga fyrir hagsmunum einstaklinganna, og þótt einstakir menn álíti, að á sig sje hallað, þá á það eigi að standa í vegi fyrir því, að samþyktin sje gerð, ef hagsmunir fjöldans mæla með því. Og það er skoðun mín, að hagur fjöldans af takmörkunum þeim, er hjer ræðir um að gera á rjetti einstaklinganna sje miklu meiri en þau óþægindi, sem af þeim geta

leitt fyrir þá fáu menn, sem nú stunda hringnótaveiði á hinu umrædda svæði.

Steingrímur Jónsson: Það, sem þessu frumvarpi hefur helzt verið fundið til foráttu, að því, er Eyjafjörð snertir, er það, að hagsmunir Akureyrarkaupstaðar sjeu bornir fyrir borð. En þetta er ekki rjett athugað, því að það er algerlega lagt á vald Akureyrarbúa, hvort nokkur fyrirmæli um þetta veiðarfæri verða samþykt. Akureyrarbúar hafa meira en nóg atkvæðamagn til þess að fella slík fyrirmæli, því að þeir eru meira en þriðjungur þeirra manna, sem atkvæðisrjett hafa um þetta mál. Ef borin er saman Akureyri annarsvegar með 2000 íbúum, og hinsvegar Glæsibæjarhreppur, Arnarneshr., Vallahr., Grýtubakkahr. og Svalbarðsstrandarhr., þá sjest, að jeg fer hjer fullkomlega með rjett mál, svo að það er enginn voði á ferðum að þessu leyti. En hitt er alveg áreiðanlegt, að þeir, sem vit hafa á sjósókn, telja, að hringnótaveiðin geri öðrum veiðiaðferðum við Eyjafjörð töluverðan skaða, einkum inni á firðinum. Þegar hjer við bætist, að samþyktirnar eiga að falla úr gildi eftir 5 ár, þá er auðsætt, að það er með engu móti hægt að segja, að með þessu frumv. sje þrengt hart að þeim mönnum, sem nú stunda hringnótaveiði við Eyjafjörð. Jeg vil að lokum endurtaka það, sem háttvirtur framsögum. sagði, að það er eigi rjett, að ósamræmi sé milli 1. og 3. greinar frumvarpsins. Frumvarp það, sem getið er um í 3. gr. að samþykt hafi verið samkv. 1. gr., er það frumvarp, sem sýslunefndir Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslu og bæjarstjórn Akureyrar hafa samið og samþykt, en sem þeir verða að lokum að bera undir kjósendafund til staðfestingar, svo að það geti að fullu gengið í gildi.

Einar Jónsson: Mjer finst það vera rjett, sem jeg vakti máls á, um orðalag 3. greinar, að það sje ekki heppilegt, heldur ætti það að vera þannig, að í staðinn fyrir „áður hefur verið samþykt, samkvæmt 1. gr.“, kæmi: „sem samið hefur verið samkvæmt 1. gr.“, eða eitthvað líkt því.

Jeg hugsa mjer, að 1. grein sje aðallega inngangur; en í 2. grein er talað um það, hvenær samþyktir skal gera, og í síðari greinum, hvernig þær eigi að samþykkja. Því finst mjer rjettara, að orða þetta atriði öðruvísi í 3. grein. Ákvæðið er óljóst, eins og það er orðað í greininni.

Jeg býst við því, að þessar samþyktir, verði ekki bornar undir kjósendur, nema óskir um það komi fram, og að sýslunefndirnar fari ekki að gera þessar samþyktir, nema því aðeins, að þær viti, að það sje vilji manna á svæðinu. Jeg skil varla, að þær fari að taka þessi ákvæði upp hjá sjer sjálfum, án þess að vita til þess, að það sé almennings vilji, en geri þær aðeins eftir framkominni ósk frá hjeraðsbúum. Eftir frumv. er reyndar talið tvent til, sem orsök geti verið til samþyktar, annaðhvort það, að sýslunefndum, eða bæjarstjórn þyki þörf á henni, eða aðrir óski þess, að hún komist á, og hið síðara býst jeg við að verði tilfnið. En hvort sem er, þá ætti að kveða svo á í frv., að nefndunum sje skylt, að semja frv. til samþyktarinnar, til að leggja fyrir þann fund, er hún boðar, og er því rjettara, að orða 2. grein svo, að sýslunefndirnar skuli semja frumvarp til samþyktarinnar, og leggja fyrir fundinn. Jeg býst við, að þetta orðalag 3. greinar hafi komizt hjer inn í ógáti eftir öðrum samþyktarlögum, en einhverju verið breytt á undan, en vænti þess, að háttv. nefnd lagi þetta til 3. umræðu.

Júlíus Havsteen: Í frumv. þessu, er það tekið fram, að samþyktir þessar eigi ekki að gilda lengur en 5 ár. Þetta sýnir bezt, hversu ljelegar menn telja þær, og hversu lítið traust er borið til þeirra. Og jeg lít líka svo á, að það sje spursmál um það, hvort að þessi lög sjeu samhljóða

lögum þeim, er þau styðjast við, frá 14. des. 1877.

Hvernig háttv. 3. kgk. þm. (Stgr. Jónss.) hyggur, að Akureyrarkaupstaður verði hlutskarpastur, skil jeg ekki; jeg býst einmitt við, að það verði þvert á móti.

Að lyktum vil jeg taka það fram, að jeg hygg, að ef frumvarp þetta nær fram að ganga, þá geti vel komið fyrir, að samþyktirnar verði ekki í samræmi við gildandi lög. Sektirnar mega semsje eftir lagafrumvarpinu vera alt að því 500 kr., en í lögum 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, er hámark sekta ákveðið 100 kr. Það getur því hæglega svo farið, að sektir í herpinótaveiðisamþykt verði ákveðnar yfir 100 kr., sem hlýtur að hafa þá afleiðing, að samþyktin verði eigi staðfest.

Steingr. Jónsson: Jeg skildi alls ekki lögskýringu hv. 1. kgk. þm. (Júl. Hav.). Jeg sagði það hjer áðan um þetta mál, að löggjafarvaldið væri að afsala sjer hluta af löggjafarvaldinu, og jeg taldi þessa stefnu athugaverða. En við erum komnir inn á þssa braut í samþyktarlögunum, svo hjer er ekki um neitt nýmæli að ræða. Og jeg get samþykt þetta meðal annars vegna þess, að þessu valdi er afsalað í hendur kjósenda vorra, svo það eru sömu mennirnir, er ráða þessu til lykta og þeir, sem hafa gefið oss umboð til að fara með mál hjer í löggjafarþinginu. Og eins og við getum afsalað oss þetta mál, eins getum við afsalað það frá oss með vissum takmörkum, um t. d. að samþyktirnar gildi ekki lengur en 5 ár, þurfi því að endurnýja þær, ef þær eigi að gilda önnur 5 ár o. svo frv. Slík takmörkun er heldur ekkert nýmæli, svo ekki sje farið þar lengra í þingsögu vorri en til síðasta alþingis, þá voru vörutollslögin samþykt með slíkri takmörkun, sem sje að þau giltu aðeins í 2 ár. Og hið sama getum við sagt við Eyfirðinga.

Um Akureyrarkaupstað tel jeg að það megi öllum vera ljóst, að hann geti ráðið mestu, því hann er langfjölmennastur. Hjer er ekki að ræða nema um eina 2 hreppa í Suðurþingeyjarsýslu, og að því jeg bezt veit, ekki nema um 3 hreppa í Eyjafjarðarsýslu, svo það er áreiðanlegt, að þeir hafa hvorki kjósendamagn nje fólksmagn svo á móts við Akureyrarkaupstað, að þeir einir geti ráðið því til lykta (*Júl. Hav.*: Hvar verður fundurinn haldinn?), og jeg geri ráð fyrir, að fundurinn yrði í nánd við Akureyri, því þar eru flestir kjósendurnir.

ATKVGR.:

1. brtill. á þgskj. 474 samþykt án atkvgr.

2. brtill. b á þgskj. 474 samþ. með 10 atkv. gegn 1 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Júlíus Havsteen.
Steingr. Jónsson,	
Einar Jónsson,	
Eiríkur Briem,	
Guðm. Björnsson,	
Jón Jónatansson,	
Jósef Björnssou,	
Sigurður Eggerz,	
Þórarinn Jónsson.	

Hákon Kristoffersson greiddi ekki atkv. og taldist með meirihluta. Guðjón Guðlaugsson ekki viðstaddur, Sig. Stefánsson veikur.

3. brtill. c á þgskj. 474 feld með 6 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Eiríkur Briem,
Steingr. Jónsson,	Guðm. Björnsson,
Einar Jónsson,	H. Kristoffersson,
Jósef Björnsson,	Jón Jónatansson,
Þórarinn Jónsson.	Júlíus Havsteen,
	Sig. Eggerz.

Guðjón Guðlaugsson var ekki viðstaddur.

1. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 7 shlj. atkv.
2. gr. sþ. með 8:2.
3. gr. sþ. með 8:2.
4. gr. sþ. með 8:2.
5. gr. sþ. með 8:2.
6. gr. sþ. með 8:2.
7. gr. sþ. með 8:2.

Brtill. á þgskj. 474, 2 við fyrirsögn frv. sþ. í e. h.

Fyrirsögn frv., þannig breytt, samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 7 atkv. gegn 2.

---

4. *Frv. til girðingalaga* (353, n. 475, 476); 2. umr.

Jón, Jónatansson, framsögumaður: Áður en jeg minnist á brtill. þær, er nefndin hefur gert, vildi jeg segja örfá orð um málið í heild sinni. Jeg heyrði það að vísu, að þegar verið var að ræða mál þetta í hv. Nd., þá var verið að tala um girðingarsótt, en jeg býst við því, að það verði ekki sagt hjer, enda vildi jeg vekja athygli hv. deildar á því, að þetta mál er mjög mikilsvert; girðingarnar eru einhver öflugasti þátturinn í framförum landbúnaðarins. Það sem hefur verið hjer og er enn mesta vesaldarmerkið og merki um menningarleysi er *girðingaleysið* og *verkfæraleysið*. Girðingar og góð verkfæri, ásamt nauðsynlegri þekkingu til að meðhöndla þau, er nauðsynlegt skilyrði fyrir framförum í ræktun landsins. Og óhætt er að fullyrða, að með girðingum, með fullkominni friðun, sjest það fyrst, hvað ræktað land hjer getur gefið af sjer; þá er girðing beitilanda heldur eigi lítilsvirði. Girðingar eru eitt verulegasta sporið, sem stigið verður til framfara í landbúnaðinum. Og þing og stjórn virðist hafa skilið þetta, og hefur gert ýmislegt til þess, að vinna málinu gagn og greiða götu þess. En eins og eðlilegt er, þá hefur það orðið í molum, því þegar lög voru fyrst sett hjer um þetta, þá vantaði alla reynslu í þessu efni, svo lögunum varð eðlilega nokkuð áfátt. En síðan þessi lög voru sett, hefur fengizt nokkur reynsla; það hafa gaddavírsgirðingarnar o. fl. gert að verkum, og þessi reynsla hefur leitt í ljós ýmsa galla á gildandi lögum, sem hægt er að bæta úr með rýmri lagasetningu. Því er þörf á því, að ný lög sjeu samin um þetta efni.

Efni þessa frv. er fyrst og fremst um fyrirkomulag girðinganna og skilyrðanna fyrir lánum til þeirra. Hjer er breytt að ýmsu frá eldri lögum, og er það ósköp eðlilegt, því eins og jeg tók áðan fram, þá var engin reynsla fengin, er þau lög voru samin, og það hafa því komið í ljós ýmsir gallar og ófullkomleikar á þeim, og úr því er hjer reynt að bæta. Girðingarnar voru t. d óþarflega háar; eftir því, sem reynslan hefur sýnt, þá eru hærri girðingar, en hjer er talað um í frv., óþarfar, nema þar sem er að ræða um girðingar fyrir kynbótagripi. Afleiðingin af ákvæðum laganna um að hafa girðingu svo háa, er sú — að vírþræðirnir eru hafðir gisnari en vera ætti — því annars yrði girðingin dýrari — en við þetta veitir girðingin minni vörn, auk þess, sem hún einnig er hættulegri fyrir fjenað.

Þá er afstaða nágranna, þegar um girðing á landamerkjum er að ræða. Um það eru nú engin ákvæði, en ákvæði um það eru að ýmsu leyti nauðsynleg, enda víða óskað eftir þeim. Það hagar víða svo til, að tún eða engi liggja saman, eða að land liggur upp að beitilandi nágrannans, og er þá ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, að báðar jarðirnar, eða jarðeigendurnir rjettara sagt, taki að tiltölu þátt í girðingarkostnaðinum, Um þessa framlagsskyldu

þeirra eru ákvæði í frumv., en þau ákvæði eru nýmæli, og vil jeg því minnast á þau nokkru nánar.

Jeg býst við því, að einhver mótmæli kunni að koma fram gegn þessu nýmæli, framlagsskyldunni. En jeg verð að álíta, að það sje þó miklu fleira og meira, er styður rjettmæti hennar. Jeg hef t. d. heyrt það sem ástæðu á móti þessu, að það gæti orðið til þess, að sá, sem er ríkari og sterkari, geti neytt hinn, sem er fátækur og minni máttar, til þess að setja upp og kosta á móti sjer girðingu. Vitanlega getur þetta komið fyrir, en jeg hygg, að það verði fremur sjaldgæft, og nokkuð er fyrir þetta bygt með ákvæðinu um, að meta skuli framlagið til girðingarinnar eftir notum hennar fyrir báðar jarðirnar, bæði eftir landsstærð þeirra og öðrum staðháttum. Það mun líka vera svo, að sá ríkari og máttarmeiri gengur jafnaðarlega meira á land hins, sem eðlilegt er, því hann er fjárríkari, og hefur því meiri þörf á viðlendu landi, einkum til beitar. Og óþægindin stafa margskonar af þessu fyrir lítilmagnann, svo miklu betra er fyrir hann, ef honum annars með nokkru móti er fært, að kljúfa kostnaðinn við girðinguna. Og fátæki bóndinn á einmitt miklu örðugra, ef framlagsskyldan er ekki lögákveðin; hann getur ekki varið sig ágangi, af því hann getur ekki kostað girðinguna einn, hann verður að fá nágranna sinn til að taka þátt í kostnaðinum, ef hún á að komast á fót; og þetta er honum unt því aðeins, að lagaskylda hvíli á nágrannanum að leggja hann á móti. Annars getur líka oft farið svo, að sá, sem meiri máttar er, bíður beinlínis eftir því, að hinn neyðist til að girða, og hrósar happi af því, að láta girða fyrir sig á landamerkjum, án þess að hann þurfi að leggja nokkuð fram.

Framlagsskyldan er nauðsynleg, óhjákvæmileg, og mun greiða allmikið fyrir því, að girðingum fjölgi.

Þetta, sem jeg hef nú minzt á, tel jeg vera aðalatriðin, og vegna þeirra er þörf á nýrri lagasetningu um þetta, til þess að bæta úr göllum eldri laganna, og í þá átt miðar þetta frv., og því tel jeg það vera til bóta, þótt nefndin hinsvegar verði að leggja til, að gerðar sjeu nokkkrar breytingar á því.

Þá vil jeg víkja að brtill. nefndarinnar á þgskj. 476.

1. breytingin er við 3. gr., og fer hún aðallega í þá átt. að orða greinina skýrar. En auk þess er lagt til, að fella burt ákvæði um það, að ef ekki sje veitt nægilegt fje til girðingalána á *fjárlögum*, að þá skuli þeirri reglu þar fylgt, sem þar er nánar tilfærð. Þetta orðalag er í frv. villandi, því þessi regla um forgangsrjett næstu ár á þó auðsjáanlega einnig að gilda um lán úr Ræktunarsjóði, en það kemur ekkert fjárlögunum við, hvort nægilegt fje er til í þeim sjóði eða ekki til útlána þessara.

2. brtill. er í sjálfu sjer aðeins skýring, en hún er gerð til þess, að láta þessi ákvæði vera í samræmi við reglugerð Ræktunarsjóðsins. Eins og það nú er orðað, mátti misskilja það.

3. brtill, er við 7. gr., og fer hún fram á, að ekki megi taka girðinguna burtu, nema ákveðið sje, að jörðin leggist í eyði, hætti að verða til sem sjerstakt býli. Nefndin lítur svo á, að það eigi að setja hjer skýrari takmörk, en eru í frv., og nefndin sjer ekki ástæðu til þess, að losa jarðeiganda undan þeirri skyldu, að halda girðingunni við, þótt jörð fari í svip í eyði vegna þess, að ábúandi flytur burt og enginn fæst í hans stað næsta ár, en síðan á að taka jörðina aftur í ábúð. Nefndin vill því ekki stuðla til þess, að girðing sje rifin upp að ástæðulausu, eða að jarðeigandi hlaupi til og rífi upp girðinguna og flytji hana á einhvern annan stað, og byggi svo jörðina aftur girðingatausa. Þetta gæti orðið til þess, að farið væri að

„spekúlera“ í þessu. En hvað sem því líður, þá er víst um það, að þetta spilli jörðunum, auki þrasið um girðingarnar og baki leiguliðum mikilla örðugleika. Það er auk þess sjálfsagt, af löggjafarvaldinu að girða svo sem auðið er, fyrir, að það eigi sjer stað, og það telur nefndin bezt gert með því, að gera lánin afturkræf ef girðing sje rifin burt. Við það vex aðhaldið. og menn fara þá ekki að rífa niður girðingarnar, nema þar sem þeir ætla sjer alveg að leggja býlin að fullu í eyði, Og nefndin er ennfremur sammála um, að það beri ekki að styðja að því, að sjerstök býli sjeu lögð niður, nema þá með því, að það sje gert um afdalajarðir, sem á að leggja undir litlar afrjettir. Á síðari árum hefur bólað á þeirri stefnu, að býlin ættu að fækka og stækka, en þetta er þveröfugt við heilbrigða skynsemi, þveröfug stefna í landi, sem bíður ræktunar. Og veruleikikinn krefst þess, að býlin sjeu færri og smærri, þá verður landið betur ræktað. Þennan öfuga hugsunarhátt, er hjer hefur bólað á, þarf að kveða niður, og það væri miklu meiri ástæða til þess, að láta fólk fá land til ræktunar, en að fækka býlunum. Þeir, sem hafa mestan vilja og mesta framtakssemi til þess að rækta landið, ættu að eiga kost á að gera það: væri nær að styðja að því með lögum, en hinu, að einstakir menn af dutlungum og þröngsýni geti leikið sjer að því að halda stórum landflæmum ónotuðum, og það ætti ekki að þurfa að gera sjer svo miklar grilur út af röskun eignarrjettarins í því sambandi, og þá ástæðu tel jeg helbera heimsku, sem sje margkveðin í kútinn; það er máttlaus afturganga, er hefur verið til stórtjóns fyrir þjóðina, það er náttröll, sem dagar uppi fyrir birtu vaxandi menningar.

4. brtill. er við 8. gr. Nefndinni fanst rjett, að girðingarskyldan kæmi einnig til greina, þegar tún eða engjar lægju að beitilandi nágrannajarðarinnar, og bætti því við þessari setningu.

5. brtill. er við 9. gr., og er hún um það, að þegar landamerkjalína sje krókótt, en maður vill girða beint, þá skuli haga henni svo, að sem jafnast sneiðist lönd beggja jarðanna. Þetta er vitanlega tilgangur greinarinnar, en það kemur ekki skýrt fram, að svo eigi að vera, og ekki elta hvern krók og kima. En eins og það er orðað nú í frv., þá getur annað landin sneiðzt meira, og er þá hægt að beita ójöfnuði, en sá sem fyrir ójöfnuði og ásælninni yrði, fengi aðeins skaðabætur, máske svo og svo metnar. Í veg fyrir þessa misbeitingu vill nefndin koma. En nefndin vill, að rjettur til annara afnota en til engjar og beitar haldist jafnt fyrir girðinguna.

6. brtill. fer fram á, að fella burtu 11. og 12. gr. frv., en í stað þess setja nýja grein, með sömu ákvæðum en nokkuð breyttum. Í hv. Nd. varð talsverður ágreiningur um það, hvort rjett væri, að halda ákvæðum vegalaganna um að leita skuli leyfis til að girða yfir vegi. Nefndin var sammála um, að þessi ákvæði væru gagnslítil og að sumu leyti óheppileg. Og hún telur, að reynslan hafi sannað það.

Og þetta ákvæði getur aukið misrjetti á þá lund, að aðrir fái leyfi en hinum sje neitað, án þess sanngirni sje gætt. En það er nauðsynlegt, að hlíð sjeu leyfð, því það er hreinn ógerningur fyrir þá, er eiga stór lönd að girða þau öll meðfram veginum. Að vísu munu þeir gera það, þar sem mikil umferð er, og löndin er að vegi liggja, góðir hagar eða engjar, til þess að forðast átroðning ferðamanna. En ástæða til þess er ekki, nema þar sem mjög mikil umferð er, og hitt er miklu algengara, að nauðsynlegt er, að leyfa að girt sje fyrir vegi; mun oftast svo verða um flestar þær leiðir, er nefndar eru í greininni.

Nefndin hefur heldur ekki, fundið ástæðu til þess, að sækja þyrfti um leyfi til hliðsins til stjórnarráðsins, því sýslunefndin er vanalegast og altaf kunnugri öllum staðháttum. Auk þess hefur reynslan sýnt, að það er oft og einatt alls ekki sótt um þetta leyfi stjórnarráðsins, en aðeins girt í bessaleyfi; það yrði síður, ef sækja ætti aðeins um leyfið til sýslunefndar. Auk þess hefur sýslunefndin miklu betri tök á, að sjá um og hafa eftirlit með því, að ekki sje girt í óleyfi. Annars sje heimilt að girða fyrir veg, sje fyrirmælum laganna, að því er snertir hlið á girðingunni, fylgt. Þá kemur til þeirra vega, sem ekki eru kostaðir af landssjóði, sýslusjóði nje hreppssjóði; niðurstaða nefndarinnir varð þar sú, að láta gilda um þá sama ákvæðið, sem um hina vegina, þannig að girða mætti yfir þá, en hlið skyldi þó vera á girðingunni. Þó leggur nefndin til, að ákvæðið nái ekki til stiga og götutroðninga. Það er mesta fjarstæða, að láta slíkt ákvæði standa, þótt svo sje fyrirskipað í vegalögunum frá 22. nóv. 1907. Sje það látið standa, væri hægt að knýja menn til, að hafa hlið á girðingum sínum, hvar sem þær liggja yfir götustíg eða troðning, og mundi af því leiða, að landið yrði því nær sama sem ógirt. Hver sá stígur, sem þörf er á að hafa hlið á girðingu yfir, umferðar vegna, mun geta komizt inn undir einhvern flokk þeirra vega, sem nefndir eru í 11. grein nefndarinnar. Að öðru leyti hefur nefndin í þessari einu grein haldið efni 11. og 12. gr. frv. h. n. d. Í þessa sömu grein, 11. greinina, vill nefndin setja nokkuð fyllri ákvæði um sleðabrautir og vetrarleiðir, sem nauðsynlegar eru til almenningsnota, en í frv. voru. Nefndinni þótti rjett, að eigandinn mætti kjósa um, hvort hann vildi heldur hafa hlið á slíkum girðingum, eða taka girðinguna upp að vetrinum. Það getur oft verið óþægilegt, að hafa hlið með lokaðri grind á vetrum, snjór vill setjast að henni, og verður þá erfitt að opna hliðið.

Að öðru leyti eru fyrirmæli þessarar greinar svo ljós, að jeg sje ekki ástæðu til, að fjölyrða um þau.

Þá leggur nefndin til, að bætt sje nýrri 12. gr. inn í frv. um stórgripagirðingar með 1 eða 2 gaddavírsstrengjum. Þessar girðingar geta oft komið að góðu liði og verið hentugar til bráðabirgða þeim, sem ekki hafa fang á að girða strax til fullnustu. En það er ótækt, að ekki sjeu settar reglur um þessar girðingar. Tilgangurinn með þær girðingar getur ekki verið annar en sá, að verja landið fyrir ágangi stórgripa. Nú eru þær víða hættulegar fyrir sauðfje, en gætu þó verið þannig gerðar, að þær kæmu að fullu haldi, án þess að hætta stafaði af þeim fyrir sauðfje; ekki þarf annað en að strengur sje ekki spentur nær jörðu en svo, að sauðfje geti gengið undir hann án þess að meiða sig. Af þessu er svo ákveðið í 12. gr., að vírinn sje hvergi minna en 75 sentimetra frá jörð. Girðingar þessar hafa oft verið óvandaðar, og vírinn illa strengdur, eða legið niðurslitinn, án þess úr hafi verið bætt. Því þótti nefndinni rjett, að leggja sektaákvæði við og skaðabótagreiðslu, ef girðingarnar væru vanhirtar, og skepnur yrðu fyrir meiðslum af þeim sökum.

Reynslan hefur sýnt það, að gaddavírsgirðingar eru ekki hættulegar fyrir skepnur, eins og fyrst var búizt við, ef þær eru vel gerðar, og þeim vel við haldið. Annars geta þær verið hættulegar.

Jeg hef nú minzt á aðalatriðin í brtill. nefndarinnar. Hinar breytingarnar eru smávægilegar. 8. og 9. brtill., eru ekki annað en leiðrjetting á rangri tilvitnun í frumv.

10. brtill. við 16. gr. er sumpart samskonar leiðrjetting og í 9. og 10. brtill., og auk þess er þar sett hreppsnefnd í staðinn fyrir sveitarstjórn, sem er rjettara, því að sveitarstjórn er viðtækara orð, og á hjer ekki allskostar við.

Loks fer 11. brtill. fram á það, að talin

sjeu upp lög þau, sem frumv. þetta ætlazt til að numin sjeu úr lögum.

Finn jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir að sinni um breytingar nefndarinnar, en vona, að háttv. d. líti svo á frv. þetta, að það sje gott og nauðsynlegt, og styðji því að framgangi þess.

Steingrímur Jónsson: Jeg tek undir með hv. frsm. (J. J.), að mál þetta sje þýðingarmikið og þess vert, að það fái framgang, með því að hjer sje um umbætur að ræða á girðingarlögunum frá 30. júlí 1909.

Það er alkunna, að girðingaröld su, sem nú er upprunnin, er ein kröftugasta lyftistöngin í búnaðarframförum vorum. En það er annað atriði, sem hjer kemur til greina, og ekki má gleyma að taka með í reikninginn, það eru samgöngurnar á landi. Við allar búnaðarbætur verðum vjer að gæta þess, að teppa þær sem minst má verða. Nú eru að verða svo miklar breytingar í samgöngum vorum, þar sem eru að koma hjól í staðinn fyrir klakka, vagnar í staðinn fyrir reiðinga, og akbrautir í staðinn fyrir götustigina fornu. Einmitt með þetta fyrir augum get jeg ekki verið samþykkur 6. brtill. h. n.; mjer virðist hún vera mjög athugaverð. Jeg lít svo á, að ákvæði þau, sem nú eru í gildandi lögum um girðingar yfir akvegi, sjeu alveg nauðsynleg, og þurfi sjerstaklega að ná til allra akvega. Það er ekki nóg, að aðeins skuli leita samþykkis sýslunefndar um það, hvort girða megi yfir veg, sje hlið haft á girðingunni, þegar um flutningabraut er að ræða. Nú hefur þegar verið ákveðið, að gera ýmsa þjóðvegi akfæra, og eru sumir þeirra alveg eins fjölfarnir eins og flutningabrautirnar; jeg skal nefna til dæmis þjóðveginn út frá Akureyri út Kræklingahlíð; hann er akfær vegur, og umferð um hann sízt minni, en um flutningabraut frá Akureyri fram Eyjafjörð. Þá eru enn fremur sýsluvegirnir. Sýslunefndir eru nú í óða önn að gera þá akfæra. Ef brtill. h. n., yrði samþykt, þá er jeg sannfærður um, að ekki yrði hálft gagn að vegum þessum, við það sem orðið gæti, ef hægt væri að fara tálmanalaust um þá. Jeg skal nefna til Reykjadalsbrautina, til að sýna fram á, hvílík tálmun fyrir ferðamenn er að því, að girt sje yfir vegi. og það þótt lokuð hlið sjeu á girðingunum. Braut þessi verður um 38 kilómetrar, og kostar fram undir 100 000 kr. Ef öllum þeim, sem lönd sín girða á þessu svæði, væri leyft að girða yfir brautiua, þá er jeg viss um, að hún yrði mjög bráðlega lokuð á 15—16 stöðum með girðingum. En hvað leiðir svo af því? Það þýðir það, að brautin kemur ekki að hálfum notum til vagnferða. Maður er á ferð um veginn með pratalegan hest fyrir vagni sínum. Þegar að hliði kemur, verður hann að fara af vagninum, spenna frá, opna hliðið, spenna hestinn fyrir vagninn, teyma hann gegn um hliðið, spenna aftur frá, loka eftir sjer, og spenna aftur fyrir. Þetta er ekki lítil tímatöf og umsvif, og jeg er viss um, að þegar þessi maður er búinn að fara um nokkur hlið sama daginn, þá muni hann bölfa öllu þessu umstangi innilega í hjarta sínu. Þegar við erum að kosta upp á dýra vegi, þá dugar ekki að teppa umferðina með því, að þvergirða þá; jeg tala ekki um, ef „sjálfrenningar“ verða teknir upp, og eiga að fara um þá. Í Danmörku sjást hvergi girðingar yfir aðalvegi. Að vísu voru þær til áður, en þá sat maður við hliðið til að opna það, og tók gjald af þeim, sem um fóru (Bompenge). Svo var það t. d. á Strandveginum við Kaupmannahöfn.

Jeg álít, að þannig þurfi að breyta tillögu h. n., að ekki megi girða yfir nokk. urn akveg, hverju nafni sem nefnist, nema fengið sje til þess samþykki hlutaðeigandi stjórnarvalda. Þetta bið jeg háttv. nefnd að taka til íhugunar og lagfæringar. Mjer er það áhugamál, að frumv. fái framgang, en þó þykir mjer svo mikils um vert, að

6. brtl. h. n. sje lagfærð á þann hátt, sem jeg hef bent á, að jeg mun ekki geta greitt atkvæði með málinu, sjái h. n. sjer ekki fært að verða við tilmælum minum, og kippa málinu í lag til 3. umr., verði brtl. hennar samþykt nú.

Eiríkur Briem: 7. brtl. h. n. fer fram á að bæta inn í frv. nýrri grein. Jeg tel breyting h. n, mikið góða í sjálfu sér, og á góðum rökum bygða. En jeg álit, að ákvæðið um, að vírinn í girðingunni skuli hvergi vera minna en 75 sentimetra frá jörð, óþarft til að ná þeim tilgangi, sem nefndin ætlast til að það nái, og geti jafnvel gert girðinguna gagnslitla, Það mun vera nóg að hafa vírinn álnarhátt frá jörðu, til þess að sauðfje geti gengið undir hann, án þess að meiðast. Það er ekki há girðing, sem sauðkindin getur smogið undir. Sje vírinn svo hátt frá jörðu, sem nefndin leggur til, þá er hætt við, að stórgripir smjúgi undir hana, einkum nautgripir. Jeg vil því skjóta því til h. n., hvort hún vilji ekki til 3. umr. breyta 75 sentimetrunum í til dæmis 65 sentimetra; það er þó full alin, og ólíklegt, að nokkur sauðkind meiðist á vír, sem svo hátt liggur.

Sigurður Eggerz: Brtill. h. n. við 11. og 12. gr. frv. er töluvert athugaverð. Í 12. gr. stendur, að landeiganda sje heimilt meðal annars, að gera girðingu yfir stigu og götutroðninga með hliði fyrir veginum. Þessu tvennu hefir h. n. slept úr upptalningu sinni yfir vegi þá, sem girða megi yfir, svo framarlega sem þar sje haft hlið á girðingunni. Afleiðingin af því, ef þessi brtill. yrði samþykt, væri sjálfsagt sú, að landeiganda væri heimilt að girða yfir stigu og götutroðninga, án þess að þurfa að hafa nokkurt hlið á girðingunni. Þetta getur orðið mjög bagalegt, t. d. þar sem fleiri bæir eiga engi saman; það gæti farið svo, að þannig yrði afgirt, að sumum bændum væri ómögulegt að ná heim heyum sínum, girðingin yrði í vegi fyrir þeim og tepti þá. Jeg vil því skjóta því til h. n., hvort hún vill ekki breyta þessu ákvæði, t. d. þannig, að girða mætti fyrir stigu og götutroðninga, en hlið skyldi aðeins hafa á girðingunni, ef hreppsnefnd skipaði svo fyrir.

Þórarinn Jónsson: Það er eitt atriði í 8. gr. frv., sem jeg vil minnast ofurlítið á. Þar er gert ráð fyrir, að jarðeigandi eða ábúandi geti gert girðingu á mörkum næstu jarðar, ef tún eða engjar jarðanna liggja saman, þótt ekki náist samkomulag um þátttöku í girðingunni við jarðeiganda þann eða ábúanda, sem á tún eða engi á móti, og að hann geti látið meta notagildi girðingarinnar fyrir báða, og fengið skift girðingarkostnaðinum eftir því. Nú vill nefndin einnig láta hið sama gilda, ef tún eða engi liggur að beitilandi annara jarða. Þetta er að vísu til bóta, en þó ekki fullnægjandi. Það getur verið full þörf á girðingu milli jarða, þótt ekki liggi saman annað en beitilönd þeirra, og þekki jeg dæmi þess, svo sem þar sem bygt er kauptún í landi jarðar, og það fengið skák úr því með afmörkuðum landamerkjum. Þótt land kauptúnsins liggi aðeins að beitilandi hinnar jarðarinnar, þá má búast við, að hún verði fyrir lítt bærilegum usla og ágangi af hinum mörgu ferðamannahestum, sem slept er í kaupstaðarlandið, og að ógerningur sje að fyrirbyggja það á annan veg en með girðingu.

Það er naumast hætt við, að kauptúnið geti orðið fyrir rangsleitni, þó það yrði, að leggja að sínu fram til girðingar, þar sem svona stendur á, eða það yrði til að ofþyngja því, þar sem jarðarábúandinn á að leggja fram hálfan girðingarkostnaðinn. Jeg vona, að h. n. athugi þetta nákvæmlega, og taki það til greina, ef hún sjer það fært.

Guðmundur Björnsson: Eg get ekki felt mig við 6. brtill. h. n.; en vil þó ekki

vera meinsmaður frv., því það er að flestu leyti gott. Jeg vona því, að h. n. haldi ekki fast við þessa tillögu sína, að mönnum skuli heimilt að girða fyrir alla vegi nema flutningabrautir, af þeir aðeins hafa hlið á girðingunni, og að eigi þurfi nema leyfi sýslunefndar, til að gera hið sama við flutningabrautir. Mjer þykir það óviðkunnanlegt, að sýslunefndum sje fengið þetta vald yfir flutningabrautunum, þar sem landssjóður þó kostar lagning þeirra. Jeg kann betur við það, eins og það er í gildandi lögum, að leita þurfi leyfis stjórnarráðsins um girðingar með hliðum yfir flutningabrautir og þjóðvegi.

Jeg hef nú síðari árin ferðast um land alt, og hef fundið til þess, hvílíkur trafali er að hinum sívaxandi girðingum yfir þjóðvegina.

H. frsm. (J. J.) sagði, að girðingar yrðu ekki settar yfir þjóðvegi, nema leyfi væri fengið til þess. En þessa leyfis mun ekki jafnan hafa verið leitað. Hv. þm. V.-Sk. (S. E.) hefur skýrt mjer frá því, að hinar mörgu girðingar yfir þjóðveginn undir Eyjafjöllum muni hafa verið settar í leyfisleysi. Þessar girðingar urðu mjer til hins mesta trafala á ferð minni þar um slóðir. Jeg varð hvað eftir annað að hleypa á undan lausu hestunum á harða spretti, og fara af baki þegar að hliði kom, til að opna það fyrir þeim; síðan stökkva á bak og hleypa á spretti að næsta hliði, og víða var örskamt á milli girðinganna. Svipað kom fyrir mig sumstaðar á Norðurlandi.

Við skulum hugsa okkur, að sett væri hlið á veginn hjer austur. Hvílíkur farartálmi mundi það ekki vera, jafnvel þótt ekki væri nema á *einum* stað, hvað þá er víðar væri. Og þessi farartálmi eykst og margfaldast að sama skapi, sem notkun vagna fer í vöxt Það er bein óhæfa, að hafa girðingar yfir flutningabrautir og þjóðvegi, og ætti að banna það í stað þess að leyfa.

Það hefur viðgengizt, að nýjir þjóðvegir og sýsluvegir hafa verið lagðir yfir engi manna, án þess girðing hafi verið sett fram með veginum. Slíkt ætti líka að banna, en sá, sem veginn leggur, vera skyldur til að girða fram með honum, svo að ekki verði ágangur á engið vegna umferðarinnar. Þetta er víða lítil fyrirhöfn, þarf víða ekki nema einn gaddavírsstreng á hvern skurðbakka með veginum. Við eigum að stefna að því, að koma í veg fyrir allan farartálma á alfaravegum. Við eigum að keppa að því, að eignast góða og greiðfæra vegi, en þá megum við ekki *þvergirða* þá. Fólk *getur* ekki unað því til lengdar; en það getur orðið erfitt að ná burtu girðingunum, þegar þær einu sinni eru komnar, Það er þó skárra, eins og er í núgildandi lögum, að enginn megi setja girðingu yfir veg nema með leyfi sýslunefndar eða landstjórnar; það er að skömminni til skárra en það, sem h. n. leggur til.

Væri hæstv. ráðherra hjer viðstaddur, mundi jeg brýna það fyrir stjórninni, að gæta þess vel, að fyrirmælum laganna um girðingar yfir vegi væri vel fylgt.

Jeg vona, að h. n. geri ekki að kappsmáli þvergirðingarnar yfir vegi, því að þær eru ekki meginatriði í þessu máli; en þó þykir mjer svo mikils um vert, að ákvæðinu um það sje ekki haldið, að jeg veit ekki, hvort jeg get greitt atkvæði með málinu, ef nefndin heldur því til streitu; og þykir mér þó málið að öðrn leyti harla mikilsvert.

Eins og h. 3. kgk. (Stgr. J.) sagði, snertir mál þetta bæði samgöngur og landbúnað, og þarf að forðast að leiða það þannig til lykta að það geri öðru skaða um leið og það gerir hinu gagn.

Jósef Björnsson: Það væri gott eins og h. 6. kgk. (G. B.) gaf í skyn, að vjer gætum hjer fengið hreinar línur. Í núgildandi lögum eru línurnar ekki hreinar. Þess hefur verið krazfit, að ekki megi girða yfir vegi nema með leyfi, og þetta leyfi

hefur orðið að sækja til æðri eða lægri stjórnarvalda, og hefur þá að jafnaði farið svo, að sá hefur haft sitt fram, sem fastast hefur sótt. Þetta er ofur eðlilegt, því jafnaðarlega hygg jeg að svo reynist, að sá hefur sitt mál fremur fram, sem meira á undir sjer, en hinn síður, sem er minni máttar. En þegar farið er að segja um þetta, er hætt við, að þeir kunni að fá leyfið, sem ver eru að því komnir, en sækja það fastar (*G. B.*: Jeg vil ekki láta leyfa neinum að girða yfir veg eða akbraut). Jeg kem að því síðar. Þar að auki efast jeg ekki um, að menn taki sjer bessaleyfi til að girða yfir vegi, og má vera, að yfir því sje eigi kært, af því að menn vita eigi nema það sje með leyfi gert. Bezt er að ákveða annaðhvort, að girða megi án leyfis yfir alla vegi nema akbrautir og þjóðvegi, eða banna það algerlega. En það síðara gæti orðið til þess, að menn yrðu að leggja margfaldar girðingar um land sitt. Jeg get tekið sem dæmi, að um land einhverrar jarðar lægi krossvegur. Þá þarf fyrst að girða um alt landið, með tilheyrandi hliðum, og svo fjórar horngirðingar, svo landið skiftist þannig í fjóra hluti. Þetta er geysi kostnaður, sem eigi má á einstakling leggja til almennings afnota. Þessvegna ætti sá, sem veg leggur, að girða fram með veginum, því ella getur landið orðið þeim, sem afnot þess á að hafa, einkis virði, er allir ganga á það. Jeg skal áður en jeg lýk máli mínu, benda á, hvort ekki sje unt að fara milliveg, eins og hv. 3. kgk. benti á, að farið væri sem minst inn á þá leið, að girða fyrir akvegi, t. d. sýsluvegi og þjóðvegi (*G. B.*. Hreppavegir geta verið akvegir), en takmarka ekki rjett manna til að girða yfir smærri vegi. Með leyfisveitingum, sem nú tíðkast, er alls ekki greitt fyrir umferð, heldur þvert á móti, og að halda þá leið framvegis, er til ills eins.

Steingr. Jónsson: Hv. þm. Skagf. *mintist á, að línurnar, sem fara á eftir,* þyrftu að vera beinar, og er þetta alveg rjett. Það hefur verið gengið út frá því, að leyfilegt væri að girða yfir vegi, en þetta er ekki rjett, heldur hefur það verið óheimilt frá gamalli tíð. Og jeg get sagt dæmi upp á þetta. Hjerna á árunum voru lagðar grindur yfir brýrnar á Skjálfandafljóti. Gerðu bændur þar í grend það til þess, að fjenaður þeirra rynni eigi yfir fljótið. En svo vildi til að tveir strokuhestar ætluðu yfir fljótið, og er þeir komust ekki brýrnar, lögðu þeir í fljótið en druknuðu. Eigandi þeirra kærði til stjórnarráðsins, sem svaraði með því að banna slíkar farartálmanir, og lagði við þunga refsing, ef eigi væri hlýtt, þar eð slíkt gæti orsakað stórkostlegt eignatjón. En hjer er um nýung að ræða, þar eð leyft er í frv. þessu að girða yfir vegi án samþykkis hlutaðeigandi stjórnarvalda, og er slíkt háskalegt. Mun jeg greiða atkv. móti frv., ef þessu er ekki breytt; þó getur sumstaðar verið nauðsynlegt, að leyfa girðingar. En hversvegna ættum vjer að verja miklu fje til vegagerða til þess svo að stoppa umferð um þá sömu vegi næsta dag? Ef komnar væru svo sem 50 girðingar yfir veginn hjeðan frá Reykjavík austur að Þjórsárbrú einn góðan veðurdag, og svo ætti að koma á bifreiðarferðum þangað austur, þá yrði að kaupa upp allar þessar girðingar fyrir tugi þúsunda. Að minsta kosti er jeg ekki í vafa um, að ef þetta frv. öðlast gildi eins og það er nú, munu slíkar girðingar þjóta upp nyrðra, sem stjórnarráðið nú synjar um flestar hverjar.

Hv. þm. Skagf. áleit, að skaði gæti af því hlotizt, að fá vegi um lönd sín, og er það rjett, að gert er ráð fyrir slíku í vega*lögunum, og sett ákvæði um skaðabætur.* En það er hastarlegt, að sjá menn, fyrir þá sök, að vegur liggur um engjar þeirra heimta stórar fjebætur, þótt jörð þeirra

hækki í verði við vegalagninguna. Segi jeg fyrir mitt leyti, að jeg hef þegar orðið var við slíkar kröfur, sem ómögulegt er að segja að sjeu sprotnar af ættjarðarást.

Vona jeg, að hv. nefnd taki þetta til íhugunar, en vil jafnframt benda á, að eigi má að svo stöddu nema túngirðingalögin úr gildi. Þau hafa að vísu hætt að starfa, en í þeim eru ýms ákvæði viðvíkjandi lánunum, sem gilda í 40 ár. Þessu vildi jeg skjóta til nefndarinnar áður en jeg lýk máli mínu.

Jón Jónatansson, framsögum.: Það hafa komið fram allmargar mismunandi raddir, sem eigi eru samþykkar brtill. nefndarinnar. Jeg get sparað mjer að þessu sinni að svara nákvæmlega þessum mótbárum, því jeg býst við, að nefndin taki þær sumar til yfirvegunar til 3. umr., þar sem sum ágreiningsatriðin hafa verið gerð að svo miklu kappsmáli. Þó eru einstöku atriði, sem jeg vil minnast á, t. d. leyfisskyldan, sem svo tíðrætt hefur orðið um. Það hefur verið talað um, hve mikill farartálmi girðingarnar sjeu, þegar þær eru þjettar, en það er einungis þar, sem fjölbýlt er, sem komið gæti fyrir, að skamt yrði milli girðinga, en þar sem svo stendur á, er þá eins líklegt, að girt yrði meðfram vegum en ekki þvert yfir. Jeg veit ekki, hvort allar girðingar undir Eyjafjöllum hafa verið gerðar með leyfi, en ef það er ekki, þá sýnir það, hvaða gagn er að því, að eiga að sækja um leyfi til stjórnarráðsins, ef eftirlitið er ekki betra en þetta, og verða því slík ákvæði harla gagnslítil. Hv. 3. kgk. vildi fara þann meðalveg, að leita leyfis um akvegi. Talaði hann í því sambandi um að pratalegan hest þyrfti að spenna frá vagni og fyrir aftur og aftur, ef fara þyrfti gegnum hliðin. En þetta get jeg ekki skilið, nema því að eins, að hann ætlist til, að allir ökumenn hafi gamla ósiðinn að teyma hestana á eftir sjer. Þeir eiga að láta þá ganga á undan sjer, því þá þarf engin töf að verða. Þessi ósiður þarf að leggjast niður. Þetta ákvæði um leyfisskylduna, getur orðið nokkuð viðtækt, ef það á að eiga við alla akfæra vegi, en þetta getur komið til athugunar, þó jeg eigi sjái, á hverju menn byggja þau ummæli sín, að leyfin hafi komið að gagni (*Stgr. J.:* Þau hafa gert gagn fyrir norðan). Hv. 2. kgk. gat um stórgripagirðingar, og mun nefndin taka það til athugunar, hvort ástæða sje til að breyta ákvæðinu um fjarlægð virsins frá jörðu. Hv. þm. V.-Skaftf. talaði um, hve bagalegt mönnum gæti orðið það, ef alsstaðar mætti girða yfir stigu og götutroðninga, og vildi láta leita til þess leyfis hreppsnefndar. Jeg er því samþykkur, að verið geti, að rjett sje að breyta eitthvað þessu ákvæði, og mun nefndin taka það til nánari athugunar.

Þá vill hv. þm. Hún. gera framlagsskylduna viðtækari, og láta hana líka ná til girðinga, er skifta beitilöndum, þar sem svo stendur á, að kauptún liggur annars vegar, og mun nefndin íhuga það.

Að því er leyfin snertir, þá eru það þau, sem hefur orðið skrafdrjúgast um, en jeg sje enga ástæðu til að tala um þau nánar, fyr en nefndin hefur getað athugað þær mótbárur, sem hjer hafa komið fram.

Hv. 3. kgk. talaði um þörf á að girða fram með vegi, þar sem þjettbýlt er, og vildi láta þann kosta girðinguna, sem veg legði. Virðist það allvarhugavert, að skylda þann, sem veg á, til slíks, sökum kostnaðar, að skylda þann, sem veg gerir, til að girða um veginn, er að vísu ekki ósanngjarnt, en eins og hjer er ástatt, væri það naumast heppilegt, og sízt, ef gert væri að almennri skyldu takmarkalaust. Að því, er snertir þendinguna um túngirðingalögin, er jeg honum þakklátur, og mun

nefndin taka það til athugunar. Og sje jeg svo ekki ástæðu til að fara um þetta mál fleirum orðum að þessu sinni.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. í e. h.

2. gr. frv. sþ. í e. h.

1. brtill. á þgskj. 476 við 3. gr. sþ. í einu hlj.

3. gr. frumv., þannig breytt, samþ. í einu hljóði.

2. brtill. á þgskj. 476 við 4. gr. samþ. í e. hlj.

4. gr. frv., þannig breytt, samþykt í einu hljóði.

5. gr. frv. sþ. í e. hlj.

6. gr. frv. sþ. í e. hlj.

3. brtill. á þgskj. 476 við 7. gr. samþ. í einu hlj.

7. gr. frv.. þannig breytt, samþ. í einu hljóði.

4. brtill. á þgskj. 476 við 8. gr. sþ. í einu hlj.

8. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

5. brtill. á þgskj. 476 við 9. gr. sþ. í einu hljóði.

9. gr. frumv., þannig breytt, samþ. einu hlj.

10. gr. sþ. í e. h.

6. brtill. á þgskj. 476, a samþykt með 7 atkv. gegn 4 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Einar Jónsson,	Guðm. Björnsson,
Eiríkur Briem	Sigurður Eggerz.
Guðjón Guðlaugss.	Þórarinn Jónsson.
Jón Jónatansson,	
Jósep Björnsson,	
Júlíus Havsteen.	

Hákon Kristoffersson var ekki viðstaddur.

6. brtill. á þgskj. 476, b samþ. með 8 shlj. atkv.

11. og 12. gr. frumv. þar með fallnar.

7. brtill. á þgskj. 476 (ný 12. gr.) sþ. með 8 shlj. atkv.

13. gr. frumv. samþ. með 9 samhljóða atkv.

8. brtill. á þgskj. 476 sþ. án atkvgr.

14. gr. frv., þannig breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

9. brtill. á þgskj. 476 sþ, án atkvgr.

15. gr. frumv., þannig breytt, sþ. með 8 shlj. atkv.

10. brtill. á þgskj. 476 samþykt með 11 samhlj. atkv.

16. gr. frumv., þannig breytt, samþ. í einu hlj.

17. gr. frumv. samþykt með 11 shlj. atkv.

18. gr. frumv. samþ. með 11 samhlj. atkv.

19. gr. frumv. samþ. með 11 samhlj. atkv.

11. brtill. á þgskj. 476 samþ. með 9 shlj. atkv.

20. gr. frv. þar með fallin.

Fyrirsögn frv. sþ- án afkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 10 atkv. 1 gegn atkv.

---

5. *Frv. til laga um sjerstaka dómþinghá í Öxnadalshreppi* (480); 1. umr.

Steingr. Jónsson: Jeg vil aðeins geta þess, að jeg er mótfallinn þessu frv. og legg til, að það verði felt.

Jeg sje enga skynsamlega nje fullgilda ástæðu til að fjölga dómþinghám hjer á landi. Hinsvegar eru á því ýmsir annmarkar. Það hefur kostnaðarauka í för með sjer. Allur málskostnaður verður miklu dýrari, ef þeim verður fjölgað. Það leggur sýslumönnum óþarfa kostnað á herðar, og fer í bága við embættisbrjef þeirra. Eftir því eiga þeir að þjóna svo og svo mörgum þinghám, sem tiltekið er.

Og hver þörf er nú á þeirri fjölgun á þinghám, sem frv. ætlast til?

Eftir því, sem jeg hef heyrt sagt af kunnugum mönnum, er ástæðan sú, að hinum forna Skriðuhreppi hefur verið skift í tvo hreppa, og Öxnadalshreppi þykir sjer íþyngt með því, að verða að greiða til funda- eða þinghúss í öðrum hreppi, þar sem þeir eiga sjálfir fundahús í sínum hreppi. Jeg sje nú ekkert því til fyrirstöðu, að þeir hafi hver sitt manntalsþing. Jeg sje ekki, að nægileg ástæða sje til að breyta þessu eldgamla fyrirkomulagi. Jeg veit ekki til, að gerðar hafi verið breytingar á þessu, nema með Keflavik og kaupstaði; þar hafa verið stofnuð sjerstök lögsagnarumdæmi.

Jeg tel sem sagt mjög varhugavert að fjölga dómþinghám. Það væri miklu heppilegrá að fækka þeim. Það mundi hafa þægindi í för með sjer fyrir öll viðskifti og viðskiftamenn, og að því er framför. Á síðustu árum hefur mönnum líka verið gert ljettara fyrir, með því að heimila gestarjettarmeðferð sumra skuldamála. Fjölgun á þinghám mundi baka kaupmönnum óhagræði.

Ef þetta frv. verður samþykt, óttast jeg, að afleiðingin af því verði sú, að farið verði að fjölga þinghám. En slíkt eigum við að forðast. Jeg ræð því til, að frv. sje felt nú þegar.

ATKVGR.:

Frv. felt frá 2. umræðu með 6 atkv. gegn 3.

Lenging þingtímans.

Forseti: Hinn lögboðni þingtími er nú liðinn. En með því að miklu er enn ólokið af störfum þess, hefur hv. ráðherra skýrt mjer frá, að þingið væri framlengt til laugardagsins 6. sept. næstk., að þeim degi meðtöldum. Þetta vildi jeg tilkynna hv. deild.

---

37. fundur. Laugardaginn 23. ágúst, kl. 1 síðdegis. Allir á fundi nema Sig. Stefánsson þm. Ísafj.

1. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. okt 1903 um kosningar til alþingis* (513); 3. umr.

Samkv. ósk nefndarinnar var frv. tekið út af dagskrá.

---

2. *Frv. til laga um viðauka við lög nr. 34, 9. júlí 1909 um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs* (498); 1. umr.

Steingr. Jónsson: Jeg skal aðeins leyfa mjer að leggja það til, að þessu máli verði vísað til hallærislaganefndarinnar, að umr. lokinni.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþykt í e. hlj., að vísa málinu til hallærisnefndarinnar.

---

38. fundur. Mánudaginn 25. ágúst kl. 1, síðdegis. Allir á fundi nema Sig. Stefánsson, þm. Ísaf.

1. *Frv. til laga um ábyrgðarfjelög* (482, n. 514); ein umr.

Steingr. Jónsson, framsögumaður: Nefndin ræður til að samþykkja þetta frv. óbreytt, eins og það kom frá Nd. Að vísu hefur hv. Nd. gert á því nokkrar breytingar, og þær ekki óverulegar. En nefndinni lízt ekki ráðlegt að gera þær, nje einstök ákvæði frv,. að kappsmáli, held-

ur sje hitt rjettast að samþykkja frv. óbreytt, af því að í því felst veruleg rjettarbót.

Þá skal jeg stuttlega geta þeirra breytinga, sem orðið hafa á frumvarpinu í Nd.

1. breytingin er sú, að bætt er inn í 1. gr. frv. fjelögum, sem rekið hafa ábyrgðarstarfsemi hjer á landi full 2 ár, þegar lög þessi öðlast gildi, þó þau ekki hafi gagnkvæma ábyrgð. Að því, er jeg veit bezt, er það ekki nema eitt fjelag, er hefur not af þessu breytingarákvæði Nd., svo að breytingin er ekki mikilvæg. Nefndinni sýnist því engin ástæða til að gera þessa breytingu að kappsmáli.

Þá er önnur breyting Nd. fólgin í því, að 3. gr. er feld úr frv. Hún hljóðaði um innlend ábyrgðarfjelög. Það hefur ekki verið talin þörf á þessu ákvæði, enda virðist ekki gera mikið til, þó að fyrirskipanir um þetta bíði. Það virðist því engin ástæða til að gera þetta atriði að kappsmáli.

Þá er þriðja hreytingin. Hún er sú, að ákvæðið um, að fjelögin skuli skyld að setja tryggingu, hefur verið feld burtu. Nd. hefur ekki þorað að halda því fram. Það er óneitanlegt, að þetta dregur nokkuð úr gildi frv. En nefndin lítur svo á, að alt fyrir það sje nokkuð unnið við frv., þar sem eftir er þó ákvæðið, að fjelögin skuli hafa varnarþing hjer á landi. Til þess að bæta úr því, að tryggingarákvæðið hefur verið felt í burtu, hefur því ákvæði verið bætt inn í frv., að stjórn Íslands skuli sjá um það, ef á þurfi að halda, að erlend ábyrgðarfjelög greiði það fje, sem þau hafa verið skylduð með íslenzkum dómi til að gjalda. Þó jeg hafi ekki trú á, að þetta hafi mikla þýðing, bætir það þó nokkuð úr því skarði, sem varð í frv., þá er tryggingarákvæðið var felt burtu.

Að öllu athuguðu ræður nefndin því til, að samþ. frv. óbreytt.

Sigurður Eggerz: Jeg stend aðeins upp til þess að láta í ljósi óánægju mína yfir því, hve hv. Nd. hefur farið illa með þetta frv., þar sem bún hefur felt úr því mikilvægasta ákvæði þess, um tryggingu af hálfu fjelaganna. Jeg hef ekki sjeð ástæðu til að koma fram með brtill. um að setja þetta ákvæði inn í frv., því jeg gekk að því vísu, að það yrði aftur felt í Nd. Hinsvegar eru ákvæði um varnarþing og umboðsmenn til bóta. Jeg mun því greiða atkvæði með frv. Nd. ber ábyrgðina á, að frumvarpið er ekki betur gert úr garði.

Það er íhugunarvert alvöruefni, að landsmenn skuli skifta í blindni við fjelög, sem þeir vita ekki um, hvort eru „solid“ eða ekki.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra, sem *lög frá alþingi.*

---

2. *Frumv. til laga um samþyktir um herpinótaveiðar á Eyjafirði* (535, 550, 559); 3. umr.

Jósef Björnsson, framsögumaður: Meiri hluti nefndarinnar hefur leyft sjer að koma fram með brtill. við frv. Hún er á þgskj. 559. Hún er í aðalatriðum líks eðlis og sú brtill., er feld var við 2. umr., en þó frábrugðin henni á þann hátt, að mörkin eru færð talsvert inn á við, svo að samþyktin nær yfir minna svæði en eftir hinni tillögunni. Eftir þessari brtill. hugsast línan nú dregin milli syðri-enda Þórðarhöfða og Ingveldarstaðabæjar á Reykjaströnd, og það er því ekki nema lítill hluti fjarðarins að innanverðu, sem þessi samþyktarheimild nær yfir.

Vegna þess að mjer virtist hv. þingdm. ekki hafa kynt sjer málið nægilega við 2. umr., þá vil jeg í 1. lagi taka það fram, sem jeg gat um við 2. umr., að þessi tillaga er komin fram samkvæmt einlægri ósk kjósenda í Skagafirði, alveg eins og

frumv. um heimildina til þessara samþykta um síldveiði á Eyjafirði er komin fram samkvæmt ósk Eyfirðinga. Þetta kom fram á þingmálafundum í Skagafirði fyrir þing í sumar. Þetta stafar sjálfsagt mest af því, að fiskimenn á þessu svæði óttast, að herpinótaveiði verði færð inn eftir firðinum. Lagnetaveiði á síld er eina veiðiaðferðin, sem þar hefur tíðkazt. Hún hefur komið að töluverðu gagni og hjálpað til að ná í beitusíld, ekki einungis fyrir Skagafjörð, heldur og fyrir Siglufjörð og fleiri firði. Það, sem vakir fyrir mönnum, er það, að þeir vilja ekki spilla lagnetaveiði. Það getur ekki komið til mála, að með þessu sje hnekt atvinnuvegi eða rjetti nokkurs manns. Það er aðeins verið að gefa mönnum möguleika til að verjast hættu, þeirri hættu, að ekki yrði hægt að útvega sjer síld til beitu við þorskveiðar.

Jeg vænti þess, að þessi brtill. verði samþykt, í fyrsta lagi af því, að hjer er ekki að ræða um nema lítinn hluta fjarðarins, í öðru lagi af því, að með þessu er ekki spilt atvinnugrein nokkurs manns; í þriðja lagi af því, að þessi brtill. er upp borin eftir einlægum óskum sjómanna á þessu svæði. Af þessum ástæðum vænti jeg, sem sagt, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja þessa brtill.

Um 2. brtill. á þgskj. 559 er það að segja, að meiri hluti nefndarinnar tekur hana aftur, af því vjer aðhyllumst brtill. frá hv. þm. N.-Múl. (E. J.) á þgskj. 550.

3. brtill., að aftan við fyrirsögn frv. bætist „og Skagafirði", leiðir af 1. brtill., og þarf ekki að fjölyrða um hana.

Júlíus Havsteen: Jeg tók það fram við síðustu umræðu, að jeg teldi vafasamt, að þetta frv. væri í samræmi við lög 14. des. 1877 um fiskiveiðar á opnum bátum. Í lögunum stendur, að sektirnar megi ákveða 100 kr., en hjer alt að 500 kr. Þetta ógildir lögin ekki að vísu, en það er hætt við, að menn villist á þessu, og sektir verði ákveðnar, sem ekki eru í samræmi við gildandi lög. Hjer er óákveðið, hvort sektirnar eigi að renna, en í lögunum frá 1877 er ákveðið, að þær skuli renna í fátækrasjóð.

Brtill. fer víst í bága við þingsköpin. Jeg vildi aðeins skjóta því til háttv. forseta.

Jeg skal og geta þess, að jeg man ekki nú í svipinn, hvort Skagafjörður er lokaður fjörður eða ekki.

Guðm. Björnsson (6. kgkj.): Jeg hef leitað upplýsinga um þetta frumv., bæði hjá Bjarna Sæmundssyni, og hjá gömlum og reyndum skipstjóra, sem er í stjórn Fiskifjelagsins. Jeg hef spurt þá, hvernig þeim lítist á frumv., og hafa þeir báðir svarað, að þeir gætu ekki skilið, að það gjörði neinn skaða. Jeg fyrir mitt leyti mun því greiða atkvæði mitt með frumv. Annars verð jeg að telja það illa farið, að nefndin hefur ekki leitað álits Fiskifjelags Íslands um þetta mál; það fjelag ætti sannarlega að vera haft með í ráðum í slíkum efnum. — Um brtill. á þgskj. 559 vil jeg geta þess, að jeg er nokkuð óviss um, hvort hún eigi að samþykkjast. Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli háttvirtra flutnm. á því, hvort fjörðurinn muni ekki vera *of breiður*. Samkvæmt hinum litla uppdrætti Björns Gunnlaugssonar, er breidd fjarðarins h. u. b. 3 mílur, frá suðurenda Þórðarhöfða. Nú er landhelgin ekki nema $^3/_4$ mílu, og finst mjer því íhugunarmál, hvort brtill. komi ekki í bága við gildandi lög. Ef svo skyldi vera, að háttv. flutnm. ekki hafi athugað þetta, tel jeg rjettast, að málið væri tekið út af dagskrá, þangað til menn hafa aflað sjer fullnægjandi upplýsinga um þetta atriði.

Jósef Björnsson, framsögumaður: Jeg er þakklátur háttv. 6. kgkj., fyrir undirtektir hans undir frv. Jeg skal taka það fram, að nefndin hefur ekki tekið það atriði,

sem hann síðast mintist á, til sjerstaklegrar íhugunar, því hún þykist þess fullviss, að landhelgin nái langt út fyrir línuna, og ber jeg því engan kvíðboga fyrir, að þetta reki sig á landhelgisákvæðin. En þó svo væri, að fjörðurinn væri ekki lokaður út fyrir línuna, þá sje jeg ekki, að brtill. þyrfti að koma í bága við gildandi lög, því að samþyktirnar þyrftu ekki að ná út yfir hið lögheimilaða svið. Annars vil jeg gjarna verða við ósk hins háttv. þm. um að taka málið út af dagskrá, ef háttv. deild vill leyfa það.

Forseti: Jeg álít ekki gjörlegt, að taka málið út af dagskrá, en hinsvegar vil jeg fresta umræðunni til morguns.

---

3. Frv. til girðingalaga (547); 3. umr.

Málið var tekið út af dagskrá.

---

4. Frv. til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu (453, n. 509); 2. umr.

Guðm. Björnsson framsögum.: Það er samhljóða álit allrar nefndarinnar, að það megi aldrei koma til mála, að fara í bág við vilja þeirra, sem látið hafa eftir sig fje til almenningsþarfa. Í fyrstu virtist okkur frv. koma í bág við gjafabrjefið, en við nánari rannsókn komumst við að þeirri niðurstöðu, að sá ótti væri ástæðulaus, og að frumv. væri í fullu samræmi við tilgang gefandans. Í nefndarálitinu á þgskj. 509 hefur nefndin gjört grein fyrir rannsókn sinni. Kringum 1830 var verzlunarástandið alt annað en það er nú. Það er auðsjeð, að gefandinn hefur hugsað sjer, að jafnan væri hægt að fá matvöru, ef peningar væru í aðra hönd. Nú er öðru vísi ástatt, nú geta verzlanir oft orðið matvörulausar á útmánuðunum, ef siglingar teppast. Nefndin hlýtur því, að líta svo á, að það sje fyllilega samkvæmt vilja gefandans, að verja einhverju af ávöxtum sjóðsins til þess að tryggja það, að nægur kornforði sje fyrir hendi, ef hallæri dynur á, og leggur hún því til, að frv. sje samþykt óbreytt.

Áður en jeg skilst við þetta mál, vil jeg taka það fram, að við rannsókn nefndarinnar kom það í ljós, að meðferðin á fje sjóðsins hefur á undanförnum árum verið talsvert eftirtektaverð. Nefndin vill nú alls ekki víta það, þótt fyrirmælum gjafabrjefsins um jarðakaup hafi ekki verið fylgt, því að nú er öldin önnur en um 1830; þá mun hafa fengizt hærri renta af fje, sem sett var í jarðir, heldur en af peningum, sem settir voru á vöxtu í „þann konunglega kassa“. Hitt er athugaverðara, að styrktarfje hefur verið veitt úr sjóðnum, án þess að augljóst sje, til hvers það hefur farið. Samkvæmt gjafabrjefinu á aldrei að veita styrk úr sjóðnum, nema „stór almenn harðindi“ beri að höndum, en eins og kunnugt er, hafa alls ekki verið harðindaár að undanförnu. — Jeg hygg, að það sje tími til kominn, að vekja máls á því, að oft hafa heyrzt þær kvartanir, að almenningur fái ekki að vita, hvernig þeim sjóðum er stjórnað, sem stofnaðir hafa verið til almenningsþarfa. Hjer sjest nú, að þessar kvartanir eru ekki ástæðulausar, og væri æskilegt, að landsstjórnin sæji um, að stjórnendur slíkra sjóða gjörðu framvegis betri grein fyrir gjörðum sínum, en hingað til. Jeg held annars, að engum, sem til þekkir, geti dulizt, að skilagreinir margra opinberra starfsmanna eru nú á tímum orðnar miklu óljósari og ónákvæmari, en þær voru áður. T. d. voru reikningar þessa sjóðs miklu betur úr garði gerðir áður; á seinni tímum hafa þeir æ orðið ljelegri og ljelegri, sjerstaklega eftir aldamót. Hjer heyrist mikið talað um að spara fje á þann hátt, að afnema embætti, og er sjálfsagt að gjöra það, ef

hægt er. En sá sparnaður getur komið þjóðinni illa í koll, t. d. ef afleiðingar verða þær, að eftirlitið með opinberum starfsmönnum, verður ljelegra. Mjer hefur virzt, að það marki fyrir, hvað eftirlitið verður rýrara, eftir að amtmannaembættin voru lögð niður. Amtmennirnir höfðu eftirlit með mörgu, sem stjórnarráðið á nú að hafa eftirlit með, en eins og kunnugt er, er stjórnarráðið svo störfum hlaðið, að það er engin furða, þótt það anni ekki öllu, sem því er ætlað að vinna. Jeg bið háttv. deild forláts, að jeg hef minzt á þetta mál, þó það komi ekki því frumv. við, sem hjer liggur fyrir; en hjer er um svo mikilsvert atriði að ræða, að jeg gat ekki orða bundizt. Vil jeg því ljúka máli mínu með því, að leggja það til, fyrir hönd nefndarinnar, að háttv. deild samþykki frumv. óbreytt.

ATKVGR.:

Frv. sþ. með 11 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 samhlj. atkv.

---

5. *Frv. til laga um, að landssjóður leggi Landsbankanum til 100000 kr. á ári í næstu 20 ár* (552); 1. umr.

Eiríkur Briem: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að þessu frumv. verði vísað til nefndarinnar, sem skipuð var til þess, að íhuga frumv. til laga um landssjóðsábyrgð á sparisjóðsfje og innlánsfje Landsbankans og útibúa hans, og um meðferð á varasjóði bankans.

Málinu var vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. vísað til bankamálanefndarinnar með 11 samhlj. atkv.

---

6. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. okt. 1903 um kosningar til alþingis* (513, 565); 3. umr.

Hákon Kristoffersson framsögum.: Jeg get verið stuttorður um frv. að þessu sinni. Það mætti nokkrum andmælum við síðustu umr., en nefndin hefur nú reynt að bæta úr þeim annmörkum, sem þá var helzt fundið að. Jeg vil þakklátlega minnast þess, að háttv. 2. þm. N.-M. hefur verið nefndinni hjálplegur við þessar lagfæringar. Nefndin hyggur, að frumv. sje til talsverðra bóta, og vonar því, að það gangi nú mótmælalaust gegnum deildina.

ATKVGR.:

1. brtill., á þgskj. 565 sþ. í e. hlj.
2. — samþ. með 11 samhlj. atkv.
3. — — — 11 — —
4. — — — 10 — —
5. — — — 11 — —
6. — — — 11 — —
7. — — — 11 — —
8. — — — 11 — —
9. — — — 11 — —

Frv., þannig br., sþ. með 10 shlj. atkv. og afgreitt til forseta Nd.

---

39. fundur. Þriðjudaginn 26. ágúst, kl. 1 síðdegis. Allir á fundi, nema Sigurður Stefánsson. þm. Ísaf.

1. *Frv. til laga um samþyktir um herpinótaveiði í Eyjafirði* (535, 550, 559); 3. umr., frh.

Jósef Björnsson, framsögum.: Jeg hef litlu við að bæta við umræður þær, sem fóru fram um þetta mál í gær. Aðeins vil jeg taka það fram, að við höfum athugað landhelgislínuna á Skagafirði, og liggur hún miklu utar en mörkin eru sett í brtill. á þgskj. 559; hún liggur beina línu, hjer um bil frá Hrolleifshöfða að Selnesi á Skaga, og er hjer því ekki farið fram á, að friða einusinni helminginn af landhelgi fjarðarins, og svipað mun mega segja um Eyjafjörðinn, að samþyktin nái

ekki til meira en helmings af landhelgissvæði hans. Með því að spurningin um landhelgislínuna gaf einkum tilefni til þess, að umræðunni var frestað, en nú hefur verið leyst úr henni, eins og jeg hef skýrt frá, og eins og háttv. deild hefur getað sannfært sig um af sjókorti því, sem hjer hefur verið til sýnis, þá sje jeg ekki ástæðu til, að fara fleiri orðum um málið.

ATKVGR.:

1. brtl. á þgskj. 559 við 1. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.

1. brtill. á þgskj. 550 við 2. gr. samþ. með 10 samhlj.

2. brtill. á þgskj. 550 við 3. gr. samþ. án atkv.gr.

2. brtill. á þgskj. 559 við 3. gr. tekin aftur.

3. brtill. á þgskj. 559 samþ. án atkv.gr.

Frv., þannig breytt, samþ. með 11 samhlj. atkv. og verður endursent Nd.

---

2. *Frv. til girðingalaga* (547, 567); 3. umr.

Jón Jónatansson framsögumaður: Það varð nokkur ágreiningur við 2. umr. hjer í deild um sumar brtill. nefndarinnar, og hefur hún nú að nýju tekið þær til athugunar, og gert til miðlunar nokkrar breytingar á því, sem mestur ágreiningurinn var um. Væntir nefndin þess, að henni hafi tekizt þannig að miðla málum, að allir h. d. m. geti nú sætt sig við frv., og það fái fram að ganga. 1. brtill. er ekki annað en leiðrjetting á máli í 8. gr.; það verður að fella burtu orðin; „tún eða engi“ og setja. „land“ í staðinn. En tilvísunin á þgskj. 567 er ekki rjett; það á að vera 5. línu, en eigi 4. línu.

Þá hefur verið bætt við nýrri málsgrein, sem á að koma aftan við 1. málsgrein 8. greinar frv. Þetta er gert eftir bendingu h. þm. Húnv. (Þ. J.) við 2. umr. Nefndin fjelst á, að dæmi það, er hann færði til, væri rjett, að þar sem jörð liggur að landi kauptúns og verður fyrir ágangi þaðan, væri rjett, að jarðeigandi eða ábúandi ætti sama rjett til girðingaframlags, sem tún eða engi *lægi á móti*, og því hefur hún komið með þessa breytingu sína. 2. brtill. nefndarinnar er við 11. gr. frv., sem mestar umræðurnar urðu um síðast. Nefndin hefur gengið inn á það, að jafnan skuli leita leyfis, áður en girt er yfir akfæran veg, en þó ekki lengra en til sýslunefndar, þó um flutningabraut sje að ræða; henni fanst það mundi aðeins aukatöf, að vera að sækja þetta leyfi til stjórnarráðsins, og óþarfi, að vera að baka því ómak með þessu, enda mundi það einatt ókunnara málavöxtum en sýslunefnd, og hafa nóg annað þarfara að gera. Viðhald flutningabrauta og eftirlit með þeim hvílir nú á sýslunefndum, og er því eðlilegt, að þær skeri úr, hvort girðingaleyfi skuli veitt eða *ekki*, enda standa þær betur að vígi en stjórnarráðið, með að líta eftir, að ekki sje girt yfir vegi í leyfisleysi. Auk þess er hættara við, að slept sje að leita leyfis, þó yfir vegi sje girt, ef leyfið á að sækja til stjórnarráðsins, en ef sýslunefnd á að veita það. Hinsvegar þótti nefndinni ekki ástæða til að fara lengra en að láta ákvæðið ná til akfærra vega; hún leit svo á, að það mundi ekki valda þeim farartálma, þótt girt væri yfir aðra vegi, að þörf væri á, að skylda menn til að leita leyfis til að gera það.

Þá er brtill. b. við 11. gr., um að á eftir 2. málsgrein komi ný málsgrein svo hljóðandi: „Ef girt er fyrir aðra *stíga* eða *götutroðninga*, getur hreppsnefnd, ef þess er krafizt, heimtað, að hæfilegt hlið sje sett á girðinguna“. Nefndin hefur tekið þá bendingu til greina, sem hjer kom fram við 2. umr. málsins, að varhugavert sje að nema burtu stíga og götutroðninga úr upptalningunni á vegunum, svo að ákvæði laganna gildi ekki um þesshátt vegi, og setja ekkert í staðinn. Úr því er bætt með þessu ákvæði. Það getur hugsazt, þar sem engjum er

skift í skákir, að umferð sje nauðsynleg um slíkar smágötur, en þá þykir nefndinni nóg, að heimila hreppsnefndum að heimta, að hlið sjeu sett á girðingarnar, en óþarft, að heimta leyfi hennar til þess að girða megi. Nefndinni þótti því óþarfi að láta orðin: „stígur eða götutroðningur“ standa óbreytt, þar sem það gæti valdið óþægindum, en með þessu hygg jeg að svo sje frá lögunum gengið, að engin vandræði hljótist af. Um 3. brtill. ætla jeg ekki að fjölyrða. Það er aðeins farið fram á, að í stað þess, að virinn sje hvergi minna en 75 sentim. frá jörð, þegar um stórgripagirðingu er að ræða, komi 65 sentim., sem verður að álítast nægilegt. Þá er 4. brtill. nefndarinnar, um að fella burtu úr 20. gr. ákvæðin um, að túngirðingalögin og gaddavírslögin sjeu úr gildi numin, Nefndin tók þetta atriði til athugunar samkv. bendingu frá háttv. 3. kgkj. þm., og komst að þeirri niðurstöðu, að í þessum lögum væru ýms eftirlitsákv., sem þyrftu að standa, og því væri eigi rjett að fella lögin úr gildi. Hef jeg nú minzt á breytingartill. nefndarinnar, og sje ekki ástæðu til að tala frekar um frumv. að sinni, fyr en þá umræðurnar gefa tilefni til þess, en aðeins vil jeg geta þess, að það hafa komizt prentvillur inn í frumv. á 3 stöðum, hin fyrsta í 8. gr., þar sem stendur: „tún eða engjar liggja að beitilandi annara“, á að vera „annarar“. Önnur prentvillan er í 11. gr., þar sem stendur: „nú er girðing sett yfir veg með hliði fyrir veginum“, á að vera: „með hliði *á* fyrir veginum“. Þriðja prentvillan er í sömu grein: „Nú liggur yfir land forn fjallvegur“ fyrir: „Nú liggur yfir land *manns* forn fjallvegur.“ Þessar prentvillur verða að sjálfsögðu leiðrjettar við næstu prentun frumvarpsins. Sje jeg svo ekki ástæðu til, að fara fleiri orðum um frumvarpið, en læt þetta nægja að sinni.

Var þá umræðum lokið og gengið til atkvæða;

1. brtill. nefndarinnar, á þgskj. 567, við 8. gr., a-liður var sþ. án atkvgr.

1. brtill. nefndarinnar, b-liður, á þgskj. 567, við 8. gr. var sþ. í e. hlj.

2. brtill. nefndarinnar, á þgskj. 567, við 11. gr., a-liður, var sþ. í e. hlj.

2. brtill. nefndarinnar, á þgskj. 567, við 11. gr., b-liður, var sþ. í e. hlj.

3. brtill. nefndarinnar, á þgskj. 567, við 12. gr., var sþ. í e. hlj.

4. brtill. nefndarinnar, á þgskj. 567, við 20. gr., var sþ. í e. hlj.

Frumv., þannig breytt, var samþ. í einu hljóði, og endursent til neðri deildar.

---

40. fundur. Miðvikudaginn 27. ágúst, kl. 1, síðdegis. Allir á fundi nema Sigurður Stefánsson. þm. Ísaf.

1. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. nóv. 1903 um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum (482, n. 562); ein umr.*

Sig. Eggerz, framsögum. Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, er nú komið aftur frá háttvirtri neðri deild, og hefur hún að eins gert á því tvær efnisbreytinar. Fer önnur þeirra í þá átt, að kjósandi, sem vegna líkamsbilunar, eða af öðrum ástæðum ekki getur greitt atkvæði, skuli kveðja sjer til aðstoðar einhvern úr kjörstjórninni, en samkvæmt frumv., eins og það var samþykt hjer í deildinni, mátti kjósandi láta hvern þann, sem hann treysti bezt, aðstoða sig við kosninguna. Nefndin leit svo á og lítur enn svo á, að viðfeldnast sje, að kjósandi megi sjálfur velja trúnaðarmann sinn til að fara með þetta einkamál sitt, en þótt nefndin haldi fast við þá skoðun sína, getur hún eftir atvikum fallizt á þessa breytingu og vill því ekki gera þetta að ágreiningsatriði milli deildanna. Seinni breytingin fer í þá átt að jafna hlutföllin milli

atkvæða og atkvæðabrota, sem hver kjósandi greiði fulltrúa hverjum á listanum. Á lista með 5 fulltrúaefnum skiftast atkvæðin milli þeirra eftir frumv., eins og það var samþ. hjer í deildinni, þannig, að sá fyrsti fær 1, annar fær $^1/_2$, þriðji fær $^1/_3$, fjórði $^1/_4$ og sá fimti $^1/_5$, en eftir frv. eins og það var samþ. í neðri deild, fær sá fyrsti 1, annar $^4/_5$, þriðji $^3/_5$, fjórði $^2/_5$, og fimti $^1/_5$. Samkvæmt þessu eru hlutföllin rjettlátari, og telur því nefndin þessa breytingu til bóta. Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá neðri deild. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál.

ATKVGR.:

Frumv. var samþ. í einu hljóði og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

2. *Frumv til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu; 3. umr.*

Þar eð enginn tók til máls, var gengið til atkvæða, og var frumv. samþ. í einu hljóði og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

41. fundur. Fimtudaginn 28. ágúst, kl. 1, síðdegis. Allir á fundi, nema Sigurður Stefánsson, þm. Ísafj.

1. *Frumv. til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. júlí 1909 um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs* (448, n. 569). 2. umr.

Guðm. Björnsson framsögum. Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frumvarp, því nefndin hefur í áliti sínu á þgskj. 569 gert ljósa grein fyrir skoðun sinni á málinu, og hefur hún þar lagt það til, að frv. þetta verði samþykt óbreytt. Frumvarpið felur einungis í sjer litlar breytingar á lögunum um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs frá 1909, sem sje þær, að sveitirnar geti trygt sjer vetrarforða á dálítið annan hátt, en þar er gert ráð fyrir. Í þeim lögum er ekki gert ráð fyrir öðru, en að sveitirnar komi sjer upp kornforðabúrum og kaupi sjer sjálfar kornbirgðir. Það er að vísu ekki langt síðan þessi lög gengu í gildi, en það er þó þegar sjeð, að þau muni ekki koma að miklum notum. Því að sveitir þær, sem hafa notað sjer lögin, eru mjög fáar. Aðalástæðan til þess er vafalaust sú, að ef kornið er keypt, og þurfi svo ekki til þess að taka, þá þarf að skifta um korn næsta ár, og veldur það talsverðum erfiðleikum og kostnaði fyrir sveitirnar. Þessi óhentuga aðferð hefur vafalaust verið ástæðan til þess, að svo fáar góðar sveitir hafa notað sjer lögin.

Með þeim viðauka við lögin, sem hjer er ætlazt til að gerður sje, er opnuð önnur leið en þessi, sem er sú, að leyfa sveitunum að semja við verzlanirnar, um að hafa nægilegan vetrarforða til taks, ef á þarf að halda. Það er sennilegt, að geti þetta tekizt, þá verði það miklu umstangsminna, og kostnaðarminna en að koma upp kornforðabúrum. Það liggur í hlutarins eðli, að það er heppi-legast, að verzlunarbirgðirnar sjeu forðabirgðir. Það var svo áður, á meðan verzluninni var öðruvísi háttað'en nú, þegar skip komu ekki á verzlunarstaðina frá því í september og alt fram til sumarmála, og menn voru neyddir til að hafa næga kornvöru fyrirliggjandi allan þennan tíma. Þetta er til þess að bæta úr því, að verzlunarforðinn er svo lítill á vetrum eins og nú á sjer stað. Jeg get ekki hugsað mjer, að *menn geti haft neitt á móti* þessu frumvarpi, nema ef vera skyldi það, að ætlazt er til, að landssjóður leggi til nokkurn hluta kostnaðarins. Það er erfitt að segja um, hve miklu þessi útgjöld landssjóðs muni nema, en það er tvent, sem gerir, að ætla má, að þau verði ekki mjög tilfinnanleg, annað

það, að landssjóður á ekki að leggja til nema helming, og hitt, að sveitirnar, sem eiga að leggja til hinn helminginn, munu af þeim ástæðum hafa áhuga á að gæta þess, að kostnaðurinn verði sem minstur. En það er ekkert nýtt í því, þótt landsjóður hlaupi undir bagga, þegar um ný fyrirtæki er að ræða. Það hefur hann oft gert áður, svo sem með styrk til jarðabóta o. fl. Og þessi styrkur af hálfu landssjóðs, er einhver bezta hvötin til allra framkvæmda í landinu. Og sá styrkur, sem hjer er um að ræða, mun einnig reynast hvöt til fólksins, til þess að sinna þessu nauðsynjamáli. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða frekara um þetta mál, en vil aðeins vekja athygli háttvirtra deildarmanna á því, sem nefndin hefur tekið fram í áliti sínu, að þetta eru ekki nema bráðabirgðaráðstafanir. Allar slíkar ráðstafanir hafa þann galla, að það eru oftast nær aðeins beztu hjeruðin, sem færa sjer þær í nyt, en hin, sem verst eru stödd og þyrftu mest á lögunum að halda, láta þau ónotuð. Jeg get t. d. hugsað mjer, hvernig fræðslumálum okkar væri komið, ef lög um fræðslu barna hefðu að eins verið heimildarlög fyrir sveitirnar. Þá væru öll fræðslumálin í glundroða, og í raun og veru eru heimildarlög eins óhæf hjer, þótt maður sjái ekki annað tiltækilegt að sinni.

Sigurður Eggerz: Jeg ætla að taka það fram, að jeg fyrir mitt leyti mun greiða atkvæði með frv., því jeg get ekki sjeð neitt athugavert við það, en jeg get ekki neitað því, að mjer þykir nefndarálitið í meira lagi athugavert. Nefndin gefur bendingar um, hvernig hún telji hentugast, að kornverzluninni sje hagað framvegis. Telur hún einokun hentugustu leiðina. Aðeins með henni telur hún að tryggja megi landið gegn kornskorti. Hún er því öruggasta hallærisráðið. Jeg er á þveröfugri skoðun. Þó litið sje á málið með hallærisaugum, þá prýkkar einokunin ekki fyrir það. Og þó gengið sje út frá kaupfjelagseinokuninni, lögskorðaðri kaupfjelagseinokun, þá er mjer ljóst, að með því fyrirkomulagi mundi einmitt ærin hætta á því, að hjeruðin yrðu kornlaus. Altaf mundi ágreiningur um það í sveitunum, hvað kaupa skyldi mikið, og hætt við, að sparnaðarhugsjónin mundi standa nokkuð fast á bak við þau kaup. Hætt við, að kornforðinn yrði oft af skornum skamti, en ef illa tækist, þá ekki hægt að fá korn annarsstaðar en hjá einokunarverzluninni, og gæti það leitt til mikilla vandræða. Yfirleitt má segja það sama um þessa einokun og um alla einokun, að hún mun verða hættuleg fyrir frelsi þjóðarinnar. Við höfum fengið að reyna einokunina á fyrri öldum, og sú reynsla ætti að kenna okkur að taka hana ekki upp aftur. Aðalhættan við alla einokun er einmitt í því fólgin, að auðfjelög nái tangarhaldi á stjórninni eða þeim, sem standa fyrir verzluninni, og selji þeim verri vöru, en ef verzlunin væri frjáls, og auk þess með verra verði. Hættulegt að hafa á einni hendi umráð yfir aðal lífsnauðsynjum þjóðarinnar. Sú hönd getur orðið þjóðinni svo mikill ofjarl, að hún megi lengi að því búa. En ef verzlunin er frjáls, hvetja eiginhagsmunir kaupmanninn til þess að hafa ávalt til nægar birgðir af góðri og vandaðri vöru, því það er honum sjálfum fyrir beztu. Verzlunin gengur því betur. Mig furðar það stórum, að þar sem reynslan bendir til þess, að hin frjálsa verzlun hafi hrundið af stað ýmsum framförum hjer hjá oss, þá skuli vera farið að fara út af þessari braut og inn á hina, sem hefur reynzt mjög illa, og því álít jeg, að þessu þurfi þegar í stað að mótmæla. Jeg ætla ekki að halda langa ræðu að svo stöddu, en jeg álít, að það væri mjög hættulegt, ef farið yrði inn á þá braut, sem bent er á í nefndarálitinu, og mjer þykir það mjög leitt, að undir þessu áliti skuli standa nöfn

margra af beztu mönnum bændaflokksins, einmitt þess flokksins, sem jeg hef sjerstaka trú á, að geti gert mjög mikið gagn hjá þjóðinni í framtíðinni og mjer þykir því illa farið, ef hann tekur þetta mál á sína stefnuskrá. Þegar kolaeinokunin kom til sögunnar, þá var öll þjóðin á einu máli um, að hún væri með öllu óhæfileg, og það sama vona jeg að verði niðurstaðan um þá einokun, sem hjer er um að ræða. Það virðist yfirleitt vera hjá ýmsum hjer í háttv. deild of rík tilhneiging til þess að leggja alt á herðar stjórnarinnar. Menn mega ekki gleyma því, að það er holt, að einstaklingarnir ráði sem mestu um hag sinn, og finni jafnframt til ábyrgðar þeirrar, sem því fylgir. Það er ekki rjett af þinginu að skerða þessa abyrgðartilfinningu einstaklinganna með því að gerast fjárhaldsmaður þeirra á öllum sviðum.

Forseti: Jeg vil taka það fram, að jeg leyfi ekki, að umræðum sje haldið lengur áfram um einokun. Það liggur ekki fyrir hv. deild.

Guðm Björnsson, framsögumaður: Jeg vona, að hv. forseti leyfi mjer að svara einokunarræðu hv. þm. V.-Skaftf. (Sig. Egg.) örfáum orðum. (*Forseti:* Já, örfáum orðum). Annars er erfitt að svara hv. þm. í stuttu máli; þetta mál er stærra en svo. En alt annað er þetta en kolaeinokunin, að telja lögskorðaðan kaupfjelagsskap hættulegan fyrir frelsi þjóðarinnar, eins og hv. þm. gerði, er hin stærsta fjarstæða, og marghrakið.

En þótt erfitt sje að svara í fám orðum, þá vil jeg þó segja þetta.

Hjer er að ræða um aðallífsnauðsyn þjóðarinnar, kornvöru, og ef heil sveit verður uppiskroppa, þá vofir yfir stór bætta; það er því skylda þjóðfjelagsins að tryggja það, að slíkt komi ekki fyrir. Það væri með öllu óforsvaranlegt af þjóðfjelaginu, að láta slíkt nauðsynjamál afskiftalaust.

Þar sem vatnið er tekið sem dæmi í nefndarálitinu, þá er það aldrei nema rjett. Hjer í Reykjavík var ekki kostur á góðu drykkjarvatni, og til þess að fá það gott, var engin önnur leið fyrir hendi en einokun.

Hjer er sama að segja.

Það er brýn nauðsyn, að þjóðin tryggi sjer það, að hafa til nóg korn á vorin og altaf, alveg eins og Reykvíkingar trygðu sjer vatnið.

Alt öðru máli er að gegna um kolaeinokunina, er hv. þm. V.-Skaft. (S. E.) mintist á; hún var borin fram til þess, að *landssjóður græddi á henni*, en einokun á kornvörum er alls ekki haldið fram til þess að útvega landssjóði tekjur, heldur til þess að útvega landsmönnum nægan kornmat.

Og til þess að spara öðrum ómak, þá vil jeg svara hv. þm. V.-Skft. (S. E.), þar sem hann hallaði á bændaflokkinn. Jeg vil bera ámæli af þeim flokk, þótt jeg ekki sje þar fjelagi. Og mjer finst það ekki vera nema einkar eðlilegt, þó að bændur skilji þetta og finni betur en aðrir.

Af hverju stafa hinar miklu framfarir, er orðið hafa í búnaði á síðari tímum? Því er víst fljótt svarað: *Vaxandi samvinna!* Og hjer er um vaxandi samvinnu að ræða. Nú eru kaupfjelög í flestum sveitum landsins, og þau hafa deildir í öllum sveitum. Og þar sem kaupfjelögin hafa gefizt yfirleitt vel, og menn sjeð, að það er verzlunarleið framtíðarinnar, þá er eðlilegt, að bændur sjái að þetta er framtíðarúrræðið til þess að tryggja þjóðinni nægar kornbirgðir. Það er ekki nóg að hrópa einokun! persónufrelsi! eða hafa önnur stóryrði. Það þarf röksemdir.

Jeg skal ekki gera þetta að frekara umtalsefni hjer, því jeg tel það ekki rjett, þar sem það ekki kemur til atkvæða. En

þetta á að verða að umræðuefni í hverri sveit á landinu.

Júlíus Havsteen: Ekki skal jeg ræða um einokun, jeg vildi að hún yrði hvorki nefnd á nafn hjer í hv. deild nje annarsstaðar.

En frv. þetta hefur tvær hliðar, og önnur þeirra þykir mjer kenna um of at „kommunismus“. Hann getur að vísu verið góður innan þröngra takmarka, en hann getur farið oflangt. Og jeg get ekki felt mig við, hversu langt er gengið í því efni í 2. gr. frv., því mjer lízt það svo, að allir þeir, er kornhjálp fá, sjeu þar gerðir að sveitarlimum; helminginn af kornina á sveitin sem sje að greiða, en landssjóður hinn helminginn (*G, B.*: Nei). Jú, það stendur svo.

Yfirleitt er kommunismus hættulegur. Það hefur sagan sýnt, að það er hið versta og hættulegasta, er þjóðirnar geta bygt á, því að þá hætta þær að hugsa um sjálfa sig, og alt lendir í aumingjaskap. En það er ekki eins gott og affarasælt fyrir þjóðirnar, að hver einstaklingur hugsi um sig sjálfur og treysti sjer, en kasti ekki áhyggju sinni á aðra. Og þjóð og stjórn ætti því að gera hvað hún gæti til að auka sjálfstilfinning og sjálfstraust einstaklingsins, en ekki með löggjöf sinni og öðrum fyrirskipunum gera það gagnstæða. Það væri affarasælt. En hjer í frv., í 2. gr. á hið mótsetta sjer stað, og get jeg því ekki verið með frv., nema að 2. grein þess sje feld í burtu. Ef svo er gert, hef jeg ekkert við frv. að athuga.

Sigurður Eggerz: Hv. forseti hefur bannað að einokun sje rædd hjer í hv. deild, og skal jeg því lítið fara inn á það efni.

Hv. frsm. (G. B.), talaði um það, að samvinnan væri hinn mikli máttarstólpi að framförum vorum, og er jeg honum fullkomlega sammála um, að svo sje, bæði hvað verzlun o. fl. snertir. En frjáls kaupfjelagsskapur og frjáls samtök yfir höfuð eiga ekki neitt skilt við einokun þá, sem teygir höfuðið upp úr nefndaráliti háttv. nefndar.

Hv. frsm. (G. B.) sagði ennfremur, að það væri þjóðarnauðsyn, að kornmatur væri landsverzlun. Það er mjer með öllu óskiljanlegt. Hvaðan kemur sú nauðsyn. Hefur undanfarin ár verið kornskortur og er ekki á óteljandi hátt hægt að tryggja sjer korn, þó verzlunin sje frjáls? Jeg hræðist einokunina, og þjóðin ætti aldrei að gleyma gömlu einokunaraugunum. En með því að hæstv. forseti hefur bannað einokunarumræður, þá vil jeg ekki fara frekar út í málið.

Guðm, Björnsson, framsögumaður: Hv. 1. kgk. þm. (Júl. Hav.) talaði um það, að hann gæti ekki greitt 2. gr. frv. atkvæði og þar með frv. í heild sinni, ef hún stæði kyr, gæti það ekki, vegna þess er hann kallaði „kommunismns“; en það merkir, að enginn eignarrjettur sje til, og allir grafli í öllu sem til er. En þetta er hreinasti misskilningur. Hjer er alls ekki um slíkt að ræða, og sveitarsjóðir og landssjóður eiga ekkert að greiða nema forðinn sje notaður. Það, sem um er að ræða, er, að þessir sjóðir greiði nokkuð af *tryggingar*-upphæðinni, það er alt og sumt.

En hjer er ekki um neina *nýung* að gera.

Við höfum samþykt lög um sjúkrasjóði, þar sem heitið er styrk úr landssjóði, þ. e. a. s. alþýðu er heitið hjálp til þess að tryggja heilsu sína. Og eins er um ellistyrktarsjóðslögin (*Stgr. J.*: heyforðabúr).

Það er langt síðan að hv. 1. kgk. þm. (J. Hav.) hefur verið í öðrum löndum, hann hefur dregizt aftur úr. En þar eru nú komnir upp allskonar alþýðutryggingarsjóðir. Það er talið sjálfsagt, að rikissjóð-

ir styrki þá öfluglega. Þar eru trygginga gegn *sjúkdómum, slysum, ellilasleika* og *atvinnutjóni*. Og það er margreynt, að þetta er mesta þjóðarblessun. Og þessar tryggiagar aukast ár frá ári. En við erum á eftir í því sem öðru. Það er satt, að á 9. og 10. öld var það fremdin mest, að spila upp á eigin spítur, og trúa á mátt sinn og megin. En það er fjarskalega langt síðan að aumingjarnir komust í skilning um það, að *þeim* er ekki nóg að trúa á mátt sinn og megin, að þeir geta ekki sjeð sjer farborða hvað sem ábjátar.

Nei, eini vegurinn fyrir þá, til þess að halda frelsi sínu og sjálfstæði, er sá, að *afneita* sjálfum sjer, hópa sig saman og hjálpa og styrkja hver annan.

Og það er hið æðsta boðorðið, að haldast í hendur og hjálpast að.

Jeg vil ekki aftur fara að tala um nefndarálitið, nje minnast á það, er hv. þm. V.-Sk. (S. E.) var að tala um. En jeg vil þó segja við hann og aðra, þá er líkt mæla, að ummæli þeirra stafa af því, að þeir hafa, því miður, ekki hugsað um málið, þeir hafa ekki enn haft tíma til að hugsa um þetta nýmæli. Af því stafar mesta mótspyrnan.

Við getum vel lifað, þó að börnin sjeu illa mentuð, en kornmatarlausir getum við ekki lifað. Þó hefur þingið samþykt, að beita þvingun í barnafræðslumálum (*S. E.*: Er það einokun). Já, einokun og þvingun er eitt og hið sama. Og sama er um vatnið hjer í Reykjavík (*Júl. Hav.* og *S. E.*: Jeg get fengið vatn annarsstaðar) Mikið rjett, en jeg verð samt að borga bæjarvatnið, þótt jeg ekki noti það; þessvegna er það þvingun; þessvegna er það einokun. En hvað var sagt hjer í bænum, þegar verið var að ræða um vatnið. Það var fjarskalega margt og mikið.

Það var sagt, að það væri að taka atvinnu frá vatnskerlingunum, og það var sagt, að aumingjarnir gætu ekki greitt vatnsskattinn; hann væri nýr skattur á þá og alt of þungbær. En hvað segja aumingjarnir nú. Aumingjarnir koma nú hver af öðrum og biðja um, að vatnið sje leitt inn til þeirra, biðja um að fá að greiða vatnsskatt. Og vatnskerlingarnar hafa allar fengið eitthvað annað að gera, og kaupmönnunum er sannarlega ekki vandara um en vatnskerlingunum. Sú regla er algild, að hagur einstaklinganna verður að víkja fyrir hagsmunum heildarinnar.

Það getur vel verið, að þetta eigi langt í land. Fáfræði og hleypidómar sitja hjer að völdum í þessum vandamálum. En jeg er viss um það, að þjóðin mun bráðlega sjá, að þetta er eina rjetta leiðin. Sú tíð kemur, að fáfræði og hleypidómar verða að víkja sæti bæði í þessu og öðru. Þetta er framtíðarmál.

Júlíus Havsteen: Jeg er á móti einokun og finst, að reynsla íslenzku þjóðarinnar sje svo af einokuninni, að það sje harla óeðlilegt, að nokkur skuli halda henni fram. Annars er jeg ósamþykkur því, að umræðurnar snúist um einokun eða vatnskerlingar, eins og hjá hv. frsm. (G. B.), og blanda mjer ekki í þær.

Jeg verð að mótmæla því, að jeg hafi misskilið 2. gr. frv. Það stendur þar beinlínis, að sveitarsjóðir og landssjóður eigi að greiða andvirði alls korns, sem ekki er notað. En af hverju er það ekki notað? Það getur verið af því, að kornið sje svo vont, að enginn geti notað það, og þetta skemda korn eigi svo sveitarsjóðir og landssjóður að borga. Og það er rangur grundvöllur, sem frv. er bygt á. Jeg er meðmæltur því, að menn tryggi sig sjálfir, og vil, að það sje stutt að því sem mest má verða, að hver sjái um sig sjálfur. En þetta frv. gerir það ekki, það minnir meira á sveitarlimi.

En háttv. framsm. (G. B.) er dauðhræddur, og heldur, að heimurinn muni forganga, ef að hafís kæmi fyrir Norðurlandi. En jeg get fullvissað hann um,

að það hefur oft borið við, án þess að dómsdagur hafi runnið upp þar fyrir.

Jón Jónatansson: Jeg ætla ekki að nota mjer þessi eldhúsdagsforrjettindi, sem mönnum hafa verið veitt hjer í dag til þess að tala um alt annað, en það, sem stendur á dagskránni.

Aðeins vildi jeg minnast á eitt atriði í ræðu háttv. 1. kgk. þm. (J. H.), þar sem hann hjelt því fram, að eftir frumvarpi þessu væri verið að setja menn á sveitina. En það nær engri átt að segja, að bændastjettin sje með þessu frv. sett á sveitina. Það væri þó sýnu nær að segja, að hún væri gerð að landssjóðsómögum. Og jeg skal fúslega játa það, að landssjóður hefur nóga ómegð fyrir, þó ekki sje þar bætt við. En hjer er að eins um styrk að ræða, stuðning og hvöt fyrir menn til að tryggja atvinnuveg sinn. Á því veltur líka öll þeirra velferð; þeir hafa ekki öðru að treysta en atvinnu sinni. Öðru máli er að gegna um embættismennina. Ef þeir vilja ekki lengur gegna embætti, heldur fara að lifa á eftirlaunum sem landssjóðsómagar, þá biðja þeir bara um lausn frá embætti *(Júl. Havsteen*: Þetta nær ekki til mín. Jeg hef ekki sótt um lausn). Jeg veit það; jeg var ekki að tala um háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) persónulega, heldur um þessi ómagaummæli hans, og um þá reglu, er embættismenn víða tíðka. Háttv. sami þm. sagði, að ef menn vildu koma upp forðabúrum, og tryggja þann veg atvinnu sína, þá mættu þeir gera það; landssjóður ætti ekki að vera að leggja neitt fram til þessa. Vill hann þá líka segja, að ef embættismenn langi til að lifa á eftirlaunum, þá megi þeir það; landssjóður eigi bara ekki að greiða þau. Annars eiga ummælin um ómagana ekki hjer við, heldur eiga þau betur við annarsstaðar.

Háttv. framsm. (G. B.) hefur leiðrjett háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) um notkun forðans og endurnýjun hans. En þar sem hann yrði endurnýaður árlega, þá er ekki eins hætt við skemdum og háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) ráðgerði.

Forseti: Jeg verð að vísa því frá mjer, að jeg hafi leyft nokkrar eldhúsdagsumræður hjer í deildinni í dag. Þvert á móti áminti jeg háttv. ræðumenn um, að fara ekki út fyrir efni frv.; hitt kannast jeg við. að jeg hef *liðið*, að nokkuð hefur verið vikið frá frv., en *leyft* hef jeg það alls ekki.

Sigurður Eggerz: Jeg þakka háttv. forseta, að hann hefur leyft mjer að gera ofurlitla athugasemd. Mjer þótti ræða háttv. 6. kgk. (G. B.) harla einkennileg. Hann sagði, að það væri sýnilegt, að hvorki jeg nje háttv. 1. kgk. (J. H.) hefðum hugsað um málið. Jeg skil ekki í, hversvegna hann segir það, því að engin rök færði hann fyrir því, eins og ekki var heldur við að búast Ræða háttv. 6. kgk. (G. B.) bar vott um, að hann hefur kastað fram hugsunarlaust máli sínu. Háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) verður að gæta þess, hvað miklu betur við stöndum að vígi, en hann. Við höfum á bak við okkur reynsluna, og sú reynsla sýnir sorglega, hvernig einokunin dró merginn úr þjóðinni og steypti henni í volæði; en reynslan sýnir líka, hvernig frjálsa verzlunin hefur lyft þjóðinni upp og orðið lyftistöng framfara og velmegunar. Þessi er nú reynslan, og það hvílir á háttv. 6. kgk. (G. B.) skyldan að sanna það, að nú sje fylling tímans komin til að hverfa frá frjálsri verzlun og innleiða aftur einokun hjer í landi.

Jeg sje það, að 6. kgk. (G. B.) getur samið álnarlöng nefndarálit um hallærisvarnir og alt mögulegt milli himins og jarðar.

Forseti slítur umræðum.

ATKVGR.:
1. gr. samþ. í e. hlj.
2. gr. samþ. með 10 : 1 atkv.
3. gr. samþ. í e. hlj.
4. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögnin samþykt án atkv.gr.
Málinu vísað til 3. umr. með 11 samhlj. atkv.

---

2. *Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915* (572); 1. umr.

Steingrímur Jónsson: Jeg leyfi mjer að leggja það til, að frv. þessu sje vísað til 2. umr. og síðan til nefndar þeirrar, sem kosin er til að fara með frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912—1913.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.
Málinu vísað til fjáraukalaganefndarinnar í e. hlj.

---

42. fundur. Föstudaginn 29. ágúst, kl. 1 síðdegis. Allir á fundi.

1. *Frv. til lagu um friðun æðarfugla* (553, frh. n. 579, 596, 619); ein umræða.

Sigurður Stefánsson, framsögumaður: Þetta frumv. er nú komið aftur frá hv. Nd. sem vængbrotinn æður. Nú er það á valdi hv. deildar, hvort hún vill láta það halda áfram að vera vængjalaust, eða lappa svo upp á það, að æðurin verði aftur fleyg. Nefndin hjer í deild hefur að sínu leyti viljað laga frnmv., og í því skyni bætt inn í það tveim greinum í stað greina þeirra, er úr voru feldar í h. Nd.

Nefndinni er það kunnugt, að breytingin á frv. í hv. Nd. stafaði af óheppilegri atkvgr., en ekki af því, að deildin væri svo móthverf efni þess; leggur hún því til, að ákvæðin í 2., 3. og 4. gr. frv., eins og það var, þegar það fór hjeðan úr deildinni, sjeu að nýju tekin upp; en hún hefur dregið þau saman í eina grein, sem hún ætlast til að verði 2. gr. frv. Þessi gr. verður samhljóða greinunum, sem feldar voru úr í h. Nd. að öðru en því, að eftir atvikum hefur hún látið sjer lynda að sleppa ákvæðinu, sem er í viðaukalögum frá 22. marz 1890 við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 um, að ekki megi hirða dauðan æðarfugl. Nefndinni er kunnugt um, að þetta ákvæði hefur verið óvinsælt, þótt hún telji það ástæðulítið, að svo sje. Eigi að síður hefur hún til miðlunar slept því, með því líka hún álítur, að það muni ekki valda mjög miklu tjóni, þótt það sje gert, en heldur hefði hún þó viljað halda því.

Þá feldi og hv. Nd. burt úr frv. greinina um það, hvaða lög skyldu úr gildi feld með lögum þessum. Nefndin hefur tekið hana upp að nýju. Þó að þessar breytingar hafi verið gerðar á frv. h. Nd., þá eru töluverðar vonir um, að hún muni ekki vængbrjóta frv. aftur.

Rjett í þessu berst mjer í hendur brtill. á þgskj. 619 frá h. 2. þm. N.-Múl. (E. J.). Þessi brtill. fer fram á það, að varpeigandа sje leyft að greiða þeim mönnum, er varp hirða, borgun fyrir starf sitt með eggjum, ef þeir óska. Jeg hef ekki haft tækifæri til að bera mig saman við samnefndarmenn mína um þessa brtill. En jeg hygg, að hún sje sprottin af alveg sjerstökum varpháttum á Austurlandi, og þá sjer í lagi hjá h. þm. (E. J.). Jeg er alls óhræddur um að h. flutnm. brtill. (E. J.) muudi ekki vanbrúka leyfi þetta, og að því leyti sje óhætt að veita það. En ekki má gera ráð fyrir, að allir sjeu eins og hann eða þeim jafn vel trúandi. Eigi að síður finst mjer við fljótlega yfirvegun, að jeg muni geta greitt atkvæði með brtill., því að jeg hygg, að óvíða muni til þess koma, að varpeigendur þurfi að taka ut-

anheimilisfólk til að hirða varp sitt. Jeg veit, að varpland h. þm. (E. J.) er stórt og í fjarlægð frá heimili hans, og að hann muni þurfa að fá verkafólk sjer til hjálpar við hirðing varpsins; eftir því sem hann hefur skýrt mjer frá, er það einkum fátækt þurrabúðarfólk úr Vopnafjarðarkaupstað. Það er skiljanlegt, að þessu fólki komi vel að fá egg í kaup sitt, en hins vegar hagræði fyrir varpeigendur að mega greiða þessu fólki kaupið í eggjum. Þegar á þetta er litið og þess gætt, að varla geta orðið mikil brögð að eggjatöku í þessu skyni, þá sýnist vel fært að samþ. brtill.

Einar Jónsson: Jeg ætla að tala fá ein orð um brtill. mína á þgskj. 619. Jeg játa það, að jeg er ekki kunnugur æðarvörpum víða hjer á landi, en þó þekki jeg til tveggja varplanda á Austurlandi; annað er það, sem jeg hef umráð yfir. Það er svo langt frá heimili mínu, að jeg verð að láta hirða það annarstaðar frá. Þeir, sem að því vinna fyrir mig, vilja helzt fá hirðinguna borgaða í eggjum, og nægja oft hin svokölluðu kaldegg til að greiða borgunina með, og ekki spillir það varpinu, þótt þau sjeu tekin.

Þá skal jeg minnast á Sauðaness-varpið. Í það þurfa að ganga 8 menn annan hvern dag, og verður að taka verkamenn að einhverju leyti til þess; er það hagkvæmt fyrir báða málsaðila, að borgunin sje greidd í eggjum, og mun mega gera það að skaðlausu fyrir varpið.

Það vill oft koma fyrir, að mikið verði af kaldeggjum. Þannig voru t. d. í byrjun hretsins síðastl. vor borin heim 7600 kaldegg. Það er hart fyrir varpeigandann að þurfa að láta verða ónýt þau egg, sem hann getur ekki hagnýtt sjer á heimilinu, þegar svona stendur á; en mega ekki borga vinnu við hirðing varpsins með þeim. Jeg býst við, að óvíða muni varp vera svo langt í burtu, að eigandinn geti ekki látið hirða það að heiman, eða svo stórt, að hann komist ekki yfir að hirða það með heimilisfólki sínu, og getur það því varla orðið æðarvarpsræktinni til mikillar hindrunar, þótt brtill. sje samþykt. Jeg veit að vísu, að hugsanlegt er, að þessi heimild verði vanbrúkuð, en varla geta orðið mikil brögð að því, þar sem sjálf greinin, sem brtill. á að bætast inn í, bannar öllum að láta af hendi æðaregg til utanheimilismanna, og þá mættu þeir, sem fá þau fyrir hirðingu á varpi ekki heldur gera það. Jeg vona því, að viðaukatillaga mín geti ekki á neinn hátt orðið til hindrunar æðarvarpsræktinni, sem þetta frv. vill styðja.

ATKVGR.;

Brtill. á þgskj. 619, samþ. með 8 samhlj. atkv.

1. brtill. á þgskj. 596 samþykt með 11 shlj. atkv.

1. brtill. á þgskj. 579, þannig breytt, sþ. með 11 shlj. atkv.

2. brtill. á þgskj. 579 samþykt án atkvgr.

2. brtill. á þgskj. 596 samþykt án atkvgr.

3. brtill. á þgskj. 579 samþykt með 11 shlj. atkv.

Frv., þannig breytt, samþykt með 10 shlj. atkvæðum og verður endursent neðri deild.

---

2. *Frv. til viðauka og breytingar á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884* (456, 585, n. 587); 2. umr.

Jón Jónatansson framsögum.; Eins og sjest á nefndarálitinu, þá hefur nefndin fært frv. þetta, sem komið er frá hv. Nd. í dálítið styttra form og gert nokkrar breytingar á því.

Þetta mál er næsta mikilsvert, en jafnframt mjög vandasamt, og tilraun sú sem

sem gerð hefur verið að ráða því til lykta, hefur að nokkru leyti strandað bæði á undanförnum þingum og nú. N. d. hefur ekki talið sér fært að fást við málið í heild sinni, og þegar hingað kom, voru ekki eftir í frumvarpinu nema tvö atriði af þeim 4 höfuðatriðum þessa máls, sem fyrst voru tekin þar til meðferðar, sem sje um að tryggja betur en áður rjett leiguliða til endurgjalds fyrir jarðabætur, og um að veita honum rjett til að losa sig við kúgildin. Þótt ekki sje meira eftir af viðfangsefninu en þetta, komst nefndin þó að þeirri niðurstöðu, að það væri betra en ekki, að því væri ráðið til lykta, og hefur því ráðið til að frv. væri samþykt með þeim breytingum, sem hún á þgskj. 585 leggur til að á því sjeu gerðar. En nefndin hefur líka í áliti sínu tekið það fram, að gera þurfi gangskör að því, að breyta ábúðarlöggjöfinni allri í betra horf, og reynt að gera grein fyrir, hvernig mætti fara að því að undirbúa málið. Enn sem komið er, vantar ýmsar upplýsingar, sem óhjákvæmilegt er að fyrir hendi sjeu, til að koma málinu í gott horf.

Það er mikilsvert um það, hvernig skipað er fyrir um leigu og ábúð jarða, þar sem svo margar jarðir hjer á landi eru í leiguliðaábúð. Ábúðarlöggjöf vor er svo gömul, að eðlilegt er, að hún, þótt góð væri í fyrstu, sje í ýmsu orðin úrelt; hún var miðuð við annað ástand en nú er; búnaðarhættir hafa í ýmsu breyzt, og reynslan hefur leitt í ljós ýmsa galla á henni.

Eins og jeg sagði áðan, gerir vantandi undirbúningur það að verkum, að eigi er unt að skipa fyrir til fulls um ábúðarlöggjöfina nú á þessu þingi. Það er ærið vandhæfi á að skipa svo fyrir, að hvorki hallist á landsdrottinn nje leiguliða. Þingið virðist hafa slegið því föstu, að sjálfseignarábúð sje eitt höfuðskilyrði framfara í landbúnaðinum. En nú geta ekki allir verið sjálfseignarbændur, og því getur þingið ekki látið afskiftalaus kjör leiguliðanna,

vilji það vera sjálfu sjer samkvæmt. Löggjöfin þarf að stefna að því, að sem minstur munur verði á leiguliðaábúð og sjálfseignarábúð.

Það sýnir, hve erfitt mál þetta er viðureignar, að enn hefur þinginu ekki tekizt að gera leiguliðaábúð á landssjóðsjörðum fullviðunandi. Það hefði þó átt að vera hægra fyrir þingið að skipa fyrir svo vel færi um leiguliðaábúð á landssjóðsjörðum, en á jörðum einstakra manna. Með því að þingið hefur viðurkent það, hve þýðingarmikil sjálfsábúð er fyrir búnaðarframfarir landsins, þá er það í sjálfu sjer ósamkvæmni af því, að leitast ekki við að gera kosti leiguliðans svo líka kostum sjálfseignarbóndans, sem unt er að gera með löggjöf; en fyrsta sporið er það, að stuðla að því, að leiguliðinn geti óhindrað og hiklaust lagt fram krafta sína til að bæta jörðina; það þarf með öðrum öðrum að vernda rjett hans, svo hann geti óhræddur lagt í kostnað til umbóta á ábúðarjörð sinni, og þurfi ekki að eiga á hættu að missa ávöxt verka sinna.

Mest hafa tilraunirnar til að tryggja hag leiguliðanna strandað á því, að menn hafa verið hræddir um, að of nærri yrði gengið rjetti jarðeiganda, og að það mundi valda verðfalli á jarðeignum, og öðrum vandræðum. En ekki má leggja árar í bát, einhver ráð verður að finna. Sje það ókleift, þá ætti öll leiguliðaábúð að hverfa úr sögunni, svo framarlega sem það er rjett, að ill og óbagkvæm leiguliðaábúð standi búnaðinum fyrir þrifum.

Það má ekki láta mál þetta afskiftalaust til langframa; það er talsvert farið að brydda á gróðabralli með jarðeignir hjer á landi, en það þurfum vjer að forðast, að jarðirnar verði leiksoppur í höndum gróðabrallsmanna. Þeir, sem landið vilja rækta og framleiða, gæði úr skauti jarðarinnar, eiga að hafa fullan rjett til að njóta þeirra, og jeg er ekki í neinum vafa um, hverra rjett eigi að meta meira,

þessara tveggja, þeirra, sem leggja fram krafta sína til að auka verðmæti landsíns, eða hinna, sem ávaxtanna vilja njóta, án þess að hafa lagt fram vinnu eða fje. Hjer hygg jeg hljóti að vera hægt að skipa svo fyrir, að rjetti hvorutveggja: landeiganda og leiguliða sje nokkurnveginn borgið.

Eitt atriði var það, sem háttvirt Nd. tók til meðferðar, en gafst upp við, það var ákvæði um hús á jörðum. Í frv. um ábúð, bygging og úttekt jarða, sem þingið 1911 fjallaði um, var þetta tekið með, og var í nefndaráliti þessarar deildar bent á úrlausn, sem virðist hyggileg. Þar var gert ráð fyrir, að jarðeigendur eignuðust öll hús á jörðum sínum og bygðu þau upp, þegar þyrfti, en þar var og gert ráð fyrir, að þessi kvöð færðist smátt og smátt yfir á jarðeigendur og þannig, að ekki var líklegt, að mikil vandræði mundu stafa af því eða verðfall jarða. En því miður hefur háttv. Nd. nú látið þennan hluta málsins falla niður, og hjeðan af varla fært að taka það upp hjer í deild, svo áliðið sem nú er orðið þingtímans.

Jeg skal leyfa mjer að benda á, hvernig fer, ef leiguliðar byggja t. d. hlöðu. Þegar þeir fara af jörðu, fá þeir ekkert endurgjald fyrir byggingarnar, nema einungis fyrir þökin, alla veggi, — atla þá vinnu, sem í þeim liggur, verða þeir að láta eftir, án þess að fá nokkuð fyrir. Nú leggja menn t. d. mikið kapp á að byggja heyhlöður, og veggirnir, hlöðutóftirnar kosta feikna mikla vinnu, eru afardýrar; en ef sá, sem byggir hlöðurnar fer frá jörðunni, þá getur hann aðeins selt þakið, ef til vill, fyrir eitthvert verð, en fyrir veggina fær hann ekki neitt. Og ekki nóg með það, dæmi munu vera til þsss, að ef heygarðar hafa verið á jörðinni, en sem ekki þarf að nota eftir að hlöðurnar voru bygðar, hafa menn þó orðið að svara á þá álagi, samkvæmt núgildandi lögum.

Á alþingi 1911 var ákveðið, til þess að ýta undir góða áburðarhirðingu og ræktun landsins, að eigi skyldu teknar til greina jarðabætur þær, sem ekki væru til áburðarhúsa. Þetta var skynsamlegt í sjálfu sjer, en er nokkur sanngirni í að heimta þetta af leiguliðum, meðan rjetti þeirra er ekki betur borgið en nú er? Ákvæði á. búðarlaganna um viðhald mannvirkja eru ekki heldur sem hagkvæmust, og mætti ýmislegt til telja, sem úrelt er í þeim, og sem ekki væri ástæða til að framfylgt væri. Tvö af fjórum atriðum, sem nefndin hafði til meðferðar, hefur hún gefizt upp við, nefnilega húsin og ábúðartímann, og þarf það að takast upp aftur sem fyrst, aftur á móti leggur hún til, að breyting komi á viðvíkjandi kúgildum og endurgjaldi fyrir jarðabætur.

Jeg vil víkja fáum orðum að fyrstu breytingartillögunni. Nefndin lítur svo á, að hún geti ekki komið að neinum notum. Og engin ástæða er til að taka upp þessa grein ábúðarlaganna í þetta frumvarp. Í 2. greininni er farið inn á betri og sanngjarnari leið fyrir báða málsaðila, en þó einkum leiguliða, þar sem endurgjaldið er hækkað úr einni krónu upp í eina krónu og 50 aura. Að því, er snertir þriðju greinina um kúgildin, þá hefur nefndin aðhylzt ákvæðið um, að leiguliðar geti losast við kúgildin, en telur þó ekki heppilegt, að láta það ákvæði ná til gildandi leigusamninga, og er eðlilegast, að slíkt sje samningsatriði milli samningsaðila.

Annars er ekki þörf að fara fleiri orðum um breytingarnar. Frumvarp þetta er ekki nema bráðabirgðabót á núgildandi ákvæðum, og hefur nefndin minzt á, að gagnbreyta þurfi ábúðarlöggjöfinni, og að safna þurfi nauðsynlegum upplýsingum þar að lútandi. En aftur á móti hefur hún ekki komizt að fyllilega fastri niðurstöðu

um, hvaða leið skuli fara til að safna þeim. Líklegt er, að unt væri að safna slíkum upplýsingum, sjerstaklega ef stjórnin vildi beitast fyrir því, og þá með tilstyrk Búnaðarfjelags Íslands og búnaðarsambandanna, og hygg jeg, að mikið megi gera, ef viljann ekki vantar. Eftir þeim upplýsingum, sem fengjust með þessu móti, ætti síðan að semja frumvarp, sem lagt yrði fyrir næsta alþingi, og síðan rætt þar og rannsakað rækilega, og að því búnu borið undir atkvæði eða álit þjóðarinnar, því það þarf vel að vanda, til þess að hvorki sje gengið á rjett landsdrottins, nje hagur leiguliða fyrir borð borinn, því að ef ekki verður komið í veg fyrir þetta, þá á engin leiguliðaábúð að vera til, Það er ómótmælanlegt, að þeir, sem eiga jarðirnar, sem þeir sitja, rækta þær bezt, en það þarf að varast, þegar verið er að ýta undir sjálfsábuðina, að ofþungar kvaðir verði lagðar á landsdrotna, svo að þeir neyðist til að selja jarðir sínar, ef til vill undir sannvirði, og má fyr rýmka um rjett leiguliðanna en svo sje. Jeg vænti þess, að háttvirt deild fallizt á brtill. nefndarinnar, og veit jeg, að þessar umbætur, þó að ekki sje meiri en þær eru, muni horfa til bóta.

Hákon Kristoffersson: Jeg ætla ekki að vera fjölorður að þessu sinni, en lýsa yfir því tafarlaust, að jeg er gersamlega mótfallinn þessu frv. og óska helzt, að það sje strax felt frá 3. umræðu. Jeg játa að vísu, að gallar sjeu á ábúðarlöggjöfinni, en jeg álít, að þetta frumvarp sje til svo lítilla bóta, að ekkert sje unnið við að sletta svona ómerkilegri bót á ábúðarlögin, sem að mörgu leyti mega teljast heldur góð, enda þó jeg kannist við, að þau hafi stóra galla. Eitt er víst, að úr þeim göllum bætir ekki þetta frv., þó að lögum verði, nema það verði töluvert bætt frá því sem nú er. Jeg efast ekki um góðan vilja nefndarinnar, en finst henni hafi þó enganveginn vel tekizt. Það er t. d. 3. brtill. við 3. og 4. gr. frv., að leiguliði hefur heimild til, áður byggingarbrjef er gert, að kjósa, hvort hann vill taka við kúgildum, er jörðinni hafa fylgt, eða vera laus við þau, þá er ekki á það minnzt, hvernig fer, ef landsdrottinn ekki samþykkir. Ja, þá fær hann auðvitað ekki jörðina, því að ekki getur komið til mála, að leiguliði eigi að ráða samningunum, og landsdrottinn eigi megi byggja hvort heldur Pjetri eða Páli eftir sínum geðþótta.

Það er kunnugt, að nokkrar mótbárur hafa verið reistar gegn kúgildunum, en jeg er viss um, að ekki mun allur þorri leiguliða vilja losna við þau, og eigi get jeg álitið það þjóðarvilja, þó að það kunni að vera vilji einstakra efnaðru leiguliða.

Ef 3. og 4. gr. frv. er feld burtu, og hin nýja grein háttv. nefndar sett í staðinn, þá er landsdrottni heimilt að fara með leiguliða eftir því, sem þeim kemur saman um, og sje jeg eigi, að það sje til neinna bóta. Vil jeg að endingu taka það fram, að þar sem að ábúðarlögin eru ekki tekin til rækilegri yfirvegunar en þetta, þá mun betra að bíða, þar til þau verða endurskoðuð til hlítar, enda hefur háttv. nefnd gefið það í skyn. Og þó nú væri gerð bót á einstökum af mörgum göllum laganna, færi ekki betur á því, en ef ný bót væri sett á sundurslitið, gamalt fat. Ábúðarlögin tel jeg þörf á að taka til rækilegrar athugunar, en svona lagað kák við þau, eins og mjer sýnist þetta frv. vera, tel jeg verra en ekkert væri gert.

Sigurður Stefánsson: Jeg tek undir með háttv. þm. Barðstr. (H. K.), að jeg álít þetta lítilfjörlega bót á ábúðarlöggjöfinni, og það er margt fleira, sem þarf rækilegrár athugunar við, og hjer er alls eigi vikið að. Eitt atriði er það þó, sem jeg vil sjerstaklega minnast á.

Eins og kunnugt er, er heill flokkur landsdrottna hjer á landi, sem háður er sjerstökum kvöðum, er liggja á jörðum þeirra; eru það bændakirkju eignirnar, sem þurfa að svara hálfum smjörleigum af kirkjujörðunum. Mjer er það nú eigi ljóst, hver áhrif það gæti haft í framkvæmdinni, ef þau ákvæði frv. gengju fram að leiguliðar á þessum jörðum gætu skorazt undan að taka á móti kúgildum þeim, er þeim fylgja, þar sem landsdrottinn yrði þó eftir sem áður að svara hálfum leigunum til prestsins. Það er að vísu auðsætt, að landsdrottinn verður að hækka eftirgjald jarðarinnar svo, að hann sje skaðlaus, en það getur samt sem áður valdið honum töluverðum baga og óþægindum. Jeg vil því biðja háttv. nefnd að skýra frá, hvernig hún hugsar sjer afstöðu bændakirkju-eigenda og leiguliða þeirra í þessu efni. Það getur verið hart fyrir landsdrottinn að verða að taka við kúgildunum til þess að geta fengið jörðina bygða, enda þótt hann telji sjer skaða eða að minsta kosti óþægindi að því. Annars er jeg samþykkur háttv. þm. Barðstr. (H. Kr.) um, að gera þurfi gagngerða endurskoðun á ábúðarlöggjöfinni, og að þetta sje svo lítil bót, að betra sje hún bíði betri endurskoðunar. Fái jeg ekki fullar upplýsingar hjá háttv. nefnd, langar mig til að bera fram brtill. við 3. umr. um, að þetta ákvæði nái ekki til eigenda bændakirkna.

Einar Jónsson: Jeg vildi svara háttv. þm. Ísaf. (S. St.) nokkrum orðum, þar sem hann mintist á kúgildin. Ákvæðið um, að leiguliði geti losnað við kúgildin er ef til vill athugavert, að því er bændakirkjujarðir snertir, en niðurstaðan ætti þó að verða hin sama, því ef landsdrottinn tekur kúgildin til sín, má búast við, að hann hækki landskuldina, og munu flestir leiguliðar fúsir að greiða hærri landskuld, ef þeir losna við kúgildin, sem alment eru álitin of hátt leigð. Þá getur landsdrottinn og leigt öðrum kúgildin, eða gert öðruvísi arðberandi, svo mjer sýnist ekki geta komið til mála, að hann biði tjón við þetta, sem þar að auki er samningsatriði. En nefndin mun taka til íhugunar, hvort ástæða sje til að undanskilja bændakirkjujarðir, þar eð dálitlir vafningar gætu orðið að því, er „prestsmötuna“ snertir.

Sigurður Stefánsson: Mjer þykir vænt um að heyra, að háttv. nefnd muni fúslega taka þetta atriði til greina. Og það verður að aðgæta það, að kvöð þessi hvílir á landsdrotni, hvort sem hann hefur bygt kúgildin eða ekki, og stundum geta þau fallið niður. Jeg þekki t. d. eina bændakirkjueign með 14 kúgildum, sem hvergi eru til nema á pappírnum, og verður eigandinn að svara af þeim hálfum leigum samkvæmt hæstarjettardómi. Þessi kúgildi eru fallin niður fyrir langa löngu, án þess nokkur viti, hvað af þeim hefur orðið, en eigendur kirkjunnar verða samt að svara hálfum leigum af öllum þessum kúgildum. Og ósanngjarnt virðist að neyða landsdrotna til að taka til sín kúgildin, ef þeir telja sjer það skaða, og á það ekki sízt við, er um bændakirknaeigendur er að ræða, þar eð á þeim hvíla þessar lögkvaðir, sem jeg hef minzt á.

En jeg vona sem sagt, að háttv. nefnd taki þetta til athugunar.

Einar Jónsson: Jeg gleymdi áðan að geta þess, að það getur verið vafamál, hvort bændakirkjujarðir geti heyrt undir ábúðarlögin frá 1884. Jeg veit, að úrskurðir um kirkjujarðir hafa verið kveðnir upp í líkingu við það, sem úrskurðað væri eftir ábúðarlögunum, en þá er þó aðeins farið eftir líkingu (Analogi). Bændakirkjujarðir eru að vísu eign einstakra manna, en kirkjan á ætið eitthvað í jörðunum, helming jarðar eða upp undir það. Þetta er því

að minsta kosti vafa-atriði, og er því auðvitað ástæða til að taka þetta til athugunar í nefndinni.

Jón Jónatansson, framsögumaður: Jeg skal ekki lengi eyða tímanum fyrir hv. deild. Jeg get verið flestum, er talað hafa, þakklátur, og jeg vona, að þau verði úrslitin, að frumv. fái að fara áfram og breytingartillögur nefndarinnar verði samþyktar.

Gegn athugasemdum háttv. þm. Ísf. (S. St.) get jeg vísað til þess, er hv. þm. N.-Múl. (E. J.) svaraði þeim. Jeg sje nú reyndar ekki þessi vandkvæði, sem hv. þm. Ísf. hreyfði og óttaðist, að stafa mundi af frv. En hinsvegar þykir mjer sjálfsagt, að nefndin taki athugasemdir hv. þm. Ísaf. (S. St.) til íhugunar, og segi álit sitt á þeim við 3. umr.

Þá er hv. þm. Barð. (H. K,). Honum þótti ákvæði frv. um kúgildin varhugaverð. Honum þótti hættulegt að ákveða mætti um kúgildin með frjálsum samningi. Hann óttaðist, að það yrði ef til vill til þess, að jarðirnar bygðust ekki. Það er nú ekki gott að segja, hvað verður, ef leiguliða og landsdrotni kemur ekki saman. Það er ekki hægt að synda fyrir þau sker í löggjöfinni.

Hv. sama þm. (H. K.) þótti og umbæturnar á frv. lítilvægar. Þar er jeg á sama máli og hv. þm. Hjer er aðeins verið að bæta úr bráðustu nauðsyn. Jeg held, að þetta frumvarp sje betra en ekki, þó lítið sje.

En eitt þótti mjer skrítið hjá hv. þm. Barð. (H. K.). Hann taldi ábúðarlögin góð, en líkti þeim þó við nauðaslitið fat. Hann vildi helzt ekki láta hrófla við lögunum, af því að honum virtist þau góð, en kom svo með þessa líking! Jeg kom þessu ekki saman hjá hv. þm. Ástæður og mótbárur hins hv. þm. gegn frv. voru því heldur lítils virði.

Hákon Kristoffersson: Jeg get ekki verið sammála því, sem hv. þm. N.-Múl. (E. J.) sagði um kúgildin, og mjer þótti ástæður hans einkennilegar. Hann taldi og vafasamt, hvort bændakirkjujarðir heyrðu undir ábúðarlögin. Jeg verð að álíta, að þetta sje nokkuð einkennileg skoðun, og satt að segja ólík því, að koma frá jafn greindum manni og þessum hv. þm. Mjer er spurn: Undir hvaða lög heyra bændakirkjujarðir, ef ekki undir lögin frá 12. júní 1884?

Hv. frsm. (J. J.) sagði, að jeg hefði talið ákvæði frv. um kúgildin hættuleg; en þar hefur hann annaðhvort ekki heyrt, hvað jeg sagði, eða misskilið mig. Hann sagði og, að jeg hefði sagt, að ábúðarlögin væru góð, en hefði þó líkt þeim við sundurslitið fat. Þetta er mikill misskilningur hjá hv. þm. Jeg sagði, að það væri eins og verið væri að setja nýja bót á sundurslitið fat, ef þetta frv. yrði samþykt. Þetta var hinn mesti útúrsnúningur hjá hv. þm., sem jeg tel með öllu óhæfilegan, en það er vel farið fyrir hann, ef hann er hróðugur af slíku afreki. Jeg þykist ekki vanur að snúa út úr orðum annara manna, og tek því ekki með þökkum, ef snúa á útúr mínum orðum. Þeim, sem færa orð mín til betri vegar, ef þau eru ekki svo skýr, að vel sjeu skiljanleg, þeim er jeg aftur á móti þakklátur.

Jón Jónatansson: Jeg vil aðeins mótmæla því kröftuglega, að jeg hafi viljað snúa út úr orðum hv. þm. Barð. (H. Kr.). (*H. K.:* Sá kraftur felst ekki í orðum hv. þm.). Jeg gerði ekki annað en herma orð hans. Hann sagði, að við hefðum lengi búið við þessi lög, sem hjer er farið fram á að breyta, og þau dugað vel, en kom svo seinast með samlíking sína um gamla fatið. Þessu fær hv. þm. ekki hrundið.

ATKVGR.:
1. brtill. á þgskj. 585 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr. frv. þar með fallin.
2. brtill. á þgskj. 585 a samþ. með 10 shlj. atkv.
3. brtill. á. þgskj. 585 b samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. frv., þannig breytt, sem verður 1 gr., sþ. með 9 shlj. atkv.
3. brtill. á þgskj. 585 samþ. með 10 shlj. atkv.
3. og 4. gr. frv. þar með fallnar.
4. brtill. á þgskj. 585 samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr. frv. þar með fallin.
Fyrirsögn frumv. sþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 samhlj. atkv.

---

43. fundur. Mánudaginn 1. sept., kl. 1 síðdegis. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. nóv. 1907* (381, n. 597), 2. umr.

Eiríkur Briem: Framsögumaður nefndarinnar í þessu máli er ekki kominn inn, svo að jeg vildi skjóta því til forseta, hvort hann vildi ekki fresta því, og taka næsta mál fyrir á undan.

Forseti varð við þeim tilmælum og frestaði málinu.

---

2. *Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. janúar 1884* (638); 3. umr.

Jón Jónatansson, framsögumaður: Það er óþarfi að segja margt um þetta frv. nú. Því var hreyft við 2. umr., að ákvæði frv. um kúgildin gætu valdið vandræðum, að því er snertir smjörafgjald af bændakirkjujörðum. Nefndin hefur ekki sjeð neina ástæðu til að koma fram með neina brtill. um þetta efni; því að þótt þetta frv. verði samþykt, breytir það mjög lítið núgildandi lögum um þessi efni, Það getur verið samkomulagsatriði milli landsdrottins og leiguliða, hvort afgjaldið er greitt í smjöri eða á annan hátt. Það verður ekki sjeð, eins og jeg sagði, að þær breytingar á lögunum, er hjer er farið fram á, snerti neitt þessi efni; það er samningsatriði eftir sem áður. Jeg vona því, að frv. njóti sömu velvildar og áður hjer í deildinni, og að það nái fram að ganga.

ATKVGR.:
Frv. samþ. með 9 samhlj. atkv. og endursemt Nd.

---

3. *Frv. til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. júlí 1909 um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs* (498); 3. umr.

Steingrímar Jónsson: Mig langar til að segja örfá orð um þetta frv., áður en það fer út úr deildinni, og tel viðeigandi, að koma fram með þær athugasemdir, er jeg vil gera, nú við 3. umr.

Jeg skal þá byrja mál mitt á, að jeg tel rjettarbót að þessu frumvarpi. Kostur þess er sá, að menn geti trygt sig gegn kornvöruskorti, ef ís og hallæri ber að höndum. Þetta tel jeg rjettmæta stefnu. Og jeg ætla, að það komi sjerstaklega að gagni í sveitum, er afskektar eru, þar sem erfitt er til vöruaðdrátta og alls afla. Í sambandi við þetta liggur beint við að vísa til þess, að kaupmannastjett landsins hefur ekki reynzt fær til að tryggja landinu nægar korubirgðir. Síðan verzlunin varð frjáls 1854 hafa litlar eða engar um-

bætur orðið í þessu efni, er tryggi þjóðinni það, að nægilegur kornforði sje ætíð fyrir höndum, hvernig sem árar. Mjer þykir því vænt um hverja ráðstöfun, er miðar að því, að tryggja okkur þetta. Og þetta frv. er spor í þá átt.

Það fælir mig ekki að neinu leyti frá frv., þó að sagt sje, að frv. stefni í einokunaráttina, sje að nokkru leyti spor í þá átt, að löggjafarvaldið taki að sjer að tryggja landinu alt af næga kornvöru og um leið að taka á hönd sjer öll kornvörukaup. Jafnvel þó að jeg vissi, að þetta yrði afleiðingin af frv., mundi jeg ekki snúast gegn frv. fyrir því. Jeg tel slíkt ekki tap, heldur þvert á móti. Með því móti tel jeg fengna miklu meiri trygging fyrir því en nú, að korn-vöru skorti ekki í landinu, og að kornverzlun öll batni.

Sú stefna og skoðun hefur um alllangan tíma drotnað meðal margra menningarþjóða heimsins, að rjett væri að láta verzlunina sem mest fara ferða sinna, láta hana vera sem frjálsasta, svo að hún geti sem mest farið eftir lögunum um tilboð og eftirspurn. Þessi stefna er fyrst runnin frá þjóðmegunarfræðingnum Adam Smith. Og mjög margir ætla, að þessi meginstefna hans í verzlun og viðskiftum hafi gert Englendinga að voldugri og auðugri þjóð, og það er víst rjett. En hinu má heldur ekki gleyma, að hún hefur gert meira. Hún hefur skapað þann hinn mikla sæg hungraðra og volaðra þurfamanna, sem hið volduga brezka ríki skelfur nú fyrir. Það þarf ekki að lesa mikið í enskum tímaritum og blöðum til að sjá, að það er ekkert, sem stjórnmálamenn Breta og hugsandi menn óttast eins mikið og þetta ástand, eins og þessar miljónir hungraðra manna. Árangur þessarar stefnu frjálsu verzlunarinnar hefur því orðið sá, að hún hefur ekki komið á meiri jöfnuði á kjörum manna, heldur þvert á móti. Hún hefur einmitt orðið til þess að stækka muninn á ytri kjörum auðmanna og fátæklinga. Margt bendir og á, að stefna þessi sje smátt og smátt að hverfa, en ný að rísa í hennar stað; bezt menntuðu ríkin og þau sem bezt er stjórnað eru smámsaman að hefta atvinnufrelsi manna.

Um þetta atriði þarf ekki að fjölyrða, einkum þar sem háttv. 6. kgk. þm. mintist á það við 2. umr.

Það er altaf hrópað á einokunina gömlu, er eitthvað líkt og þetta frumvarp ber á góma. „Þetta er einokunin gamla“, segja menn, og við höfum reynsluna fyrir okkur, hvernig hún hefur gefizt. En hjer er um annarskonar einokun að ræða. Sú einokunarstefna, sem fylgt var hjer fyrrum, var almenn um þær mundir, og ríkti alllengi í Evrópu. Hún reyndist hjer illa. Og af hverju? Af því að hún var fyrirskipuð af útlendum konungi, er enga hugmynd hafði um, hvernig tilhagaði hjer á landi. Og hún var fengin útlendum fjelögum í hendur, er öll höfðu það eitt fyrir markmið, að græða sem mest á henni. En slíkt er ekki í samræmi við einokunarstefnu nútímans nje í anda hennar. Tilgangur hennar, mark og mið er að tryggja sem bezt öll verzlunarviðskifti og tryggja með því móti hag landsmanna.

Sigurður Eggerz: Mjer fiinst það einkennilegt, að þegar jeg við 2. umræðu leyfði mjer að minnast á einokunarmálið, þá var jeg hringdur niður, en nú hefur hv. forseti leyft hv. 3. kgk. að halda fyrirlestur um einokun. Eru það eingöngu konungkjörnir, sem mega tala um þetta mál?

Forseti: Jeg tók ekki orðið af hv. þm., fyr en hann hafði talað lengur en jeg hafði leyft honum, og meira að segja gekk jeg feti framar en beppilegt var, þegar jeg gaf honum orðið í 3. sinn til þess að gera stutta athugasemd, og jeg tek ekki á móti neinum ákúrum af hinum hv. þm.

Umræðunni er því lokið, ef hann vill ekki ta'a um frv. sjálft.

Sigurður Eggerz: Mig fýsir ekki að tala aftur í máli þessu; hef enga löngun til þess að láta forseta hringja mig niður aftur, en við því mætti jeg búast.

Forseti: Það er furðuleg ósanngirni, að hv. þm. skuli leyfa sjer að bera fram slíkar ávítur, þar sem jeg þó sýndi honum hina mestu tilhliðrunarsemi við síðustu umr., og það jafnvel um skör fram.

ATKVGR.:

Frv. sþ. með 12 shlj. atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi*.

---

1. mál. 4. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. nóv. 1907* (381, n. 597); 2. umr.

Guðm. Björnsson, framsögumaður: Eins og hv. deild mun kunnugt af nefndarálitinu, hefur nefndin ekki sjeð sjer annað fært, en að leggja það til, að þetta frv. verði felt. Frv. fer fram á það, að framvegis verði borgarstjóri Reykjavíkur kosinn af bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa, í stað þess, að hann er nú kosinn af bæjarstjórninni. Að vísu er það kunnugt, að margir bæjarbúar óska, sð þessi breyting verði gerð, en hinsvegar er engin vissa fyrir því, að meirihluti borgara í Reykjavík sje henni hlyntur. Óskin um breytingu mun vera sprottin af þeirri skoðun, að meiri trygging sje fyrir því, að hæfur maður verði valinn, ef kosningin er í höndum alla atkvæðisbærra borgara. En nefndin hyggur, að þessi skoðun sje bygð á misskilningi eða oflítilli íhugun. Menn verða að gæta þess, að meðan staðan er aðeins til 6 ára, þá hlýtur yfirleitt að verða erfitt að fá nýta menn í hana. Það er lítt hugsandi, að nokkur sá maður, sem hefur góða atvinnu, vilji hlaupa frá henni í stöðu, sem hann ekki hefur vissu fyrir að geta haldið, nema um takmarkaðan tíma. Og enn þá erfiðara mundi þetta reynast, ef borgararnir, en ekki bæjarstjórnin, ættu að kjósa borgarstjórann. Bæjarstjórnin mundi oft geta fengið mann til þess, að gefa kost á sjer í embættið, sem ófáanlegur væri, ef allir borgarar ættu að kjósa. — Þá ætti ekki að þurfa að taka það fram, að ef borgarstjóri ætti að kjósast með almennum kosningum, þá mundi verða hin skæðasta flokkabarátta um kosninguna, engu síður en við alþingiskosningar. Gæti þá vel farið svo, að lakasti maðurinn næði kosningu. Þessi hætta er minni, meðan kosningin er í höndum bæjarstjórnarinnar. Og þar að auki ber þar hver einstakur meiri ábyrgð gerða sinna, því að allir vita, hverjir í bæjarstjórn sitja. Nefndin getur því ekki álitið þetta frv. til hagsmuna fyrir bæjarfjelagið, og væntir hún þess, að allur meginþorri borgara í Reykjavík muni verða henni sammála um það, eftir nánari íhugun. Þess ber einnig að gæta, að borgarar kjósa bæjarfulltrúana, og eru því engu að síður öll ráðin í þeirra höndum. Bæjarstjórnin ræður líka svo mörgu fyrir hönd borgaranna, sem er fult eins mikilsvert og borgarstjórakosaingin. Þannig hefur bæjarstjórnin afráðið sum stórvirki, t. d. vatnsveituna, hafnargerðina og gasveituna, margfalt vandameiri mál, en borgarstjórakosningu. Hver einstaklingur þjóðfjelagsins eða bæjarfjelagsins getur ekki beinlínis tekið þátt í því, að ráða öllum málefnum almennings til lykta. Það eiga fulltrúasamkomurnar að gera. Við alþingismennirntr erum komnir hingað til þess að ráða fram úr vandamálum þjóðarinnar, og eins og við ráðum því, hver verður ráðherra, eins á bæjarstjórnin að ráða því, hver verður borgarstjóri.

Sigurður Eggerz: Jeg vil leyfa mjer

að gera grein fyrir atkvæði mínu með fáeinum orðum. Mjer virðist hv. nefnd hafa lagzt djúpt til þess að finna mótbárur gegn þessu frv. Kjósendur þessa bæjar hafa óskað, að þeir fengju sjálfir að ráða kosningu borgarstjórans; meiri hluti bæjarstjórnar hefur látið sömu ósk í ljós, og jeg verð að segja, að þessi almenna ósk er mjer næg ástæða til þess, að greiða frv. atkv. mitt. Hjer í höfuðstaðnum eiga margir þeir menn heima, sem mestu ráða í þjóðmálum, og er mikil ástæða til þess að halda, að þeir mundu beita áhrifum sínum til þess, að koma þeim mönnum einum í þetta embætti, sem væru hæfir til þess. Yfirstjettin hefur hingað til ráðið mestu hjá þjóðinni, og svo mun enn vera. Þurfa þeir því ekki að vera mjög hræddir um, að þeir komi ekki viti sínu hjer að. Jeg álít holt að leggja slíkt mál sem þetta í hendur borgaranna. Löggjafarvaldið á ekki að vera að reyna til að gera sig að fjárhaldsmanni þeirra. Hjer mætist hinn gamli og nýi tími. Þeir, sem gamla tímanum fylgja, vilja, að þeir haldi áfram að ráða, sem forsjónin hefur trúað fyrir völdunum hingað til. En hinir, sem fylgja nýja tímanum, vilja, að borgararnir ráði öllum sínum málum óskorað. Jeg get því ekki verið hv. nefnd samdóma. Jeg sje ekki, að hjer sje nein hætta á ferðum, enda er borgarstjórinn ekki einvaldur, bæjarstjórnin getur haft hönd í hagga með honum, þegar henni sýnist. Mjer virðist frv. í fullu samræmi við þá stefnu, sem nú er mestu ráðandi hjer í landi, að auka kosningarrjettinn. Og af því að bæjarfulltrúarnir eru kosnir af borgurunum, því mega þeir þá ekki kjósa borgarstjóra líka?

Júlíus Havsteen: Jeg vil taka í sama streng sem háttvirtur þm. Vestur-Skaftafellssýslu (S. E.). Úr því að meiri hluti borgaranna og meiri hluti bæjarstjórnar og ennfremur meiri hluti háttv. Nd. hafa tjáð sig fylgjandi málinu, hvers vegna eiga menn þá að vera að veita því mótspyrnu hjer í deildinni? Mjer er sagt, að í bæjarstjórninni hafi einir tveir fulltrúar verið mótfallnir þessu nýmæli. Og hvaða hætta er hjer á ferðum? Það hefur verið minzt á, að flokksæsingar mundu eiga sjer stað við borgarstjórakosningarnar. En slíkar æsingar hafa aldrei átt sjer stað við prestskosningar, og ætla jeg að hið sama mundi eiga sjer stað við borgarstjórakosningar. Jeg sje því ekki ástæðu til þess, að óttast neina hættu, þótt þetta frv. verði samþykt.

Hákon Kristoffersson: Jeg get ekki verið samdóma háttv. nefnd. Jeg held ekki, að hjer sje nein hætta á ferðinni, og get ekki álitið, að hættulegra sje að láta borgarana kjósa borgarstjóra, heldur en alþingismenn. Háttv. framsm. sagðist vera hræddur um, að illa gengi að fá nýta menn í embættið, ef kosningin væri lögð í hendur allra borgara. En sá ótti er ástæðulaus, því að engin reynsla er fengin í því efni. Bæjarbúar hljóta að vera eins vel færir um að velja borgarstjóra eins og bæjarstjórn. Það getur auðvitað hugsazt, að kosning borgarstjórans vekji nokkrar æsingar, en hjer er svo margt af góðum og mentuðum mönnum, að þeir ættu að geta haft hemil á fólkinu. Annars vil jeg geta þess, að einhverjar veigamestu röksemdir fyrir kosning borgarstjórans komu fram á alþingi 1907 og voru þá fluttar fram af háttv. núverandi 6. kgk. Jeg vil leyfa mjer að lesa upp dálitinn kafla úr ræðu hans með leyfi hv. forseta. Honum farast svo orð m. a.:[1])

Í þessum orðum felst svo gullvægur sannleikur, að jeg hef þar engu við að bæta. Jeg vona, að hv. 6. kgk. vilji standa við þá skoðun, sem hann þá hefur látið í ljósi, það hlýtur að vera af einhverju athuga-

1) Hin tilvitnðu orð vanta í umræðurnar.

leysi, að hann nokkurn tíma hefur hvarflað frá henni. Hjer er verið að leggjast á móti rjettlátu máli, og ef jeg væri borgari þessa bæjar, þá teldi jeg alþingi stórlega misbeita valdi sínu, ef það feldi þetta frv. Það er auðvitað ekkert við því að segja, ef menn eru mótfallnir frv. af rjettlætistilfinningu, hitt er verra, ef menn láta dutlunga stjórna sjer. Jeg vil því vona, að háttv. deild samþykki frv.; það mundi mælast mjög illa fyrir, ef það yrði felt.

Einar Jónsson: Því meira sem jeg hef hugsað um þetta mál, því meira hef jeg sannfærzt um, að ekki sje rjett, að láta það ganga fram á þessu þingi. Jeg hygg, að undirbúningur þess sje eigi svo góður sem skyldi. Þetta mál hefur að vísu verið borið upp á þingmálafundum, en víst nokkuð lauslega, og aldrei verið borið svo upp, að almenningur hafi fyrir fram vitað um, að það ætti að ræða. Atkvæði um það á fundunum er því ekki vel að marka. Það hefur að vísu einnig verið borið upp í bæjarstjórninni, en ekki þannig, að menn vissu fyrirfram, að það mundi koma fyrir, og svo voru þar eigi staddir nema 10 af 15 bæjarstjórnarmönnum, og að eins 7 af þeim samþyktu málið. Það er því heldur ekki hægt að segja, hvort meiri hluti bæjarstjórnarinnar sje með því eða ekki. Málið er svo þýðingarmikið, að jeg álít, að það þyrfti því betri undirbúning, til þess að fá að vita sannan vilja bæjarbúa. Jeg get getið þess, að jeg hef minzt á það við nokkra af helztu borgurum bæjarins, og það hefur einhvernveginn hitzt svo á, að þeir hafa allir verið mjög andvígir frv., nema að eins einn. Og þar sem jeg þar að auki tel mjög vafasamt, að borgarstjórakosningin sje betur komin í höndum bæjarbúa alment, en í höndum bæjarstjórnarinnar, þá get jeg ekki greitt frumv. atkvæði mitt.

Guðmundur Björnsson, framsögum: Jeg er þakklátur hv. þm. Barð. fyrir það, að hann minti mig á ummæli mín árið 1907, Mjer er það í ljósu minni. að jeg var þá þeirrar skoðunar, að bæjarbúar ættu sjálfir að kjósa borgarstjóra, og vakti þá aðallega fyrir mjer, að borgarstjóri mundi verða sjálfstæðari gagnvart bæjarstjórninni, ef sú aðferð yrði höfð. Mjer hafði þá ekki hugsazt, að örðugleikar kynnu að verða á því, að fá mann í stöðuna. Síðan eru liðin 6 ár, og ýmis reynsla hefur fengizt, sem hefur breytt skoðun minni. Það er nú svo, að það hefur mörgum sinnum komið fyrir mig, að jeg hef breytt skoðun minni, það eru fleiri mál en þetta, sem jeg nú lít öðruvísi á, en áður, meðan lífsreynsla mín var minni. Sumir telja þetta ókost, en það verður nú að segja hverja sögu sem hún gengur. Jeg er ekki svo lánsamur, að hafa óumbreytilegar skoðanir, og öfunda engan af því láni, því að satt að segja eiga engir *skynsamir* menn því láni að fagna. Ástæðurnar til skoðunarbreytingar minnar í *þessu* máli, geta menn sjeð í nefndarálitinu: Jeg hygg, að það verði örðugra, að fá nýtan mann í stöðuna, ef hann á að kjósast af öllum borgurum. Í öðru lagi má gera ráð fyrir, að samvinna verði betri milli bæjarstjórnar og borgarstjóra, ef bæjarstjórnin kýs hann. Þar að auki eru nú miklu meiri mannvirki unnin undir yfirstjórn borgarstjóra, en áður, og ef hann vill halda stöðu sinni, þá er stór freisting fyrir hann að gera verkamönnum bæjarins alt til geðs, og láta hagsmuni *bæjarfjelagsins* sitja á hakanum. Mjer dettur í hug eitt dæmi: Það var einusinni sem oftar á vetrardegi verið að grafa skurði í götur fyrir holræsum, en fjúk var á og varð ekkert úr verki; borgarstjóri bauð þá að hætta vinnunni, en verkamenn snjerust illa við, og endirinn varð sá, að þeir fengu að halda áfram, en gerðu ekki annað en moka snjó! — jafnóðum og fenti að fótum þeirra.

Ef borgarstjórinn er kosinn af almenningi, held jeg, að það muni vera mikil freisting fyrir hann, að reyna að koma sjer sem bezt við almenning, en að hann muni ekki eins hugsa um hagsmuni bæjarins, og er þetta eitt af því, sem hefur orðið því valdandi, að jeg hef breytt skoðun minni á þessu máli. Jeg ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta, en vil aðeins bæta því við, að jeg held, að við Reykvíkingar hljótum fyr eða síðar að komast að raun um það, að ókleyft verður að fá dugandi mann í borgarstjóraembættið, á meðan það er aðeins veitt til 6 ára.

Steingr. Jónsson: Jeg ætla aðeins að segja örfá orð, út af því, sem hv. þm. Barð. sagði, að mótstöðumenn þessa frv. sökuðu kjósendur um ístöðuleysi og æsingar. Jeg skal nú ekkert segja um það, hvað mótstöðumenn þessa frv., öðrum en mjer, gengur til, nje hvað þeir kunna að hugsa um kjósendur. En mjer virðist að bak við þessi orð þm. liggi nokkur misskilningur, sem sje sá, að hann hjelt, að borgarstjórakosningin yrði að vera pólitiskt mál, en þetta er ekki rjett álitið; því kosning borgarstjóra á einmitt að vera utan við alla pólitik. Sá maður þarf eingöngu að vera kosinn eftir verðleikum hans til þess að stjórna bænum. og því er áríðandi, að forða slíkri kosningu frá öllum pólitiskum æsingum. Borgarstjórinn á að vera talsmaður bæjarstjórnarinnar, hann á að framkvæma fyrirskipanir hennar og sjá um fjármál bæjarins, og því er sjálfsagt að hann sje kosinn af bæjarstjórninni og engum öðrum. En sje það vilji bæjarstjórnarinnar og meiri hluta kjósenda, sem ekki er sannað, að borgarstjórinn verði framvegis kosinn af öllum kosningarbærum mönnum, þá hlýtur það að stafa af því, að reynslan hefur sýnt, að bæjarstjórnin sje svo illa skipuð, að hún sje ekki fær um, að inna af hendi þetta fyrsta og sjálfsagðasta verk sitt, að kjósa sjer borgarstjóra. Ef þetta er bygt á reynslunni, þá ætti það sannarlega ekki að leiða til þess, að borgarstjórinn yrði kosinn af almenningi, heldur til hins, að hann yrði skipaður af konungi. Áf þeim ástæðum, sem jeg nú hef tekið fram, mun jeg greiða atkvæði mitt á móti þessu frv.

Hákon Kristoffersson: Jeg ætla að geta þess út af því, sem hv. 3. kgk·sagði, að þegar jeg talaði þessi örfáu orð áðan, átti jeg alls ekki við skoðun hans á málinu, því hún var mjer algerlega ókunn. Bæði hann og hv. frsm. vildu halda því fram, að borgarstjórinn mundi ekki láta sjer eins ant um málefni bæjarins, ef hann væri kosinn af bæjarbúum, eins og ef hann væri kosinn af bæjarstjórninni, en ef þetta er ekki misskilningur þeirra, þá hlýtur að haga alt öðruvísi til hjer, en annarsstaðar, því hversvegna mundi honum ekki vera eins ant um hag bæjarsjóðs, þótt hann sje kosinn af almenningi. Hv. frsm. kvaðst vera mjer þakklátur fyrir, að jeg hafði minzt á skoðanir hans á þessu máli árið 1907. En hann kvaðst hafa skift um skoðun síðan. Jeg mundi nú leggja trúnað á þessa sögusögn hans, ef hann hefði byrjað framsögu sína með því að minnast á fyrri skoðun sína, og síðan tekið fram, hvaða ástæður hefðu verið þess valdandi, að hún hefur breyzt. En þetta gerði hann ekki. Og það er mjög undarlegt, að jafnskýr maður og h. 6. kgk. hefur skift svo mjög um skoðun, að vilja nú endilega láta bæjarstjórnina kjósa borgarstjórann, því þetta er meira en smáræðisbreyting frá fyrri skoðunum hans; það er alveg að hafa hausavíxl á hlutunum. Hv. frsm. gat þess ennfremur, að það mundi vera meiri freisting fyrir borgarstjórann til þess að þóknast almenningi, ef hann væri kosinn af bæjarbúum, og það verð jeg miklu fremur að telja kost en löst, en hitt vil jeg ekki ætla honum, að hann láti velþóknun eða vanþóknun fárra manna

hafa áhrif á gerðir sínar. Jeg vil ekki ætla, að þessi skoðanaskifti h. frsm. stafi af reynslu hans við kosningarnar árið 1908. En það lægi ekki fjær, að ætla það, en að halda, að borgarstjórnin mundi láta menn vinna til ónýtis fyrir bæinn, til þess að afla sjer lýðhylli. Og að því, er snertir það dæmi, sem hann nefndi, að borgarstjórinn hjer, hefði látið verkamenn bæjarins moka skafl til einskis, þá er það að segja, að þeir, sem eiga að sjá um vinnu, munu oft komast að raun um það eftir á, að þeir hafi látið verkamenn sína vinna til einskis. En þótt borgarstjórinn ljeti sjer annara um smærri borgara, ef hann væri kosinn af almenningi, þá verð jeg að álíta það mjög heppilegt, en auðvitað þykir mjer æskilegast, að samkomulagið sje sem bezt milli allra stjetta. Jeg verð að halda því fram, að seinni till. hv. frsm. hafi ekki hrakið þau góðu og skýru ummæli hans árið 1907, sem jeg gat um áðan, og með skýrskotun til þeirra og til óska bæjarbúa, verð jeg að leggja það til, að frv. þetta verði látið ganga óbreytt í gegn um deildina. Jeg vil óska, að vilji fjöldans fái að ráða í þessu máli, eins og hann ætti að gera í sem flestum öðrum málum, og mjer er kunnugt um það, að vilji fjöldans í þessu máli gengur í þá átt, að frv. verði samþykt. Því tel jeg engan efa á, að ef h. 6. kgk. væri þm. Reykv. eins og hann óskaði eftir að verða 1908, að þá hefði hann haldið fast við þá skoðun sína á þessu máli, er hann hafði árið 1907.

Guðjón Guðlaugsson: Mjer finst, að þegar verið er að ræða um þetta mál, þá verðum við að taka tillit til þess, hvernig háttað er um samskonar stöður í öðrum sveitastjórnum, því að þessi maður er ekkert annað en oddviti stærstu sveitarstjórnarinnar á landinu, bæjarstjórnarinnar í Reykjavík. Fyrir skömmu síðan var hann valinn af stjórninni, síðan af bæjarstjórninni, og nú er farið fram á, að hann verði valinn af öllum atkvæðisbærum mönnum, og ef það verður samþykt, þá er gengið inn á nýja braut, sem fer fram úr öllu, sem þekst hefur hjer á landi, því enginn sveitarstjórnaroddviti hjer á landi er valinn á þennan hátt, og hvernig stendur á því, ef borgarstjórinn í Reykjavík á að hlíta alt öðrum reglum en aðrir oddvitvitar út um land. Hvernig er það með sýslunefndir, ekki er oddviti þeirra kosinn, heldur er hann skipaður af stjórninni, því að sýslumaður er sjálfkjörinn oddviti sýslunefndar. Hreppstjórar eru skipaðir á þann hátt, að sýslunefnd tilnefnir 3 menn og sýslumaður skipar svo einn af þessum þremur til starfans. Ekki einn einasti hreppstjóri á landinu er kosinn af almenningi, ekki einu sinni hreppstjórinn í Haga. Það er ekki verið að svifta borgarbúa neinum rjetti, þótt frv. þetta verði ekki samþykt, því að það eru nú einmitt borgarbúar, sem kjósa oddvitann. Kosningin er aðeins tvöföld, því fyrst kjósa borgarbúar bæjarstjórnina, og hún svo borgarstjórann, eins og hreppsbúar kjósa sinn oddvita á þann hátt, að þeir vita, að einhver þeirra, sem þeir kjósa í hreppsnefnd, verður oddviti. Hreppstjórar eru eiginlega kosnir með þreföldum kosningum, því að fyrst kjósa sýslubúar sýslunefndarmenn; þeir velja síðan 3 menn, og sýslumaður sker að lokum úr, hver verða skuli hreppstjóri. Jeg get ekki neitað því, að mjer finst þetta vera hjegómamál, en jeg er þó dálítið hræddur við það. Kosningu borgarstjóra þarf mjög að vanda, því það er verið að kjósa mann, sem hlýtur að vera lögfræðingur, og sem á að hafa há laun, 4500 kr. Hann er þar að auki ekki kosinn nema til 6 ára, og má, að þeim tíma liðnum, búast við, að verða að víkja fyrir straumnum, og því er hætt við, að erfitt verði að fá hæfan mann til þess að gefa sig fram til starfans. Þetta verð jeg að álíta mjög varhugavert. Hef jeg

nú lýst skoðun minni á málinu og er hún ekki sprottin af neinum dutlungum, heldur af nákvæmri yfirvegun, en jeg er mjög hræddur um, að skoðun hv. þm. Barð. sje sprottin af einhverjum dutlungum, eða þá dutlungaleysi í svipinn af áhrifum annara.

Sigurður Eggerz: Jeg stend einungis upp í tilefni af því, sem hv. þm. N-M. sagði. Mjer skildist hann halda því fram, að það mundi ekki vera almennur vilji kjósenda hjer í bænum, að frv. þetta gangi fram. Jeg hef leitazt við að afla mjer upplýsinga um þetta efni, og eptir þeim er mjer óhætt að fullyrða, að þessi skoðun hins h. þm. er röng. Árið 1911 var tillaga um þetta efni samþykt hjer á 4 fundum, og eftir því sem skilvísir menn hafa sagt mjer, munu samtals hafa verið greidd um 1000 atkv. með henni, en einungis örfá á móti. Þetta sýnir, að það er almenn ósk bæjarbúa, að þeir fái sjálfir að velja sjer borgarstjóra. Og mjer finst það mjög eðlilegt, að þeir vilji ráða þessu sjálfir, því að það er enginn af starfsmönnum bæjarins, sem eins ríður á að sje vel valinn, eins og einmitt borgarstjórinn. Að því er snertir vilja bæjarstjórnarinnar, þá er það rjett, sem h. 1. kgk. sagði, að margir af þeim bæjarfulltrúum, sem ekki voru á fundi, þegar atkvæðagreiðsla fór fram um þetta mál, munu vera málinu fylgjandi. Jeg verð að játa, að mjer finst þær mótbárur, sem hafa verið bornar fram á móti frv., ekki þungar á metunum. 1. mótbáran og aðal mótbáran var sú, að verra mundi, að fá góðan mann til þessa starfa, ef bæjarbúar eiga að ráða kosningunni. En þetta held jeg að sje ekki rjett, því jeg get vel hugsað mjer, að bæjarstjórnin kynni líka að hafa einhvern skjólstæðing, sem ekki væri neitt sjerlega vel hæfur til starfans, og gæti þá svo farið, að kosningin mishepnast hjá bæjarstjórninni, og það er að minsta kosti ekki ástæða til

að ætla, að valið takist ver, þótt kjósendur sjálfir eigi að velja borgarstjórann. Jeg held að það hafi verið hv. frsm., sem hjelt því fram, að það mundi meiri ástæða til að ætla, að borgarstjórinn færi eftir dutlungum bæjarbúa, ef hann ætti stöðu sína undir fylgi þeirra, en jeg held, að það sje ekki svo mikil hætta á því. En hitt þykist jeg vita, að bæjarbúar muni vilja velja sjer þann borgarstjóra, sem líklegur er til þess, að sinna rjettmætum kröfum þeirra. En það er mjög óheppilegt að borgarstjórinn hagi sjer ávalt eftir því, hvað líklegast er til þess, að halda hylli bæjarstjórnarinnar, eins og eigi er ólíklegt, að hann mundi gera, ef hann ætti stöðu sína undir velþóknun hennar. Að því er snertir samanburð þann, sem gerður var á milli hreppsnefnda og bæjarstjórnarinnar, þá er þess að gæta, að hreppsnefndin er öll og því einnig oddviti hennar, kosin af hreppslimum, því að hreppsnefndirnar mega ekki kjósa sjer oddvita fyrir utan sinn hring.

Jeg lít svo, að í þessu máli mætist gamli og nýi tíminn, afturhaldið og framsóknin, skoðanir þeirra manna, sem vilja, að valdið sje í höndum fárra manna og hinna, sem vilja að fjöldinn ráði. Jeg hygg, að í þessu máli komi þessi stefnumunur skýrt fram. Og jeg ætla ekki að leiða neinum getur um það, hvernig þessi konungkjörna deild muni líta á málið, en jeg get hugsað mjer, að hún muni ef til vill hallast að gömlu stefnunni, en það mundi gleðja mig, og jeg vildi óska þess, að hún hallaðist heldur að nýju stefnunni og samþykti frv. þetta óbreytt.

Guðm. Björnsson: Jeg ætla ekki að tefja málið lengi, en vil einungis minnast á það, sem talið var áreiðanlegt, að meiri hluti bæjarbúa væri þessu máli hlyntur. Um það vitum við ekkert með vissu, því að þetta mál hefur aldrei verið borið upp á kjósendafundi, sem kallaður hefur verið saman í því skyni, og á þeim fundum,

sem vitnað hefur verið til, voru auðvitað ekki nærri allir kjósendur viðstaddir. Um bæjarstjórnina er það að segja, að málinu var smeygt inn á fund, að öllum óvörum, og voru þá ekki nema 10 af 15 bæjarfulltrúum á fundi. 7 greiddu atkvæði með með því, 2 á móti, 1 greiddi ekki atkv., svo að þar er ekki hægt að tala um neinn meirihluta. Áður fyr heyrði jeg sagt, að hjer á þingi ættu menn að fara eftir sannfæringu sinni, en nú er því haldið fram, að að menn eigi bara að fara eftir skoðunum kjósendanna. En jeg er ófáanlegur að láta af gömlu venjunni, fara eftir sannfæringu minni, hvað sem aðrir þingmenn kunna að gera. Jeg vil taka það fram, viðvíkjandi kosningu borgarstjórans, að það er mjög áríðandi fyrir bæjarstjórnina, að hún takist vel; því ljettari verður vinnan fyrir hana; og ætti því engum að vera meira áhugamál en henni, að fá góðan borgarstjóra. Takist valið illa, þá kemur það henni sjálfri í koll. Það hefur verið sagt að í þessu máli mættist gamli og nýi tíminn, gamlar og nýjar skoðanir. Það er vafalaust snjallræði til þess að koma sjer í mjúkinn hjá fólkinu, að segjast ekki vera gamaldags.

En hjer er ekki um gamalt eða nýtt að ræða, heldur liggja hjer fyrir tvær stefnur, sem báðar eru æfagamlar, þó að margir haldi, að önnur þeirra sje miðaldra og hin glæný.

Önnur stefnan er sú, að alþýðan kjósi *fulltrúa* til að ráða málum sínum til lykta, en hin stefnan miðar að því, að alþýðan ráði *sjálf beinlínis* öllum sínum málum.

Og það hefur bólað á þessari síðarnefndu stefnu hjer á landi. Það hefur verið talað um, að alþýðuatkvæði allrar þjóðarinnar ætti að ráða en ekki þingið. Og hið sama hefur borið á góma hjer í bænum. Því hefur verið haldið fram, að bæjarstjórnin ætti ekki að ráða helztu og stærstu málunum til lykta, heldur borgarafundir. Og þetta er þá hin svonefnda nýja stefnan, sem háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) var að lofsyngja.

Þessi stefna var hjer hæzt móðins fyrir nokkrum árum; þá var álitið, að öll mál, er nokkru skiftu, ættu að berast upp fyrir borgarafundi, og þar ætti að ráða þeim til lykta. En það má óhætt segja, að reynslan hefur fært Reykvíkingum heim sanninn um það, að þetta er ógerlegt fyrirkomuleg, sjerstaklega í margmenni eins og hjer, þar sem kjósendurnir skifta þúsundum. Kjósendurnir geta ekki allir staðið í öllum bæjarmálum. Þeir geta ekki vasast í öllum málefnum bæjarfjelagsins. Það sjá, allir að þetta er einfeldni, barnaskapur, öfgar, og þó að þessi skoðun háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) kunni að líta fallega út í Þingtíðindunum, þá er hún flónska ef á reynir.

Og eins og bæjarbúar velja menn, bæjarstjórnina, til að ráða fram úr öllum öðrum vandamálum bæjarins, eins er það, að bæjarstjórnin getur miklu betur en allur þorri kjósenda, útvegað duglegan borgarstjóra. Það er miklu minni vandi en mörg önnur stórmál, sem bæjarstjórnin hefur með höndum og ræður til lykta. Vil jeg þar t. d. benda á vegagerðir, hafnarmál, gasið og vatnsveituna.

Einar Jónsson: Jeg vil að eins segja örfá orð um það, er háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) hjelt því fram, að mál þetta hefði verið vel undirbúið á fundum hjer í bænum. Jeg get ekki fallizt á það.

Jeg hef minzt á þetta mál við helztu borgara bæjarins, utan þings og utan bæjarstjórnarinnar, og hafa þeir sagt mjer, að það hafi komið flatt upp á menn á fundunum, og verið með síðustu málunum, er voru borin upp, og fundarmenn þá verið farnir að fækka.

Þetta mál hafði legið fyrir þingmálafundunum 1911 og 1912 og að vísu verið samþykt þar, en þar fyrir er ekki fengin vissa

fyrir því, að það sje almennur vilji bæjarbúa, því það hefur víst aldrei verið boðað til fundar, þar sem þetta mál hefur verið til umræðu, svo menn hafa vitað það, áður en fundurinn byrjaði, að það ætti að koma fyrir og því hugsað verulega um það undir fundinn.

Það var eins, þegar það var borið upp í bæjarstjórninni, að það var ekki kunnugt fyrir fram, að það mundi koma til umræðu, og þá voru ekki nema 10 menn af 15 á fundi. Þó að það þá að vísu væri samþykt af 7 mönnum þar, er engin vissa fyrir, að meiri hluti bæjarstjórnarinnar sje því fylgjandi.

Það hefur líka viljað svo til, að allir þeir borgarar bæjarins, er jeg hef talað við um þetta mál, hafa verið mótfallnir frumv., að eins einn þeirra var því meðmæltur (*Sig. Eggerz*: Hverjir voru þeir?) Jeg kýs því, að máli þessu sje ekki ráðið til lykta nú, heldur sje það undirbúið betur. Jeg skil heldur ekki, að það þurfi að flýta því svo mikið, að það megi ekki bíða til að fá betur yfirlýstan vilja bæjarbúa um það.

Hákon Kristoffersson: Jeg vildi aðeins með örfáum orðum mótmæla þeirri aðdróttun háttv. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) til mín, að sannfæring mín í þessu máli væri komin frá þingmönnum í háttv. Nd. Jeg tel, að slík aðdróttun sje bæði ósönn, ómakleg og óheiðarleg, og slík ummæli alt annað en þingmannleg. Þessi ummæli háttv. þm. Strand. (G. G.) tel jeg muni vera sprottin at því, að hann hafi haldið að flís mundi í auga mínu, af því hann hafi fundið til bjálkans í sínu.

ATKVGR.:

1. gr. feld með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu;

Já:	*Nei*:
Hákon Kristoffersson,	Björn Þorláksson,
Jón Jónatansson,	Steingr. Jónsson,
Jósef Björnsson,	Einar Jónsson,
Júlíus Havsteen,	Eiríkur Briem,
Sigurður Eggerz.	Guðj. Guðlaugsson,
	Guðm. Björnsson,
	Sig. Stefánsson,
	Þórarinn Jónsson,

og var frv. þar með fallið.

---

44. fundur. Þriðjudaginn 2. september, kl. 1 síðdegis. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa* (452, n. 628, 629); 2. umr.

Eiríkur Briem: Það er flest tekið fram í nefndarálitinu, er þarf að segja um mál þetta.

Þörf er á frv. þessu, því 3. flokkur veðdeildarinnar er að þrotum kominn, og má búast við því, að hann verði búinn um næstu áramót. Það er því nauðsyn á þessu frv., því annars tekur fyrir veðdeildarlánin, ef nýjum flokk verður eigi komið á fót. Um nauðsynina getur því ekki verið deilt.

En þetta frv. er að sömu leyti frábrugðið eldri veðdeildarlögum. Mismunurinn er aðallega fólginn í því, að hjer er í 8. gr. gert ráð fyrir því, að lántakendur veðdeildarinnar skuli bera sameiginlega ábyrgð á skuldum sínum, 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjalddaga áður en taka þarf til ábyrgðarinnar. Þess sameiginlega ábyrgð kemur í stað þess, að í eldri veðdeildarlögum hafa verið lögð fram skuldabrjef til tryggingar veðdeildarinnar. Fyrst lagði landssjóður fram þessi ríkisskuldabrjef, og einnig að nokkru leyti fyrir 3. flokk, en hitt hefur bankinn lagt fram, og munu nú vera þannig bundnar hátt undir miljón krónur fyrir veðdeildunum. Og það er mjög óþægilegt fyrir bankann að binda svo mikla upphæð.

Nefndin fær ekki sjeð, að honum sje fært að leggja meira fram, en í stað þess er hjer tekið til þess, sem tiðkað er í útlöndum, sameiginlegrar ábyrgðar.

Reynslan við 1. og 2. flokk veðdeildanna hefur sýnt það, að varasjóðurinn er nógur, svo líklega kemur aldrei til þess, að taka þurfi til þessarar sameiginlegu ábyrgðar, og því síður til ábyrgðar landssjóðs. En þegar á að selja bankavaxtabrjefin í útlöndum, eða hafa þau þar á boðstólum, þá hefur þetta atriði mikla þýðingu. Nefndin fær því ekki sjeð annað, en það sje fullkomin ástæða til þess að reyna fyrirkomulag þetta hjer á landi. Á hinn bóginn er hjer að eins um tilraun að ræða, og því varla ástæða til þess að fara eins langt með upphæð þessa nýja fjórða flokks, 6 miljónir, eins og gert er í frumvarpinu, og því hefur nefndin látið sjer nægja, að ákveða upphæðina eins og um 2. og 3. flokk, 3 miljónir. Reynslan hefur sýnt, að sú upphæð vinst upp á 4—5 árum, og þá er betur hægt að dæma um það, að fenginni reynslu, hvort halda eigi áfram þessa braut eða taka aðra nýja. Það hefur þannig verið talað um það, að hætta við veðdeildirnar, en í stað þeirra að setja á fót sjerstakan veðbanka, en sem stendur eru engin tök á því.

Ýms önnur ákvæði eru ný í þessu frv., og er nefndin samþykk sumum þeirra, en öðrum ekki.

Þannig er t. d. ákveðið í 7. gr., að lánþegi eigi að sýna bankanum að minsta kosti á 5 ára fresti skilríki fyrir, að veðinu sje haldið vel við.

Þetta ákvæði telur nefndin gott, en hún hefur gert við það lítilfjörlega breytingu, nefnilega að taka það skýrt fram, að ef bankinn þurfi að láta skoða veðið, þá eigi hann að fá til þess innanhjeraðsmenn. Nefndin leit raunar svo á, að svo mundi verða, en hún vildi taka það skýrt fram, svo kostnaðurinn yrði sem minstur fyrir lánþega.

Í 9. gr. er ákveðið, að lán út á einstaka fasteign megi ekki vera hærra en 50 þús. kr., og miðar þetta ákvæði að því, að gera hættuna við lánin minni, og þar af leiðandi til þess að gera bankavaxtabrjefin tryggari og auðveldari á útlendum markaði. Í sömu grein er ákveðið, að minsta lán megi ekki vera minna en 500 kr. Að sjálfsögðu getur minsta lán veðdeildarinnar ekki verið minna en 100 kr., vegna þess að lánin verða að standa á 100 kr., og jeg held, að varla hafi verið lánað minna úr veðdeildinni en 200 kr. Nefndin leggur til, að lágmark lánanna sje fært úr 500 kr. niður í 300 kr.

Um breytingartillögur nefndarinnar skal jeg svo taka þetta fram.

Fyrsta brtill. fer fram á að lækka upphæðina úr 6 milj. niður í 3 miljónir, og er það gert vegna þess, að nefndin lítur svo á, að hjer sje um tilraun að ræða, og ef upphæðin sje 3 miljónir, þá vinnist hún upp á hjerumbil 5 árum, og þá sje frekar hægt að ákveða um, að fenginni reynslu, hvort halda eigi þessa braut eða aðra nýja leið.

Önnur brtill. fer fram á, að lækka landssjóðstillagið til varasjóðs úr 5000 kr. á ári í 5 ár = 25000 kr., í 5000 kr. á ári í 2 ár = 10000 kr. Þessi brtill. stendur í nánu sambandi við fyrstu brtill., því þegar upphæðin er lækkuð, þarf minni varasjóð. Til 1. flokks lagði landssjóður fram 5000 kr. á ári, og vitanlegt er það, að þeim mun hærri sem þessi upphæð er, þeim mun fyr vex varasjóður.

Þriðja brtill. er að mestu leyti að eins orðabreyting, en jafnframt er lagt til, að flokka tryggingar öðruvísi niður, svo að það eigi fyrst að taka til varasjóðsins áður en tekið er til sameiginlegu ábyrgðarinnar.

Fjórða brtill. er mestmegnis aðeins orðabreyting og hið sama má segja um fimtu brtill., því vitanlega er það tilgangurinn, að veðdeildin geti aðeins fengið ókeypis

veðbókarvottorð handa sjálfri sjer, en nefndinni þótti rjettara, að taka þetta fram.

Á sjöttu brtill. hef jeg minst áður, og þarf ekki að bæta neinu við það, og sömuleiðis á sjöundu brtill.

8. brtill. er aftur veruleg. Eins og bent er á í nefndarálitinu, þá liggur beinast við að deildin veiti lánin í bankavaxtabrjefum, og svo hefur það verið, en jafnframt hefur það verið svo, og er eins hjer í frv., að bankastjórnin eigi að koma bankavaxtabrjefunum í peninga fyrir lánþega, ef hann óskar þess. En í frv. er gengið lengra. Samkvæmt því hefur bankastjórnin rjett á því, hvort hún vill heldur greiða lánin í bankavaxtabrjefum eða í peningum. Það er víst meiningin með þessu ákvæði, að bankastjórnin semji um sölu fyrir allan flokkinn fyrirfram, og getur verið, að auðið sje að fá hærra verð fyrir brjefin, ef þau eru seld í einu lagi fyrir fram. Það hagar svo til, að til þess að selja þau, þarf millimenn, og til þess að þeir leggi sig fram um söluna, þarf hún að nema svo miklu, að um töluvert sje að ræða. Ella finst þeim hún ekki taka því, að gera mikið fyrir söluna, því þessir millimenn hafa allir mikið að gera, og vilja ekki starfa fyrir smáupphæðir. Þetta er nú það, er mælir með ákvæðinu.

En þá er það, er mælir á móti því, að fá lánin ekki útborguð í bankavaxtabrjefum. Og það gæti oft komið sjer miður fyrir lánþega, að fá ekki brjefin sjálf. Jeg veit dæmi þess, að menn hafa gert fasteignakaup þannig, að seljandinn hefur samþykt að taka til greiðslu á fasteigninni bankavaxtabrjef fullu verði. Þegar verið er að selja jörð, þá má líta á það, hvað hún gefi af sjer árlega í eftirgjald, og ef að bankavaxtabrjefin gefa meira af sjer, sem oft er, þá getur seljandinn tekið þau til greiðslu með fullu verði. Það getur því verið til óþæginda fyrir lánþega að fá ekki bankavaxtabrjefin.

En sje allur fl. seldur í einu fyrirfram, þá verður við söluna að miða við það verð, sem þá er, og það getur verið ábati ef þau síðar lækka í verði, og eins skaði, ef þau síðar hækka í verði. Þeim mun lægri er vextir eru á heimamarkaðinum, þeim mun hærra standa vaxtabrjefin.

Fyrir 20 árum síðan voru mjög lágir vextir á heimsmarkaðinum. Þá stóðu $3^1/_2$ % dönsk ríkisskuldabrjef í fullu verði, og ensku verðbrjefin, er gefa $2^1/_2$%, voru þá nálægt fullu verði, en eru nú langt niðri.

Það getur enginn sagt, hvort vextir muni hækka eða lækka á heimsmarkaðinum, það fer eftir atvikum sem enginn getur gert sjer ljóst fyrirfram. Nefndinni þótti því ofmikið ráðist í, að leggja út á þá braut, sem er í frumvarpinu.

Í 11. gr. er mælt svo fyrir, að lántakandi greiði 1 % af lánsupphæðinni í varasjóð, og aðhyllist nefndin þá tillögu, því þá eflist meir varasjóðurinn, en þar sem aftur síðar í sömu grein er svo mælt fyrir, að greiða skuli 2 % í varasjóð við eignaskifti veðsettrar fasteignar, þá sýnist nefndinni að þar sje oflangt farið, og leggur því til, að það ákvæði sje felt í burt, og í sambandi við það er 10. brtill. nefndarinnar.

11. breytingartillagan er aðeins orðabreyting.

Þá leggur nefndin til, að á eftir 17. gr. komi ný gr., er nefndinni þótti vanta í frv. Þessi grein er um það, hvernig fara eigi, þegar bankavaxtabrjef glatast, og er hún tekin orðrjett og stafrjett eftir lögunum um 3. fl. bankavaxtabrjefa. Um þetta eru 12. og 13. brtill. nefndarinnar. Mjer hefur verið sagt, að það hafi orðið í gáleysi í hv. Nd., að grein þessa vantaði, og nefndin bætir því úr því.

14. og 15. brtill. er aðeins til þess að leiðrjetta auðsýnilega misskrift, er komizt hefur inn í frv.

16. brtill. er að lækka úr 6000 kr. niður í 4000 kr. það, sem greiða má fyrir bókfærslu, reikningshald o. fl. Það er auð-

vitað, að þegar upphæð flokksins minkar, að þá minkar líka árskostnaður við rekstur flokksins. Og þess ber líka að gæta, að kostnaður þessi verður minni á meðan lítið er lánað út, eins og hann minkar aftur, þegar mikið er búið að greiða af lánunum, svo lítið er orðið eftir af flokkunum.

Seinast kemur brtill. við 22. gr. Þar hefur nefndin sett, að greiða megi til endurskoðanda 250 kr. í stað alt að 300 kr., eins og í frv. var ákveðið. Þetta munar að vísu litlu, en þó þótti nefndinni fara betur á að breyta þessari upphæð, jafnframt því, sem hinum upphæðunum er breytt, með því að þá stendur borgunin til endurskoðandanna á rjettum 1000 krónum.

Áð svo stöddu hef jeg ekki tilefni til að minnast á fleira, svo jeg minnist.

ATKVGR.:

1. brtill. á þgskj. 629 við 1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. brtill. á þgskj. 629 við 1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr. frumv., þannig breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. frumv. sþ. í e. hlj.

3. brtill. á þgskj. 629 við 3. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr. frv. þar með fallin.

4. brtill. á þgskj. 629 við 4. gr. sþ. í e. hlj.

4. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í e. hlj.

5. brtill. á þgskj. 629, viðauki við 5. gr., sþ. í e. hlj.

5. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í e. hlj.

6. gr. frv. samþ. í e. hlj.

6. brtill. á þgskj. 629 við 7. gr. samþ. í e. hlj.

7. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í e. hlj.

8. gr. frv. sþ. í e. hlj.

7. brtill. á þgskj. 629 við 9. gr. samþ. í e. hlj.

9. gr. frumv., þannig breytt, samþ. í e. hlj.

8. brtill. á þgskj. 629, við 10. gr. sþ. í e. hlj.

10 gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

9. brtill. á þgskj. 629 við 11. gr. samþ. í einu hlj.

11. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í e. hlj.

12. gr. frv. sþ. í e. hlj.

10. brtill. á þgskj. 629 við 13. gr. sþ. án atkvgr.

13. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í e. hlj.

11. brtill. á þgskj. 629 við 14. gr. sþ. án atkvgr.

14. gr. frv. sþ. í e. hlj.

15. gr. frv. sþ. í e. hlj.

16. gr. frv. sþ. í e. hlj.

12. brtill. á þgskj. 629 við 17. gr. sþ. í einu hlj.

17. gr. frumv., þannig breytt, samþykt í einu hlj.

13. brtill. Á eftir 17. gr. bætist inn í ný grein, sem verður 18. gr., samþykt í e. hlj.

14. brtill. á þgskj. 629 samþykt án atkvgr.

18. gr. frv., sem verður 19. gr., þannig breytt, sþ. í e. hlj.

19. gr. frv., sem verður 20. gr., þannig breytt, sþ. í e. hlj.

15 brtill. á þgskj. 629 við 20. gr. sþ. án atkvgr.

20. gr. frv., sem verður 21. gr., þannig breytt, sþ. í e. hlj.

21. gr. frv., sem verðnr 22. gr., þannig breytt, sþ. í e. hlj.

16. brtill. á þgskj. 629 við 22. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.

17. brtill. á þgskj. 629 við 22. gr. sþ. í e. hlj.

22. gr. frv., sem verður 23. gr., þannig breytt, sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

---

2. *Kosning gæzlustjóra landsbankans fyrir tímabilið frá 1. júlí 1914 til 30. júní 1918.*

Guðjón Guðlaugsson: Svo var um talað á privatfundi í morgun, að máli þessu skyldi frestað sökum þess, að tveir háttv. deildarmenn eru lasnir. Að vísu hafa þeir setið á fundi hingað til á meðan næsta mál á undan var rætt; en ekki er ósennilegt, að skaðlegt sje, að þeir sitji lengur, og má vera, að geðshræringin við atkvæðagreiðslu þá, sem í hönd fer, ef málið er ekki tekið af dagskrá, geti haft skaðleg áhrif á heilsufar þeirra, og er ábyrgðarhluti að stofna til slíks, þar sem brýn nauðsyn heimtar það ekki.

Jósef Björnsson: Jeg verð að mæla fá orð sökum þess, að stungið hefur verið upp á að taka málið út af dagskrá. Jeg verð alveg að afbiðja, að málið sje tekið af dagskrá. Það þarf ekki mín vegna, sökum þess að jeg sje svo lasinn; það er og ekki víst, að jeg verði friskari á morgun en í dag, og jeg tek upp á mig alla ábyrgð af geðshræringum þeim, sem jeg kann að komast í og háttv. þm. Strand. (G. G.) bar kvíðboga fyrir, og bið jeg mjer þar engrar vægðar.

Jón Jónatansson: Af því jeg er annar þessara sjúklinga, sem um er talað, vil jeg taka undir með háttv. 2. þm. Skgf. (J. B.) og lýsi yfir því, að mín vegna er engin ástæða til að taka málið út af dagskrá.

Forseti: Úr því að ástæðan fyrir að taka málið út af dagskrá er horfin, þá sje jeg enga þörf á að gera það. En sje háttv. þm. Strand. (G. G.) mjög ant um, að málinu sje frestað, skal jeg þó gera honum það til geðs að skjóta því undir úrskurð deildarinnar.

ATKVGR.:

Felt með meginþorra atkvæða að fresta málinu.

KOSNING:

Jón Gunnarsson samábyrgðarstjóri kosinn með 8 atkv.

Jón Laxdal kaupmaður fjekk 5 atkv.

---

3. *Kosning yfirskoðunarmanns landsreikninganna fyrir árin 1912 og 1913.*

ARKVGR.:

Kosinn: Prófessor Eirikur Briem með 12 atkv. Einn seðill auður.

---

4. *Kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir tímabilið frá 1. janúar 1914 til 31. desember 1917.*

ATKVGR.:

Kosinn: Amtmaður Júlíus Havsteen með 10 atkv.

Guðmundur Björnsson landlæknir fjekk 1 atkv.

Eirikur Briem prófessor fjekk eitt atkv. Einn seðill var auður.

---

45. fundur. Miðvikudaginn 3. september, kl. 1 síðdegis. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Vestmannaeyjasýslu* (646); 1. umr.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

---

2. *Frv. til laga um heimild til að vinna salt o. fl. úr sjó* (654); 1. umr.

Frv. hafði ekki legið fyrir deildinni lögboðinn tíma, og voru afbrigði frá þingsköpunum leyfð í einu hljóði og samþykt af ráðherra.

Sigurður Stefánsson: Mál þetta hefur komið hingað frá háttv. Nd. og hefur verið athugað þar í nefnd, og gerðar þar á því töluverðar breytingar frá því, sem var í upphaflega frumv.; er mjer sagt, að minsta kosti sumar af þessum breytingum hafi verið gerðar í samráði við stjórnina. Þetta mál er svo vaxið, að ef fyrirtækið hepnast, þá getur það orðið til töluverðra hagsmuna fyrir landið, því að leyfisumsækjandinn býst við, ef alt gengur líkt og hann vonar, að hann geti framleitt saltið svo kostnaðarlítið, að unt verði að selja það töluvert ódýrara, en menn eiga nú að venjast. Hinsvegar er engin hætta fyrir landssjóð, leyfishafinn einn á alt í húfi. Mjer sýnist mál þetta vera svo einfalt, að ekki sje þörf á, að nefnd sje skipuð í því, enda er tími þingsins orðinn svo naumur, að tvísýnt er, að það komist fram, ef það tefst í nefnd. Mín tillaga er því sú, að því sje nú vísað nefndarlaust til 2. umr.; sýnist einhverjum háttv. deildarmanni við nánari athugun frv. þörf á, að það sje athugað í nefnd, má skipa hana að lokinni 2. umr.

Hákon Kristoffersson: Jeg get tekið í sama streng sem háttv. þm. Ísaf. (Sig. Stef.), að hjer er um tilraun að ræða, sem er óþekt hjá oss, og finst mjer þingið ætti að taka vel í málið, og það því fremur, þar sem leyfishafinn fer ekki fram á neinn styrk úr landssjóði til að framkvæma tilraun sína, sem getur orðið landinu til mikils gagns, ef hún hepnast, en hepnist hún ekki, þá á leyfishafinn einn alt í hættu, ef illa fer. Þegar þetta er athugað, sýnist öll sanngirni mæla með því, að málið fái að ganga fljótt fram og mótstöðulaust.

ATKVGR:
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

---

3. *Frv. til laga um hvalveiðamenn* (310, n. 663, 664). 2. umr.
Málið var tekið út af dagskrá.

---

4. *Frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll 22. okt. 1912* (632, n. 660); 1. umr.

Afbrigði frá þingsköpunum voru leyfð með 11 samhlj. atkv. og samþykt af ráðherra.

Steingrímur Jónsson, framsögumaður: Háttv. Nd. hefur gert nokkrar breytingar á frv. frá því, sem það var, þegar það fór hjeðan úr deild. Nefndin er að vísu ekki allskostar ánægð með breytingar þessar, en ræður þó til, að frv. sje samþykt óbreytt.

Ein aðalbreytingin, sem gerð var hjer í deild, var sú, að strigi hafði verið feldur úr öðrum lið 1. gr. vörutollslaganna, þar sem háttv. Nd. vildi hafa hann. Astæða nefndarinnar hjer í deild fyrir því, að leggja þetta til, var sú, að strigi er svo óákveðið orð, að undir það gæti komizt eitthvað af álnavöru, sem að rjettu lagi ætti að heyra undir 3. lið 1. greinar. Þó telur nefndin þetta ekki hafa þá þýðingu, að hún vilji leggja til, að því sje haldið til streitu gagnvart háttv. Nd. En vafalaust mun það þó valda innheimtumönnum óþæginda, og líklega baka landssjóði

eitthvert tjón. Þó hefur nokkuð verið bætt úr með því, að í háttv. Nd. hefur þessu ákvæði verið bætt inn í frv.: að sama gjald, sem af vörum í 6. flokki skuli greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, eða í svo löguðum umbúðum, að tegund vörunnar verður eigi greind, nema hún sje tekin úr umbúðum. Þetta getur gert innheimtuna þægilegri, og er þá fengið megnið af því, sem nefndin vill.

Önnur breyting háttv. Nd. er sú, að hún hefur tekið upp í 2. lið 1. gr. gadda og rær, sem felt hafði verið úr hjer í deild. En þar sem það eru að eins gaddar og rær til járnbrautargerðar, þá er hjer um svo lítið atriði að ræða, að nefndin vill eigi gera ágreining út af því.

Þá hafa deildirnar ekki getað orðið sammála um tollgjald af bátum. Hjer í deild var það samþykt, að innfluttir bátar skyldu vera undanþegnir vörutolli; en hv. Nd. vill láta þá báta eina vera tollfría, sem siglt er hingað til lands, hina ekki. Þótt nefndin geti í sjálfu sjer ekki verið þessu samþykk, þá vill hún þó ekki gera það að deiluefni fremur eu hitt og ræður til, að frv. sje samþykt óbreytt.

ATKVGR.:

Frv. samþykt í einu hljóði, verður afgreitt til stjórnarinnar, sem *lög frá alþingi.*

---

5. *Frv. til laga um hagstofu Íslands* (631, n. 661); ein umr.

Afbrigði frá þingsköpum voru leyfð í einu hljóði og samþykt af ráðherra.

Guðmundur Björnsson. framsögum.: Jeg þarf ekki margt um þetta mál að segja. Hv. nefnd hefur ekki gert nema tvær smábreytingar á frv., og á þær höfum við minzt í framhaldsnefndarálitinu. Hv. Nd. hefur bætt tvennu við verkefni þau, sem hagstofunni er ætlað að fást við; henni er nú ætlað að gefa yfirlit yfir styrktarsjóði og gjafasjóði í viðbót við það, sem hjer í deild var ætlazt til að hún rannsakaði. Þetta má telja frumv. til bóta.

Hjer í deild var gert ráð fyrir, að einungis einn fastamaður væri við hagstofuna, hagstofustjórinn, en ætlazt til, að 2500 kr. væri varið til aðstoðarmanna. Þessa hefur hv. Nd. breytt þannig, að hagstofustjóranum er ætlaður einn fastur aðstoðarmaður, með 2500 kr. árslaunum. Nefndin hjer í deild verður að fallast á það, að meira gagn geti verið að einum duglegum manni með sjermentun, en jafnvel 2—3 mönnum án sjermentunar. Fyrir þessar sakir vill nefndin einnig fallast á þessa breytingu h. Nd. og mælist til, að frv. sje samþykt, eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþykt með 12 samhlj. atkv., og verður afgreitt til stjórnarinnar sem *lög frá alþingi.*

---

46. fundur. Fimtudaginn 4. sept., kl. 1. síðd. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa* (674, 692). 3. umr.

Eiríkur Briem, framsögumaður: Við 2. umr. þessa máls var af ógáti ekki gerð brtill. við 20. gr. frv., í sömu átt og nokkrar aðrar brtill., að í staðinn fyrir „bankans“ í 3. línu kæmi, „veðdeildarinnar“, og leggjum vjer til, að þessu sje breytt. Að öðru leyti hef jeg ekki neitt

að athuga, en óska að frv. þetta fái sama byr og við 2. umr.

ATKVGR.:
Brtill. á þgskj. 692 samþykt í einu hljóði.
Frumv., þannig breytt, samþykt með 12 atkv. gegn 1.

Málið endursent Nd.

---

2. *Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903* (667); 1. umr.

Björn Þorláksson: Jeg stend ekki upp til þess að hafa umræðu um þetta frv., þó það sje þess vert, heldur til að stinga upp á, að kosin sje 5 manna nefnd í þetta mjög svo mikilsverða mál. Og vil jeg geta þess, að ef mál þetta á fram að ganga á þessu þingi, þarf að flýta því, og verður því það hlutverk nefndarinnar.

ATKVGR.:
Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.
Samþykt var að kjósa 5 manna nefnd og í hana kosnir:
Björn Þorláksson,
Guðjón Guðlaugsson,
Jón Jónatansson,
Sigurður Eggerz,
Þórarinn Jónsson.
með 12 samhlj. atkv.
Í nefndinni var Björn Þorláksson kosinn formaður og Sigurður Eggerz skrifari.

---

3. *Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911* (670); 1. umr.

Eftir að leyfð höfðu verið afbrigði frá þingsköpunum, var málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

---

4. *Frv. til laga um samþykt á landsreikningunum fyrir árin 1910 og 1911* (669); 1. umr.

Eftir að leyfð höfðu verið afbrigði frá þingsköpunum, var frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

---

5. *Frv. til laga um heimild fyrir landstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavík* (671); 1. umr.

Samþykt voru afbrigði frá þingsköpunum.

Björn Þorláksson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að kosin sje 3 manna nefnd til að athuga frv. þetta.

Málinu var vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Stungið upp á, að þessir þingmenn hlytu sæti í nefndinni:
Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,
Júlíus Havsteen,
og var það samþ. í e. hlj.
Í nefndinni var Júlíus Havsteen kosinn formaður og Einar Jónsson skrifari.

---

47. fundur. Föstudaginn 5. sept., kl. $11^1/_2$ árd. Allir á fundi.

Á dagskrá var:
Frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 til 2. umr.

Þingskjölin, sem fyrir lágu, voru 572, 665, 686—688, n. 701, 706—712, 725, 728, 729, 731. Atkvæðaskrá 736.

Forseti ákvað, að ræða skyldi frv. í tveim köflum: fyrst 1.—13. gr. og síðan 14. gr. og til enda.

Var þá fyrri kaflinn tekinn til umr.

Steingr. Jónsson, framsögumaður: Þegar gera á grein fyrir starfi fjarlaganefndarinnar, get jeg ekki látið hjá líða að byrja með að minnast á, hve naumur tími nefndinni hefur verið leifður. Þegar litið er á frv. sjálft og allan þann grúa af skjölum, sem nefndin hefur haft með höndum í sambandi við það, þá hljóta allir að sjá, að það er ofverk hverri nefnd, að kynna sjer það alt og ganga vel í gegnum það á einni viku, en það er allur sá tími, sem nefndin hefur haft, eða frá þriðjudegi til þriðjudags. Jeg hygg þó, að nefndin hafi leyst þetta verk svo vel af hendi, sem kostur var á, á þessum skamma tíma. Hún hjelt 12 fundi, og jeg get sagt það, að innan nefndarinnar var gott samkomulag um aðalstefnuna, þótt ekki gætu allir verið alveg sammála um allar brtill. á þgskj. 665, sem eru 73 að tölu. En annars var samkomulagið gott, og vil jeg geta þess, að þótt hv. 5. kgk. hafi skrifað undir með fyrirvara, þá er það eiginlega ekki sökum ósamkomulags, heldur vegna þess, að honum þótti nefndin fara of stutt í sparnaðartill. sínum. Einstakar brtill. mun jeg minnast á sjerstaklega. Það sem fjell bæði nefndinni og öðrum fyrst í augu, voru hinar afarháu tölur, sem bæði koma fram í 1. og 7. gr. Þessar tölur segja ekki mikið um það, hvernig fjárhagurinn er. Hann getur verið góður fyrir því. En eigi er hægt að verjast þeirri hugsun, að við sjeum að nálgast þá upphæð, að takmarka beri útgjöldin dálítið. Það lætur nærri, að umsetningin nemi 4 milj., en fyrir tæpum 10 árum var hún 2 milj., og þá var æpt um alt land, og þingið nefnt „miljónaþing“. Til samanburðar má geta þess, að 1910—

11 voru tekjurnar áætlaðar 2,930,530 kr.
en gjöldin 2,994,440 —
á næsta þingi, eða fyrir fjárlagatímabilið 1912—13, er áfengistollurinn úr sögunni, og vörutollurinn ókominn, og eru þá tekjurnar áætlaðar 2,887,400 kr.
en gjöldin 3,333,667 —
Nú eru í frv. stjórnarinnar tekjur áætlaðar 3,706,470 kr.
en gjöldin 3,630,833 —
En hv. Nd. hækkar þau um 352,830 kr., svo útgjaldaliðurinn verður 3,983,713 kr.
og áætlar tekjuliðinn 3,718,470 —
svo tekjuhallinn á fjárl., eins og þau koma frá hv. Nd. nemur meiru en 265 þús. kr. Það er auðsjeð, að stjórnin hefur verið mjög varkár, er hún samdi fjárlaga frv., og að hækkun Nd. á tekjunum er aðeins formbreyting. Nd. hefur verið svo óvarkár að hækka gjöldin um 352 þús. kr. þrátt fyrir það, að hún hefur felt úr frv. fjárframlag til stórbrúar, er nemur 70 þús. kr., svo hækkunin verður í raun og veru meiri. Það má segja, að það sje að nokkru leyti eðlilegt, að gjöldin hafi verið hækkuð, og flestar hækkanirnar sjeu til fyrirtækja, sem vert sje að styðja, og skal jeg játa, að svo er, en slíkt má gera um of, og fara út í öfgar, og takmarkið er þó alt af að halda jafnvægi á tekjum og gjöldum, eftir því sem unt er. Og þegar gjöldin eru komin alt að 4 milj., þá virðist mjer komið að hámarkinu. Þetta er mjög athugavert, og nefndin hefur öll verið á einu máli um það, að nauðsynlegt sje að lækka tekjuhallann, eða að minsta kosti hamla því, að hann aukist úr þeim 265 þús., sem hann nam, er fjárlögin komu frá Nd. Nefndin hefur því komið fram með 73 brtill., sem að vísu eigi miða allar að því að lækka, en tilgangurinn er sá yfirleitt. Nema þessar lækkunartillögur samtals kr. 81,100. Nefndin gat ekki komizt hjá að taka til greina nokkrar tillögur um glaldhækkun, sjerstaklega frá

stjórninni, og nema þær brtill. 47150 kr., og verður þá niðurfærslan um 34 þús. eða nákvæmlega 33950 kr.

Eftir þessi inngangsorð vil jeg minnast á brtill. nefndarinnar og aðrar brtill. við 1.—13. gr. Viðvíkjandi tekjukaflanum vil jeg geta þess, að nefndin hefur engar br.-till. gert, og lítur svo á breytingar h. Nd. á áætluninni, að þær sjeu ekki hættulegar. En hitt vill hún benda á, að nú má eigi búast við, að tekjurnar á næsta fjárhagstímabili fari eins mikið fram úr áætlun, eins og við höfum átt að venjast undanfarið.

Að því er 8. gr. snertir, þá eru ætlaðar 250 þús. kr. til afborgunar á lánum landssjóðs og 200 þús. til vaxtagreiðslu, eða alls 450 þús. kr., og er gott, að þau færast ofurlítið niður.

Þá leggur nefndin til í 1. brtill. sinni, að orðin „alt að“ í 9. gr. 5 falli burtu. Nefndin álítur, að stjórnin verði að hafa nægilegt fje til skrifstofu- og aðstoðarkostnaðar, svo ekki sje hætta á, að hún verði að hætta útborgunum, og þegar gætt er að vörutollinum, virðast þessar 18 þús. kr. ekki of há upphæð.

Brtill. 2. e er við 11. grein B. 6 og fer fram á, að tillagið til eftirlits með veiðum útlendinga á landi sje fært niður í kr. 4500 úr kr. 10,000 hvort árið. Samkvæmt gildandi fjárlögum er veitt til þessa 1500 kr. á ári. Þessi upphæð reyndist of lág, og var þá tekin upp á fjáraukalög 500 kr. viðbót. Þó nú nefndinni þyki ástæða til að hækka þennan lið að nokkru, þá þykir henni ekki ástæða til að hækka hann svo mikið, sem háttv. Nd. fer fram á. Það er engin áætlun til um, hvernig þessu eftirliti eigi að verða hagað, og því síður um kostnað við það. Virðist nefndinni því varhugavert að veita til þessa stórfje. Leggur hún því til, að veittar verði 4500 kr. hvort árið, og hyggur, að með því fje megi styrkja 3 mótorbáta til móts við jafnmikinn styrk annarsstaðar að.

Að því er snertir ferðalag augnlæknis, þá getur nefndin ekki sjeð, að mikið sje unnið við ákvæðið um, að hann dvelji á sama stað hálfan mánuð. Það getur verið ókleyft fyrir marga að vitja hans þangað, sem hefðu getað það, ef hann hefði viðdvöl á tveim stöðum, viku í stað, og leggur því til, að athugasemdin orðist eins og tekið er fram í 3. brtill. við 12. 4 b.

Athugasemdinni um ókeypis lækningar sjerfræðinganna hjer í Reykjavík var breytt í Nd. á þann hátt, að það getur valdið misskilningi. Nefndinni hefur virzt rjett að bæta úr þessu á þá leið, að skylda þá til að veita fátæklingum ókeypis læknishjálp á tilteknum stað.

Þá kem jeg að þeirri brtill., er jeg veit, að mælast muni misjafnlega fyrir. Hún er um Vífilsstaðahælið og styrkinn til þess. Styrkurinn til hælisins var stórum hækkaður í stjórnarfrv., um 7000 kr., úr 18 þús. kr. upp í 25000 kr. hvort árið. Nd. breytti þessu á þá leið, að hún veitti hælinu í viðbót 5000 kr. fyrra árið til að kaupa Röntgensáhöld fyrir. Nefndin leit svo á, sem hjer væri ofört farið í styrkhækkunina. Heilsuhælið er privatstofnun, og það stendur ekki á nokkurn hátt undir umsjón landstjórnarinnar, og hún getur engin áhrif haft á fjárhagsstjórn þess. Nefndin lítur svo á, að það sje æskilegt, að þeirri stefnu verði haldið áfram, að þessari stofnun verði haldið uppi af privatfjelagi með styrk og stuðningi landssjóðs, en að þessu megi ekki snúa við þannig, að landssjóður standi straum af hælinu með stuðningi privatfjelags. Og þetta vill nefndin undirstrika með brtill. sinni. Hún vill segja með þessu: Hingað og ekki lengra. Það verður að stöðva þessa hækkun. Við það verður nú að sitja, sem komið er.

Jeg játa auðvitað, að eigi megi koma til þess, að hælið vísi sjúklingum á burt. En nefndin getur ekki sjeð, að hætta sje á því; það þarf að leita fyrir sjer um

það, eins og líka er drepið á í nefndarálitinu, hvort ekki sje hægt að fá meira fje til hælisins með frjálsum samskotum, áheitum, tillögum og dánarminningargjöfum. Það hefur dregið mjög úr áhuganum og viðleitninni í þessu efni síðan 1906. Nefndin lítur svo á, að meiri tekna væri hægt að afla hælinu, ef gengið væri rösklega fram í að safna dánarminningargjöfum til þess, og ef minningjarspjöldin væru höfð víðar til sölu, en nú er. Þetta er önnur leiðin, er fara má til þess að láta hælið bera sig sæmilega, án þess að framlagið úr landssjóði sje hækkað ótakmarkað. Hin leiðin er sú, að hækka dálitið gjald það, er sjúklingarnir greiða nú. Þetta gjald er lægra en á sumum spítölum og sjúkrahúsum út um land. Það var víða áður kr. 1,10 á dag, nú er það sumstaðar kr. 1,50, eftir því sem jeg bezt veit, ef til vill hærra. Á Vífilsstöðum er það kr. 1,40. Það virðist því vel geta komið til mála að hækka gjald sjúklinganna nokkuð. Aðstandendur sjúklinga og sveitarsjóðir standa eins nærri því að styrkja hælið með gjaldi til þess og landssjóður.

Þá kemur brtill. við lið 10 a, og fer fram á lítilsháttar hækkun á styrk til sjúkrahúsa og sjúkraskýla. Tilefnið en ekki beinlínis ástæðan til þessarar tillögu, er að nefndinni hefur borizt erindi frá hjeraðslækninum í Keflavík, þar sem hann sækir um styrk til að leigja herbergi eða part úr húsi handa sjúklingum. Nefndin lítur svo á, að oft sje heppilegra að leigja húsnæði handa sjúklingum en byggja sjúkraskýli, sem oft vilja verða dýr. Hins vegar verður því ekki neitað, að þörfin á þesskonar húsrúmi er mikil. Hún telur og víst, að þessi styrkur verði veittur eftir sömu reglum og styrkurinn til sjúkrahúsa.

Þá er 7. brtill. nefndarinnar, við 12. gr. 10 b. Hún fer fram á, að styrkurinn til að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum hækki fyrir hverja 1000 menn í læknishjeraðinu. Landlæknir kvartaði um það, fyrir fjárlaganefndinni, hve lágur hann væri, og hjelt því fram við hana, að hann næmi enganveginn nálægt því $^1/_3$ af byggingarkostnaðinum. Nefndin athugaði málið og komst að því, að þetta væri rjett athugað, og kemur því fram með brtill. um að hækka þennan lið úr 2000 kr. upp í 3000.

Þá er 8. brtill. við 10. f. í sömu grein. Hún fer fram á hækkun á utanfararstyrk til lækna. Nefndin lítur svo á, sem mikið gagn hafi orðið að þessum styrk, og að þessar utanferðir lækna sjeu nauðsynlegar. En styrkurinn er heldur lágur. Því vill hún hækka þennan lið um 300 kr. úr 600 upp í 900 kr., þannig að veita megi alt að 150 kr. fyrir hvern mánuð ferðarinnar.

Styrkurinn til sjúkrasamlaga sýnist lágur. Eftir því sem jeg veit bezt, er nú meðlimatala þeirra hátt á 5. hundrað. Og það má búast við því, að þau fjölgi mikið. Þessi áætlaða upphæð er því of lág. Því er lagt til að hækka hana úr 200 kr. upp í 600 kr.

Þá er ein brtill. eftir við 12. gr. Þar er lagt til, að Rögnvaldi Ólafssyni húsameistara verði veittur 1200 kr. styrkur til utanfarar. Astæðan til þessa er sú, að það er með öllu óhjákvæmilegt að stækka geðveikrahælið á Kleppi. Það var í fyrstu ætlað 40—50 sjúklingum, en nú eru þar miklu fleiri. Og út um landið eru margir sjúklingar, sem komast ekki þangað vegna rúmleysis. Og það verður að telja það rjett, sem landlæknir heldur fram, að það sje ekki gerlegt, að ráðast í þetta fyrirtæki, nema oss sjeu áður kunnar nýjustu samskonar byggingar ytra, og nýjustu framfarir í þessari grein húsagerðar, svo að hælið geti sem mest samsvarað kröfum tímans. Nefndin vill taka vel í þessar málaleitanir landlæknis, og hún gerir sjer von um, að þessi styrkveiting komi að miklu gagni. Rögnvaldur er mæt-

ur maður, sem unnið hefur gott verk og þarft verk sem ráðunautur landsstjórnarinnar í því, er að húsagerð lýtur. Nefndin væntir þess og, að ferðin komi honum að gagni, í fleiru en kynningu á geðveikrahælum. Meiri hluti nefndarinnar áleit, að 1200 krónur mundu nægja til þessarar farar.

Þá kemur 13. gr. frv. Þetta er stærsta grein þess. Samkv. frv., eins og Nd. hefur gengið frá því, hækka gjöldin til samgöngumála um 172,800 kr. frá því, sem þau eru í gildandi fjárlögum. Og þó var felt úr frv. stjórnarinnar stórbrú, sem átti að kosta 70 þús. kr,

Þess skal getið, að nefndin er samþykk stefnu stjórnarinnar í, að bæta kjör póstafgreiðslumanna. Hjer eru gerðar meiri umbætur en nokkru sinni áður á fjárlögunum, að því, er þetta snertir. Auk þess eru 8 nýjar póstafgreiðslur teknar upp. Alls nemur gjaldaukningin 8 þús. og 600 kr. En nefndin vonar, að póststjórnin láti nú staðar numið um sinn með þessar hækkanir, því ella stefnir hjer til ógengdar.

Þá koma akbrautirnar. Í fjárlögunum 1912—13 voru veittar 135,500 kr. til þeirra, og þá er Rangárbrúin ekki talin með, en eftir frv. Nd. eru nú ætlaðar 147 þús kr. En þá verður líka lokið við 3 brautir: Borgarfjarðar-, Eyjafjarðar-, og Reykjadalsbraut.

Þá eru eftir 3 brautir: Skagfirðinga-Húnvetninga og Grímsnesbraut. Þá er þessu er öllu lokið, er mikilli kvöð ljett af landssjóði, eftir því, sem ákveðið var í vegalögunum 1894 og lögunum 1907, þarsem ákvæði laganna frá 1894 voru skerpt og endurtekin.

Þá koma þjóðvegirnir. Þar fer nefndin fram á nokkrar lækkanir. Í stjórnarfrv. var ein stórbrú, en í þessu er engin, en þar á móti nokkrar smábrýr. Þó er þessi kafli hærri, en hann er í gildandi fjárlögum, og þótti hann þó allhár þar. Tillögur nefndarinnar um þennan bálk spretta af sparnaðarástæðum.

Landsverkfræðingur fer fram á, að brýr á Ljá og Fáskrúð verði bygðar sama árið. Því kemur nefndin fram með brtill. um það. Eftir frv., eins og það er nú, átti aðeins að byggja brúna á Fáskrúð fyrra árið.

Þá leggur nefndin til, að Bleikdalsárbrúin falli burt. Til þess gengur henni sparnaðarhugsun. Nefndin gat ekki sjeð, að bráða nauðsyn bæri til þessa, svo að það þyrfti að ganga á undan öðru. Það verða ekki allar ár landsins brúaðar í einu. Til þess brestur fje og til þess brestur vinnukraft. Sama má segja um ástæður nefndarinnar til brtill. um þjóðveginn í Austur-Skaftafellssýslu, að sá liður falli burtu.

Sjálfur er jeg að vísu ekki kunnugur veginum þar eystra, en mjer er sagt af kunnugum mönnum, að þeir sjeu með betri vegum landsins. Það vantar og vitneskju um, hvort þetta eigi að vera akfærir vegir. Ef til vill mætti leggja eitthvað af því, sem ætlað er alment til vegagerða, til vega í Austur-Skaftafellssýslu.

Á 15. breyttill. nefndarinnar minnist jeg ekki í þessu sambandi, en geri það seinna.

Þá er 16. brtill. Hún fer fram á, að Eskifjarðarvegurinn falli burt. Nefndin hefur átt tal við landsverkfræðinginn um hann, og komizt að þeirri niðurstöðu, að ekkert vit væri í að byrja á þeirri vegagerð nú. Hann á að vera milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, og kostar sá vegur allur milli 40—50 þús. kr. um það, er honum er lokið. Vegalengdin verður 15 kilóm. Þess er að gæta, að þar er ágæt sjávarleið. Vegurinn liggur fyrir ofan fjöruna, ef farið er á landi, en fyrir utan hana, ef farið er sjóleiðis. Þar eru og nógir mótorbátar til mannflutninga. Vegurinn yrði mest skemtivegur og fyrir gangandi fólk. Nefndin telur þessa vegagerð með öllu ófæra, ekki sízt þar sem henni hefur

verið bent á, að þörf væri á góðum vegi á Völlunum, er tengdi veginn þar við Fagradalsbrautina.

Brtill. um dragferjuna á Blöndu stafar af því, að hún er á sýsluvegi, en ekki þjóðvegi, og því á hún að færast aftur í þennan lið greinarinnar.

Loks vill nefndin fella burt brúna á Þverá í Eyjafirði. Styrkurinn er raunar ekki nema 700 kr., og fjárhæðin ekki athugaverð frá því sjónarmiði. Hitt er í sjárverðara, að hún er á hreppavegi. Þar vill nefndin fara varlega. Landssjóður hefur styrkt sýsluvegi, þar sem engir þjóðvegir eru, og er það eðlilegt, en það hefur þó dregið mikinn dilk á eftir sjer. Það væri þó enn þá hættulegra, að fara að styrkja hreppavegi. Það var að vísu gert við akveg í Svarfaðardal, en til þess voru alveg sjerstakar ástæður. Hreppurinn tók afarþunga byrði sjer á herðar. Hver verkfær maður skuldbatt sig til að vinna 3 dagsverk árl. í nokkur ár, svo að styrkurinn var veittur sem verðlaun fyrir dugnað.

Þá er c-liðurinn. Eftir frv. Nd. nemur hann 261,800 kr. Hækkunin frá því, sem hann er á gildandi fjárlögum, nemur um 50,000 kr. Aðalhækkunin er vitanlega fólgin í styrknum til Eimskipafjelags Íslands.

Nefndin fer fram á dálitla lækkun á þessum lið. Nefndin hefur ekki sjeð neina gilda ástæðu til, að hækka styrkinn til Breiðafjarðarbátsins frá því, sem var á síðustu fjárlögum. Það er kunnugt, að útlendur kaupmaður var fenginn til að láta gufubát ganga um fjörðinn, og hefur fengið til þess 7000 kr. styrk. Lengra eru Breiðfirðingar ekki á veg komnir í þessu efni. Stjórnin leit svo á, sem eigi væri ástæða til að veita nema 4000 kr. Nefndinni þótti rjett að halda sjer við þessar 7000 kr., sem eru á þessum núgildandi fjárlögum. Jeg skal taka það fram, að nefndinni þætti málið horfa nokkuð öðruvísi við, ef Breiðfirðingar keyptu sjálfir laglegan bát, og hjeldu honum út á sinn kostnað. Ef þeir gerðu það, væri aðstaða þeirra öll önnur en nú, og þá væri sjálfsagt, að sjá það við þá á þinginu 1915. Það mætti jafnvel veita þeim styrk til þess á fjáraukalögum.

Þá er brtill. um Hvítárbátinn, að færa styrkinn úr 800 kr. niður í 600 kr. Nefndin hefur ekki sjeð neina ástæðu til að hækka þennan styrk frá því, sem var í frv. stjórnarinnar.

Þá vill nefndin fella burt styrkinn til mótorbátsferða til Hvalfjarðar. Hún er á þeirri skoðun, að þessi bátur sje aðallega til að keppa við Ingólf, og slíkt telur nefndin rangt og þykir það óheppileg aðferð, að styrkja þennan bát til að keppa við bát, er mikill styrkur er veittur úr landssjóði. Nefndin hefur heyrt utan að sjer, að mikið umtal hafi orðið um þessa tillögu. Ef það kemur í ljós, að hlutverk bátsins er annað en það, sem jeg sagði, þá má lagfæra þetta við 3. umr., ef till. nefndarinnar yrði samþykt nú.

Þá hefur nefndinni borizt beiðni frá 53 alþingiskjósendum í Rauðasandshreppi um styrk til mótorbátsferða frá Patreksfirði til Rauðasands. Sveit þessi er mjög afskekt og samgöngur stirðar og erfiðar og þótti nefndinni því sanngjarnt, að verða við þessari beiðni og veita 300 kr. styrk hvort árið. — Þá er brtill. nr. 10 á þgskj. 665, viðvíkjandi athuganemdinni, sem tengd er við styrkinn til Eimskipafjelags Íslands. Nefndin,—eða að minsta kosti 4 okkar—er sammála um, að rjett sje að binda styrkinn því skilyrði, að fjelagið tæki að sjer strandferðirnar frá 1916. Það er mín skoðun og jeg hugsa flestra annara, að erfitt verði fyrir alþingi, að verja svo stóra fjárveitingu, nema eitthvað sje hugsað fyrir strandferðunum um leið. Nefndin hefur þá föstu trú, að strandferðirnar muni ekki stofna fjelaginu í voða, og þess ættu menn einnig að gæta, að fjelagið mundi verða mikla

vinsælla, ef það tækist þessa skuldbindingu á hendur. Fátæklingarnir, bæði til sjávar og sveita, hafa verið miklu örari til framlaga við þetta fjelag, heldur en kaupmennirnir, þótt ótrúlegt megi virðast, og margir þeirra hafa áreiðanlega lagt fram sinn skerf í þeirri von, að fjelagið mundi fyr eða síðar taka strandferðirnar í sína hönd. Þetta hlýtur líka að verða hlutverk fjetagsins, og ef því tekst að leysa það vel af hendi, er jeg ekkert hræddur um, að það fái ekki yfirhönd yfir keppinautum sínum. Því má ennfremur bæta við, að litlar líkur eru til, að við munum framvegis komast að samningum við Sameinaða fjelagið um strandferðirnar. Nefndin vill því mœla fastlega fram með, að athugasemdin verði samþykt, eins og hún er orðuð í 19. brtill. nefndarinnar.

Þá er að minnast á símamálin. Á gildandi fjárlögum eru tilfærðar fjárveitingar til símalagninga, en samkv. símalögunum frá 1912 eru þau fjárframlög nú eigi talin í fjárlagafrv. Nefndin hefur hjer gert þá brtill., að fella burt launahækkunina til símaverkfræðings P. Smith og Gísla Ólafssonar stöðvarstjóra, því að þeir virðast nú hafa sæmilega há laun, þar sem annar hefur 2600 kr., en hinn 2400. Það þarf ekki annað en benda á launakjör póstafgreiðslumanna í Reykjavík — 1 póstafgreiðslumaður hefur 2400 kr., 2 þeir næstu fyrir neðan hann 1800 kr. hvor — til þess að sjá, að þessi launahækkun er ekki á rökum bygð. — Þá hefur nefndin skotið lítilsháttar athugasemd inn í þennan kafla um, að símasendlarnir á Ákureyri, Seyðisfirði og Ísafirði beri símskeyti um allan kaupstaðinn, Yfir því hefur sem sje verið kvartað, að símasendlarnir utan Reykjavíkur beri ekki símskeyti út um alla bæina, og þótti því nefndinni rjett, að bæta þessari athugasemd inn í fjárlögin. — Ein brtill. nefndarinnar símamálunum viðkomandi fer fram á útgjaldahækkun, en það er brtill. um að heimila stjórninni alt að 14,000 kr. fyrra árið til þess að kaupa húsið, sem símastöðin á Akureyri nú er í. Um þetta atriði vil jeg leyfa mjer að vísa til nefndarálitsins. Landsímastjórinn vill helzt flytja stöðina og byggja nýtt stöðvarhús fyrir fje landsjóðs. En stjórnarráðið álítur ekki ástæðu til þess, og nefndin getur ekki sjeð, að brýn ástæða sje fyrir hendi, að ráðast í hinn kostnaðarsama flutning stöðvarinnar. Ennfremur verður nefndin að álíta, að það sje eftir málavöxtum sanngjarnt, að landstjórnin kaupi húsið af eigenda þess, ef ekki ber brýna nauðsyn til flutningsins. Landsímastjórnin gerði samning við húseigandann 1910 um kaup á húsinu, ef alþingi vildi veita fje til þess. En af einhverjum ástæðum bar stjórnin þetta mál ekki upp fyrir alþingi 1911 og hefur því síðan ekki verið hreyft fyr en nú, að eigandinn hefur snúið sjer til stjórnar og þings. Stjórnin hefur ekki sint málaleitun hans, en nefndin álítur, að sanngirni mæli með því, að taka hana til greina.

Þá vil jeg minnast á þær brtill. við þessa kafla, sem komið hafa fram frá einstökum mönnum. Fyrst vil jeg þá geta um brtill. frá h. þm. Strand. á þgskj. 686, sem fer fram á, að styrkur verði veittur hreppsbúum í Bæjar- og Árnesshreppum í Strandasýslu til þess að vitja læknis, 300 kr. til hvors. Nefndin álítur þessa fjárbeiðni á nokkrum rökum bygða og er henni hlynt. Samskonar styrk fer brtill. á þgskj. 729 frá háttv. þm. N.-M fram á að veittur veri Hróarstunguhjeraði, aðeins er þar beðin um nokkru meiri styrk. Nefndin mun verða fús á að leggja til, að Borgarfjarðarhreppi verði veittur sami styrkur sem Árneshreppi, og vonar því að h. þm. taki brtill. aftur. — Þá er brtill. á þgskj. 710 frá h. þm. Barð., um að feld sje burt hin persónulega launaviðbót til landsverkfræðingsins. Þessi launahœkkun var sam-

þykt andmælalanst í Nd., og nefndin lítur svo á, að þessi maður hafi svo vandasamt starf á höndum, að ekki tjái að skera laun hans við neglur sjer. — Nefndin er meðmælt brtill. á þgskj. 712 frá h. 2. þm. Árn. — Þá er brtill. á þgskj. 707 frá h. þm, V.-Skf. um, að veittar verði 78 þús. kr. til að brúa Jökulsá á Sólheimasandi. Jeg hef áður tekið fram, af hverjum ástæðum nefndin er þessari brtill. mótfallin. Það væri mjög óviðurkvæmilegt að fara nú að auka útgjöldin um 80,000 kr., eins og fjárhagur landssjóðs er. Og ef þessi fjárveiting er tekin inn á fjárlögin, þá get jeg ekki betur sjeð, en að örðugt verði að neita um brúna á Eyjafjarðará. Vitaskuld eru þau vatnsföll, sem hjer er um að ræða, ekki sambærileg, en þess er að gæta, að Eyjafjarðará er á einni hinni fjölförnustu þjóðbraut á landinu. Nefndin hlýtur því að vera þessari brtill. mótfallin. — Brtill. á þgskj. 687 frá h. þm. Strand. stendur í nánu sambandi við 15. brtill. nefndarinnar á þgskj. 665. Nefndin vill lýsa því yfir, að hún er fús á að taka brtill. sína aftur, ef hinn h. þm. vill gera sömu skil, og halda svo þeirri fjárhæð, sem er í frv. En ef h. þm. ekki vill taka brtill. sína aftur, þá mun nefndin verða henni mótfallin.

Þá hygg jeg, að jeg þurfi ekki fleiri athugasemdir að gera við þenna kafla fjárlaganna.

Sigurður Eggerz: 20. brtill. háttv. nefndar fer fram á að lækka styrkinn til bátsferða á Breiðafirði um 2000 kr. H. frsm. sagði, að nefndin hefði ekki sjeð ástæðu til þess að hækka styrkinn frá því sem nú er. En ástæðan til þess, að farið hefur verið fram á hækkun, er sú, að hingað til hefur reynzt örðugt að fá aðra en kaupmenn til þess að taka að sjer ferðirnar. Þetta eru menn óánægðir með, því að kaupmennirnir hafa mjög hagað ferðum eftir þörfum verzlana sinna. Menn búast við, að geta kipt þessu í betra horf, ef styrkurinn verður hækkaður, og skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta atriði, því að öllum má vera kunnugt, hvílík þörf er á bátsferðum um Breiðafjörð, þar sem millilandaskipin ekki fara þangað inn. — Þá hefur nefndin lagt til, að styrkurinn til mótorbáts upp í Hvalfjörð falli niður, og skildist mjer, að það væri af þeirri ástæðu, að nefndin vildi ekki skapa gufubátnum „Ingólfi“ keppinaut. Jeg skal því taka það fram, að herra málaflutningsmaður Oddur Gíslason, sem má vera fullkunnugt um þetta mál, lýsti því yfir í gær, að það gæti ekki komið til tals, að þessi mótorbátur yrði að neinu leyti keppinautur „Ingólfs“. „Ingólfur“ er einmitt ófús á að fara þær ferðir, sem þessi bátur á að fara, en hins vegar mundu margar sveitir hafa gagn af þeim, Jeg vil því vona, að háttv. deild samþyki þessa styrkveitingu. — 5. brtill. nefndarinnar gengur í þá átt, að færa styrkinn til heilsuhælisins á Vífilsstöðum niður. Jeg er hræddur um, að nefndin fái óvíða þakklæti fyrir þessa brtill., enda ber hún vott um helzt til mikið skilningsleysi á þörfum og kröfum tímans. Það eru einmitt fátæklingarnir í landinu, sem þurfa einna mest á hælinu að halda, og því er það skylda þingsins, að hafa hann sem ríflegastan.

Þá vil jeg minnast á brtill. mína um 78 þús kr. fjárveitingu til brúargerðar á Jökulsá á Sólheimasandi. Jeg hafði satt að segja ekki búizt við að þurfa að verja þá brtill., því að jeg hjelt, að nefndin mundi taka öðruvísi í málið, en hún hefur gert, enda er jeg viss um, að hún hefði lítið öðrum augum á þessa fjárveitingu, hefði henni verið kunnugt um alla málavexti.

Jeg þykist hafa gilda ástæðu til að vona, að deildin muni taka vel í þetta mál, vegna þess að á þinginu 1911 voru samþykt lög um að þessa á skyldi brúa, þegar fje yrði veitt til hennar á fjárlögun-

um, og því fremur þykist jeg mega vona þetta, þar sem nú eiga ýmsir hinir sömu menn sæti í fjárlaganefndinni, sem tóku þátt í að samþykkja þessi lög árið 1911. Það má að vísu segja, að þótt lögin kveði svo á að þessa á skuli brúa, þegar fje verði veitt til hennar á fjárlögunum, þá þurfi það ekki að þýða sama og að leggja skuli fje til hennar á næsta fjárhagstímabili eftir að lögin koma í gildi, en að sumir hafi þó skilið það á þann veg, það sýna ummæli h. formanns fjárlaganefndariunar, sem sjá má í þingtíðindunum 1911, og vil jeg leyfa mjer að lesa þau upp með leyfi forseta. „Það er reynsla með þessar brýr, að þegar búið er að samþykkja lög um þær, þá er það skoðað sem loforð frá landssjóðs hálfu um, að hún skuli koma upp á næsta fjárhags tímabili". Hjer er ekki með öllu víst, að lögin hljóti að þýða það, að brú þessi skuli bygð fyrst allra stórbrúa á landinu. Ef lögin ekki þýddu þetta, þá væru þau með öllu þýðingarlaus, og engum manni mun detta í hug, að alþingi sje að gefa lög, sem ekkert eigi að þýða.

Þar sem h. frsm. fjárlaganefndarinnar sagði, að ef veitt yrði fje til þessarar brúar, þá yrði líka að taka aðra brú upp á fjárlögin, nefnilega brú á Eyjafjarðará, þá skal jeg ekki dæma um hve mikil þörf sje á þeirri brú, en jeg hygg, að allir sjeu sammála um, að meiri þörf sje á að brúa Jökulsá á Sólheimasandi, og við það bætist sá sjálfsagði skilningur á brúarlögunum, sem jeg benti á áðan. Og þetta vona jeg að allir fallist á, jafnvel þeir, sem eru allra viðkvæmastir fyrir brú á Eyjafjarðará.

Jeg þykist ekki þurfa að eyða mörgum orðum til þess að lýsa þessari á. Hún kemur undan Mýrdalsjökli, eins og mönnum er kunnugt, er afarstraumhörð og ill í botninn, og því ill yfirferðar. Það er áætlað að brúin muni kosta um 78 þús. kr., og jeg þykist vita, að sú áætlun sje

full há, því að landsverkfræðingurinn er mjög gætinn í áætlunum sínum, og get jeg hugsað, að hann hafi varla athugað nægilega, hve ódýrt er að flytja efni að brúnni. Það er sem sje hægt að lenda við Jökulsárós, og þaðan er örstutt leið að brúarstæðinu. Jeg ætla ekki að fara að lýsa brúnni; hjer liggur frammi teikning yfir hana, sem jeg býst við að þingmenn hafi athugað. En þá kem jeg að mótbárum þeim, sem færðar hafa verið fram á móti brúnni, og er aðalmótbáran sú, að henni muni hætta búin af vatnavöxtum og geti skemzt eða jafnvel farið alveg forgörðum, þegar minst vonum varir. Þar til er því að svara, að verkfræðingurinn segir, að brúnni muni ekki hætta búin af þeim vöxtum, sem vanalega koma í ána. Þau hlaup, sem koma í hana eru ekki samskonar og þau, sem koma í Skeiðará, heldur er það smávöxtur í ánni með dálitlum jakaburði. Þessi hlaup stafa af því, að í jöklinum er dálítil skál, og þegar bún fyllist af vatni, koma hlaupin.

Hinsvegar hefur verkfræðingurinn tekið það fram, að hann vilji ekki ábyrgjast, að brúin standi, ef samskonar hlaup kæmi í ána eins og einu sinni, þegar Katla gaus og mundi brúin þó eigi hafa farið í því hlaupi, þótt hún hefði þá verið komin. En sú hætta, sem brúnni stafar af þesskonar hlaupum, er ekki meiri en t. d. sú hætta, sem brúnum á Þjórsá og Ölfusá stafar af jarðskjálftum, því að svo miklir jarðskjálftar gætu komið, að þær hryndu. Eldgos og jarðskjálftar eru náttúruviðburðir, sem aldrei er hægt að sjá við. Jafnvel þetta pólitíska hús, sem vjer nú stöndum í, gæti hrunið, ef jörðin færi að hrista sig.

Ástæður þær, sem mæla með brúnni, eru svo margar, að jeg veit ekki, hvar jeg á að byrja· Þegar jeg lít til forsetastólsins, minnist jeg þess, sem h. forseti sagði, meðan hann var á þingbekkjunum, að hvergi sæi hann landið í allri sinni dýrð

eins og í Skaftafellssýslum, og jeg get tekið undir þetta með honum, því að hvergi hef jeg sjeð fegurri sveitir en í þeim sýslum. Ferðamannastraumurinn mundi því að líkindum aukast mjög mikið til þessara sveita, ef þröskuldi þessum yrði burtrýmt, en það tel jeg mikilsvirði fyrir oss, að útlendingar sjái landið þar sem það er mikilfenglegt og fegurst, og í þessum hjeruðum hygg jeg margt megi sjá, sem örðugt sje að gleyma. En ef þetta væri eina ástæðan, mundi mjer þó ekki detta í hug að biðja um fje til brúarinnar. Nei, ástæðurnar eru margar og miklar, og er ein þeirra sú, að áin rennur um mitt læknishjerað, svo að oft er ekki hægt að ná í lækni í marga daga samfleytt. Þegar jeg var á leið til þings, kom jeg að bæ, þar sem kona lá í barnsnauð. Sent var eftir lækni. Það náðist í hann, en $^1/_2$ tíma eftir að hann var kominn yfir ána, varð áin ófær í 2 daga. Hefði verið farið dálítlið seinna eftir lækninum, þá hefði ekki náðst í hann, og konan hefði þá dáið.

Jeg er viss um, að h. 6. kgk., sem hugsar svo mikið um öll læknamál landsins, hlýtur að sjá, hve mikill óhappagestur þessi á er í miðju læknishjeraði, því að hún veldur dauða miklu fleiri manna en sem í henni drukna. Þá má og geta þess, að 2 hreppar í Rangárvallasýslu sækja verzlun sína til Víkur, og þótt eigi sje tekið tillit til hættunnar. sem af þeim ferðum stafar, þá sjest, hve gott það er að fá vörur sínar blautar og skemdar, þegar heim er komið. Það hefur verið sagt, að Skaftfellingar fari ekki mikið yfir ána, en þetta er rangt, því að ferðir til Reykjavíkur eru mjög að aukast. Á haustin eru jafnan reknir miklir fjárrekstrar suður til Reykjavíkur. Síðasta haust biðu menn í marga daga við ána með stóra fjárrekstra. Má geta nærri, hvílíkt ógnartjón hefur stafað af þessu, ekki aðeins kostnaður við dvöl margra manna og kostnaður við að kaupa haga handa fjenu, heldur aðallega sá mikli kostnaður, sem stafar af rýrnun fjárins. Þá sækja og Mýrdælingar fiskiróðra yfir ána, og ber oft svo við, að þeir komast ekki yfir hana þótt gott sje veður, og verða svo af róðrum og góðum afla. Ef brúin væri gerð, mundu samgöngur í þessu hjeraði batna mjög mikið; þá mundi og koma akvegur, svo menn gætu komið afurðum sínum hingað til Reykjavíkur, og mundi þá smjörbúum og hverskonar framförum í búnaði verða markað stærra svið. Í þessum sveitum, er eins og menn vita, hafnleysi mikið, og það er hart. þar sem svo miklir örðugleikar eru á því, að fá bættar samgöngur á sjó, að þessi mikla, þessi stórþýðingarmikla samgöngubót skuli ekki fást alveg orðalaust.

Það munu nú ef til vill einhverjir segja, að þeir, sem búa austan árinnar, sjeu ekki þess verðir, að svo mikið fje, eins og hjer er um að ræða, sje lagt þeim. Þeir standi svo aftarlega í öllum framförum, að ekki tjái að skamta þeim svo ríflega úr landssjóði. En hvað segja þeir, sem um bjeraðið fara? Háttv. sessunautur minn, sem ferðast hefur þar austur, sem landbúnaðarráðunautur, segir að framfarir sjeu þar mjög miklar í búnaði og hvergi meiri áhugi á þeim málum en þar. Háttv. landlæknir segir, að alt sje þar í framför, og fræðslumálastjórinn dáist að áhuga manna þar á fræðslumálum, og það er undarlegt, ef alþingi daufheyrist lengi við rjettmætum kröfum manna, sem þar búa, sem standa í ótal efnum framar flestum sveitum landsins, þrátt fyrir örðugleika þá, sem standa í kringum þá á alla vegu.

Jeg þykist nú hafa talið svo margar og mikilvægar ástæður fyrir brúargerð þessari, að nægar mættu þykja til þess, að löggjafarvaldið dragi ekki lengur að framkvæma loforð sín í þessu efni, og þó er ótalin stærsta ástæðan. Sú ástæða, að þetta

vatn er mesta manndrápsvatn á öllu Íslandi, og er talið, að í því hafi druknað 40 manns. Þarf nú fleiri lík til þess að rökstyðja þetta mál.

Skilja menn ekki enn, hvílík nauðsyn er á því að brúa þetta vatnsfall? Skilja menn ekki þann beig, sem öllum stendur af vætti þessum? Skilja menn ekki hræðsluna á bæjunum, þegar mennirnir leggja út í ófæru þessa. Oft hef jeg sjeð bregða fölum blæ yfir margt ódeigt konuandlit, þegar mennirnir hafa haldið út í ána til þess að fylgja mjer eða öðrum. Og þó menn skilji ekki alt þetta, skilja menn þá ekki, að hvert mannslíf er mikils virði. Háttv. landlæknir segir, að það sje 20 þús. kr. virði. Er það þá hagspeki að spara 78 þús., þegar svo margar 20 þúsundir eru í veði? Hvað lengi ætla löggjafarnir að daufheyrast við rjettmætum kröfum manna, þeirra er eiga að búa við óvætt þennan, hvað lengi á þessi gröf að standa opin?

Jeg fullvissa yður um það, að hver sem greiðir atkvæði gegn brúargerð þessari, hann getur fyr en varir átt mannslíf á samvizkunni. Og enginn veit hver fer næstur í ána.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg á hjer brtill. á þgskj. 686, sem hv. frsm, hefur tekið til athugunar, og er jeg honum þakklátur fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið henni viðvíkjandi. Þessi brtill. er við 12. gr. 2. lið, og fer fram á, að sami styrkur verði veittur Bæjarhreppi í Strandasýslu eins og Árneshreppi, til þess að vitja læknis. H. frsm. sagði, að það mundi ekki eins miklir erfiðleikar á því að vitja læknis í þessum hreppi eins og í Árneshreppi, en jeg veit ekki, hvort þetta er bygt á góðum rökum, og jeg fyrir mitt leyti hygg, að vegalengdirnar sjeu eins miklar í Bæjarhreppi. Jeg veit, að frá fjarlægasta bænum þar eru um 70—80 kílóm. til læknis, og það er auk þess yfir á að fara og fyrir fjörð, og þótt áin yrði brúuð, þá vegur þar á móti, að leiðin lengist um 5—10 kílóm. Jeg býst ekki við, að jeg þurfi að skýra þessa brtill. mína frekar, en vil aðeins geta þess, að styrkurinn hefur komið að miklum notum í Árneshreppi. Hreppsnefndin þar hefur borgað út af þessum styrk til hreppsbúa hlutfallslega eftir því, sem þeir hafa kostað til að vitja læknis. Jeg vissi í fyrra, að það kostaði einn mann á annað hundrað kr. að vitja læknis, og var þó læknirinn heima, en að öðrum kosti mundi það hafa kostað enn meira, en sá maður mun þó ekki hafa fengið neitt af þessum styrk, því hann var vel efnaður. En þótt svo væri í það skifti, þá geta fátæklingar eins orðið fyrir slíku, og þessi styrkur getur þá komið þeim að miklu liði, ef hann fær fram að ganga. Hann gæti þá ennfremur orðið til þess, að þeir sættu sig betur við læknaleysi en ella, enda þótt þetta sje als eigi fullnægjandi. En ef þessi og aðrar fleiri breytingar komast á, t. d. ef Bæjarhreppur yrði lagður undir Dalahjerað, og ef þar kæmi góður læknir, og ef sími væri lagður til Hrútafjarðar, þá yrðu fjarlægðirnar miklu styttri og hreppsbúar væru mikið betur staddir, en þeir eru nú. Jeg vona því, að deildin taki vel í þetta mál, eins og fjármálanefndin hefur tekið því vel.

Þegar jeg lít á brtill. þær, er liggja hjer fyrir framan mig, þá rekst jeg fyrst á brtill. á þgskj. 710 frá h. þm. Barð., og fer hún fram á að fella burt þá persónulaunaviðbót, sem landsverkfræðingnum er ætluð. Jeg vil geta þess, að jeg get með engu móti verið með þeirri brtill., því sá maður, sem hjer er um að ræða, á svo mikið gott skilið, verk hans er svo þýðingarmikið, og hann hefur leyst það ágætlega af hendi. Jeg vona því, að þessi brtill. verði feld. Þá á jeg brtill. á þgskj. 687 við 13. gr. B. III. 10, um að fje það, sem ætlað er til annara vegabóta og við-

halds þjóðvega, verði hækkað úr 29,000 kr. í 30,000 kr. Þessi tillaga mín fer alveg í öfuga átt við tillögur nefndarinnar, sem vill lækka þennan lið niður í 27,000 kr. Jeg skal játa það, að jeg ber virðingu fyrir tilgangi nefndarinnar með að spara útgjöldin, en jeg er ekki viss um, að þessi tillaga hennar sje heppileg, því að þetta er eina fjeð, sem menn hafa til viðhalds þjóðvega, til þess að byggja upp aftur brýr, sem orðnar eru fúnar og ónýtar, og efast jeg því um, að gott sje að skerða þennan lið. Tilgangur minn var sá, að tryggja fje til þjóðvegar um Krossárdal, og hefði jeg því helzt viljað hækka liðinn um 3000 kr., því að jeg held að verkfræðingurinn geti ekki mist mikið af þessum 29 þús. kr., sem ætlaðar eru til viðhalds vega, en þegar jeg sá, að nefndin hafði farið fram á að lækka liðinn, vildi jeg miðla málum, og fór því ekki fram á nema 1 þús. kr. hækkun. En nú hefur frsm. skýrt frá því, að nefndin muni ganga að þeirri miðlun, að láta upphæðina standa í 29 þús. kr., og þegar reynt er svo lipurlega að mæta manni á miðri leið, mun jeg vinna það til samkomulags, að taka brtill. mína aftur, það er að segja fyrri lið hennar. Þá er 2. liðurinn; háttv. frsm. fór fram á, að jeg tæki þann lið aftur. En síðari liðinn vil jeg ekki taka aftur. Hv. frsm. (Stgr. J.) sagði, að nefndin vildi láta veita fje, ef hægt væri, og taldi, að það væri eins tryggilegt, þótt það stæði aðeins í framsögunni. Jeg veit það og viðurkenni, að framsaga getur haft mikið að segja, en ef framsagan kemur í beinan bága við nefndarálitið, þá efa jeg gildi hennar. Að segja eins og frsm. gerði, að hann vilji láta vinna þarna að vegagerð fyrir 3000 kr., ef hægt sje, en hinsvegar vilja láta fella tillögu mína, er ekki sem bezt samkvæmni, og þá ekki hægt að vita, hvort á að meta meira. Jeg vildi óska þess, að h. fjárlaganefnd sýndi mjer allan lipurleik og vildi

ekki greiða atkvæði á móti þessari brtill. Jeg vildi þá til samkomulags við 3. umr. láta orða liðinn svo, að verja skyldi „alt að“ 3000 kr. Og væri þá sýnt, að landsverkfræðingurinn væri ekki kúgaður til að nota fjeð þar, ef að verulega brýn nauðsyn krefði, að það væri notað á öðrum stöðum.

En þegar um þessa liði er að ræða, þá ætti það að vera nokkurnveginn sjálfsagður hlutur, að hverri stjórn væri leyfilegt að nota nokkru meira fje, ef svo stendur á, en veitt er, og gæti þá borið þá fjárveiting fram á fjáraukalögum, eins og áður átti sjer stað. Þetta getur verið beinlínis nauðsynlegt til þess að ljúka við vegakafla er t. d. enda í foræðisflóa. Vegur, sem endar svo, er ófær fyrir alla og gersamlega gagnslaus, og það getur staðið svo á, að það vanti aðeins stuttan bút, nokkra kílómetra, til þess að vegurinn geti orðið notfær. Það sjá allir, að slík fjárveiting kemur ekki að neinu gagni, það væri eins og peningunum væri kastað í opna gröf. Og svo ber á það að líta líka, að allir vegir, hversu vel sem þeir eru gerðir, ganga úr sjer, og það jafnvel þótt þeir sjeu ekkert notaðir.

Í skjali því, er lagt hefur verið fram á lestrarsal þingsins, hefur verið lýst veginum í Krossárdal og eins í Eyrarhlíð. Jeg hef nú með öllu slept veginum í Eyrarhlíð. Sá vegar liggur með fram sjó, og er sífeldur grjótáburður á veginum, svo það er gagnslaust að kosta nokkru verulegu til hans, þar sem hann er, nema ef hann væri ruddur eitthvað lítilsháttar, en þar hagar svo til, að uppi á hlíðinni er gott brúarstæði, og þar ætti að leggja veginn, er fram í sækir. En hinn vegurinn er í Krossárdal. Það er nú búið að eyða nokkru fje til þess að gera við veginn frá Hrútafjarðarbotni til Gilsfjarðarbotns, og vegurinn er nú kominn nokkuð fram fyrir bæinn Einfætlingsgil í Bitru á leið til Kleifa í Gilsfirði. Fyrir framan Einfætl-

ingsgil er sljettlendi í dalbotninum og miklar og ágætar slægjur. En þetta sljettlendi er forædismýrar, og í þeim endar vegurinn nú. Það sjá nú allir, að meðan svo er, er vegabót þessi lítilsnýt; það þarf nauðsynlega að koma veginum svo langt, að hann komist á grjót, og hægt sje með góðu móti að komast af veginum og á hann, og jeg hygg, að til þess þurfi um 3000 kr. (*Stgr. J.* Hvað er búið að verja miklu?) Það veit jeg ekki, því jeg hef ekki haft tal af landsverkfræðingnum um þetta efni, en jeg býst við því, að hann hafi varið til vegarins eftir því sem föng hafa leyft; auk þess var veitt til hans fje á alþingi 1911. En því fje var mestu varið til að gera veginn út með Hrútafirði, enda liggur hann eftir endilangri mjög fjölmennri og vel setinni sveit í alla staði og kemur því að miklum notum. Hjer er því um nauðsyn að ræða. Og þessi vegur er eiginlega eini vegurinn, sem tengir saman Norður- og Vesturland, þó það vitanlega megi fara suður Holtavörðuheiði og svo yfir Bröttubrekku, þá er það miklu lengri leið, og naumast hægt að nefna hana í þessu sambandi. Og um þessa leið fer pósturinn á milli Austfirðingafjórðungs og Norðurlandsfjórðungs, og á hina hliðina Vestfirðingafjórðungs (Ísafjarðar). Svo það sýnir, að leiðin er allfjölfarin. Jeg vildi óska, að h. nefnd vildi ekki beita sjer á móti þessu að sinni, en vildi samþykkja tillöguna til 3. umr., og mætti þá bæta inn í orðunum „alt að", ef mönnum sýndist svo.

Mjer þykir sárt að geta ekki greitt atkvæði með brtill. á þgskj. 707, en jeg treysti mjer ekki til þess, eins og fjárhagur landssjóðs er nú. Og því get jeg ekki verið með því, þótt h. þm. V.-Sk. (S. E.) lýsti mjög átakanlega, hversu mikil þörf væri á þessu, og hversu mikinn rjett hjeraðið ætti á því. Og þótt jeg álíti, að það sje að öllu leyti rjett hjá h. þm., bæði um þörfina og rjett hjeraðsins, þá get jeg ekki

greitt atkv. mitt með að setja 70—80 þús. kr. í voða, því mjer hafa ekki verið færðar neinar verulegar líkur fyrir því, að brúin geti staðizt nema stuttan tíma (*S. E.*: Misskilningur!), og það væri alveg undir hælinn lagt, hvort hún stæði lengi, vita ekki, nema straumurinn frá jöklunum beri hana burtu. Það skal jeg játa, að þegar búið er að segja A, þá verði menn að segja B, en það getum við þó ekki sagt, fyr en fjárhagurinn er góður. Og það er líka sárt fyrir sveitina að sjá brúna setta upp, og síðan að horfa á jökulstraumiinn bera hana í burt og ána jafn óbrúaða eftir sem áður.

Einar Jónsson: Jeg á eina brtill. við 12. gr. og er jeg þakklátur fyrir undirtektir h. frsm. (Stgr. J.) undir hana, hvað efni hennar snertir.

Eins og kunnugt er, þá er Hróarstunguhjerað óveitt, og hefur verið það nokkurn tíma, en hinsvegar hefur læknirinn í Fljótsdalshjeraði verið settur til að þjóna því.

Orsökin til þess, að læknar hafa ekki verið þar lengi, er sú, að þótt þeim hafi verið ákveðnar jarðir til bústaðar, og þeir getað fengið þær, þá hefur þar vantað nægileg húsakynni. Jarðirnar hafa ekki verið húsaðar svo, að læknarnir vildu við það una, en hinsvegar ekki viljað húsa þær sjálfir. Það hefur verið reynt til að koma á samtökum milli hreppanna, um að byggja lækninum sæmilegt hús, og flestir hlutaðeiganda hreppa viljað sinna því í fullri alvöru, en það hefur strandað á því, að Borgfirðingum hefur þótt hinn ákveðni bústaður oflangt frá sjer upp í hjeraðinu, og því ekki viljað styrkja bygginguna, meðan svo væri.

Nú er hjeraðinu, sem sagt, þjónað af lækninum í Fljótsdalshjeraði, og er þá svo langt að sækja lækni sumstaðar að, alt að 14 tímar að sumardegi úr Borgarfirði sumstaðar, að það má heita ógern-

ingur, einkum að vetri til, þegar eitthvað er að veðri og slæm færð.

Læknirinn í Fljótsdalshjeraði fær hálf laun, 750 kr., fyrir að þjóna hjeraðinu, og því græðir landssjóður í raun rjettri 750 kr. á ári á því, að hjeraðið er óveitt. Og af þessum 750 kr., er hann sparar, er það, að jeg fer fram á, að 500 kr. sje varið til þess að styrkja hjeraðsbúa að sækja lækni.

Jeg hafði í fyrstu aðeins hugsað mjer að bera fram styrk til Borgfirðinga, þar eð þar var brýnust þörfin á styrk, og jeg bjóst varla við, að geta fengið svo háan styrk, sem hjer er farið fram á, en það var í samráði við landlækni, að jeg breytti því svo, að styrkur þessi yrði líka til hjálpar hjeraðinu að ofan að nokkru leyti, eins og brtill. sýnir.

Brtill. fer fram á tvent. Í fyrsta lagi að ljetta Borgfirðingum eða einstöku mönnum þar, að sækja lækni, og hitt, að styrkja lækninn til þess að fara yfir aðalhjeraðið í læknisferð niður í Borgarfjörð. Ef hann færi slíkar ferðir, og auglýsti þær fyrirfram, þá gætu þær orðið það miklu gagni, bæði fyrir hjeraðsbúa og Borgfirðinga.

Jeg vildi því helzt, að brtill. mín yrði samþykt, og vil því að svo stöddu ekki taka hana aftur, að minsta kosti ekki fyr en við atkvæðagreiðsluna. Jeg vildi gjarnan fá að heyra undirtektir landlæknis, h. 6. kgk. þm (G. Bj.), og vona jeg, að hann styðji hana. En ef brtill. mín nær ekki fram að ganga, þá þakka jeg tillögu hv. frsm. (Stgr. J.), sem hann talaði um, og vænti, að h. fjármálanefnd beri hana fram við 3. umr.

Hákon Kristoffersson. H. frsm. (Stgr. J.), gat þess í ræðu sinni, að Breiðafjarðarbáturinn ætti aðeins að vera innanfjarðarbátur. Mjer þótti þessi ummæli h. frsm. (Steingr. J.) æði einkennileg frá jafnskýrum manni, því það má hann þó vita, að bátur þessi hefur gengið suður til Reykjavíkur og vestur til Ísafjarðar. Og mætti því mikið fremur segja, og það með rjettu, að hann tengdi saman fleiri sýslur. En h. frsm. hefur gleymt þessu.

Þá mintist hann ennfremur á það, að stjórnin hefði lagt til, að til þessa báts væri ekki varið nema 4 þús. kr. á ári. En þetta er sama stjórnin, sem hefur styrkt bátinn með hærri upphæð, og jeg sje ekki, af hverju stjórnin hefur álitið, að nú væri þörf á minni styrk en áður, og þó að jeg rendi einhvern grun í ástæður stjórnarinnar, þá eru þær svo, að jeg vil ekki segja þær. Bezt að láta þær í þagnargildi fyrir stjórnina sjálfa. Og þó að veittar væru 8 þús. kr. á ári, þá held jeg, að það geti ekki verið yfir hálfur kostnaður við „Varanger“, er gengið hefur um fjörðinn, og $1-1^1/_2$ þús. kr. af upphæðinni, sem veitt er á þessum lið, er gert ráð fyrir, að varið sje til styrktar mótorbátsferða vestanvert og innanvert við Breiðafjörð. Áður fyr meðan styrkurinn var hærri, voru veittar 2 þús. kr. í þessu skyni, en þegar stjórnin lækkaði styrkinn, var ekki hægt að veita nema 1000 kr. Þegar styrkurinn var lækkaður, þá hækkaði útgerðarmaður bátsins flutningsgjald með bátnum svo mjög, að það má nú heita nær frágangssök eða neyðarkostur, að flytja með honum vöru. Hann hefur nú ritað mjer, og sagt, að hann haldi ekki bátnum áfram nema hann fái 2000 kr. styrk; enda þótt jeg teldi æskilegast, að styrkurinn væri svo hár, býst jeg ekki við, að sú upphæð verði veitt, enda tel jeg það full hátt; jeg held, að 1500 kr. væri hæfilegra, ef útgerðarkostnaðurinn færi ekki fram yfir 3000 kr., eftir því, sem gert er ráð fyrir. H. Nd. komst að þeirri niðurstöðu, að veita 9 þús. kr., og ætti að láta við það sitja, að minsta kosti meiri ástæða til að hækka úr því en lækka.

Jeg hef átt tal við skipstjórann á „Varanger“ um þetta, og hefur hann sagt mjer, að „Varanger“ muni ekki fást framvegis, og

verða Breiðfirðingar þá að fá sjer nýtt skip eða þá að mynda fjelag til skipakaupa, og þá er hætt við, að styrkurinn verði of lítill. Að veita 10 þús. kr. til innanflóabáts, þykir mjer hófi næst, og jeg er þó sammála h. nefnd um það, að oss beri að gæta alls sparnaðar. En ef fjárframlög frá landssjóðnum til bátsins verða ekki hærri en h. nefnd leggur til, þá tel jeg líklegt, að við fáum engan bát. Jeg teldi því betra að setja skilyrði um starfsemi bátsins og um reikningsskil frá útgerðarmanni. Að strika út með öllu ferðir bátsins, sjá allir að er með öllu ótilhlýðilegt. Hvers vegna ættu þessi hjeruð að vera olnbogabörn landsins; jeg hygg, að ef litið er til þess fjár, er veitt hefur verið til vega og brúa síðustu ár, þá hafi þessar sýslur fengið minna hlutfallslega en önnur hjeruð landsins. Sjerstaklega á jeg hjer við Barðastrandarsýslu.

Eins og kunnugt er, þá ganga engin gufuskip í neinn hrepp í Vestur-Barðastrandarsýslu, og því þurfa þeir að flytja vörur sínar annaðhvort á hestbaki frá Hólmavík eða sjóveg frá Flatey. Það sjá því allir, hversu óheppilegt og slæmt það væri fyrir þessa menn, ef mótorbátaferðir og gufubátsferðir fjellu niður. Gufuskip, sem eru nokkuð djúpskreið, geta ekki gengið þar inn í hafnir fyrir grynningum, og því er nauðsynlegt að fá styrk til mótorbátsferða. Jeg vona því, að h. deild og nefnd láti styrk þennan standa óbreyttan eins og hv. Nd. gekk frá honum, þótt jeg hinsvegar geti ekki farið neina samningaleið, eins og h. þm. Strand. (G. G.) virtist geta farið, þar sem hann bauð nefndinni að ganga að þessum og þessum kostum.

Um Vífilsstaðahælið vil jeg taka undir með h. þm. V.-Sk. (S. E.), að eigi beri að lækka styrkinn til þess. En það lætur ætíð illa í eyrum mínum, þegar verið er að tala um að hækka tillag sjúklinganna, því þeir munu vera fleiri, sem þar dvelja, sem fátækir eru.

Það er líklega nauðsyn á tillögu háttv. nefndar um utanför Rögnvalds Ólafssonar. En jeg vil spyrja: er ekki margt, er þarf að gera, og ekki er hægt fjárskorts vegna að koma í framkvæmd? Rögnvaldur Ólafsson hefur gert teikningu af Vífilsstaðahælinu, og sýnist mjer það svo vel gert, að það sje honum til hins mesta sóma, og að hann þurfi ekki að sækja frekari fræðslu til útlanda. Og jeg hygg hann vera eins færan um að gera þessa áætlun eins og hina.

Háttv. frsm. (Stgr. J.) mintist á brtill. mína á þgskj. 710, og lagði til, að hún yrði felld. Þessi brtill. er um, að persónuleg launaviðbót landsverkfræðingsins sje felld niður, og kemur mjer ekki á óvart, þótt h. 3. kgk. þm. (Steingr. J.) sje því mótmæltur. Hann virðist vilja hlaða undir þennan mann sem allra mestu, hafa hann sjerstaklega verðlaunaðan, en mjer finst, að 3600 kr. árslaun vera sómasamlegt, auk dagpeninga þeirra, er hann reiknar sjer á ferðum, og mun því halda tillögunni fram, enda þótt jeg búist við, að hún verði felld, því hjer í hv. deild eru svo margir, er álíta, að nauðsyn beri til, að láta þennan embættismann ekki fara synjandi.

Það er einkennilegt, að sama þing, sem telur sig ekki geta fallizt á tillögur stjórnarinnar, er fóru í þá átt, að hækka laun þessa manns ásamt fleiri embættismönnum, skuli fara að taka launahækkun til þeirra upp á fjárlögin. Háttv. þm. Strand. (G. G.) tók í sama strenginn sem framsm. (Stgr. J.) og sagði, að þessi maður hefði ábyrgðarmikið starf. Jeg kannast við, að hjer muni vera um ágætismann að ræða, og að hann eigi gott skilið. sömuleiðis það, að staða hans sje ábyrgðarmikil; en mjer sýnist þjóðfjelagið launa honum svo vel, að hann megi við una, þótt ekki sje

við hann bætt. Mig furðar að vísu ekki, þótt háttv. þm. Strand. (G. G.) sje móti brtill., því hann er svo heppinn, að vera þannig settur, að mjer finst hann hljóti að eiga að vera á móti henni!

Guðmundur Björnsson: Sjálfur á jeg hjer enga brtill., en vil þó minnast á fáein atriði í þessum kafla fjárlaganna.

Jeg er þakklátur háttv. fjárlaganefnd fyrir það, að hún tók til greina tilmæli mín við hana um að hækka styrkinn til að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknasetrum (12. gr. 10. b.), og utanfararstyrk hjeraðslækna (12. gr. 10 f.). Hins vegar verð jeg að segja, að jeg er háttv. nefnd *ekki* þakklátur fyrir brtill. hennar um styrkinn til heilsuhælisins á Vífilsstöðum. Mjer kom brtill. þessi nokkuð á óvart. Mjer hafði satt að segja aldrei dottið í hug, að háttv. nefnd mundi breyta þar til, allra síst að hún mundi færa niður styrkinn til hælisins, án þess að hafa tal af mjer. Jeg ásaka hina háttv. nefnd þó ekki þunglega fyrir þetta, því að hún hefur þær málsbætur, sem við allir þekkjum, að hún hefur átt fjarska annríkt. En jeg get ekki látið ummæli hennar í nefndarálitinu með öllu óumtöluð. Í orðum hennar liggja nfl. allþungar ásakanir á stjórn heilsuhælisfjelagsins. Jeg get að vísu látið mjer á sama standa um það, sem að mjer er beint af ámælunum, en verð, hvað sem mjer sjálfum líður, að taka málstað þeirra annara manna, sem mest eiga hlut að máli, en það eru þeir Klemenz Jónsson landritari, sem er formaður fjelagsins, og gjaldkeri þess, bankastjóri Sighvatur Bjarnason. Háttv. nefnd „vonast eftir, að stjórn heilsuhælisfjelagsins geri sitt ítrasta til að spara". Með þessu er gefið í skyn, að við höfum ekki haft nægan áhuga á að spara. Hjer er þá að líta á merkin, þau sýna verkin. Heilsuhælið á Vífilsstöðum er vafalaust vandaðasta húsið okkar. Þeir, sem vit hafa á, eru þess fulltrúa, að það muni geta staðið 1000 ár, ef engin alveg óvenjuleg atvik bera að höndum. Hjer á landi er húsagerð dýrari en víðast annarsstaðar. Okkur var nú frá upphafi ljóst, að áríðandi var, að spara sem mest byggingarfjeð. Hitt var okkur jafn ljóst, að vandað þurfti húsið að vera. Nú er komið á daginn, að hvorttveggja þetta hefur tekizt vonum betur, og er það ekki sízt því að þakka, að við áttum ágætan mann að við húsgerðina, þar sem var Rögnvaldur Ólafsson byggingameistari. Útkoman er sú, að okkar hæli er *ódýrara* en jafnstór heilsuhæli annarsstaðar á Norðurlöndum, og þó eitt af þeim allra vönduðustu. Þá er að líta á *reksturskostnaðinn* — en að honum munu ummæli nefndarinnar einkum lúta, — og athuga, hvort þar hefði ekki mátt spara. Hælið tók til starfa 1. september 1910. Vjer reyndum að gera oss sem glegsta grein fyrir reksturskostnaðinum, og sömdum síðan nákvæma áætlun. Á henni var það bygt, að sótt var til þingsins 1911 um 25000 kr. styrk á ári, en það var það minsta, sem líkindi þóttu til að heilsuhælið kæmist af með. En þá fór svo, að þingið veitti ekki nema 18000 kr. Afleiðingin af þeirri sparsemi þingsins varð sú, að hælið komst í mestu fjárkröggur og er í þeim enn í dag. Vandkvæðin byrjuðu á því, að eigi var unt að fá lán utanlands, þrátt fyrir það, þótt þingið 1911 heimilaði landssjóðsábyrgð á því. Allir þóttust þá vera í fjárþröng, jafnt utanlands sem innan. En nú segja þeir í nefndarálitinu, að við höfum ekki *sparað*. Við ekki sparað! við sem höfum orðið að skera alla skapaða hluti við neglur. Við höfum orðið að hafa of fáar hjúkrunurkonur, svo að þær hafa haft alt of mikið að gera. Svo vantar okkur aðstoðarlækni. Það er jafnan hætt einu auganu, nema vel fari; þarf eigi annað en heilsuhælislæknirinn fatlist frá alt í einu að óvörum, þá horfir strax til stór-

vandræða. Það getur ekki hver og einn læknir komið í hans stað, til þess þarf mann með sjermentun. Af þessu meðal annars er aðstoðarlæknir nauðsyulegur, og verður ekki án hans verið til lengdar. Við höfum ekki einu sinni haft efni á að kaupa sótthreinsunarofn, og höfum orðið að senda út í Laugarnes allan fatnað, sem sótthreinsa hefur þurft. Sjá víst allir, hvílík fyrirhöfn það er. Þá er síður en svo, að við höfum verið þess megnugir, að koma upp fjósi og hlöðu, en það mundi verða til stórsparnaðar fyrir hælið, ef þar væri haft kúabú. Við höfum reynslu fyrir því á Kleppi. Ennfremur vantar aflvjelar — rafgönguvjelar — í þvottahús og eldhús; en þær mundu spara fólkshald, ef fengnar væru. Okkur hefur jafnvel skort fje til þess að geta málað húsið, og ekki er svo mikið um, að Rögnvaldi Ólafssyni hafi enn orðið að fullu goldin aðstoð hans við byggingu heilsuhælisins, og var það þó óvenjulítið, sem hann setti upp fyrir sitt mikla og vel unna verk. Honum hefur verið kunnugt um fjárþröngina, og hann hefur jafnan sagt okkur, að við skyldum láta sig sitja á hakanum, og það höfum við við hingað til orðið nð gera. Það bætir ekki um, að innheimtan hefur gengið mjög tregt, og útistandandi skuldir farið sívaxandi. Margur á erfitt með að borga. En verstu skuldunautarnir eru þó hreppsnefndirnar. Eitt er það þó, sem við höfum ekki sparað, og aldrei kemur til orða að spara. Við höfum látið það sitja fyrir öllu, að vel færi um sjúklingana, og að þeir fengju allan þann sama viðurgerning, sem tíðkast í öðrum löndum í heilsuhælum þar.

Það mátti sannarlega búast við því, að reksturskostnaðurinn yrði hjer nokkru meiri en aunarsstaðar. Ýms matvæli eru dýr hjer, að jeg ekki tali um kolin, þau eru bæði dýr, og eðlilega þarf mikið af þeim í þessu kalda landi. En reynslan er sú, að kostnaðurinn hefur ekki orðið meiri

á mann hjer en í alþýðuhælum erlendis, meira að segja: hann hefur orðið minni en í mörgum útlendum hælum af sömu gerð. Það sannast hjer sem oftar, að hægra er um að tala en í að komast. Það sannast á fjárlaganefndinni. Jeg veit það ekki, en jeg efast um, að öðrum sje það meira áhugamál, að spara fje landsins en okkur, sem nú stjórnum Heilsuhælisfjelaginu. Jeg læt mjer á litlu standa, hvað sagt er í minn garð; jeg ætlast ekki til, að minn starfsreikningur sje gerður upp, fyr en æfi mín er á enda. En mjer stendur ekki á sama, hvað sagt er um samverkamenn mína hjer á þessum stað, þar sem þeir eiga ekki kost á að bera hönd fyrir höfuð sjer. Einkum tel jeg þetta álas koma mjög ómaklega niður á hr. bankastjóra Sighvati Bjarnasyni. Hann hefur frá upphafi verið gjaldkeri Heilsuhælisfjelagsins og haft með höndum alla reikninga þess; hann hefur annast alla byggingarreikninga hælisins og alla rekstursreikninga þess. Þeir, sem vit hafa á reikningshaldi, skilja eflaust, hve geysimikil fyrirhöfn það hefur verið; og alt þetta vandaverk hefur hann unnið með sífeldum lifandi áhuga, ráðdeild og sparnaði. Hvað hefur hann svo fengið að launum? Ekki einn eyri. Jú, nú er farið að bóla á launanum. Og hver eru þau? *Ámæli*! ámæli fyrir það, að hafa ekki unnið af nógu miklu kappi, ekki hugsað nóg um sparnaðinn! Ef hann hefði verið skáld, og ort læsileg ljóð í fristundum sínum, þá mundi hann, eins og gengur, hafa öðlazt lof og laun hjá þingi og þjóð. Nú hefur hann — í stað þess að yrkja — unnið árum saman, öldungis kauplaust af einskærri föðurlandsást að einu mesta nauðsynjamáli þjóðarinnar. En þakkirnar þá? *Ámæli* fyrir það, að hafa ekki unnið nógu mikið! — Það eru þakkirnar.

Þá er stjórn Heilsuhælisfjelagsins sökuð um það af fjárlaganefndinni, að ekki sje lagt alt kapp á að afla hælinu fjár með

samskotum, fjelagsgjöldum og sjerstaklega með minningargjöfum. Má jeg spyrja? Hvenær hefur áður tekizt að afla svo mikils fjár til líknarverka hjer á landi? Aldrei! Það er satt, að tillögin fækka. En hvað vitið þið um alt það strit stjórnarinnar, um alt það, sem unnið hefur verið í kyrþey til að afla hælinu fjár.

1912 voru tillög . . . . , kr. 6307,73
gjafir . . . . . — 7496,48
Sumt af gjöfunum var vísu ekki ætlað til eyðslu.
Árstíðaskrár gáfu . . . . — 4214,25
Þetta varð samtals kr. 18018,56

Það er svo, að tillögin þverra; en gjafirnar haldast. Söm er reynslan í Danmörku. Og þótt styrkur til hælisins frá þjóðinni sje ónógur, þá eru þó hlutfallslega öllu meiri frjáls tillög hjer á landi en í Danmörku til heilsuhæla þar. Ef við berum okkur saman við Danmörku, þar sem unnið er svo kappsamlega að þessu máli, þá er hjer lagt fram meira að tiltölu við fólksfjölda til heilsuhælis, af frjalsum vilja, en þar. Þá er að minnast á minningargjafirnar. Stjórnin er sjerstaklega sökuð um það, að hún hafi vanrækt að bera sig eftir þeim gjöfum. Nú er mjer spurn: Eru menn vissir um, að árstíðaskráin hefði lánast svo vel sem raun er á orðin, hver svo sem á hefði haldið? Sleppum því. Ef menn vinna að einhverju af fremsta megni og verður vel ágengt, þá eru þakkirnar hjer á landi vanalega þannig orðaðar: „Þú ert ónýtur, þú hefur trassað þetta, þú hefðir getað gert það miklu betur". Annars er þingheimi frjálst að fá að vita, hvað gert hefur til þess að afla minningargjafa. Það hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til þess. Í fyrsta lagi hafa verið fengnir trúnaðarmenn í öllum kaupstöðum og þrem öðrum kauptúnum. Í öðru lagi hefur *öllum prestum* verið skrifað og þeim sendir minningarskildir og eyðublöð, og þeir beðnir liðs. En örfáir hafa svarað. Að vísu hef jeg

rekið mig á það, að stundum koma ekki fram slík skrif, þótt með póstum sjeu send; en þó hlýtur meiri hluti þeirra að hafa komið til skila, þótt árangurinn hafi því miður enn orðið alt of lítill. Við höfðum borið góðar vonir til prestanna og þeir hafa líka margir reynzt okkur beztu menn, og jeg er þess fullviss, að svo muni enn verða.

Alt þetta hefði háttv. nefnd fengið að vita, ef henni hefði þóknazt að hafa tal af mjer.

Það hefur oft verið vakið máls á því, að landssjóður ætti að taka að sjer heilsuhælið. Haldið þið, að það yrði ódýrara? Nei, og aftur nei. Jeg segi ykkur satt, það yrði miklu dýrara. Jeg hef meiri kynni af sjúkrahúsum landsins en nokkur annar hjer í deild, og veit með vissu, að jeg fer hjer með satt mál. En jeg segi það, og segi það í fullri alvöru, að ef alþingi skilur þetta ekki, þá veit jeg ekki, hvernig fer, veit ekki hversu margir fást til að stjórna hælinu, fórna sjer, taka að sjer erfiði og áhyggjur í vanþökk þingsins. Þó má ekki skilja orð mín svo, að jeg ætli mjer að hætta að hafa afskifti af hælinu; það geri jeg ekki, fyr en öll sund eru lokuð, og lokast skulu þau ekki á meðan jeg hef mátt til að varna því! Þá segir háttv. nefnd, að beri hælið sig ekki, þá „geti komið til mála", að hækka meðgjöf sjúklinganna. Þetta *hefur* líka oft komið til mála. Stjórn hælisins hefur hvað eftir annað verið að velta því fyrir sjer. Hjer á þingi klingir sú bjalla iðulega, að ekki megi auka skattana eða leggja á nýja skatta, þjóðin þoli það ekki. En hvaða skattur ætli sje þyngstur á alþýðu manna? Það veit hver læknir. Enginn skattur er á við veikindaskattinn. Hvert vinnuhjú og hver lausamaður getur borið 3—4 kr. skatt á ári og jafnvel 8—10 kr., en *300 kr. á einu ári*, það getur þorrinn af þessu fólki ekki risið undir. Vistartíminn á heilsuhælinu er hjer, eins

og annarsstaðar, til jafnaðar hálft ár. Kostnaðurinn yfir þann tíma með því gjaldi, sem nú er tekið, er þá sem næst um 300 kr. *(Stgr. J.*: Ekki fyrir hálft ár). Jú, ef meðgjöfin er 1 kr. 40 au. á dag, og þar við bætt ferðakostnaði og fataútbúnaði til hælisvistarinnar, þá er það auðsjeð, að kostnaðurinn fer fljótlega upp í 300 kr. Þetta er sá skattur, sem öllum þorra manna hjer á landi er um megn.

Þegar þessa miklu hættu, brjóstveikina, ber að höndum, þá á alþýðumaðurinn — og enda fleiri — oft um tvent að velja; láta lífsvonina eða láta sjálfstæði sitt. Þá verður hann að leysa úr þeirri spurningu: hvort á meira að meta lífið eða frelsið? Jeg hef ekki svo sjaldan orðið þess vís, hvílikt stríð það kostar margan mann að ráða úr þeirri spurningu. En reyndin er þó sú yfirleitt, að menn elska lífið yfir alla hluti fram og leggja flest í sölurnar til að halda því, og þess vegna er það svo algengt, að menn offra sjálfstæði sínu, fara á sveitina, til að bjarga lífinu; en hart er þetta aðgöngu fyrir margan mann sem vonlegt er. Mjer hefur ávalt sárnað að vita til þess. Jeg hef þessvegna frá upphafi haldið því fram, að í hælinu þyrftu að vera mörg ókeypis rúm, og önnur ódýr, svo að efnalitlu fólki væri ekki um megn. Með öðrum orðum: Það eru mestu vandræði að þurfa að *hækka* meðgjöf sjúklinga á Vífilsstöðum, **það þyrfti miklu fremur að lækka hana.**

Þetta úrræði að hækka meðgjöfina, hefur sannarlega oft komið til tals milli okkar forstöðumannanna, þegar hælið hefur verið í fjárþröng — og það er það sífelt — en við höfum aldrei getað fengið okkur til þess. Síðast núna í vor sem leið var um þetta talað, þá vorum við í mestu vandræðum með að borga vexti af erlenda láninu, og um sömu mundir þurfti að borga háan kolareikning. Þá var eins og oftar full ástæða til að segja: „Þetta gengur ekki, það verður að hækka meðgjöfina. En það fór sem oft áður, að við gátum þó ekki fengið það af okkur; og jeg skal segja ykkur hvað við gerðum: við tókum 6000 kr. víxillán upp á eigin persónulega ábyrgð okkar. Þetta lán verðum við að borga strax í haust, ef ekki fæst framlenging á því, og að því getur rekið, að við verðum að borga lánið sjálfir að einhverju leyti eða öllu, ekki síst ef þingið færir niður styrkinn til hælisins; þá höfum við þó á endanum fengið einhver laun, sem um munar, haft eitthvað upp úr öllu stritinu. Þetta er nú sannfróðleikurinn um heilsuhælið. Ef háttv. nefnd og aðrir háttv. deildarmenn trúa mjer ekki, þá nær það ekki lengra. En ef menn trúa orðum mínum, þá veit jeg, að háttv. nefnd muni taka brtill. sína aftur, og allir háttv. deildarmenn munu fúsir að íhuga til 3. umr., hvort ekki sje ástæða til að *hækka* styrkinn, veita það sem um var beðið, 30000 kr. hvort árið.

Jón Jónatansson: Jeg á dálitla brtill. á þgskj. 712, en þarf ekki að eyða mörgum orðum um hana, sökum þess, hve fjárlaganefndin hefur tekið henni vel, og er jeg henni þakklátur fyrir. Hún er ekki stórvægileg, og það, sem í henni felst, er það, að í aths. 5 í fjárlögunum við 13. gr. B. I. 2, orðist á þann hátt, sem segir í till., en hún er samkvæm því, sem fram kom á Búnaðarþinginu. Þar var farið fram á, að vatnsveitu-fróður maður væri fenginn, þó að ekki væri búizt við, að það væri unt í bili; því að það kostar mikið fje að fá slíkan mann, og var þá ætlazt til, að verkfræðingur landsins eða aðstoðarmaður hans hefði þetta starf á hendi. Það vakti fyrir Búnaðarþinginu, að mikil nauðsyn væri á, að maður með sjerþekkingu hefði starf þetta á hendi. Í framtíðinni verður vonandi meira um áveitur en hingað til, og til þess að þær sjeu vel af hendi leystar, er ómögulegt að komast hjá, að hafa sem bezt hæfan mann,

til þess að þessu mikla framtíðarmáli sje sem bezt borgið. Nú sem stendur er enginn, sem hefur lagt fyrir sig þetta starf. Það er bæði dýrt og langt nám, og slíkir menn þurfa bæði að sjá mikið og fá sem mesta verklega reynslu. Vona jeg að háttv. deild taki þessa brtill. til greina. Aðrar brtill. hef jeg ekki, en það eru tvær brtill. sem jeg vildi minnast á. Það er brtill. á þgskj. 706 um hækkun á styrk til bátaferða milli Vestmannaeyja, Víkur, Stokkseyrar og Eyrarbakka. Samgöngumálanefndin lagði til, að veittar væru 6000 kr. til þessa, en Nd. lækkaði það niður í 4800 kr., og er nú farið fram á, að þetta sje hækkað aftur í hina fyrnefndu upphæð. Ástæðurnar fyrir lækkuninni taldi frmsm. þær, að engar áætlanir væri til um, hvað ferðir þessar kostuðu, og væri því eigi ástæða til að hækka þennan lið að sinni. Nú eru þessi hjeruð þar eystra olnbogabörn að því er samgöngur snertir, og eiga þessar bátaferðir einmitt að vera til að bæta upp strandferðirnar, með því að taka upp vöruflutninga milli lands og Eyja, þar eð strandferðaskipin geta oft eigi afgreitt sig, þótt þau komi.

Á þingi í fyrra kom fram uppástunga um sjerstakan bát. Hvora leiðina er heppilegast að fara, er erfitt að segja, en vel má segja, að sú fjárveiting, sem hjer er farið fram á, sje í því skyni að gera tilraun í þessa átt. Og það er vitanlegt, að ferðir milli þeirra hafna, sem hjer ræðir um, eru þeim erfiðleikum bundnar, að enginn mundi fást til að gera tilraunina fyrir minna fje en þetta. Þar að auki er enn ósjeð, hvernig fer með strandferðir á þessum höfnum næsta ár, og ætli það útaf fyrir sig að vera nægileg ástæða fyrir þessari fjárveitingu. Eins og jeg gat um áðan, eru þessi hjeruð olnbogabörn, að því er samgöngur snertir, samanborið við ýmsa aðra staði á landinu og er fróðlegt að líta á nefndarálit samgöngumálanefndarinnar í sambandi við þetta. Þar kemur í ljós, að Eyrarbakka og Stokkseyri, sem höfðuyfir 2000 smálesta vörumagn, voru ætlaðar aðeins 3 ferðir á síðustu strandferðaáætlun, en ýmsum öðrum stöðum, sem aðeins höfðu um 500 smálestir, ætlaðar 26 viðkomur.

Til þess að gera þessa umræddu tilraun er víst eigi unt að komast af með minna fje, og ekki hægt að fara fram á minna, ogvona jeg, að háttv. d. fallist á till. samgöngumálanefndarinnar, þótt ekki liggi fyrir ákveðin áætlun.

Þá vil jeg minnast örfáum orðum á brtill. á þgskj. 707. Það er brtill., sem nemur allmikilli fjárhæð, og er því eðlilegt, að skiftar verði skoðanir um hana, einkum þar sem svo horfir, að tekjuhalli allmikill verði á fjárlögunum. Það hefur verið talað um hina brýnu nauðsyn á að brúa þessa á, Jökulsá, og þarallir á einu máli, að hún sje bæði mikil og brýn. Jeg hef átt kost á að sjá, hvílíkur óhappaþröskuldur hún er, ekki einungis hve hættuleg hún er lífi ferðamanna, heldur líka hver tímaþjófur hún er. Jeg get ekki gert mikið úr þeirri hættu, að áin geti brotið brúna, og met því að engu þær mótbárur gegn þessu fyrirtæki, sem þar á eru bygðar. Því síðan sögur fara af, hefur einungis komið eitt hlaup svo mikið í ána, að skemt hefði getað brúna, og geta slíkir viðburðir allsstaðar fyrirkomið. Eina alvarlegasta ástæðan, sem færð er gegn þessari brú, er tekjuhallinn. En það getur oft farið svo, að setja verði nauðsynjafyrirtæki á hakann á síðustu stundu vegna tekjuhalla, og það sje hending ein, sem ræður, að þau komast ekki inn fyr en hann er orðinn svo mikill, sem nú er útlit á; en svo kann aftur á móti ýmislegt að komast inn á fjárlögin, sem minna er nauðsynlegt, og einmitt af því jeg býst við, að svo kynni aftur að fara sem nú var um þetta, mun jeg greiða atkvæði með þessari fjárveitingu þrátt fyrir tekjuhallann. Játa að vísu, að jeg hefði jafnframt viljað geta lagt til einhverjar

lækkanir í staðinn, en sje engin tök á því eins og nú er áliðið fjárlögunum.

Jeg sje enga ástæðu til að tala um aðrar brtill., hvorki einstakra manna eða fjárlaganefndarinnar, en mun greiða um þær atkvæði eftir því, sem mjer sýnist, sannsýni mæla með. Þó vil jeg minnast á heilsuhælið. Álít jeg, að eigi sje mögulegt að hækka dvalarpeninga sjúklinga þar og hygg, að vonir almennings stefni heldur í þá átt, að þeir verði lækkaðir. Þessi litla fjárhæð til hælisins, sem nefndin vill draga af því, munar landið lítið, en miklu meira fyrir hælið, og mun jeg greiða atkvæði móti þeirri brtill, háttv. fjárlaganefndar, að lækkað verði tillagið til hælisins.

Þá get jeg ekki fallizt á þá tillögu háttv. fjárl.n. að brúin á Bleikdalsá sje feld burtu. Á þessi er ill yfirferðar á vetrum, og því talsverð nauðsyn á, að hún verði brúuð, og þar að auki er oft búið að biðja um þessa brú á undanfarandi þingum. Mjer er kunnugt um, hvílík nauðsyn er á brú þessari, og veit þess mörg dæmi, að menn hafa orðið að snúa frá ánni í læknisvitjun og er þó slíkt eigi gert fyr en í fulla hnefana, er svo stendur á.

Steingrímur Jónsson, framsögumaður: Jeg vil aðallega gera nokkrar athugasemdir við það, sem sagt hefur verið síðan jeg talaði.

Hv. þm. V. Skf. minntist á Breiðafjarðarbátinn og auðvitað tók háttv. þm. Barðstrendinga í sama strenginn. Jeg get viðurkent það, að styrkurinn sje of lítill, ef sýslubúar þar vestra ætla sjálfir að gera út bát. Það er galli, hve skamt þetta mál er á veg komið, en að fara að veita 9000 kr. til Varangersútgerðarinnar, álít jeg ekki rétt. Háttv. þm. Barðstr. sagði, að jeg hefði sagt, að báturinn gengi einungis um Breiðafjörð; jeg sagði einungis, að upphæðin væri veitt til „bátaferða á Breiðafirði". Mjer er það kunnugt, að hann gengur til Ísafjarðar og jafnvel stundum til Reykjavíkur, en það eru hagsmunir útgerðarinnar, sem ráða því, hvernig áætluninni er hagað. En landstjórnin mundi hafa litið alt öðruvísi á, ef Breiðfirðingar hefðu farið að fordæmi Eyfirðinga um bátaferðir sínar.

Viðvíkjandi Hvalfjarðarbátnum hef jeg ekkert að segja, því jeg hef engar þær upplýsingar fengið, að jeg geti álitið nauðsynlegt að veita þessa upphæð.

Háttv. þm. V.Skfs. færði margar og sennilegar ástæður fyrir því, að veita ætti fje til Jökulsárbrúarinnar, og mun jeg ekki rengja þær. En þar sem hann talaði um orð mín og annars þm. hjer í deildinni um þetta mál á síðasta þingi, og taldi þau sem loforð fyrir því, að fje þetta yrði veitt nú, þá er þetta ekki rjett; jeg sagði einmitt, að þetta mætti ekki skoða sem loforð á næstu fjárlögum. Í ræðu minni var einungis sagt, að þingið mundi veita fje til þessarar brúargerðar, er það sæi sjer það fært, en jeg álít, að svo sje ekki enn sem komið er. Og enn eitt dregur úr nauðsyninni, að 1914 verða Víkverjar og Mýrdælir búnir að fá síma, (Sig. Eggerz: Ekki fara þeir yfir ána á símanum). Satt er það, að þeir fara ekki yfir ána á símanum, en hann tengir band milli Víkur og Vestm.eyja, sem er mikilsvert. Það þarf sjerstaka knýjandi ástæðu til að fara að íþyngja landssjóði með þessari brú, en nú er einmitt minni þörf en 1911. Nú liggja einnig fyrir þessu þingi lög um hafnargerð í Vestm.eyjum, og má benda á, að höfn þessi er ekki eingöngu fyrir Eyjarnar heldur hefur Skaftafs. líka gagn þar af, og þessi hafnargerð eykur mjög útgjöld landssjóðs. Það væri gaman að geta brúað ána líka, en jeg sje eigi, að það sje fært að þessu sinni. En það er fleira en þessi brúargerð, sem menn þar eystra hafa gagn af að gert sje. Eitt af því, sem hafði áhrif á nefndina, var álit landsverkfræðingsins, og skjöl þau, sem lágu fyrir þinginu 1911, bera það með sjer, að hann hefur aldrei *lagt til*, að á þessi yrði brúuð, en aðeins ætlað, að, *ef* það

yrði gert, mundi sú brú kosta 78 þús. kr. Smáhlaup áleit hann að ekki mundu granda henni, en ef stórhlaup kæmi, eins og 1860, þá gæti henni verið hætta búin. Þó hefur landsverkfræðingurinn látið það álit sitt í ljósi, að sá möguleiki væri líka, að brúin stæði en áin færi, því hjerna megin er árfarvegur, sem hún ef til vill getur lagzt yfir í. Og þykist jeg nú hafa sýnt það nægilega, að frá þinginu 1911 hafi alls ekki legið fyrir loforð um fje til þessarar brúargerðar nú á þessu fjárlagafrumvarpi.

2. aðalástæða hv. þm. V.-Sk. (S. E.) var sú, að áin væri hið mesta manndrápsvatn. Jeg lái hv. þm. eigi, þó að hann legði áherzlu á þetta, enda var ræða hans um þetta mjög átakanleg. En jeg hef heyrt fleiri sagnir um þetta. Þá er jeg fór fyrst yfir Blönduá á svokölluðu Móvaði, var mjer sagt, að hún hefði drepið 19 manns þar á vaðinu, og að hún yrði ekki brúuð, fyr en 20 manns hefðu farizt þar. Það eru ekki alt af verstu árnar, sem mannskæðastar eru, og bana flestum mönnum. Jeg hygg t. d., að Jökulsá í Öxarfirði sje ekki síður mannskæð en aðrar ár. En af því að hún er hvergi reið, á milli fjalls og fjöru, hafa fáir druknað í henni.

H. þm. Strand. (G. G.) tók aftur fyrri brtill. sína á þgskj. 687, en ekki þá síðari. Jeg viðurkenni, að brtill. verður aðgengilegri ef bætt er inn í orðinu „alt að", en jeg sje ekki, að hún sje nauðsynleg, því það verður lagt fje til vegarins, ef það er ekki óhjákvæmilega nauðsynlegt til annara vegagerða. Og það er ekki rjett, að þessi vegur gangi á undan öðrum vegum, sem óhjákvæmilega nauðsynlegt er að gera við. Því væri viðkunnanlegra, að h. þm. (G. G.) tæki brtill. aftur Jeg hlýt að minsta kosti að vera henni mótfallinn.

H. þm. N.-Múl. (E. J.) talaði um læknirinn í Hróarstunguhjeraði. Hann hafði það að ástæðu, að læknirinn hefði ekki húsnæði, en slíkt tel jeg litla ástæðu. Jeg þekki vandræðin með húsnæði læknanna vel úr Þingeyjarsýslu, en þar hefur lækna aldrei vantað hús, ef jörð hefur fengizt til að láta það standa á. Hjálpar sýslan ekki hjer? (*E. J.*: Hún hefur boðizt til þess). Jæja. Þá ætti líka að verða bætt úr þessum læknavandræðum. Nefndin hefur ekki viljað veita styrk til að sækja lækni frá Fljótsdal og niður að sjáfarsandi. Aftur viðurkennir nefndin, að rjett sje, að Borgfirðingum verði veittur styrkur, eins og Árnesshrepp í Strandasýslu. Hún er því ófús á að hækka þennan lið.

Viðvíkjandi nmmælum háttv. þm. Barð. (H. Kr.) um Breiðafjarðarbátinn, þá hef jeg svarað honum, er jeg svaraði háttv. þm. V.-Skf. (S. E.).

Háttv. sami þm. mintist á styrkinn til Rögnv. Ólafssonar. Þar er jeg honum ekki sammála. Jeg rengi það ekki, að hann sje fær maður — og jeg er dálítið kunnugur honum. Það er enginn vafi á því, að hann er vel að sjer í allri húsagerð, og að hann hefur reist sjer traustan minnisvarða með Vífilsstaðahælinu. En þessi utanför er ráðin í sjerstöku skyni til að kynnast gerð á geðveikrahælum. En nefndin vonar, að hann geri meira, að hann kynnist yfirleitt seinustu húsagerða-nýungum hins siðaða heims. Hún vonar, að það lifni og hýrni yfir hug hans, er hann sjer allar framfarirnar, er gerzt hafa í list hans erlendis seinasta áratuginn. Það trjenast allir dálítið upp hjer heima.

Eins og jeg bjóst við, talaði h. 6. kgk. þm. (G. B.) um Vífilsstaðahælið og átaldi nefndina fyrir niðurfærslu hennar; tók það mjög óstint upp fyrir henni, og það, að hún hefði ekki ráðgazt um þetta við sig. Til þess sáum við enga ástæðu, að bera málið undir hann að þessa sinni. Við höfðum fyrir okkur reikningana og áætlanirnar. Og það var óþarfa-tímaeyðsla að boða heilsuhælisstjórnina á fund. Það hefði ekki breytt afstöðu og tillögum nefnd-

arinnar. H. 6. kgk. þm, sagði ennfremur, að í nefndarálitinu lægju allþungar ástæður fyrir gerð stjórnar þessa fjelags. Ef hann hefði lesið álitið nákvæmlega, þá hefði hann sjeð, að þetta er ekki rjettur skilningur. Um tillög til fyrirtækja tölum við víðar, og sparnað prjedikum við seint og snemma, t. d. í athugasemdum um póstmálabálkinn og víðar. Það þarf því ekki að skilja þetta svo, sem þessi athugasemd feli í sjer nokkra ákúru til stjórnar heilsuhælisfjelagsins. Við þóttumst ekki geta komizt hjá að gera athugasemd um þetta efni; það eru ýmsir liðir í reikningum hælisins, er okkur þótti fullháir. Þótt húsið sje gott, fer þó fullmikið til viðhalds o. fl. mætti nefna. Þessu verður alls ekki neitað. En í þessu sambandi vil jeg taka fram, að jeg sje ekki eftir þeim peningum sem varið hefur verið til þessa veglega húss. Þetta er ekki mælt af þeirri ástæðu.

Í sambandi við þetta vildi jeg minnast á útistandandi skuldir. Það má vel vera, að hjer sje við erfiðleika að stríða, að hagur þeirra, er hjer eiga hlut að máli, sje mjög bágborinn. En vafalaust gætu fleiri borgað en gera, ef hart væri aðgengið. Það er alls ekki rjett hjá h. 6. kgk. þm., að jeg, eða nefndin, hafi gefið það í skyn, að stjórnin stæði illa í stöðu sinni, eða við vildum hnýta í hana. Því fer fjarri. Nefndin segist einmitt vonast eftir, að stjórn heilsuhælisfjelagsins geri hið ítrasta til að spara og afla hælinu tekna. Hjer er traust til stjórnarinnar látið í ljósi (*G. B.*: Það hafa allir skilið það öðru vísi). Sá skilningur er alls ekki í samræmi við hljóðan orðanna, og hann er beinlínis rangur eftir tilætlun þeirra (*G. B.*: Það gleður mig). Ef þessi ummæli hafa alment verið skilin svo, þá er það af því, að mönnum er gjarnt að snúa orðum um náungann á sem verstan veg.

Það er rjett, að nefndin bendir á leiðis til að afla hælinu fjár. Hún vill, að menn sjeu uppörfaðir til fjárframlaga, og hún gat varla gert það hógværlegar en hún gerði, eftir afstöðu sinni. Það er kunnugt, að undirtektirnar undir málið voru mjög góðar 1906. Það er sízt að undra, þótt nokkuð hafi dregið úr þeim áhuga og hita, er þá logaði. Stjórn hælisins hefur unnið mikið verk og þarft fyrir hælið. Þá er tillög til þess minkuðu, voru árstíðaskrárnar fundnar upp. Og það er nú ekki nema eðlilegt, að bent sje á þessa leið til að reyna að ná meiru. Mjer er það ekki kunnugt, hvort stjórnin hefur snúið sjer með þær til allra presta landsins, en það hefur að minsta kosti ekki verið gengið vel eftir hjer. Þetta er áreiðanlega vegur til að afla fjár.

Mjer virtist háttv. 6. kgk. þm. spyrja, hvort nefndin vildi, að landsjóður tæki að sjer hælið, eða hvort það yrði ódýrara með því móti. Þetta er óþarfa spurning, þar sem það er bæði tekið fram í nefndarálitinu, og jeg sagði það ótvíræðlega í framsögu minni, að það gæti ekki talizt heppilegt, og að bezt væri, að alt væri óbreytt að þessu leyti. Nefndinni er það einmitt áhugamál, að þessi fagra og mikilfenglega hugsjón, er hófst 1906, lifi, en deyi ekki, að starfið haldi áfram í þeim fagra anda, er til var stofnað. En það er ekki orðið mikið enn úr hugsjóninni 1906, ef landssjóður á nú að leggja til mestan hlutann af rekturskostnaði hælisins.

Allir, er minnzt hafa á brtl. nefndarinnar, hafa talið hana rangláta og tekið í sama streng og háttv. 6. kgk. þm. Jeg var svo heppinn eða óheppinn að sitja hjer á þingi 1909 og talaði þá allmikið við forgöngumenn fyrirtækisins; þori jeg að fullyrða, að hugmyndir þeirra um fjárframlög úr landssjóði til Vífilsstaðahælisins, voru aðrar þá en nú. Mjer eru það mikil vonbrigði, er 24 þús. kr. nú þykir oflítið og jafnvel vanvirða að bjóða ekki meira. Jeg sagði þá, að það væri rangt,

að setja gjaldið eins lágt og gert var. Því að hvað var það, sem við vórum að gera? Hjer var verið að gera tilraun til að lækna þennan voðasjúkdóm og frelsa mannslíf hjer á landi. En áður var slíkt ómögulegt í sjálfu landinu. Erlendis kostaði vera á heilsuhæli 4—8 kr. á dag, og alls kostaði för út og dvöl ytra svo sem hálft ár í því skyni, að fá lækning á berklaveiki, 1200—1800 kr., svo að hjer var sparnaðurinn ekki lítill fyrir íslenzka sjúklinga, þó að gjaldið væri ekki eins afskaplega lágt og það var sett. *(Guðm. Björnsson:* En hverir gátu fengið sjer þessar dýru lækningar ytra). Nú þykir mönnum ómögulegt að greiða 250 kr. fyrir $^1/_2$ árs dvöl á heilsuhælinu. En stór væri umbótin, þó að menn hefðu þurft eða þyrftu að gjalda 300 kr., þar sem áður var alls ekki hægt að kaupa frelsi lífi sínu frá þessum sjúkdómi hjer á landi. Það er ekki gott að halda því fram, að umbótin í þessu efni sje ekki stór, þó að sjúklingur sleppi t. d. ekki með minna gjald en 2 kr. á dag. Það var því ekki rjett, er háttv. þm. V.Skf. (S. E.) slöngvaði framan í andlit okkar nefndarmanna, að við hefðum mannslíf á samvizkunni með þessum tillögum, er hjer ræðir um. *(Sig. Eggerz:* Jeg sagði það í sambandi við brúna). Margir tóku undir það. *(S. E.* Mannslífin eru einskis virði hjá nefndinni, er ræða er um brúna).

Jeg held, að það sje ekki ástæða til að fjölyrða meir um þetta atriði. Jeg færði framsögumanni gild rök fyrir þessari niðurfærslu. En jeg skal taka það fram, að niðurfærslan er í sjálfu sér ekki aðalatriðið, heldur hitt, að setja einhver takmörk fyrir styrkhækkuninni; *(Guðm. Björnsson:* Á stjórn hælisins þá sjálf að borga hallann?) Þá koma dagar og þá koma ráð. Hvernig sem það fer, ræðst eitthvað fram úr því. Það vill svo vel til, að jeg er meðlimur þessa fjelags, og jeg veit, að hælið er ekki gróðafyrirtæki, þótt það sje vitanlega privatfyrirtæki.

Það er ekki ástæða til að svara háttv. þm. Árn. (J. J.) miklu. Hann viðurkendi, að engin áætlun væri til um þessar bátaferðir, og fyrst svo er, þá er sjálfsagt að vera varkár, er þetta er hálfvegis út í loftið. *(J. Jónat.:* Jeg sagði tilraun. Þetta útí loftið er rangfærsla). Þegar verið er að gera tilraunir, má spilla þeim með ofmiklu fjárframlagi til þeirra. „Sjaldan launa kálfar ofeldi". Það getur verið, að eigi verði farið sparlega með fjeð, ef það er mikið. Jeg fullyrði raunar ekki, að svo verði gert, en það er meiri hætta á þessu, ef það er mikið fje, heldur en, ef fremur er haldið í fjeð af hálfu þingsins. En það eru engin gögn komin fram, er sanni, að hærra styrks þurfi, en hjer er lagt til. Ef mjer væri sýnt fram á slíkt, er sjálfsagt, að jeg væri samþykkur hærri styrk.

Hákon Kristófersson: Háttv. framsögum. (Stgr. J.) rangfærði orð mín. Jeg er ekki farinn að sannfærast um þetta, er hann sagði. *(Stgr. Jónsson:* Jeg trúi því vel). En jeg legg misskilning hans ekki illa út. Jeg áleit, að hann væri ekki sprottinn af slæmri rót. Það hefur vakað fyrir mönnum, að fyrirkomulagið á bátaferðum yrði nokkuð öðru vísi en á undanförnum þingum, þannig að einn maður rjeði ekki öllu yfir þeim, heldur að sýslufjelagið tæki þær að sjer.

Þá mintist háttv. framsögum. á styrkinn til Rögnvalds Ólafssonar. Jeg er samþykkur því, að margt gott geti leitt af utanförinni. En hjer vantar fje nálega til alls, er gera þarf; hjer þarf alstaðar að spara, eftir því, sem háttv. fjárlaganefnd segir. Hjer vantar fje til stórnauðsynjafyrirtækis sem Jökulsárbrúar, að sögn fjárlaganefndar. Og svo að jeg víki nú að henni, og sje t. d. að velja um höfn í

Vestmannaeyjum eða brúna, þá skoða jeg ekki lengi huga minn um, hvort fyrir eigi að ganga. Jeg veit, að þeir hafa mikið til síns máls, er halda því fram, að við höfum ekki efni á, að reisa Jökulsárbrúna nú. En jeg sje ekki, að sóma þingsins sje gætt viðunanlega, nema lofað sje nú að veita fje til hennar á næsta fjárhagstímabili; það gleður mig líka að heyra, að háttv. þingm. Ísafjarðarkaupstaðar og fleiri hjer í háttv. deild, telja það sjálfsagt, eftir því, sem jeg heyri á samtali þeirra nú.

Sigurður Eggerz: Að því er snertir Breiðafjarðarbátinn, vil jeg leyfa mjer að taka það fram, að af þessum 9000 kr., sem farið er fram á að veita, er ætlazt til að 1000 kr. gangi til mótorbáts, og yrði því upphæðin, sem gengi til Breiðafjarðarbátsins sjálfs ekki nema 8000 kr. Ef nú brtill. nefndarinnar yrði samþykt, þá mundi báturinn ekki fá nema 6000 kr., og er það minna en veitt var á síðasta fjárhagstímabili. Jeg vil endurtaka það, sem jeg gat um í dag, að aðalástæðan til þess, að farið er fram á, að þessi styrkur verði hækkaður, er sú, að Breiðfirðingar vilja sjálfir fá umráð yfir bátsferðunum, svo að kaupmenn hagi þeim ekki eftir eigin þörfum. Þar að auki má minna á það, að útlit er nú verra með strandferðir, en nokkru sinni áður, og er því ennþá minni ástæða til þess að fara að rýra þessa styrkveitingu. — Um styrkveitinguna til heilsuhælisins þarf jeg ekki að vera langorður, því að háttv. 6. kgkj. hefur þegar flutt langt og skilmerkilegt erindi um það mál. Jeg vona, að flestum hafi skilizt af ræðu hans, að það væri fremur ástæða til að hækka styrkinn en til að lækka hann. Það var sjerstaklega eitt atriði í ræðu hins háttv. þm., sem mjer virtist mjög svo eftirtektavert. Það var það sem háttv. þm. sagði um fátæklingana, sem eiga í stríði við sjálfa sig um, hvort þeir eigi að meta meira sjálfstæði sitt eða lífið. Jeg veit, að þetta er satt, margur fátækur maður er svo skapi farinn, að hann vill heldur leggja líf sitt í hættu en komast á sveitina. — Þá er ein brtill., sem jeg gleymdi að minnast á seinast, það er tillagan um styrk til báta-ferða frá Vík til Vestmanneyja og Stokks-eyrar. Háttv. framsm. sagði, að hjer væri um mótorbátastyrk að ræða. Það getur verið, að svo fari, en það er þó meining mín og margra annara, að reyna ætti að útvega stærri bát, ef hægt væri. Jeg vil í þessu sambandi leyfa mjer að benda á, að samgöngumálanefndirnar hafa ekki sjeð sjer fært að gera neina tillögu til þess að bæta úr hinum tilfinnanlega samgöngu-skorti á suðurströnd landsins. Samgöng-urnar við Vík eru mjög slæmar, og er það þeim mun óþægilegra, sem þar eru 3 eða 4 stórar verzlanir, sem hafa mikil viðskifti, bæði í Skaftafellssýslum og í Rangárvallasýslu. Jeg vona því, að háttv. deild sjái, að hjer er ekki farið fram á of mikið.

Jeg skildi svo orð hins háttv. framsm., að hann vildi halda því fram, að jeg færi rangt með það, að 2 háttv. þm. í þessari deild hefðu mælt fram með brúnni á Jök-ulsá á Sólheimasandi á þinginu 1911. Jeg gat þess í ræðu minni, að annar þeirra hefði sagt, að með því að samþykkja brúarlögin, skuldbindi alþingi sig til þess að veita fje til brúarinnar. Og að hinn, — háttv. núverandi framsm. fjárlaganefnd-arinnar, — hefði sagt, að sjálfsagt væri, að brúin yrði gerð sem fyrst. Háttv. framsm, getur ekki hnekt því, að þetta er rjett hermt. En nú er annað fjárhags-tímabilið að byrja frá því er lögin voru samþykt, og er því tími til kominn að binda enda á þetta loforð. Í fyrra voru samþykt hjer á þinginu tillög, sem veita landssjóði mjög miklar tekjur og hafa því menn þar eystra gert sjer góðar von-ir um, að nú mundi ekkert því til fyrir-

stöðu, að þeir gætu fengið brúna. Mig minnir, að háttv. framsm. hafi einhvern tíma sagt, að alþingi ætti að hafa þá meginreglu að brúa eina stórá á hverju fjárhagstímabili. Stjórnin hefur nú lagt til, að Eyjafjarðará yrði brúuð, en jeg hygg, að allir sanngjarnir menn hljóti að vera samdóma um, að meiri nauðsyn beri til þess að brúa Jökulsá á Sólheimasandi. Jeg get ekki skilið, að það sje ástæða á móti brúnni, þótt Vík nú loksins eigi að komast í símasamband. Hitt er meiri furða, hvað síminn kemur seint þangað austur. Og ekki get jeg heldur sjeð, að það sje gild ástæða á móti brúnni, þótt Vestmannaeyingar fái fyrirheiti um höfn! Háttv. framsm. sagði, að fjárhagur landssjóðs væri svo örðugur, að nefndin sæi sjer ekki fært að leggja það til, að ráðizt væri í þetta fyrirtæki að sinni. En mjer skilst, að það sje hlutverk fjárlaganefndar, þegar svo stendur á, að vinsa úr þau fyrirtæki, sem nauðsynleg eru, en láta hin bíða. Og því getur enginn neitað, sem satt vill segja, að hjer er um eitt hið mesta nauðsynjafyrirtæki að ræða. Jeg veit ekki, hvað landsverkfræðingurinn kann að segja við menn einslega, en hitt veit jeg, að hann hefur lýst því yfir í brjefi til stjórnarráðsins, að hægt væri að gera brúna, og læt jeg mjer nægja að vísa til þeirrar umsagnar hans. Jeg get ekki sjeð, að landsverkfræðingnum komi neitt við í þessu máli, nema hvort mögulegt er að reisa brúna eða ekki. Alt annað ákveður alþingi. Landsverkfræðingurinn hefur sagt, að brúnni stæði ekki hætta af neinu öðru en Kötlu. En nú hefur Katla aldrei komið að vestanverðu, nema aðeins einu sinni. Hjer er því ekki um neina sjerstaka hættu að ræða, að *minsta kosti* er ekki meiri ástæða til þess að halda, að Kötluhlaup grandi þessari brú, heldur en að brýrnar á Ölfusá og Þjórsá hrynji í jarðskjálftum. Framsm. kastaði því fram, að vel gæti svo farið, að áin hlypi burtu, en brúin stæði eftir. Þetta er alveg rangt, Jökulsá á Sólheimasandi rennur altaf í föstum farveg. Þá sagði háttv. framsm., að það druknuðu ekki flestir menn í verstu vatnsföllunum. En jeg er nú svo heimskur, að jeg held, að það sjeu verstu vatnsföllin, sem flestir drukkna í! — Háttv. þm. Barðstr. talaði í þá átt, að brúin væri nauðsynleg, en vegna erfiðra kringumstæðna landssjóðs taldi hann þó tormerki á að leggja út í fyrirtækið á þessu fjárhagstímabili. Jeg vona samt sem áður, að hann styðji að því, að það verði gert, því að jeg skil ekki annað, en að mjer hafi tekizt að færa bæði honum og öðrum heim sanninn um, að hjer er um bráðnauðsynlega samgöngubót að ræða, sem alþingi ekki *má* láta dragast að koma í verk.

Jeg get nú látið útrætt um þetta mál. En áður en jeg sezt niður, vil jeg minnast á atvik, sem einu sinni kom fyrir mig. Jeg var fyrir nokkrum árum á ferð í Mýrdalnum og mætti jeg þá manni. sem var að flytja heim á vagni líkið af manni, sem hafði farið í Jökulsá. Sá sem þar lá lík, hafði átt fyrir stórri fjölskyldu að sjá og verið mesti nytsemdarmaður. Jeg hjet því þá með sjálfum mjer, að jeg skyldi gera það lítið sem í mínu valdi stæði, til þess að Jökulsá yrði brúuð. Og jeg vil ljúka máli mínu með þeirri áskorun til háttv. deildarmanna, að þeir reyni að setja sjer fyrir hugskotssjónir alla þá harma og alt það tjón, sem þetta vatnsfall hefur valdið. Ef þeir aðeins gera það, þá er jeg ekki í vafa um, hvernig þeir muni greiða atkvæði um þetta mál.

Einar Jónsson: Jeg mun taka aftur br.tillögu *mína* á þgskj. 729, samkv. því loforði frsm., að nefndin muni koma með brtill. í sömu átt, eða um, að veita Borgarfjarðarhreppi 300 kr. til þess að ljetta kostnað við læknishjálp. Þá er þó greitt til muna fyrir þeim, sem verst eiga að-

stöðu í læknishjeraðinu, og margir aðrir hjeraðsbúar geta haft not af ferðum læknis til Borgarfjarðar, ef þeir fá að vita um þær. En í sambandi við þetta vil jeg leyfa mjer að benda á, að í raun og veru er hjer ekki um nein ný útgjöld á fjárlögunum fyrir landssjóð að ræða, því að í 1. lið 12. gr. eru tilfærð öll lögákveðnu launin til læknishjeraðanna, hvort sem nokkur læknir er í þeim eða ekki. Þessi styrkveiting er því í raun rjettri ekki nema einn hluti þeirra gjalda, sem talin eru undir 1. lið 12. gr.

Þá vil jeg með örfáum orðum minnast á brúna á Jökulsá á Sólheimasandi. Enginn mun neita því, að mikil þörf er á henni og að æskilegt væri, að hún yrði gerð sem fyrst. En þess er að gæta, að hjer er önnur stór fjárveiting á döfinni, nefnilega hjer um bil 65,000 kr. til hafnargerðar í Vestmannaeyjum. Mjer virðist varla kleyft að veita tvær svona stórar fjárhæðir í einu til sama fjórðungsins, og ef um tvö fyrirtæki er að ræða, þá virðist Vestmanneyjahöfnin óneitanlega enn þá nauðsynlegri, þó að hvorttveggja sje nauð synlegt. Jeg get því ekki greitt atkvæði með fjárveitingunni til brúarinnar að svo stöddu, þó að jeg feginn vildi. Hjer hefur mikið verið talað um, að þessi brú mundi verða í mikilli hættu fyrir vatnsflóðum, en mjer skilst, að henni geti ekki staðið nein verulegri hætta af öðru en Kötluhlaupum. Háttv. þm. V.-Skf. sagði, að hlaup hefði ekki komið úr Kötlu nema einusinni á þessum stað, en úr því að það hefur komið einusinni, þá *getur* það komið aftur. Og jeg skal ekki neita því, að það gerir mig talsvert ragari í þessu máli, að landsverkfræðingurinn álítur, að talsverð hætta sje með hana í slíkum hlaupum, og tefit sje á tvær hættur með brúna. Nú er langt síðan, að Katla hefur hlaupið, 53 ár, og er því hætt við, að hún hlaupi áður en langt líður, ef hún hagar sjer líkt og undanfarnar aldir. Væri ilt, ef þá væri nýbúið að brúa ána, því að ekki er ólíklegt að hún hlaupi sömu leið næst, eins og síðast.

Þegar umræður höfðu staðið til kl. $3^1/_2$, síðdegis, ákvað forseti fundarhlje til kl. 5.

Kl. 5 byrjuðu umræður aftur; forseti gat þess, að nú væri sýnilegt, að fjárlögum gæti ekki orðið lokið fyrir næstu helgi, og mæltist til þess, að ráðherra framlengdi þingtímann. Ráðherra lýsti því yfir, að þingtíminn væri framlengdur til laugardagsins 13. þ. m., en taldi æskilegt, að því þá yrði lokið.

Steingr. Jónsson, framsögumaður: Jeg ætla að minnast á nokkur orð í ræðu h. þm. V.-Skf. Hann mintist á, að jeg hefði áður hjer á þingi sagt, að vel færi á því, að á hverju fjárhagstímabili væri brúuð ein af stórám landsins. Á þessu þingi er nú veitt fje til þess að gera brú á Eystri-Rangá, þótt tillagið til þeirrar brúar sje varla svo hátt að þetta geti kallast stórbrú, þar sem einungis eru veittar til hennar 18000 kr. En þar sem lagt er til, að á komandi fjárhagstímabili verði samtals veittar um 60 þús. kr. til ýmissa brúargerða, þá má líta svo á, að þetta samsvari því, að fje hefði verið veitt til að brúa eina af stórám landsins. Ef nú væri hægt að kippa öllum þessum fjárveitingum út af fjárlögunum, mundi málið horfa nokkuð öðruvísi við, en slíkt er alsendis ómögulegt, því að flestar þessar fjárveitingar hafa verið samþyktar í Nd. með miklum atkvæðamun.

Annað, sem jeg gleymdi í ræðu minni áðan, var það, að landsverkfræðingurinn skýrði okkur nefndarmönnum frá því að hann áliti ógerning að gera brú á Jökulsá á Sólheimasandi árið 1914, vegna þess að við brúargerðina yrði að hafa not símans

austur. Þessu hefur hann skýrt frá bæði í brjefi frá því í janúar 1911, og eins hefur hann sagt okkur frá því munnlega í embættisnafni, og hann er ekki svo gerður, að hann fari með neinn flysjungsskap á nokkurn hátt. Jeg veit það vel, að druknanir í ám hafa mikil áhrif á menn, en þrátt fyrir það er oft ekki hægt að koma í veg fyrir að slíkt geti komið fyrir. Jeg held, að ekki hafi verið ástæða til þess að taka orð mín um vötnin á þann hátt, sem h. þm. V.-Skf. gerði. Þegar jeg talaði um verstu vötnin, átti jeg við þau, sem verst eru yfirferðar, bæði illa reið, og ilt að ferja þau, en það er oft, að ekki drukna eins margir menn í þeim, eins og í sumum öðrum vötnum, sem eigi eru erfið yfirferðar.

Eiríkur Briem: Það er eitt atriði í tillögum háttv. fjárlaganefndar, sem jeg vildi minnast á, það er 22. brtill. á þgskj. 665 viðvíkjandi mótorbátsferðum á Hvalfirði. Hjer er að eins að ræða um 400 kr., svo að þetta er ekki stór upphæð, og mjer skilst, að engin önnur mótbára muni hafa komið fram á móti þessum styrk, en sú, að þetta kæmi í bága við hagsmuni Ingólfs, bátsins, sem gengur hjer um Faxaflóa. En þetta er misskilningur, því að þessi bátur, sem hjer er um að ræða, fer á alt aðrar stöðvar en Ingólfur. Þessi bátur á eingöngu að ganga til Hvalfjarðar, en þangað fer Ingólfur sjaldan, nema þá helzt til skemtiferða. En þetta mundi helzt hafa þýðingu fyrir Kjósina og Leirársveit, en þær sveitir munu hafa nær engin not af Ingólfi.

Jeg vil taka það fram, að þjóðvegir í kring um Hvalfjörð eru mjög illir yfirferðar, og fara menn því eigi landveg suður til aðdrátta, heldur flytja það, sem þeir sækja suður nær því alt sjóveg. Þegar þessu er nú svo háttað, að þessir vegir eru svo illir yfirferðar, og þar við bætist, að ilt er að bæta þá, þá sýnist ástæða til þess að ljetta undir með þessum mönnum og gera þeim hægra að ná í vörur sínar sjóveg, því að viðgerð á þjóðvegunum verður miklu kostnaðarsamari, en þótt þessi litli styrkur, sem hjer er farið fram á, sje veittur.

Steingrímur Jónsson, framsögumaður: Jeg ætla að eins að geta þess, út af því, sem háttv. 2. kgk. sagði, að nefndin tekur aftur 22. brtill. sína á þgskj. 665 um að fella burtu styrkinn til Hvalfjarðarbátsins.

Björn Þorláksson: Menn vita, að jeg hef skrifað undir álit nefndarinnar með fyrirvara um nokkra liði, sem fara fram á útgjaldahækkun. Í því felst, að jeg get ekki bundið mig algerlega við tillögur nefndarinnar, þótt jeg að vísu muni fylgja henni að málum í flestum greinum, og jeg hefði kosið, að fleiri útgjaldaliðir hefðu verið feldir burtu en raun hefur á orðið, og að færri nýir liðir hefðu verið teknir upp, og skal jeg nú gera grein fyrir ástæðunum fyrir þessari skoðun minni með nokkrum orðum.

Það er þá fyrst, að þegar um það er að ræða, að veita fje úr landssjóði, virðist mjer sjálfsagt að gæta að því, hvort nokkurt fje er fyrir hendi, sem hægt sje að veita. Það hefur nú sýnt sig, að tekjuhallinn á fjárlögunum verður að líkindum um 309 þús. kr., þegar fjárlögin fara frá þinginu, og virðist mjer svo mikill tekjuhalli vera mjög ísjárverður, því þótt svo hafi reynzt oft fyr, að tekjurnar hafi farið talsvert fram úr áætlun, þá er ekki hægt að treysta því, að svo verði ávalt. Og í þetta skifti hefur nú Nd. áætlað tekjurnar 128 þús. kr. hærri, en stjórnin hefur gert, og eru því fremur litlar líkur til, að þær muni fara mikið fram úr áætlun. Mjer finst þessi aðferð, að veita fje úr landssjóði, þótt maður viti ekki, hvort nokkurt fje verði þar til, bæði ó-

hyggileg og varla samboðin tulltrúum þjóðarinnar. Mjer virðist það líkt því, að ef maður, sem oft hefur strandað á sama skerinu nærri landi, og ávalt hefði skolað á land, gerði það að gamni sínu að sigla enn einusinni á skerið, en þá gæti vel farið svo, að hann druknaði, enda þótt honum hefði ávalt fleytt á land áður. Og eins getur farið hjer. Það getur vel farið svo, að tekjurnar verði tæplega það, sem þær hafa verið áætlaðar. En jeg lít á fleira en tekjuhallann á fjárlögunum. Hjer á þingi er nú á ferðinni frumvarp, sem að líkindum verður að lögum og sem fer fram á að kaupa hluti fyrir 400 þús. kr. í Eimskipafjelagi Íslands. Annað frumv. er einnig á ferðinni, sem meiri hluti nefndarinnar í því máli leggur til að verði samþykt, og sem fer fram á, að veita 200 þús. kr á fjárhagstímabilinu til landsbankans. Þá eru komnar 600 þús. kr. Enn er frumvarp til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, sem líka getur orðið að lögum, og fer það fram á um 70 þús. kr. tillag úr landssjóði. Enn eru ýms frv. önnur en þessi, sem hafa aukin útgjöld fyrir landssjóðinn í för með sjer, ef þau ná fram að ganga, og eru líkur til, að þetta alt muni nema um $^3/_4$ miljón kr. Jeg lít því svo á, að ný lántaka verði óumflýjanleg, og þótt gott sje að geta fengið lán, ef það fæst með góðum kjörum, þá þarf þó einhverntíma að borga það aftur. Jeg vil því, að við förum skamt í fjárveitingum í þetta skifti, og ef jeg hefði verið utan við nefndina, mundi jeg hafa greitt atkvæði á móti miklu fleiri útgjaldahækkunum og farið fram á að færa niður miklu fleiri liði, en af því að jeg á sæti í nefndinni, mun jeg fylgja henni í flestu, en mun þó greiða atkvæði á móti henni um nokkur atriði. Jeg býst nú við, að það muni ef til vill verða sagt, að þetta komi til af því, að jeg sje svo íhaldssamur að náttúrufari. En ástæðan er alls ekki sú, því ef nóg fje væri til, skyldi jeg

vera manna fúsastur til þess, að veita fje til allra framkvæmda. Jeg mundi þá vilja leggja til, að gerð væri brú á Jökulsá, enda þótt jeg vissi, að hún mundi fara daginn eftir. Þó skyldi jeg leggja til, að Eyjafjarðará væri brúuð og akvegir lagðir um alt landið, járnbraut lögð austur og jafnvel norður um land og yfirleitt veitt fje til allra nauðsynjamála. En þegar fjeð er ekki til, þá verður maður að sníða sjer stakk eftir vexti, og af þeim ástæðum verður að fresta mörgum framkvæmdum, sem annars væru sjálfsagðar.

Af því að jeg stóð upp, ætla jeg að minnast með örfáum orðum á Vífilsstaðahælið. Jeg skal játa, að það var jeg, sem átti frumkvæðið að því að færa styrkinn til þess niður, og það, sem vakti fyrir mjer með því, var það, að jeg vildi gefa stjórn hælisins hvöt og aðhald til þess að reyna að safna meiru fje með frjálsum samskotum, en gert hefur verið hingað til, og þótt jeg skuli játa það, að stjórnin hefur sýnt mikinn dugnað, þá efast jeg ekki um, að hún hefði getað sýnt meiri dugnað í þessum efnum. Það er vikið að því í nefndarálitinu, að gerðar verði ráðstafanir til þess, að prestar landsins verði látnir hafa minningarskildi hælisins til sölu. Jeg hef sjálfur dálitla reynslu fyrir mjer í þessu efni. Mjer var fyrir nokkru síðan sendur einn minningarskjöldur til þess að hafa til sýnis og 5 eyðublöð. Þetta auglýsti jeg, en menn leituðu lítið til mín, og það safnaðist lítið fje, og jafnvel ekkert. Þegar jeg var hjer í fyrra, óskaði jeg eftir að fá að hafa talsvert af minningarskjöldum með mjer austur, vegna þess, að jeg vissi, að það sem gerði, hve lítið menn sintu þessu, var, að menn vildu ekki bíða eftir því, að skildirnir væru sendir þeim að sunnan. Þetta hefði þær afleiðingar, að á einu ári safnaðist á 6. hundrað krónur, sem jeg gat sent suður til heilsuhælisins. Það er erfitt að uppræta þann ósið hjá mönnum, að

vera að kaupa kransa, og það er ekki til neins, þótt prestar hafi einn minningarskjöld til sýnis, þeir verða að hafa þá til sölu.

Annað atriði er það, hvort ekki mætti hafa dýrari vistina á hælinu fyrir þá, sem efnaðri eru, enda þótt gjaldið væri ekki hækkað fyrir fátæklinga. Jeg heyri svo sagt, að heilsuhælið hjer sje fult eins vel úr garði gert, eins og heilsuhæli gerast ytra. Þar kostar vistin 5—7 krónur á dag. en hjer kostar hún ekki nema kr. 2—2,50 daglega á einmenningsstofum. Mjer finst, að vel megi heimta eins hátt gjald af efnaðri mönnum hjer, eins og gerist á heilsuhælum ytra, og mundi það muna allmiklu fyrir heilsuhælið. Mig minnir, að þegar verið var að stofna heilsuhælið, væri það viðkvæðið, að það ætti ekki að þurfa að vera komið upp á landssjóð, en nú er þetta orðið svo breytt, að mikið af útgjöldum þess lendir nú á landssjóði. Jeg hygg, að þingið eigi að vinna á móti þessu, og beri því eigi að veita eins mikið fje til hælisins eins og á vantar, til þess að tekjur þess hrökkvi fyrir útgjöldunum, til þess að stjórn hælisins hafi sem mest aðhald við að safna fje með frjálsum samskotum. Af þessum ástæðum hef jeg lagt það til, að tillag landssjóðs til hælisins verði fært niður, eins og farið er fram á í nefndarálitinu.

Guðmundur Björnsson: Jeg ætla einungis að segja nokkur orð út af því, sem h. 5. kgk. þm. sagði um heilsuhælið. Hann mintist á það, sem drepið er á í nefndarálitinu, að stjórn heilsuhælisins hafi ekki gert eins mikið til þess að safna fje handa því, eins og hún hefði átt að gera. Einkum talaði hann um minningarskildi hælisins, og það getur vel verið, að meira hefði mátt gera til þess að koma þessum skjöldum út, en gert hefur verið. En við höfum þó skrifað öllum prestum landsins um þetta og beðizt svars

þeirra um það, hvort þeir vildu taka að sjer að selja þessa skildi, en við höfum aðeins fengið svar frá fáum. Jeg býst við því, að eitthvað muni hafa misfarizt af þeim brjefum, sem við sendum prestunum, því jeg hef oft rekið mig á, að af prentuðu máli, sem sent er með póstum, er eigi alltitið, sem aldrei kemst til skila, og það er gott, að h. ráðherra er hjer viðstaddur og getur fengið vitneskju um þetta. Í öðru lagi mintist h. 5. kgk. á það, að ekkert væri því til fyrirstöðu að taka hærri meðgjöf af efnuðu fólki, en nú er gert. Það var líka tilætlun heilsuhælisstjórnarinnar að taka hærri meðgjöf af þeim efnaðri en hinum fátækari, því búizt var við, að þeir mundu einkum nota einbýlisstofurnar, en reynslan hefur orðið sú, að nálega allir, sem leitað hafa á heilsuhælið, hafa verið svo efnalitlir, að þeir hafa ekki getað greitt meira en heimtað er á sambýlisstofunum, og það geta liðið svo heil ár, að enginn sjúklingur komi, sem getur greitt það, sem heimtað er á einbýlisstofunum. Því höfum við orðið að taka þær fyrir hina sjúklingana og hafa þar 2 rúm. En það þýðir ekkert, þótt jeg reyni að sýna fram á, að við, sem erum í heilsuhælisstjórninni, höfum gert það, sem okkur hefur verið unt að gera í þessu máli. Við verðum að liggja undir ámæli nefndarinnar þrátt fyrir það. En jeg vona samt, að ýmsir vilji gæta að því, að allir, sem í stjórninni eru, hafa haft mörgum öðrum störfum að gegna, og hafa því orðið að hafa þetta starf í hjáverkum. Jeg veit, að það, sem jeg hef unnið að þessu og öðrum vandamálum þjóðarinnar, hefur mest verið unnið á næturþeli eftir skylduverkin á daginn, en það getur vel verið, að jeg hefði getað lagt á mig meiri næturvökur, en jeg hef gert.

ATKVGR.:

1. gr. sþ. í e. hlj.
2. — — - - —

3. gr. sþ. í e. hlj.
4. — — - - —
5. — — - - —
6. — — - - —
Atkvæðagreiðslu um 7. gr. frestað.
8. gr. sþ. í e. hlj.
1. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 11 shlj. atkv.
9. gr. sþ. í e. hlj.
10. gr. sþ. í einu hlj.
2. brtill. á þgskj. 665 sþ. með 11 atkv. gegn 1.
11. gr., þannig breytt, samþ. með 12 samhlj. atkv.
brtill. á þgskj. 686 sþ. með 12 atkv. gegn 1.
brtill. á þgsk. 729 tekin aftur.
3. brtill. á þgskj. 665 samþ. í e. hlj.
4. brtill. á þgskj. 665 sþ. í e. hlj.
5. brtill. á þgskj. 665 feld með 7 atkv. gegn 5.
6. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 12 shlj. atkv.
7. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 11 shlj. atkv.
8. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 11 shlj. atkv.
9. brtill. á þgskj. 665 samþykt með 12 shlj. atkv.
10. brtill. á þgskj. 665 sþ. í e. hlj.
11. brtill. á þgskj. 665 samþykt með 12 shlj. atkv.
12. gr., þannig breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtill. á þgskj. 710 samþ. með 9 atkv. gegn 2.
Brtill. á þgskj. 712 samþykt með 12 samhlj. atkv.
Brtill. á þgskj. 707 feld með 7 atkv. gegn 5.
12. brtill. á þgskj. 665 samþykt án atkvgr.
13. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 10 akv. gegn 1.
14. brtill. á þgskj. 665 sþ. með 9 atv. gegn 3
1. brtill. á þgskj. 687 tekin aftur.
15. brtill. á þgskj. 665 tekin aftur.
16. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. brtill. á þgskj. 687 feld með 9 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Guðjón Guðlaugsson,	Björn Þerlákssson.
Jón Jónatansson	Steingr. Jónsson,
Júlíus Havsteen,	Einar Jónsson,
Þórarinn Jónsson.	Eiríkur Briem,
	Guðm. Björnsson,
	Jósef Björnsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Stefánsson.

Hákon Kristoffersson greiddi ekki atkvæði, og var talinn með meiri hluta.
17. brtill. á þgskj. 665 samþykt án atkvgr.
18. brtill. á þgskj. 665 samþykt í einu hljóði.
19. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 11 shlj. atkv.
20. brtill. á þgskj. 665 feld með 7 atkv. gegn 6.
Brtill. á þgskj. 706 samþykt með 10 samhlj. atkv.
21. brtill. á þgskj. 665 samþykt með 9 samhlj. atkv.
22. brtill. á þgskj. 665 tekin aftur.
23. brtill. á þgskj. 665 samþykt með 9 shlj. atkv.
24. brtill. á þgskj. 665 samþykt með 11 shlj. atkv.
25. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 12 shlj. atkv.
26. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 11 samhlj. atkv.
13. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

Þá hófust umræður um síðari kafla fjárlaganna, og er þær höfðu staðið til kl. $12^1/_2$ eftir miðnætti, bar forseti undir deild-

ina, hvort halda skyldi áfram, og var það samþ. með yfirgnæfandi meiri hluta.

Steingr. Jónsson, framsögumaður: Fyrst og fremst vil jeg geta þess um 14. gr., að h. Nd. hefur flutt í hana bændaskólana og aðrar kenslustofnanir, er áður voru í 16. gr. Ennfremur hafa gjöldin að öðru leyti hækkað í h. Nd. um nálægt 51 þús. kr. Nefndin hefur gert allmiklar breytingar við þessa grein; 28 talsins.

Nefndin leggur til, að aftan við A. b 5. liðinn, komi tveir nýir liðir, álag til tveggja kirkna, Þönglabakkakirkju og Viðvíkur. kirkju frá 1861. Hin síðari ár hefur verið unnið að því af biskupi, að söfnuðurinn taki að sjer ljenskirkjur, og það hefur komið fyrir, að landssjóður hefur í þeim tilfellum lagt fram álag á þær. Fram til þessa hefur landssjóður greitt álag á 4 ljenskirkjur, sem sje til kirknanna í Garpsdal og Rafnseyri á fjárlögunum 1911 og á fjáraukalögunum voru 2 kirkjur, Staðarstaðar og Ásólfsskála, og svo bætist hjer við, 5. kirkjan, Þönglabakkakirkja. Biskup hefur upplýst nefndina um það, að af þeim 42 eða 43 ljenskirkjum, sem eru á landinu, munu ekki þurfa að greiða álag á nema í hæsta lagi 10 þeirra, og ef álagið þar yrði eins og á Þönglabakkakirkju, þá næmi öll upphæðin ekki nema 10 þús. kr. Kirkjan á Þönglabakka er mjög fátæk og hrörleg, á engar eignir, og söfnuðurinn er fámennur, svo hann á mjög örðugt með að halda þar við sæmilegu guðshúsi, en með þessu álagi eru líkindi fyrir því, að kirkja geti haldizt þar við.

Það var árið 1861, að það var samþykt að makaskifta Hjaltastöðum og Viðvík, og var þá við úttekt í júní 1862 metið 200 rdl. álag á Viðvíkurkirkju, en þetta álag var aldrei greitt. Nú gerir söfnuðurinn kröfu til þess, að álagið verði greitt vaxtalaust, og nefndinni leizt svo, að úr því að farið væri að greiða álög á ljens kirkjurnar úr landssjóði, þá væri líka rjett að greiða þetta álag.

Þá er 28. brtill. á þgskj. 665 um Reykjavíkurdómkirkju. Nefndin viðurkennir, að það sje sjálfsagt að gera svo við þetta mikla hús, að það ekki níðist niður, og hún telur, eftir upplýsingum þeim, er fengizt hafa, að 20 þús. kr. muni ekki gera mikið betur en nægja til þess. En nefndin lítur svo á, að kirkjan geti sjálf greitt þessar aðgerðir af tekjum sínum smátt og smátt. Og þessi kirkja á miklu fremur en fátækar sveitakirkjur að geta greitt kostnaðinn, þótt mikill sje. Nefndin hefur yfirfarið reikninga kirkjunnar fyrir nokkuð mörg ár, og voru tekjurnar fyrst um 3000 kr. en fóru svo smáhækkandi upp í um 6000 kr. En svo lækkuðu þær 1909, er breytingin var gerð á sóknar- og kirkjugjöldum, en eru nú aftur hækkaðar og orðnar á 5. þús. kr. Nefndin leggur því til, að þessi liður falli niður, en leggur aftur til, að jafnhá lánsupphæð verði heimiluð í 21. gr., og að það verði fyrsta lánsheimildin þar.

Fjárlaganefndin hefur borið fram þingsályktunartillögu um dómkirkjuna, og hefur tillögu þeirri verið útbýtt hjer í háttv. deild í dag, og verður þá nánar rætt um dómkirkjuna, þegar þingsál.till. kemur til umræðu. Þá er háskólinn. Nefndin leggur til, að námsstyrkurinn við hann sje lækkaður úr 8500 kr. niður í 7200 kr. Á þinginu 1911 var námsstyrkurinn ákveðinn 5400 kr., og var hann þá hækkaður mikið frá því, sem hann var við 3 skólana, lagaskólann, læknaskólann og prestaskólann, og nam sú hækkun um 1400 kr., að jeg held. Það var búizt við því þá, að það þyrfti að hækka þennan styrk, að minsta kosti man jeg það, að fjárlaganefnd Ed. bjóst við því. En menn bjuggust þó ekki við því, að það gengi svo hröðum skrefum, að það yrði á næsta þingi óskað að hækka styrkinn úr 5400

kr. upp í 8500 kr. Ástæðan til þessarar hækkunar mun vera sú, að menn vilji keppa við Kaupmannahafnarháskóla með styrknum, Nefndin viðurkennir, að það gæti verið rjett, og að það sje ekki gott, að námsmenn sigli þangað til þess að nema þar þær námsgreinar, sem eru kendar hjer við háskólann. En hún sjer ekki, að það muni verulega hefta för stúdentanna til Hafnar, þótt styrkurinn verði hækkaður svona gífurlega mikið, og hún vill því fara meir með löndum og ekki hækka styrkinn meira en upp í 7200 kr. Finst það vera mjög sómasamleg hækkun, þar sem styrkurinn er nú 5400 kr. Nefndinni þykir það heldur ekki rjett, að allir stúdentar fái hæsta styrk eða sem næst því, og fyrir mjer er það mjög stórt spursmál, hvort það sje heppilegt fyrir háskólann.

Í sambandi við þetta hefur nefndin lagt til, að orðið „venjulegast“ falli burt úr athugasemdinni, þannig, að styrkur þessi, húsaleigustyrkurinn, sje alls eigi veittur nema utanbæjarmönnum, og sömu tillögu hefur nefndin gert við mentaskólann. Af þessum ástæðum sjer nefndin ekki ástæðu til, að hafa húsaleigustyrkinn hærri en 3600 kr. í stað 4000 kr. í frumv., eins og það kom frá háttv, Nd.

Þá eru kenslubækur háskólans. Nefndin telur, að þar muni nægja 2000 kr., því aðallega mun það vera lagadeildin, er notar þennan styrk, og því fremur ætti þessi upphæð að nægja, þar sem nefndin leggur til, að veittar sjeu 500 kr. á ári til þess að undirbúa útgáfu á skrá yfir íslenzk lög að fornu og nýju, einskonar „Lovlexikon“, eins og það er kallað. Nefnd. in lítur svo á, að þetta verk geti komið að mjög miklum notum við vísindalega starfsemi á háskólanum, við kensluna þar, og síðast en ekki sízt, að það komi að mjög miklum notum fyrir löggjafarvaldið.

Í ítarlegu erindi, er nefndinni hefur borizt frá háskólaráðinu, þar sem sýnt er fram á þörfina á þessu verki, er ráðgert,

að það muni verða um 40 arkir og að kostnaðurinn við undirbúning að því muni verða 4000—5000 kr. Hjer er því aðeins um undirbúning og byrjun að ræða, og getur þá næsta þing veitt meiri upphæð í þessu skyni, svo að ekki þurfi að bíða í 8 ár eftir verkinu.

Þá er lítilsháttar brtill, á þgskj. 665 um laun kennaranna við mentaskólann; það er farið fram á, að þau sjeu hækkuð um 200 kr., er eiga að vera persónuleg launaviðbót við yfirkennara Geir Zoëga, sem viðurkenning fyrir störf hans í þarfir skólans og vísindanna.

Næst kem jeg að 36. brtill. á þgskj. 665 um bændaskólann á Hólum; um hann hafa nefndinni borizt tvö erindi frá landstjórninni. Annað erindið er um það, að óhjákvæmilegt sje, að gera við gamla skólahúsið; því að eins muni vera unt að nota það eins og að undanförnu sem bústað fyrir nemendur, kennara og að nokkru leyti bústjórann. Árið 1911—1912 var gert nokkuð við húsið og kostað þá til þess á fjórða þúsund krónur. Þessi viðgerð var ekki nema hálfverk og til engrar frambúðar. Nú hefur verið gerð ítarleg áætlun um, hvað það muni kosta, að gera svo við húsið, að alllengi dygði, og hefur húsameistari Rögnvaldur Ólafsson gert áætlun um, að ef kostað væri 4000 kr. til aðgerðar, mundi vera hægt að gera húsið svo gott, að ekki mundi þurfa neina verulega aðgerð á því næstu 15—20 ár. Nefndinni þótti hálfsúrt, að þurfa að leggja til, að fje þetta væri veitt, en sá, að ekki var um annað að gera, því að öðrum kosti væri húsið í veði. Í þessu sama erindi var og farið fram á, að veitt væri fje til að byggja geymsluskúr við húsið. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir lágu, og kunnugleik nefndarinnar á málinu, áleit nefndin nauðsynlegt, að veita til þessa þær 1150 kr., sem fram á er farið.

Þriðja atriðið í áðurnefndu brjefi var

um, að veita þyrfti fje til að kaupa fyrir ofn í leikfimishús skólans. Húsið er úr steinsteypu, en svo rakt á vetrum, að ekki er hægt að nota það í frostum, og er því nauðsynlegt, að geta iljað það upp. Nefndin er því meðmælt, að veitt sje fje til ofnkaupanna.

Ennfremur hefur nefndinni borizt erindi frá stjórnarráðinu um fjárveiting til að reisa peningshús á Hólum: fjós, hlöðu og haugshús. Áætlun hefur verið gerð um, að þetta mundi kosta alt að 12000 kr., ef vera ætti við hæfi slíkrar jarðar, sem Hólar eru. Það er gert ráð fyrir, að bygt verði 20 kúa fjós, er einnig taki nokkur svín og kálfa. Nefndin álítur, að þetta fje verði að veita. Astæður fyrir því eru þessar: Það er talið nauðsynlegt, að skólastjórinn taki við búi á Hólum. Menn hafa ekki verið ánægðir með búskapinn þar að undanförnu, hann eigi talinn til fyrirmyndar, og varla búizt við, að gott lag komist á, nema skólastjóri taki við. Það mundi bæta kensluna, ef hægt væri að benda þar á fyrirmyndarbúskap, og þá mundi hægt fyrir ýmsa að fá notið þar verklegrar kenslu, og það telur nefndin mikilsvert. Eigi skal því neitað, að nefndinni fanst mikið til um, að þurfa að leggja svo mikið fje til Hóla, alls 17450 kr., en jeg held, það sje ekki hægt að komast hjá því. Aðsókn að skólanum er mikil, og þar verður að vera gott pláss, meðal annars vegna bændanámsskeiðanna, sem hafa verið mjög fjölsótt, og sjálfsagt má telja næsta þýðingarmikil. Þá hefur nefndin lagt það til, að hækka lítið eitt styrkinn til matreiðsluskólans á Ísafirði. Honum hafa áður verið veittar 1000 kr. á ári skilyrðislaust. Nú leggur nefndin til, að honum sjeu veittar 1200 kr. úr landssjóði gegn að minsta kosti 400 kr. framlagi annarsstaðar að. Nefndin ætlast til, að kvennaskólinn í Reykjavík njóti 1675 kr. styrks annarsstaðar að, en ekki 1500 kr. eins og er í frv. Þessi breyting er gerð til þess, að styrkurinn verði $^1/_4$ móts við landssjóðsstyrkinn.

Styrkinn til kvennaskólans á Blönduósi vill nefndin hækka um 600 kr., en bindur það því skilyrði, að framlögin annarsstaðar að, en úr landssjóði, sjeu hækkuð úr 750 kr. upp í 900 kr. Á þessum stað er nýtt skólahús, og má hafa þar 40—50 heimavistir; aðsókn að skólanum er mikil, og eftir þeim skilríkjum, sem fyrir liggja, sýnist alt fara þar hið bezta fram. Af húsbyggingunni leiðir það, að þungar skuldir hvíla á stofnuninni, og fjárhagurinn er þröngur. Þessi hækkun ætti að geta gert henni mun hægra fyrir að standast útgjöld sín.

Þá er að víkja að barnafræðslunni. Fræðslumálastjórnin hefur bent nefndinni á, að í 14. gr. XII. 1.—2. sje í athugasemdunum ákvæði um það, að styrkurinn úr landssjóði sje bundinn því skilyrði, að svo og svo mikið sje lagt fram annarsstaðar að. Þetta telur hann ekki heppilegt ákvæði, kveður það hafa valdið misrjetti, með því að ýmislegt geti verið talið með á einum staðnum, sem slept sje á hinum, svo sem gjafir, fæði kennaranna o. fl. Hann leggur því til, að athugasemdinni sje breytt þannig, að í henni standi: „úr bæjarsjóði, hreppssjóði eða fræðslusjóði“. Þetta álítur hann miklu rjettara, og það því fremur, sem styrkurinn úr landssjóði er svo lágur í samanburði við það, sem öll barnafræðslan kostar, ekki nema 50000 kr. af 174000 kr. alls. Ef einhver vill gefa til barnafræðslu, þá getur hann gefið það í fræðslusjóð, þar sem hann er til; jeg þekki tvo slíka, og líklegt, að þeir eigi fyrir sjer að fjölga, — eða þá beint í sveitarsjóð. Með þessu ákvæði er síður hætta á, að reikningar yfir styrk annarsstaðar að yrði miður ábyggilegir. Þá taldi og fræðslumálastjóri ákvæðið um, að skólinn hefði fyrirskipuð kensluáhöld, sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði, óþarft í fjárlögunum,

með því að sama ákvæði stæði í 22. gr. fræðslulaganna; og felst nefndin á það.

Þá kem jeg að 15 gr. Eins og vant er, þá hefur hún hækkað nokkuð við meðferð háttv. Nd. frá því, sem var í frumv. stjórnarinnar. Nefndin ræður til nokkurra breytinga á henni, þó hafa þær ekki verulega fjárhagsþýðingu. Í háttv. Nd. voru laun 1. bókavarðar við landsbókasafnið hækkuð úr 1500 kr. upp í 2000 krónur. Nefndinni hefur nú borizt erindi frá 2. bókaverði. og fer hann þar fram á, að laun sín verði hækkuð um 500 kr. Hann hefur að launum fyrir bókavarðarstarfið 1000 krónur, en auk þess eftirlaun 1440 kr., eða alls 2440 kr. Af þessu þarf hann þó að borga nokkuð í ekknasjóð. Nefndin lítur svo á, að sanngirni mæli með því, að þessi maður fái líka launaviðbót. Starfstími hans er langur, um 7 tímar á dag, 6 tímar sem safnið er opið, og svo má óhætt gera ráð fyrir, að um klukkutími gangi til að koma bókum fyrir eftir að lokað er. Nefndinni þótti það og óviðkunnanlegt, að helmings munur væri á launum 1. og 2. bókavarðar, og varð niðurstaðan sú, að nefndin leggur til, að laun 2. bókavarðar sjeu hækkuð um 200 kr.

Eftir tilmælum landsbókavarðar leggur nefndin til, að fjeð til ýmislegra útgjalda við landsbókasafnið sje hækkað um 150 kr., úr 250 kr. upp í 400 kr. Þessi hækkun er miðuð við það, að bókavörður geti leigt 1—2 herbergi utan safnhússins og flutt þangað bækur, sem lítt eru notaðar. Bókavörður skýrði frá því, að safnið vaxi svo ört — miklu örara en við var búizt — og verði því mjög bráðlega að byggja út þjóðmenjasafninu eða náttúrugripasafninu, ef ekki sje til þessa ráðs gripið. Nú vill svo til, að hægt mun vera að fá á leigu eldtraust herbergi, rjett hjá safnhúsinu í húsi bæjarfógetans. Nefndin hefur fallizt á, að rjett væri að nota þetta tækifæri, svo að ekki þurfi í bráðina að reka þessi tvö söfn út á klakann, enda mundi það horfa til hinna mestu vandræða. Bókavörðurinn taldi, að 150 kr. mundu nægja í húsaleiguna, og við það er hækkunin miðuð.

Þá kem jeg að skáldunum. Eins og kunnugt er, þá var styrkveitingunni til þeirra breytt þannig í háttv. Nd., að allur styrkurinn var settur á fyrra árið og um leið lækkaður hjá sumum þeirra. Ástæðan fyrir þessu virðist hjá háttv. Nd. hafa verið sú, að hún með breytingunni vildi gefa til kynna, að ekki væri meiningin, að þessir menn hjeldu styrknum að sjálfsögðu áfram um óákveðinn tíma, en að hann væri veittur í þetta sinn eins og háttvirt nefnd í Nd. komst að orði, sem viðurkenning fyrir unnin störf. Nefndin hjer í deild er ekki samþykk háttv. Nd. um þetta, að minsta kosti er hún ekki sammála henni um þá menn, sem gera ritstörf að aðalstarfi sínu. Nefndin lítur svo á, að þeir hafi ástæðu til að fulltreysta því, að þeir fái að halda styrknum áfram, meðan þeir brjóta hann eigi af sjer, alveg eins og embættismennirnir mega treysta því að halda embættislaunum sínum meðan þeir brjóta ekki af sjer embættið. Nefndin áleit því rjett, að skifta styrknum niður á bæði árin, en meiri hluti hennar var á því, að breyta ekki upphæð styrksins. Þetta, sem jeg hef nú sagt, gildir um þá rithöfunda, sem nú hafa rilstörf að aðalstarfi, nfl. þá Einar Hjörleifsson, Guðmund Guðmundsson, Guðmund Magnússon og Þorstein Erlingsson.

Háttv. Nd. feldi niður styrkinn til Einars Jónssonar myndhöggvara, en heimilaði stjórninni aftur nokkurt fje til að kaupa fyrir listaverk. Nefndin viðurkennir, að það sje vel til fallið, að stjórnin hafi nokkurt fje til umráða í þessu skyni, en með því er þó ekki bætt úr þörf Einars Jónssonar. Fjeð er lítið og stjórnin ekki bundin við að kaupa einungis listaverk eftir Einar Jónsson, enda mun það rjettast.

Þessi listamaður er viðurkendur fyrir gáfur sínar og einkennileik í list sinni, þótt enn sje hann ekki kominn svo langt, að hann geti selt það, sem hann þarf til að hafa ofan af fyrir sjer. Hann hefur nú fyrirliggjandi óselt allmikið listagripasafn. sem hann hefur boðið landinu til kaups eða að gjöf. Nefndin vill ekki, að gengið sje að þessu boði, en leggur til, að hann fái 1200 kr. styrk á ári.

Þá kem jeg að brtill. nefndarinnar á 30. lið 14. gr. Nefndinni finst það fremur óviðkunnanlegt, að hinn ríflegi styrkur til Jóns rithöfundar Ólafssonar sje ekki bundinn neinu öðru skilyrði en því, að hann láti af öllum öðrum launuðum störfum en orðabókarsamningunni. Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefur fengið, virðist orðabókarsamningin vera komin töluvert áleiðis; og mun það því ekki vera erfiðleikum bundið fyrir orðabókarhöfundinn að ljúka við 40 arkir á ári, enda kemur það heim við áætlun h. Nd., þar sem hún gerir ráð fyrir, að hann muni ljúka við verkið á 7—8 árum. Nefndin vill því. að það sje gert að skilyrði fyrir styrknum, að hann skili árlega af handritinu fullgerðu, sem svarar 40 prentuðum örkum, Líka álítur nefndin það óþarft og óviðeigandi að tala um 1. og 2. afborgun af 8 ára styrk, og leggur til, að því sje slept.

Þá kem jeg að 54. brtill. nefndarinnar á þgskj. 665, styrknum til Hannesar Þorsteinssonar. Þegar sá styrkur var veittur á síðasta þingi, hafði þessi rithöfundur ekki nein launuð störf á höndum fyrir landssjóð. Styrkurinn var miðaður við það, að hann mundi nægja þessum rithöfundi til að lifa á, einkum þar sem hann var talinn hafa nokkur efni. En nú hefur hann fengið starf fyrir landið, sem launað er með 960 kr. á ári. Þessu starfi er þannig varið, að það mun ekki tefja hann mikið frá vísindaiðkunum, jafnvel gerir honum að sumu leyti hægra fyrir með þær. Nefndin áíítur; að 2000 kr. styrkur muni nægja, og hefði þá rithöfundurinn, Hannes Þorsteinsson, alls tæp 3000 kr. á ári. Nefndin hefur lagt það til, að styrkurinn til Dr. Helga Pjeturss sje lækkaður ofan í 1200 kr. á ári. Upphaflega var 2000 kr. styrkurinn veittur með það fyrir augum, að nokkuð af honum mundi ganga til ferðalaga um landið við jarðfræðisrannsóknir. En nefndin telur litlar líkur til, að mikið geti orðið um þessar rannsóknir á næstu tveim árum.

56. brtill. á þgskj. 665 er um það, að styrkurinn til Eggerts og Þórarins Guðmundssona, til að fullkomna sig í hljóðfæraslætti og hljómfræði, sje látinn falla niður. Það eru ýmsir aðrir, sem sótt hafa um svipaða styrki þessum, og nefndin sjer ekki ástæðu til að taka þá fram yfir alla hina.

Loks hefur nefndin lagt það til, að aftan við greinina væri bætt tveim nýjum liðum. Fyrri liðurinn er, að taflfjelagi Reykjavíkur sjeu veittar 400 kr., til að senda mann á skákþing Norðurlanda 1914. Nefndin leit svo á, að það gæti verið til sóma fyrir landið og til að vekja eftirtekt á því, ef hægt væri að senda hjeðan mann, sem nokkuð bæri á á því þingi, og hún vonar, að taflfjelagið sje fært um að senda slíkan mann. Það er og fordæmi fyrir því, að þingið hefur veitt fje í svipuðum tilgangi.

Annar liðurinn er um, að Samúel Eggertssyni sjeu veittar 1000 kr., til að gera hlutfallsuppdrátt af sögu Íslands. Samkv. umsókn Samúels býst hann við að geta gert uppdráttinn þannig, að hann geri líkt gagn við sögukenslu eins og landabrjefið við landafræðiskenslu. Nefndin getur að vísu ekki fyllilega dæmt um, hvort honum muni takast að gera handhægan uppdrátt, en það er henni ljóst, að hepnist það, þá er mikill stuðningur að slíkum uppdrætti við sögukenslu, og því leggur hún til, að fje sje veitt til að gera til-

raun þessa. Þá er ekki meira um breytingar á 15. gr. að ræða. Breytingarnar eru engar stórvægilegar, og upphæðin svipuð nú og var, þegar frv. kom frá hv. Nd. Þá kem jeg að 16. gr.; hún er sú af greinum frv., sem hefur hækkað tiltölulega mest í h. Nd., þegar tekið er tillit til þess, sem flutt hefur verið yfir í 14. gr. Um þetta er þó ekki mikið að segja, þar sem þetta fje er lagt fram til verklegra fyrirtækja.

Þá komum vjer að brtill. 58. Þar leggur nefndin til, að veittar verði alt að kr. 1000 til að hefta vatnságang á nokkrar þjóðjarðir í Álftaveri gegn jafnmiklu úr annari átt. Fje þetta er ætlað til fyrirhleðslu við ána Skálm, og hefur ráðunautur Búnaðarfjelags Íslands gert áætlun um kostnaðinn. Hann áætlar, að garðurinn muni kosta um 2000 kr. og að ennfremur muni þurfa að hlaða annan síðar, sem þó ekki liggi eins mikið á, og muni hann kosta um 1800 kr. Til þess, að þessi garður verði bygður, stingur nefndin upp á, að veittur verði alt að 1000 kr. móti annari eins upphæð annarstaðar frá, nefnilega Landbúnaðarfjelaginu og ábúendum jarðanna.

Þá leggur nefndin til, að 7. liður 16. gr. falli burtu. Hann er um að ryðja vör við Ingólfshöfða og leggja veg upp höfðann, og vill h. Nd. verja til þess 4000 kr. Það liggur engin áætlun fyrir um kostnað við þetta fyrirtæki, og nefndin hefur enga hugmund um, hvað mikið er unnið við, að það komist í framkvæmd. Það virðist þó liggja í augum uppi, að vör þessi verði ekki mikið notuð, því staðurinn muni vera nokkuð langt frá bygðum, og ræður nefndin því frá, að veita þetta fje, þar til áætlun liggur fyrir.

Þá sjer nefndin enga ástæðu til að hækka styrkinn til iðnaðarnáms erlendis frá því sem er á núgildandi fjárlögum, og vill því láta færa hann niður aftur úr 3000 kr. í 2500 kr. Það er 60. brtill., við 16. lið 16. gr.

61. brtill. er einungis orðabreyting, svo að 16. gr. 22 a verði í samræmi við hin nýju lög um skoðun á síld.

62. brtill. er um, að 24. liður 16. gr. falli burtu. Fjárlaganefnd h. Nd. setti inn 2 nýja liði, 23. og 24. lið, til að launa erindreka erlendis. Að því, er fyrri liðinn snertir, hefur verið starfað mikið að undirbúningi þessa máls. Kaupfjelögin norðanlands hafa alt frá 1902 unnið að því, að fá sjer umboðsmenn erlendis, en eru skamt á veg komin, nema að fjelögin hafa stöku sinnum til þessa annast ýmislegt fyrir hönd fjelaganna, t. d. umsjón með sauðförmum, og til að gera hitilfjörleg vöruinnkaup. Mál þetta hefur verið rætt á sambandsþingum Kaupfjelaganna norðanlands, og rætt um það við stjórn Sláturfjelag Suðurlands, og hefur niðurstaðan orðið sú, að farið er fram á fjárstyrk til að launa erindreka erlendis, alt að helmingi, Að því er 24. liðinn snertir, þá hefur enginn undirbúningur verið gerður, svo vitanlegt sje, og vill nefndin því fella hann burtu, en vill jafnframt láta þá skoðun í ljósi, að þegar það mál er nægilega undirbúið, muni alþingi ekki láta á sjer standa að styrkja það á sama hátt.

63. brtill. er um, að 33. liður 16. gr. falli burtu. Það hafa legið fyrir margar ar umsóknir um styrk til bifreiðatilrauna, og þær eru þegar byrjaðar af einum privatmanni. Nefndin lítur svo á, að gott sje, að þessar tilraunir sjeu gerðar; en nú getur svo farið, að niðarstaðan verði ekki eins góð og eftir er vænzt, og sje því ekki rjett, að ginna marga út í slíkar tilraunir með fjárframlögum, og vill því einungis láta gera þær á einum stað, og virðist því eðlilegast, að það sje út frá Reykjavík. Vill nefndin því, að þessi umræddi liður falli burtu.

Þá hefur nefndinni borizt umsókn um

styrk fyrir Eggert Briem til rafmagns- og vjelfræðisnáms í Mittweida á Þýzkalandi Piltur þessi hefur ágæt meðmæli og umsagnir um, að hann sje hið bezta fallinn til þessa náms. Faðir hans er fremur efnalítill, og meiri hluti nefndarinnar er því meðmæltur, að styrkja piltinn til náms þessa með 600 kr. á ári, og er það ekki nema lítilfjörlegur styrkur, því nám þarna er dýrt, um 1500 kr. á ári. Og þess skal þar að auki getið, að til að taka fullkomið nám við þennan skóla þarf 5—6 ár.

65. brtill. er við 16 gr. 38. lið, um brimbrjót í Bolungarvík. Enginn efast um, að nauðsyn er mikil á þessu fyrirtæki og að mikið er gefandi fyrir trygga mótorbátalendingu á þessum stað. Það er engin greinileg áætlun til um þetta fyrirtæki, en gizkað á, að það muni kosta um 80 þús. kr., og hefur þegar verið varið til þess ca. 7500 kr. Nefndin vill styrkja þetta fyrirtæki, og vill meiri hluti hennar láta veita til þess $^1/_3$ af kostnaðinum, með því skilyrði, að $^2/_3$ komi annarstaðar frá; þannig hefur verið haft með ýms verkleg fyrirtæki hjer, t. d. Blönduósbrúna, sem veitt var til $^1/_3$ af kostnaði, bryggjuna í Stykkishólmi, sem styrkt var að $^1/_4$, til bryggju á Húsavík, sem kostaði 10—11 þús., voru veittar 3 þús, og síðast til hafnargerðar í Reykjavík $^1/_4$, og veit jeg, að flestum mun minnisstætt, að farið var fram á miklu hærra fjárframlag. Þetta er aðalástæða nefndarinnar til þessarar breytingar, að hún vill fá þeirri meginreglu slegið fastri, að eigi skuli varið meiru fje til styrktar verklegum fyrirtækjum líkum þessu, en sem nemur þriðjungi af kostnaðinum. og nú heyri jeg sagt, að í frv. um höfn í Vestmannaeyjum, sem er á döfinni, sje gert ráð fyrir að landssjóður styrki hana að $^1/_4$. Nefndin leggur því til, að tillagið til brimbrjótsins sje fært niður í 7500 kr. á ári um fjárhagstímabilið, eða alls 15000 kr., og að sýslan eða Bolungarvík leggi því á sama tíma fram þá $^2/_3$, sem þá vanta eða allt að 30,000 kr. En af því að nefndin viðurkennir erfiðleikana fyrir Bolungarvík að leggja þetta fje fram, þá leggur hún til, að það fje, sem þegar hefur verið varið til brimbrjótsins, verði talið með í tillagi sýslunnar og Bolungarvíkur og mundi það tillag nema um 26 þúsund kr. á næsta fjárhagstímabili. Nefndin viðurkennir þörfina á þessa fyrirtæki, þar sem um jafnstóra verstöð er að ræða, og álítur, að hlynna beri að henni með þessari fjárveitingu.

Þá leggur nefndin til í næstu brtill. sinni, að veittar verði 1000 kr. til að koma upp bátauppsátri við bryggjuna á Blönduósi. Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefur fengið, er ómögulegt, eða lítt mögulegt að koma upp bátum við bryggjuna, þar eð steinlímdur veggur er fyrir, framan í brattri brekku, og er því lítt mögulegt að nota bryggjuna, ef vont er í sjóinn, nema að eiga á hættu að brjóta þar bátinn. Það hefur verið gerð þar lausleg áætlun um, að kosta muni um 3000 kr. að gera þar uppsátur. Sýslan ætlar að leggja til þess $^1/_3$ og kaupfjelag, sem er þar á staðnum, $^1/_3$, og virðist þá ekki nema sanngjart, að landssjóður styrki þetta að $^1/_3$, eins og viðbót við bryggjuna, sem hann styrkti eftir sama hlutfalli.

Þá hefur nefndin gert þá brtill. við 18. gr., að feld sjeu burtu eftirlaunaviðbót ekkjufrúar Kristínar Sveinbjörnsdóttur. Ástæða nefndarinnar er sú, að ef þessari ekkju er veitt eftirlaunaviðbót, þá gæti, eftir því, sem nefndin veit um ástæður hennar, allur fjöldi prestsekkna hjer á landi vænst launaviðbótar, því laun þeirra flestra eru lág, og mundi því með þessu vera gefið hættulegt fordæmi.

Þá kemur 19. gr. frv., og hefur nefndin gert við hana 5 brtill. Að því, er fyrri brtill. snertir, hefur nefndinni borizt erindi frá nokkrum mönnum á Langanesi, um endurgreiðslu úr landssjóði á kostnaði við björgun, flutning og greftrun 15 líka frá norsku skipi, sem strandaði við Langanes.

Skip þetta kom frá Jan Mayn, rakst á Langanestá 9. okt. 1907 og brotnaði í spón. Skipverjar druknuðu allir nema 1, sem skolaðist upp í brúkið, komst síðan til bæja, var hjúkrað og sendur utan, er hann var orðinn ferðafær. Menn álitu nú skyldu sína, að leita að líkunum og bjarga því, sem upp ræki. Skipið hafði horfið gersamlega, en 15 lík höfðu borizt upp undir björgin, og voru þau tekin, flutt til kirkju og jarðsungin, og varð kostnaður við það altsaman 1600 kr. Mennirnir sendu mjer reikninginn, og báðu mig að koma honum á framfæri, og jeg sendi hann til konsúlsins, þar eð jeg áleit það greiðasta veginn, til að fá kröfu þessa borgaða. Eftir langan drátt voru mjer loks sendar frá Noregi upp í greftrunarkostnaðinn rúmar 750 kr. Sennilega er enginn lagarjettur að heimta þetta af ríkissjóði Norðmanna eða landssjóði, en sanngirni virðist mæla með því, að þeir fái þetta greitt á þennan hátt. Ef til vill gæti það verið hreppsnefndarinnar í Sauðaneshreppi að greiða þetta. Aðstandendur hinna látnu upplýsist ekki um.

Síðari brtill. við þessa gr. er um það, að síðari partur greinarinnar falli burtu. En það er klausa um, að eigi megi greiða ferðakostnað embættiamanna eða embættismannaefna, er þeir taka við embættum sínum, af upphæð þeirri, er þessi grein ætlar til óvissra útgjalda. Þetta ákvæði var sett inn 1883, og var það fyrir þá sök, að greitt hafði verið úr landssjóði flutningskostnaður embættismanns og þótti nokkuð hár. Þar eð engin líkindi eru til, að slíkt komi fyrir aftur, álítur nefndin rjettara, að fella þetta ákvæði burtu.

Jeg hef minzt á það við stjórnina, og hún álítur enga þörf á þessu ákvæði.

Á lánið til Reykjavíkurdómkirkju þarf jeg ekki að minnast, því um það hef jeg talað áður. En um lánið til Rangárvallasýslu til jarðarkaupa er það að segja, að nefndin álítur það óforsvaranlegt, að lána á þessu þingi mikið fje úr landssjóði, eða meira en inn kemur af viðlagasjóðslánunum. Nd. hefur lagt til, að lánað væri 159,000 kr. og eru það 43,000 fram yfir það, sem innkemur. Það er alls eigi rjett, að binda fje þannig, þegar það er ekki til í landssjóði, og þótt reikningarnir sýni ekki beinan halla, þá er langt frá, að nokkurt fje sje til í árslok. Og ef fara ætti að kaupa jarðir til embættisbústaðar, þá væru opnaðar víðar dyr. Það mundi ekki verða þessi eina sýsla, sem þyrfti aðstoðar í þessu efni, heldur mundi svo verða um land alt. Og þegar búið væri að kaupa jörð fyrir 14,000 kr., þá mundi þurfa að byggja fyrir aðrar 14,000 kr. Þetta mundi því hættuleg byrjun og ilt fordæmi. Jeg hef heyrt sagt, að það mælti með þessu, að þetta sje verðmæt eign og sýslan græði á kaupunum, en landssjóður á ekki að fara að stuðla að slíkri „spekulation“. Og ef fara ætti að kaupa jarðir til embættisbústaðar, mundu smábýli heppilegri til slíks.

Nú eru aðeins eftir 2 brtill. 72 og 73 um breytingu á lánskjörum á lánum til raflýsinga. Nefndin lítur svo á, að engin meining sje í, að landssjóður láni út fje fyrir lægri vexti en hann borgar sjálfur, og bíði við það beint peningatap, og enn fremur virðist afborgunartíminn nógu langur, 20 ár.

Jeg hygg jeg hafi nú minzt á allar brtill. nefndarinnar, og ætla að geyma mjer brtill. einstakra manna, þar til að þeim kemur í umræðunum.

Hákon Kristoffersson: Það lá við, að umræðunum yrði lokið, svo að jeg vildi aðeins segja nokkur orð.

Fyrst vildi jeg minnast á nokkur atriði í ræðu háttv. framsm, (Stgr. J.). Hann mintist á laun 2. bókavarðar við landsbókasafnið. Hann hefur 1400 kr. í eftirlaun, 1000 kr. í laun, og þar sem hækkað hefur verið við 1. bókavörð, áleit hann

sanngjart, að hækka við annan bókavörð. En nú vill svo til, að 2. bókavörður hefur meiri tekjur en 1., svo að jeg sje ekki annað en þessi hækkun sje með öllu óþörf.

Þá kvað hann nefndinni ekki lítast ráðlegt, að landið þægi safn Einars Jónssonar að gjöf eða keypti það. Hvernig hugsaði nefndin þetta, er hún sá sjer ekki fært að taka þessari málaleitun vel?

Þá talaði háttv. framsm. (Stgr. J.) um Hannes Þorsteinsson. Hann kvað styrkinn hafa verið settan svo háan til þess að hann gæti lifað af honum. Jeg vildi óska, að mjer hefði misheyrzt þetta. Ef það er meginregla, að veita mönnum styrk til þess, að þeir geti lifað, en ekki til þess að þeir vinni, þá vildi jeg í þessu sambandi spyrja um Helga Pjetursson, hví nefndin vill lækka við hann. Þarf hann ekki að lifa? Með þetta og fleira fyrir augum, get jeg ekki verið þessari tillögu samþykkur. Dr. Helgi er merkur vísindamaður, og þó að hann hafi komizt á óheppilegar brautir og gert sumt, er betur var látið ógert, þá var honum það ekki viðráðanlegt. Um Hannes Þorsteinsson er mjer sagt, að hanu sje mesti starfsmaður og sje vel kominn að þessum styrk, er hann nýtur.

Um bifreiðina vildi jeg gera stutta athagasemd; hún þarf ekki að vera löng, því að annar maður hefur talað um þennan lið. Jeg vildi aðeins segja það, að mjer lízt varhugavert, að eyða mörg þús. kr. í það fyrirtæki; eftir þeirri reynslu, sem fengin er í sumar, þá bendir fátt á það, að þetta verði framtíðarflutningatæki hjá okkur, enda flutningsgjald óhæfilega hátt sett, eftir því sem ráð er fyrir gert, 3 aurar undir hvert $^1/_2$ kg.

Þá vildi jeg minnast á þessar 700 kr. til manna á Langanesi fyrir að bjarga líkum frá sjó og grafa þau. Reikningur fyrir þetta nam upphaflega 1600 kr. Meðan jeg vissi ekki annað, en hann hefði alt af verið 700 kr., þá taldi jeg sjálfsagt, að landssjóður hlypi hjer undir bagga. En er jeg heyri, að hann hafi verið 1600 kr., þá fer jeg að líta í kringum mig. Jeg veit það, að jarðarfarir kosta ekki svo mikið. Jeg er þessu svo kunnugur, að jeg get fullyrt, að það er hægt að jarða fyrir minna verð en þetta, og þá er þess er gætt, að jarðarfarirnar voru í sveit, sjest enn betur, hvílíka ósanngirni hjer er farið fram á. Og enn eitt; Úr því að einn maður komst af, hefði að líkindum verið hægt að fá að vita, hverir voru aðstandendur þessara líka. Og líklega hefur rekið meira en þessi 15 lík, eitthvað fjemætt rekið með, sem hægt átti að vera að selja upp í kostnaðinn, mjer þykir það undarlegt, að koma með slíkar fjárbænir fyrir alþing.

Jeg á hjer nokkrar brtill., en þær eru svo rjettmætar, að þess gerist engin þörf að tala fyrir þeim. En ef þær mæta andróðri, reyni jeg að svara.

Þá er brimbrjóturinn í Bolungarvík. Nefndin hefur ekki getað aðhylzt tillögu fjármálanefndar Nd. Jeg er þar á nokkuð annari skoðun en nefndin. Og jeg skal geta þess þegar í stað, til að spara mönnum allar getgátur, að jeg hef engar persónulegar hvatir til að vera með einu fremur en öðru. Hjer er að ræða um fjárframlag til afarnauðsynlegs fyrirtækis, sem getur orðið þessum atvinnuveg að stórmiklu gagni. Háttv. framsm. (Stgr. J.) færði þau rök fyrir þessu, að farið væri fram á meiri upphæð í fjárlagafrv., en venja væri til að veita til bryggjugerða. En það er munur, hvort í hlut eiga sjóþorp eða höfuðstaðir. Í höfuðstöðum kemur gjaldþunginn á fleiri og verður því ljettari en í sjóþorpunum. Jeg vona, að mjer verði ekki brugðið um, að jeg vilji fleygja fje landsins að óþörfu, en jeg vil styðja atvinnuvegina. Og það er ekki nema eðlilegt, að sjómannastjettin gefi

rjettlæti þingsins ilt auga, ef hún er svo látin sitja á hakanum.

Í flestu öðru get jeg verið háttv. nefnd samferða og samþykkur. Hún hefur haft vandasamt og óvinsælt starf með höndum. Og jeg kalla, að hún hafi yfirleitt leyst það vel af hendi.

Sigurður Stefánsson: Jeg hef að þessu sinni verið dálitið óheppinn í fjárlaganefnd. Það er ekki af því, að þeir, er skipuðu nefndina með mjer, væru ekki góðir og samvinnuþýðir menn, heldur af því, að jeg bar ekki gæfu til samþykkis við þá um 84. lið á atkvæðaskrá, brimbrjótinn í Bolungarvík. Það er eina vonin, að hann var samþyktur með 19 samhlj. atkv. í Nd. Þó að þessum styrk verði breytt hjer, eru litlar líkur til, að sú breyting standi lengi.

Um 30 ár hef jeg nú verið búsettur þar ekki langt frá og lengst af haft útgerð í Bolungarvík. Dagleg dæmi hafa fært mjer heim sanninn um nauðsyn á lendingarumbótum þar. Frá því á landnámstið hefur Bolungarvík verið ein aðalveiðistöð landsins. Jeg vona, að menn muni frásögnina í Landnámu af göfugri konu frá Hálogalandi, er nam land í Bolungarvík, Þuríði Sundafylli. Í hallæri á Hálogalandi seiddi hún hvert sund fult af fiski í harðæri. Hún setti Kviarmið í Ísafjarðardjúpi og skyldi hver bóndi á Ísafirði gjalda fyrir á grákollótta; er það upphaf vertollanna í Bolungarvík. Síðan hefur Bolungarvík verið fiskisælasta veiðistöð landsins. En hún hefur ekki verið það vegna lendingar góðrar. Öðru nær. Þótt hún sje hin versta, sem jeg mun bráðum sýna, er meira framleitt þar af fiski en nokkursstaðar annarsstaðar af jafnmörgum mönnum, enda er hún miðstöð alls bátaútvegsins í Þorskafjarðarþingi. Þangað sækja menn til fiskifanga úr Barðastrandar-Dala-, Stranda-, og Snæfellsness-sýslum. Þangað koma menn, ekki einungis úr öllum fjórðungum landsins, heldur úr öllum sýslum landsins. Á vetrar- og vorvertíðinni ganga þar að meðaltali 75—80 skip; 5 menn eru til uppjafnaðar á hverju skipi. Þar stunda því 375—400 manns sjó hvern dag, er á sjó gefur. En auk þess koma þangað margir, er atvinnu hafa af fiskverkun og öðrum störfum, sem standa í sambandi við fiskiveiðarnar, svo að þaðan fara á hverju ári mörg hundruð manns, jeg vil ekki segja með fullar hendur fjár, en með fje, sem er þeim ærið til góðs stuðnings fyrir heimili þeirra.

Mjer er nú spurn: Hvar á Íslandi getur slíka veiðistöð? Jeg skal geta þess, að svo hefur tjáð mjer glöggur maður, sem verið hefur formaður og útvegsbóndi í Bolungarvík, og nú er þar kaupmaður, að telja mætti meðal-aflaupphæð í Bolungarvík með meðal-fiskverði í peningum nærri 6500 kr. virði. Það er auðvitað öll upphæðin, en kostnaður ekki dreginn frá. 80 skip afla þar þá að meðaltali fisk, sem nemur $^1/_2$ milj. kr. Í beztu árum má fullyrða, að aflinn sje þar heila miljón kr. virði. Jeg efast um, að í nokkurri veiðistöð á landinu sje svo mikið aflað af ekki fleiri mönnum, að undantekinni hinni nýju botnvörpuútgerð. En eins örðugt og það er, að benda á nokkra veiðistöð landsins, þar sem eins mikið er aflað, eins erfitt er að benda á stöð, þar sem sjór er sóttur með jafn súrum sveita og jafn miklum sí yfirvofandi lífsháska og atvinnu- og eignatjóni eins og í Bolungarvík, og stafar það eingöngu af lendingarleysinu. Lendingin liggur nær því fyrir opnu Norðurishafinu. Fjaran er sem stórgrýtisurð, með sjóbörðu, brimsorfnu stórgrýti. Og svo afskaplegt er brimið og öldugangurinn, að það veltir fram, eins og ægisandur væri, heljarbjörgum. Eftir hvert slíkt brim, þá er hverju skipi ófæra að komast á flot eða lenda, nema með mikilli hættu fyrir eignir og líf manna, en Bolvíkingar hafa frá öndverðu gert alt, er í þeirra

valdi stendur, til að bæta lendínguna, en bæturnar hafa verið næsta ófullkomnar, og sífelt strit og stríð við þetta heljarafl náttúrunnar.

Eftir hvert stórbrim ganga allir sjómennirnir að því afar erfiða verki, að ryðja varir í gegnum stórgrýtið; er þá stórgrýtinu varpað í háa hryggi milli varanna; eru varir þessar til mikilla bóta, en ekkert má þó út af bera í lendingunni, til þess að skipin svífi í briminu upp á vararveggina og þá eru þau óðar en varir brotin í spón og stór hætta á lífi skipshafnanna. En hvað kostar nú þessi lendingarbót, er menn frá alda öðli hafa glímt við að gera, kynslóð eftir kynslóð, þessi eina litla, ljelega lendingarbót, er kostur hefur verið á að gera? Það er óhætt að segja, að eftir hvert stórbrim fara 300 dagsverk í að ryðja þessar varir, og jafnan ganga til þess beztu sjóveðursdagarnir næst eftir hvern sjógarð, og auk þess eru þessir dagar hinir aflavænlegustu, því eftir hvern sjógarð er aflavon talin mest við Ísafjarðardjúp. En hjer er meira blóð í kúnni. Þótt að aumingja sjómennirnir leggist þreyttir til hvíldar eftir þetta strit frá dögun til dagseturs, og glaðir að því leyti, að þeir vonast eftir að geta farið á sjóinn næsta dag, þá vakna þeir oft næsta morgun við þann vonda draum, að komið er stórbrim, sem á litilli stundu hefur farið svo með lendinguna, að ekki sjer örmöl eftir af vararuðningunni, og svona getur það gengið dag frá degi og enda mánuð eftir mánuð. Þessi greindi maður, sem jeg vitnaði til áðan, kvaðst ekki geta gert ábyggilega áætlun um þann kostnað og það aflatjón, er af þessu stafi, en sjálfsagt megi telja, að 3000 dagsverk gangi í þessar vararuðningar yfir vetrar- og vorvertíðina og aflatjónið skifti oft tugum þúsunda króna. Og þá má heldur ekki gleyma eignatjóninu, því að fleiri og færri bátar brotna oft í brimganginum, og það tjón, sem þannig hlýzt má

reikna í þúsundum króna í vetrar- og vorvertíðinni, og síðan vjelabátarnir voru teknir, verður þetta tjón en átakanlegra, þar sem þeir eru svo miklu dýrari en sexæringar voru áður.

En þessi breyting á bátaútvegnum í Bolungarvík getur ekki orðið nema hálfverk og kák, meðan svo búið stendur. Bátarnir mega ekki vera stærri en svo, að menn geti sett þá upp og ofan og þessvegna geta mann ekki sótt sjóinn svo vel, sem skyldi. Mest munu tíðkast þar bátar með vjelum, sem hafa 4—6 hesta kraft; aðrir bátar eru of stórir, meðan engin bót fæst á lendingunni. Jeg gat þess áðan, að slysin væru tíðust við ofansetning bátanna. Í síðustu 5 ár hefur farið mannslíf næstum því á hverju ári; jeg má segja, að það eru 4 menn, sem bana hafa beðið á þeim tíma. Sumir af þessum mönnum dóu þegar í stað, aðrir lifðu nokkurn tíma við hinar mestu þjáningar og harmkvæli. Og svo eru ótaldir allir þeir, sem á sama tíma hafa orðið fyrir stórmeiðslum og limlestingum. Hvað lítið, sem út af ber, þegar verið er að setja bátana, þá er líf og limir í veði. Ef báturinn t. d. fer á hliðina í stórgrýtinu, þá þarf mikið snarræði og vaskleik til þess að verða ekki undir honum.— Skiptapar í lendingu hafa ekki orðið stórkostlegir í Bolungarvík síðan 1905. En það ár fórust 2 bátar með allri áhöfn í lendingu, og þau 30 ár, sem jeg hef dvalið þar vestra, hafa margir tugir manna farið þar í sjóinn. Það var sagt hjer í dag, að hvert mannslíf mundi vera um 20 þús. kr. virði, ef það væri metið til peninga. Samkvæmt því hefur þá um 80 þús. kr. verið kastað í fjörugrjótið í Bolungarvík á síðustu 5 árum (*Sig. Egg.*: Í Jökulsá á Sólheimasandi hafa farið 800 þús. kr!). Jeg ætla mjer ekki að fara að gera áætlun um, hvað margir menn hafa farizt í þessari veiðistöð frá því í landnámstíð, en jeg hygg, að þeir skifti þús-

undum. Verri torfæra, en lendingin í Bolungarvík, er ekki til á öllu Íslandi. Þótt alt gangi vel á sjónum, geta sjómennirnir í Bolungarvík átt von á bæði lífs- og eignatjóni, er að landi kemur. Það mun ekki vera neitt það manndrápsvatn á Íslandi, sem hefur verið eins mannskætt eins og þessi lending, og það fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að yfir ekkert vatnsfall fara 3—400 manns einusinni og tvisvar á dag um mestan tíma ársins, en svo er umferðin yfir þessa torfæru. Þessi torfæra er að vísu ekki á flutningabraut eða þjóðvegi, en samt sem áður má kalla, að hún sje á *þjóðleið*, meira að segja á einni hinni fjölförnustu þjóðleið landsins. Jeg hugsa, að það verði ekki hrakið, að landssjóður hafi oft hlaupið undir bagga, þar sem síður skyldi. Landssjóður hefur látið gera bryggjur, en ekki ein einasta hefur bætt úr eins brýnni þörf, og hjer er fyrir hendi. Landssjóður hefur látið brúa vatnsföll, sem ekki meira en einn maður fer yfir móts við hverja hundrað, sem þurfa að sækja yfir torfæruna í Bolungarvík! — Jeg þykist ekki hafa verið sóunsamur á fje landssjóðs; mjer hefur altaf verið óljúft, að kasta út landsfje til óþarfa eða óvissra fyrirtækja. En hitt tjáir ekki heldur að stara sig blindan á einhver princíp, sem maður hefur sett sjer. Það getur stundum verið heilög skylda að fara lengra en ströngustu meginreglur leyfa. — Jeg hef hingað til aðallega talað um þann háska fyrir líf manna og limu, sem stafar af þessari torfæru. En ekki er atvinnutjónið, sem hún bakar mönnum, síður átakanlegt, eins og jeg hef bent á, en svo er eitt enn: Þótt menn fari á sjó í ládeyðu að morgni, þá er oft ekki lendandi að kvöldi, og er þá ekki annað fyrir hendi, en að hleypa frá lendingunni. Afleiðingin verður svo sú. að þótt bezta veður sje daginn eftir, þá geta sjómenn ekki notað það, vegna þess að þeir hafa ekki getað beitt lóðir sínar, af því að þeir komust ekki heim til sín daginn áður. Það mundi verða alltorvelt að meta það tjón til fjár, sem sjómenn í Bolungarvík hafa orðið fyrir á þennan hátt.

Jeg vil nú með fáeinum orðum víkja að sögu málsins. Bolvíkingar hafa lengi fundið til þess, að svo búið mætti ekki standa, en þó fólk sje þar duglegt og ósjerhlífið til sjósóknar, þá hefur mannræna og framtakssemin til almenura fyrirtækja verið minni en skyldi. Sigurður Thoroddsen verkfræðingur var fenginn fyrir nokkrum árum til þess að skoða lendinguna. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að kostnaðurinn við að *gera höfn* þar, mundi verða um 250 þús. kr. Þá fjell Bolvíkingum allur ketill í eld og þorðu þeir ekki einu sinni að snúa sjer til þingsins með neina málaleitun í þá átt, að fá fje til þess fyrirtækis. Seinna hefur Þorvaldur Krabbe tvisvar sinnum athugað lendinguna. Í fyrra skiftið kom hann fram með uppástungu, sem sjómönnum leizt ekki á. En í seinna skiftið komst hann að annari niðurstöðu, sem mönnum hefur getizt betur að. Hann lýsir í brjefi til stjórnarráðsins, dags. 7. jan. 1911, skoðun sinni á því, hvað gera þurfi, á þessa leið:

„Áður hefur komið til tals að gera reglulega höfn þar, og væri það auðvitað hið æskilegasta, en því miður verður slík höfn svo kostnaðarsöm, að engin ráð eru til þess að koma henni í framkvæmd sem stendur, Hitt er það, hvort ekki er hægt að útbúa lendinguna þannig, að varirnar eyðileggist ekki í brimi, og það er aðallega það, sem jeg hef athugað.“ Leiðin mun að minni hyggju vera sú, að reyna að hefta það, að brimið nái lendingunni, og er sú tilætlun með garði þessum, eða brimbrjót, sem þegar var byrjað á 1911 í samráði við verkfræðing Krabbe. 30 metrar eru nú bygðir af þessum brimbrjót, og þótt hann nái ekki algerlega fram að stórstraumsfjörumáli gerir hann mikið gagn.— Krabbe hefur ekki gert ákveðna

áætlun um, hvað bygging brimbrjótsins mundi kosta, ef hún einhverntíma yrði fullgerð, en aðeins látið það álit í ljósi, að hún mundi að líkindum komast upp í 80 þús kr. En hann bætir því við, að hver viðbót við garðinn sje mikilsverð, og komi að miklu haldi. Í brjefi til alþm. Skúla Thoroddsens, dags. 16. júlí s. á. farast honum svo orð: „Viðvíkjandi hinni fyrirhuguðu hafnargerð í Bolungarvík, skal þess getið, að eftir mínu áliti er það með þeim beztu fyrirtækjum, sem unnið er að hjer á landi sem stendur, og vildi jeg mæla með að það fái sem mestan styrk úr landssjóði". Hjer má því ekki við svo búið standa. Ef fult gagn á að verða að fyrirtækinu, verður að framlengja garðinn. Um sama leyti, sem byrjað var á garðinum, lögðu sjómenn í Bolungarvík einnar krónu skatt á hvern hlut, til þess að styrkja fyrirtækið, og nam sá skattur um 1000 kr. yfir vertíðina, og er lögfull samþykt um það ger. Í fyrra var þetta tillag hækkað upp í 2 kr. á hlut, svo að nú leggja þeir til 2000 kr. á hverju ári. Fyrir þessa peninga og dálítinn styrk úr landssjóði, hafa þeir gert þennan 30 metra garð, sem þegar er hlaðinn.

Ágreiningsefnið milli mín og hv. meðnefndarmanna minna í þessu máli er það, að jeg vil láta fjárveitingu hv. Nd. til þessa fyrirtækis standa óbreytta, og þykist þar ekki mælast til mikils, heldur helzt til lítils, en þeir vilja færa hana niður um 9500 hvort árið og binda hana því skilyrði, að tveir þriðju hlutar kostnaðarins verði lagðir fram annarsstaðar að. Þetta skilyrði er auðvitað sett til þess að brjóta ekki bág við mikilsverða meginreglu, en jeg þykist nokkuð hafa sýnt fram á, hvílík nauðsyn er hjer fyrir hendi, og nauðsyn brýtur oft bæði lög og reglur. Þótt fjárveitingin fái að standa, eins og Nd. hefur gengið frá henni, þá verður alt af tími til þess að breyta skilyrðnum seinna meir, ef mönnum svo sýnist. Mjer finst, að menn verði að taka nokkurt tillit til þess, að sjómenn í Bolungarvík hafa sýnt óvenjulegan áhuga á þessu máli. Jeg man ekki til, að nein viðlíka framlög hafi átt sjer stað til brúagerða þeirra, sem landssjóður hefur lagt fje til. Og þó þessar brýr hafi verið nauðsynlegar, þá mun það þó einmælt af öllum, sem til þekkja, að enn þá ríkari nauðsyn kalli hjer að. Jeg hygg því, að Ed. geti í þetta skifti forsvarað þessa litlu frávíkningu frá þessari meginreglu.

Jeg skal játa, að það getur vel verið, að ódugnaði mínum sje um að kenna, að jeg hef ekki getað sannfært h. meðnefndarmenn mína í þessu máli. En tíminn, sem nefndin hafði til starfa, var mjög af skornum skamti, og því vildi jeg, sem formaður hennar, ekki tefja fyrir henni með miklum málalengingum um þetta fyrirtæki. Og þar að auki var jeg ekki heill heilsu þá dagana, En nú vona jeg, að jeg hafi lýst öllum málavöxtum svo greinilega, að h. deild hiki ekki við að greiða atkvæði með fjárveitingunni eins og hún kom frá Nd. — Ef til vill kunna sumir að halda, að jeg hafi notað alt of svarta liti, að jeg hafi hjer verið að mála fjandann á vegginn. En jeg vil þá taka það fram, að Bolungarvík er ekki í mínu kjördæmi. Mjer er það áhugamál, að þessu fyrirtæki verði hrundið nokkuð áleiðis, eingöngu vegna þess, að jeg hef árum saman orðið að horfa á alt það tjón og allar þær hörmungar, sem þessi lending hefur valdið. Og það vill svo vel til, að jeg get skotið því undir dóm tveggja h. þingdm., hvort lýsing mín sje ekki rjett. H. þm. Strand. og h. þm. Árn. hafa báðir róið í Bolungungarvík, og hygg jeg, að þeir muni geta staðfest alt það, sem jeg nú hef sagt.

Loks vil jeg geta þess, að það er ekki hægt að segja, að Ísfirðingar hafi hingað til verið frekir til fjár landssjóðs. Úr þeirri sýslu hefur þó jafnan dropið drjúgt í landssjóð. Það mun eingöngu vera

Reykjavík, sem meira hefur lagt af mörkum, og nú á síðari tímum ef til vill Eyjafjarðarsýsla. En þó hefur venjulegast borið einna minst á Ísafjarðarsýslu í gjaldadálkum fjárlaganna. Jeg ætla mjer ekki að fara að þylja hjer neinar eftirtölur fyrir hönd Ísfirðinga, en mjer finst, þegar þeir loks leita til landssjóðs í slíku nauðsynjamáli og þessu, þá ætti ekki alþingi að brynja sig hinum ströngustu meginreglum, áður en það svarar þeim. Ef fjárveiting Nd. fær að standa óhögguð, þá verður hægt að vinna fullan helming verksins næstu 2 ár, og væri það til ómetanlegs gagns. Jeg vil enda mál mitt með því, að láta þá ósk í ljósi, að menn hugsi sig um, áður en þeir greiða atkvæði móti þessum fjárstyrk. Hjer getur alþingi gert sitt til að afstýra manntjóni og eignatjóni og atvinnutjóni. Jeg vona, að h. Ed. sitji sig ekki úr færi um að vinna slíkt nytsemdarverk.

Einar Jónsson: Jeg hef komið með brtill. á þgsk. 728 og 731 við 15. gr. viðvíkjandi Landsbókasafninu og Landsskjalasafninu. Í frv. hafa verið ætlaðar 1500 kr. hvort árið til þess að semja skrá yfir handritasafn Landsbókasafnsins og til þess að halda áfram samningu spjaldskrár. Á núgildandi fjárlögum hafa verið veittar 1500 kr. hvort árið til spjaldskrársamningar einnar. Nú á því að vinna fyrir sömu upphæð bæði að spjaldskránni og handritaskránni. En það er of lítið fje að veita til þess aðeins 1500 kr. Nú er búið að semja spjaldskrá yfir útlendar bækur safnsins, en íslenzka safnið er enn eftir alt, og þar að auki þarf að skrásetja þær bækur, sem árlega bætast við, og það er mikið. Þessu starfi þarf nauðsynlega að halda áfram, og flýta því svo, að því verði lokið sem fyrst. Yfir íslenzka handritasafnið hefur enn engin aðgengileg skrá verið samin. Að vísu hefur verið rituð skrá yfir handritin, hver þau eru, og mun þó ekki vera nákvæm, og eru það eitthvað 7—8 bindi í 4o. En þeim er ekki ráðað til neins verulegs gagns í þeirri skrá. Er því auðsætt, hversu erfitt er að finna eitthvert handrit, ef leita skal gegnum öll þau bindi eftir því. Það hefur verið byrjað á að raða handritunum eftir efni, og voru komin þrjú bindi af því safni, er því var hætt, og er það fyrst og fremst ófullkomið, og auk þess langt of skamt á veg komið. En það vita allir, sem til þekkja, að það er með öllu ótækt, að eiga ekki til reglulega, handhæga skrá yfir safnið, svo að hver maður geti fljótt fundið það rit, sem hann ætlar að nota. Þessvegna hef jeg lagt til, að þessi styrkur verði hækkaður úr 1500 kr. upp í 2000 kr. til þess að hægt verði að vinna að því, að gera skrá yfir handritasafnið og halda áfram spjaldskrársamningunni. Þetta fje má eigi minna vera en það, sem jeg fer fram á, svo að verkinu verði lokið sem fyrst.

Önnur brtill. mín er viðvíkjandi Landsskjalasafninu, og fer hún fram á, að veittar verði 1000 kr. hvort árið til þess að skrifa og ljósmynda skjöl í ríkisskjalasafni Dana og öðrum útlendum skjalasöfnum. Eins og menn vita, er nú verið að gefa út fornbrjefasafnið, og er það nú komið ofan að 1538. Í Höfn og víðar ytra er fjöldi af skjölum, sem þarf að fá í þetta safn. Það hefur hingað til verið hægt að fá þau að láni hingað, en nú er svo komið, að ekki er hægt að fá þau lánuð framvegis, nema sjerstakar afskriftir. Það stendur einnig svo á, að margt af þeim skjölum, sem þarf að fá, er í innbundnum bókum hjer og þar innanum önnur skjöl í ríkisskjalasafni Dana, og er ekki von, að hægt verði að fá þær bækur lánaðar hingað. Einn viðburðaríkasti tíminn í sögu landsins byrjar einmitt um sama leyti, sem nú er komið fornbrjefasafninu, nefnilega siðbótatímabilið, og eru mörg skjöl ytra, sem snerta þann tíma,

og sem eigi er hægt að fá hingað lánuð. Fornbrjefasafnið er, eins og jeg gat um áðan, komið til 1538, og vantar þá einmitt dóma og önnur merk skjöl, er snerta mál þeirra Ögmundar biskups og Diðriks von Minden og svo viðburði þá, sem þar fara á eftir. Eru til ytra margir dómar og skjöl frá þeim tíma, og þá er nauðsynlegt að fá. Landsbókasafnið þarf einnig að fá ýmsar afskriftir frá Höfn, og ákveður frv., að lagðar verði 1000 kr. hvort árið til að vinna að þeim afskriftum. Kynni að mega nota þessar fjárveitingar saman. Jeg get ekki betur sjeð, en að það þurfi að hafa mann ytra, til þess að rita skjöl og bækur fyrir bæði söfnin, og sami maðurinn gæti einmitt mjög vel gert það. Það er að vísu mikið verk, sem vinna þarf, bæði að afrita merk skjöl og bækur og að ganga í gegnum ríkisskjalasafnið og tína úr því það, sem við á, og til þess þarf færan mann. En ef hann hefði 2000 kr. á ári, þá gæti það þó verið bjargvænlegt. Jeg vil geta þess, að í fjárlagafrumvarpinu eru veittar 600 kr. í öðrum stað til þess að afrita skjöl og bækur handa Landsskjalasafninu, en með því er aðeins átt við skjöl og bækur hjer á landi. Það eru mörg skjöl og bækur hjer á landi, sem þarf að afrita, til þess að menn geti haft not af þeim, og upphæðin 600 kr. snertir þau handrit; en mín tillaga á við útlend skjöl. Ýmsar afskriftir þær, sem nú vantar, mega engan veginn bíða, því að nú er einmitt svo ástatt, að útgefandi fornbrjefasafnsins er staddur í miðju bindi og getur eigi haldið áfram, fyr en þær afskriftir koma, sem jeg hef nefnt. Vona jeg því, að deildin sjái, að hjer er um nauðsynjamál að ræða, og samþykki tillögu mína.

Enn hef jeg komið fram með brtill. um að taka upp aftur styrk til Guðmundar Finnbogasonar til ritstarfa um heimspekileg efni, 600 kr. hvort árið. Þessi styrkur stóð í stjórnarfrv., en var feldur burtu í Nd. Að vísu voru laun hans hækkuð um 500 kr., en þar sem þessu var kipt burtu, voru laun hans í raun inni lækkuð um 100 kr. Ef nú þingið tekur af honum þennan styrk, þá sýnist það gefa með því vottorð um, að það álíti ritstörf hans lítils virði, en jeg hygg, að rit hans þyki þó þeim, sem um kunna að dæma, mjög vel af hendi leyst, og álít jeg því, að þingið ætti ekki að fella þennan styrk niður. Það er vitanlegt og viðurkent á þinginu, að 2000 kr. eru lítil laun, og má telja þess ýms dæmi. Það er nýbúið að samþykkja hjer í deildinni, að aðstoðarmaður við hagstofuna skuli hafa 2500 kr. í laun, og yfirleitt má segja, að eigi þyki byrjandi á störfum fyrir landssjóðinn með minna en 2000 kr. í laun. Þessi maður hefði að vísu 2600 kr. á ári, ef mín tillaga næði fram að ganga, en þess er líka að gæta, að hann verður þá að inna ritstörf af hendi, að minsta kosti 12 arkir, til þess að geta eignast þessar 600 kr. og það þarf ekki litla vinnu til þess. Mjer finst ekki rjett að vera að klípa af þessari upphæð, því að launin eru ekki of há, þótt þau nemi þessu, í samanburði við aðra starfsmenn þjóðarinnar. Síðasta þing hefur álitið með Hannes Þorsteinsson, að hæfilegt væri að láta hann fá 2500 kr. fyrir sinn starfa, og er því þetta einnig í samræmi við það.

Nú hefur háttv. nefnd stungið upp á því, að færa greiðsluna til Hannesar niður í 2000 kr., vegna þess að hanu hefur nú fengið starfa, sem hann fær 900 kr. fyrir á ári.

Það hefur oft verið sagt, að þingið eigi að borga vel það starf, sem vel er unnið, og það vita allir, að þessi maður vinnur trúlega og með mesta dugnaði að sínu verki, og ætti að borga eftir því, sem unnið er, væri eflaust rjett, að hann hjeldi styrk sínum óskertum. Jeg vil því leggja til, að liðurinn haldist óbreyttur. Það

verður víst ekki fenginn færari maður til þess starfa, sem hann hefur á hendi, enda mun hann vera með afkastamestu starfsmönnum okkar. Þá vil jeg minnast með nokkrum orðum á dr. Helga Pjeturss. Nefndin hefur lagt það til, að styrkur hans væri lækkaður úr 2000 kr. niður í 1200 kr. Jeg skal nú að vísu játa, að það er nokkur ástæða til þessa, en mjer finst, að það mundi ekki koma vel við, því eins og menn vita, hefur hann verið veikur undanfarandi, en er nú á batavegi. En hugsazt gæti, að það hefði slæm áhrif á heilsufar hans, ef styrkurinn væri lækkaður. Það efast enginn um, að hann hafi mjög góða hæfileika til síns starfa, og á meðan ekki er útsjeð um, að hann verði heilbrigður aftur, finst mjer ekki rjett að særa hann með því að lækka styrkinn. Þá hefur ennfremur verið lagt til, að styrkurinn til Eggerts og Þórarins Guðmundssona falli niður. En þótt ýmislegt mæli með því, þá þykir mjer þó leitt, að fella styrkinn alveg niður, því að þeir eru komnir vel á veg með nám sitt og eru vafalaust efnilegir menn í sinni grein. Það má að vísu segja, að um eins efnilegan mann sje að ræða, þar sem er Reynir Gíslason, sem sagður er mjög efnilegur maður í sömu list, og væri því eins rjett að veita honum námsstyrk, og kynni að vera eins rjett, að veita þeim öllum nokkurn styrk, þó að hann væri þá minni til hvers þeirra. Finst mjer öll sanngirni mæla með því, að þeim yrði að nokkru sint. Ætla jeg svo ekki að lengja umræðurnar frekar að sinni, á meðan engin mótmæli koma fram á móti tillögum mínum, og vona jeg, að háttv. deild vilji samþykkja þær.

Um aðrar fjárveitingar mun jeg sýna skoðun mína með atkvæði mínu.

Guðmundur Björnsson: Jeg hef beðið mjer hljóðs til þess að minnast á fáeinar af brtill. nefndarinnar og verður þá fyrst fyrir mjer 31. og 35. brtill. á þgskj. 665, og eru þær um styrk nemenda við mentaskólann og háskólann. Háttv. fjárlaganefnd hefur lagt það til, að úr athugasemdinni við húsaleigustyrkinn verði felt orðið *venjulega*, þannig, að framvegis megi *aldrei* veita innanbæjarmönnum þennan styrk. Jeg hef nú haft náin kynni af þessu máli í 17 ár, sem jeg hef kent við læknaskólann, og veit, að þessi breyting mundi koma sjer mjög illa. Það ber oft við, að ýmsir skólasveinar eiga heima hjer í bænum, en eru algerlega einstæðingar og eiga því mjög erfitt með að komast áfram, og er eins mikil ástæða til þess að veita *þeim* húsaleigustyrk eins og hinum, sem heima eiga utanbæjar. Til dæmis skal jeg geta þess, að nýlega útskrifaðist úr læknadeildinni piltur, sem var einstæðingur, átti engan að og vann sjálfur fyrir sjer á sumrum. Þeir, sem eru kunnugir í læknadeild háskólans vita, að nú er þar einn piltur, sem líka er einstæðingur og er meira að segja kvongaður. Þessi piltur er einhver allra duglegasti pilturinn í skólanum og mjög gott læknisefni, og er hann því alls góðs maklegur, og jeg veit, að kennurum hans þætti mjög leitt, ef ekki væri hægt að veita honum þennan styrk. Jeg get því alls ekki fallizt á þessa brtill. og vil óska, að hún verði ekki samþykt.

Þá er 52. og 53. brtill. nefndarinnar við 15. gr. 30. lið. Þar eru Jóni Ólafssyni í frv., eins og það kom hingað, ætlaðar 2000 kr. á ári í 8 ár, til þess að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók, með því skilyrði, að hann hætti öðrum launuðum störfum. Fjárlaganefndin vill nú breyta þessu þannig, að lofa þessum launum einungis í 2 ár og gera það að skilyrði, að hann skili 40 örkum á ári. Hjer er nú á það að líta, að *annaðhvort* er Jóni Ólafssyni *ekki trúandi* fyrir þessu starfi, og þá er yfirleitt ekki tilvinnandi að veita honum laun fyrir að vinna þetta

verk; ætti þá hreint og beint að nema burtu þessa fjárveitingu. En ef menn líta svo á, að hjer sje um verðmæta vinnu að ræða — móðurmáli okkar til gagns og sóma — þá megum við ekki fara svona að, eins og nefndin leggur til. Þessi maður er orðinn aldurhniginn og engin sanngirni að ætlast til þess, að hann sleppi öllum störfum fyrir þetta, en eiga ekki víst að halda því, nema um tveggja ára tíma; geta þá búizt við að missa styrkinn og verða að hætta við verkið. Jeg vil því annaðhvort fella þessa fjárveitingu burtu eða taka skrefið að fullu og heita manninum launum fyrir *alt* verkið. Fyrir mjer er því um tvent að gera, veita Jóni Ólafssyni alls ekkert, eða þá að ráða hann til 8 ára, eins og Nd. hefur viljað gera. Jeg veit, að það eru mjög deildar meiningar um þessa orðabók, sumir segja, að hún sje *einskis* virði, aðrir að hún sje mjög *mikils* virði, og einn þeirra manna er Sigfús Blöndal, sem hefur mjög mikla þekkingu á þessu efni; hefur hann látið í ljósi, að hann harmaði mjög, ef hætt væri við verkið á miðri leið. Jeg er ekki íslenzkur málfræðingur, en jeg er þó Íslendingur og móðurmálið er mesta yndi mitt, og þetta hefur leitt til þess, að jeg hef kynt mjer talsvert allar íslenzkar orðabækur og á þær allar.

Við höfum einusinni áður eignazt orðabók, sviplíka þessari nýju. Það var á 18. öld. Einn ágætur mentamaðnr þeirrar aldar, sjera *Björn Halldórsson* (1724—1787) samdi orðabok, vann að því verki í tómstundum sínum í 15 ár. Hann safnaði úr bókum, eins og venja er til.

En hann safnaði líka úr alþýðumálinu. Tók alt sem hann náði í. Það er oft eins og öllum sje dulið, að í alþýðumálinu er urmull orða, sem hvergi sjást í bókum. Þessi orð eru eins og hulinn fjársjóður.

Jeg hef sjálfur hent á lofti mörg ágæt orð úr alþýðumálinu; jeg er viss um, að þau skifta hundruðum, og þá efa jeg ekki, að maður jafnfær og fróður og Jón Ólafsson er, hafi hent á lofti ágæt alþýðuorð svo þúsundum skiftir. Og þessi orð eru oft gimsteinar, *tárhrein* íslenzka, og sum svo formleg, að það er bersýnilegt, að þau eru eldri en íslenzka þjóðin.

Fyrir *það* er orðabók sjera Björns Halldórssonar svo *dýrmæt*, að í henni er svo mikið af alþýðuorðum átjándu aldar. Fyrir það er sú bók talin *dýrgripur* í bókmentum okkar Islendinga. En haldið ekki fyrir því, að hún sje gallalaus — nei, nei, þar eru margir og miklir gallar auðsæir, í hana vantar fjölda orða, sem við vitum að þá voru í málinu, og eins er þar margt rangt og bókin yfirleitt mjög ófullkomin, en *samt* er hún *dýrgripur*. En dýrgripir geta verið gallaðir. Í sambandi við þetta dettur mjer í hug, er eg kom inn í hinn alkunna stóra listasal í Louvre í Paris. Þar eru fjöldamörg marmaralíki af ástargyðjunni, en eitt ber langt af öllum hinum — það er Venus frá Miló — og eru brotnir af báðir handleggirnir. Margir dýrgripir eru skemdir, og þó stórmikils virði, og aðrir eru gallaðir frá upphafi.

Sjáum nú til:

Alt það er jeg hef sagt um orðabók sjera Björns Halldórssonar, það má líka segja um orðabók Jóns Ólafssonar.

Jón Ólafsson tekur líka saman gamalt og nýtt, heldur sjer ekki við bækur eins og flestir orðabókarhöfundar, heldur tekur líka eins og sjera Björn Halldórsson mjög mikið úr alþýðumálinu. Jeg efast ekki um, að bók hans hafi marga galla, en hitt er jafnvíst, að kostirnir eru margir og miklir, og þetta er *aðal*-kosturinn.

Jeg er sannfærður um það, að komist bók hans út, þá verður hún á 21. öldinni mikill dýrgripur, eins og orðabók sr. Björns Halldórssonar er mesti dýrgripur fyrir okkur.

Og þetta þori jeg að fullyrða, og það þótt jeg viti, að mörg orð muni vanta í Jónsbók, og að þar verði margir gallar.

Jeg get ekki stilt mig um í þessu sambandi að benda á orðasafn Jóns heitins rektors Þorkelssonar. Þessi ágæti og vandvirkni höfundur safnaði lengi til íslenzkrar orðabókar, og gerði það mjög vandlega. Hann gerði það þannig, að hann tók bækur, las þær vandlega og tíndi úr þeim öll orð, sem hann fann ekki í orðabókum. Jeg stóð nú lengi í þeirri trú, að hann, jafn samvizkusamur maður, hefði gersópað þær bækur, sem hann leitaði í, en jeg hef smásaman rekið mig á, að honum hefur sjezt yfir mjög mörg orð í þeim bókum, sem hann tíndi úr. Þetta er svo vandasamt verk, að jafnvel eins samvizkusamir menn og Jón heit. Þorkelsson var, geta ekki gert það gallalaust.

Jeg efa ekki, að hver, sem til þekkir, líti svo á, að orðabók Jóns Ólafssonar verði enn þá meira virði en orðabók sjera Björns Halldórssonar var á sinni tíð, og það að miklum mun; hún verður margfalt meiri fengur fyrir íslenzkar bókmentir.

Hversu margir, sem gallarnir verða, þá er víst, að bókin verður stórmikils virði fyrir vöxt og viðgang móðurmálsins.

Af þessum ástæðum vil jeg ekki greiða atkvæði með 31. brtill. nefndarinnar.

Jeg vil, að okkur farist þetta drengilega.

Hitt er annað mál, er um ræðir í 32. brtill. nefndarinnar um að setja honum það skilyrði, að hann eigi að skila 40 örkum á ári. Jeg tel sjálfsagt, að skilyrði sje sett um eftirlit. En mjer er ekki fyllilega ljóst, hvað nefndin meinar með þessari brtill. sinni. Er það meiningin, að það eigi ekki að greiða höfundinum laun nema jafnóðum og hann afhendir handrit, ekki borga honum þau mánaðarlega, eins og venja er til? Ef svo er, þá vil jeg benda á, að það er ófært. Gætum nú að: Maður, sem semur orðabók, lýkur ekki jafnt og þjett við örk eftir örk. Hann lýkur við heilan bókstaf í einu, eða margar arkir í einu. Nú hefur höf. lokið við bókstafinn A, og það er komið út, og er 25 arkir. Þessvegna getur það farið svo, að eitt ár lúkist ekki nema 25 arkir, en svo næsta ár verði fullgerðar 55 arkir. Hjer ætti því að standa 40 arkir til *uppjafnaðar* á ári.

Þá vil jeg minnast á 71. brtill. á þgskj. 665. Í frv. er heimilað að lána Rangárvallasýslu 14 þús. kr. til þess að kaupa jörðina Stórólfshvol fyrir læknissetur og sjúkraskýli, en þetta vill nefndin fella, og verð jeg að segja, að mjer, stöðu minnar vegna, kemur það mjög illa.

Því er svo farið, að sveitahjeruðum er stöðugt að fækka; jeg kalla það sveitahjeruð, þar sem læknirinn er búsettur í sveit. Þau eru ekki orðin nema 9 af 47 læknishjeruðum í landinu; hinir læknarnir búa í kauptúnum. Og jeg hef fengið reynslu fyrir því, að það er erfiðast — *langerfiðast* — að fá lækna í þessi *sveita*hjeruð, og það mest vegna bústaðaleysis; þessvegna eru nú mörg þessi hjeruð læknislaus. Jeg hef oft vakið máls á því, að það væri brýn nauðsyn á að fá alstaðar jörð fyrir fast læknissetur, og alstaðar hafa mjer borizt tilmæli um það, að landssjóður leggi til jörðina. Jeg hef þá svarað, að eigi landssjóður hæfa jörð, þá getur það komið til mála. En því miður er nú komið svo fyrir þjóðjarðasöluna, að landssjóður á víða ekki til jarðir, sem hægt er að nota, og þessvegna hef jeg sagt þessum hjeruðum, að þau muni sjálf verða að koma upp læknissetri, kaupa jörð, og það vilja nú Rangvellingar gera. Þetta er lofsvert í mínum augum. Jeg þekki þarna vel til, og jeg veit, að þar hafa verið sífeld vandræði undanfarið með læknissetur, og að læknarnir hafa verið þar á sífeldum hrakningi afturábak og áfram.

Stórólfshvoll er ágæt jörð og á bezta stað; í miðju hjeraði. Jörðin er því hin æskilegasta eign fyrir sýsluna í heild sinni; þar ætti að vera læknissetur og sjúkraskýli, og þar gæti auk þess verið ung-

lingaskóli. Og það er víst, að jörðin er mjög verðmæt og ágæt trygging fyrir þessari upphæð. Og það er óhætt að segja, að mörg lánin úr viðlagasjóði eru ver trygð en þetta mundi. Þessvegna mæli jeg með þessari lánsheimild, og held að það væri betra, að einhver önnur lánsheimild í frv. væri feld niður.

H. þm. Barð. (H. K.) mintist á greftrun 15 líka á Langanesi. Þessi lík voru flutt langa leið til greftrunar, og varð kostnaðurinn um 100 kr. fyrir hverja jarðarför; það er afarlítið. Hjer víkur svo við, að jeg hef gert ítarlegar rannsóknir um greftrunarkostnað hjer á landi. Jeg hef bæði aflað mjer upplýsinga um það hjer í bænum, og eins skrifað út um sveitir til kunnmanna minna, til þess að fá skýrslur um kostnaðinn þar. Og samkvæmt þessum skýrslum, þá kostar sómasamleg, en viðhafnarlaus jarðarför hjer á landi frá 70—100 kr. Mjer er því fullkomlega ljóst, að þessi reikningur er mjög sanngjarn.

Örfá orð vildi jeg segja um brimbrjótinn í Bolungarvík. Það sem mjer skilst að um sje deilt, er þetta, að fjármálanefndin segir, að hjer sje brotin sú venja, að veita aðeins $^1/_3$ kostnaðar til slíkra mannvirkja. Hjer er sem sje farið fram á helming.

En jeg held, að menn verði að líta öðrum augum á þetta, en venjuleg hafnarvirki; við verðum að gera okkur það ljóst, að flest þau hafnarvirki, sem hjer hafa verið gerð, hafa verið gerð fyrir samgöngur og verzlun. En hjer er að ræða um fiskibátahöfn, það er að ræða um annan aðalatvinnveg þjóðarinnar — fiskiveiðarnar. Við erum enn ekki farnir að hugsa nógu vel um það, hversu það er mikilsvert fyrir fiskiveiðar vorar, að hafa góðar hafnir. Og þó að það sje góð regla, að veita ekki nema þriðjung kostnaðar, þegar um höfn fyrir siglingar og verzlun er að ræða, þá hika jeg ekki við að segja, að við eigum að veita helming kostnaðar, þegar um hafnir fyrir fiskiver er að ræða.

Jeg hef meir en margur annar kynt mjer mannskaða hjer á landi, og þá hef jeg aftur og aftur rekizt á nafnið *Bolungarvík*, og þá sagt: „Hann druknaði í lendingu“. „Þeir druknuðu í lendingu“.

Það er einlægt verið að tala um, að það megi ekki leggja neina nýja skatta á þjóðina, og þegar jeg bar Hallærissjóðinn hjer fram, þá var mjer álasað mjög fyrir, að jeg vildi leggja nýjar álögur á landsmenn. En þrátt fyrir þetta tal, þá heyrast engar raddir um það að *minka* álögurnar á þjóðinni, *það* sjer þó enginn sjer fært. Og þó *er* það fært. Þeir eru margir skattarnir, sem hvíla á okkur. En jeg hef þó ekki orðið var við neinn skatt, sem er eins tilfinnanlegur og sár og skatturinn sá, er við greiðum í sjóinn.

Jeg hef gert upp þennan reikning, en jeg ætla mjer ekki að tala um hann hjer, jeg býst við að gera það nánar síðar á þinginu. En að eins vil jeg taka það fram, að árið sem leið, þá druknuðu hjer 96 manneskjur. Vitanlega eins og vant er nærfelt eingöngu — 94 — karlmenn, og vitanlega, eins og vant er, fór mest alt í sjóinn. Nú er það rjett, er háttv. þm. V.-Sk. (Sig. Eggerz) tók fram í dag, að það má meta líf fullvinnandi hrausts manns á meðalaldri 20000 kr. virði fyrir þjóðfjelagið. En þó við slæum helming af því og segðum 10000 kr., þá hafa þó farið þar í sjóinn 960,000 kr. eða tæp miljón kr.

Þið munið það, að það var harmað um allan heim, er Titanic fór í sjóinn, þar voru 1600 manns. En hvað var þetta fyrir hinn brezka heim; það var minna en þegar ein skúta með 26 manns ferst hjer hjá okkur. Ef Englendingar ættu að missa eftir fólksfjölda á móts við okkur menn sína í sjóinn, þá ættu að farast þar árlega um 50000 manns.

Þetta er þungur skattur og *þennan* skatt má eflaust minka.

Og þessvegna margborgar þetta sig í Bolungarvík.

En það er ekki nóg.

Við þurfum að gera meira.

Það er lífsnauðsyn að rannsaka þetta mannskaðamál.

Jeg mun síðar víkja að því.

Guðjón Guðlaugsson: Það eru fáeinar brtill., er jeg vildi minnast á með nokkrum orðum.

Hið fyrsta er jeg hef rekizt á í þessum kafla er brtill. nefndarinnar 51, 52 og 53 á þgskj. 665. Mjer er ekki vel ljóst, að hve miklu leyti þessar breytingar eru til bóta. Mjer er ekki vel ljóst, hvað unnið er við það, að kippa burtu athugasemdinni um, hvaða kensluáhöld skuli höfð í farskólunum. Mjer finst það að kippa burt athugasemdinni sje hið sama og að gefa skólunum undir fótinn með að vera áhaldalausir. En jeg tel ekki farskóla fullkominn, nema að þar sjeu höfð þau áhöld, er við nú þekkjum og þar eru tiðkuð.

Svo skildi jeg ekki röksemdir háttv. framsm. (Stgr. J.), þótt jeg heyrði þær um að eigi mætti reikna framlög annarsstaðar frá en úr hreppssjóði við úthlutun styrksins. Það getur verið, að þetta gangi nokkuð langt nú, en það tel jeg verk fræðslumálastjóra að sjá um, að svo sje ekki, og ef einhverjir menn leggja eitthvað verulega fram, þá sje jeg ekki, því ekki megi eins telja það tillag úr hreppssjóði.

Ef t. d. maður leggur til gott hús, ofn og hita handa skólanum, þá finst mjer hart, að hann megi ekki hafa það að launum, að sveitarsjóður hans fái að njóta góðs af þessu, með því að fá hærri styrk. Jeg sje ekki, að hverju þetta er lakara, en þó að hreppurinn kostaði húsnæðið úr sveitarsjóði. Og svo finst mjer vera einkar hægt að fara í kringum þetta. Maðurinn, er gefur húsnæðið, getur skrifað reikning yfir það, kvittað hann og gefið hreppnum, svo að það verður talið tekjumegin í hreppsreikningnum sem gjöf og svo reikningurinn gjaldameginn. Og hvað næst þá? tillagið úr landssjóði verður það sama.

Þetta kom mjer svo fyrir sjónir, að þessar brtill, undir 51.—53. lið á atkvæðaskránni, sjeu ekki á fullum rökum bygðar, nje til bóta. Sjerstaklega vildi jeg minnast á 2. liðinn af þessum þrem, sem jeg nefndi. Þar stendur svo: Til farskóla alt að 200 kr. til hvers, *og til eftirlits með heimafræðslu, alt að 100 kr. til hvers hrepps.* Við þennan hluta liðsins er engin brtill. frá h. nefnd, og mundi þó eigi síður hafa verið ástæða til að gera breytingu á honum en á síðari hlutanum. Jeg veit, að þetta eftirlit er bygt á fræðslulögunum, og að þar er gert ráð fyrir, að það geti átt sjer stað. Jeg gef ekki mikið fyrir þetta eftirlit, það getur varla orðið annað en auðvirðilegt yfirdrepskák, sem notað er til að komast hjá að halda uppi góðri og fullkominni kenslu. Það hefur tíðkazt, að þar sem þessi svo kallaða eftirlitskensla hefur verið, að einhver og einhver hefur verið látinn ferðast um sveitina og húsvitja þar, og dvalið í hæsta lagi dagstund á heimili. Jeg veit ekki, hvað er til niðurdreps góðri fræðslu, ef þetta er það ekki. Mjög merkur prestur á Vesturlandi skýrði mjer frá því í fyrra, að í sinni sveit hefðu kent tveir kennarar útskrifaðir úr kennaraskólanum í Reykjavík með góðum vitnisburði; jeg þekki annan þeirra, og veit að það er efnilegur og duglegur maður, og eins mun hinn vera.

Í þessari sveit voru tvenn fullkomin kensluáhöld. Í næstu sveit var aftur á móti ráðinn bóndi einn til að ferðast um sveitina og húsvitja. Sá hreppurinn, sem hjelt tvo kennarana fjekk 120 kr. styrk úr landssjóði. En hinn hreppurinn, sem ráðið hafði manninn til að ferðast um sveit-

ina — líkt og gert er ráð fyrir um forðagæzlumennina — til að líta eftir andlegum forða sveitarinnar, og goldið honum 60 kr. fyrir, hann fjekk úr landssjóði 100 kr., og græddi þannig 40 kr. á hagsýni sinni. Presturinn kvaðst aldrei hafa ímyndað sjer, að unglingafræðslan gæti orðið beinn peningahagnaður fyrir sveitirnar, og sama verð jeg að segja; en þarna var óhrekjanlegt dæmi þess, að svo getur orðið, ef búmannlega er áhaldið. Jeg skil ekki, í hverju þessar eftirlitsferðir geta verið betri en húsvitjanir prestanna. Kennararnir geta varla verið betur til þess fallnir en prestarnir, og það er bein afturför, að taka lítt mentaða menn til þess að starfa í stað vel mentaðra. Jeg vildi helzt óska, að þessi liður um eftirlit með heimilisfræðslu væri með öllu strykaður út, eða að minsta kosti stórum færð niður upphæðin, sem til þess er ætluð.

Þá rek jeg mig hjer á einn lið, sem jeg get ekki orðið h. nefnd samdóma um. Það er styrkurinn til Hannesar Þorsteinssonar til að semja æfisögu lærðra manna íslenzkra á síðari öldum. Þennan styrk vill h. nefnd færa úr 2500 kr. niður í 2000 kr. Mjer finst ekki gild ástæða til þessarar niðurfærslu, þótt hann hafi annarstaðar að 960 kr. á ári. Þetta verður alls rúmar 3400 kr. á ári, og er það ekki svo hátt, að blöskra þurfi. Þess er að gæta, að hjer á hlut að máli hinn mesti eljumaður, sem er vakinn og sofinn við starfið, og einkar vel til þess fallinn. Styrkur þessi er veittur til þess að efla sögugrúskingu vora á þeim öldum, sem mest er þörfin á henni aukinni, síðari öldunum; og mun jeg greiða atkvæði með frv., en móti brtill. h. nefndar. Það getur verið að jeg kunni ekki að meta hana eins og vert er, en mín skoðun er nú þetta.

Þá er enn einn liður, sem jeg hef sett kross við, liður, sem h. þm Barð. (H. K.) vill færa niður, launin til forstöðumanns efnarannsóknarstofunnar í Reykjavík. Þetta er einstæð stofnun hjá okkur, og mjer finst hún vera þess verð, að hlynt sje að henni, og að maðurinn, sem henni veitir forstöðu, sje sæmilega launaður. Jeg veit það, að laun þau, sem hann hafði áður, eru ekki færð niður með brtill., en jeg veit líka, að 2000 kr. laun eru nú orðin sultarlaun hjer í Reykjavík, og það er þingi og þjóð til skammar og skaða, að svelta starfsmenn landsins. H. þm. (H. Kr.) hefur líklega rekið augun í þessa 25 % af brúttó tekjum efnarannsóknarstofunnar. Jeg játa það, að jeg veit ekki, hvað miklu það nemur, en jeg hygg, að það sje mjög lítil upphæð. Forstöðumaðurinn er góðs maklegur; hann er vel hæfur til starfsins, sem hann hefur kostað miklu til að búa sig undir með efnafræðisnámi og ferðalögum, og síðan hefur hann brotið ísinn með að koma stofnuninni á fót. Hann var maður fátækur og hefur sjálfsagt safnað skuldum við hið kostnaðarsama nám sitt og ferðalög; og er nú maklegt, að hann fái að njóta sæmilegra launa.

Þá á jeg brtill. undir 79. lið á atkv.-skránni við 32. lið 16. gr. frv., um að sá liður falli niður. H. nefnd fer fram á, að næsti liður á eftir í frv. falli burtu. Þessir tveir liðir eru samkynja, og því eðlilegast, að þeir sjeu látnir fylgjast að. Nefndin leggur til, að styrkurinn til sjálfrennings um Fagradal sje feldur niður. Jeg er henni sammála um það; en þá sje jeg ekki ástæðu til að veita 5000 kr. styrk til samskonar fyrirtækis hjer á Suðurlandi. Ef um tvent væri að ræða, mundi jeg þó heldur veita styrk til sjálfrennings um Fagradal, en bifreiðar á Suðurlandi. Mjer finst eiga að hlaða alt of miklu hverju ofan á annað hjer á Suðurlandi. Nú er verið að hugsa um að leggja járnbraut, og svo á að bæta við þessum sjálfrenningsstyrk. Jeg trúi ekki öðru, en hann beri sig styrklaust, ef nokkurt lið er í honum, og að þarflaust sje að leggja þetta

fje fram. H. frsm. (Stgr. J.) segir, að þessi styrkur sje veittur eitt skifti fyrir öll, en ætli að það geti ekki farið um hann eins og skáldastyrkinn, að hann verði fastur styrkur, þótt ekki sje til þess ætlazt frá upphafi. Jeg segi það, að geti þessar ferðir ekki borið sig styrklaust, þá er ekki vert að vera að reyna að halda í þeim líftórunni.

Næst kem jeg að brtill. h. þm. Barð. (H. Kr.) við 36. lið 16. gr. frv. Hann vill láta þann lið falla niður. Þegar jeg sá þessa brtill., datt mjer í hug, að þar heggur sá, sem hlífa skyldi. Jeg hjelt að hann mundi að minnsta kosti styðja það mál þó hann væri ekki svo heppinn, að verða fyrstur til að bera það fram, þar sem h. Nd. varð fyrri til þess. H. Nd. hefur auðsjáanlega viljað sýna lit á því, að bæta þeim Guðmundi sýslumanni Björnssyni og Snæbirni hreppstjóra Kristjánssyni að nokkru hrakninga þá og tjón, er þeir urðu fyrir af enska botnvörpungnum. Þetta hafði jeg talið sjálfsagt að h. þm. (H. Kr.) mundi vilja styðja eftir mætti, en eigi standa á móti því. Það, sem mjer finst helzt að, er, að fjárhæðin sje tiltekin of lág, en það má athuga það síðar. Það er augljóst, hvílíkt tjón það hefur verið fyrir bóndann, Snæbjörn Kristjánsson, að lenda í hrakningum þessum. Hið sama má að nokkru leyti segja um sýslumann, því þótt hann hjeldi embættislaunum sínum eins á meðan hann var burtu, þá getur ekki hjá því farið, að hann hafi haft margskonar óhagræði og jafnvel tjón af fjarveru sinni frá embætti sínu. Þó get jeg hugsað mjer, að ekki hafi það verið aðaltilgangur þeirra með málaleitan sinni til þingsins, að reyna að kræk ja sjer í nokkrar krónur; heldur hafi þeir borið málið fram af því, að þeim hafi fundizt hjer vera um rjettlætiskröfu að ræða. Hrakningar þeirra fjelaga orsökuðust af skyldurækni þeirra, af því að þeir lögðu sig í lífsháska, til þess að afstýra ráni og gripdeildum útlendinga, og til þess að ná lögmætum tekjum í landssjóð. Jeg get trúað því, að þeir hafi viljað gefa þinginu kost á að dæma um, hvort það teldi frammistöðu þeirra launaverða eða eigi. H. Nd. hefur nú kveðið upp dóm sinn í málinu; fyndist mjer það lítt sama þessari deild, að ónýta þann dóm og fella fjárveitinguna niður. Mjer kæmi það ekki á óvart, þótt þeir fjelagar ætluðu sjer ekki að stinga þessu fje í sinn vasa, heldur mundu verja því til einhverra hjeraðsbóta. Þó er þetta ekki annað en draumur minn, en stundum er jeg berdreyminn. Væri þessa rjett til getið hjá mjer, sæti það enn ver á h. þm. (H. Kr.) að vera að strita st við að fá þennan lið feldan.

Þá er að minnast á fjárveitinguna til framhalds brimbrjótnum í Bolungarvík. H. þm. Ísaf. (S. St.) gerði mjer þann heiður, að benda á mig sem sannsöglan mann og kunnugan þessu máli. Jeg játa það, að jeg varð þess ekki var, að hann segði eitt ósatt orð í lýsingu sinni á lendingunni í Bolungarvík. Jeg get hjer talað af eigin reynslu og þekkingu á staðháttum. Hann sagði, að Bolungarvík væri ein af fiskisælustu verstöðum landsins. Jeg fór þangað til róðra vorið 1882, þegar alt ætlaði út af að deyja í mínu kjördæmi; aflaði jeg þar þá á 2 dögum nær 80 kr. hlut. Þetta er eitt dæmi af ótal mörgum upp á fiskisældina þar.

Eins er það rjett, sem h. þm. (S. St.) sagði um skemdir á vörunum; um það get jeg borið af eigin reynd; jeg hef orðið bognu baki að bisa brimsorfnum hnullungunum upp úr vörinni minni, og sjá hana svo morguninn eftir vera aftur orðna fulla af stórgrýti. eins og ekkert hefði verið við hana gert. Jeg hef líka reynt það, að verða að snúa frá lendingu fyrir óveður og brim, rjett fyrir framan klettanef það, er Ófæra heitir. Í því braski rakst skipið á klett. og brotnaði síðan. Jeg vil segja, að þessi staður á rjett á ríflegu

fjárframlagi; það er honum lífsskilyrði; Og hann á rjett á því, ekki einungis sjálfs sín vegna, heldur líka vegna hinna mörgu, sem þangað sækja tifsbjörg sína, bæði frá Ísafjarðardjúpi, og úr fjarlægari hjeruðum. Hann á rjett á því, að þessi fjölfarna þjóðbraut sje gerð fær yfirferðar; hann á rjett á því, að viðleitni sje höfð á því, að spara eitthvað af hinum mörgu mannslífum, sem þar eru lögð í sölurnar við sjósóknir. Og sjómennirnir eiga rjett á því, að landssjóður geri sitt til, að firra þá þreytu og tímatjóni við að standa í grjótverki á gæftadögum; þá hafa þeir nóg annað að gera. Þessi staður á rjett á ríflegu fjárframlagi af því, að Ísafjarðarsýsla hefur gefið mestar tekjur í landssjóð allra sýslna á meðan hvalveiðar voru þar stundaðar, og gefur með þeim mestu enn. Þá byggist rjetturinu ennfremur á því, að um þessar slóðir er nálega ekkert fje úr landssjóði lagt til vegagerða eða annara samgöngubóta. Að vísu er nokkurt fje lagt fram til Djúpbátsins, en hann flytur líka póst, sem landssjóður á að kosta. H. nefnd vill, að landssjóður leggi aðeins $^1/_3$ af kostnaðinum við brimbrjótinn, í stað þess, sem frv. gerið ráð fyrir $^1/_2$. Ef það verður ofan á, að það þyki nauðsynleg og ófrávíkjanleg grundvallarregla, að landssjóður leggi aldrei fram meira en $^1/_3$ kostnaðar við slík mannvirki sem þessi, þá verður svo að vera; en þá ætti þó að lofa frv. upphæðinni að standa, og helzt óskaði jeg, að alt hjeldist óbreytt til 3. umræðu. Á þeim tíma má athuga málið betur, þó jeg fyrir mitt leyti telji, að enga breytingu eigi að gera á frv.

Það er auðsætt, að þetta er hið mesta nauðsynja- og nytsemdarfyrirtæki. Hin litla byrjun, sem gerð hefur verið, hefur gert ótrúlega mikið gagn, og hún sýnir áþreifanlega, að hver framlenging brimbrjótsins er til stórkostlegra framfara fyrir þessa góðu veiðistöð.

Eiríkur Briem: Jeg ætla að minnast á eina ofurlitla brtill. h. nefndar. Það hafa að vísu engin mótmæli komið fram gegn henni, en af því jeg er nokkuð kunnugur málavöxtum, þá vil jeg skýra frá þeim. Tillaga þessi er um, að Viðvíkursöfnuði sje greitt álag á Viðvíkurkirkju. Jeg var unglingur, þegar jeg heyrði fyrst talað um kirkju þessa, og var hún ein af konungskirkjunum svo kölluðu. Sumstaðar var tekjum kirkna þessara safnað í sjerstakan sjóð, svo sem tekjum Möðruvallaklausturskirkju. Á öðrum stöðum voru tekjurnar borgaðar inn í jarðarbókasjóðinn; svo var það um tekjur kirknanna í Skaftafellssýslu. Þegar makaskifti voru höfð á jörðunum Viðvík og Hjaltastöðum í Skagafirði, var við úttekt í júní 1862 metið álag á Viðvíkurkirkju 200 rd. Þetta álag var aldrei greitt, og söfnuðurinn, sem nú hefur tekið við kirkjunni, hefur farið fram á, að landssjóður greiddi álagið.

Með stöðulögunum var svo útkljáð um öll skuldaskifti Íslands og Danmerkur, og sýnist mjer full ástæða til, að þetta umrædda álag sje látið fylgja kirkjunni, fyrst söfnuðurinn tók við henni, og að það verði honum greitt af landssjóði.

Þá hafði jeg ætlað að minnast nokkrum orðum á þær brtill. nefndarinnar, sem snerta styrkveitinguna til Jóns Ólafssonar, til að semja orðabók, en háttv. 6. kgk. hefur gert rækilega athugasemd því viðvíkjandi. Jeg fæ ekki sjeð, hvers vegna fyrirheitið um framhaldandi styrk ekki má standa í greininni, því auðvitað er meiningarlaust að styrkja til þessa í fyrstu, ef svo á að hætta því. Og jeg sje ekki annað, en þetta starf sje svo borgað, að hann þurfi ekki að leita sjer atvinnu utan hjá. Síðari brtill. nefndarinnar er mjög svo athugaverð, um að hann eigi að skila árlega sem svarar 40 fullprentuðum örkum. Nú stendur svo á, að fjelag hefur verið myndað til að gefa út þessa orðabók Jóns

Ólafssonar, og þegar gert er ráð fyrir, að gefnar sjeu út 50 arkir á ári, í tveim heftum, þá er afarmikið verk við prófarkalestur, og getur þá orðið erfitt að fullnægja þessu skilyrði um 40 arkirnar. Svo er líka athugavert við þetta ákvæði, að hann skili árlega 40 örkum, hvort það á að skiljast þannig, að styrkurinn eigi að borgast út í heild eftir á, því þá getur verið mjög tilfinnanlegt fyrir efnalitinn mann að bíða eftir því. Honum er yndi að vinna að þessu verki, og mun ekki á því standa, að hann getur til uppjafnaðar fullnægt þeirri kröfu, sem hjer er gerð, þótt framan af geti komið fyrir, meðan undirbúningsstarfið er meira, að hann geti það ekki; þá vinst tiltölulega fljótar að því síðasta.

Jón Jónatansson: Það var sjerstaklega ein brtill., sem jeg ætlaði að tala um, en áður en jeg kem að henni, ætla jeg að minnast á 2 brtill. nefndarinnar. Hin fyrri er sú, er snertir Hólaskóla. Jeg er er mjög hlyntur þeirri tillögu háttv. nefndar og vil styðja hana. Það er mjög æskilegt, að núverandi skólastjóri taki að sjer búskapinn á skólajörðinni, og er öllum ljóst, að mikils er um vert, að ekki vanti verklega fyrirmynd, og að búskapurinn sje rekinn í sambandi við búnaðarkensluna.

Það vita allir, hvert gagn er að því hjer syðra, nefnilega á Hvanneyri, en það virðist enn meira varið í að vita, hvernig gengur nyrðra, á Hólum, þar sem staðhættir eru alt aðrir. Þar má reka stórt bú, og þar þarf að vera myndarlegur búskapur, sem verið geti til fyrirmyndar. Þar er alt í niðurníðslu, og því er þessi fjárveiting til peningshúsa bráðnauðsynleg. Síðari brtill. er um hækkun á styrk til kvennaskólans á Blönduósi. Jeg fæ ekki sjeð, á hverju þessi hækkun er bygð, og jeg verð að fá upplýsingar um það, ef jeg á að geta greitt henni atkvæði mitt.

Þá skal jeg snúa mjer að minni eigin

brtill., sem er náskyld þeirri, sem fram kom í dag, og í fullu samræmi við hana. Jeg veit, að fjárlaganefndin hefur kynt sjer þær óskir, sem fram hafa komið um, að fá vatnsveitufróðan mann, en meðan hann er ekki fenginn, má nokkuð gera með þessari fjárveitingu til aðstoðar landsverkfræðingi. En með þeirri fjárveitingu er hitt ekki gert, að styrkja einhvern vel hæfan mann til slíks náms, ef einhver vildi takast á hendur að undirbúa sig til þessa starfs. Jeg veit, að háttv. deild muni samþykkja þessa brtill. mína, þar eð henni er ljóst, hver nauðsyn er á að fá vatnsveitufróðan mann. Hjer liggja fyrir svo mörg og mikil vatnsveitufyrirtæki, er aldrei verða framkvæmd, nema vatnsveitufróðir menn fáist til að rannsaka þau og standa fyrir verkinu, eða leita þarf út fyrir landssteinana, líklega þá til Danmerkur. En það er ekki nóg að fá mann með sjerþekkingu, hann þarf líka að hafa staðþekkingu hjer. Erlendir fagmenn eru ókunnugir landi voru, en óhjákvæmilegt, að sá maður, sem slík framkvæmd væri falin, þekti hjer alla staðhætti. Nám þetta er dýrt. Það þarf víða að fara til að kynna sjer verklegar framfarir, og fer brtill. mín fram á, að veittar sjeu 800 kr. síðara árið eftir tillögu Búnaðarfjelags Íslands, og er þessi tillaga fram komin til þess, að fje sje til taks, ef á þarf að halda, ef búnaðarfjelagið finnur mann, sem hæfur er til að takast á hendur starfann. Jeg þykist vita, að allir muni sammála um, hve mikil nauðsyn er á, að þessi fyrirtæki verði rannsökuð; fyr vita menn ekki, hvaða möguleikar eru fyrir hendi hjer á landi til vatnsveitu fyrirtækja. Vjer vitum að vísu um mörg slík fyrirtæki, sem komið hefur til tals um, en þau geta verið fleiri. Og nauðsynlegt er að fá að vita, hvernig þau verða gerð kostnaðarminst. Að því er þessa styrkveiting snertir, þá er hún ekki mikil, sjerstaklega er það er haft fyrir augum, að

ferðast þarf um og sjá sem mest. Líklega mun ekki heppilegt að nema þetta í Danmörku, þar eð flest mannvirki þar í þessa átt eru í smærri stíl, en hjer getur verið um að ræða, og mun Svíþjóð heppilegri, og þar landshættir líkari því, sem hjer er. Landsverkfræðingurinn hefur bent á að takmarka farveg Markarfljóts og vinna þannig aftur alt það land. sem það hefur spilt. Slíkt fyrirtæki og þetta þekkja menn naumast á norðurlöndum, en landsverkfræðingurinn telur ekki ólíklegt, að þetta sje mögulegt. Sumum kann að virðast, að þetta sje svo langt uppi í loftinu, að of fljótt sje að hugsa um slíkt, en er ekki vitað, fyr en fagmaður er fenginn.

Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa brtill. Öllum er ljóst, að eftir því sem menningin vex, þarf fjölbreyttari krafta, og þörfin verður meiri og meiri á reglulegri sjerþekkingu og ekki nóg að hafa alment verkfræðispróf til þessa.

En jeg vil, áður jeg lýk máli mínu, minnast á brtill. nefndarinnar um, að 24. liður 15. gr. falli burtu. Jeg get ekki felt mig við, að þessi fjárveiting til erindreka sjávarafurða sje feld burtu, og virðist kenna misrjettis, ef það er gert, milli landbúnaðarins og sjávarútvegsins. Það er rjett, að ekki hefur verið gerður að þessu neinn verulegur undirbúningur, en þó getur hann verið nokkur, þótt oss sje ekki kunnugt um. Það er gott, að fje þetta sje fyrir hendi; hjer er ekki um stóra upphæð að ræða, og það kemur ekki til mála að nota það, nema hæfur maður fáist og með fullu samþykki stjórnarráðsins. Get jeg því ekki greitt atkvæði með þessari brtill. háttv. nefndar.

Jeg gæti sagt ýmislegt um ýmsar af þeim brtill., sem fram hafa komið, en vil ekki eyða miklum tíma, þar eð komið er langt fram á nótt. En jeg vil minnast á eitt, sem engin brtill. hefur komið um. Það eru útgjöldin til skógræktar. Víða, þar sem um útgjöld er að ræða, er sýnd varfærni af fjárlaganefnd og hugsað um að vel sje farið með fjeð, sem veitt er. En nú er spurningin, hvort skógræktin hjá okkur sje á rjettri leið, en meðan ekki er full vissa fyrir því, að svo sje, er ekki rjett að hækka tillagið. Það vita allir, að byrjað var á þessu máli á þann hátt, sem Jónas Hallgrímsson kallaði að „tyggja upp á dönsku". Þegar Norðmenn byrjuðu á sinni skógrækt, höfðu þeir þýzka menn sjer til aðstoðar og byrjuðu tilraunirnar með þýzkum plöntum. Kostnaðurinn varð mikill og árangurinn lítill, þar til innlendir menn fóru að starfa að skógræktinni með innlendum plöntum; þá fóru að koma framfarir. En hjer var ekki farið eftir þessari dýrkeyptu reynslu þeirra. Vjer höfum ekki ráð á að verja til þessa verks nema litlu, og það skiftir mestu í þessu máli, að því fje sje þá vel varið og skynsamlega, því ef ekki getum vjer mist trúna á, að nokkuð sje hægt að gera í þessu máli. Það er víst engin fjárveiting, sem eins augljóst er um, hve illa er ráðstafað, eins og þessi. Það er byrjað á að verja 10—11 þús. kr. til skógræktar, en þar af fara 7—8 þús. kr. til launa og ráðstafana á þeim 3 þús. kr., sem þá eru eftir og veittar eru alveg út í loftið.

Jeg vona, að háttv. deildarmenn hafi kynt sjer ítarlega ritgerð um skógræktina, sem hjer var útbýtt, eftir Guðmund G. Bárðarson á Kjörseyri. Málið er þar sýnt og rætt frá nýrri hlið. Jeg skil ekki annað, en hún komi hiki á menn um, hvort rjett sje að halda áfram eða ekki. Ritgerðin heitir „Skógræktin og loftslagið". Samkvæmt henni er það mikið vafamál, hvort vjer erum á rjettri braut í skógræktarmálinu. Það sýnist svo, sem vjer höfum gert okkur tálvonir um skógræktina. Hún sannar ekki, að hjer sje ekki hægt að gera neitt, en hún sýnir, að hjer sje við erfiðleika að stríða. En

til þess að halda við skógunum og girða þá, þurfum við ekki þetta mikla skógræktarstjórnar- og skóggæzlubákn. Þessi útlendi maður, sem er fyrir þessu bákni, hefur víst brent sig á að fylgja útlendri reynslu og útlendri venju hugsunarlaust. Jeg sje eigi, að tilraunir í þessum efnum hafi gefizt svo vel, að vert sje að halda áfram að verja miklu fje til skógræktar, nema breytt sje til um meðferð þessa fjár. Það ber alt að sama brunni um það, að við sjeum komnir á villigötur í þessu máli. Við þurfum að fá að vita meira, áður en við höldum lengra áfram, og veitum meira fje til þessa. Það dugar ekki að halda þessu fálmi áfram hugsunarlaust. Á þessu vildi jeg vekja athygli, áður en lengra er farið og fjárveitingin til þessa hækkuð. Jeg hef ekki sjeð neina skýrslu eða reikninga um, hvernig þessu skógræktarfje hefur verið varið. Annars býst jeg við að víkja nánara að þessu við 3. umr., og skal því ekki fjölyrða meira um þetta atriði nú.

Jeg vildi aðeins rjett drepa á brimbrjótinn í Bolungarvík, af því að jeg er kunnugur þessum stað frá yngri árum. Jeg er samdóma háttv. þm. Ísaf. (S. St.) um, að hjer sje um hið mesta nauðsynjamál að ræða. Jeg fylgi honum hjer hiklaust að máli. Hann lýsti ástandinu skýrt og skorinort, satt og rjett, og jeg hef engu við það að bæta. Tek að eins undir það sem hann sagði um það.

Þá er einn liður hjer seint á atkvæðaskránni. Nefndin leggur til, að fella burtu lánið til Rangæinga til að kaupa Stórólfshvol fyrir læknissetur. Jeg játa og sje, að það getur verið hættulegt vegna fordæmisins. En eftir skýrslu háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) eru nú ekki nema 9 læknishjeruð, þar sem læknir býr í sveit — hinir allir í kaupstað. Hjer virðist því ekki mikil hætta á ferðum að þessu leyti, en hinsvegar er þess að gæta, að þetta skiftir afar miklu fyrir hjeraðið, sem hjer á hlut að máli, því það er óvíst, að Rangæingar fái haldið þeim lækni, er þar er nú, og vel er látinn, og mikilsmetinn þar í hjeraði, ef ekki verður úr þessum kaupum, og það tel jeg illa farið. Jeg greiði því atkvæði móti tillögu nefndarinnar.

Steingrímur Jónsson, framsögumaður: Það er ekki laust við, að fjárlaganefndin hafi fengið nokkrar bakslettur. Jeg skal nú svara því, enda þótt það sje tekið að gerast harla framorðið.

Háttv. þm. Barðstr. (H. Kr.) mintist á myndasafn Einars Jónssonar og spurði, hví nefndin vildi ekki þiggja það. Jeg skal svara því fyrir sjálfan mig og jeg hygg, að mín skoðun sje ekki fjarri skoðun nefndarinnar. Það er ekki rjett, hvorki frá sjónarmiði landsins nje listarinnar að þiggja þetta tilboð. Það gat verið mikið í ráðist að taka á móti safninu og kostaði að líkindum að byggja yfir það. Við höfum hjer eitt fordæmi. Það eru Danir, er þeir fengu safn Thorvaldsens, en þar stóð nokkuð öðruvísi á. En jeg hygg og, að það hefði ekki verið rjett gagnvart list Einars Jónssonar. Það er ekki rjett, að jeg hygg, að kaupa safnið og taka þannig nokkurskonar einkarjett á list hans. Hann berst nú fyrir list sinni og viðurkenning á henni, og við vonum, að honum að síðustu takist að komast á heimsmarkaðinn. Því neitar enginn, að það sje æskilegt, að við getum keypt af honum, en það væri ennþá æskilegra, að aðrar þjóðir keyptu 3—4 listaverk hans, jafnframt því sem við keyptum 1—2.

Þá mintist háttv. sami þm. á þessar 700 kr. til nokkurra manna á Langanesi fyrir greftrun á líkum frá strandi norsks gufuskips 1907 og vildi fá að vita nánar um það. Rjettarspurningin hjer er nokkuð flókin. Þessi maður, er lifandi komst af, gat að vísu gefið nokkra vitneskju, er þar mátti koma að gagni. Á skipinu voru um 20 manns, en ekki nema 15 lík rak,

en það varð ekki vitað, hverra lík það voru. Við þetta allt var mikill kostnaður, ekki við sjálfa jarðarförina. Fyrst varð að fá bjargmenn. Þeir urðu að síga ofan í hengiflug með svo miklum háska og þrekraunum, að ótrúlegt mun þykja. Svo varð að flytja líkin 5 mílur til kirkju yfir hinar mestu torfærur. Við þetta bætist svo sjálfsagður jarðarfararkostnaður. Jeg held, að það verði ekki annað sagt, en reikningar fyrir þetta sjeu sanngjarnir, og að það sje sanngjarnt, að þeir Langnesingar fái þetta goldið og þurfi ekki að þola kostnað þann, er þetta hefur bakað þeim. Jeg vildi skýra frá þessu eftir áskorun háttv. þm. Barðstr. (H. Kr.).

Þá kem jeg að háttv. þm. Ísaf. (S. St.). Þótt undarlegt megi virðast, gat þessi ræða hans, svo vel sem hún var bygð — hún var í rauninni dálitið listaverk — ekki sannfært mig. Það hefur víst stafað af því, að jeg var áður orðinn sannfærður um nauðsyn brimbrjótsins, og að það beri að styrkja þetta fyrirtæki. Hún staðfesti eða styrkti meira að segja þá skoðun mína, að það bæri að setja takmörk fyrir þessum styrk. Við höfum ekki ótakmarkað fje yfir að ráða, og það veit enginn betur en háttv. þm. Ísaf. (S. St.). En hvar á að setja takmörkin? Jeg gat þess, að styrkurinn mætti, að minni skoðun, ekki fara yfir $^1/_3$ alls kostnaðarins. Jeg gat þess og, að það mætti hugsa sjer, að svo stæði á, að rjett væri að víkja frá þessari meginreglu, t. d. ef um lífsnauðsyn er að ræða, þörfin afar brýn, og einhver af þessum átakanlegu ástæðum, sem háttv. þm. Ísaf. (S. St.) lýsti með svo miklum krafti, er fyrir hendi, og ágóðinn hins vegar mjög óvís og getan lítil. Þá gæti verið ástæða til að hlaupa meira undir bagga, en þessi meginregla heimilar. En hjer er þess að gæta, að efnamenn eiga í hlut. Að sögn háttv. þm. Ísaf. (S. St.) afla þeir frá $^1/_2$—1 milj. á ári. Það sjest á þessu, að Bolvíkingar hafa nokkurt

bolmagn, og að þeir mega við því, að nokkrir skattar sjeu lagðir á slíkar tekjur. Þeir hafa sýnt það síðustu árin, er þeir hafa fyrst lagt á sig 1 kr. skatt (á hvern hlut), svo hækkað hann upp í 2 kr., og jeg býst við, að þeim vaxi innan skamms svo þroski og menning, að þeir leggi á sig 3 kr. skatt. Hjer er ekki að ræða um hjálp til neinna þurfamanna. Þessi brimbrjótur á að kosta 80 þús. kr. eftir ágizkun Krabbes. Með því að byggja þennan brimbrjót spara þeir sjer 3000 dagsverk á ári, eftir því sem háttv. þm. (S. St.) segir, og beztu dagarnir gefa um 40 kr. kr. í hlut. Hjer sjest því ekki knýjandi nauðsyn til þess, að landssjóður gangi lengra en í öðrum tilfellum.

Þá er sagt, að Ísfirðingar fái svo lítið úr landssjóði, þar sem þeir leggja svo mikið til hans. Eg get ekki sjeð, að þetta sje á rökum byggt, að minsta kosti hefur það ekki átt sjer stað síðan jeg kom á þing, að þingið hafi haldið í við þá, og það hlýtur háttv. þm. Ísaf. (S. St.) að viðurkenna.

Háttv. þm. Ísaf. (S. St.) kvað djarft að breyta þessu, þar sem þessi fjárveiting hefði verið samþykt með svo miklum meiri hluta í Nd. En Ed. má ekki láta slíkum brotum á meginreglum við þess konar fjárveitingar ómótmælt. Hjer er í sjálfu sjer ekki greitt atkvæði um upphæðina. Það er skilyrðið, sem er aðalatriðið, að minsta kosti fyrir mjer. Jeg væri ekki mótfallinn þessum 10,000 kr., ef styrkveitingin væri bundin venjulegu skilyrði.

Háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) tók í sama streng og háttv. þm. Ísaf. (S. St.) um brimbrjótinn. Hann kvað verða að gera greinarmun á því, er um hafnargerðir eða þess háttar mannvirki væri að ræða, hvort það væri aðallega verzlunarstaður eða fiskiveiðistöð, sem í hlut ætti. En hvaða verzlunarstaður er ekki aðallega fiskiveiðistöð. Það er ekki gott að greina þar á milli. Er höfnin á Vestmannaeyjum

ekki í veiðistöð og verzlunarstað, þó aðallega veiðistöð? Og höfnin í Reykjavík, — þar eru bæði verzlun og mikil veiði stunduð. Á Blönduósi er reynt að bæta höfn vegna verzlunarinnar, og af því þar er verið að reyna að bjarga lífi manna; þar í ósnum hafa margir druknað.

Háttv. 6. kgk. (G. Bj.) sagði, að sjódruknanir væru þyngsti skatturinn, er á þjóðinni hvíldi. Þetta eru mikil sannindi. Það hefur verið svo, að kalla frá alda öðli. En af þessum sannindum leiðir ekki, að við eigum að fleygja fje frá okkur takmarkalaust og skilmálalaust. Ef fjeð væri nóg, væri ekkert talið því til foráttu að byggja alla höfnina og byggja hana þegar í stað. En af því að fjeð, er við ráðum yfir, er af skornum skamti, verðum við hjer sem annarsstaðar að halda sparlega á, og láta okkur nægja, að leggja sómasamlega til fyrirtækisins sem hjer er gert. Hef jeg svo fullrætt um þetta mál, og hygg, að jeg hafi hjer að mestu talað fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar.

Háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) mintist á orðabók Jóns Ólafssonar og ávítti tillögur nefndarinnar um það efni. Jeg skal undir eins taka það fram, að mjer nje nefndinni er ekki kappsmál um fyrri lið brtill. En það er í raun og veru óviðfeldið, að styrkurinn standi, eins og hann stendur í fjárlögunum, alveg skilyrðislaust. Því verður ekki neitað, og eins er þetta; „og 2. greiðsla“ óviðfeldið. Og ef nefndarálitið er lesið gaumgæfilega, sjest, hvert stefnt er, við hvað er átt. Það er sagt um skáldin, að þeir hafi rjett til að treysta því, að þeir haldi áfram að njóta árlegs styrks úr landssjóði, meðan þeir hafa ritstörf fyrir aðalatvinnu, og meðan þeir með öðrum orðum brjóta hann ekki af sjer, og sama er að segja um Jón Ólafsson. Nefndin er ekki í vafa um, að upphæðin verður að haldast meðan hann brýtur hana ekki af sjer, og því er endirinn á fyrri málsgrein orðabókarliðsins óviðeigandi. Það er með öllu ónauðsynlegt, að þessi orð „1. og 2. greiðsla af 8 ára styrk“ standi þar. Jeg veit raunar, að lík skilyrði tíðkast í fjárlögum annara landa, en það er helzt í verklegum efnum. Þá skal jeg minnast á skilyrðið um arkafjöldann. Höfundurinn á nú svo mikið til af óprentuðu handriti, að honum veitir varla erfitt að fullnægja þessu skilyrði. En hann þarf ekki að hafa það prentað eða í prentsmiðjunni. Það þarf að eins að skila á ári, sem samsvarar 40 prentuðum örkum, og stjórnarráðið hefur eftirlit með því. Annars felst jeg að líkindum á þá brtill., er háttv. 6. kgk. (G. B.) boðaði til 3. umr., að bætt verði inn í orðunum „til uppjafnaðar“.

Þá eru Stórólfshvolskaupin. Nefndin fær ekki sjeð, að það sje viturlegt að styðja sýslufjelögin til kaupa á jarðeignum eins og þessari, enda þótt það geti verið góð „speculation“ fyrir sýslurnar. Slíkt gæti dregið slæman dilk á eftir sjer.

Jeg skil ekki, að það sjeu ekki fleiri læknishjeruð, þar sem læknirinn situr í sveit, heldur en 9. Jeg veit að minsta kosti, að í mínu kjördæmi hafa 3 læknar sveitabústaði. — H. þm. Strand. mintist á athugasemd nefndarinnar við fræðslustyrkinn, og sýndist misskilja hana. Það stendur í 22. gr. fræðslulaganna sem ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir landssjóðsstyrk, að sveitafjelögin leggi til lögskipuð kensluáhöld. Það er því ekki nema til málalengingar að vera að taka þetta ákvæði upp í fjárlögin. Viðvíkjandi hinni brtill. er þess að geta, að fræðslumálastjórinn hefur gefið þá upplýsingu, að stundum bærust honum grunsamlegir fræðslukostnaðarreikningar, sem torvelt væri að átta sig á. En þar sem landssjóðsstyrkurinn er ekki nema tæpur þriðjungur af öllum fræðslukostnaði sveitanna, þá getur það ekki komið nema örsjaldan fyrir, að þetta ákvæði komi hart niður. Vitaskuld getur það

orðið í einstökum tilfellum, en nefndin vonar, að þau verði fá. Þar að auki geta menn myndað fræðslusjóði, þar sem þeir þegar eru ekki til, og geta þá þeir gefið í þá, sem eitthvað vilja láta af hendi rakna til kenslumála í sveit sinni. Þá mintist h. þm. á eftirlitið með heimafræðslunni og ljet lítt yfir því. Jeg þekki þó sveitir norðanlands, þar sem það hefur gefizt vel, en vera má, að sú sjé ekki reynsla manna alstaðar. — Þá mintist h. þm. á niðurfærslu styrksins til Hannesar Þorsteinssonar. Jeg skal játa, að margt mælir með því, sem hann og h. þm. N.-Múl. hafa haldið fram, að ekki beri að nema þann styrk við neglur sjer. En þess verður að gæta, að síðan alþingi síðast veitti þennan styrk, hefur Hannes Þorsteinsson fengið annað launað starf, sem samrýmist vel við það verk, sem hann á að vinna fyrir styrkinn. Þótt brtill. nefndarinnar væri samþykt, mundi hann hafa um 3000 kr., og verður það að álítast fullsómasamlegt. — Viðvíkjandi bifreiðunum eða sjálfrenningunum hef jeg áður tekið það fram, að það sem fyrir nefndinni vakti, var aðeins að gera tilraun með þessi samgöngufæri. Þó að menn sjeu nú farnir að hugsa um járnbraut austur um sveitir, þá er alt eins mikil ástæða til þess að gera tilraunir með bifreiðarnar fyrir það, því að það mun alstaðar vera reynsla, að þær dafna ágætlega við hliðina á járnbrautunum.

Þessu næst vil jeg minnast á þær brtill., sem komið hafa frá einstökum þingmönnum. Háttv. þm. N.-Múl. á brtill. á þgskj. 728 um að hækka styrkiun til þess að semja skrá yfir handritasafn Landsbókasafnsins og halda áfram spjaldskrá safnsins upp í 2000 kr. Jeg get fyrir hönd nefndarinnar lýst því yfir, að hún er meðmælt þessari brtill. Sami hv. þm. flytur brtill. um styrk til dr. Guðmundar Finnbogasonar til ritstarfa. Nefndin hefur ekki tekið neina ákvörðun um afstöðu sína til þessarar brtill., en jeg vil lýsa því yfir

fyrir mitt leyti, að jeg er henni hlyntur. Þá er brtill. frá sama h. þm. á þgskj. 731, um að veita Landskjalasafninu 1000 kr. hvort árið til þess að láta afrita og ljósmynda handrit Íslandi viðvíkjandi í erlendum söfnum. Þessi fjárbeiðni hafði borizt nefndinni, en nefndarmenn voru ósammála um hana, og jeg fyrir mitt leyti er henni mótfallinn. — Þá er brtill. frá háttv. þm. Barð. um að færa styrkinn til Guðm. Guðmundssonar skálds upp í 1000 kr. hvort árið. Nefndin er mótfallin þessari tillögu; vill yfir höfuð ekki hækka skáldastyrkina frá því, sem hún hefur gert ráð fyrir í brtill. sínum. — Þá er brtill. frá h. þm. Árn. um 800 kr. styrk síðara árið handa einhverjum efnilegum manni, ef fengist, til þess að leggja stund á vatnsvirkjafræði. Nefndin lítur svo á, að það hafi verið samkomulag milli nefndarinnar í Nd. og stjórnarinnar, að fyrst um sinn væri látið silja við það, að landsverkfræðingnum væri skipaður aðstoðarmaður, og skyldi svo landsverkfræðingurinn hafa umsjón með vatnsveitufyrirtækjum. Það, sem menn kunna að vilja gera frekar í þessu máli, verður að bíða betri tíma, og rjettast er að vísa því til stjórnarinnar og búnaðarfjelagsins. Ef einar 800 kr. eru nægilegur styrkur, þá ætti búnaðarfjelagið að geta hlaupið undir bagga. — H. þm. Barð. á brtill. á þgskj. 709 um að láta laun Ásgeirs efnafræðings Torfasonar sitja við það, sem nú er. Nefndin hefur að vísu ekki tekið afstöðu til þessarar brtill., en jeg býst við, að meiri hluti hennar sje brtill. mótfallinn. Jeg álít, að efnafræðingur landsins eigi að vera svo vel launaður, að hann geti komizt sæmilega af. — Sá maður, sem nú skipar þetta embætti, er fjölskyldumaður, og það er víst bezt að gera ekki ofmikið úr þeim tekjum, sem hann hefur af vinnu rannsóknarstofunnar fyrir privat menn, því að þær munu ekki fara fram úr 150 kr. — Þá er brtill. frá sama h. þm. um, að bifreiðin eigi að

flytja ókeypis póst austur, ef fje verður veitt til hennar. Sú brtill. álít jeg að geti ekki staðizt, því ferðirnar verða ekki reglulegar, þar sem hjer er aðeins um tilraun að ræða. Þá er brtill. frá sama h. þm. á þgskj. 709. H. þm. Strand. hefur þegar minzt á þessa brtill., og er jeg honum fyllilega sammála. Það væri neyðarlega illa farið, ef þessir menn gætu ekki fengið neinar skaðabætur fyrir hrakninga sína, þar sem landstjórnin hafði ekki bolmagn til að rjetta hlut þeirra fyrir enskum dómstólum. Úr því svo illa tókst til, má ekki minna vera, en að alþingi sinni þessari hóflegu beiðni þeirra. Jeg hef heyrt sagt, að þeir hafi þurft að borga 400 kr. beinlínis úr sínum eigin vasa á leiðinni.— Loks er brtill. frá h. þm. Strand. og hv. þm. Árn., að styrkurinn til Sveins Oddssonar til þess að halda uppi bifreiðarferðum austur um fjall falli burtu. Nefndin vill halda því fram, að rjett sje að gera þessa tilraun, til þess að vita, hvernig vagnarnir gefast hjer, hvað langan tíma árs hægt sje að nota þá o. s. frv.

Jeg held jeg hafi þá minzt á allar brtill. og svarað flestum mótbárum, sem fram hafa komið gegn tillögum nefndarinnar. En áður en jeg sezt niður, vil jeg minnast á nokkur atriði í ræðu h. 2. þm. Árn. Hann mintist nokkuð á verzlunarerindrekann fyrir sjávarafurðir. Út af því, sem hann sagði, vil jeg taka það fram, að það gegnir alt öðru máli um þennan erindreka, heldur en um erindrekann fyrir íslenzkar landafurðir. Það hefur lengi verið undirbúið, að fá erindreka fyrir landafurðirnar, og kostað miklu til, og þar að auki ætla samvinnufjelögin að greiða eigi minna en helming launa hans. En það sem hjer er farið fram á, er í raun og veru ekkert annað en viðbótarstyrkur til Fiskifjelags Íslands, þannig, að það fái 16,500 kr. í staðinn fyrir 12,500 kr. Fjelagið er ungt; og styrkurinn, sem því nú er ætlaður, er svo ríflegur, að ekki virðist þörf á að bæta við hann. Gamall þingmaður hefur bent mjer á, að það hafi liðið þó nokkur ár frá stofnun búnaðarfjelagsins, þangað til það fjekk jafnmikinn styrk. — Þá mintist hinn sami h. þm. nokkuð á skógræktina og fje það, sem til hennar er veitt. Nefndin hafði ekki tíma til að kynna sjer öll þau mörgu skjöl, sem fyrir lágu um það mál, en ljet sjer nægja, að athuga nefndarálit Nd. og gömlu fjárlögin. Meiningin er, að 4000 kr. gangi fyrra árið til þess að girða skóglendi á Suðurlandi, líkt og áður hefur verið gert á Norðurlandi. Fyrirkomulag skógræktarinnar er annars ákveðið með lögum, og er svo fyrirskipað, að einn skuli vera skógræktarstjóri og fjórir aðstoðarmenn hans, og eru laun þeirra alls 7000 kr. á ári. — Annars skal jeg ekki deila við hinn h. þm. um þetta mál, því hann hefur betra vit á því en jeg. En það verð jeg að telja mikilsvert, að einhverjir þeir menn alist upp, sem þekkingu hafa á skógrækt, og þó að þeir kunni að byrja með útlendum og skökkum skoðunum, þá treysti jeg því, að þeir verði sannfróðir af reynslunni. Síðan skógræktin komst á laggirnar, hefur skógum farið mikið fram, að minsta kosti í Þingeyjarsýslu. Í skógræktinni verður að reikna með mannsöldrum, en ekki árum. Hjer er aðeins um litla byrjun að ræða, en vonandi sjá barnabörn vor ávextina af henni.

Sigurður Eggerz: Mjer sýnast sumir menn vera orðnir nokkuð syfjaðir, og skal jeg því vera stuttorður. Jeg hef lengi verið að leita að einhverju, sem jeg gæti þakkað h. fjárlaganefnd fyrir, og hef jeg loksins fundið 71. brtill. hennar, um hleðslu fyrir ána Skálm. Með því að veita fje til þessarar fyrirhleðslu, verndar landssjóður sína eigin eign, því að meðfram Skálm eru margar þjóðjarðir. Má segja með fullum rjetti, að alt Álptaver er í voða, ef á þessari verður látið hald-

ast uppi að gera spell þau hin miklu, sem hún hingað til hefur gert. Sigurður Sigurðsson ráðunautur hefur gert áætlun um, að talsvert mætti gera fyrir 2000 kr. af verki þessu, en alt verkið kostar 3600 kr. samkvæmt áætlun, og virtist eðlilegast að taka það alt í einu.

Þá er 74. brtill. nefndarinnar. Fyrir hana er jeg alls ekki þakklátur. Nefndin leggur þar til, að 4000 kr. til þess að ryðja vör við Ingólfshöfða falli burtu. Háttv. framsm. (Stgr. J.) sagðist ekki vera viss um, hvaða gagn gæti að þessu orðið, og skal jeg þá skýra það fyrir honum. Hjerað það, sem hjer er um að ræða, er Öræfin, er liggja milli tveggja eyðisanda, Skeiðarársands og Breiðamerkursands. Allir flutningar á landi eru því mjög erfiðir. En meiningin með þessu er sú, ef hægt væri, að fá skip til þess að koma við á Ingólfshöfða og eins að styðja að því, að menn geti sótt þaðan sjóróðra. Það er því mjög illa farið, ef deildin fellir þennan lið niður og treysti jeg henni til þess að gera það ekki.

Þá er enn eitt atriði, sem snertir háskólann. Það er satt, að það er ákaflega gott að spara, en þó er ekki öll sparsemi góð. Hún er sem sje ekki góð, nema hagsýni fylgi henni. Jeg vil álíta það skyldu þingsins, að hlynna að háskólanum, en það kalla jeg ekki að hlynna að honum, að láta styrkinn vera af svo skornum skamti, að menn sækja fyrir þá sök til Hafnarháskólans. Jeg lít svo á, að rjettara sje að auka styrkinn, til þess að menn leiti síður utan til náms, því að það er dýrt að nema ytra, og flestir munu koma þaðan aftur skuldugir. Jeg vona því, að þessi breyting verði ekki samþykt, enda er hjer að eins smá upphæð, sem nefndin hefur skorið af. Að því, er snertir þá tillögu, að binda húsaleigustyrkinn því skilyrði, að menn eigi heima utan bæjar, þá verð jeg að segja, að það er hin mesta skammsýni og fjarstæða, því að það geta verið þeir menn hjer í bæ. sem eins þurfa styrks við, eins og hinir, sem eru utan af landi, og þeir, sem eru verðugastir styrksins, eiga að njóta hans. En það vil jeg kalla ósparsemi, að veita þær upphæðir, sem engin þörf er á að veita, og á jeg þar við 200 kr. launaviðbót til Geirs yfirkennara Zoëga. Þessi styrkur er svo lítill, að það munar ekkert um hann, og maður sá, sem hjer er um að ræða, er efnaður og hefur góð laun. En ef þetta á að skoðast sem heiðurslaun, þá eru þau svo smásálarlega tiltekin hjá fjárlaganefndinni, að engu tali tekur. Mjer þykir vera nokkuð mikið af Blönduós hjer í tillögum nefndarinnar. Jeg vil ekki ætla, að það komi til af því, að nefndin er svo norðlenzk, það eru 3 af nefndarmönnum að norðan.

Þá er enn persónuleg launaviðbót til 2. bókavarðar við Landsbókasafnið. Jeg get ekki neitað því, að mjer finst vera nokkuð mikið af þessum persónulegu launaviðbótum, svo að það mætti jafnvel ætla, að eitthvað væri persónulegt við það hjá fjárlaganefndinni. Þá er einn liður, sem jeg skil ekki hvað háttv. fjárlaganefnd meinar með; það eru 1000 kr. handa Samúel Eggertssyni til þess að gera hlutfallsuppdrátt yfir sögu Íslands. Þetta held jeg að sje hlutfallslega vitlaus fjárveiting, og get jeg ekki skilið, hversvegna hún hefur verið tekin upp. Þá er enn eitt dæmi upp á sparsemi nefndarinnar. Það er tillaga hennar um að lækka utanfararstyrkinn til iðnaðarnema úr 3000 kr. niður í 2500 kr. Jeg sje ekki, hver ástæða getur verið til þessa. Það hafa margir notið þessa styrks, og hann hefur orðið þeim til mikils gagns. Þá kem jeg loks að Bolungarvík. Það gladdi mig að heyra, hve mikil áherzla var lögð á, hve mikils virði mannslífið væri þar. Þá voru allir á einu máli um, að það væri 20000 kr. virði, en þegar jeg var að tala um þetta mál, þá var daufara í mönnum hljóðið.

Jeg er nú þessu, sem sagt hefur verið um Bolungarvík, algerlega sammála, og er því málinu hlyntur, og jeg treysti því, að háttv. þm. Ísaf. (S. St.) átti sig á því, að mannslífið er líka 20,000 kr. virði, þótt það sje fyrir utan það kjördæmi. Háttv. framsm. (Stgr. J.) sagði, að það væri princip sitt og fjárlaganefndarinnar að leggja eigi fram meira en $^1/_3$, þegar þannig stendur á. En jeg get ekki skilið, að hann þurfi að binda sig við þessa meginreglu, því mjer finst hann mjög fús á að breyta öllum sínum meginreglum. Áður var það meginregla hans að brúa eina stóra á hverju fjárhagstímabili, en nú er nóg að brúa margar smáár. Þá er tillaga um að greiða nokkrum mönnum á Langanesi 700 kr. fyrir greftrun á líkum. Það getur nú vel verið vit í þessu, en mjer finst. að þess háttar tillögur eigi að koma frá stjórninni. Ef þetta verður samþykt, mun jeg við 3. umr. koma fram með brtill. um að greiða mínum kæru Skaftfellingum ýmislegan kostnað, sem þeir hafa ekki fengið goldinn ennþá. Þeir hafa orðið að leggja margt á sig við ströndina þar eystra, orðið að vaka marga sólarhringa og leggja líf sín og heilsu í hættu, en launin hafa oft verið nokkuð lítil á eftir. Verði þessi fjárveiting samþykt, mun jeg biðja um nokkrar þúsundir til þess að endurgreiða Skaftfellingum ýmsan kostnað, sem þeim enn hefur eigi verið goldinn. Þá kemur lánveitingin til dómkirkjunnar. Jeg skal játa, að það er betra að lána þetta fje en að veita það að fullu. En það er spurning, hvort ekki er betra, að byggja nýja dómkirkju, því hún er orðin svo lítil, að það lendir í slagsmálum við dyrnar milli þeirra, sem vilja komast inn. Og því getur söfnuðurinn ekki sjálfur bygt sjer kirkju? Þá er brtill. um að fella niður styrkinn til ekkju sjera Kjartans heitins prófasts. Jeg mun greiða atkvæði á móti tillögu þessari.

Þórarinn Jónsson: Jeg vildi helzt falla frá því að tala í þetta skifti, því að það, sem jeg segi, það tala jeg að mestu leyti upp úr svefni. En ástæðan til þess, að jeg tek nú til máls, er sú, að jeg vil skýra fyrir háttv. deildarmönnum tvær fjárveitingar, sem fjárlaganefndin hefur tekið upp, aðra til aukningar styrks Blönduósskóla og hina til bátauppsáturs við Blönduósbryggju. Geri jeg þetta útaf fyrirspurnum 2 háttv. þingmanna, þm. V.-Sk. (S. E.) og 2. þm. Arn. (J. Jónat.). Einkum þó hins síðarnefnda; geri jeg þetta ekki af því, þó þeir álíti mikið hrökkva til míns kjördæmis, heldur er mjer ljúft að upplýsa um þetta nokkru frekar, en háttv. framsögumaður gerði. Vænti jeg að geta orðið stuttorður um þetta.

Jeg ætla þá fyrst að minnast á kvennaskólann, og vil jeg þá sjerstaklega taka nokkuð fram um:

1. Skólanauðsynina,
2. Kenslukrafta skólans,
3. Fjárhag skólans.

Hann hefur nú staðið um 30 ár og var fyrst borinn uppi af Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, en nú um langt árabil af Húnavatnssýslu einni. Jeg skal geta þess, að nú eru einungis 2 kvennaskólar á landinu, sem styrktir eru af landssjóði, skólinn í Reykjavík og skólinn á Blönduósi og svo matreiðsluskóli á Ísafirði, eitthvað lítið eitt. Jeg verð að líta svo á, að skólinn á Blönduósi sje mjög nauðsynlegur, einkum þegar litið er til þess, hvað kostar að sækja skólann hjer í Reykjavík, því það má kallast nærri ókleyft. Menn, sem hafa sent dætur sínar í Reykjavíkurskólann, hafa sagt mjer, að það hafi kostað um 4—500 kr. yfir veturinn, en að sækja skólann á Blönduósi kostar einungis 135 kr. yfir veturinn. Skólann í Reykjavík geta því ekki aðrar stúlkur notað en þær, sem þar eiga heima, og svo efnaðar stúlkur utan af landi, en þær, sem efna-

minni eru, geta það ekki, og þurfa þær þó að nema eins og hinar, því líklega vill enginn halda því fram, að hinar fátækari stúlkur í landinu þurfi ekki að búa sig undir að verða húsmæður eins og hinar, og það því fremur, sem renna má getum til þess, að þær vanalega fái lakara uppeldi. Þörfin á Blönduósskólanum er því mjög mikil, enda hefur til þessa verið mikil aðsókn að honum, verið sóttur úr öllum hjeruðum landsins, og ætið fullur af nemendum. Þá er kenslan í skólanum. Forstöðukonan fyrir skólanum, frú Elín Jónsson er alkunn að því, að hafa mjög gott vit á kenslu og kenslufyrirkomulagi, jafnt þeim konum, sem það hafa bezt hjer á landi, og hefur hún lengi veitt skólanum forstöðu, og óska jeg og vona, að hann megi njóta hennar enn sem lengst. Aðrar kenslukonur hafa mentað sig bæði hjer á landi og erlendis, og má því segja, að kenslukraftar skólans sjeu í bezta lagi. Skólahúsið á Blönduósi er mjög vandað og gefur ekkert eftir skólahúsinu hjer. Svo vil jeg þá drepa lítið eitt á fjárhag skólans, sem mun helzt sannfæra menn um, að hann þurfi á styrk að halda. Fjárhagnum er þannig varið, að eftir þeim reikningi, sem hjer liggur fyrir, er allur kostnaður við rekstur skólans 5478 kr. 78 aurar, og þegar þar við bætast rentur og afborganir af lánum, 11 þús. kr. láni úr viðlagasjóði, 7 þús. kr. láni úr landsbankanum og 2 þús. króna skuldum annarsstaðar, eru öll útgjöld skólans kringum 7500 kr. Fæðisgjald námsmeyja og styrkur frá landssjóði og sýslusjóði er samtals 5972 kr. og er tekjuhallinn því nálægt 1500 kr. Sýslan hefur lagt skólanum til um 800 kr. árlega og nú er þess krafizt, að hún leggi fram 900 kr. árlega gegn þessari hækkun. Af því, sem jeg hjer hef sagt, vona jeg, að þingmenn sjái, að skólinn þarf nauðsynlega á styrk úr landssjóði að halda. Fyrirkomulag skólans var upprunalega á þann hátt, að áður var þar mestmegnis realskólakensla, en nú hefur þessu verið breytt þannig, að verkleg kensla hefur mjög verið aukin, en mjög dregið úr realkenslunni. Hefur sýslunefnd Húnavatnssýslu álitið rjett að færa kensluna í þetta praktiska horf, til þess skólinn gæti því fremur orðið húsmæðraskóli. Er alt til þess gert, að nemendur læri þar aðallega það, sem mest þörf er á í hinu daglega lífi, til þess að nemendur geti orðið góðar húsmæður og mæður. Verður unnið að því að færa skólann í þetta horf, eins og kostur verður á. Svo held jeg að ekki þýði að fjölyrða frekar um þennan skóla, og vil jeg því snúa mjer að bátauppsátrinu á Blönduósi. Blönduós hefur haft ilt orð á sjer fyrir það, að lending er þar mjög vond og hefur það verið mjög bagalegt fyrir sýsluna, og jafnvel fyrir alt landið, því að skip hafa oft orðið að bíða þar dögum saman og oft verið með marga farþega, sem auðvitað hafa líka orðið að bíða. Vissi jeg til þess einusinni, að skip með fjölda farþega varð að bíða þar um viku eftir afgreiðslu. Síðan bryggjan kom hefur þetta breyzt mikið, en þó eigi nægilega, því að við hana er ekki hægt að vernda báta ef ilt er í sjó. Þegar fært er inn í ósinn, er þeim lagt inn í Blönduárós, eða dregnir upp á sandinn að sunnanverðu, en stundum er þetta eigi hægt, ef brim er, og verður þá að setja bátana upp í fjöruna að norðanverðu. En þar hagar svo til, að framanundir flutningabrautinni, sem liggur frá bryggjunni, er steyptur kantur, sem ómögulegt er að setja báta upp á, en fjöruborðið fyrir neðan svo mjótt, að engum bát er óhætt. Þessi vandræði með bátana eru mjög tilfinnanleg og urðu þau nýlega til þess, að bátar kaupfjelagsins brotnaði. Af þeim ástæðum, sem jeg nú hef talið, er farið fram á, að veitt verði fje til þessa bátauppsáturs. Geir Zoëga verkfræðingur hefur áætlað, að þetta muni kosta um 3000 kr., og fjárlaganefndin

hefur haldið fram því principi sínu, að veita ekki meira en þriðjung til slíkra framkvæmda, og hefur því verið fylgi hjer.

Af þessu, sem fram er tekið, hef jeg getað sannfært háttv. fjárlaganefnd um, að hjer væri þörf fyrir hendi. Þetta eru nauðsynjamál. Og á Blönduósi er stórt kaupfjelag, er vill hjálpa til að koma bryggjunni i verk, og sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu samþykti á fundi sínum í vetur, að leggja fram 600 kr. til undirbúnings þessu máli.

Jeg vona, að háttv. þm. geri hjer alt með rólegri yfirvegun og skynsemi, en ekki hlaupi eftir tilfinningum eða æsingi, er mjer finst að hjer hafi um of verið gjört. Ofmikið talað til tilfinninga manna til þess að reyna að láta hana ráða úrslitum. Það hefur verið talað um árnar sem opnar grafir o. fl. því um líkt. Jeg vil ekki vera að hefja slíkar ræður, þó að mjer væri það hinsvegar hægt, því það er skamt síðan, að 4 lík skoluðust upp á Blönduóssand og fórust mennirnir allir milli skips og lands. Jeg gæti því talað með sama rjetti og háttv. þm. Ísaf. (S. St.) um dauða menn, lífsháska og annað það, sem máli manna á að gefa áherzlu. En jeg vil fremur tala um þörf hinna lifandi og sleppa þeim dauðu.

Jeg hef ennfremur heyrt nokkra segja, að þarna ætti ekkert að gera, þarna væri engin höfn. En þar til er því að svara, að fyrst og fremst er höfnin ekki eins slæm og af er látið, eins og jeg hef áður sýnt fram á. Og í öðru lagi væri þeim mun meiri ástæða að bæta höfnina, sem hún er verri.

Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar frekar. Jeg ætlaði í öndverðu alveg að sneiða mig hjá þeim.

Einar Jónsson: Háttv. fjárlaganefnd hefur lagt til, að styrkurinn til sjálfrenningsius á Fagradal yrði feldur niður, en hins vegar vill nefndin láta halda styrknum til Sveins Oddssonar. Mjer finst þetta ekki vera rjett. Þegar á að gera tilraun með þetta flutningstæki, þá finst mjer betra að halda styrknum til sjálfrenningsins á Fagradal, og reyna hann þar, því að sjer í lagi ríður á, að fá vitneskju um, hvort vöruflutningum verður við komið með þessum samgöngufærum. Í sumar hafa verið gerðar tilraunir með mannflutninga hjer syðra, en aftur hafa engar tilraunir verið gerðar með vöruflutninga til muna; eystra mundi sjálfrenningurinn eingöngu verða notaður til vöruflutninga, eða sem næst því. En auðvitað má líka fá reynslu um vöruflutningana hjer syðra, en benda má á það, að nú liggur fyrir þinginu frumv. til laga um járnbrautarlagningu hjer austur, og þó að það nái líklega ekki nú framgangi, þá má búast við því, að járnbrautin komist þar á, áður en mjög langt líður. En þá má aftur búast við því, að þessir vagnar, sem hjer ræðir um, yrðu margfalt minna notaðir hjer, en aftur mundu þeir lengi notaðir eystra, því að þess mun langt að bíða, að þar komi járnbraut. Þá má ennfremur líta á það, að eystra á að veita til þessa að eins 1200 kr. hvort árið eða alls 2400 kr. á fjárhagstímabilinu, en hjer syðra 5000 kr., eða 2600 kr. spöruðust með þessu. Ennfremur ber að líta á það, að mjer er sagt, að flutningsgjaldið austur eigi að verða 3 aurar á pd., og er það mjög hátt, en eystra er ekki hægt að ákveða flutningsgjaldið nema með samþykki stjórnarráðsins, og er þar með fengin vissa fyrir því, að það verði ekki óhæfilega hátt. Jeg vildi því óska þess, að sá liður yrði látinn standa, ef þeir væru þá ekki látnir standa báðir.

Þá vil jeg minnast á brtill. við 18. gr. — hún er að eins ein. — Þar fer nefndin fram á, að fella burtu 300 kr. eftirlaunastyrk handa ekkjufrú Kristínu Sveinbjarnardóttur frá Holti undir Eyjafjöllum. Maður hennar, sjera Kjartan heit. Einarsson prófastur,

var ekki kominn undir nýju lögin og verða því eftirlaun hennar ekki nema um 170 kr. og eftir því, sem mjer hefur verið sagt, þá hefur hún lítið annað til að lifa á, en hefur hinsvegar að sjá fyrir tengdamóður sinni, fósturdóttur þeirra hjónanna og sonarbarni manns hennar. Nú er ætlazt til þess eftir nýju prestslaunalögunum, að eftirlaun prestsekkju sjeu minst 300 kr., og er það ekki há upphæð. Sje jeg ekki annað, en það væri rjett og sanngjarnt í alla staði, að þessi prestsekkja fengi að minsta kosti svo há eftirlaun, eða fengi að minsta kosti 130 kr. í viðbót við eftirlaun sín. En þó að hún hefði þær 300 kr., sem nú á að fella burtu, er það ekki nema í samræmi við aðrar fjárveitingar í þessari grein. Þar stendur meðal annars til prestseksju Bjargar Einarsdóttur 300 kr. og til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 300 kr. Hin fyrri mun auk þess hafa eftirlaun, en hin hygg jeg að engin hafi, en báðar munu þær ekki hafa neina ómaga. Og hjer síðar í greininni sje jeg til prestsekkju Guðrúnar Pjetursdóttur 300 kr.. og hún hefur þó auk þess eftirlaun, svo samræmis vegna getur það fullkomlega staðizt, að Kristín ekkjufrú Sveinbjarnardóttir fái þessar 300 kr. Og svo finst mjer það ætti einnig að vera.

Þá vildi ég minnast nokkurum orðum á eftirlitskensluna, er háttv. þm. Strand. (G. Guðl.) var að tala um, og taldi „andstyggilegt yfirdrepskák". Jeg held, að ummæli hans sje langt of hörð, og vil því mótmæla þeim. Jeg er á þeirri skoðun, að eftirlitskensla geti komið að miklu liði. Setjum svo, að maður sá, er sjer um eftirlitskensluna, ferðist um og gæti að því, hvernig kent er og kenni sjálfur jafnframt í nokkra daga á bæ hverjum, og segði svo fyrir um kensluna þar, áður en hann færi á burt; kæmi svo aftur nokkuru seinna til að prófa, hvernig sjer hefði verið hlýtt, og kendi þá enn að nýju þar 2—3 daga og setti síðan aftur fyrir þangað til hann

kæmi næst. Ef hann færi þannig að, og færi á þann hátt bæ frá bæ, þá held jeg, að mjög gott gæti af því leitt, einkum ef svæði það, er hann hefði yfir að fara, væri ekki mjög stórt, svo að það væri ekki kröftum hans ofvaxið. Og jeg held, að með þessu eftirliti kæmi kenslan að betra gagni, þar sem hún yrði til þess að auka umhugsun heimilanna um ungmennafræðsluna. Annars er altof lítið gert að heimakenslunni, og jeg tel hana miklu betri en farskólakensluna, ef hún er annars góð. Mjer finst það vera auðsætt mál, að ef lögð er rækt við heimakensluna allan veturinn, þá hljóti hún að bera meiri og betri ávöxt, en farskólakenslan, þar sem aðeins er kent í nokkrar vikur. Sex mánaða heimakensla hlýtur að gefa meiri ávöxt en tveggja mánaða farskólakensla. Það hagar svo til mjög víða, að það er ekki hægt að hafa farskólakenslu lengri fyrir hvert barn á vetri. Það er víða ekki hægt að fá nógu stórt húsrúm til að safna mörgum börnum saman, og verður þá að skifta kenslunni niður, svo hún verður því styttri, aðeins 2 mánuði eða skemmri tíma, og þá fer málið að verða augljóst.

Jeg tel heimakensluna alt af betri, ef hún er í lagi, og því vil jeg ekki, að höfð sjeu eins hörð ummæli um hana, eins og háttv. þm. Str. (G. Guðl.) hafði.

Hákon Kristoffersson: Jeg á hjer nokkrar brt., og það er mest vegna þeirra að jeg vildi segja nokkur orð. Um brtl. á þgskj. 708 vil jeg taka það fram, að jeg flyt hana vegna þess, að mjer finnst þar eigi að eiga sjer meiri jöfnuður stað en verið hefur undanfarið. En langt er frá því að mjer sje hún kappsmál, og legg jeg hana alveg á vald háttv. deildar. Í sambandi við hana vil jeg sjerstaklega benda á styrkinn til Þorst. Erlingssonar. Ef jeg verð sannfærður um það, að meira andlegt ljós hafi skinið frá Þorsteini Erlingssyni hin síðari

ár, en frá Guðm. Guðmundssyni, þá væri jeg jafnvel fús á, að taka brtill. aftur.

Þá er brtill. um efnafræðinginn. Hún hefur mætt misjöfnum dómum. En jeg hef borið hana fram, af því jeg hygg, að þessi maður hafi all sæmilegt kaup, og að jeg hinsvegar tel ekki fjárhagsástæður landssjóðs góðar. Eftir því, er jeg hef fengið upplýst, þá hefur hann í kaup:

við efnafræðisstofuna	2000 kr.
— iðnskólann	500 —
— háskólann	600 —
og 25% af brúttotekjum efnafræðisstofunnar, sem nemur eftir upplýsingum frms. fjárlaganefndarinnnar (Stgr. J.) um	150 —
Alls um	3250 kr.,

og get jeg ekki sjeð annað, en þetta sje fullsæmilegt kaup, og jeg hafi að fullu sýnt réttmæti brtl. En jeg viðurkenni, að Ásgeir Torfason muni vera mesti heiðursmaður. En þó hann sje heiðursmaður, þá hefur hann ekki þar fyrir rjett til launahækkunar. En jeg kem ekki með brtill., eftir því hvort mjer er vel eða illa við þá, er hlut eiga að máli.

Í tilefni af ummælum mínum um líkin á Langanesi gaf háttv. frmsm. (Stgr. J.) upplýsingar, og læt jeg mjer þær nægja að öllu leyti og hef því ekki frekar um það að segja.

Þá er síðasta brtl. á þskj. 709. Hún virðist hafa vakið sárastar og viðkvæmastar tilfinningar sumra hjer. Það er brtl. um að fella niður greiðslu til þeirra Guðm. sýslum. Björnssonar og Snæbjarnar hreppstjóra Kristjánssonar. Háttv. þm. Strand. (Guðjón Guðl.) sagði, að þar hyggi sá, er hlífa skyldi, en það vil jeg ekki kannast við, að jeg hafi borið vopn að þessum heiðursmönnum, en sízt vildi jeg vega að þeim hvorki í orði nje verki, þegar þeir eru ekki viðstaddir.

Reikningur sá, er þeir gáfu, nam alls um 10500 kr. Hvaða rök færir háttv. fjárlaganefnd fyrir því, að ekki sje rjett að borga nema 1000 kr. Jeg hef ekki fengið neinar upplýsingar um, hversu mikið fje þeir urðu að leggja út, en vera má, að háttv. framsm. (Steingr. J.) eða háttv. þm. Strand. G. G.) hafi fengið þær.

Það hefur verið skírskotað til þess, hversu þeir hafi verið duglegir. Það má vel vera, jeg var þar ekki á vettvangi og veit því ekki um. það. En í sambandi við það vil jeg minnast tveggja annara sýslumanna, er hafa sýnt mikinn dugnað í þessu efni. Það eru þeir Hannes Hafstein, þáverandi sýslumaður Ísfirðinga, nú ráðherra, og Steingrímur Jónsson, sýslumaður Þingeyinga.

Báðir þessir menn hafa sýnt sömu rögg af sjer, og báðir lögðu þeir sig í hættu ef til vill. En hvaða viðurkenningu hafa þeir fengið? Og það er trú mín, að þeir hafi háðir borið sig skynsamlegar að en Guðmundur sýslumaður Björnsson.

Háttv. þm. Strand. (G. G.) var að tala um það, að þeir ætluðu ekki sjálfir að hafa fje þetta, heldur ætluðu þeir að gefa það sýslunni til einhverrar líknarstarfsemi, en hvað leiddi þá af því, að þessi brtill. mín yrði samþykt annað en það, að þessi líknarstarfsemi yrði að bíða þetta fjárhagstímabil.

En eigi að greiða þeim skaðabætur, þá finst mjer að þeim beri að fá meira en að eins freka 11 hluta af reikningi sínum, en út í reikning þeirra vil jeg ekkert fara, með því að hvorugur þeirra er hjer við.

Það hefur verið sagt við mig, að þetta stjórnaðist af politík hjá mjer. En það er langt frá því. Mjer er vel við báða mennina, en vil ekki, að þingið fari að gera sjer mannamun, því jeg efa stórlega, að svo hefði verið gert sem hjer, ef einhverjir smábændur hefðu átt hlut að máli. Þeir hefðu ekkert fengið, ekki einn penning.

Í förinni voru þeir í 16 daga, svo þeir fá þá vel borgaða, en það á víst að skoð-

ast sem greiðsla fyrir frelsisránið? Ef þeim væri greitt með svipaðri verðskrá og þingmönnum, hefðu það átt að vera 300 krónur.

Jeg er ekki svo grunnhygginn, að jeg búist við því, að þessi brtill. verði samþykt. Forlög Kartagóborgar eru augsýn fyrirfram. En jeg vildi þar fyrir gera skyldu mína, hvað svo sem aðrir gerðu. Og þar sem fjárhagur landssjóðs er þröngur, og það svo, að lagt er til að fella niður 300 kr. greiðslu til fátækrar prestsekkju, þá finst mjer, að þessi greiðsla eigi og að falla niður.

Og svo finst mjer þetta vera skammarboð til þessara manna, að greiða þeim að eins 1000 kr. af 10500 kr. reikningi. Úr því að á að borga hann, því þá ekki að greiða reikninginn með fullri upphæð. Því hefði jeg getað verið með, þó jeg sæi mjer ekki fært að bera það fram, og jeg er alveg hissa á háttv. þm. Strand. (G. G.), er fór um þetta mjög hjartnæmum orðum, er lýstu góðu hjarta og góðu innræti, að hann skuli ekki vera svo sjálfum sjer samkvæmur í framkvæmdinni að bera þá tillögu fram. Það mundi sóma sjer vel fyrir jafn brjóstheilan mann!

Annars liggja engar sannanir fyrir um kostnað fararinnar, og ekki hefur hún verið mjög leiðinleg, því annar þeirra sagðist, eftir því, sem jeg hef heyrt, ekkert hafa á móti því að fara slíka för aftur. Ef menn efa það, munu þeir geta lesið það í enskum blöðum frá þeim tíma.

Jeg vil að endingu skjóta því til hinnar háttv. fjárlaganefndar, hvort hún sjer sjer ekki fært að hækka upphæðina til þessara heiðursmanna, svo að þeir mættu vera nokkurnveginn ánægðir, því að veita þeim rúman 11. part af kröfu þeirra, það virðist nær því tjarstæða. Með það fyrir augum, að ummæli háttv. þm. Strand. (G. G.), viðkomandi því, að fje þetta eigi að fara til einhvers líknarfyrirtækis, þá sýnist því fje vel varið, er fengið væri í hendur

þessara heiðursmanna, er voru hjer á árunum teknir ránshendi.

Steingrímur Jónsson, framsm: Jeg verð að segja örfá orð um það, sem h. þm. V.-Sk. (S. E.) bar mér á brýn, að jeg bryti mínar eigin grundvallarreglur. Jeg mundi ekki hafa svarað neinu, ef þessum ásökunum væri beint að mjer einum, en af því þeim er beint að allri fjárlaganefndinni, að minnsta kosti 4 úr henni, þá finst mjer það sje bein skylda mín, að mótmæla þessu harðlega.

Jeg gat þess áður, að h. nd. hafði samþykt, að 6 brýr skyldi byggja á næsta fjárhagstímabili, og mega sumar af þeim heita stórbrýr, að minsta kosti þegar miðað er við það, hvað stórbrýr voru kallaðar fyrir nokkrum árum, þannig er áætlað, að brúin á Eystri-Rangá kosti 18000 kr., en brúin á Skjálfandafljót kostaði ekki nema 20000 kr., svo munurinn er ekki mikill. Hver, sem vill líta á þetta, sjer, að hjer er um ekkert grundvallarreglubrot að ræða; hjer er bæði veitt fje til að byggja allstórar brýr, og þegar talið er saman alt fjeð, sem í fjárlögunum er ætlað til brúagerða þá má það heita stórfje, og nægilegt til að byggja fyrir eina stórbrú. Þetta hafði jeg tekið fram áður, en af því h. þm. (S. E.) hefur engan gaum gefið því, tek jeg það upp aftur, um leið og jeg vísa á bug öllum ákúrum til mín og nefndarinnar fyrir það, að vjer sjeum að leika okkur að því að brjóta grundvallarreglur, sem við þykjumst fylgja.

Annað atriði mun jeg og minnast á. Nefndin hefur lagt til, að felt væri burtu orðið „venjulega“ úr skilyrðunum fyrir veitingu húsaleigustyrks til nemenda háskólans og mentaskólans. Nefndinni fanst þörf á, að gera skarpan mun á utanbæjarnemendum og innanbæjar; en verið getur, að stöku sinnum geti það komið hart niður, að útiloka innanbæjarnemendur með öllu frá húsaleigustyrk, og mun jeg, og jeg

hygg, fleiri samnefndamenn minir, fús á að koma með breytingartillögu, er geri það unt, að veita þeim innanbæjarnemendum húsaleigustyrk, sem líkt stendur á með og utanbæjarnemendum. Þá er að minnast nokkuð á kostnaðinn við greftrun líkanna, sem við Langanes ráku. Hjer er ekki um venjulegt skipsstrand að ræða, skipið hvarf með öllu, en líkin ráku í land. Málið gat því ekki gengið þá leið, sem strandmál ganga:

Jeg þarf ekki að svara mörgu því, sem talað var um dómkyrkjuna í Reykjavík. Það liggur í augum uppi, hve miklu dýrara það yrði að byggja nýja kyrkju, en að kosta viðgerð þá, sem hjer er gert, ráð fyrir.

Út af því, sem h. þm. Barðstrendinga (H. Kr.) var að tala um borgunina til þeirra Guðmundar sýslumanns Björnssonar og Snæbjarnar hreppstjóra Kristjánssonar, þá verður hún ekki öðruvísi en lítilfjörleg viðurkenning þingsins fyrir því, að þeir hafi orðið fyrir órjetti, sem þeir ættu skilið að fá bætur fyrir. Jeg segi það satt, að ef jeg hefði orðið fyrir sama órjetti hjer á árunum í viðureign minni við enska botnvörpunginn, sem sýslumaður Barðstrendinga varð, þá mundi jeg sleitulaust hafa leitað rjettar míns, og viljað fá rækilegar skaðabætur.

ATKVGR.:

27. brtill. á þgskj. 665 við A. b. 5. liðurinn 6 samþ. með 9 samhlj. atkv.

27. brtill. á þgskj. 665 við A, b. 5. liðurinn 7 samþ. með 11 samhlj. atkv.

28. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 12 samhlj. atkv.

29. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 7 : 4 atkv.

30. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 7 : 4 atkv.

31. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 7 : 5 atkv.

32. brtill. á þgskj. 665 sumþ. með 9 samhlj. atkv.

33. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 11 samhlj. atkv.

34. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 10 : 1 atkv.

1. viðaukatillaga á þgskj. 688 samþykt með 11 : 1 atkv.

35. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 7 : 6 atkv.

36. brtill. á þgskj. 665 við B. VI. 1. c. liðirnir d. og e. samþ. með 8 : 3 atkv.

36. brtill. á þgskj. 665 við B. VI. 1. c. liðurinn f. samþ. með 7 : 2 atkv.

37. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 7 : 1 atkv.

38. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 10 : 1 atkv.

39. brtill. á þskj. 665 samþ. með 10 samhlj. atkv.

40. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 9 samhlj. atkv.

41. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 9 samhlj. atkv.

42. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 9 samhlj. atkv.

43. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 9 samhlj. atkv.

44. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 9 samhlj. atkv.

14. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 12 samhlj. atkv.

45. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 7 : 1 atkv.

2. viðaukatillaga á þgskj. 688 samþykt með 7 : 1 atkv.

1. brtill. á þgskj. 728 samþykt með 9 samhlj. atkv.

46. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 10 : 1 atkv.

Brtill. á þgskj. 731 samþykt með 9 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu þessir

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Steingr. Jónsson,
Guðjón Guðlaugsson,	Jón Jónatansson,
Guðm. Björnsson,	Sigurður Eggerz.
Jósef Björnsson,	
Júlíus Havsteen,	
Sigurður Stefánsson.	

Hákon Kristoffersson og Þórarinn Jónsson greiddu ekki atkvæði og voru taldir með meiri hlutanum.

47. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 10 samhlj. atkv.

48. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 9 samhlj. atkv.

49. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 11 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 708 samþ. með 7 : 4 atkv.

50. brtill. á þgskj. 665 þar með fallin.

51. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 8 samhlj. atkv.

52. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 7 : 5 atkv.

53. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu þessir

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Steingrímur Jónsson,	Eiríkur Briem,
Jón Jónatansson.	Guðj. Guðlaugsson,
Jósef Björnsson.	Guðm. Björnsson,
Sigurður Eggerz,	Júlíus Havsteen.
Sigurður Stefánsson,	
Þórarinn Jónsson.	

Hákon Kristoffersson greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum.

54. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 7 : 4 atkv.

2. brtill. á þgskj. 728 samþ. með 7 samhlj. atkv.

55. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 7 : 4 atkv.

56. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 8 : 3 atkv.

57. brtill. á þgskj. 665 fyrri liður samþ. 10 : 1 atkv.

57. brtill. á þgskj. 665 síðari liðurinn feldur með 7 : 4 atkv.

15. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 12 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 711 samþ. með 9 ; 3 atkv.

58. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 11 samhlj. atkv.

59. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 7 : 4 atkv.

1. brtill. á þgskj. 709 feld með 9 : 2 atkv.

60. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 7 : 3 atkv.

61. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 12 samhlj. atkv.

62. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 8 : 5 atkv.

Brtill. á þgskj. 725 feld með 7 : 6 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu þessir

Já:	*Nei:*
Eiríkur Briem,	Björn Þorláksson,
Guðjón Guðlaugsson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Björnsson,	Einar Jónsson,
Hákon Kristoffersson,	Jósef Björnsson,
Jón Jónatansson,	Júlíus Havsteen,
Sigurður Stefánsson.	Sigurður Eggerz,
	Þórarinn Jónsson.

2. brtill. á þgskj. 709 feld með 7 : 5 atkv.

63. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 11 : 2 atkv.

64. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 9 : 1 atkv.

3. brtill. á þgskj. 709 feld með 8 : 4 atkv.

65. brtill. á þgskj. 665 feld með 8 : 4 atkv.

66. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 12 : 1 atkv.

16. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 12 samhlj. atkv.

17. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

67. brtill. á þgskj. 665 feld með 6 : 6 atkv. með nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei*:
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Steingr. Jónsson,	Guðm. Björnsson,
Eirikur Briem,	Hákon Kristofferss.,
Guðjón Guðlaugsson,	Jón Jónatansson,
Jósef Björnsson,	Júlíus Havsteen,
Þórarinn Jónsson.	Sigurður Eggerz.

18. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

68. brtill. á þgskj. 665 samþ. 10 : 1 atkv.

69. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 12 samhlj. atkv.

19. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

20. gr. samþ. með þeim breytingum, sem af atkvæðagreiðslunni leiðir.

70. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 10 : 1 atkv.

71. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 7 : 6 atkv.

72. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 9 samhlj. atkv.

73. brtill. á þgskj. 665 samþ. með 12 samhlj. atkv.

21. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.

22. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. í einu hljóði.

---

48. fundur. Laugardaginn 2. sept. kl. 12. á hád. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um íslenzkan fána* (410, n. 677, 678, n. 716); 2. umr.

Björn Þorláksson: Sem formaður fánanefndarinnar stend jeg upp til þess að skýra frá, að framsögumaður var enginn kosinn af nefndinni, enda ætlaðist hún til, að engar umræður verði um málið.

Jeg vil geta þess líka, að í nefndarálitinu stendur villa: „fána á bláum grunni“, í stað: „fálka á bláum grunni“. Þetta hefur þó verið leiðrjett í skjalaparti þingtíðindanna.

Ráðherra: Jeg skal ekki tefja umræðurnar lengi, en vil einungis skýra frá því, að jeg álít ekki heppilegt, að frumvarp þetta fari frá þinginu í lagaformi. Til þess vantar undirhúning bæði inn á við og út á við. Inn á við vantar vitneskju um vilja þjóðarinnar í þessu máli. Það geta verið skiftar skoðanir um gerð fánans, og er eigi fjarri að kynna sjer frekara vilja landsmanna í þessu efni. Út á við er eftir að talfæra þetta við konung, þar eð þetta er fremur valdamerki en þjóðernismerki. Hygg jeg betra, að gæta allrar hógværðar og kurteisi, gefa konungi tækifæri til að láta skoðun sína í ljósi, bæði um gerð fánans og mál þetta í heild sinni, áður en útgert er um þetta af þingsins hálfu. Málið er ekki svo í garðinn búið, að gott sje nú þegar að setja konungi stólinn fyrir dyrnar til að samþykkja þetta frv. óbreytt, eða beita lagasynjun gegn málinu. Jeg skal ekkert um það segja, hvort hann staðfestir frv.; það má vel vera; en jeg þykist viss um, að hvort sem hann samþykkir það eða synjar um staðfestingu, þá muni það fremur standa í vegi en greiða götu fyrir framgangi mikilsverðari mála, sem ættu að vera meiri áhugamál, ef borið er svo ört á. Hygg jeg t. d., að það gæti orðið til þess, að flýta ekki fyrir úrslitum sambandsmálsins, og þætti því æskilegast og ráðlegra, að málið væri afgreitt frá þinginu á einhvern annan hátt en í þessu formi.

Eiríkur Briem: Jeg var einn í fánanefndinni og hef skrifað undir með fyrirvara, þar eð jeg var ekki samþykkur, hvorki meiri nje minni hluta nefndarinnar. Að efni til þykist jeg vita, að hugir manna fari talsvert saman, en að formi til mun meiningamunur. Þannig gat jeg t. d. ekki skrifað undir brtill., sem háttv. tveir meðnefndarmenn mínir bera fram, og get eigi álitið það óverulegt atriði, þar sem því er þannig varið, að ef þessi breyting er gerð, má leggja meiri meining í at-

kvæðin en er, þegar atkvæðagreiðsla fer fram, og eftir orð háttv. ráðherra er jeg fremur orðinn fylgjandi þeirri skoðun, að láta þetta mál ekki ganga fram á þessu þingi og vil því leyfa mjer að bera fram rökstudda dagskrá, er jeg afhendi háttv. forseta.

Dagskráin hljóðaði svo:

„Þareð þingdeildinni þykir ekki hentugur tími til að ræða frekar um þetta mál, tekur hún fyrir næsta mál á dagskránni".

Steingrímur Jónsson: Jeg gat eigi orðið samferða meðnefndarmönnum mínum í þessu máli, og hef jeg gert grein fyrir áliti mínu á þgskj. 716. Það mun vera vilji manna, að umræður verði ekki langar og vísa jeg því að eins til umsagnar minnar. Jeg ætlaði að koma fram með rökstudda dagskrá, en þar eð hún nú þegar er komin fram úr annari átt, þá mun jeg ekki bera mína fram við þessa umræðu, en greiða atkvæði með hinni rökstuddu dagskrá.

Hin rökstudda dagskrá var svo borin upp til atkvæða, og var hún feld með 7 atkvæðum gegn 6.

Guðjón Guðlaugsson: Eins og sýndi sig við atkvæðagreiðsluna, vildi jeg láta hina rökstuddu dagskrá ná fram að ganga, þar eð jeg er ekki samþykkur frv. þessu og get ekki greitt atkvæði með því. Er það fyrst og fremst af því, að jeg álít málið ekki svo undirbúið sem skyldi, í öðru lagi eigi bráðnauðsynlegt að það fái framgang, og meira tilfinningamál en praktiskt mál, í þriðja lagi, að ef brtill. kemst að, muni framgangur málsins fremur verða til ógagns en gagns, og loks mun jeg aldrei greiða atkvæði mitt með fána af þeirri gerð, sem hjer er ákveðin. En jeg mun reiðubúinn að greiða atkvæði með þessu máli, þegar það hefur fengið nægilegan undirbúning, þótt jeg geti það ekki, þegar þannig hefur verið flasað að og hjer á sjer stað.

Júlíus Havsteen: Jeg verð ekki langorður. Ætlaði einungis að gera grein fyrir atkvæði mínu. Háttv. þm, Strand. (G, G.) hefur tekið af mjer ómakið, því jeg er honum fyllilega samdóma, og mun jeg enga brtill. koma með að sinni, en get ekki greitt atkvæði með málinu, eins og það er undirbúið.

ATKVGR.:

Brtill. á þgskj. 678 samþ, með 7 : 5 atkv.

1. gr. frv, samþ. með 7 : 4 atkv.

2. gr. frv. samþ. með 7 : 4 atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 7 : 4 atkv.

---

2. *Frv. til laga um viðauka við og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi, nr. 44, 30. júlí 1909* (290, n. 679, 699, 613); 2. umr.

Björn Þorláksson, framsögumaður: Jeg vil skýra frá, hvernig stendur á frv. þessu, sem komið er frá háttv. Nd.

Það hefur komið fram ósk frá sendiræðismanni Frakka hjer um undanþágu frá bannlögunum, og sú beiðni hefur verið árjettuð með brjefi frá utanríkisráðherra Dana. Og er þetta önnur ástæðan til að frv. þetta hefur orðið til, en hin er landsyfirrjettardómur í máli, sem höfðað var gegn manni á Austfjörðum fyrir að hafa flutt vín á land úr skipi.

Brjefið frá sendiræðismanni Frakka er dagsett 30. júní í sumar og er til stjórnarráðsins. Ber hann sig þar upp undan því, að vínföng sín sjeu þrotin; hann hafi þann sið að neyta vins daglega, og hafi gert svo frá blautu barnsbeini; hjer geti

hann ekki birgt sig upp með vín, þar eð hann sje vanur að neyta ljettra vína, sem hjer sje nú enginn kostur á að fá, svo að hann verður að breyta mataræði, ef honum verði eigi leyft að flytja inn þær tegundir víns, sem hann er vanur að neyta.

Jeg skal með leyfi háttv. forseta leyfa mjer að lesa upp kafla úr þessu brjefi konsúlsins. Þar segir svo:

„Jeg neyðist því til alt í einu að láta af matarhæfi, sem jeg hef alla tíð vanizt, og það, sem er en sárara, að sjá konu mína og börn svift því, sem jeg er sannfærður um að þeim er gott og gagnlegt".

Jeg býst við, að mörgum þyki þetta skrítið, og að þeir eigi erfitt með að skilja þetta, og að ýmsir muni leggja út af þessu, að ekki sje ástæða til að veita þessum mönnum undanþágu um innflutning áfengis fremur en öðrum innlendum mönnum. Út af þessu vil jeg geta þess, að Frakkar eru aldir upp við daglega nautn ljettra vína með mat, og að þau eru tiltölulega óskaðleg, eða ekki eins skaðleg og þau vín, sem við Íslendingar höfum vanizt. Þó að þessi undanþága væri veitt og orðuð eins og hún er í brtill. nefndarinnar við 1. gr., þarf enginn, sem þykir vænt um bannlögin og mótfallinn er vínflutningi til landsins að óttast, að af því leiddi sjerlega áfengisnautn eða misbrúkun. Það er og ákveðið, að áfengið er eingöngu ætlað til heimilisþarfa, og það er tiltekið eftir samráði við sendiræðismanninn, hve mikið megi flytja. Samkvæmt bannlögunum er eftir 1915 bannaðar allar vínveitingar í veizlum og samkomum. Hann mætti því ekki veita neinum vín eftir þann tíma. Og þetta áfengi yrði að vera tiltölulega ljett, ekki að hafa meira en 15% af vínanda; öll sterkari vín er bannað að flytja inn, og það er engin hætta á, að sendiræðismaðurinn reyni að fara kringum lögin, enda yrði þessi innflutningur að heyra undir umsjón umsjónarmanns áfengiskaupa. Ef reyna ætti að fara kringum þau, mundi brátt kvikna grunur um það, og þessi grunur mundi nægja til þess, að maðurinn yrði kvaddur heim. Í brtill. stendur, að hann megi flytja inn 800 lítra. Það er miðað við, að ca. tveggja lítra sje neytt daglega.

Jeg veit, að ýmsir hafa það að mótbáru gegn þessari undanþágu, að með henni sje princip bannlaganna brotið. En þetta er ekki rjett, því að í 2. gr. bannlaganna eru taldar 4 eða jafnvel fleiri heimildir til að flytja vín inn í landið. Ef frv. verður samþykt, verður þetta 5. eða 6. heimildin. Og jeg vil bæta því við, að jeg er ekki í miklum vafa um, að ef þessarar heimildar hefði verið leitað 1909, þegar verið var að semja bannlögin, að henni hefði verið bætt við með þeim takmörkunum, sem hjer eru tilteknar. Ef einhver efast um þetta, þá bið jeg að gæta þess, að jeg hafði þá nokkur afskifti af málinu og ætti því að geta dæmt fyllilega eins vel um þetta og hver annar.

Jeg veit, að sumir templarar hafa hneykslazt á þessu frumvarpi; Templurum hefur oft verið borið á brýn ofstæki. Mjer kemur ekki til hugar að bera það af þeim og að neita því, að ákafi þeirra hafi stundum gengið úr hófi. En jeg vil minna á, að til er ofstæki og ófrelsisandi líka á hina hliðina. Jeg er sjálfur templari, hef verið það meir en aldarfjórðung og ætla mjer að vera það, sem eftir er. Og jeg fæ ekki sjeð, að bannlögunum stafi nein hætta af þessu máli. Hjer er ekki um neina breyting að ræða, að eins einni heimildinni bætt við þær, sem fyrir eru, og mjög svipaðri þeim. Þó að þessi heimild yrði veitt, tel jeg ekki hættu á, að fleiri heimildir yrðu veittar, og þó að þær yrðu veittar með líkum takmörkunum og þessi, tel jeg engan skaða að því.

Jeg segi þetta ekki eingöngu vegna háttv. þingdeildarmanna, er greiða eiga at-

kvæði um málið. Jeg segi það fremur vegna manna út um land, er láta bannlögin skifta sig miklu, og jeg get búizt við að lesi og heyri um málið. Jeg veit, að þessi orð mín verða lesin af mörgum. Mjer þykir það leiðinlegt, hve mikill úlfaþytur hefur verið gerður út af þessu máli á báðar hliðar, bæði hjer í Reykjavík og annarsstaðar. Mjer þykir það leiðinlegt vegna templara, en jeg skal geta þess, að margir þeirra líta á málið eins og jeg. Í raun og veru legg jeg ekki mikla áherzlu á, hvort málið gengur fram eða ekki. Jeg tel það fremur lítilsvert, álít það óskaðlegt, eins og jeg hef tekið fram. En í einu tilliti tel jeg það all athugavert, og það skal jeg nú taka fram.

Jeg gat þess, að þau skjöl, sem komið hefðu fram í máli þessu, væru ekki eingöngu brjef sendiræðismannsins frakkneska, heldur og brjef frá utanríkisráðaneytinu danska. Í brjefinu er farið fram á þessa undanþágu. Þar er tekið fram, að frönsku stjórninni sje ljóst, að hjer geti ekki verið um neinn rjett að ræða af hálfu Frakka til að fá undanþágu frá lögunum. Við vitum gegnum utanríkisráðaneytið, að þetta er skoðun Frakka. Þeir kannast við, að lögin sjeu góð og gild. Þeir fara bónarveg að okkur, að þeim sje sýnd sú kurteisi, að þeim verði veitt sú undanþága — og er þetta mjög eftirtektavert. Jeg vil leyfa mjer að lesa upp kafla úr brjefinu, og bið skrifarana að færa hann inn í ræðu mína.

„Om dette Æmne havde jeg en Samtale med Hans Excellence Islands Minister i Oktober Maaned f. A., i hvilken denne udtalte. at der næppe var Haab om, at nógen Undtagelseslov paa det paagældende Omraade kunde blive vedtaget, men at den franske Konsularembedsmand i övrigt indtil den 1. Januar 1915 paa Island vilde kunde forsyne sig med den Vin, han maatte have behov. Dette er gentagne Gange blevet meddelt det herværende

franske Gesandtskab. Til Trods herfor har Gesandtskabet efter sin Regerings Ordre paa ny rejst Spörgsmaalet overfor Udenrigsministeriet. I den Note, hvori dette sker, udtaler Gesandtskabet udtrykkelig, at den franske Regering er klar over, at den for en Undtagelse til Fordel for den franske udsendte Konsularembedsmand ikke kan paaberaabe sig nogen Lov, folkeretlig Bestemmelse eller Sædvane, men udtaler samtidig Haabet om, at den Kgl. Regering af Höflighedshensyn (raisons de courtoisie) vil undtage den i Reykjavik stationerede udsendte franske Konsularembedsmand fra omtalte Lovs Bestemmelser".

Það er eftirtektavert, að hjer höfum við viðurkenning fyrir gildi bannlaganna frá þeirri þjóð, er óvinveittust hefur verið í garð bannlaga. Og það er líka eftirtektavert, að hjer er að ræða um kurteisisbeiðni frá fjölmennri og ríkri þjóð til okkar smælingjanna og fátæklinganna. Jeg vil skjóta því til manna, hvort það sje hyggilegt að neita þessari kurteisisbeiðni, er hún kostar ekkert og ekki verður sjeð, að hún skaði okkur. „Kurteisi kostar ekki fje", mælir orðtakið; en skortur á kurteisi getur kostað fje. Og jeg hygg, að okkur komi bezt, að sýna öðrum þjóðum kurteisi og liðleika. Við erum og verðum mjög upp á aðra komnir. Því er það afar óhyggilegt að brjóta af sjer að ástæðulausu velvild annara þjóða. Jeg segi þetta af því, að hjer er farið fram á, að við sýnum sendiræðismönnum erlendra þjóða kurteisi, verðum við kurteisislegum tilmælum þeirra. Því hefur mjer orðið margrætt um þetta.

Þá sný jeg mjer að hinni orsökinni til þess að frumvarpið kemur fram.

Margir urðu ókvæða við, er þeir heyrðu um landsyfirrjettardóminn, og templarar og bannvinir líta svo á, að ef honum yrði ekki breytt, yrðu bannlögin ljeleg í framkvæmdinni til 1915. Margir hafa dæmt þennan dóm hart og kveðið hann rangan.

Mjer dettur ekki í hug að dæma um það efni. Jeg er ekki hæfur til þess, jeg vil aðeins benda á, að þessum dóm verður ekki breytt, og það þó að honum yrði áfrýjað fyrir 1. jan. 1915, og jeg veit ekki til, að stjórnin hafi gert neina ráðstöfun til að skjóta honum til hæztarjettar. En nú eru eftir 16 mánuðir, þar til lögin ganga að fullu og öllu í gildi og til þess tíma má í skjóli og skugga ljelegrar lögreglu skjóta miklu áfengi inn í landið. Eftir 1. jan. 1915 hefur dómurinn ekkert að þýða.

Tilgangur þessa frumvarps er meðfram að sjá við þessum leka: að varna því tjóni, er af því gæti hlotizt, að mikið af áfengi yrði flutt inn á þennan hátt.

Ef menn bera saman, hvað lagt er í sölurnar með frv. af hálfu okkar bannvina, og hvað unnið er með ákvæðinu, sem jeg nefndi, þá held jeg, að hver maður, sem tala vill af sanngirni, hljóti að játa, að gróði bannlaganna sje meiri en tapið. Tapið er í raun og veru ekki neitt, að því er jeg fæ sjeð, og hef jeg þó velt málinu talsvert fyrir mjer. En gróðinn er nokkur, þó að jeg geri ekki mikið úr honum, og jeg ímynda mjer, að sumir geri meira úr honum en jeg. Eitt ár líður fljótt, og þó að einstöku menn kynnu að birgja sig upp með áfengi, mundu þær birgðir fljótt þrjóta, því áfengi er vara, sem mönnum tekst ekki að geyma lengi. En töluvert tjón gæti þó stafað af slíkum innflutningi.

Í sambandi við þetta vil jeg minnast á eitt atriði og það er það, hvernig menn hafa dæmt og dæma um bannlögin. Margir bannmenn skoða þau sem dýrgrip, er ekki megi snerta, telja þau svo fullkomin, að ekki geti komið til mála að breyta þeim að neinu leyti. Bannfjendur telja þau aftur á móti óhafandi og handaskömm. Sannleikurinn er hjer mitt á milli. Jeg skal játa, að bannlögin eru ófullkomin sem lög, og það ófullkomnari en mörg önnur lög, og það er eðlilegt, því hjer var á engri reynslu að byggja. Þá er þau voru samin, var höfð hliðsjón af lögum, er samþykt höfðu verið í Finnlandi, en aldrei komizt til framkvæmda. Og Finnar voru eins staddir og vjer, er þeir sömdu lögin. Hjer var verið að semja lög um nýtt efni. Þau voru nýmæli — svo eru raunar öll lög kölluð, en bannlögin voru nýmæli í rjettasta og fylsta skilningi orðsins. Því má búazt við, að reynslan leiði ýmsa galla á lögunum í ljós, þó að jeg voni, að þeir verði ekki mjög mikilvægir. Það var líka okkar ólán, að lögin gátu ekki gengið í fult gildi í einu.

Jeg segi þetta og tek fram skoðun mína á þessu efni vegna bannvina út um land, þeirra, er kunna að álíta bannlögin fullkomnari en þau eru, og líta svo á, sem ekki megi snerta við þeim. Og jeg er þeirrar skoðunar, að við eigum og þurfum að bæta bannlögin, og vjer eigum að grípa tækifærið til þess, hvenær sem það gefst, og það þarf engan að furða, þótt þessu sje svo háttað um þessi lög, eins og öll önnur lög. Og hjer gefst nú eitt tækifærið. Ef einhver, sem þykist velviljaður bannlögunum, greiðir ekki þessu frv. atkvæði og með breytingartillögunni, þá er eitt af tvennu: að hann skilur ekki málið eða er því ekki velviljaður. En því er miður, að málið fer fyrir ofan og neðan garð hjá fjölda manna.

Það er full vissa fyrir því, að Nd. mun samþykkja þetta frv., ef 1. gr. verður orðuð eins og nefndin leggur til, og þá mega allir góðir bannlagavinir vel við una.

En það er líka meir en litlar líkur til, að Nd. mundi líka samþykkja frumvarpið með nýju greininni, sem á að koma aftan við það.

Jeg álít það alveg nauðsynlegt, að gefa öll lögin út í einu lagi, því að þau ná til allra og verða að vera öllum mönnum

kunn. Auðvitað þyrfti líka að þýða þau á mál þeirra þjóða, sem við helzt skiftum við. Það er mín skoðun, að það sje ávinningur, að bannlögin sjeu staðfest að nýju, þótt sumir bannvinir ef til vill ekki skilji það.

Hæstv. ráðherra hefur altaf verið andvígur bannlögunum, og oft hefur mjer og öðrum bannvinum sviðið, hvernig hann hefur talað um það mál. Þegar þetta frv. var til umræðu í Nd., talaði hann með ómaklegri hæðni um lögin, nefndi þau „hin frægu lög“ og var auðheyrt á tónfallinu, að hann lagði háðslega merkingu í orðin. Hann lagði og á móti því, að öll lögin í heild sinni yrðu staðfest í annað sinn og vildi, að þau yrðu kend við 1909 en ekki 1913. Það er sannarlega hörmulegt, að svo mætur maður sem hæstv. ráðh. er, skuli vera svona rangsýnn í þessu máli. Oft hefur hann haldið því fram, þegar rætt hefur verið um fjármál hjer á þingi, að bezt væri að afnema bannlögin, þá mundi ekki fje skorta. Mig furðar altaf á þessari skoðun, að það mundi rjetta fjárhaginn við, ef brennivínsstraumum yrði veitt yfir landið. Þegar jeg hef heyrt þá kenningu, hefur mjer venjulega dottið í hug: „sjáandi sjá þeir eigi og heyrandi heyra þeir eigi nje skilja“! — Jeg býst því við, að hæstv. ráðh. sje óljúft að bera lögin upp fyrir konung til staðfestingar að nýju. En þrátt fyrir það, hvað hann hefur verið oss bannvinum andvígur, ann jeg honum þeirrar sæmdar, að nafn hans sjáist undir þessum *frægu* lögum, sem hafa vakið svo mikla athygli á oss Íslendingum og aukið svo álit vort, og munu þó gjöra það meir í framtíðinni.

Skilyrði fyrir því, að háttv. Nd. samþykki frv. er, eins og allir hljóta að vita, að ekki verði felt burt úr því heimildin fyrir ræðismenn til þess að flytja inn áfengi. Jeg skal ekki orðlengja frekar um það ákvæði; jeg hygg það alveg skaðlaust, og væri því mjög illa farið, ef frv. væri teflt í voða þess vegna. — Síðari liður í 1. gr. hljóðar svo: „Öðrum en þeim, sem hjer hafa verið taldir, má ekki leyfa innflutning áfengis, flutning úr skipi í annað skip eða úr skipi í land“. Það getur vel verið, að mörgum finnist þetta ákvæði óþarft og jafnvel dálítið meinlokukent. En það mun vera sprottið af því, hvernig núverandi stjórn hefur fylgt fram bannlögunum. Nýlega hefur stjórnin veitt dönskum hermönnum leyfi — bessa leyfi — til þess að flytja áfengi í land. Mjer er einnig kunnugt, að kæra hefur verið send til stjórnarráðsins um það, að áfengt öl hafi verið flutt í land á Akureyri og þaðan um borð í danska varðskipið. En þeirri kæru hefur stjórnarráðið ekki sint. Þessvegna er þetta ákvæði nauðsynlegt til þess að minna stjórnina á, að hún eigi að fara að lögum. Jeg ætla mjer ekki að fara að að telja upp syndir stjórnarinnar, hvorki í þessu máli nje öðrum, en jeg gat ekki látið hjá líða, að minnast á þetta.

Svo mun jeg ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Jeg hef verið nokkuð langorður, ekki vegna háttv. þingmanna, heldur vegna skoðunarbræðra minna meðal þjóðarinnar. Jeg vildi gera þeim ítarlega grein fyrir, hvernig afstaða mín er til þessa frumvarps.

Ráðherra: Það er ekki eingöngu stjórn Frakka, sem hefur beðið um undanþágu frá bannlögunum fyrir ræðismann sinn; norski ræðismaðurinn hefur einnig margsinnis farið hins sama á leit. Að vísu er svo álitið, að konsúlar framandi ríkja hafi ekki *exterritorialitetsrjett* á sama hátt og sendiherrar, en alstaðar eru þeir þó látnir njóta meiri eða minni undanþágu í þá átt. Hjer er nú spurningin: á að láta aðflutningsbannið ná til útlendra ræðismanna? Fyrv. ráðh. Kristján Jónsson áleit, að ekki væri unt fyrir stjórnina að ákveða, að þeir skyldu undanþegnir banninu, en hvort sú skoðun er óyggjandi,

skal jeg ekkert fullyrða um. En eftir að hann hafði svarað málaleitun konsúlanna í þessa átt, var þess fyrst farið á leit, í gegnum utanríkisstjórnina, að veitt væri undanþága frá lögunum í þessu efni. 1912 var gerð tilraun til þess að fá alþingi til þess að leyfa, að flutt væri vín inn í landið til þess að fagna tignum gestum, sem menn þá bjuggust við að von væri á hingað, og var jafnframt leitað fyrir um horfurnar viðvíkjandi undanþágu fyrir konsúlana. En alþingi fjekst ekki til að veita einu sinni hið fyrnefnda leyfi, og með þá synjun fyrir augum svaraði jeg utanríkisráðherranum í fyrra haust, að lítil líkindi væru til, að unt væri að svo stöddu að fá samþykt á þinginu, til að veita hinum útlendu ræðismönnum undanþágu frá lögunum. En eftir að stjórn Frakka enn á ný hefur farið þess kurteislega á leit, gegnum sendiherra sinn í Danmörk, að undanþágan væri veitt „fyrir sakir alþjóðlegrar kurteisi", hafa augu háttv. Nd. opnazt, og hún hefur samþykt þetta frv. Nefndin, sem háttv. Ed. hefur skipað í málið, hefur nú að vísu ekki synjað um undanþágu, en hún hefur gjörbreytt frv. Hún hefur fyrir það fyrsta fært út kvíarnar, þar sem hún vill heimila „ræðismönnum framandi ríkja, sem þar hafa fæðingarrjett, að flytja inn áfengi". *(Björn Þorláksson*: ræðismenskan er prentvilla fyrir sendiræðismenskan). Samkvæmt frv. átti þessi heimild aðeins að veitast *sendi*ræðismönnum. Ef þessi brtill. nefndarinnar verður samþykt, þá gæti norskur eða franskur eða enskur maður, sem lengi hefði átt hjer heima, en haldið fæðingarrjetti sínum erlendis, alt í einu fengið rjett til þess að flytja inn áfengi, með því að taka við útnefningu sem *vice*konsúll. En nefndin hefur gert fleiri breytingar á frv. Hún hefur farið að hugsa um, hvað ræðismönnunum mundi vera holt að drekka og hvað ekki og hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að þeir mundu ekki hafa ilt af rauðvíni og öðrum viðlíka sterkum drykkjum. Það getur verið, að þetta sje fullnægjandi og holt fyrir sendiræðismann Frakka, en það geta komið sendiræðismenn frá öðrum ríkjum, sem eru öðrum drykkjum vanari, og telji sjer þá hollari, sumir kynnu að vilja öl og „snaps", aðrir whisky, o. s. frv. Líka gæti komið til mála, að franskur ræðismaður vildi hafa leyfi til þess, að fá sjer glas af koníaki, og ef spanskur ræðismaður yrði sendur hingað, mundi hann tæpast láta sjer nægja að mega ekki fá glas af sherry eða portvíni. Nei, jeg held, að það sje tæpur grundvöllur, að byggja þessa lagasetning á, hvað holt muni vera fyrir maga einstakra manna, og gæti það leitt út á þá braut, að einnig yrði að taka tillit til magaheilsu innlendra manna. Jeg hef t. d. orðið var við það í sumar, að hjeraðslæknir utan af landi hefur kvartað undan því við stjórnarráðið, að það sje bannað að láta lyfjabúðir flytja ávalt nýtt bajerskt öl, sem hann telji alveg nauðsynlegt að geta ráðlagt sjúklingum sínum. Ef löggjöfin á að byggjast á því, hvað holt sje fyrir heilsuna, þá er engin ástæða til að binda undanþágu frá aðflutningsbanni við útlenda ræðismenn. — Ef hin háttv. deild vill sýna frönsku stjórninni og öðrum útlendum ríkjum kurteisi í þessu efni, álít jeg rjettast að halda því stryki, sem Nd. tók, að leyfa undanþáguna án tillits til smekks og venju einstakra manna, og samþykkja frv., eins og það kom frá Neðri deild.

Háttv. frms. fór dálítinn útúrdúr í ræðu sinni til þess að víta stjórnina fyrir það, hvernig hún framfylgdi bannlögunum, og nefndi hann tvö dæmi, sem áttu að sýna, að stjórnin hefði ekki gætt skyldu sinnar í því efni. Jeg verð að játa, að jeg hef ekki fyr en í morgun heyrt áæning af því, að dönsku mælingadeildinni hafi verið leyft að flytja áfengi á land. Jeg hef nú

fengið að vita, að á meðan jeg og landritari vorum utanlands í vor, hefur hinn setti landritari úrskurðað, að landmælingarmennirnir dönsku mættu flytja nokkrar flöskur í land, og gerði hann það eftir þeim skilningi á alþjóðareglum, að *útlendar hersveitir undir kommandó*, sem eru sínum sjerstöku lögum háðar, hefðu að sjálfsögðu undanþágurjett í þessu efni. Jeg hygg, að stjórnarráðið hafi haft rjett fyrir sjer, þó að jeg vilji ekki fullyrða það. Það er dómstólanna ef til kemur. Um hitt tilfellið, sem hann minntist á, að áfengt öl hafi verið flutt í land á Akureyri og þaðan út á varðskipið danska, er mjer allsendis ókunnugt, en jeg skal láta athuga, hvort nokkuð þar að lútandi hefur komið til stjórnarráðsins. En það er víst, að útlend herskip hafa allstaðar exterritorialitetsrjett ekki síður en útlendir sendiherrar. Mjer finst það vera h. frms. fullkominn óþarfi að liggja mjer á hálsi fyrir þetta.

H. frsm. var það mjög hugleikið, að frv. þetta yrði felt inn í texta bannlaganna frá 1909, ef það yrði að lögum, og taldi mikla nauðsyn á, að síðan væri gerð sjerstök útgáfa af öllum lögunum í heild sinni. En væri ekki hægt að prenta upp lögin frá 1909 í sjerstakri útgáfu, þó að þetta væri sem viðbót aftan við? Jeg skil ekki, að það geti verið of flókið fyrir menn. Aðalástæða hins h. frsm. er víst sú, að hann heldur, að mjer sje stríð í því, að bera bannlögin upp til staðfestingar fyrir konunginn. Mjer finst sú ástæða fremur ljettvæg, enda getur vel verið, að það falli ekki mjer í skaut að bera lögin upp, heldur einhverjum öðrum, sem hann ef til vill ekki þykist hafa neina ástæðu til að stríða á þennan hátt. Þegar ekki er um stærri breytingu eða umfangsmeiri að ræða, álít jeg innfærrlu í tekstann og endurstaðfesting hálfgert hjegómamál.

Hann furðaði sig ennfremur á því, að jeg hefði látið í ljós, að afnám bannlaganna mundi bæta fjárhag landssjóðs. Skyldi þá nokkur geta efast um, að landssjóð muni um ca. 750,000 kr. á ári, sem áfengistollurinn mundi gefa af sjer með núverandi tollgjaldaupphæð? H. þm. veit það vel, að jeg hef ávalt verið lögunum andstæður, ekki af því, að jeg vildi ekki styðja að því, að misbrúkun víns í landinu minkaði, heldur af því, að jeg er fullkomlega sannfærður um, að bannlögin ná ekki tilgangi sínum, heldur er miklu fremur hætta á, að þau verði til skaða einnig í því tilliti, og á þeirri sannfæringu minni er kærleiksleysi mitt á lögunum bygt. Menn munu halda áfram að drekka eftir sem áður, en menn munu gera það í lagaleysi, og landssjóður fer á mis við þær tekjur, sem hann hefði af tollinum. Jeg vil sannarlega ekki veita nýjum brennivínsstraum inn í landið, en jeg er hræddur um, að þessi lög verði til þess, því þegar þau verða upphafin, er jeg hræddur um, að drukkið verði miklu meira en nokkru sinni áður.

Júlíus Havsteen: Persónulega er jeg því ekki mótfallinn, að konsúlum sje leyft að flytja inn til sín áfengi, en jeg er það ekki af sömu ástæðu og h. 5. kgk., að það sje nauðsynlegt, vegna þess að þeir sjeu vanir við það, því það eru svo margir hjer, sem eru vanir að neyta áfengis. En það er af annari ástæðu, að jeg er þessu meðmæltur, og það er af því, að þessir menn, sem hjer er um að ræða, hafa nokkurskonar „exterritorialitetsrjett", og af því að jeg vil sýna löndum þeim, sem þeir eru frá, alla kurteisi. En það er 2. grein frumvarpsins, sem jeg ætla að snúast á móti. Þessi grein á að vera bót á lögunum um áfengisaðflutningsbannið, en ef það á að fara að setja þessa bót á lögin, þá þarf margar aðrar bætur á þau að setja, því lögin eru full af vitleysum. Það þarf ekki annað en að benda á 2. gr. laganna, sbr. 8. gr. Í 2. gr. eru taldir þeir menn, sem

mega flytja inn áfengi, og eru á meðal þeirra prestar og smáskamtalæknar, en í 8. gr. er sagt, að þeir megi ekki láta það af hendi, nema það sje fyrst gert óhæft til drykkjar. Þetta eru alveg óhæfileg lög. I 5. gr. er sagt, að skipstjóri skuli segja eftir sjálfum sjer, ef hann hefur vín meðferðis fram yfir það, sem lög leyfa, en hvernig getur maður heimtað, að nokkur maður segi eftir sjálfum sjer. Og svo er gerður þessi undarlegi munur milli manna alment annars vegar, og vínveitingamanna og vínsala hins vegar. Eftir lögunum mega menn alment, sem eiga eitthvað til af áfengi, þegar 1. jan. 1915 rennur upp, neyta þess þangað til það er búið, en vínveitingamenn og vínsalar, sem sviftir eru atvinnu sinni, eiga innan árs frá nefndum degi að vera búnir að flytja alt vín, sem þeir eiga eftir, burt af landinu. Annars verður alt tekið af þeim. Jeg skal svo ekki þreyta menn með fleiri dæmum af þessu tagi, en vil aðeins nefna 12. og 13. gr. Í 13. gr. er sagt, að sjáist maður ölfaður, skuli leiða hann fyrir dómara, og á hann þá að segja til, hvar hann hafi fengið vínið. Í 12. gr. er leyft að gera húsrannsókn hjá manni, ef grunur fellur á hann um að hafa veitt áfengi. Nú segir fyllirafturinn, sem leiddur var fyrir dómara, að þessi eða þessi maður hafi veitt sjer vínið, og það má þegar gera húsrannsókn hjá þessum manni. Til hvers er svo verið að setja þessa bót á lögin? Það er þá rjettara að taka lögin alveg til endurskoðunar, en allra helzt ætti að afnema þau sem allra fyrst. Jeg skal að lokum geta þess, að jeg mun koma fram með brtill. við 3. umr., snertandi 2. gr. frv.

Sigurður Stefánsson: Eins og sjest á þgskj. 679, þá hef jeg skrifað undir álit nefndarinnar með fyrirvara. Jeg var ekki vel frískur, og nenti því ekki að skrifa sjerstakt nefndarálit. Minn fyrirvari þýðir það, að jeg get ekki fallizt á brtill. nefndarinnar, allra sízt á breytinguna við 1. gr., og líku máli er að gegna um breytinguna á 2. gr. Jeg get ekki sannfærzt um, að þessar málaleitanir frá frönsku stjórninni sjeu þess eðlis, að þær knýi löggjafarvaldið til þess að breyta gildandi lögum. Þegar þeir menn, sem hjer er um að ræða, komu hingað til lands, þá þektu þeir þessi lög, og það virðist því varla knýjandi ástæða til þess að veita þeim undanþágu frá þeim, enda þótt jeg viti, að þeir njóta jafnan mikilla sjerrjettinda. Það er og eðlilegast, að þeir lifi undir lögum þess lands, sem þeir búa í. Jeg get því ekki álitið, að það sje nein ókurteisi, þótt við finnum ekki ástæðu til að breyta lögunum til þess, að þeir og þeirra familíur geti drukkið vín, sem þeim þykja góð. Það eru svo margir, sem verða að breyta heimilisvenjum sínum vegna laganna, að það er varla ástæða til að gera hjer undanþágu. Auk þess, sem jeg nú hef sagt, má einnig geta þess, að þessir heiðruðu herrar eru ekki hjer í okkar þágu, heldur sinnar þjóðar, og þótt það komi ekki beint þessu máli við, má geta þess, að sendiræðismaður þeirrar þjóðar, sem málaleitanirnar eru komnar frá, er hjer ekki til hagsmuna fyrir okkur, heldur til að styðja að samkepni við okkur í öðrum aðalatvinnuvegi okkar, sjávarútveginum.

Ef veita á þessa undanþágu, þá get jeg ekki sjeð, hvað það á að þýða að fyrirskrifa ræðismönnunum hvað mikið þeir mega drekka, eða hvaða víns þeir megi neyta.

Það vantar reyndar ekki hjer, að það sje nokkuð, sem þeir mega drekka af þessu rauðvínsgutli, á 3. pott á dag. Það getur nú samt verið, að sumir vilji heldur snaps eða bjór heldur en þetta rauðvínsgutl, þótt okkar góða franska konsúl þyki það gott. Jeg get ekki sjeð betur, en ef þessir menn geta ekki haldið

heilsu hjer, þá verði þeir að biðja stjórn sína að kalla sig heim til þess að bjarga sjer og heimili sínu frá heilsuleysi og uppveslun.

Jeg get vel hugsað mjer, að aðrar þjóðir færu að nota sjer þetta og gera alla vísikonsúla að sendikonsúlum,og þá gætu það orðið nokkrir pottar, sem þyrftu að fá undanþágu frá lögunum. Jeg get hugsað mjer um suma vísikonsúlanna, að þeim þyki hart að búa við lögin, en þeir þurfa þá eigi annað en biðja sína stjórn að gera sig að sendikonsúlum, og þá þarf kanske nýja undanþágu um að mega flytja inn sterkara vín, en hjer er heimilað.

Ekki skal jeg mótmæla því, að við eigum að sýna þeirri þjóð, sem hjer á hlut að máli, alla kurteisi. En kurteisin getur líka gengið of langt, því hún getur borið vott um kotungsháttt og of mikla auðmýkt og lítillækkun.

Að því er 2. brtill. snertir, þá finst mjer nokkuð mikið viðhaft, að bæta þessu inn í texta laganna, því svo gæti þá farið, að 10—12 konungar komi til að standa undir lögunum, ef svo færi, að oft þyrfti að breyta lögunum, eins og h. framsm. gerði ráð fyrir. Mjer finst því rjett að fara með þessa breytingu á venjulegan hátt. Jeg álít rjett að lofa lögunum að sýna sig, og vera ekki að káka við að breyta þeim fyr en eftir 1915, er það fer að koma í ljós, hvernig þau reynast.

Það gæti verið ástæða til að samþykkja 2. brtill., sem sprottin er af dómi, sem var kveðinn upp í sumar. Það er reyndar ekki hætta við slíkum dæmum eftir 1915, og er því minni ástæða til þess að gera þessa breytingu en ella mundi.

Jeg er sannfærður um, að vínið streymir nú í stórum straumum inn í landið, sem það hefði ekki gert, ef sölubann og aðflutningsbann hefðu orðið samferða, eins og lagt var til á þinginu 1911, en þá þótti óhafandi. Þessi tími milli aðflutnings- og sölubannsins er þegar orðinn sannkallaður siðspillingartími fyrir þjóðina.

Minn fyrirvari þýddi þá það, að jeg er á móti báðum brtill. nefndarinnar og á móti 1. gr frv., og þótt frv. falli fyrir það í Nd., þá harma jeg það lítt. Till. minni hlutans er í samræmi við mína skoðun, og mun jeg því ekki tala frekar um hana. Jeg hef og fengið skýra áskorun frá mínum kjósendum um, að lögunum verði ekki breytt á þessu þingi.

Jón Jónatansson: Eg ætla aðeins að segja nokkur orð til þess að lýsa afstöðu minni til þessa máls. Jeg hef skrifað undir álit nefndarinnar með fyrirvara, og er hann að nokkru leyti hinn sami og hjá h. þm. Ísaf., en snertir þó mest 1. gr. frv. en einnig brtill. við þá gr. frá meiri hluta nefndarinnar. Að þessu sinni mun jeg hvorki greiða atkv. með eða móti 1. gr. Mjer væri reyndar skapi næst að greiða atkv. á móti þessari undanþágu, en jeg álít það dálítið varhugavert, því jeg er hræddur um, að hún verði hvort sem er veitt í framkvæmdinni, og þá er betra að hún sje veitt í lagaleyfi en í lagabanni. Það er viðfeldnara, að lög heimili undanþáguna en að það þurfi að gera hana í bága við lögin. Þetta er ástæðan til þess, að jeg greiði ekki atkvæði á móti 1. gr. frv., en jeg mun greiða atkv. á móti brtill., og mjer finnast ástæður þær, sem h. ráðherra bar fram á móti henni, á rökum bygðar. 2. gr. fer fram á að gera umbót á lögunum út af landsyfirrjettardómi þeim, sem nýlega var feldur og kunnur er orðinn, og þó jeg geti sagt, að mjer finst varla taka því, ef þessi galli getur ekki komið til greina lengur en til 1915, þá mun jeg samt greiða atkv. með greininni. Mjer þykir rjett að reyna að bæta þá galla, sem eru á lögunum, því þó jeg sje ekki trúaður á gagnsemi þeirra, þá vil jeg þó, að lögin fái þá reynslu, sem menn vilja, að þau fái, þannig að lögin sjeu viðunanlega úr garði

gerð og sæmilega framfylgt, með því móti verður reynsluna mest að marka, og er þá rjett, að bæta úr þessum galla, sem þegar er augljós orðinn.

Sigurður Eggerz: Jeg vil leyfa mjer að taka aftur brtill. mína á þgskj. 699. Jeg skal játa, að það er dálítið fjárlagaryk í mjer eftir umræðurnar í nótt, og jeg mundi ekki hafa staðið upp, ef jeg væri ekki í minni hluta í nefndinni. Jeg skal viðurkenna, að ræðismaðurinn, sem fer fram á undanþáguna, er alls góðs maklegur, en jeg verð að taka í sama streng og h. þm. Ísaf., og það er varla ástæða til, að löggjafarvaldið fari að setja sig í hreyfingu fyrir þetta.

Jeg skildi h. ráðherra svo, að hann teldi vafasamt, hvort exterritorialitetsrjetturinn næði fullkomlega til þessara manna, og það, að þingið er að búa til þessi lög, sýnir, að það álítur þann rjett ekki vera hjer til staðar. Það getur ekki komið til mála, að það sje ókurteisi, þótt við viljum hafa okkar lög fyrir okkur, og viljum, að sendiræðismenn beygi sig undir þessi lög, og það verður því ekki talin kurteisisskylda, að veita þessa undanþágu.

Jeg verð að leggja meiri áherzlu á það en frsm. meiri hlutans, að þessi undantekning þýðir alt annað en undantekningin í 2. gr. bannlaganna. Það er auðsjeð, að þær undantekningar, sem þar er um að ræða, fara engar í þá átt, að veita mönnum leyfi til vínbrúkunar í eiginlegum skilningi. Innflutningur sá, sem þar er um að ræða, er til iðnaðarfyrirtækja, lækninga, til altarisgöngu o. s. frv.

En á hinn bóginn er þessi undanþága beint brot á principi bannlaganna, því ef hún næði fram að ganga, þá væri mönnum leyft að flytja inn áfengi til drykkjar, en það er einmitt meining laganna að banna áfengi til drykkjar. Og þó að sendiræðismenn sjeu nú hjer aðeins tveir að tölu, þá má ganga út frá því sem vísu, að þeim muni fjölga, og því fleiri sem þeir eru, þeim mun meira yrði drukkið í landinu. Það vil jeg biðja menn að athuga, að þegar menn hvergi fá áfengi, þá gleyma menn drykkjarlönguninni, en þessir menn gætu hjálpað mönnunum til að halda löngueninni við, og hætt yrði við, að það græfi um sig. Því: „hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sjer leyfist það". Þetta yrði því til dráps bannlögunum. Hjer er verið að búa til gröfina, því ef þessi undanþága yrði samþykt, þá mundu fleiri á eftir koma, enda báru flutningsmennirnir upp fleiri undanþágur í Nd. Og strax get jeg orðið við þeim tilmælum, að nefna eina slíka undanþágu. Ef konungurinn heimsækti oss, þá mundu ýmsir rísa upp og telja oss tilneydda af kurteisi að veita undanþágu frá bannlögunum. Og eins færi líklega, ef einhverjir kæmu hingað, sem eru hærri í metorðastiganum en sendiræðismennirnir, þá vildu menn veita þeim undanþágur.

Jeg vona, að jeg hafi nú sannfært háttv. meiri hluta nefndarinnar og aðra þingmenn um, að ekki sje rjett að samþykkja þessa undanþágu. Og jeg held líka, að menn út um land líti svo á sem jeg, að þetta veiki bannlögin. Það er sannfæring mín, og því er jeg á móti undanþágu þessari.

Björn Þorláksson: Jeg ætla mjer ekki að svara ummælum þeim, er hjer hafa fallið, enda talaði jeg meira vegna þjóðarinnar en vegna háttv. þingdeildar.

Hæstv. ráðherra furðaði sig á því, að við vildum ekki láta þetta ná til sterkra vína, er norski sendiræðismaðurinn kynni að vilja hafa (*Ráðherra*: Eða enskur, ef kemur). Enskur sendiræðismaður er ekki til hjer. En jeg hygg, að með þessari breyting geti norski sendiræðismaðurinn flutt inn öl, ef hann óskar

þess. En fyrir okkur í nefndinni vakti það eitt, að þetta leyfi yrði ekki misbrúkað. Og oss hefur heldur ekkert borizt um þetta frá norsku stjórninni, en aftur á móti frá frönsku stjórninni, og hún bað að eins um að fá að flytja inn ljett vín til neyzlu með mat, svo að ræðismenn þeir, er hún sendi, þyrftu ekki að breyta matarhæfi sínu. Og einn maður úr nefndinni átti tal um þetta við sendiræðismann þeirra, og var hann ánægður með styrkleika þann, sem hjer er tiltekinn.

Um styrkleikann er það að segja, að við höfðum í höndum lista yfir áfengisstyrkleika ýmsra áfengra drykkja, og samkvæmt honum eru yfir þessu marki 15 %, cognak, romm, brennivín, whisky, portvín, sherry, en á meðal þess, sem er undir 15 % eru öll rauðvín og borðvín. Hjer er ekki farið fram á annað, en það, er franska stjórnin bað um, og sendiræðismaðurinn er ánægður með. Við templarar förum ekki að bjóðast til þess að útvega vín — alls ekki.

Hæstv. ráðherra gat þess, út af því að jeg lauslega mintist á, að hann hefði leyft að flytja inn vín nú í sumar og eins í fyrra til Akureyrar til „Fálkans“, að hann hefði ekki vitað um það. Á það legg jeg enga áherzlu, því það á hann að vita, enda ber hann fulla ábyrgð á því. En svo hefur því verið skotið að mjer, að hann hafi verið hjer á landi í vor, er undanþágan var gefin, en um sönnun þess veit jeg ekki.

Um tillögu vora um að færa breytingu þessa inn í meginmál laganna, sagði hæstv. ráðherra, að hún mundi vera gerð af stríði við sig, en jeg sagði það í fullri alvöru, að jeg gæti unt honum þeirrar sæmdar, að undirrita lögin. Og jeg held ekki, að jeg hafi lagt stein í götu hans eða stritt honum á nokkurn hátt, svo að hann hafi ástæðu til slíkra ummæla.

Hæstv. ráðherra taldi bannlögin til spillingar, en jeg spái, að þau verði til hins mótsetta, en að fara að deila um það við hann ætla jeg mjer ekki. Það er bezt að láta reynsluna leiða það í ljós, hvor okkar hefur rjettara að mæla.

Háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) var að finna að lögunum, hann batt sig við bókstaf þeirra, en gleymdi með öllu anda þeirra. Jeg hygg nú, að hver dómari, sem er, gæti hæglega dæmt eftir lögunum og framkvæmt þau, en það efa jeg ekki, að þeir, er vilja snúa út úr lögunum og rangfæra þau, geti það á einhvern hátt. Það væri líka annaðhvort, þó að lærðir lögfræðingar gætu komið þar að venjulegum lögkrókum og lagaskýringum. Hvaða lög eru það, sem þeir ekki geta hártogað?

Háttv. þm. Ísaf. (Sig. St.), þm. V.-Sk. (Sig. Egg.) og 2. þm. Árn. (J. J.) sje jeg ekki ástæðu til að svara. Það ræður hver sínu atkvæði, og jeg sætti mig vel við það, hver sem niðurstaðan verður.

Guðm. Björnsson: Jeg skal ekki blanda mjer í umræður þær, er fallið hafa hjer um bannlögin í heild sinni, en halda mjer við frumv. það, er hjer liggur fyrir.

Þó get jeg ekki stillt mig um, að taka það fram, að um það leyti, sem þingið var að samþykkja bannlögin, þá voru andbanningar að gera sjer vonir um, að aðrar þjóðir mundu rísa á móti þeim og með valdi koma því til vegar, að hans hátign konungur vor synjaði þeim staðfestingar. Jeg hygg, að fleiri kunnugir menn muni muna það. En það reyndist nú svo, að konungurinn undirritaði þau, og hann sagðist, ef jeg man rjett, gera það með mikilli ánægju.

Og jeg get vel skilið það, að Frakkar sjeu ekki á móti því, að við hjer á enda veraldar fáum bannlög. Mjer er kunnugt um það, að engin þjóð er eins þungt haldin af áfengisnauð og Frakkar, svo að allir merkir læknar og þjóðmegunarfræðingar sjá, að svo búið má ekki standa.

Jeg veit, að jeg get aldrei gleymt því, sem

jeg sá þá sjálfur þegar jeg gekk um sjúkrahúsin í París, þessa mikla og merka bæjar. Í hverju sjúkrahúsi sá jeg alstaðar festar upp feiknstórar auglýsingar með afarstóru og greinilegu letri, þar sem lýst var skaðsemi áfengis með svo stórum orðum, að templarar hafa aldrei difið dýpra árinni. En þær voru ekki gefnar út af góðtemplurum, þessar auglýsingar, heldur af stjórninni.

Því skil jeg ósköp vel, að ekki var beitt *valdi* þessarar miklu þjóðar, eða stjórnar hennar, til þess að bannlög kæmust hjer ekki á.

En nú verður hún aftur fyrir okkur þessi merka þjóð, því nú hefur hún beðið um undanþágu frá bannlögunum fyrir sendiræðismann sinn, og það er sagt, að norski sendiræðismaðurnn hafi líka beðið um hið sama fyrir sig. Jeg hef ekki sjeð beiðni norska ræðismannsins, en jeg veit fyrir víst, að norska stjórnin hefur ekki beðið um það, og jeg er sannfærður um, að við fáum aldrei tilmæli um það úr því landi.

Viðvíkjandi því, er háttv. þm. Ísafj. (S. St.) var að tala um, að ef sendiræðismenn fengju þessa undanþágu, þá hlyti hún líka að ná til venjulegra ræðismanna, eða *konsúla*, sem þeir eru venjulega kallaðir og þeir eru hjer margir. Það er rjett, að hjer eru margir konsúlar. Þeir eru orðnir svo margir, að það er ekki hægt að þverfóta fyrir þeim. Og ef maður rekst á einhvern mann á götu hjer í Reykjavík og veit ekki hver hann er, en vill gæta allrar kurteisi, já, þá gerir maður rjettast í því að segja: „Með leyfi, hvað heitið þjer, herra konsúll?“ En þar sem háttv. þm. hjelt, að þeir gætu orðið *sendi*ræðismenn þá er það hrein vitleysa. (*Júl. Havsteen:* Þeir geta ekki orðið sendiræðismenn). Einmitt það, það vissi jeg, þótt jeg sje ekki lögmaður.

Þeir verða að hafa borgararjett (*Ráðherra*: Innborinna rjett) í því landi, er sendir þá.

Hjer er því spurningin um það, hvernig við eigum að svara málaleitun þessarar miklu þjóðar.

Við vitum, að sendiherrar og sendiræðismenn hafa ýms sjerrjettindi og þau miklu atkvæðameiri, en þessa undanþágu; þeir eru t. d. undanþegnir tollgreiðslu og sköttum. *Þetta* eru mikil sjerrjettindi. Vilja menn nú taka þetta af þeim (*Sig. Stefánsson*: Það er alt annað!) Já — það er annað — og miklu meira, en það, sem hjer er beðið um. Við verðum líka að gæta að því, að þeir hafa meiri helgi á sjer en aðrir menn. Hver þjóð hugsar sem svo: *Það sem þið gerið sendiræðismanni mínum, það gerið þið mjer.*

Og þessvegna er það, að allar þjóðir heimsins sýna sendiræðismönnum ýtrustu kurteisi í allri umgengni. Og það hefur komið fyrir, að lítilfjörleg ókurteisi við þá hefur haft mjög alvarlegar afleiðingar.

Og nú tek jeg mjer málhvíld, svo þið — h. þm. — getið hugsað um þetta, því þetta er alvarlegt umhugsunarefni fyrir fulltrúa okkar litlu þjóðar.

Við Íslendingar erum því miður óvanir að umgangast sendiræðismenn annara þjóða. Allir mentaðir Íslendingar „kunna að vera með mönnum“, en íslenzka þjóðin kann því miður ekki ennþá að vera með sendiræðismönnum.

Hjer er ekki um neinn yfirgang að ræða af Frakka hálfu. Hjer er um það að ræða, sem okkur er sómi að: Ein stærsta, voldugasta og merkasta þjóð heimsins sendir oss vinsamlega beiðni, og biður oss kurteislega að verða við tilmælum sendiræðismanns hennar.

Við verðum að gæta að, hvað við gerum, hvað af því getur leitt, ef við segjum nei.

Við verðum að gæta að því, að þetta eru kurteisistilmæli frá stórþjóð til smáþjóðar, frá Frökkum til Íslendinga.

Jeg hef átt tal við sendiræðismann Frakka, og sagt honum, að jeg vilji fyrir

hvern mun, að honum sje sýnd öll kurteisi. Hann biður um borðvín, sem hann segist ekki geta verið án. Jeg hef spurt hann að því, hvort hann væri ánægður, ef hann fengi þau og ekki annað, og kvað hann já við því. Jeg spurði hann, hversu mikið hann þyrfti um árið, og sagði hann að 600—700 lítrar væri nóg. Við settum svo 800 lítra.

Það er því víst, að hann telur sjer og þjóð sinni sýnd full kurteisi, ef við samþykkjum þetta.

Jeg get ekki stilt mig um, að vekja athygli á því, að það er sagt um okkur templara, að við sjeum öfgamenn, en nú er það komið á daginn, að *við* erum ekki mestu öfgamennirnir. *Nulla regula sine exceptione*, engin venja er afbrigðalaus, sögðu Rómverjar og þeir sögðu líka — sú vitra þjóð; *Exceptio confirmat regulain.* Undantekningin staðfestir regluna.

Við templarar viljum vinna þjóðinni gagn, en viljum gæta þess um leið, að gera henni ekki mein, og þess á hver maður að gæta, að aldrei hljótist neitt mein af því. sem hann er að gera, heldur aðeins gagn.

H. ráðherra tók það fram, að mjer skildist, að hjer væri til þess ætlazt, að sendiræðismenn, yrðu undanþegnir bannlögunum. En það er ekki rjett. Lögin banna, að flytja, selja, veita og gefa áfengi; jeg efast ekki um, að h. ráðherra hefur aldrei ætlazt til, að sendiræðismenn mættu *selja* áfengi.

En þó að jeg megi ekki fara að tala um bannlögin í heild sinni, þá var það þó eitt í ræðu hæstv. ráðherra, sem jeg festi mjer í minni og mun ekki gleyma, hann sagði: *að hann vildi af öllum huga styrkja þessi lög, ef þau gætu útrýmt drykkjuskap* — en kveðst ekki hafa trú á því, að þau gerðu það.

En jeg hef þá trú og vona, að h. ráðherra fái að lifa það, að bannlögin komi að fullum, tilætluðum notum.

Við höfum oft óskað þess, að við kæmumst sem mest í bein viðskifti við aðrar þjóðir. Þá *verðum* við að læra að umgangast sendiræðismenn, og sýna þeim hina mestu kurteisi, og vera varkárir í allri framkomu vorri við þá. Og við megum ekki byrja á því, að móðga þá. Við megum ekkert eiga á hættu í því efni, allra sízt þar sem ein voldugasta og merkasta þjóð heimsins á hlut að máli.

Menn verða að gera sjer ljóst, að þessi hlið málsins er miklu stærri og þýðingarmeiri en sú, sem veit að bannlögunum.

Sigurður Stefánsson: Jeg vildi fyrst taka það fram, að mjer varð mismæli áðan, 15 gráður fyrir 15%, og vona jeg, að jeg megi leiðrjetta það.

Hvað ummælum mínum um sendiræðismennina viðvíkur, þá stöfuðu þau af því, að jeg er ekki löglærður maður. En það eru margar þjóðir, sem eru að hætta að hafa innlenda konsúla, en senda í þess stað sendiræðismenn, og má því búast við, að þeim fjölgi stórum og verði eins margir hjer eða fleiri, en nú eru hjer innlendir konsúlar, en mergð þeirra lýsti 6. kgk. þm. (G.Bj.). Það verður því nóg um áfengið. Og hver þeirra vill fá sína þjóðardrykki. Einn vill fá brennivín, annar whisky, þriðji bjór, fjórði banco, fimti absint o. s. frv. Og þegar svo er háttað, þá finst mjer, að Bakkus gamli fari að eiga hjer margar herbúðir, þar sem eru herbúðir allra sendiræðismannanna.

Sigurður Eggerz: Mjer finst háttv. 6. kgk. leggja alt of mikla áherzlu á það, hvílík æra það sje fyrir oss, að franska þjóðin hafi snúið sjer til vor með kurteislega beiðni. Það er alkunnugt, að Frakkar eru kurteis og göfug þjóð, en hitt er líka kunnugt, að allar þjóðir bera kurteislega fram við aðrar þjóðir málaleitanir slíkar sem þessa. Það er auðvitað sjálfsagt að taka kurteisum málaleitunum á

sama hátt, en þó getur kurteisin orðið of mikil, ef fyrir hennar sakir á að láta af rjettu og góðu máli. Það er næsta fróðlegt að fá að vita það, að vjer kunnum ekki að umgangast útlenda sendiræðismenn nje tala við þá, og jeg fyrir mitt leyti verð að játa, að jeg muni ekki kunna að beygja mig fyrir þeim samkvæmt siðabók háttv. 6. kgk. (G. Bj.)

En hvað sem því líður, þá getur það ekki komið til mála, að mannhelgi sje rofin á þeim eða gerð árás á persónufrelsi þeirra, þó þeir verði að beygja sig undir sömu lög sem landsins börn, og fái ekki að flytja inn í landið áfengi fremur en þau. Ef ræðismennirnir — og þeir eru margir hjer í bæ — fá heimild til að flytja inn vín og veita það gestum sínum í boðum, þá er hætt við, að afleiðingarnar verði, að vínmennina dreymi hálfa daga og heilar nætur um vínboðin hjá ræðismönnunum, og að þeir fái blátt áfram fyrir vinið mikið vald yfir þessum mönnum.

Jeg er samdóma hæztv. ráðherra um, að ef undanþágan er veitt á annað borð, þá hæfi ekki að fastsetja, hvað mikið vín ræðismennirnir megi flytja til landsins, og að annaðhvort eigi að veita leyfið skilyrðislaust eða neita um það. Fyrst það er svona vandasamt að umgangast þessa ræðismenn, eins og háttv. 6. kgk. fræðir oss um, að það sje, af því þeir kunni sig svo vel, þá muni ekki hætta á að þeir drekki sig fulla, því það væri dónaskapur. En þá á það ekki við af okkur, að vera að skipa fyrir, að enginn ræðismaður megi flytja inn meira á ári en 800 potta af mjög óáfengu rauðvíni, það væri vottur þess, að við treystum þeim ekki til að kunna sjer hóf í vinnautn. Háttv. 6. kgk. (G. B.) talaði um, að þeir bindindismennirnir hefðu verið taldir ófgamenn. Það er auðsjeð, að hann vill nú fara að losa þá undan því ámæli. Það var ánægja að heyra háttv. 6. kgk. fara að tala latínu, og eg held það eigi einmitt við hann og flokksbræður hans orðin, sem hann tók sjer í munn, að „exceptio confirmat regulam".

Jeg vona, að háttv. deild greiði atkvæði með br.till. og veiti enga undanþágu sendiræðismönnunum, en samþykki að öðru leyti frv. háttv. Nd. Um hana trúi jeg því ekki, fyr en jeg reyni, að hún sje svo illa sinnuð, að hún fari að fella frv.; jeg vona þvert á móti, að hún taki því vel, þótt konsúlabrennivinið hverfi úr því.

Ráðherra: Jeg held, að h. þm. V.Sk. (S. E.) hafi ekki athugað mál þetta nógu vandlega, ekki athugað, að það skiftir miklu, að sendiræðismönnum annara þjóða sje sýnd full kurteisi. Það gæti komið oss sjálfum í koll, ef vjer gættum þess eigi. Sjerstaklega er oss skylt að sýna Frökkum kurteisi og tilhliðrunarsemi, því að þeir hafa oft sýnt oss kurteisi og velvild. Skal jeg þar minna á spítala þeirra hjer í landi, þar sem þeir hafa tekið á móti Íslendingum með vildarkjörum.

Sendimenn erlendra ríkja eru hvervetna taldir staðgenglar þjóðar sinnar, og talið skylt að fara með þá ekki aðeins sem góða gesti, heldur jafnvel sem þátt af hinu utlenda ríki, er þeir eru fulltrúar fyrir. Þessu megum við ekki gleyma, þegar verið er að fjalla um þetta mál. Jeg vona því, að frv. verði samþykt eins og það kom frá h. Nd., en ekki með breytingum þeim, sem h. meiri hluti leggur til að á því sjeu gerðar, því að í brtl. er óheppilegt orðalag, er raska mundi meginreglu laganna. H. 6. kgk. (G. B.) mintist á, að sendiræðismenn væru undanþegnir sköttum og tollum. Þetta er satt og rjett um skattana; en efamál er um tollana; þó hefur þeirri venju verið fylgt hjer, að undanþiggja þá líka undan þeim, þó að engin bein lagaákvæði heimili slíka undanþágu. Þetta sýnir, að þeir hafa verið skoðaðir óháðir ákvæðum tolllaganna, og að svo hefur verið litið á, að afstaða þeirra gagnvart landslögunum væri önnur, en annara útlend-

inga, sem velja sjer bústað hjer. Frv. þetta er í fullu samræmi við þessa skoðun.

Jeg skil ekki í, að þetta skuli vera skilið sem árás á bannlögin. Það er í augum uppi, að háskalegast fyrir þau lög er það, að þau sjeu svo einstrengingsleg og ómannúðleg, að þau fyrir þær sakir þyki óhafandi; því meir sem hægt er áð forðast slíkt, þess meiri mögulegleikar eru fyrir því, að lögin haldist eitthvað áfram. En ef þau skapa oss óþægindi frá öðrum þjóðum, þá er hætt við, að það geti orðið eitt af því, sem þeim yrði til hnekkis í framtíð. Jeg held því, að það sje rjett hjá h. 5. kgk. (B. Þ.) að það sje misskilningur hjá bannvinum, ef þeir setja sig upp á móti frv. þessu, þeim ætti miklu fremur að vera það kærkomið.

Steingrímur Jónsson: Jeg bjóst ekki við, að tala í þessu máli, því að jeg gerði ekki ráð fyrir alennum umræðum um bannmálið, en hjelt, að menn mundu halda sjer við þetta frv., sem aðeins óbeinlínis snertir bannmálið; enda mundi það hafa verið hollast bæði fyrir frv. og bannlögin sjálf. Jeg leit svo á, að þetta frv., eins og það kom frá h. Nd., væri við það miðað, að vjer gætum lifað í vináttusambandi við aðrar þjóðir, og gætum skoðað hina erlendu sendiræðismenn eins og vant er að skoða sendiherra annarsstaðar, og hegðað oss við þá samkvæmt því. Þannig leit jeg á málið, og þannig lít jeg enn á það. Jeg hafði því hugsað mjer, að greiða atkvæði með frv., eins og það kom frá h. Nd., en mun greiða atkvæði móti brtl. Svo fer það eftir því, hvað af brtl. verður samþykt, hvort jeg sje mjer fært að greiða atkvæði með frv. sjálfu eða ekki. Það var h. 5. kgk. (B. Þ.), sem knúði mig til að taka til máls, Hann hjelt því fram, að inn í landið flyttist nú eftir að aðflutningsbannið er komið á, allmikið af vínföngum í skugga ljelegrar lögreglustjórnar, sem víða væri hjer í landi. Það er óhæfa að koma fram með slíkar staðhæfingar á þingi, nema skjallegar sannanir sjeu til fyrir því, að þær sjeu á rökum bygðar, og mótmæli jeg þeim sterklega fyrir hönd íslenzkra lögreglustjóra sem staðlausu fleipri.

Bannlögin geta ekki lagt þær kvaðir á lögreglustjórana, að ábyrgjast, að þau sjeu í engu brotin; þeim er hvorki lagt fram fje til að halda úti njósnum um það, nje heldur hafa þeir tíma til þess sjálfir. Hið eina, sem af þeim er heimtandi, er að þeir taki á móti kærum og rannsaki þær, og *það* er vítavert, ef þeir gera það ekki, og ef þeir skyldu ekki gera það, þá er sjálfsagt að kæra þá sjálfa. En það er nokkuð annað, sem hjer er að athuga; það vantar lögregluákvæði, er geri lögreglustjórunum mögulegt, að framfylgja þessum ströngu lögum; það lítur út fyrir, að þau hafi gleymtz. Það þarf ekki að segja mjer það, að menn sjeu nú ekki farnir að sjá það og skilja, að bannlögin eru býsna gallafengin. Þau hafa t. d. drepið niður því nær alla bindindishreyfingu í landinu. Í öðru lagi hafa þau æzt drykkjuskaparfýsn og aukið drykkjuskap ungra manna til muna; og í þriðja lagi hafa þau haft skaðlegri áhrif á löghlýðni manna og rjettarmeðvitund en nokkur önnur lög, jeg undantek ekki horfellislögin (*G. B.*: En æðarfuglalögin?). Það skyldu þá vera þau.

Þá þarf jeg að víkja nokkrum orðum að h. 6. kgk. (G. B.). Hann gat þess að ástæðan fyrir því, að frv. þetta hefði komið fram, væri málaleitun frá hinni merku frönsku þjóð, og til hennar yrðum vjer að taka tillit. Það getur verið meira en rjett. En svo bætti hann við, að hún styndi undir áfengisbölinu. Þetta kom dálítið undarlega fyrir, því að rjett á eftir sagði hann, að franska stjórnin hefði snúið sjer hingað til að vernda franska mannhelgi. En fyrir hverju? Er það fyrir því, að losast við það böl, sem hann sagði að Frakkar styndu undir? Það lít-

ur út fyrir, að hjer sje nokkur mótsögn. Og svo vil jeg spyrja: Gerir það ekkert til, þótt mannhelgi vor Íslendinga sje krenkt með þessum lögum.

Guðm. Björnsson: Það er víst bezt að fara að stytta þessar umræður. Það er auðsjeð. að þær ætla að lenda í tómum stælum um bannlögin, og hverfa frá frv. Og mjer dettur ekki í hug að auka stælurnar með því að svara svo mikið sem einu orði útúrsnúningum h. 3. kgk. (Stgr. J.) og aðdróttunum í minn garð og móðgunum; þeim erum við svo vanir, bannmennirnir. Jeg tel það víst, að nefndin taki til athugunar allar bendingar h. ráðherra.

Jeg skal geta þess, að þegar jeg talaði við franska sendiræðismanninn um þetta mál, tók hann það fram, að sjer væri það ljóst, að hvorki mætti hann selja vín nje veita gestum, þótt hann fengi leyfi til að flytja það hingað til heimilisþarfa sinna. Enda mundi hann hafa tekið til miklu meira en hann gerði, ef hann hefði ætlað gestum nokkuð af því. Jeg batt það ekki neinum takmörkum í viðræðu okkar; hann nefndi til sjálfur, hvað hann teldi sig þurfa um árið. Frá þessu vildi jeg segja.

Að lokum vildi jeg bæta því við, að þótt þetta mál virðist fljótt á litið lítilsvert, og á sama megi standa, hvernig því lyktar, þá er ekki svo, þegar betur er skoðað. Jeg vil minna á, og það í fullri alvöru, að þetta mál getur haft miklar afleiðingar. Og jeg efast um, að í sumar hafi hjer í deild verið greitt atkvæði um nokkurt annað mál, er meir hafi riðið á, að hver einstakur þm. gerði sjer sem allra ljósastar afleiðingarnar af atkvæði sínu. Þetta vildi jeg segja, áður en til atkvæða er gengið, svo enginn gangi að því grufl-andi, hvað hjer getur verið í húfi og engin geti með rjettu afsakað sig með því, að hann hafi greitt atkvæði í gáleysi.

Björn Þorláksson, framsögumaður: Jeg verð að svara fám orðum ummælum h. 3. kgk. (Stgr. J.) út af orðum mínum um, að lögreglustjórn hefði reynzt ljeleg sumstaðar hjer í landi við að gæta þess, að bannlögin væru ekki brotin. H. þm. (Stgr. J.) taldi það óhæfu, að nefna slíkt. Það er ekki í fyrsta sinn, sem þessi h. þm. (Stgr. J.) kemur með stóryrði í ræðum sínum gagnvart mjer. Þegar það lá fyrir hjer í deildinni, að veita skáldinu Stgr. Thorsteinsson sjerstök eftirlaun, þá kallaði hann það, að við vildum gera þinginu hneisu, við sem heldur kusum að snúa því upp í heiðursgjöf handa honum. H. þm. (Stgr. J.) ætti að læra að stilla betur orðum sínum eftirleiðis; önnur eins stóryrði og þetta bæta ekki fyrir. Þegar jeg tala um ljelega lögreglu viða hjer á landi, þá þori jeg óhræddur að vitna til almenningsálitsins máli mínu til stuðnings. Jeg veit, að sá vitnisburður yrði mjer í vil. Jeg skal ekkert segja um lögreglustjórn h. þm. (Stgr. J.), hann er svo fjarri mjer, að jeg er ekki kunnugur henni af eigin sjón og reynd. En það get jeg sagt honum, að væri hann nógu nálægt mjer, þá mundi jeg hafa fulla einurð til að segja honum sannleikann bæði um hana og annað. Þá sagði h. þm. (Strg. J.), að bannlögin hefðu leitt til drykkjuskapar. Jeg neita þessu blátt áfram, sem ósannri og ósannanlegri staðleysu.

Þórarinn Jónsson: Það hefur mikið verið um það talað í dag, að það væri sjálfsögð kurteisisskylda við Frakká, að veita þeim undanþágu undan bannlögunum fyrir sendiræðismann sinn hjer. Mjer sýnist verði að líta á það mál þetta frá báðum hliðum. Mjer fyndist það vera kurteisisskylda hinna kurteisu Frakka, að segja við sendiræðismann sinn hjer á landi, að hann verði að beygja sig undir þau lög, sem landsins börn verða að lifa undir, meðan hann dvelur hjer. Jeg þekki

dæmi þess, að bannlögin okkar hafa komið allóþægilega niður á sumum löndum okkar. Um það bil, sem þau vorn á leiðinni, sagði bóndi einn við mig: Ef þessi lög komast á, verður mjer ekki vært hjer í landi; jeg verð að flýja land, því án víns get jeg ekki lifað. Hvernig geta nú Frakkar ætlazt til þess, að vjer gerum sendiræðismanni þeirra hærra undir höfði en íslenzka bóndanum? Og hvernig getum vjer sjálfur staðið oss við að gera það?

Segja við bóndann okkar: Þú mátt fara af landi burt og þeir, sem þjer fylgja; fyrir ykkur gerum við enga undanþágu, en fyrir Frakka er það sjálfsagt.

Steingrímur Jónsson: Jeg svara h. 5. kgk. (B. Þ.) því, að jeg tek það ekki aftur, að það sje óhæfa, að drótta því að lögreglustjórum landsins, að í skugga ljelegra lögreglustjóra muni vín verða flutt inn í landið á næstu 16 mánuðum. Þetta má hann ekki segja, nema hann geti stutt það við full rök. Lögreglustjórarnir hafa á sjer mannhelgi eigi síður en aðrir, og það er ósæmilegt, að gera þá að skotspæni órökstuddra ókvæðisorða.

Það getur verið, að bannlögin hafi minna spillandi áhrif annarstaðar, en svona er það þar, sem jeg er kunnugastur, og er bindindishreyfingin þar nærri dauð. Þetta sagði jeg og stend við það, og sömuleiðis, að löghlýðni hafi minkað.

ATKVGR.:

Brtill. á þgskj. 699 tekin aftur.

Brtill. á þgskj. 713 feld með 7 atkv. gegn 4.

Brtill. á þgskj. 679, 1, feld með 9 atkv. gegn 4.

1. gr. frv., fyrri liður, feldur með 6 atkv. gegn 6 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Eiríkur Briem,	H. Kristoffersson,
Guðm. Björnsson,	Sig. Eggerz,
Jósef Björnsson,	Sigurður Stefánsson,
Júlíus Havsteen.	Þórarinn Jónsson.

Jón Jónatansson greiddi ekki atkv.

Síðari liður 1. gr feldur með 7 atkv. gegn 5.

Öll gr. þar með fallin.

2. gr. frv. samþykt með 7 atkvæðum gegn 4.

3. gr. frumv. samþykt með 7 atkv. gegn 3.

4. gr. frumv. samþykt með 7 atkv. gegn 3.

Brtill. á þgskj. 679, 2, feld með 7 atkv. gegn 4.

Frumv. vísað til 3. umr. með 7 atkv. gegn 4.

Þegar hjer var komið, var fundi frestað til kl. 5.

Kl. 5 síðdegis hófst fundurinn aftur, og voru allir þingmenn viðstaddir.

Var þá dagskrá haldið áfram og tekið til meðferðar.

3. *Frv. til laga um, að landssjóður leggi Landsbankanum til 100000 kr. á ári í næstu 20 ár (552, n. 673, 700).* 2. umr,

Eiríkur Briem framsögumaður: Á þingi 1907 voru samþ, lög um það, að Landsbankinn mætti taka 2. milj. kr. lán á ábyrgð landssjóðs, Fyrst þegar bankinn var stofnaður, voru honum lagðar til 500000 kr. í rekstursfje í seðlum. Þetta var þá talsvert mikil upphæð, en reyndist brátt ónóg, og rjett fyrir aldamótin var þetta tillag hækkað upp í 750000 kr. Atvinnuvegirnir tóku þá ýmsum breytingum og þarfir á lánum jukust mjög. Þetta sjest á ýmsu. t. d. verzlunarskýrslunum, hve mjög vörumagnið jókst og þá eðlilega lánsþörfin að sama skapi. Þá kom

fram hugmyndin um að stofna Íslandsbanka og var hann stofnaður 1904, og sýnir það ljóslega, hver þörf var á meiri peningum þá inn í landið, hve stutt var, áður allur hans höfuðstóll var kominn í lán. En þörfin fór sívaxandi, og þá var það, að þessi lög voru gefin út 1907 um aukningu Landsbankans um þessar 2 milj, kr., með ábyrgð landssjóðs fyrir láninu. Nú vildi svo til, að þegar lögin komu út, var peningaekla mikil í heiminum, og nú leið og beið til vors 1909, að bankinn loks gat fengið lánið. Kjörin voru þau, að það skyldi afborgunarlaust í 5 ár, en síðan endurgreiðast á 20 árum með 100000 kr. ári. Nú eru á næsta ári liðin þessi 5 ár og á þá að greiða fyrstu afborgunina. Þetta getur bankinn ekki nema með því að minka rekstursfje sitt að sama skapi. Og er þettá þá gjört til að ráða bót á þessu og koma í veg fyrir, að bankinn þurfi að færa saman kvíarnar. Landsbankinn kemur því til, ef þetta frv. fær framgang, að skulda landssjóði þetta, en borga ekki ákveðna vexti, heldur hlutdeild í arðinum, í stað vaxtanna til hins útlenda lánardrottins. Nefndin var á einu máli um, að eitthvað þyrfti að gjöra til þess, að bankinn þyrfti ekki að draga inn rekstursfje sitt, til að greiða þetta fje, en dálitill meiningarmunur um, hvað gjöra skyldi. Háttvirtur 3. konungkj. vildi aðeins láta ákveða fyrir næsta fjárhagstímabil, en meiri hl. nefndarinnar vildi láta samþ. frv. eins og það er, og sá ekki neitt því til fyrirstöðu, enda áleit óumflýjanlegt, að koma þyrfti í veg fyrir, að bankinn neyddist til að minka rekstursfje sitt. — Mjer virðist ekki þurfa að tala meira um þetta mál að svo stöddu, því jeg held, að það liggi nú nægilega ljóst fyrir háttv. deild.

Steingrímur Jónsson: Eins og sjest á nefndarálitinu var dálítill ágreiningur um þetta frv. milli mín og samnefndarmanna minna. Jeg hef því skrifað undir með fyrirvara og komið fram með brtll. á þskj. 700, og vil jeg nú gera grein fyrir ástæðunum. Mjer virðist það athugaverð ráðstöfun, sem tekin er með þessu frv., þar sem landssjóður á að leggja fram 100,000 kr. í 20 ár, eða alls 2 milljónir króna. Þetta er þung skuldbinding, því ekki er mikið útlit fyrir, að úr vandræðunum rætist, og það mætti líta á það líkt og veðsettur væri um 20 ár ábúðar- og lausafjárskatturinn og t. d. aukatekjur. Það er nú að vísu eigi gert, en með þessu höfum vjer bundið nær jafnmikið fje. Það er því ástæða að hugsa þetta vel og vendilega, áður en það er gert. Það má búast við því, að landssjóður þurfi oft að leita til annara landa eftir fje, og því er traustið rýrnað og 2 milljóna rýrnun á okkar lánstrausti er ekkert smáræði. Þá þykir mjer og ljóður á frumv. þessu, að einungis er sjeð fyrir 200,000 af þessum 2 miljónum, en ekkert ákvæði gert um hinar 18,00 þúsundirnar, og getur því skeð, að það dragist frá því fje, sem nota þarf til nauðsynlegra árlegra fyrirtækja. Annað er líka athugavert og það er það, ef landssjóður leggur svo mikið af fje sínu til landsbankans, þá er óhjákvæmilegt annað, en umboðsmaður landsins, stjórnin hafi meiri áhrif á stjórn bankans um, hvernig farið er með fjeð, en nú er. Það er erfitt fyrir landsstjórnina, að hafa fulla gát á, hvernig með þetta fje er farið. Það getur verið vel og það getur verið miður, og satt að segja er það ekki forsvaranlegt af alþingi, að gera þessa ráðstöfun, nema athuga jafnframt, hvort ekki þurfi að breyta skipulagi bankans, því þetta verður sama og landssjóður reki bankann. Þá þarf einnig að vita það, hvaða áhrif þetta hefur á álit og traust bankans út á við. Mjer virðist bankinn, eins og nú stendur á, beint kominn upp á landssjóðinn, og það væri ástæða til fyrir útlenda viðskiftamenn að spyrja, hvernig á þessu

standi. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg viti eða haldi, að hagur landsbankans sje slæmur, en jeg býst við, að útlendingar gætu skilið þetta þannig. Þeir mundu líta á þetta eins og óyndisúrræði og álíta, að hjer væri líkt ástatt og þegar Detailhandlerbanken og Grundejerbanken í Kaupmannahöfn hrundu 1908. Þetta er ástæðan til að jeg get ekki samþ. frv., eins og það er. En þó jeg játi, að landssjóður hafi lítið fje undir höndum, þá álít jeg þó, að rjett sje, að hann hlaupi undir bagga, án þess þó að fara of langt, og aukið sje um leið eftirlit með bankanum af landsstjórnarinnar hálfu. Og hef jeg því gert að tillögu minni, að hann hjálpi bankanum með 2 fyrstu afborganirnar. Það er að vísu bráðabirgðarráðstöfun, en það getur verið, að hægt væri á þeim 2 árum, að finna leið til þess að ráða fram úr vandræðunum.

Af þessum ástæðum hef eg komið fram með breytingartillögu mína, sem fer fram á, að 2 ár komi fyrir 20 ár, að hjer sje ekki ákveðið um meira en tvær fyrstu afborganirnar af láninu 1907. Hinar tvær tillögurnar eru afleiðingar af þeirri fyrstu.

Ef þessar breytingartillögur mínar verða ekki samþyktar, sje jeg mjer ekki fært að greiða atkvæði með frv.

Eiríkur Briem, frsm.: Háttv. 3. kgk. þm. (Stgr. J.) spurði, hvaða áhrif þetta frv. hefði á lánstraust landsbankans. Jeg sje ekki, að það hafi veruleg áhrif á það, því að lánið er fengið á ábyrgð landssjóðs. Og að því, er snertir lánstraust landsbankans, sje jeg ekki annað en að það hljóti að aukast, er landssjóður leggur þetta inn sem nokkurskonar hlutafje.

Háttv. þm. (Stgr. J.) vill veita fje til tveggja afborgana, en þá yrði að gera nýjar ráðstafanir í þessu efni 1915, og sagði, að það þyrfti að gera ýmsar ráðstafanir um að tryggja áhrif landstjórnarinnar á hag bankans. Þar til er að svara, að það er hægurinn hjá að gera það, því að bankinn er að öllu leyti eign landsins. Þingið getur því sett lög um það efni, eins og því hentast þykir. Ef landssjóður hleypur ekki uudir bagga, er er ekki annað fyrir hendi, en Landsbankinn verður að minka rekstursfje sitt um 100 þús. kr., og því minka útlánin og þessi skerðiug á þeim vex allt af á hverju ári í 20 ár. Að þessu leyti kemur það hart niður á almenningi, ef frv. yrði samþykt, og útlánin yrðu minkuð. Jeg sje ekki neina ástæðu til að snúast gegn frumvarpinu.

Guðmundur Björnsson: Að eins örstutta athugasemd.

Mjer er ekki liðin úr minni nóttin, sem leið. Það var borið upp til atkvæða hjer í deildinni hvort veita skyldi einni sýslu 14 þús. kr. lán til að kaupa jörð fyrir læknissetri, sjúkrahúsi og jafnvel unglingaskóla síðar meir, en háttv. deild sá sjer ekki fært að veita þetta lán til þessa nauðsynja-fyrirtækis.

Nóttin er liðin. Dagurinn er kominn. Nú er talað um að veita 100 þús. kr. lán á ári í 20 ár? Hverjum á að lána? Landsbankanum! Og hvernig ætlar Landsbankinn að verja því? Það vituu við ekki, hvort hann ætlar að verja því til víxillána, fasteignalána eða ábyrgðarlána, til þarfra eða óþarfra lána.

Um þetta vitum við ekkert.

Jeg *skil* ekki í þessu, *botna hreint ekkert í þessu.* Ef einhver háttv. þingdeildarmaður gæti skýrt mjer þetta, væri jeg honum þakklátur.

Nú er það, vitum við, ein brýnasta þjóðarnauðsynin, að landssjóður leggi fram 400 þús. kr. til Eimskipafjelags Íslands. Landssjóður á þetta ekki í handbæru fje. Við vitum ekki, hvort hann getur fengið það að láni, það leikur mikill efi á því. Ef lánið fæst ekki, strandar þetta mikla þarfa fyrirtæki. Mjer þykir það því kyn-

legt, er landssjóður á nú að leggja 100 þús. kr. til Landsbankans; en fje vantar til brýnustn þjóðþarfa og óvíst, að lán fáist til þeirra.

Steingrímur Jónsson: Að eins örfá orð.

Eg þykist mega fullyrða það um lánið frá 1907, að hugsunin hafi verið, að bankinn borgaði lánið sjálfur. Aðstaða landssjóðs er ekki söm, hvort hann greiðir lánið sjálfur eða er í ábyrgð. Hjer er farið inn á alt aðra braut en ætlazt var til 1907.

Það er satt, að við getum tekið skipulag bankans til athugunar á næsta þingi. En því er ekki nóg að hjálpa bankanum næstu tvö árin og halda svo áfram, ef þörf gerist?

Eiríkur Briem, framsm.: Mjer heyrðist háttv. 6. kgk. þm. (G. Bj.). sárna atkvæðagreiðslan um lánsheimild úr landssjóði til að kaupa jörð fyrir læknissetur. En það kemur ekki þessu máli við, hvort það er nauðsynlegt að kaupa 14 þús. kr. jörð fyrir læknissetur. Þar kemur margt til álita, t. d. hvort læknirinn gæti ekki látið sjer nægja minna jarðnæði. Og þá er það að athuga, hvort það þyrfti ekki meira lán, t. d. til að koma upp húsi handa lækninum. Ef það er sjerstaklega nauðsynlegt, að fá þessar 14 þús. kr., þá ber jeg ekki kvíðboga fyrir, að þær fáist ekki. En um lánið til Eimskipafjelagsins er það að segja, að varla er mikið erfiðara að fá lán, þótt það sje nokkru hærra. Hjer er ekki að ræða um nema 200 þús. kr. á fjárhagstímabilinu. Eimskipafjelagið þarf 400 þús. kr. Þessar 200 þús. kr. eru því ekki nema helmingur af þeirri upphæð, og ef annað fæst, ímynda jeg mjer, að hitt fáist líka.

Háttv. 3. kgk. þm. (Stgr. J.) hermdi vafalaust alveg rjett frá tilætlun þingsins 1907. Það hefur verið gert ráð fyrir því, að bankinn borgaði lánið sjálfur. Og það hefur komið til af því, að menn hafa fremur vonazt eftir, að finnast mundu nýir útvegir, er fram liðu stundir, heldur en hitt, að menn hafi haldið, að bankinn þyrfti ekki á veltufje sínu að halda.

Þá spurði háttv. 3. kgk, þm. (Stgr. J.), hvort það mætti ekki dragast til 1915, er rætt væri um skipulag Landsbankans, að taka ályktun um, hvort landssjóður legði allt það til, er hjer er farið fram á. En þar til er að svara, að það er mjög mikils vert fyrir lánstraust bankans og styrkir það, að hann leggi fram 2 milj. kr. til hans sem „Interessent". Það eykur í mínum augum lánstraust hans að miklum mun nú þegar og gerir honum ljettara að bæta við rekstursfje það, er hann nú hefur.

ATKVGR.:

Brtill. á þingskj. 700 feld með 8 atkv. á móti 4.

Voru þá 2. og 3. liður brtillögunnar teknir aftur.

1. gr. frv. samþykt með 10 atkvæðum gegn 3.

2. gr. frumvarpsins samþykt með 10 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frumvarpinu vísað til 3 umræðu með 10 atkv. gegn 3.

---

4. *Frv. til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Vestmannaeyjasýslu* (646); 2 umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. í einu hljóði.
2. gr. — í — —
3. gr. — í — —
4. gr. — í — —

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

---

5. *Frv. til laga um heimild til að veita einkarjett til að vinna salt o. fl. úr sjó* (654). Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. í einu hljóði.
2. — — - — —
3. — — - — —
4. — — - — —
5. — — - — —
6. — — - — —
7. — — - — —

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3 umræðu í einu hljóði.

---

6. *Frumv. til laga um samþykt á landsreikningunum fyrir árin 1910 og 1911* (669); 2. umr.

ATKVGR.:

1 gr. samþ. í einu hljóði.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

---

7. *Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911* (670); 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. í e. hlj.
2. - — - - —
3. - — - - —
4. - — - - —
5. - — - - —
6. - — - - —
7. - — - - —
8. - — - - —
9. - — - - —
10. - — - - —
11. - — - - —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

---

8. *Till. til þingsályktunar um, að stjórnin láti skoða og ákveða brúarstæði á Miðfjarðará í Húnavatnssýslu og gera áætlun um kostnað við brúargerðina* (668); hvernig ræða skuli.

Forseti: Jeg sting upp á einni umræðu, og ef enginn hefur neitt á móti því, álít jeg það samþykt.

Var það þannig samþykt án atkvæða.

---

9. *Tillaga til þingsályktunar um Reykjavíkurkirkju* (714); hvernig ræða skuli.

Forseti: Jeg sting upp á einni umræðu, og ef enginn mótmælir því, skoða jeg það samþykt.

Ein umræða þannig samþykt án atkvæðagreiðslu.

---

10. *Frv. til landskiftalaga* (655 n. 715); Ein umræða.

Jón Jónatansson framsögumaður: Háttv. neðri deild hefur gert nokkrar smávægilegar breytingar á frv.; enda þótt þær sjeu litilfjörlegar og mestmegnis orðabreytingar, hefur nefndinni samt þótt rjettast að víkja þeim dálitið við.

Nokkur hætta er á, að misskilja megi orðalagið í 1. gr. vegna þess, hvernig orðið landamerki er notað. Það orð táknar ytri ummerki jarða, er aðgreiua land þeirra frá landi annara jarða, en greinina mætti skilja þannig, að ef jarðirnar hafa viðurkend landamerki, þá geti óskift land þeirra ekki komið til skifta samkvæmt þessum lögum, en til þess er einmitt ætlazt. Til þess að girða fyrir misskilning ber nefndin upp breytingartillögur við 1.

gr., sem fer fram á, að í staðinn fyrir, „nje heldur hafa viðurkend landamerki“, komi: „eða viðurkend merki eru til um“.

Þá hefur neðri deild fellt burtu ákvæðið um, að aðilar megi ekki tefja matstörf eða skifti, nema nauðsyn beri til. Þetta var upphaflega tekið upp í frumvarpið til þess að koma ákvæðum þessara laga í samræmi við frumv. til laga um vatnsveitingar. Það virðist betur fara á þessu samræmi, og því leggur nefndin til, að þetta ákvæði, sem hjer ræðir um, verði tekið upp aftur í frv.

Aðalefnisbreytingin er við 8. gr. Þegar frv. fór hjeðan úr deildinni, var svo til ætlazt, að ákvæðin um meðferð á ræktuðu landi, sem einhver hefur ræktað úr óskiftu sameignarlandi, kæmu því aðeins til greina, að landið væri ræktað án samþykkis hinna sameigandanna; en *ef* svo væri samið, að þessi ræktaði hluti skyldi vera eign þess, sem ræktaði, þá kæmi þetta land ekki til skifta. Nú er lagt til að breyta greininni þannig, að þessi upprunalegi tilgangur komi skýrt í ljós. Að öðru leyti vísa jeg til nefndarálitsins.

Þá komum við með brtill. um að breyta orðalagi 11. gr. Við viljum ekki skylda menn til að setja regluleg landamerki, fyr en yfirmat hefur farið fram, ef þess verður krafizt. Þó er nauðsynlegt að setja merki við fyrri skiftin, og þarf það að koma skýrt fram í lögunum, og höfum við komið fram með brtl. í því skyni.

Breyting sú, er neðri deild hefur gert á 13. gr., stafar víst af misskilningi. Það var ætlazt til, að sýslumaður gæti breytt skattskyldu jarða eða jarðarparta samkvæmt skiftunum, en til þess var ekki ætlazt, að breyta skyldi matinu, nje heldur til hins, að skattskyldan væri óbreytt, þar til nýtt jarðamat færi fram.

Þá hefur neðri deild gert breyting á 15. gr., í þá átt, að ítölu skuli meta eftir jarðardýrleika eingöngu, en í frumv. stóð, er það fór hjeðan, að meta skyldi eftir

jarðarmagni, og var með því ekki eingöngu átt við stærð jarðanna að hundraðatali, heldur raunverulega stærð, eða með öðrum orðum það, hve jörðin getur framfleytt miklum fjenaði. Það verður að taka tillit til hvorstveggja, stærðar og hlunninda. — Það þarf ekki að fara saman. Jörð getur átt eða hafa átt varphólma, laxveiði eða önnur dýrmæt hlunnindi, og verið þessvegna hátt metin; getur líka verið, að matið hafi verið bygt á hlunnindum, sem nú eru ekki lengur til, og þessvegna ekki rjett að einskorða mat á ítölu í haga, eftir hundraðatali, þar sem það alloft er þannig vaxið, að það með engu móti getur talizt einhlítur mælikvarði fyrir beitarrjetti í óskiftu landi. Jörð getur verið hátt metin, en þó land lítið í samanburði við aðra, sem lægra er metin, og á beitarrjett saman við hana í óskiftu landi. Er því rjett, að líta á fleira við slíkt mat en hundraðatalið eitt.

Samkvæmt brtill. okkar á bæði að fara eftir jarðardýrleika og jarðarstærð. — Þetta voru nú brtill. okkar. Það, sem ennfremur sjerstaklega þarf leiðrjettingar við, er 6. gr. frv. eins og Nd. hefur gengið frá henni. Síðari málsgrein þeirrar greinar verður ekkert annað en óþörf endurtekning, endá mun það aðeins vera af vangá, að hún var ekki feld burt í Nd. Jeg skal geta þess, að jeg hef borið mig saman við framsm. landbúnaðarnefndarinnar í Nd., og hann hefur talið líklegt, að breytingar okkar mundu ekki stofna málinu í neina hættu þar í deildinni, enda vildi nefndin alls ekki eiga það á hættu fyrir þessar breytingar, að frv. fjelli, því nauðsyn er á því, að þetta mál nái fram að ganga. En jeg treysti því, að málinu sje borgið, þó það fari aftur til neðri deildar, og vona jeg því, að háttv. deild samþykki frv. í þessu formi.

ATKVGR.

1. brtill. á þingskj. 715 sþ. í e. hlj.

2. brtill. á þingskj. 715 sþ. í e. hlj.
3. — - — — - - - -
4. — - — — - - - -
5. — - — — - - - -
6. — - — — - - - -
7. — - — — - - - -

Frv. þannig breytt samþykt í e. hlj. og endursendist Nd.

---

11. *Frv. til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar* (718); 1. umr.

Steingrímur Jónsson: Hjer er um stórt fjárspursmál fyrir landssjóð að ræða, þar sem bæði er farið fram á, að landssjóður leggi fram fje og gangi í stóra ábyrgð, og álít jeg því sjálfsagt að skipa nefnd í málið. Þó að nú sje mjög áliðið þingtímans, þá ætti nefndin að geta hraðað störfum sínum svo, að málið þrátt fyrir það, komist í gegnum þingið.

Málinu vísað til 2. umr. Samþ. í e. hlj. að skipa 3 manna nefnd og voru þessir kosnir í e. hlj.

Guðm. Björnsson,
Jón Jónatansson,
Júlíus Havsteen.

Í nefndinni var Júlíus Havsteen kosinn formaður og Jón Jónatansson skrifari.

---

49. fundur, Mánudaginn 8. september, kl. $11^1/_2$ árdegis. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um íslenzkan fána* (758); 3. umræða.

Steingrímur Jónsson: Við 2. umr. þessa máls kom fram rökstudd dagskrá frá háttv. 2. kgk., sem jeg gat samþykt, og lýsti því þá yfir, að jeg kæmi þess vegna ekki sjálfur fram með rökstudda dagskrá, eins og jeg hafði gert ráð fyrir í ágreiningsnefndaráliti mínu. En úr því að sú dagskrá var feld, ætla jeg að koma fram með rökstudda dagskrá við þessa umræðu.

Jeg ætla mjer ekki að halda langa ræðu að þessu sinni, en læt mjer nægja að vísa til ágreiningsnefndarálits míns, þar sem jeg hef gert grein fyrir skoðun minni. Þar fyrir utan vil jeg að eins taka það fram, að jeg hef heyrt þá mótbáru gegn því, að vísa málinu til stjórnarinnar, að hæstv. ráðherra væri því svo mótfallinn, að hann mundi ekki fást til að sinna því.

Þessi mótbára er áreiðanlega á engum rökum bygð. Ef stjórnin skyti skollaeyrunum við áskorunum þingsins í slíku máli sem þessu, þá mundu forlög hennar verða viss á næsta þingi. Hinsvegar er það vafalaust, að ef ráðherra beitir sjer fyrir málinu, þá eru líkindi til, að vjer getum fengið fánalög, sem betur fullnægja tilfinningum og þörfum þjóðarinnar, en það frv. sem hjer liggur fyrir. Og ef þessi aðferð er höfð, þá gerum vjer að minsta kosti það, sem í voru valdi stendur til þess, að sigla fram hjá því skeri, að lenda í baráttu við Dani út af málinu. Jeg vil því leyfa mjer að bera fram svohljóðandi rökstudda dagskrá:

„Í trausti þess, að ráðherra skýri hans „hátign konunginum frá vilja alþingis í „þessu máli, og beri það upp fyrir honum, „og að stjórnin síðan leggi fyrir næsta „reglulegt alþingi frv. til laga um íslenzk„an fána, tekur deildin fyrir næsta mál „á dagskrá".

Ráðherra: Þessi dagskrártillaga, sem fram er komin, gefur mjer tilefni til að bæta nokkrum orðum við það, sem jeg sagði um málið við 2. umræðu hjer í deildinni.

Þó að jeg sje mótfallinn því, að þetta frumv., sem nú liggur fyrir, verði samþykt sem lög frá Alþingi, og verði yfir höfuð að ráða frá því, að málið sje afgreitt í frumvarpsformi frá þinginu í þetta

skifti, þá er það engan veginn svo að skilja, að jeg sje andvígur því, að Ísland fái sjer löggiltan sjerstakan fána, er táknað geti stöðu þess sem sjerstakt land með sjerstakri þjóð, þegar slíkt getur orðið svo, að oss sje til nokkurs sæmdarauka.

Ástæðurnar fyrir afstöðu þeirri, sem jeg nú hef orðið að taka og verð að taka gagnvart fánafrumvarpinu, eru alt aðrar. Eins og jeg hef margsinnis tekið fram, álít jeg málið ótímabært nú, og óhyggilegt á ýmsan hátt að hreyfa fyrstu málaleitunum við konunginn um þetta mál í föstu frumvarpsformi, sem ekki má frá víkja, þótt hann hefði eitthvað að athuga. Þessu máli horfir að því leyti öðruvísi við en öðrum málum, sem þingið hefur til meðferðar, að vjer eigum hjer að etja gegn þeirri lögskýring eða stjórnmálakenning frá fornu fari, að fánamál yfirleitt, þ. e. alt er að fána lítur hjer á landi, sje „sameiginlegt mál", og liggi þannig ekki undir valdsvið Alþingis, — auk þess sem málið er þess eðlis, að það tekur sjerstaklega til konungdómsins. Þegar af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að varast þær aðferðir, sem hleypt geti stífni í málið frá upphafi.

Ennfremur er frumvarpið svo stuttaralegt, óákveðið, og að sömu leyti óheppilega orðað, að jafnvel einnig af þeirri ástæðu út af fyrir sig virðist mjer það ekki til þess fallið, að verða að lögum. Breytingin, sem samþykt var hjer í deildinni, að hafa orðið „fána" í stað „landsfána", hefur ekki gert frumvarpið ákveðnara nje minkað hætturnar á ágreiningi og deilum um rjettan skilning þess. Sje það skilið eins og nefndarálit meiri hluta nefndarinnar hjer í deildinni segir að eigi að skilja það, sem sje að það geri enga breytingu á neinum núgildandi lögum, þá er hætt við, að sumum kynni að virðast nokkuð lítið á unnið við það. Jeg tel það eina afleiðinguna af því að byrjað er frumvarpsleiðina af alþingis hálfu, að ekki hefur verið talið vogandi að fara opinskátt fram á meira en hið allra minsta *minimum*.

Þó að það skifti litlu í samanburði við annað, má og telja það galla á frumvarpinu, hve orðalagið í 1. gr.: „Hjer á landi skal vera löggiltur fáni" er óviðkunnanlegt, ef ekki villandi, sjerstaklega fyrir útlendinga, er lesa lögin á útlenda tungu, og sjá þau dagsett og staðsett í Danmörku, undirskrifuð af konungi á Amalienborg. Fyrir þá liggur beinast við að halda, að „Hjer á landi" merki Danmörk en ekki Ísland. — En, sem sagt, þetta er nú smáræði.

Af þessum upptöldu ástæðum verð jeg að vera þeirrar skoðunar, að ekki sje rjett að samþykkja þetta frumvarp, heldur verði að velja aðra leið til þess að láta í ljósi vilja þingsins. Í dagskrártillögunni er einmitt bent á þá leið, sem jeg álít rjettasta.

Verði tillagan samþykt, þá mun jeg telja mjer skylt að bregðast ekki því trausti, sem þar er lýst, og gera það, sem í mínu valdi stendur, til þess að fá framgengt því, er þar er farið fram á. Mun jeg skýra Hans Hátign konunginum frá óskum þingsins, bera fram fyrir hann tillögu um, að fyrir næsta alþingi verði lagt stjórnarfrumvarp um þetta efni, og leggja áherzlu á, að því verði framgengt. Ætti það frumvarp að vera í öllu falli skýrara og ákveðnara en þetta, ef til vill líka nokkru víðtækara en nefndarálit meirihlutans hjer í deildinni segir fyrir. Ef stjórnarskrárbreytingin verður samþykt hjer í deildinni, og þar af leiðandi aukaþing næsta sumar, verður biðin þá ekki löng, þangað til menn fengju að vita af eða á um þetta mál, og tækifæri til nýrra ráðstafana með nýjum kröftum, ef ekki lánast þessi tilraun.

Þetta álít jeg þá aðferð sem sje *líklegust* til þess að fá framgengt sjerstökum íslenzkum fána, sem einhver dálítill fengur væri í; en að samþykkja þetta frumvarp nú, álít jeg beint skaðlegt fyrir málið sjálft. Því að jafnvel þótt staðfest-

ing fengist, sem mjög verður að telja vafasamt, þá væri þar með loku skotið fyrir tilraunir til þess að fá betri, ákveðnari og ef til vill viðtækari ákvæði um þetta efni í náinni framtíð. Þeir, sem vilja fánamálinu vel, ættu því að samþykkja þessa rökstuddu dagskrá.

Sigurður Stefánsson: H. deild er kunnugt, að jeg greiddi atkv. með, að frv. gengi til 3. umr., en að öðru leyti hef jeg ekki látið uppi skoðanir mínar um málið. Mjer hefur verið það umhugsunarefni, hversvegna h. ráðherra væri frumv. mótfallinn, og hefur mjer ekki orðið það ljóst fyr en nú. Hann hefur heldur ekki fyr, svo að mjer sje kunnugt, lýst afstöðu sinni til málsins eins greinilega eins og nú. En nú hefur hann tekið af tvímælin. Hann hefur lýst því skýrt og skorinort yfir, að hann muni gera alt, sem í hans valdi stendur, til þess að greiða fyrir málinu í Danmörku, og það þykir mikil tíðindi og góð. Og hann hefur gefið loforð um, að fylgja því fast fram, að lagt verði fyrir næsta alþingi stjórnarfrv. um íslenzkan fána, sem ekki verði *verra* heldur *betra* en það frv., sem nú liggur fyrir þinginu. Þetta þykir mjer mikilsvert, því að óneitanlega er það frv. ekki svo greinilega orðað, sem skyldi, og gæti því orkað tvímælis, hvernig ætti að skilja það.

Eftir að ráðherra hefur gefið þessa yfirlýsingu, horfir málið alt öðru vísi við en áður.

En þar að auki er á það að líta, að þetta mál er svo vaxið, hvort sem litið er til þjóðarinnar, þingsins eða afstöðu ráðherrans, að honum má það vera fullljóst, að sje sú leið farin, sem hin rökstudda dagskrá, er fram hefur komið, bendir til, en hann samt sem áður ekki getur komið málinu áleiðis, eða með öðrum orðum lagt stjórnarfrv. fyrir næsta þing — þá hlýtur honum, segi jeg, að vera það fullljóst, að þá bliku mundi draga upp hjer á landi, að hvorki hann nje neinn annar ráðherra mundi geta staðið það af sjer það jel, sem úr henni kæmi.

Aftur á móti mundi hann hljóta þökk allra góðra Íslendinga, ef honum tækist að reka þetta erindi, svo að góður árangur yrði af. Þá mundi einnig frestun málsins verða talin viturlega ráðin af öllum einlægum fylgismönnum þess, enda skiftir það minstu, hvort lög um fánann fást árinu fyr eða síðar.

Mál þetta er einn þáttur úr sambandsmálinu, og er mikið undir því komið, að meðferð þingsins spilli ekki í neinu góðri samvinnu við stjórnmálamenn Dana og konunginn í sambandsmálinu, en til þess er dagskrárleiðin að þessu sinni öllu líklegri en frumvarpsleiðin. Jeg mun því greiða atkvæði með dagskránni, en jeg tek það skýrt fram, að jeg geri það með þeim formála, að h. ráðherra standi við þá yfirlýsing sína, *að hann geri alt, sem í hans valdi stendur* til þess, að geta lagt fram betra frv. á næsta þingi. Vænti jeg, að hann láti hvorki á skorta einurð nje þrautsegju, til þess að hrinda málinu í það horf, að allir megi vel við una.

3. kgk. (Stgr. J.) bar fram svohljóðandi rökstudda dagskrá:

„Í trausti til þess, að ráðherra skýri Hans Hátign konunginum frá vilja alþingis í þessu máli og beri það upp fyrir honum, og stjórnin síðan leggi fyrir næsta reglulegt alþingi frv. til laga um íslenzkan fána — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

ATKVGR.:

Dagskráin var samþykt með 7 atkv. gegn 6 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
Steingrímur Jónsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Guðm. Björnsson,
Eiríkur Briem,	H. Kristoffersson,

Guðj. Guðlaugsson, Jón Jónatansson,
Júlíus Havsteen, Jósef Björnsson,
Sigurður Stefánsson, Sigurður Eggerz.
Þórarinn Jónsson.

Nafnakalls höfðu þessir þm. beiðzt:
Björn Þorláksson,
Sigurður Eggerz,
Jósef Björnsson.

Þá veik forseti frá röðinni á hinni prentuðu dagskrá og tók fyrir málin í þeirri röð, sem þau eru sett hjer.

---

2. *Frv. til laga um viðauka við og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi, nr. 44, 30. júlí 1909* (764, 768). 3. umr.

Bjórn Þórláksson, framsögumaður: Jeg hef ekki mikið að segja. En það hefur komið fram brtill. á þgskj. 768 um, að 1. gr. frv. falli burtu. Með öðrum orðum þessi grein: „Enginn má taka við nokkurskonar áfengi úr skipi, er hefst við hjer við land, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort heldur gegn endurgjaldi eða endurgjaldslaust". Það er þessi grein, sem eins og jeg skýrði frá við 2. umr., er komin fram vegna yfirrjettardómsins, sem kveðinn var upp í sumar í máli því, sem höfðað var á móti manni eystra fyrir það að hafa flutt vín í land úr skipi nokkru; dómurinn hljóðaði á þá leið, að maðurinn var sýknaður. Þessi grein á að vera til þess, að setja undir þann leka, sem hjer kom í ljós. Jeg hefði ekki furðað mig á því, þótt einhver ólöglærður maður hefði komið fram með þessa brtill., en að fyrverandi yfirmaður lögreglunnar hjer á landi á vissu svæði, maður, sem verið hefur amtmaður um langt skeið, skuli koma fram með slíkt, það furðar mig stórum. Jeg hjelt, að þessi grein, sem hann leggur til að feld verði niður, ætti að geta hjálpað til þess að gæta þessara laga, og það ætti engum að vera eins auðsætt eins og þessum manni, hvað nauðsynlegt er að hafa lögin skýr og glögg. Mjer dettur í hug það, sem jeg sagði hjer við 2. umr. um ljelega lögreglu; mjer finst þetta vera að hjálpa þeirri ljelegu lögreglu til að hafa eitthvað sjer til afsökunar. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en jeg mun greiða atkvæði á móti þessari tillögu, og jeg vona, að allir, sem unna góðri lögreglu í landinu, greiði atkvæði á móti þeirri fáránlegu tillögu, sem hjer er um að ræða.

Júlíus Havsteen: Jeg sje að jeg hef verið fjarri góðu gamni. H. 5. kgk. hefur talað um brtill. mína, og kvað hafa kallað hana „fáránlega", en jeg get huggað hann með því, að hún er þó ekki eins fáránleg, eins og brtill. sú, sem hann kom með við 2. umr. málsins, þar sem konsúlum alment var heimilað að flytja inn svo og svo mikið af víni til heimilisþarfa sinna, að jeg ekki tali um brtill. nr. 2. á sama þgskj. 679 um undirskrift konungs á bannlögin, þegar búið væri að smella inn í þau þeirri breytingu á þeim, sem hann þegar hafði staðfest og undirskrifað.

Jeg hef þegar við 2. umr. talað um ástæðurnar fyrir þessari brtill. Það er fyrst og fremst, að það er ekki til neins að setja nýja bót á þetta ónýta fat. Ef bæta ætti bannlögin til hlýtar, þá yrði það minsta eftir af þeim; flíkin yrði ekki annað en bót við bót. Í annan stað sagði h. 5. kgk. sjálfur, að það gæti verið, að yfirrjettardómurinn væri ekki rjettur, og væri þá ekki rjett að bíða þangað til dómur er fallinn í hæstarjetti í þessu máli. Það er leitt, að verða að viðurkenna, að aðalákvæði laganna hafa verið vitleysa og því þurfi að breyta því. Þessvegna álít jeg hetra, að láta standa við svo búið, þangað til búið er að áfrýja málinu og sjá, hver niðurstaðan verður. Jeg vona því, að brtill. mín nái fram að ganga.

Björn Þorláksson: Mjer þótti það leitt, að h. 1. kgk. var ekki viðstaddur, þegar jeg talaði um þessa fáránlegu tillögu hans, en jeg stend við það enn, að hún sje fáránleg. Jeg verð að taka upp aftur ummæli mín, vegna þess, að h. þm, var ekki viðstaddur. Jeg sagði, að mig furðaði á, að þessi tillaga væri komin frá manni. sem um langt skeið hefði verið yfirmaður lögreglunnar á vissu svæði af landinu, og jeg sagði, að þetta væri að hjálpa ljelegri lögreglu til þess að hafa eitthvað sjer til afsökunar. Það er ekki til neins að bíða eftir hæstarjettardómi í þessu máli, því að hann getur ekki komið fyr en þetta ákvæði er hætt að hafa nokkra þýðingu, og þar að auki hefur ekki heyrzt, að dóminum hafi verið áfrýjað, nje það sje í ráði. H. 1. kgk. sagði, að það ætti ekki við, að setja nýja bót á gamalt fat. Hann þarf ekki að gera sig stóran yfir því, þótt þessi lög hafi reynzt gölluð, því það er ekkert einstakt við þessi lög. Við erum hjer á þingi ávalt að bæta gölluð lög, og því er ekki að furða, þótt það sje einnig gert hjer. Það þýðir ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, en jeg mun óhikað greiða atkvæði á móti þessari tillögu, og jeg vona. að allir þeir, sem unna því, að gildandi lögum sje fylgt, og að góðri lögreglu sje haldið uppi í landinu, greiði einnig atkv. á móti þessari fáránlegu og óviturlegu tillögu.

Júlíus Havsteen: Jeg get ekki sjeð, að þessi tillaga standi í sambandi við lögreglueftirlit, og jeg leyfi mjer að segja, um 1. gr. frv., að hún er óviturleg. Hver segir, að ekki eigi að áfrýja málinu til hæstarjettar, úr því að h. 5. kgk. sjálfur hyggur, að dómurinn sje rangur. Jeg vil frábiðja mjer alt umtal um, að tillagan sje óviturleg, einkum þar sem hv. 5. kgk. hefur ekki staðið sig betur í þessu máli, en raun hefur á orðið.

ATKVGR.:

Brtill. á þgskj. 768, um að 1. gr. falli burtu, var feld með 7 atkv. gegn 4.

Frumvarpið var því næst samþykt með 8 atkvæðum gegn 5, og sent til neðri deildar.

---

3. *Frv. til laga um breyting á 16. gr. laga nr. 29, 16. nóv. 1907.* 721; 1. umr.

Frv. var vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

---

4. *Frv. til laga um löggilta endurskoðendur.* 723, 1. umr.

Jósef Björnsson: Jeg vil leyfa mjer leggja það til, að máli þessu verði vísað til nefndar að lokinni þessari umræðu, og vil jeg leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 samhlj. atkv.

Samþ. var í einu hlj. að skipa 3 manna nefnd í málið, og hlutu þessir kosningu:

Eiríkur Briem,
Einar Jónsson,
Guðm. Björnsson.

Í nefndinni var Eiríkur Briem kosinn formaður og Einar Jónsson skrifari.

---

5. *Frv. til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.* 724; 1. umr.

Jósef Björnsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að málinu verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til nefndar

þeirrar þeirrar, sem skipuð var í næsta mál á undan.

Málinu var vísað til 2. umræðu í einu hljóði,

Samþ. var í einu hlj., að vísa málinu til nefndar þeirrar, sem kosin var í næsta máli á undan.

---

6. *Frv. til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Vestmannaeyjasýslu.* 646; 3. umr.

Frumv. samþ. í einu hljóði, og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

7. *Frv. til laga um samþykt á landsreikningunum fyrir árin 1910—1911.* 669; 3 umr.

Frv. var samþ. í e. hlj. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

8. *Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911*; 3. umr.

Frv. var sþ. í e. hlj., og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

9. *Tillaga til þingsályktunar um milliþinganefnd í slysfaramálum* (752). *Hvernig ræða skuli.*

Forseti stakk upp á einni umr., og var það sþ. í einu hlj.

---

10. *Frumv. til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að vinna salt o. fl. úr sjó* (654); 3. umr.

Eiríkur Briem: Jeg stend ekki upp til þess að gera neinar sjerstakar athugasemdir við frv. Jeg býst við, að það verði vafalaust samþykt nú, eins og við 2. umr. En jeg vil geta þess, að hjer er um stórmikið nýmæli að ræða, sem sje að styðja að nýjum atvinnurekstri með því, að veita einkarjett til rekstursins. Þegar þannig stendur á, er kannske ekki vanalegt að veita svona löguð einkaleyfi, heldur er venja, að nota þau þegar um einhverja nýja uppgötvun er að ræða, og þá sem verðlaun fyrir uppgötvunina, en hjer er einkarjetturinn veittur til stuðnings því, að atvinnureksturinn geti komizt á. Að styrkja ný fyrirtæki á þennan hátt, er ekki vanalegt, heldur er það oft gert á annan hátt, t. d. með verðlaunum, eins og gert hefur verið með útflutt smjör. En þessi aðferð hefur mikið verið notuð í Japan, og það er víst mikið þess vegna, hve fljótt þeim hefur gengið að leiða inn nýjan atvinnurekstur, að þeir höfðu þann sið, að veita einkaleyfi til rekstursins. En svo var annað, sem gaf mjer tilefni til þess, að standa upp, og það er, hvað einkarjettartíminn á að vera langur, og lít jeg svo á, að það ætti ekki að vera fordæmi yfirleitt, en hjer hygg jeg, að það geti ekki orðið háskalegt vegna þess, að það sem unnið er úr sjó, að undanteknu salti, er svo lítið að vöxtum, að flutningskostnaður frá útlöndum getur ekki hækkað vöruna verulega í verði, en væri um slíkt að tala, væri svo langur tími óhæfilegur. Jeg vildi geta þessa til þess, að það sæist seinna í framtíðinni, að þótt þetta einkaleyfi hefði verið veitt hjer, þá hefði þó ekki verið tilætlunin, að innleiða þá venju, að veita einkarjett um svo langan tíma eins og hjer er um að ræða.

Frumvarpið var samþykt í einu hljóði og afgreitt til ráðherra *sem lög frá alþingi.*

---

11. *Frv. til laga um mannanöfn* (672 n. 737); ein umr.

Jósef Björnsson, framsm.: Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, hefur neðri deild gert allmargar breytingar á þessu frumvarpi frá því, sem samþykt var hjer í deildinni. Þessar breytingar eru flestar smávægilegar, og ætla jeg ekki að tefja deildina á því, að tala um þær, sem eru að eins orðabreytingar. Nefndin hefir gert grein fyrir því í áliti sínu, að hún telji flestar breytingarnar fremur til skemda en bóta, en flestar hafa þær litla þýðingu. Efnisbreytingarnar eru að eins tvær. Önnur sú, að gjaldið fyrir leyfisbrjef er hækkað úr 5 upp í 10 kr. Þessi hækkun virðist nefndinni vel hafa mátt vera ógerð, en vill þó ekki gera þetta að ágreiningsatriði milli deildanna, nje láta málið stranda á þessu. Hin efnisbreytingin er sú viðbót, að í bókaskrám skuli ekki farið eftir sömu reglum og í öðrum opinberum skrám. Þetta finst nefndinni óheppilegt, en vill þó heldur ekki gera það að ágreiningsatriði, og leggur hún því til, af frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Frumvarpið var samþ. með 9 samhlj. atkvæðum og afgreitt til ráðherra *sem lög frá alþingi.*

---

12. *Frv. til laga um strandferðir* (639 n. 697); 2 umr.

Sigurður Eggerz (frsm.): Óhætt er að fullyrða það, að það er ekkert mál, er þjóðin fylgir með meiri athygli, en þetta mál, sem liggur nú fyrir háttv. deild.

Í æfintýrunum er talað um hamraborgir, sem að eins var hægt að opna með töfraorðum.

Inni í þeim voru geymd ógrynni öll af gulli og gimsteinum. Ef menn gleymdu orðinu, þá stóðu hamraborgirnar órjúfandi um fjársjóðina.

Í þessu landi eru faldir ótal fjársjóðir, bæði til lands og sjáfar, en ennþá höfum vjer ekki getað fundið svo öflug töfraorð, að vjer gætum notið fjársjóðanna í fullum mæli.

Eitt af þessum töfraorðum er áreiðanlega: „góðar samgöngur".

Um leið og samgöngur vorar aukast og batna, um leið vex framleiðsla vor og alt viðskiftalíf vort þroskast og dafnar betur. Þetta er mjög eðlilegt, því eitt af aðalskilyrðunum fyrir framleiðslunni er, að auðvelt sje að gera það arðvænt, sem framleitt er.

Samgöngumál vor eiga því jafnan að standa meðal öndvegismála vorra.

Menningu vorri er hætta búin, ekki að eins af því, að afturkippir komi í samgöngurnar, heldur einnig af því, ef þær verða ekki auknar. Hver afturkippur í samgöngumálum vorum er bein árás á framleiðsluna í landinu.

Það er því bein skylda þingsins að búa svo um hnútana, að slíkir afturkippir geti ekki átt sjer stað.

Síðasta ár er nú um slíkan afturkipp að ræða. Ástæðurnar að honum eru mjög auðskildar. Vjer höfum jafnan orðið að leita til útlendra fjelaga um samgöngur vorar.

Höfum oft orðið að eiga það á hættu, að ná engum samningum, en þó slíkir samningar hafi tekizt, þá hafa þeir allajafna fremur verið sniðnir eftir hagsmunum fjelaga þeirra, sem við höfum leitað til, heldur en eftir vorum eigin hagsmunum. Síðasta þrautalendingin hefur vanalega verið sameinaða gufuskipafjelagið. Mun það nú hafa heitið stjórninni að annast strandferðir vorar næstu tvö ár, ef óskað yrði.

En nú hefir komið símskeyti frá fjelaginu til ráðherra þess efnis, að það hverfi frá samningsboðum sínum, ef alþingi styrki Eimskipafjelag Íslands með hluttöku eða á annan hátt. Þessi danski hnefi gerist því

ærið nærgöngull oss Íslendingum, og mun fáa fýsa að leggja framtíð vora undir hann. En hvað á þá að gera? Einasta ráðið er að gera samgöngur vorar sem allra fyrst innlendar; þá eru þær hrifnar burt úr þeirri óvissu, sem hingað til hefur vofað yfirþeim.

Að því er nú millilandaferðirnar snertir, þá munu þær að flestra áliti arðvænlegri, en strandferðirnar.

Fyrir þeim er nú að nokkru leyti sjeð um næstu 6 ár samkvæmt samningi þeim, er gerður var við sameinaða gufuskipafjelagið 1909.

Nauðsyn er því ekki í augnablikinu eins brýn á því, að taka þessar ferðir að sjer. Og þó er nauðsynlegt, að gera þær sem allra fyrst innlendar.

Á meðan ferðir þessar eru í höndum útlendra fjelaga, þá verður hagsmuna landsins aldrei gætt eins og skyldi.

En hagsmunir landsins krefjast þess, að vjer höfum sem greiðastar samgöngur við þá staði, þar sem vjer höfum mestan hag af að kaupa varning þann, sem vjer þörfnumst og auðveldast getum selt afurðir vorar.

Alt virðist benda á, að styzta leiðin væri heppilegust. Tíðar ferðir milli Íslands og Englands mundu verða oss mjög drjúgar. Flutningsgjöldin vitanlega þeim mun minni, sem vegalengdin er minni. Nú er það að vísu svo, að skip sameinaða fjelagsins koma oft við í Englandi, en sá böggull fylgir því skammrifi, að flutningsgjöldin með þeim skipum eru nálega eins á milli Íslands og Englands og milli Íslands og Danmerkur. Hjer eru vitanlega danskir hagsmunir, sem ráða. Úr þessu verður ekki bætt á annan hátt en með því, að að gera ferðirnar innlendar.

Að því, er strandferðirnar snertir, þá eru þær vitanlega örðugasti hjallinn. En eitt virðist þó vera ljóst, og það er, að þær eigi að geta borið sig, ef flutningsþörfin er nægileg, og þeim er hagað eftir henni að svo miklu leyti, sem hægt er. En hjer vantar með öllu nákvæmar skýrslur um flutningsþörfina, sjerstaklega hafna á milli. Eins og fylgiskj. 1 við nefndarálitið, sem jeg geri ráð fyrir að háttv. þingm. hafi kynt sjer, ber með sjer, þá er þó flutningsþörfin æði mikil, og eins er það víst, sbr. fylgiskj. 2, að skip koma oft á staði sem lítil flutningsþörf er á, en mjög sjaldan á ýmsa staði, þar sem flutningsþörfin er rík.

Þessu þarf að breyta, það þarf að nema óþarfa viðkomustaði úr ferðaáætluninni, og fækka komu strandferðaskipanna á þá staði, sem þau bersýnilega koma óþarflega oft á.

Jeg er ekki í miklum vafa um það, að ferðirnar mundu borga sig, ef þeim væri hyggilega fyrirkomið. Og ekki þarf í raun og veru að teygja sig langt til að færa sönnun fyrir þessu. Bezta sönnunin er, að útlend fjelög hafa tekið þær að sjer, vitanlega í gróðaskyni.

Í háttv. neðri deild hefur risið upp nokkur ágreiningur um, hver skýrslan mundi rjettari vera, fyrverandi eða núverandi forstöðumanna Thorefjelagsins, um rekstur strandferðaskipa fjelagsins.

Jeg ætla mjer ekki, að blanda mjer inn í þann ágreining, en eftir góðum heimildum, get jeg fullyrt, að tekjur og gjöld Austra og Vestra árið 1912 hafa verið þannig, og eru þó gjöldin fullhátt reiknuð:

Austra:	gjöld	kr.	80,224,29
	tekjur	—	50,529,34
	tekjuhalli	kr.	29,694,95
Vestra:	gjöld	kr.	77,166,45
	tekjur	—	37,052,42
	tekjuhalli	kr.	40,114,03

Sjeu nú hverju skipi talin 30 þús. kr. styrkur úr landssjóði, verður hreinn ágóði af Austra kr. 305, en tekjuhalli á Vestra kr. 10,114.

Tekjur skipanna eru miðaðar við gömlu taxtana, en væru þær reiknaðar eftir nýju töxtunum, sem eru mun hærri, þá mundi verða ágóði af rekstri beggja skipanna.

Auk þess ber þess að gæta, að engin sönnun er færð fyrir því, að skipin hafi verið notuð eins arðvænlega og skyldi, er þau voru ekki í strandferðum, og alt bendir á, að „Amortisation“ sje reiknuð af of hárri upphæð.

Þá er eitt, sem skiftir mjög miklu í öllu þessu máli, og það er, að fengið sje sem bezt samband á milli millilandaferðanna og strandferðanna.

Stjórnin hefur mikið að gera, og hana vantar sjerfróða menn. Hún hefur ekki haft tækifæri til þess að rannsaka flutningsþörfina, og það, hvernig heppilegast og hagfeldast sje sambandið á milli millilandaferðanna og strandferðanna. Nefndin hefur því komizt að þeirri niðurstöðu, að það sje nauðsynlegt, að veita stjórninni fje til undirbúnings á þessu máli. Og nefndin lítur svo á, að það fje, er til þess er varið, muni margborga sig. En til þess að koma því til leiðar, að sambandið sje sem æskilegast, þá þurfa bæði strandferðirnar og millilandaferðirnar að vera á einni hönd. Við það sparast sjerstakt umhleðslugjald og með því vinst meira samræmi í ferðaáætlunum og flutningsgjöldum.

Nú er verið að stofna Eimskipafjelag Íslands, og það hafa verið teknir hlutir í því bæði úr landsveitum, sjávarsveitum og kaupstöðum. Og jeg hygg, að við samanburð muni koma í ljós, að landsveitirnar hafa lagt fram meira en sjávarsveitirnar. Í einu orði: þjóðin hefur tekið fjelagið upp á arma sína, og ekkert er því eðlilegra, en að alt fyrirkomulag fjelagsins verði sem mest sniðið eftir þörfum þeirra manna, sem hluti taka í því. En þetta verður gert með því einu móti, að fjelagið taki bæði millilandaferðirnar og strandferðirnar að sjer.

Strandferðirnar standa á stefnuskrá fjelagsins. Í útboðsskjali þess er sagt, að það sjái sjer að vísu ekki fært, að taka þær strax að sjer. Þetta var eðlilegt á því tímabili, sem fjelagið var stofnað, því að þá voru

engin líkindi fyrir því, að það mundi fá svo mikið fje, að það gæti tekið þær ferðir upp á sína arma. En í frv. því, er hjer liggur fyrir, er fjelaginu heitið, að landssjóður taki í því hluti fyrir 400,000 kr., eða með öðrum orðum, þingið tekur í sama streng og þjóðin. Það vill standa fast bak við fjelag þetta, en þó með því skilyrði, að fjelagið taki strandferðirnar að sjer.

Nefndinni er það ljóst, að hagur fjelagsins er hagur landssjóðs, og hagur landssjóðs hagur fjelagsins í þessu efni. Taki fjelagið allar þessar ferðir að sjer, þá er samgöngumálahnúturinn leystur, þá eru opnaðar leiðir að því, að haga strandferðum vorum og millilandaferðum eftir þörfum landsins, og þá hverfum vjer loks að þeirri sjálfstæðisviðleitni, sem oss mun reynast hollust, þeirri viðleitni, að eignast þau fyrirtæki, sem í dýpsta skilningi snerta allan efnahag landsins. Taki nú fjelagið samgöngur þessar í sínar hendur, þá er fjelagið í orðsins fylsta skilningi orðið þjóðarfyrirtæki, og um leið er þá framtíð fjelagsins orðin trygð. Landssjóður bæði getur þá verið og á að vera því öflugur bakhjall. Hafi íslenzka þjóðin ekki ráð á því, að standast kostnaðinn af samgöngum sínum, þá eru allar sjálfstæðiskröfur vorar marklaust hjal. Taki fielagið aftur á móti strandferðirnar ekki að sjer, og landssjóður verði því að taka þær á sína arma, þá getur hann ekki styrkt fjelagið á verulegan hátt. En þegar komið er að þessari niðurstöðu, þá er ágreiningur, er risið hefur í þessu máli, lítt skiljanlegur. Þessi ágreiningur er um skilyrði þau, er setja á við 40,000 kr. fjárveiting til fjelagsins.

Um þetta, að landssjóði sje það bezt og fjelaginu sje það bezt, að það hafi bæði strandferðirnar og millilandaferðirnar, eru samgöngumálanefndir beggja deilda á eitt sáttar. Meirihluti samgöngumálanefndanna vill, að þessi fjárveiting sje bundin því skilyrði, að Eimskipafjelagið

hafi tekið að sjer strandferðirnar árið 1916, og var það samþykt hjer í háttv. deild við 2. umr. fjárlaganna. Þetta vilja sumir telja árás á Eimskipafjelagið, og eitt blað hjer í bænum, hefur þar tekið í sama streng. Þetta get jeg ekki skilið. Ef það er talið bæði landssjóði og Eimskipafjelaginu hollast, að það taki að sjer strandferðirnar, þá er það skylda þingsins, að beina fjelaginu inn á þá braut. Og jeg er viss um það, að þingviljinn og þjóðarviljinn hefur aldrei staðið fastara um neitt mál en þetta. Eins og vjer þingmennirnir erum fulltrúar þjóðarinnar í þessu máli, sem öðrum hjer, og verðum því að hafa hag hennar eingöngu fyrir augum, eins verður stjórn Eimskipafjelagsins að minnast þess, að hún einnig í þessu máli fer með þjóðarinnar fje, og hefur því einnig þá skyldu, að hafa hag þjóðarinnar eingöngu fyrir augum.

En jafnframt og þingið beinir fjelaginu inn á þessa braut, verður það að standa fast bak við fjelagið. En hefur þá fjelagið nokkra tryggingu fyrir að svo verði? Jú, þá tryggingu hefur fjelagið í hlutafje því hinu mikla, sem fjelaginu er heitið í þessu frv. Þegar landssjóður er orðinn svo mikill hluthafi, þá verður hann, þó ekki væri nema vegna sinna eigin hagsmuna, að sjá fjelaginu borgið.

Frá því nefndin gekk frá frv., var ofurlítil breyting gerð á því í h. Nd. Er stjórninni gefið meira svigrúm til samninga við fjelagið. Samkvæmt því, sem upprunalega stóð í frv., þá máttu 2 strandferðaskipin ekki vera minni að lestarúmi og farrými en "Austri" og „Vestri", en nú er ekkert tekið fram um þetta í frv. af þeirri ástæðu, að búizt var við, að svo gæti farið, að hentugt væri að annað skipið væri stærra, en hitt smærra, og þá vont, að stjórnin væri bundin um þessi atriði, hinsvegar nægilegt, að skipin samtals væru ekki minni en ofangreind skip. Vjer viljum því leggja þessi atriði á vald stjórnarinnar. Við væntum þess, að landstjórninni sje það fullljóst, og hún skilji það, að henni sje hjer falið að fara með eitt hið stærsta mál þjóðarinnar.

Þá er að lokum eitt atriði, er hefur verið hreyft. Eimskipafjelagið hefur vakið athygli á því, að ekki sæist, hversu mikið atkvæðamagn væri ætlazt til þess að fylgdi hluta landssjóðs í fyrirtækinu. En þetta áleit nefndin að ætti að vera eitt af samingsatriðunum, og mun hún skýra það nánar í framhaldsnefndarálitinu.

Jeg vænti, að h. deild taki þessu frv. vel, eins og það á skilið, og jeg vil taka það fram, að með því að svo langt er liðið á þingtímann, þá geta jafnvel smábreytingar á frv. verið hættulegar.

ATKVGR.:

1. gr. sþ. í e. hlj.
2. — — - - —
3. — — - - —
4. — — - - —
5. — — - - —

Fyrirsögn sþ. án atkvgr.

Frumvarpið samþykt til 3. umr. í einu hljóði.

---

13. *Frv. til fjárlaga fyrir 1914 — 1915.* 754, 755, 762, 767, 769, 772, 773, 775, 777, 778; 3. umr.

Steingr. Jónsson, framsögumaður: Nefndin hefur síðan á laugardagsmorgun verið tímanum til að fara yfir frumv. og athuga það, eins og það leit út eftir 2. umr. hjer í deildinni. Það, sem hún rak fyrst augun í, var ofurlítil misfella, sem hafði orðið á frv. við endurprentun þess. 32. liður 16. gr. um styrkinn til sjálfrennings á Fagradalsbrautinni átti að falla burt; var það samþykt með 11 atkv. gegn 2, en hann stendur í hinu endurprentaða frv. og er þar talinn með. Afleiðingin af þessu er sú, að tekjuhallinn er í frv. talinn 2400

kr. hærri en hann á að rjettu lagi að vera. Jeg skýt því til h. forseta, hvort ekki muni mega laga þessa skekkju, sem kom fram við endurprentunina, án þess að koma með brtill. við frv.

Forseti: Það má sjálfsagt leiðrjetta þetta á sama hátt, sem hverja aðra misprentun.

Steingr. Jónsson, framsögumaður: Jeg mun þá sjá um, að þetta verði lagað við nýja endurprentun.

Þá skal jeg víkja máli mínu að frumv. sjálfu. Niðurstaðan af atkvæðagreiðslunni við 2. umr. hefur orðið sú, sem hjer skal greina:

Þegar nefndin hafði gengið frá frumv., eins og það kom frá h. Nd., hafði hún lækkað ýmsa gjaldliði um samtals kr. 81,100.00
en hækkað aðra um — 47,150.000
og varð því áætluð lækkun tekjuhallans hjá henni — 33,955.00
en reyndist eftir atkvæðagr. ekki nema — 11,150.00
Hækkanir hafa orðið — 54,550.00
en lækkanir — 65,700.00
Tekjuhallinn eftir atkvæðagreiðsluna við 2. umr. er áætlað verði — 254,033.85

Jeg lít svo á, að þessi niðurstaða megi eftir atvikum teljast sæmileg, og komi heim við framsögu mína í málinu við 2. umr. Nú síðan nefndin tók málið til athugunar að nýju, hafa henni borizt ýms erindi, er sum hafa leitt til þess að hún hefur komið fram með brtill. Aðal-brtill. hennar eru á þgskj. 778, og ein lítilsháttar á þgskj. 780. Þessar brtill. eru 22 að tölu, en margar þeirra eru aðeins leiðrjettingar á orðavillum, og aðrar, sem hafa enga fjárhagslega þýðingu; þær, sem fjárhagsþýðingu hafa, hækka gjöldin um 17,800 kr., en lækka þau um 600 kr., svo að eiginleg hækkun verður als 17,200 kr. Fyrir sumum þessum breytingum hafði nefndin gert ráð við 2 umr., en sumar eru síðar tilkomnar. Nefndinni hafa borizt tvö erindi frá stjórninni, sem að vísu hafa ekki leitt til þess, að nefndin leggi til að breyting sje gerð á fjárlögunum þeirra vegna, en þó vil jeg minnast nokkuð á þau. Stjórnarráðið hefur sent nefndinni erindi, þar sem farið er fram á, að veitt sje fje til að starfrækja tvo jarðskjálftamæla í stað eins, eins og nú er. Jafnframt er greint frá því, að nauðsynlegt sje, að byggja hús til að geyma mælana í, og er gerð áætlun um, að það muni kosta 3500 kr. Gert er og ráð fyrir, að starfrækslukostnaðurinn muni aukast úr 450 kr. upp í 700 kr. á ári. Það stendur svo á þessu, að fyrir nokkrum árum sendi alþjóðajarðskjálftarannsóknarfjelagið í Düsseldorf hingað gefins jarðskjálftamæli, og mæltist til þess, að hann yrði starfræktur hjer á kostnað landsins. Þessu var sint og veitt til starfrækslunnar upphæð sú, er jeg nefndi, eða öllu rjettara, þegar alt er með talið, 550 kr. Jarðskjálftamælirinn er hafður í kjallara stýrimannaskólans, og hefur forstöðumaður skólans umsjón með honum, og starfrækir hann. Það er ekki rúm fyrir nýja mælinn, þar sem hinn er hafður, og því óhjákvæmilegt að koma upp húsi, ef hann verður settur upp. Það er auðvitað, að fjelagið leggur allmikið í sölurnar með því að senda mæla þessa ókeypis, því að þeir eru að líkindum dýrir. Þó þykir nefndinni málið athugavert; hún veit ekki, hvar staðar muni nema með kostnaðinn, og er í nokkrum vafa um það, hvort það, sem Íslandi er ætlað að leggja fram til rannsókna þessara, sje í rjettu hlutfalli við það, sem aðrir leggja fram. Það, sem henni þykir þó mest um vert er, að vitneskja geti fengizt um, hvort hjer muni eiga að lenda, eða búast megi enn við auknum kostnaði. Niðurstaðan hefur því orðið sú, að vísa málinu til fjárlaganefndar Nd. og stjórnarinnar. Ef sómi Íslands

þykir liggja við, ætti stjórnin ekki að þurfa að vera hrædd við, að lofa að taka fjárveitinguna upp á fjáraukalög, þótt eigi sje hún ákveðin á fjárlögunum að þessu sinni. Stjórnin hefur í brjefi sínu ekki gert neina ákveðna tillögu um það, hvort veita skuli fjeð eða ekki; enda er það eðlilegt; hún hefur varla getað verið búin að átta sig á málinu til fulls; mælirinn er nýkominn, og engin tilkynning komin á undan um, að hann ætti að senda. Af þessu hefur það sjálfsagt leitt, að erindi stjórnarinnar kom ekki til þingsins fyr en 25. ágúst, og því lítill tími til að athuga það hjer.

Hitt erindið er frá forstöðunetnd bókasafnsins á Akureyri. Erfingjar Jóns heitins Borgfirðings hafa gefið safninu kost á að fá til kaups bókasafn hans fyrir 5400 kr. Nefndin hefur ekki haft tíma til að kynna sjer safnið, en hún veit, að margt muni vera merkilegt í því, enda styðst hún þar við umsögn bókfróðra manna. Nefndinni finst það leitt, að erindi þetta skyldi ekki koma til þingsins fyr en á 11. stundu; og er í miklum vafa um, hvort rjett sje að safn þetta sje keypt til þess að geymast í timburhúsi norður á Akureyri, og vera þannig undirorpið mikilli brunahættu. Nefndin leit svo á, að ef safnið væri keypt fyrir landsfje, þá væri rjettara, að að minsta kosti merkasti og fágætasti hluti þess væri geymdur í bókhlöðunni í Reykjavik, þar sem vænta má, að það sje sæmilega trygt fyrir eldsvoða, og þar sem vænta má, að enn almennari not verði að því við vísindarannsóknir. Það sem nefndin segir um málið, er þá þetta: Hún vill, að safnið sje keypt, en getur ekki ákvarðað sig að svo stöddu til að veita bókasafninu á Akureyri fje til að kaupa það fyrir; hún vill fela stjórninni málið til undirbúnings til að bera það síðar fram. Mjer þætti rjettast, að safninu væri skift, þannig, að það, sem bezt þarf að geymast, sje geymt hjer, hitt á Akureyri, því að það mun hafa verið vilji hins látna heiðursmanns, að það lenti þar helzt. Ef safnið verður ekki keypt hjer, þá er ekki ólíklegt, að það verði selt til útlanda, eða, það sem verst er, að það tvístrist út í veður og vind, og verði vísindunum að nálega engu gagni. Jeg hef viljað gera nokkurnveginn rækilega grein fyrir þessum 2 atriðum, sem nefndin hefur ekki getað tekið til greina á venjulegan hátt. Sný jeg mjer nú að hinum einstöku breytingum nefndarinnar.

1. brtill. er við 12. gr. og er aðeins orðabreyting til skýringar. 2. brtill. er við sömu gr., og hafði nefndin gert ráð fyrir henni við 2. umr. Hún er um það, að veita Borgfirðingum eystra styrk til þess að vitja læknis á sama hátt, og Árneshreppi í Strandasýslu er veitt. 3. breytingin er orðabreyting, sem kemur til af því, að orðin „í viðbót við“ höfðu fallið úr á eftir orðunum „áætlun um“. Á 4. brtill stendur þannig: að við 2. umr. kom það fram, að ætlazt væri til, að talsverðu af þjóðvegafjenu væri varið til vegarins frá Bitrufirði um Krossárdal að Gilsfjarðarbotni. Þetta, sem kom fram við umræðurnar, og nefndin tjáði sig samþykka, hefur hún nú viljað ákveða nánara með brtill. sinni. Hún vill ekki, að það sje sjálfsagt, að veittar sjeu *fullar* 3000 kr. til þessa vegar, ef svo reyndist, að það væri sama sem að taka fjeð frá öðrum óhjákvæmilegum þjóðvegagerðum; því hefur nefndin sett í brtill. sína *alt að*, og ætlast með því til, að veitt sje til vegarins svo mikið af upphæðinni, sem unt er. Nefndin hefur tekið brtill. upp eftir tilmælum h. þm. Strand. (G. G.), því hún játar, að brýn þörf sje á vegabót þessari. Þá kem jeg að 2. brtill. við 13. gr. Nefndin vill taka til greina rökstuddar beiðnir um 2 brýr á Langanesströndum. Brýr þessar liggja á aðalþjóðveginum frá Grenjaðarstað um Húsavík, Norður-Þingeyjarsýslu, Langanesstrandir, Vopnafjörð til Seyðisfjarðar. Hjer hafa áður verið gerðar brýr á þess-

um vegi 1905 á Jökulsá í Öxarfirði og 1909—10 á Sandá í Þistilsfirði og Hólkná Nú er eftir Miðfjarðará, sem er torfæra mikil, og Hólkná á Langanesströndum. Með þessum brúargerðum væru bættar verstu torfærurnar á þessari leið nú sem stendur. Ef alþingi tæki að sjer þessar brúargerðir, þá hefði það veitt til brúargerða á fjárhagstímabilinu fullkomið stórbrúargildi eða alls 61,900 kr. Brtill. við 13. gr. D. VIII. er ekki annað en leiðrjetting á prentvillu. Það hefur prentast „símstöðvum", en átti að vera „símstöðvarhúsi".

Næst er að minnast á húsaleigustyrkinn við háskólann. Nefndinni var bent á, að það gæti komið mjög hart niður á einstöku nemendum, ef innanbæjarnemendur væru undantekningarlaust útilokaðir frá honum. Háttv. 6. kgk. (G. Bj.) kom með ljós dæmi þess við síðustu umræðu. Nú hefir nefndin borið sig saman við einn af prófessórunum við háskólann, og niðurstaðan hefur orðið sú, að breyta athugasemdinni á þann hátt, sem í brtill. stendur. 8. brtill. er ekki annað en orðabreyting. Það hafði láðzt að breyta orðinu „klínik" á einum stað í frv. í „læknishjálp", og er það nú gert með brtill. Þá er brtill. við 14. gr. B. II. a. Það er eiginlega ekki efnisbreyting.

Við 2. umr. var samþ. að veita yfirkennara Geir Zoëga 200 kr. persónulega launaviðbót í viðbót við það, sem í frv. stóð; en þess var eigi gætt, að í frv. hafði honum verið veitt 200 kr. launaviðbót. En nú er ætlazt til, að launaviðbótin sje alls 400 kr. og það á brtill. að sýna.

Frá gagnfræðaskólanum á Akureyri hefur komið fram beiðni frá stjórn skólans um að hækka laun 1. kennarans og leikfimiskennarans.

Að því, er leikfimiskennarann snertir, vil nefndin fallast á, að honum sjeu veitt 1200 kr. laun á ári fyrir 24 stunda kenslu á viku, 12 stunda leikfimiskenslu og 12 stunda kenslu í öðrum námsgreinum. Þetta getur orðið með því, að styrkurinn til aukakennara sje hækkaður úr 2000 kr. upp í 2200 kr. Nefndin telur það ómissandi fyrir skólann, að halda þessum manni, og veit, að hann á við þröngan kost að búa.

11.—15. brtlill. eru engar breytingar á fjárupphæðum, en nánari skýringar á því, hvernig námstyrk við bændaskólana eigi að verja.

Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin fjekk um það, hvernig verklegu kennslunni væri hagað, þótti henni rjettara, að í staðinn fyrir orðin: „verklegrar kenslu", komi: „verklegs náms", því verklega námið fer ekki fram í skólanum sjálfum, heldur er piltunum komið fyrir part úr sumrinu til tilsagnar annarstaðar.

Þetta er að eins orðabreyting. En auk þessa vildi nefndin setja ákveðnar reglur um það, hvernig fjenu skyldi varið, og er 12., 14. og 15. brtill. um það.

Niðurstaðan varð sú, að verknámstíminn skyldi eigi vera skemri en 6 vikur á ári, og styrkurinn aldrei nema meiru en 6 kr. á hverja viku námstímans á hvern nemanda. Það er betra að hafa ákveðnar reglur um þetta, því það mun hafa verið nokkuð á reiki að undanförnu. 12. og 14. brtill. kveður á, að styrkurinn sje einungis veittur fátækum og efnilegum nemendum, og aldrei meira hverjum einstökum nemanda en 40 kr. á ári.

Þá kem jeg að 15. gr. Við hana hefur nefndin gert eina lækkunar brtill. Það er að segja þá, að styrkurinn til Sigfúsar Einarssonar organista, sje færður úr 1100 kr. niður í 800 kr.

Ástæðan fyrir þessu er sú, að nefndin hefur fengið upplýsingar um, að þessi maður er ráðinn organisti við dómkirkjuna hjer, og hefur þar um 1500 kr. að launum; auk þess kennir hann töluvert við skóla og einstökum mönnum, og þykist nefndin þess fullviss, að hann muni hafa fyrir þessi störf sín yfir 3000 kr.

tekjur á ári, og þykir henni það við unandi fyrir hann.

Meiri hluti nefndarinnar er á því, að Þórarni Guðmundssyni sje veittur 800 kr. styrkur fyrra árið til að fullnuma sig í hljóðfæraslætti og hljómfræði. Það var samþykt í háttv. neðri deild, að veita báðum þessum bræðrum 1600 kr., en felt hjer í deild. Nú kemur meiri hluti nefndarinnar með þessa tillögu.

Við 16. gr. leggur nefndin það til, að á 19. lið hennar komi nýr liður: utanfararstyrkur til Þorkels Þ. Klemenz, til að afla sjer frekari þekkingar á útbúnaði og aðferðum við inniþurkun saltfisks. Erindi um þetta hafði borizt nefndinni frá honum, en hún visaði því til fiskveiðafjelagsins; en fjelagið svaraði því, að öllu því fje, 25000 kr., sem það byggist við að hafa til umráða, væri þegar ráðstafað.

Það getur verið, að hinir fádæma miklu óþurkar á Suðurlandi hafi gert nefndina framlagsfúsari en ella; hvað sem því líður, þá finst henni hjer svo þýðingarmikið verkefni liggja fyrir, að ef hægt væri að finna verulega endurbætta aðferð við inniþurkun á saltfiski, þá væri nokkru kostandi upp á tilraun í þá átt.

Nefndin hjelt hins vegar, að 1500 kr. mundu nægja, og leggur því til, að þær sjeu veittar.

Það hafði verið samþykt hjer í deild, að fella niður styrk til erindreka til að annast sölu á sjáfarafurðum á útlendum mörkuðum og greiða fyrir henni.

Ástæða fjárlaganefndarinnar var sú, að hún taldi mál þetta lítt undirbúið. og skilyrðin svo óákveðin, að eigi væri ástæða til þessarar fjárveitingar. Þessari skoðun hefur nefndin ekki breytt, en finst starf erindrekans nokkuð óákveðið. Að því er starf erindreka landbúnaðarafurða snertir, þá á hann að dvelja í Kaupmannahöfn og Englandi, og líta eftir sölu sláturfjár afurða, smjörs og ullar. Aftur á móti er ekki hægt að segja slíkt um erindreka sjáfarafurðanna: þar er aðalatriðið, að leita uppi nýja markaði, og vill því nefndin leggja til, að veita 3000 kr. á ári í þessu skyni, til að greiða fyrir sölu sjávarafurða móti jafnmiklu annarstaðar að, þó ekki frá Fiskifjelagi Íslands, því að það hefur ekki annað fje til umráða en fje landssjóðs.

Þá kemur brtill. nefndarinnar við 18. gr., um að bæta enn þá einu sinni prófastsekkju við þennan lið.

Nefndinni er kunnugt um, að efnahagurinn er slæmur. Maður hennar var mesti heiðursmaður. Hann ljezt frá konu og mörgum börnum og ljet eftir sig lítil efni. Nefndinni virðist því sanngjarnt gagnvart mörgum öðrum, sem nefndir eru í 18. gr., að þessi styrkur sje veittur, og hefur því tekið upp þessa brtill.

Þá komum við að 21. brtill. nefndarinnar, og er hún við 19. gr. Frá stjórninni kom í gærkveldi — að minsta kosti sá jeg það ekki fyrri — erindi, þar sem sýslum. Skaftfellinga fer fram á, að hann fái bættan aukaferðakostnað, sem hann hafði af því, að Skeiðará hljóp, meðan hann var í þingaferðum, og nemur sú upphæð kr. 330,50. Nefndin lítur svo á, að erindi þetta hafi ekki átt að koma til nefndarinnar, en úr því það nú kom, álítur hún sjálfsagt að taka það til greina á þann hátt, sem gert er. Nefndin álítur, að þetta sje kostnaður, sem alls ekki sje hægt að gera ráð fyrir við veitingu embættisins, og sjálfsagt sje að endurgreiðist af landssjóði. En álítur jafnframt ástæðu til, að taka það fram, að stjórnin má ekki endurgreiða sýslumönnum aukaferðakostnað, þótt þeir tefjist 1—2—3 daga, því það væri að fara út í öfgar. Hjer hefur það upplýzts, að töfin var mikil, sýslumaður varð að snúa frá ánni og hverfa austur í Múlasýslu. Hestana varð hann að láta geyma og senda heim við tækifæri, en sjálfur komst hann með skipi, jeg held til Reykjavíkur. Kostnaðurinn við þetta nam meiru, en hjer er

farið fram á, og leggur nefndin til, að fje þetta sje veitt.

Þá koma næst brtill. einstakra manna, og vil jeg þá fyrst minnast á brtill. á þgskj. 767 frá þingm. Hún., þar sem farið er fram á 1000 kr. til vegagerðar í Svínavatnshreppi. Þetta mun vera hreppavegur, þó veit jeg það ekki með vissu; nefndin hefur enga fasta ákvörðun tekið í þessu máli, en jeg er þessari fjárveitingu mótfallinn, og svo er um fleiri nefndarmenn.

Þá hafa komið frá þm. Barð. brtill. á þgskj. 762, um að lækka styrkinn til Guðmundar Friðjónssonar úr 1200 niður í 800 kr., en til vara í 1000 kr. Nefndin er þessu mótfallin, nema einn maður, sem hafði dálítið aðra skoðun. Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að þar sem þetta skáld sætir annari aðferð en önnur skáld, þar sem alt er sett á fyrra árið, þá eigi ekki að klípa þennan styrk við neglurnar.

Þá er brtill. á þgsk. 755, um að hækka skáldastyrkinn, og er hún frá 1. kgk.

Meiri hluti nefnd. er þessu mótfallinn, og mun atkv. sýna, hvernig nefndin skiftist í þessu máli.

Brtill. á þingsk. 769 er einungis orðabreyting.

Þá vill háttv. þingm. Strand. hækka styrkinn til Hannesar Þorsteinssonar úr 2000 upp í 2300 kr. Nefndin er því öll mótfallin, og þarf ekki að gera grein fyrir því frekara; það er áður gert. Enn fremur á hann brtill. á þgskj. 773, um að lækka styrk til bifreiðar austur úr 5000 niður í 2000 kr. Nefndinni finst ekkert vit í þessu. Úr því fje er veitt til þess, þarf það að vera svo, að það komi að haldi. Hins vegar leit nefndin svo á, að komið gæti til máls, að fara hjer milliveg, og hefur því komið með brtill. á þgskj. 780, um að færa þenna styrk niður í 3500 kr., sem mundi nema verði einnar bifreiðar af þeirri gerð, sem umsækjandi notar nú. En samkv. upplýsingum frá umsækjanda, telur hann það hreina afbolun, að færa styrkinn niður; þá vill meiri hluti nefndarinnar helzt taka þessa brtill. aftur.

Þá er brtill. frá háttv. þm. Barð. á þgskj. 775, um að hækka styrk til bátaferða á Breiðafirði úr 9000 upp í 9500 kr. Nefndin fór fram á, að lækka þessa upphæð við aðra umr. niður í 7000 kr., og er því eðlilegt, að hún sje mótfallin að hækka þennan styrk, og vil jeg geta þess, að það er öldungis ástæðulaust að gera slíkt, samanborið við styrkveitingar til annara bátaferða.

Þá komum við að brtill. á þgskj. 777, frá háttv. þm. Árn. um lán til raflýsingar á Eyrarbakka og Stokkseyri. Nefndin hefur ekki lagt til, að neitt lán yrði veitt, nema til dómkirkjunnar og heldur enn þeirri stefnu. Jeg játa að vísu, að komið er inn á þá braut, að landssjóður veiti fje til slíkra fyrirtækja, en fjeð er ekki til. Mjer er eigi kunnugt um, hve langt mál þetta er komið, og er nefndin mótfallin þessari lánveitingu.

Þetta eru þær brtill. einstakra manna, sem nefndin hefir haft kost á að kynna sjer, en síðan hafa komið 3 brtill. á þgskj. 779, 781 og 782, sem nefndin hefur ekki getað kynt sjer, og get jeg því eigi sagt, hvernig hún tekur í þær. Finn enga ástæðu til að segja mitt álit; það mun koma koma í ljós við atkvæðagreiðsluna.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi mega gera örlitla athugasemd um mál, sem að snertir sjálfan mig. Háttv. frmsm. sagði, að stjórnin hefði skotið til fjárlaganefndar, að veita kr. 330,50 til endurgreiðslu á aukaferðakostnaði mínum. Jeg skal taka það fram, að jeg sendi stjórnarráðinu beiðni um þessa endurgreiðslu sökum þess, að jeg var hindraður um langan tíma af ástæðum, sem jeg ekki átti sök á, og hafði mikil útgjöld, meiri en jeg fer fram á að fá endurgreitt. Jeg hjelt, að stjórnarráðið hefði heimild til endurgreiðslu, er svona sjerstaklega stóð á, en nú sje jeg, að það lítur svo á, að það hafi ekki heimild til

greiðslunnar, og eins og nú er komið, að þetta á að greiðast mjer persónulega, en ekki sýslumanninum í Skaftafellssýslu, og að til þess þarf að setja löggjafarvaldið í hreyfingu, þá óska jeg, að háttv. nefnd taki þessa brtll. aftur, því jeg óska einungis að fá það, sem jeg hef heimild til að lögum.

Steingrímur Jónsson, framsm.: Jeg hef ekkert á móti því, að taka umrædda tillögu til baka, og mun nefndin taka til athugunar, hvort það sje ekki rjett. Eins og skjölin lágu fyrir, var eigi hægt annað en binda þessa fjárveitingu við nafn. Á skjölin var ritað, að ástæðan til þess, að stjórnin sendi þau nefndinni, væri sú, að hún hefði ekki fje til umráða. Jeg mun því bera undir nefndina, hvort ekki beri að taka þessa brtill. til baka.

Þórarinn Jónsson: Jeg á eina brtll. á þgskj. 767 og þótti mjer vænt um, að heyra þau rök, sem hv. framsögum. færði fyrir því, að fjárlaganefndin vildi ekki taka hana til greina, sem voru þau, að vegurinn væri hreppsvegur. Þegar þessum rökum var hreyft, vissi jeg, að ekki mundi gnægð annara, því áhugamál mun að fella tillöguna. En jeg var einmitt búinn að sýna og sanna, að það væri sýsluvegur. Sanna það með staðfestu eftirriti frá stjórnarráðinu um sýsluvegi í hreppnum. Mjer þykir vænt um þetta af því, að jeg veit, að háttv. framsm. mun nú hugsa sig vel um, áður en hann greiðir atkv. á móti till. Jeg fer hægt í sakirnar við meðnefndarmenn mína og ætlaðist til, að sannfæring þeirra vaknaði um nauðsynina á þessu fyrirtæki. En í nefndinni vildi jeg aldrei láta bera till. undir atkvæði, en kom heldur með hana til hv. deildar. — Það eru tvær ástæður til þess, að það ber að veita þetta fje. Fyrst og fremst knýjandi nauðsyn, og í öðru lagi er upphæðin lítil. En það er vanalega haft að aðalmótbáru gegn

fjárveitingum, að þær sjeu stórar. Landssjóður ætti og helzt að hlaupa undir bagga þar, sem bæta má úr mikilli þörf með litlu fje. Jeg skal geta þess, að þetta hefur komið fyrir þing áður (1911), en var þá felt með eins atkvæðis mun. Jeg vil nú gera ofurlitla grein fyrir staðháttum. Þessi sveit mun vera einna verst stödd af flestum eða öllum sveitum, að því er vegi snertir, og verst sett. Sýsluvegir í hreppnum eru beggja megin Svínavatns, en þeir mega ófærir heita haust og vor, þótt varið hafi verið miklu fje til að gera við þá, bæði af sýslunni og hreppnum. En það hefur ekki verið nægilegt. Vegur þessi, sem hjer er farið fram á að fá fje til, og jeg sannaði, að væri sýsluvegur, liggur suður með Svínavatni vestanverðu, yfir svonefnda Vatnsvík og Grundarnes. Fram úr þessari vatnsvík liggja ger ófærar flóaflesjur, sem eru illfærar eða jafnvel ófærar gangandi mönnum. Til þess nú að þurfa ekki að sullast yfir víkina ófæra eða illfæra, er þegar byrjað á akfærum vegi á þessu svæði, sem nákvæmlega var mælt fyrir og ákveðinn af Páli Jónssyni vegastjóra. Jeg get fullvissað hv. deild um það, að jeg þekki hvergi betri nje meiri áhuga og samvinnu en þarna, og hefur svo verið um langt áraskeið, að til fyrirmyndar hefur verið; hreppsbúar hafa varið miklu meira fje en sýslan til vegagerðar yfir þetta forað, og til þess að geta haldið áfram þessu dýra og erfiða verki, biðja hreppsbúar um 1000 kr. hvort árið. En jeg hef aðeins farið fram á að þessi upphæð verði veitt fyrra árið gegn tvöföldu tillagi annarstaðar að, vil jeg með því sýna alla þá sanngirni og miðlun, sem málinu geti orðið til stuðnings. Þegar þetta er borið saman við sumar till. hv. fjárl.nefndar, þá fer hún að standa illa að vígi. Mætti í því sambandi nefna Svarfaðardalsbrautina, sem er hreppsvegur og hefur verið styrktur árum saman, ennfremur Kláffossbrúarveg og svo loks Vogastapaveginn,

sem landssjóður hefur lagt í mikið yfir 60 þús. kr. og það gegn aðeins hálfu tillagi annarstaðar frá, og er þó þar líka sjáfarleiðin góður ljettir fyrir samgöngurnar. Þegar nú háttv. deild athugar þetta, þá mun hún sjá, að hún *getur ekki annað* en greitt þessu atkvæði, því hjer er ekki farið fram á neina stórupphæð. Jeg skal ennfremur geta þess, til að sannfæra hv. þingdeild enn betur, að þegar sveitarbúar þurfa í kaupstaðinn og vilja stytta sjer leið og fara hvorugan sýsluveginn, sem annar liggur næstum vestur að Húnavatni, en hinn austur við Blöndu, eða með milli 10—20 km. millibili, sem er mjög tilfinnanlegur krókur, þá er að sækja yfir mýrar og vegleysur, hinar svonefndu Kolkumýrar, sem að fornu voru svo nefndar, en nú eru almennt kallaðar Ásar. Þar er vegur svo, að enginn mun þar um fara án stórtafar og erfiðleika, auk þess sem ekkert má útaf bera, að leið þessi sje alófær, svo sem eins og ef rigningar ganga.

Að síðustu vil jeg geta þess, að verði þessum vegi ekki haldið áfram, þá er illkleyft að koma fje úr skilarjettinni Auðkúlurjett úr Sveinsstaða- og Torfalækjarhreppum, nema með því að fara stórmikinn krók, sem einnig er líka littfær, því ilt er, hvar sem farið er. — Bezti vegurinn, sem til er í þessari sveit, er vestanvert við Svínavatn, undir vatnsbökkunum, en þó er hann ekki betri en það, að riða verður oft fram í vatninu á stórgrýttum botni, eða smeigja sjer milli bakkanna og ófærra urða eða stórbjarga. En við nefið á manni er fram á bakkabrúnir fúakeldur, gerófærar, alt frá fjallarótum. Ábótavant tel jeg sanngirni hv. deildarmanna, ef þeir samþykkja ekki brtill.

Júlíus Havsteen: Jeg hef leyft mjer að bera fram hjer eina brtill. Hún er á þgskj. 755 og er við 15. gr., liðina 17., 18. og 20. Jeg vildi, að jeg gæti mælt eins vel með þessari brtill., eins og hún á skilið. Jeg álít, að þingið eigi að hlynna að fögrum listum, eins og það hefur gert. Skáldskapurinn er fegurstur listanna. Höggmyndir og málaramyndir eru forgengilegar, en skáldskapurinn lifir ekki eingöngu meðan tungan er töluð, sem ritað er á, heldur margar aldir, eftir að hún er dáin. H. deild hefur nú bætt kjör skáldanna, sem talin eru í 17., 18. og 20. lið 15. gr. Það er engin þörf á að nefna nöfn þeirra. Hún hefur bætt kjör þeirra þannig, að styrkur sá, er þeim var ætlaður á fjárlögunum, eins og þau komu frá Nd., er látinn ganga á bæði árin, en ekki fyrra árið að öllu leyti, eins og h. Nd. ætlaðist til, og gaf hún því um leið í skyn, að hjer væri ekki um árlegan styrk eða laun að ræða, En það kalla jeg hart, að þessi skáld, sem jeg á við hjer, ekki megi halda þeirri upphæð, sem þau hafa haft að undanförnu. Styrkurinn er veittur þeim ekki eingöngu sem viðurkenning og til uppörfunar, heldur einnig til þess að gera hinar daglegu áhyggjur, sem koma fyrir í lífinu, ljettbærari, og eru þessir menn efnalitlir, og hafa lítið sem ekkert upp úr skáldskap sínum, af því að þeir yrkja fyrir fámenna þjóð. Það er ekki ofmikið, þetta, sem þeir hafa haft. Það er að vísu hægt að benda á það, að útgjöldin til hinna fögru lista hafa mjög aukizt á seinni árum, er bæði málurum og myndhöggvurum hefur verið bætt í þá útgjaldagrein, sem hjer er spursmál um. En jeg vona svo góðs af hv. deild, að hún samþykki þessa tillögu mína.

Þá á jeg þá brtill. við 14. gr. B III a, að fyrir 9200 kr. komi: 9400, og að við athugasemdina í 1. línu fyrir 200 kr. komi: 400. Það sem hjer er farið fram á, er hækkun á launum cand. mag. Þorkels Þorkelssonar, 1. kennara við gagnfræðaskólann á Akureyri, svo að hann fái að njóta tiltölulega sömu kjara, og kennarar mentaskólans, og samskonar starfsmenn lands-

ins, er búa við lítil laun. Jeg skal geta þess, að hann er maður vel lærður, og yfirgaf góða stöðu í Höfn, þegar honum var veitt þetta embætti, og ef hann hefði dvalið þar áfram, ætti hann við betri launakjör að búa en nú. 3. kennari mentaskólans fær eftir þessu fjárlagafrv. 2800 kr. og 5. kennari 2400 kr. Mjer finst, að sá kennarinn á Akureyri, sem gengur næst skólastjóra, verði að hafa eins mikið og 5. kennari mentaskólans. Jeg vildi því mæla hið bezta með brtill. minni við hv. deild, og vænti þess, að hún sjái, að sanngjarnt er, að samþykkja hana, og að kennara þessum verði gert jafnhátt undir höfði og 5. kennara mentaskólans.

Þá vildi jeg aðeins minnast á 16. brtill. nefndarinnar við 15. gr., 29, um að færa styrkinn til Sigfúsar Einarssonar niður um 300 kr. Mjer sýnist það ósanngjarnt að minka þennan styrk, sem hanu hefur haft. Hann hefur að vísu fengið stöðu við dómkirkjuna, en hún tekur mikinn tíma, svo hann verður að minka við sig önnur störf, og tekjur hans af aukakenslu verða því minni en áður. Jeg kann yfir höfuð illa við, að lækka styrktarfje við menn, þegar þeir hafa notið þess mörg ár, og ekki gert sig ómaklega til þess að njóta styrktar framvegis, eða komizt í betri kjör en áður.

Guðm. Björnsson: Jeg skal reyna að vera ekki langorður, og „tíminn er peningar“, og ekki sízt nú í þinglokin.

Það er 16. brtill. nefndarinnar við 15. gr. 29, sem jeg get ekki unað við. Þar er lagt til, að færa niður fjárveitinguna til Sigfúsar Einarssonar úr 1100 kr. niður í 900 kr. Segist nefndin hafa komizt að raun um, að hann hafi um 3000 kr. árstekjur. En þar hefur verið vilt um fyrir nefndinni.

Sigfús Einarsson hefur fengið 1200 kr. á ári til „eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar hjer á landi“ og enginn íslenzkur listamaður hefur unnið betur fyrir kaup sitt en hann. Jeg mun víkja að því síðar.

Hann er nú orðinn organisti dómkirkjunnar, og fær fyrir það 800 kr. árlega, og er það ekki nema hálft kaup, hjá því sem áður var, þar sem nú er messað tvisvar á hverjum sunnudegi. Aukatekjur hefur organistinn aðallega af jarðarförum. Þær eru hjer um bil 70 á ári í þjóðkirkjusöfnuðinum. Sjálfur verður hann að borga söngmönnum, og fær því ekki nema 3 kr. í sinn vasa fyrir hverja jarðarför, eða um 210 kr. á ári. Þá hafa organleikara jafnan verið ætlaðar á fjárlögunum 400 kr. fyrir að kenna organslátt og 100 kr. fyrir söng við opinberar guðsþjónustugerðir. Árstekjurnar eru því samtals 800 + 210 + 400 + 100 = 1510 kr.

Nú er þess að gæta, að þó að Sigfúsi Einarssyni sjeu nú ætlaðar 1100 kr. á ári sem listamanni, þá er þar brögðum beitt, því að í þessum 1100 kr. felast nú þær 500 kr., sem honum eru ætlaðar fyrir kenslu og opinberar guðsþjónustugerðir. Hann fær því nú ekki nema 600 kr. á ári til „eflingur og útbreiðslu sönglistar“, þar sem hann áður fjekk 1200 kr. Og fastar árstekjur hans eru ekki 3000 kr., heldur um 1510 + 600 = 2110 kr.

Þar sem hann nú hefur svo mikil skyldustörf, þá er auðsætt, að hann getur ekki unnið sjer lengur mikið inn aukreitis, og mjer sárnar, að það skuli nú hjer í deildinni eiga að færa vísar tekjur hans úr 2100 kr. niður í 1800 kr., ætla listamanninum Sigfúsi Einarssyni ekki nema 300 kr. á ári!

Mjer er vel kunnugt, að Sigfús hefur alt af unnið baki brotnu, barizt með hreysti við erfið kjör. Hann er bláfátækur maður, en hefur þó helgað list sinni alla sína lífs og sálar krafta. Hann hefur samið ágætar kenslubækur, en bókagerð er arðlítil vinna hjer á landi. Hann hefur stjórnað alllengi bezta söngfjelagi landsins, og

það leggar mestan hluta tekna sinna í sjóð, til að koma upp sönghúsi, svo að það er engin arðsvon fyrir Sigfús.

En þetta er þó ekki það, sem mestu varðar.

Sigfús Einsrsson er *skáld*, hann er *söngskáld*.

Við eigum ágæt ljóðskáld og söguskáld. En það er óhætt að segja, að þau skara ekki að neinum mun fram úr þeim skáldum, sem á undan eru gengin.

En Sigfús Einarsson er ótvírætt langmesta söngskáldið, sem uppi er og nokkru sinni hefur uppi verið á þessu landi.

Hvað er það þá, sem Sigfús hefur fram yfir aðra söng listarmenn vora og söngskáld? Jú — við höfum átt marga góða lagasmiði, en Sigfús er eina *íslenzka* söngskáldið. Við eigum urmul af þjóðlögum. En þau hafa legið á öskustóm — þau hafa öll verið talin ljót og leiðinleg. En loks kemur Sigfús til sögunnar, hann leysir þjóðlögin úr álögunum, reisir þau úr öskustónni, dustar af þeim rikið, svo að nú sjá allir, að þarna höfðum við átt ófágaða gimsteina, dýrindisgripi, sem enginn kunni að meta, en eru nú að verða þjóðinni til yndis og ánægju — af því að Sigfús hefur fágað þá — fært þjóðlögin úr tötrunum í íslenzkan fegurðarskrúða.

Og þar að auki hefur hann ort mörg lög að nýju, sem öllum eru til unnar, af því að þau eru *íslenzk*, allir *heyra*, að þau eru *íslenzk*, láta þýðar í eyrum en útlendu lögin, rjett eins og móðurmálið er okkur hjartfólgnara og unaðslegra en nokkurt annað tungumál.

Við höfum nærri því skammast okkar fyrir rimnalögin („stemmurnar“). En svo kemur Sigfús Einarsson og leitar og finnur, að í þessum látlausu raustum felast undirómar af öllu því, sem er háleitast og fegurst í íslenzku hugarfari. Og þessa fögru undiróma heyrum við í mörgum nýju lögunum hans, t. d. þessum: „Yfir kaldan eyðisand“ og „Ofan gefur snjó á snjó“.

Sigfús Einarsson er einn ágætasti listamaður þjóðarinnar. Og enginn þeirra er meiri atorkumaður en hann.

Þessvegna sárnar mjer þessi tillaga nefndarinnar.

Ef jeg á að segja, hvar mjer finst mest til um af þeim listaverkum, sem við höfum eignazt á seinni árum, þá eru það sönglögin hans Sigfúsar og sögurnar hans Jóns Trausta.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar mikið. Jeg vildi aðeins minnast á brtill. hv. 1. kgk. þm. (J. H.) Nefndin hefur eigi orðið á eitt sátt um þetta atriði. Jeg fyrir mitt leyti styð 1. og 3. till. um Guðm. Magnússon og Einar Hjörleifsson, úr því að þingið er komið inn á þá braut með þessi skáldlaun, sem það er komið. Þeir hafa að engu leyti unnið til þess, að farið sje að lækka við þá. Það væri fremur ástæða til að hækka þá en lækka. Þeir eru sívinnandi að list sinni. Þeir senda árlega frá sjer bæði mikil og að flestra dómi góð skáldverk.

En jeg verð að segja, að þetta horfir nokkuð öðruvísi við með 2. brtill. Að vísu hefur Þ. E. eitt sinn ort allmörg falleg lýrisk kvæði. En það virðist svo, sem hann hafi mist málið við að komast á landssjóðinn; hann hefur að minsta kosti að mestu þagað síðan. Hann hefur að vísu nú gefið út dálítinn ljóðabálk, sem hann hefur mjög lengi haft í smíðum, og mörg kvæðin þar eru löngu ort. Auk þess verð jeg að segja það, þó að mjer þyki það leiðinlegt, að ef jeg ætti nú börn á þeim aldri, að forða ætti þeim frá áhrifum, er hnekt gæti siðferðistilfinningum þeirra, þá mundi jeg fela sum þessi ljóð fyrir þeim.

H. 1. kgk. þm. kvaðst kunna illa við, að taka styrk af þeim, er ekki hefðu unnið til þess. Jeg er honum hjer samdóma. En

hann getur ekki heimfært þetta nema til Einars Hjörleifssonar og Guðm. Magnússonar. Jeg vil láta Þorstein Erlingsson halda þessum 1000 kr., þótt jeg teldi rjettara og væri fúsari á að hjálpa til að koma þessari upphæð á 18. gr. fjárlaganna, eftirlauna- og styrktarfjárgreinina. Jeg hef lesið síðasta kvæði Þorsteins, eftirmælin eftir skáldið okkar nýlátna, og það verð jeg að segja, að ef það kvæði væri ekki ort af Þorsteini Erlingssyni, þá væri það talinn leir. (*S. E.*: þessu verður svarað). Það varðar mig ekkert um. Það er og verður leir í mínum augum. Jeg kýs því, að tillaga fjármálanefndarinnar um þetta fái að halda sjer. En jeg verð að játa, að það er vel farið með Þorstein hjá því, sem farið er með þá Einar og Guðmund.

Svo hugðnæm og kær, sem þjóðinni voru kvæði Þorsteins um skeið, þá veit jeg með vissu, að almenningur telur nú styrkinn til hans fremur eftirlaun en laun fyrir unnið verk. Og þó að jeg sje með eftirlaunum, mundi jeg þó skoða huga minn, áður en jeg greiddi atkvæði með eftirlaunum til hans.

Aðeins örfá orð um 17. brtill. til Þórarins Guðmundssonar. Styrkur til þeirra bræðra var feldur við 2. umr. Jeg er á máli þeirra manna, er telja óheppilegt að verja miklu fje til sönglistanáms úr þessu erlendis. Það eru engin líkindi til, að þeir menn starfi mikið hjer á landi. Þar á jeg einkum við pianóleikara. Um fiðluspil er öðru máli að gegna. Og Þórarinn Guðmundsson hefur sýnt, að hann er gæddur frábærum hæfileikum til þeirrar listar. Jeg vil þá veita þennan litla styrk í þeirri von, að hann geti útbreytt þessa list hjer á landi.

Þá er brtill. h. þm. Strand. (G. G.) um sjálfrenninginn, að færa styrkinn niður. Jeg gæti að vísu fallizt á þessa niðurfærslu, eftir þeirri reynslu, sem nú er fengin á þessum flutningstækjum í sumar. En auðvitað má segja, að þessi reynsla sje svo stutt og ófullkomin, að ekki sje mikið á henni byggjandi.

Það er alkunnugt, að þessi eina bifreið hefur dögum saman verið í lamasessi og auk þess verð jeg að segja, að mjer finst það ekki áríðandi, að veita þennan styrk endilega nú. Því að, eins og menn vita, er nú járnbraut austur um sveitir komin á dagskrá, og ef hún verður lögð, þá verður verkahringur bifreiðanna lítill eða sama sem enginn. Flutningsgjaldið á líka að verða mjög hátt — eitthvað 30 kr. fyrir 1000 pd., og meira telur umsækjandinn sig ekki geta flutt í einu austur yfir fjall — svo að jeg efast næstum því um, að hjer sje um nokkra samgöngubót að ræða. — Hversu feginn sem jeg vildi, get jeg ekki greitt atkvæði með 5000 kr. styrk til þessa fyrirtækis.

Jeg get ekki sjeð, að Breiðafjarðarbáturinn eigi að hafa hærri styrk en bátur sá, sem á að ganga á Ísafirði og Húnaflóa, enda álít jeg, að 9000 kr. styrkur geti komið að miklu gagni.

Jón Jónatansson: Jeg á hjer tvær brtill. Um þá fyrri, á þgskj. 769, þarf jeg ekki að fjölyrða, það er aðeins orðabreyting og háttv. framsögum. hefur þegar fallizt á hana. — Hin brtl. mín er á þgskj. 777. Háttv. framsm. gat þess, að nefndin viðurkendi, að fjárveitingarvaldið væri þegar komið á þá braut, að þessi brtill. væri engin fjarstæða, en hinsvegar gæti nefndin ekki aðhylzt hana, því að fyrirsjáanlegt væri, að viðlagasjóður mundi ekki hafa fje til þeirrar lánveitingar, sem brtill. fer fram á. Í öðru lagi gat hann þess, að nefndinni væri ekki kunnugt um, hvort undirbúningur málsins væri kominn svo langt, að tími væri kominn til þess, að fara að lána fje til fyrirtækisins. Ef háttv. deild hefði viljað, hefði hún getað fengið allar upplýsingar um það atriði hjá mjer. Það er satt, að ennþá er ekki komið svo langt, að byrjað sje á verkinu, en rann-

sókn hefur verið gerð og áætlun um, hvað verkið muni kosta. Þar eystra hafa menn hugsað mikið um þetta mál undanfarið. Fyrst vakti það helzt fyrir mönnum að nota vatnsafl, en seinna hurfu menn frá því, og nú hugsa menn eingöngu til að nota annaðhvort mótora, dieselvjelar eða þá vindinn, sem alt af er viðlátinn og aldrei bregzt. Það er alveg nýtt hjer að nota vindaflið til raflýsingar, en í Danmörku er það farið að tíðkast talsvert og er það prof. la Cour, sem hefur verið upphafsmaður að þeim tilraunum, sem þar hafa verið gerðar. Í fyrra sneru menn sjer þar austur frá til vindrafmagnsfjelagsins danska, og ljet þá fjelagið gera áætlun um kostnaðinn við fyrirtækið. Í áætluninni er gert ráð fyrir, að annaðhvort verði notað, vjelar eða vindur. Stofnkostnaðurinn verður jafn, hvort sem notað er, en reksturskostnaðurinn verður minni, ef vindurinn er notaður, og er það mikilsvarðandi atriði, þar sem þorpin eru allfjölmenn, en fólkið fátækt. — Jeg get fullyrt, að hvenær sem fje verður fyrir hendi, til þess að ráðast í verkið, þá verður það gert. Samskonar lánsheimildir, sem hjer er farið fram á, hafa oft staðið í fjárlögunum, þótt hæpið væri, að fje yrði til taks. Jeg get því ekki sjeð annað, en það væri meinlítið, þótt þessi brtill. væri samþykt, því að ef peningar ekki verða fyrir hendi, þá nær það auðvitað ekki lengra. — Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en vona, að brtll. fái að fljóta með inn á fjárlögin.

Hákon Kristoffersson: Jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þær brtll., sem jeg á. — Brtll. á þgskj. 762 tek jeg aftur, en um brtll. á þgskj. 775, sem fer fram á, að styrkurinn til bátsferða um Breiðafjörð verði hækkaður uppí 9500 kr., verð jeg að fara nokkrum orðum. Jeg viðurkenni, að sú 9000 kr. styrkveiting, sem samþykt var við 2. umræðu, er til mikils

gagns. En samt sem áður hef jeg farið fram á þessa hækkun, vegna þess að jeg hef fengið brjef frá útgerðarmanni mótorbáts þess, sem heldur uppi ferðum um Breiðafjörð innanverðan og vestanverðan. Þar hagar svo til, að stærri skip geta ekki gengið þar, nema hvað ætla mætti, að strandferðabátar fáist til að fara inn á Króksfjörð eftirleiðis, sem þó verður að telja fremur von en vissu. En þar sem það má teljast afar áríðandi, ekki einungis fyrir nokkurn hluta Barðastrandar eystra, heldur og fyrir vestari hluta Dalasýslu, að svo verði, vænti jeg, að háttvirt stjórn hlutist til um það, að sem haganlegastar ferðir fáist á Gilsfjörð (Króksfjarðarnes og Salthólmavík) á næsta ári. Þeir sem þekkja til í austari hluta Barðastrandarsýslu, munu geta sannfærzt um það, að aðflutningar á landi eru þar afar erfiðir. Því verða þeir, er þar búa, að flytja sem mest að sjer á sjó; það hlýtur því að vera öllum ljóst, hve afar áríðandi er fyrir þá menn að fá sem haganlegastar mótorbátsferðir, en þær fást ekki, ef styrkurinn er aðeins 1000 kr. Því vona jeg, að hin háttv. deild. fallist á brtill. mína á þingskj. 775, því jeg treysti því, að Barðastrandarsýslubúar verði látnir njóta sömu sanngirni og menn annarsstaðar. Útgerðarmaður bátsins hafði fyrir nokkrum árum 2000 kr. úr landssjóði, en í ráðherratíð Kristjáns Jónssonar var styrkurinn færður niður í 1000 kr. Af hverjum ástæðum það hefur verið gert, veit jeg ekki, það hefur ef til vill verið af ókunnugleika og ef til vill líka af öðrum ástæðum. Á þessu fjárhagstímabili hefur báturinn ekki nema 1000 kr. Afleiðingarnar af því, hvað styrkurinn er lítill, eru fyrst og fremst þær, að ferðirnar eru nú dýrar og óhagstæðar. Nú hefur eigandi bátsins, Guðm. Bergsteinsson, mælzt til þess í brjefi til mín, að styrkurinn verði færður uppí 2000 kr. Jeg áleit, að ekki mundi hægt, að fá svo mikilli hækkun framgengt og hef

því aðeins farið fram á 500 kr. hækkun. Jeg get auðvitað ekki láð hinni háttvirtu fjárlaganefnd, að hún hefur ekki viljað taka þessa brtill. til greina, þar sem hún upphaflega hafði farið fram á, að styrkurinn til bátaferða á Breiðafirði væri lækkaður til muna. En jeg vona þó, að flestir sjái, að það væri rjettlætingarvert að samþykkja þessa brtll.

Þá vil jeg minnast á þgskj. 779, sem fer fram á, að Sigurði regluboða Eiríkssyni verði veittur 300 kr. styrkur. Jeg vil mæla með þeirri brtll. Sigurður Eiríksson hefur starfað að útbreiðslu Good-Templarareglunnar síðastliðin 15 ár og innt starf sitt vel af hendi. Hann er nú kominn á efri ár, og er orðinn óvanur erfiðisvinnu. Jeg hygg, að alþingi hafi veitt mörgum styrk, sem ekki eru betur til þess komnir. Jeg vona því, að brtll. verði vel tekið. — Þá er brtll. á þgskj. 781, um að veita 4000 kr. til þess, að gefa út bók Einars próf. Arnórssonar um rjettarstöðu Íslands, á þýzku. Eins og allir vita, reyna nú Danir að rengja sjálfstæðisrjett vorn í þýzkum blöðum og timaritum, og sýndist því sannarlega vel til fallið, að þetta rit kæmi út á þýzku. Það gæti leitt til þess, að útlendingar fengju rjettari hugmyndir um rjettarstöðu vora. — Loks ætla jeg að minnast á brtill. frá háttv. 1. kgkj., á þgskj. 755, um að hækka skáldalaunin til Einars Hjörleifssonar, Þorsteins Erlingssonar og Guðm. Magnússonar. Mjer kom þessi brtll. talsvert á óvart, því að jeg hjelt, að sitja mætti við það, sem ofan á varð við 2. umr. Jeg vil spyrja: Því tók hv. þm. ekki Guðmund Guðmundsson með? Þar sem jeg verð að halda því fram, að nóg sje aðgert, hvað þetta snertir, þá vil jeg lýsa því yfir, að jeg get ekki greitt brtll. þessari atkvæði mitt.

Þegar umræður höfðu staðið til kl. 3, frestaði forseti umræðum til kl. 5 síðd.

Kl. 5 síðd. hófust umræður aftur.

Guðjón Guðlaugsson: Það eru 2 brtill., sem jeg á, og vildi jeg minnast á þær með nokkrum orðum. 2. brtill. er á þgskj, 772, um að hækka aftur að nokkru leyti styrkinn til Hannesar Þorsteinssonar, sem lækkaður var hjer við 2. umr. Eins og jeg tók þá fram, áleit jeg alveg rangt að lækka þann styrk, og af þeirri ástæðu hugsaði jeg mjer að miðla málum, og hef jeg því farið fram á, að hækka hann aftur um 300 kr. Jeg hef ekki getað sannfærzt af þeim rökum, sem færð voru fyrir því, að lækka þennan styrk. Það hefur enginn mótmælt því, að þessi maður er mesti starfs- og eljumaður, og síðan við 2. umr. hef jeg fengið fulla vissu fyrir því, að það verk, sem hann hefur leyst af hendi, er afarmikið, og jeg er sannfærður um, að það verk, sem hann hefur með höndum, er mjög mikils virði fyrir sagnfræði vora. Aðalmótbáran á móti því, að láta þennan mann halda þeim styrk, sem hann hefur haft, er sú, að síðan hann var veittur, hafi hann fengið aðstoðarskjalavarðarstöðu við landsskjalasafnið, sem hann fái rúmar 900 kr. fyrir, og því sje nóg að veita honum 2000 kr. Þetta getur vel verið rjett, af því að þessi maður er enginn fátæklingur, en mjer finst þetta ekki skifta verulegu máli, því ef hann vinnur fyrir háu kaupi, þá á hann að fá það, hvort sem hann þarf þess eða ekki. Og þegar maður er farinn að vinna eitthvert verk, og það kemur í ljós, að hann vinnur verkið vel, þá finst mjer einkennilegt að lækka við hann þau laun, sem honum voru upphaflega veitt. Mjer finst það ekki samkvæmni, þegar maður ber það saman við annað hjá deildinni, að vilja nurla þetta svo mjög. Nú, 3200 kr. eru að vísu góð og heiðarleg upphæð, en mönnum hefur ekki ávalt þótt það tiltakanlega mikið. Það er ekki langt síðan maður, sem hafði

3500 kr. fyrir lítið verk, var hækkaður upp í 4100 kr., og jafnvel var gengið á snið við miklu betur „kvalifíseraðan“ mann til þess starfa. Því er það ósamkvæmni, að geta ekki unt Hannesi Þorsteinssyni þessa 2500 kr., sem hann hefur haft, vegna þess að hann hefur fengið 900 kr. starfa. Það var líka fært fram sem ástæða fyrir lækkuninni, að vegna þess að hann væri orðinn skjalavörður, þá ætti hann hægra með verkið, en jeg sje ekki, að það eigi að draga hann niður; eftirtekjan verður fyrir það miklu meiri, og það á ekki að hafa þau áhrif, að nurlað sje ef launum (*S. St.*: Hver var maðurinn, sem hækkaður var úr 3500 í 4100 kr.?) Það var maður, sem varð gæzlustjóri Landsbankans.

Þá er brtill. á þgskj. 773 um að lækka styrkinn til bifreiðaferða úr 5000 kr. niður í 2000 kr. Jeg álít, að 2000 kr. sje góður styrkur eða það mundi mjer þykja, ef jeg ætlaði að ráðast í slíkt fyrirtæki, og get jeg ekki skilið, að hann sje ekki fullnægjandi. En ástæðan til þess, að jeg vil lækka styrkinn, er samt fyrst og fremst sú, að jeg álít, að hann sje heimskulegur, og því vildi jeg fella hann við 2. umr., en af því að það tókst ekki, vil jeg nú lækka hann niður í 2000 kr. Það er sjáanlegt, eftir því, sem h. þm. Ísaf. sagði, að verðlag á flutningum með þessari bifreið er svo hátt, að það verður ómögulegt að nota hana. Ef borið er saman, hvað kostar að flytja 100 tons með strandferðaskipunum og með bifreiðum, þá verður munurinn nokkuð mikill, og jeg er viss um, að ætti að borga til strandferða eftir sama hlutfalli, þá yrðu það mörg hundruð þús. kr. á ári. Tillaga mín um að fella þennan styrk niður, er hjer nú endurfædd í þeirri mynd, að lækka hann niður í 2000 kr, og skárri en ekki er tillaga nefndarinnar um að lækka hann niður í 3500 kr., og ætla jeg ekki að fara fleiri orðum um þá tillögu að sinni. Hef jeg svo ekki fleira að segja að svo stöddu.

Einar Jónsson: Jeg ætla ekki að tala langt mál. Jeg er þakklátur háttv. nefnd fyrir það, hve vel hún hefur efnt undirtektir sínar undir brtill. um læknisstyrkinn til Borgfirðinga frá mjer við síðustu umr, þessa máls. Og jeg sætti mig við þetta framlag, því að verst eru Borgfirðingar settir í Hróarstunguhjeraði, að því, er lækni snertir. Jeg ætla um leið að minnast lítið eitt á brúna á Miðfjarðará á Langanesströndum. Þessi á er oft mjög ill yfirferðar, að því er mjer er sagt, og hefur margan mann drepið. Í tíð þeirra manna, sem nú lifa, hafa druknað 3 menn, og áður er sagt að 16 menn hafi druknað í ánni, eftir því, sem menn vita bezt. Langt fram á sumar er hún venjulega ill yfirferðar, og það var hún í miðjum júlí í sumar. Þegar áin er óreið eða ófær á annan hátt, verður að ferja yfir ósinn, og er þá undir því komið, að gott sje í sjóinn. Nú er í ráði að leggja síma frá Vopnafirði norður til Húsavíkur þessa leið, og verður þessi á þá mjög illur farartálmi fyrir eftirlitsmenn með símanum, ef hún verður óbrúuð. Landsverkfræðingurinn hefur talið það sjálfsagt, að brúa þessa á og Hólkná í einu, þar eð það yrði ódýrara, en brúa þær sína í hverju lagi, og þar sem eflaust liggur fyrir að brúa þær áður en langt um líður, þá er auðvitað æskilegt, að það gæti orðið sem fyrst. Jeg vil því óska, að þessi breytingartillaga nefndarinnar nái fram að ganga.

Jósef Björnsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka til máls við þessa umr. fjárlaganna fremur en við 2. umr. En jeg get ekki á mjer setið sökum þeirra orða, sem formaður fjárlaganefndarinnar ljet falla, þegar hann var að tala um skáldin. Jeg

lít svo á, að ummæli hans um eitt af skáldunum, skáldið Þorstein Erlingsson, hafi verið óverðug, og jeg get ekki skrifað undir, að það, sem h. þm. sagði, um hann sem skáld, hafi verið á rökum bygt. Það er satt, að það liggur ekki mikið eftir hann að vöxtum, en það er *ekki satt*, að þau kvæði, sem birzt hafa í nýjasta riti hans, sjeu öll gömul, því að *flest þeirra eru ný*. Jeg skal játa, að það væri æskilegt, að lægi meira eftir þetta góðskáld okkar, því að jeg get ekki verið þeirrar skoðunar, að það þurfi að fela kvæði hans fyrir æskulýðnum. Ef það þyrfti að fela kvæðin fyrir æskulýðnum, þá væri það af því, að þau spiltu honum, en það get jeg með engu móti viðurkent að hætt sje við að kvæði Þorsteins geri. Því þótt það sje að vísu ekki mikil kirkjutrú í öllum kvæðum hans, þá er þar þó önnur trú, sem jeg álít að hver maður hafi gott af, en það er trú mannkærleikans og miskunseminnar, og jeg get ekki sjeð, að það sje ilt fyrir æskulýðinn, þótt hann taki þátt í kjörum þeirra, sem bágt eiga. Á þá strengi hefur Þorsteinn Erlingsson slegið mest allra manna, og orð hans munu lifa lengi eftir að við, jeg og hv. þm. Ísaf., erum komnir undir græna torfu.

Úr því að jeg stóð upp á annað borð, ætla jeg að leyfa mjer að minnast á brtill. á þgskj. 781, um að veittar verði 4000 kr. til þess að gefa út á þýzku bók Einars Arnórssonar, er nefnist „Rjettarstaða Íslands". Jeg tek undir það, sem sagt var hjer í deildinni, að það er ástæða til þess, að við látum eitthvað frá okkur heyra gegn því, sem sagt hefur verið miður vingjarnlega um okkur í eyru annara þjóða. Þar sem þetta rit, sem hjer er um að ræða, er dæmt ágætisrit af þremur sögumönnum vorum í fyrstu röð, og hefur hlotið verðlaun af sjóði Jóns Sigurðssonar, þá er það vafalaust ágætt vísindarit. Álít jeg því sóma fyrir okkur, að það komi fyrir augu annara þjóða, og jeg verð að álíta, að það sje nauðsynlegt til þess, að mæta öllu því rjettarstöðu góðgæti, sem sá góði maður, Knútur Berlin, hefur um okkur sagt.

Jeg skal þá minnast lítið eitt á brtill. sama h. þm. á þgskj. 779 um styrk til Sigurðar regluboða Eiríkssonar. Það er rjett, að hann er lítt fær til vinnu, ekki svo mjög sökum elli, heldur sökum þess að hann er orðinn heilsuveill, og hvernig sem lítið er á starf það, sem hann hefur haft með höndum, og jeg get hugsað, að sumir meti það mikils, en aðrir lítils, en þeir hygg jeg að sjeu þó fáir, sem lítilsvirða það, en einmæli er, að bindindisstarfsemi sú, sem fram hefur farið hjer á landi, hafi borið blessunarríka ávexti fyrir land og lýð, og því er það víst, að frá þeirri hlið skoðað er hann styrks verður. Eitt er líka áreiðanlegt, en það er, að hjer í deildinni hafa verið samþ. styrkveitingar til manna, sem engu fremur eiga styrk skilið en sá maður, sem hjer á hlut að máli.

Þá vil jeg minnast með nokkrum orðum á styrkinn til bifreiðarinnar. Jeg skal taka það fram, að jeg tel það sjálfsagt, að þessi tilraun sje gerð, og með því að hlutaðeigandi maður, sem hefur af sjálfsdáðum byrjað á tilrauninni, vill ekki halda henni áfram, nema hann hafi þann styrk fullan, sem hann hefur farið fram á að fá, þá álít jeg sjálfsagt að hann verði ekki lækkaður, og mun jeg því greiða atkvæði á móti brtill. þeim, sem ganga í þá átt að lækka þennan styrk.

Sigurður Eggerz: Jeg á enga brtill. og get því orðið stuttorður. H. fjárlaganefnd tók svo í brtill. þær, sem jeg kom fram með við 2. umr., að jeg hef ekki treyst mjer að koma með fleiri, Eiginlega er það óþarfi af mjer, að vera að standa upp, því að h. þm. Skagaf. hefur tekið það fram, sem jeg vildi segja, því ástæðan til þess, að jeg stóð upp, voru ummæli

h. þm. Ísaf. um eitt af þeim 3 skáldum okkar, sem farið er fram á að styrkurinn verði hækkaður við. Jeg lít svo á, að þau sjeu öll 3 alls góðs makleg, og það virðast allir sammála um það, að því er snertir 2 af þeim, Einar Hjörleifsson og Guðmund Magnússon, og minnist jeg sjerstaklega eins atriðis úr „Fylgsninu", eftir hinn síðarnefnda höf., sem mjer finst vera sannkallað meistaraverk, þar sem sagt er frá för ekkjunnar á Kroppi.

Og jeg skal geta þess, að jeg dæmi skáldin ekki eftir því, hvað mikið liggur eftir þau, heldur eftir því, hvar þau komast hæzt. Að því, er snertir Þorstein Erlingsson, þá vildi h. þm. Ísaf. gera *minna* úr honum, og tók það fram, að sem faðir vildi hann ekki láta börnin sín lesa kvæði hans. Jeg vildi óska, að enginn faðir hjer á landi. hefði verra fyrir börnum sínum en það, sem Þorsteinn Erlingsson hefur ort. Kannast ekki allir við Sólskrikjuna, og getur nokkur bent á fegurra ættjarðarkvæði en þetta kvæði hans „Þú ert móðir vor kær". Það mun ekki svo auðvelt að benda á kvæði, sem taka þessum fram. Þetta skáld hefur ort mörg önnur góð kvæði, en jeg ætla ekki að fara að telja þau öll upp, en vil aðeins með leyfi hv. forseta leyfa mjer að lesa upp 3 erindi, úr „Eiðnum", sem jeg skal kenna börnum mínum fyrst af öllu, og jeg vildi vita, hvort nokkur er sá hjer inni, sem hneyxlast á þeim. Þau hljóða svo:

Vængur á víða geima;
vor og sólskin sækja þá
sunnan yfir fjöllin blá.
Einn er eftir heima.
Sumarið hans er helzt að koma og dreyma.

Þau mega singja sól á tind,
og sigla hlýjan morgunvind.
Vængur á víða geima.
Þeir mega ótal augu sjá,
upp til þeirra mæna og þrá.
Einn er eftir heima.
sumarið hans er helzt að reyna að gleyma

„Ljúfir fingur laufið það,
leggja í haust á sama stað",
Vængur á víða geima.
„Brúðkaupsnóttin bjarma sinn
breiðir á vetrardrauminn þinn".
Einn er eftir heima;
sumarið hans er sælt að muna og dreyma.

Ef þetta kvæði er ekki perla, þá kann jeg ekki perlur að þekkja. Og jeg er viss um það, að þótt við sjeum miklir menn, sem sitjum hjer á þingi og ráðum fjárlögunum, þá *munum* við *fyrir* löngu vera hnignir að foldu og gleymdir þegar sungið verður

Þú ert móðir vor kær
og því engum gleymt.

Björn Þorláksson: Það er brtill. nefndarinnar um að færa niður styrkinn til Sigfúsar Einarssonar úr 1100 kr. í 800 er jeg finn mjer skylt að segja nokkur orð um, því jeg skal fúslega játa, að jeg átti frumkvæði til þess í nefndinni. En jeg gekk burtu snöggvast og á meðan var háttv. 6. kgk. þm. að tala á *móti* þessari brtill. og gerði tekjur Sigfusar Einarssonar *nokkru minni*, en jeg hygg þær vera. Jeg hef reynt að rannsaka, hversu miklar tekjur hann hefur, en jeg skal fúslega játa, að jeg hef það ekki frá honum sjálfum, heldur frá þriðju hendi.

Eftir því er mjer hefir talizt til, þá verða tekjur hans svo:
fyrir organleikarastörf við dómkirkjuna, fast kaup kr. 800,00
fyrir aukaverk við dómkirkjuna — 600,00
fyrir kenslu við 3 skóla kr. 3—400,00;
en auk þess hefur bæði hann og kona hans tímakenslu, og má telja víst, að með því muni tekjur hans alls nema um eða yfir 2000 kr., og jeg hygg því, að 800 kr. sje sómasamleg viðbót og með því yrðu tekjurn-

ar um 3000 krónur, og jafnvel meira, ef hann fær söngkensluna við mentaskólann, sem sagt er líklegt. Og mjer finnast þetta nægilegar tekjur, og svo mundi vera litið á, ef hann ætti heima utan Reykjavíkur, en jeg hef orðið þess var, að menn líta svo á, að hjer þurfi hærri laun en annarstaðar á landinu. Jeg vil því mæla með brtill. og hvetja háttv. þm. til að ljá henni atkvæði.

Þá vil jeg minnast á brtill. hátt. 1. kgk. þm. (J. Hav.) um 200 kr. viðbót við laun 1. kennarans við gagnfræðaskólann á Akureyri. Á móti þessari brtill. er jeg fyrir þá skuld, að hjer á í hlut ungur maður, og mjer virðist það vera nóg að hækka laun hans um 200 kr. á fjárhagstímabilinu; tel varhugavert að hækka þau meira í einu. Jeg vil benda á eitt dæmi. Á Alþingi 1909 bað maður einn um að laun sín væru hækkuð um 200 kr. og þingið varð við þeirri beiðni, og á þinginu 1911 vildi hann fá þau hækkuð upp í 1800 kr., en þingið vildi ekki ganga inn á það, en hækkaði þau upp í 1600 kr. og í ár hefir hann fengið þau hækkuð upp í 1800 kr. og jeg býst við að á næsta þingi vilji hann fá þau hækkuð upp í 2000 kr. Þetta vil jeg benda á til þess að sýna, að þessi braut er varhugaverð.

Jeg var svo óheppinn, að jeg var ekki við, er háttv. 1. kgk. þm. (J. Hav.), var að tala fyrir breytingartillögu sinni, en jeg heyrði þó, að hann var að bera laun Akureyrarkennarans saman við laun kennaranna við mentaskólann. En jeg vil taka það fram, að jeg hefði heldur kosið, að þingið hefði ekki hækkað laun þeirra, og jeg tel, að það hafi farið þar feti framar en vert var, þó jeg hinsvegar viðurkenni, að fremur hafi verið ástæða til að hækka laun þeirrra, en annara embættismanna eða opinberra starfsmanna í Reykjavík. En jeg hygg, að ef laun þeirra væru borin saman við laun embættismanna út um land, þá væri ekki ástæða til að hækka

þau. Embættismenn á okkar fátæka landi þurfa að læra að gera sig ánægða með hæfileg laun, og að líða súrt og sætt með þjóðinni. Og þegar verið er að ræða um laun embættismanna hjer í Reykjavík, þá vil jeg benda á, þótt jeg hafi ekki heyrt aðra gera það, hve miklu betur þeir standa að vígi með að menta börn sín, heldur en allir aðrir embættismenn landsins. Hjer geta allir útvegað börnum sínum það, sem jeg tel bezt í lífinu, — mentun. Enda eru þess fjölda mörg dæmi, að blá fátækir menn hjer í Reykjavík, og það jafnvel menn, er hafa átt mörg börn, hafa getað kostað þau í skóla, og það jafnvel fleiri en eitt. En það hefði þessum fátæku mönnum verið öldungis ómögulegt, ef þeir hefðu ekki átt hjer heima; þeir hefðu þá ekki getað staðizt kostnaðinn, og það eru ekki nema efnaðir menn út um land og sárfáir embættismenn, er geta kostað hjer börn sín til náms. Á þetta veit jeg ekki til að hafi verið litið, þegar um laun reykvíska manna er að ræða, en þetta vildi jeg taka fram, því það er þýðingarmikið atriði.

Að bera laun 1. kennara gagnfræðaskólans á Akureyri saman við laun kennaranna við mentaskólann er heldur ekki alveg rjett, því í mentaskólanum er 9 mánaða kensla en 8 mánaða á Akureyri, svo þar hefur kennarinn frían einum mánuði meir, og það er altaf einhvers virði.

Háttv. þm. Barð. (H. K.) hefur flutt brtll. við 18. gr. um að veita Sigurði reglubóða Eiríkssyni 300 kr. ellistyrk á ári. Hann mælti svo vel fyrir þessari tillögu og eins háttv. 2. þm. Skagf. (Jósef Bj.), að jeg hef litlu við það að bæta, enda er jeg þeim sammála. Sigurður reglubóði Eiríksson hefur nú varið um 20 árum af æfi sinni til þess að boða bindindi, og hann hefur unnið að því jafnt vetur sem sumar, jafnt í góðum veðrum sem versta illviðri og því oft hætt heilsu sinni við það starf.

Og ef menn því kannast við, að Góðtemplarareglan hafi bjargað lífi, heilsu, fje og ánægju margra manna, þá hefur einmitt þessi maður ekki átt lítinn þátt í því.

Og Sigurður Eiríksson hefur á þessu tímabili ekki gert annað, svo hann hefur afvanizt annari vinnu, og er því orðinn ófær til hennar. Jeg teldi því illa farið, ef alþingi ekki vildi veita honum þennan styrk, og það mætti finna margan á 18. gr., bæði karl og konu, er síður á skilið þennan styrk en hann.

Að lækka styrkinn til bifreiðaferða Sveins Oddssonar er jeg mótfallinn. Jeg vil láta gera verulega alvarlega og fullkomna tilraun næsta ár um, hvort slíkar ferðir geti ekki verið hjer. Jeg hef heyrt talað um það, að ferðirnar hafi gengið illa í sumar, vjelin hafi bilað o. s. frv. En þetta er ekki að marka. Menn þeir, er höfðu bifreiðina hjer í sumar, fluttu ekki með sjer neitt af varatækjum; þegar þeir fóru svo að nota bifreiðina, þá biluðu sem eðlilegt er ýms stykki, og þau var ekki hægt að fá hjer, svo það er ekki nema eðlilegt, þó bifreiðin væri öðruhvoru í lamasessi. En þá, er þeir hafa fengið styrkinn, þá hefur alt gengið prýðilega, og jeg hef von, um að þeir hafi orðið hyggnir af reynslunni og birgi sig betur, og þeim mun fremur er þeir munu hafa í hyggju að hafa hjer 2—3 vagna næsta ár. Jeg tel illa farið, ef þingið vildi ekki veita þeim styrkinn og þeir yrði að hætta við svo búið.

Þá vildi jeg minnast á einn styrk, er fjárlaganefndin hefur tekið upp, það er styrkurinn til Þórarins Guðmundssonar til þess að fullkomna sig í hljóðfæraslætti. Jeg veit, að fyrir þessum styrk er agiterað af miklu kappi, og jeg kann því illa, er menn utan þingsins vilja hafa áhrif á fjárveitingar þess. Á mig hefur þetta miklu fremur mótstæð áhrif, og jeg hygg, að þingmenn ættu ekki að sinna slíku tali.

Við verðum að gæta þess, að við erum hjer að fara með landsfje, og þótt hver sje sjálfráður, hvernig hann fer með fje, er hann greiðir úr sinni eigin pyngju, þá tel jeg hann það ekki, er hann fer með fje annara — fje landsmanna. Mjer er sagt, að faðir þessa pilts sje efnamaður, er hafi getað kostað konu sína og börn í Kaupmannahöfn síðasta vetur og ár, og því tel jeg ekki þörf á að veita þennan styrk, en nær að veita hann einhverjum, er hefur verulega þörf á því.

Um ekkjufrú Guðrúnu Torfadóttur vildi jeg geta þess, að fjárlaganefndin var öll á einu máli að veita henni þennan styrk. Hún er fátæk kona með 4 ungbörn og hefur aðeins rúmar 100 kr. að eftirlaunum. Jeg vildi því mæla hið bezta með brtt.

Á skáldin bjóst jeg við að ekkert yrði minzt við þessa umræðu, menn ljetu sitja við það, er fjármálanefndin lagði til og samþykt var við 2. umræðu.

En jeg hef fundið hjer breytingartill. um að hækka þrjú þeirra úr 1000 kr. á ári í 1200 kr. á ári. Jeg hjelt nú, að skáldin mættu una við brtill. nefndarinnar og teljast betur trygð með henni en eins og háttv. neðri deild gekk frá því. Það kæmi þeim betur.

Jeg mun því óhikað greiða atkvæði móti þessum hækkunum og það þeim öllum jafnt. Út úr þessari brtill. og öðrum, um að hækka styrki úr landssjóði, vildi jeg beina þeirri spurningu til háttv. þingm. og sjerstaklega til hins 1. kgk., hvort þeir mundu vera eins fúsir að veita þessa styrki, ef þeir ættu að greiða þá úr eigin vasa.

Júlíus Havsteen: Jeg hjelt fyrst, er háttv. 5. kgk. þm. (B. Þorl.) var að tala, að hann væri orðinn framsm. nefndarinnar, því hann rakti alla styrki og sagði mönnum, hvernig þeir ættu að greiða atkvæði. (*Björn Þorláksson*: Var mjer það ekki heimilt?) Jú náttúrlega, en það hefur ekki áhrif á mitt atkvæði.

Háttv. þm. var að tala á móti launaviðbót til 1. kennarans við gagnfræðaskólann á Ákureyri, en hann gat ekkert fært á móti henni annað, en að maðurinn væri ungur. En jeg er viss um, að háttv. þm. hefur ekki hugmynd um, hversu hann er gamall (*Forseti:* Um fertugt). (*Björn Þorláksson*: Jeg bar hann saman við mentaskólakennarana!). Jú, háttv. þm. var að reyna það, en hann hrakti ekkert af því, sem jeg sagði, og jeg stend við, að samanburður minn sje rjettur. Og auk þess ber að gæta þess, að hann hefur í 5 ár gegnt þessari stöðu alt af með sömu launum, á meðan aðrir kennarar við gagnfræðaskólann á Akureyri hafa fengið viðbót við laun sín, og hann ætti sem 1. kennari að geta fengið sömu laun og 5. kennarinn við mentaskólann, en ekki 200 kr. minna. Jeg vona nú, að allir háttv. deildarmenn sjái, að ástæður mínar eru fleiri og meiri en háttv. 5. kgk. þm. (B. Þ.), og því fylgi þeir mjer að málum. Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að svara aðfinslum háttv. þm.

Mjer fanst háttv. 5. kgk. þm. (B. Þ.) mjög hlyntur styrknum til Sigurðar regluboða Eirikssonar, en þó minnir mig, að hann sje á móti eftirlaunum. Háttv. þm. (B. Þ.) var fráleitur styrk til skáldanna, en máske hefði hann heldur fylgt þeim, ef um eftirlaun hefði verið að ræða.

Sigurður Stefánsson: Tveir háttv. þm. hafa andmælt ummælum mínum um Þorstein Erlingsson, en það hefur ekki breytt skoðun minni, enda hafa þeir alveg gengið fram hjá aðalástæðu minni. En mjer dettur ekki í hug að kappræða þetta mál við háttv. þm., því það er alt af óviðkunnanlegt að deila um fjærverandi menn. En mjer getur ekki dulizt það, að þessi maður er ekki jafn maklegur þeim skáldunum Guðm. Magnússyni og Einari Hjörleifssyni. Þeir hafa sýnt, að skáldgyðjan býr enn hjá þeim, og þeir hafa síðustu ár sent út skáldrit, er hafa verið bæði þeim og þjóðinni til sóma.

En Þorsteinn Erlingsson hefur verið þögull söngfugl nær alla tíð síðan hann komst á landssjóðinn. Jeg hef aldrei sagt, að hann hafi aldrei ort falleg kvæði, eða að jeg vildi fela þau öll, en jeg sagði, að þau væru mörg kvæðin hans, er jeg teldi ekki holl fyrir æskulýðinn og vildi ekki ráða æskulýðnum að lesa.

Jeg get ekki sjeð, að þessi heiðursmaður vinni nú jafnmikið fyrir þeim launum, er hann hefur, og hin tvö skáldin, Einar Hjörleifsson og Guðmundur Magnússon. Ljóðadísin er farin að slá slöku við hann.

Úr því jeg stóð upp, vildi jeg minnast á brtill. háttv. þm. Barð. (H. K.) um að gefa út á þýzku bók Einars prófessors Arnórssonar um rjettarstöðu Íslands. Jeg hef að vísu ekki lesið þessa bók, og þó svo væri, brestur mig þekkingu til þess að dæma hana, en hitt vildi jeg taka fram, að verðlaunanefnd Jóns Sigurðssonar sjóðsins hefur sæmt hana verðlaunum, og í þeirri nefnd sitja fullfærir menn í þeim efnum, og vil jeg þar sjerstaklega nefna prófessor Björn M. Ólsen, sem sjerstaklega hefur lagt stuud á þau fræði, er að þessu efni lúta, og legg jeg mjög mikið upp úr hans dómi, eins og jeg líka met mikils dóm hinna, sem báðir eru merkir og fróðir menn, og jeg veit að hafa líka grandskoðað bókina. En ytra veit jeg ekki til, að neinn hafi ritað um bókina, nema Nic. Gjelsvik, og staðfesta þau ummæli fyllilega dóm verðlaunanefndarinnar. Hann segir meðal annars í brjefi til höfundarins á þá leið, að örðugt muni vera að hrekja þau rök, er Einar færir fyrir því, að Ísland sje að löguui sjálfstætt ríki.

Þetta eru ummæli þessa manns, er allir verða að taka mikið tillit til. En hversu mikils virði væri þá ekki að fá bókina á önnur mál, einkum þegar einn mikilsvirtur danskur vísindamaður er alt af að prje-

dika fyrir heiminum, að Ísland eigi engan slíkan rjett. Mjer finst þá ekki nema rjett, að aðrar þjóðir fái að sjá þessa bók, svo þær geti skoðað málið frá fleiri en einni hlið. Það er skylda vor að styðja að því, að mentaþjóðir heimsins geti kynt sjer bókina, og þetta sje ekki annað, en að styðja rjett vorn og skoðun vora og efla fróðleik annara þjóða á oss, En þær geta ekki kynt sjer bókina, ef hún að eins er á íslenzku. Jeg mun því greiða atkv. með þessari brtill.

Þá hefur háttv. þm. Barð. (Hák. Kr.) komið fram með aðra brtill. um að veita Sigurði regluboða Eiríkssyni ellistyrk. Jeg kannast fúslega við það, að Sigurður Eiríksson á alt gott skilið fyrir að útbreiða bindindi, og Góðtemplararreglan hefur gert mikið gagn, svo Góðtempararreglan ætti að styrkja hann eftirleiðis. En nú víkur því svo við, að Góðtemplararreglan hefur gert það að verkum, að bannlög komast á, og þá er verkahringur hennar bráðum úti, og hún hefur ekki neitt að gera lengur. Góðtemplararreglan hefur því í raun og veru kipt með því undan sjer fótunum, enda munu tekjur hennar óðum þverra. Maðurinn er góðs maklegur fyrir bindindisstarfsemi sína, og hins vegar mun hann orðinn litt fær til vinnu, og því hygg jeg, að það geti ekki hneyxlað neinn, þó honum verði veittur þessi litli styrkur.

Loks skal jeg minnast á styrkinn til Þórarins Guðmundssonar. Því hefur verið haldið fram, að faðir hans væri efnaður, og því óþarfi að styrkja hann. Jeg hygg það muni harla vafasamt, hvað efnaður faðir pilts þessa er. En hvað sem því líður, þá er hljóðfæralist sú, sem Þórarinn stundar, svo einstæð hjer á landi, að því mun ekki illa tekið, þótt honum sje veittur ofururlitill skyrkur, og það því fremur, sem pilturinn kvað vera óvenju efnilegur til þessa náms.

Steingrímur Jónsson, framsögum: Jeg er svo heppinn, að þurfa ekki að þessu sinni að segja margt sem frsm. Umræðurnar hafa mest snúizt um annað en brtll. nefndarinnar, og svo hafa meðnefndarmenn minir mikið tekið af mjer ómakið.

Nokkrar athugasemdir verð eg þó að gera; og er það þá fyrst, að eftir samráði við meðnefndarmenn mína tek jeg aftur 21. brtill. nefndarinnar við 19. gr. um endurgjaldið fyrir aukakostnað vegna Skeiðarárhlaups til Sigurðar sýslumanns Eggerz (*S. E*: Jeg tek hana þá upp aftur).

Þá er að minnast á ummæli h. þm. Húnv. (Þ. J.) um Svínavatnsveginn. Jeg neita því ekki, að nauðsyn bæri til að leggja til fje til þess vegar, því jeg veit að hann er vondur; en nauðsynjarnar eru margar, ekki sízt í Húnavatnssýslu. Jeg held þingið hafi tekið svo vel undir bænir Húnvetninga, að þeir hafi ekki mikla ástæðu til að kvarta, og þar er enn margt ógert, sem þinginu er enn skyldara að styðja en vegagerð þessa. Það liggur en nær að hlynna að því, að akbrautin um Hunavatnssýslu komist sem fyrst af, að Blönduósbryggjan geti orðið nothæf, og að Hvammstangaveginum sje lokið. Samanburður h. þm. (Þ. J.) á Svarfaðardalsveginum og Svínavatnsveginum var ekki allskostar rjettur. Að vísu er Svarfaðardalsvegurinn hreppsvegur, en þar stendur mjög sjerstaklega á. Vegurinn liggur eftir afarlöngum og þröngum mjög þjettbygðum dal, þar sem búa um 1000 manns. Þegar fjárveitingin til vegar þessa var fyrst samþykt, þá var málið þannig undirbúið, að Svarfdælingar höfðu heitið að leggja á sig allþungan skatt til vegagerðarinnar um 10 ár, ef þingið vildi hlaupa undir bagga með þeim, og varð þetta að einskonar samningi. Jeg hef ekki orðið var við, að Svínavatnshreppsmenn hafi farið líkt að; þó veit h. þm. (Þ. J.) það, að ieg varð ekki fyrstur til að leiða þennan asna inn í herbúð-

irnar. H. 1. kgk. (J. H.) hefur minzt á skáldin og er jeg honum í flestum atriðum samdóma. H. 6. kgk. talaði mikið um niðurfærsluna á styrknum til Sigfúsar Einarssonar. H. 5. kgk. (B. Þ.) hefur svarað því og skýrt frá ástæðum fyrir niðurfærslunni.

Háttv. þm. Ísafjk. (S. St.) mintist á skáldin, sjerstaklega á Þorstein Erlingsson. Jeg ætla ekki að fara að deila við háttv. þm. (S. St.); þó get jeg alls ekki verið honum samdóma, jeg get ekki gert lítið úr þeim sterku áhrifum, sem Þorsteinn hefur haft á þjóðina. En þótt þessi áhrif, sem jeg tel góð, sjeu mest frá kvæðum, sem ort hafa verið fyrir aldamótin, þá halda þó áhrifin áfram, og við erum ekki enn búnir að sjá alt, sem Þorsteinn Erlingsson hefur ort. Hann á enn mikið í fórum sínum, sem ekki hefur komið fyrir almenningssjónir. Það getur verið, að honum sje ekki orðið eins ljett um tungutak, eins og honum var, þegar jeg þekti hann fyrir 16—17 árum síðan. En jeg veit, að það liggur fyrir honum mikið starf, að fæga og setja í þann fyrirmyndarbúning, sem honum er einkennilegur, ýmislegt af því, sem hann hefur ort fyrir all-löngu síðan. Jeg get því ómögulega sætt mig við, að hann sje settur á 18. gr., því við vinir hans vonum, að hann eigi enn mikið ógunnið fyrir þjóð sína, sem fram muni koma á sínum tíma. Jeg vil því styrkja hann sæmilega.

Jeg hef áður gert grein fyrir styrknum til Þórarins Guðmundssonar, og jeg sje ekki ástæðu til að tala fleira um hann. Það hafa margir minzt á styrkiun til bifreiðarinnar austur; en mjer finst ýmsum ekki vera það ljóst, hvað fyrir nefndinni vakti með hann, og háttv. neðri deild; það, sem fyrir oss vakti, var að gera fullkomna tilraun með það, að hverju haldi bifreiðar gætu komið til flutninga á vegum vorum; og þá má ekki nema styrkinn svo við nögl, að hann verði alls ekki eftirsóknarverður, eða tilraunin kák eitt. Við sjáum, hve oft bifreiðin, sem hefur verið hjer á ferð í sumar, hefur bilað, og vitum, að það hlýtur að hafa gengið mikið fje til viðgerða á henni.

Til þess að fullnægja skilyrði því, sem sett er, verður sá, sem styrkinn fær, að hafa í fórum sínum vöruflutningavagn, sjálfsagt nokkuð dýrari en mannflutningavagn, og varla minna en tvo mannflutningavagna; þetta alt kostar mikið fje, og allmikil áhætta því samfara, þar sem þetta er fyrsta tilraunin hjer á landi. Af þessum ástæðum. tekur nefndin aftur brtill. sína (*G. G.*: Jeg tek hana þá upp). Sveinn Oddsson hefur lýst því yfir við nefndina, að það væri jafn óaðgengilegt fyrir sig að byrja á fyrirtækinu, hvort sem veittar yrðu 3600 kr. eða 2000 kr. Og þá vil jeg ekki, að látið sje standa á þessum 1500 kr. um það, hvort tilraunin sje gerð eða ekki. Það er ekki hægt að segja með vissu fyrirfram, hver árangur verður af henni, en það er mikilsvert, að hún sje gerð.

Jeg hef áður tekið fram skoðun mína á brtill. háttv. þm. Árn. (J. J.) um lánveitinguna til raflýsingar á Stokkseyri og Eyrarbakka. Mjer finst það ekki rjett að vera að setja inn í fjárlögin heimildir til lánveitinga, þegar fyrirfram er vitanlegt, að eigi muni fje fyrir hendi til lánveitinganna. Hið einasta, sem af því gæti leitt, væri það, að toga mennina með tálvonum út í fyrirtækið. Það er annars undravert, hve óhugsandi mönnum finst það vera, að fá lán úr bönkum til slíkra fyrirtækja sem þetta. Mjer finst eftir upplýsingum háttv. þm. (J. J.) málið vera komið svo skamt á veg, þar sem ekki er einu sinni ráðið, hvort nota skuli vindmótor eða olíuvjel, að það geti að skaðlausu beðið til þingsins 1915.

Jeg hef áður talað um Breiðafjarðarbátinn, og þrátt fyrir það, þótt orð háttv. þm. Barð. (H. Kr.) væru svo sanngjörn,

að freisting gæti verið að ganga til móts við hann, þá getur nefndin þó ekki gert þessum bát hærra undir höfði en öllum hinum.

Þá talaði háttv. þm. Barð. (H. Kr.) um eftirlaunin til Sigurðar Eirikssonar regluboða — því eftirlaun eru það. — Það er hægt að tala margt með þessu, og jeg er máske ekki á móti þessari tillögu, en þó verð jeg að taka í sama strenginn sem háttv. 1. kgk. (J. H.), að það er ástæða til að reyna að takmarka það, sem lendir á 18. gr. Sjerstaklega ætti það að vera athugavert fyrir þá, sem eru á móti eftirlaunum, en það er jeg ekki; — það er athugavert segi jeg, að á hverju þingi er nýjum mönnum bætt inn á þessa grein, og það ekki að tilhlutun stjórnarinnar, heldur fyrir tilstuðlun einstakra þingmanna. Það starf, sem þessi maður hefur unnið, er sjálfsagt gott og mikilsvert. En jeg skil ekki vel í, að þörf sje á að svo stöddu að setja hann á eftirlaun, því að jeg veit ekki til, að Gód-templarafjelagið sje enn dautt. Það er satt, að bannlögin hafa gert það að verkum, að dofnað hefur yfir fjelaginu. Það var sagt, þegar bannlögin komust á, að enn ætti fjelagið mikið starf ónunnið; og ef bannlögin verða upphafin, þá verður starfið margfalt meira, og jeg býst við, að alþingi mundi halda áfram að styðja þetta starf. Mjer sýndist því í raun og veru rjettast, að eftirlaunin kæmu frá Gód-temparafjelaginu. Jeg vona menn taki þó ekki orð mín svo, að jeg álíti þennan mann óverðugri eftirlauna, en ýmsa aðra, sem á 18. gr. standa, og er jeg þó ekki sjerlega ánægður með bannlagaagitationina á árunum 1907 til 1909. Jeg hef gert svo ítarlega grein fyrir ástæðum nefndarinnar fyrir því, að færa niður styrkinn til Hannesar Þorsteinssonar, að jeg finn eigi ástæðu til að bæta þar við.

Finn jeg ekki þörf á að tala meira fyrir nefndarinnar hönd, en mun sýna með atkvæði minu, hvernig jeg lít á brtill. annara háttv. þingdeildarmanna.

Þórarinn Jónsson: Jeg hefði helzt viljað þurfa ekki að tala frekara fyrir brtill. minum, en ummæli háttv. framsm. (Stgr. J.) knýja mig til að fara enn nokkrum orðum um þær. Mjer fanst háttv. framsm. (Stgr. J.) hafa það helzt á móti þeim, að svo mikið fje væri veitt til Húnavatnssýslu, og þarfirnar þar sýndust býsna margar. En jeg vil spyrja: Í hvaða hjeraði mun þörfunum vera fullnægt mest? Ekki er það í Húnavatnssýslu, heldur í Þingeyjarsýslu. Á síðustu 10 árum hefur hún fengið nær þrefalt meira fje úr landssjóði en Húnavatnssýsla, til vega og brúa. Hún vegur á þessu timabili móti 8 sýslum öðrum, þessar sýslur eru: Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla, Skagafjarðarsýsla, Norður-Ísafjarðarsýsla, Barðastrandarsýsla, Strandasýsla og Dalasýsla. Það er vel þess vert, að á þetta sje mint, þegar svo er skorið við neglur, og stritt á móti bráðnauðsynlegum fjárframlögum eins og hjer. Þó skal jeg taka það fram, að jeg bið aldrei aðra um að ljá mjer atkvæði sitt, enda ekki heldur til neins fyrir nokkurn mann að biðja mig um atkvæðisfylgi og því ætla jeg mjer ekki að lifa á bónbjörgum með málið. Þótt nú Þingeyjarsýsla hafi fengið svo mikið fje, sem jeg nefndi, þá hafa þó aðrar sýslur orðið enn hærri síðustu árin: Suður-Múlasýsla og Borgarfjarðarsýsla.

H. frsm. (Stgr. J.) mintist á Svarfaðardalsveginn, og mjer til gleði játaði hann nú, að það væri hreppsvegur, og þó kvað hann við 2. umræðu sitt princip vera, að eigi væri veitt fje úr landssjóði til hreppavega, og kvaðst þó vera með styrk til Svarfaðardalsvegarins. *(Stgr. J.* Jeg gat þess þegar í upphafi, að þar væri fyrir mjer um undantekning að ræða). En

nú er svo gott til að vita um Svínavatnsveginn, að hann er ekki hreppsvegur, heldur sýsluvegur; jeg hef hjer í höndunum yfirlýsing stjórnarráðsins. Og sízt vantar það, að Svínavatnshreppsbúar hafi lagt á sig gjöld til að bæta veginn; þeir hafa lagt fram um 500 kr. móts við 300 kr. úr sýslusjóði. Það er ekki ofsögum sagt af þörfinni á vegabót þessari. Jeg gæti málað með svörtum litum, og sönnum þó, vegatálmana í Svínavatnshreppi og erfiðleikana, sem af þeim stafa. Viðvíkjandi því, hvað Húnavatnssýslu fengi nú mikið á fjárlögum, þá má geta þess, að þessar hækkanir hjer í deildinni nema ekki meiru en 2600 kr. í þremur upphæðum. En af því það er í 3 upphæðum, vex þinginu það líklega í augum, en ein 10 þús. kr. beiðni þykir góð og rjettlát, ef hún er að eins *ein*.

H. 5. kgk. (B. Þ.) talaði á móti styrknum til Þórarins Guðmundssonar, ekki sízt fyrir þá sök, að því sem mjer skildist, að agiterað hefði verið fyrir honum af utanþingsmönnum. Þetta finst mjer ekki vel frambærileg ástæða. Jeg segi fyrir mig, að hafi jeg sannfæring fyrir, að eitthvað sje rjett og gott, þá hverf jeg ekki frá því, þótt agiterað sje fyrir því. Jeg er annars hræddur um, að það sjeu fleiri en utanþingsmenn, sem hjer agitera; þingmenn munu ekki vera lausir við það innbyrðis. Jeg skifti mjer ekkert um það, læt það eins og vind um eyrun þjóta og fer mínu fram. Jeg býst við því, að jeg greiði atkvæði með styrknum til Sigurðar Eirikssonar regluboða, því að jeg virði bindindisstarfið mikils, þótt jeg sje ekki mjög hrifinn af bannlögunum. Reyndar sýndist mjer styrkurinn mega vera nokkru lægri fyrir það, sem landssjóður hefir lagt fram til kosningaundirbúnings bannlaganna.

Steingr. Jónsson, framsögumaður: Jeg mun ekki láta vin minn, h. þm. Hún. (Þ. J.), hræða mig frá því, að lýsa skoðun minni á hinum einstöku fjárveitingum, og halda mun jeg fullri einurð til að bera fram skoðun fjárlaganefndarinnar á þeim. H. þm. (Þ. J.) mintist á Svarfaðardalsveginn. Það var óþarfi, því jeg hafði áður nefnt hann, og kannaðist við, að þar væri í raun rjettri brotin grundvallarregla, en að jeg hefði ekki orðið fyrstur til þess, og mjer var það ljóst, að þar hafði verið gerð varúðarverð undantekning. Samanburður h. þm. (Þ. J.) á fjárframlagi til Húnavatnssýslu og Þingeyjarsýslu lítur að vísu í fljótu bragði vel út, þegar aðeins er tekið til samanburðar tímabilið frá 1900; einmitt það tímabilið, sem aðalfjárframlagið til Þingeyjarsýslu kemur á. Á þessum árum hefur verið gerður akvegur frá Húsavík fram sýsluna, og bygðar brýr á Jökulsá í Öxarfirði og Fnjóská. Jeg vil spyrja, hvort það hefur verið ástæða til að láta Húnavatnssýslu ganga að öllu á undan Þingeyjarsýslu, og láta hana alveg sitja á hakanum, þangað til akbrautin um Húnavatnssýslu, sem áætluð er að kosti á annað hundrað þús. kr., væri fullgerð. Hefði t. d. átt að láta það bíða að brúa Jökulsá, þangað til að akbrautinni væri lokið?

Jeg held h. þm. detti varla í hug, að halda þessu fram í alvöru. Það er rjett, að á þessu árabili, sem h. þm. (Þ. J.) nefndi, hefur verið lagt öllu meira fram til Þingeyjarsýslu en Húnavatnssýslu, en hún hafði líka verið látin sitja á hakanum áður. Þegar h. þm. (Þ. J.) var að telja fram tillögin til Húnavatnssýslu í fjárlagafrv., þá gleymdi hann einni allverulegri upphæð; hann gat þess ekki, að henni eru þar ætlaðar 30,000 kr. til akbrautarinnar. Það er ekki svo að skilja, að jeg telji það eftir, því að það er þarft verk, en vel má minnast á það. Það eru ekki þarfir Þingeyjarsýslu og Svarfaðardals, sem valda því, að h. þm. (Þ. J.) getur ekki fengið fje að þessu sinni til Svína-

vatnsvegarins, heldur eru þarfir alls landsins því valdandi. H. þm. (Þ. J.) fann að því, að jeg hefði kallað Svínavatnsveginn hreppsveg; það gerði jeg ekki; en jeg sagðist ekki vera viss um, hvort svo væri eða ekki, og það var jeg ekki fyr en nú, er jeg sá þetta brjef stjórnarráðsins.

Hákon Kristoffersson: Jeg ætla ekki að vera langorður, en vildi segja nokkur orð viðvíkjandi styrknum til Sigurðar regluboða Eiríkssonar, sem h. 1. kgk. og h. þm. Ísaf. kölluðu eftirlaun. Jeg álít, að h. 1. kgk. þm. hafi um mörg ár verið dugandis embættismaður, enda nýtur hann nú þess, og er því óþarfi fyrir hann að blanda þessu saman við eftirlaun. H. frsm. kvað slíkum bitlingum fjölga með hverju þingi. Þetta er alveg rjett, og hv. fjárlaganefnd hefur jafnvel tekið þá upp í brtill. sína núna til þessarar umr. Þar sem sagt hefur verið, að reglan eigi að styrkja hann, þá er hún í stórskuldum og hefur nóg við það fje að gera, sem landssjóður leggur henni.

Þá vildi jeg segja örfá orð um brtill. h. fjárlaganefndar á þgskj. 778, um að veita fje til að brúa 2 ár nyrðra. Þegar við 2. umr. fjárlaganna var mikið talað um að brúa eina af stærstu ám landsins, en það fjekk ekki góðan byr hjá h. fjárlaganefnd, en nú kemur hún sjálf með till., sem hækka gjöldin um margar þús. kr. Eftir kostnaðinum við þessar brúargerðir hljóta þessar ár að vera smáar, en það er nóg af þeim á Vesturlandi í það minsta og víðar, sem þörf er á að brúa. Jeg vil í sambandi við þetta og fleira benda á, að þessi landsjóðsbelja, sem þingmenn hafa reynt hver í kapp við annan að hreyta sem bezt, er löngu orðin steingeld, og væri því vert, að þingmenn, hver um sig, ljetu sjer nú nægja með það, sem þeir hafa fengið.

H. þm. Hún. kvað sína sýslu setta hjá, samanborið við aðrar sýslur. Þetta álít jeg ekki rjett hjá h. þm. Þó hún (Húnvs.) hafi ekki fengið önnur eins ósköp og t. d. S.-Múlasýsla, þá held jeg þm. megi vel við una, hvað hann og fleiri hafa getað aflað vel handa henni. Þess má líka geta, að það á að vera hlutverk þm. að líta á, hve brýn þörf er fyrir fje til fyrirtækisins, án tillits til þess, í hvaða sýslu það er, sem gera þarf.

ATKVGR.:

Brtill. á þgskj. 778, 1 samþykt í einu hljóði.

Brtill. á þgskj. 778, 2 samþ. með 12 atkv. gegn 1.

Brtill. á þgskj. 778, 3 samþ. án atkvgr.

Brtill. á þgskj. 778, 4 samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 767, samþ. með 7 atkv. gegn 4.

Brtill. á þgskj. 778, 5 a samþ. með 7 atkv. gegn 2.

Brtill. á þgsk. 778, 5. b samþ. með 7 atkv. gegn 2.

Brtill. á þgskj. 775 feld með 7 atkv. gegn 3.

Brtill. á þgskj. 778, 6 samþ. án atkv.

Brtill. á þgskj. 778, 7 samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 778, 8 samþykt án atkvgr.

Brtill. á þgskj. 778, 9 samþykt án atkvgr.

Brtill. á þgskj. 782, 1 samþ. með 7 atkv. gegn 2.

Brtill. á þgskj. 782, 2 samþykt án atkvgr.

Brtill. á þgskj. 778, 10 samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 778, 11 samþ. í einu hljóði.

Brtill. á þgskj. 778, 12 samþykt í einu hljóði.

Brtill. á þgsj. 778, 13 samþykt án atkvæðagreiðslu.

Brtill. á þgskj. 778, 14 samþykt án atkvgr.

Brtill. á þgskj. 778, 15 sþ. með 12 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 769 sþ. án atkvgr.

Brtill. á þgskj. 755, 1 feld með 7 atkv. gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eiríkur Briem,
Guðm. Björnsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Júlíus Havsteen,	H. Kristoffersson,
Sig. Eggerz,	Jón Jónatansson,
Sig. Stefánsson.	Jósef Björnsson,
	Þórarinn Jónsson.

Brtill. á þgskj. 755, 2 feld með 8 atkv. gegn 4.

Brtill. á þgskj. 755, 3 sþ. með 9 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Jón Jónatansson,
Eiríkur Briem,	Jósef Björnsson,
Guðjón Guðlaugsson,	Þórarinn Jónsson,
Guðm. Björnsson,	
Júlíus Havsteen,	
Sig. Eggerz,	
Sig. Stefánsson.	

H. Kristoffersson greiddi ekki atkv. og telst með meiri hluta.

Brtill. á þgskj. 762 tekin aftur.

Brtill. á þgskj. 778, 16 feld með 10 atkv. gegn 3 með nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Jósef Björnsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Sig. Stefánsson.	Guðm. Björnsson,
	Jón Jónatansson,
	Júlíus Havsteen,
	Sig. Eggerz,
	Þórarinn Jónsson.

Steingr. Jónsson, Eiríkur Briem og H. Kristoffersson greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum.

Brtill. á þgskj. 781 samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 772 feld með 8 atkv. gegn 4.

Brtill. á þgskj. 778, 17 sþ. með 7 atkv. gegn 2.

Brtill. á þgskj. 778, 18 samþ. með 8 atkv. gegn 2.

Brtill. á þgskj. 778, 19 samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 773 feld með 7 atkv. gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eiríkur Briem,	Björn Þorláksson,
Guðjón Guðlaugsson,	Steingr. Jónson,
Guðm. Björnsson,	Einar Jónsson,
H. Kristoffersson.	Jósef Björnsson,
Jón Jónatansson,	Júlíus Havsteen,
Sigurður Stefánsson.	Sigurður Eggerz,
	Þórarinn Jónsson.

Brtill. á þgskj. 780 samþ. með 8 atkv. gegn 4.

Brtill. á þgskj. 779 samþ. með 8 shlj. atkvæðum.

Brtill. á þgskj. 778, 20 sþ. með 9 atkv. gegn 3.

Brtill. á þgskj. 778, 21 tekin aftur af fjárlaganefnd, en tekin upp aftur af 2. þingm. Árn. (J. Jónatanssyni) og sþ. með 11 atkv. gegn 2.

Brtill. á þgskj. 777 feld með 7 atkv. gegn, 6 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Guðm. Björnsson,	Björn Þorláksson,
H. Kristoffersson,	Steingr. Jónsson,
Jón Jónatansson,	Einar Jónsson,
Sig. Eggerz,	Eiríkur Briem,
Júlíus Havsteen,	Guðj. Guðlaugsson,
Þórarinn Jónsson.	Jósef Björnsson,
	Sig. Stefánsson.

Frv., þannig breytt, sþ. í e. hlj. og endursendist Nd.

---

14. *Tillaga til þingsályktunar um að stjórnin láti skoða og ákveða brúarstæði á Miðfjarðará i Húnavatnssýslu og gera áætlun um kostnað við brúargerðina*, 668; ein umr.

Þórarinn Jónsson, flutningsmaður: Nú er mjer óhætt að lofa því að vera

stuttorður. Hjer er ekki um neitt fjárframlag að ræða, því að væntanlega líður langt, þangað til á þessi verður brúuð. Jeg vænti því þess, að þessari till. verði vel tekið.

Eins og menn vita, keppast öll hjeruð um, að fá flestar ár brúaðar. Það er sízt furða, því að slíku er hin mesta samgöngubót. Í Húnavatnssýslu hagar nú svo til, að þar voru síðastl. vor 7 ár óbrúaðar á þjóðveginum. Þetta kann nú að þykja lítilræði, af því að það er í þessu hjeraði. En það er ekki undarlegt, þó að sumir komi á eftir, er aðrir hafa fengið áhugamálum sínum framgengt. Vitaskuld er það, að eitthvað af þessum ám verða brúaðar, þegar flutningabrautin verður lögð, t. d. 4—5 af þeim, og getur þess þó orðið langt að bíða, og þær, sem eru langt frá, verða mjög lengi að bíða, t. d. Miðfjarðará. Það hefur verið farið fram á það áður, að hún væri skoðuð. En það hefur ekki orðið úr því. Landsverkfræðingurinn hefur komið og litið á hana, en engin áætlun verið gerð. Það er ekki aðeins í sjálfu sjer, að það er hin mesta nauðsyn á brúnni, heldur og vegna vegalagninga. Því að það verður ekki kveðið á um, hvar vegirnir eigi að liggja nema eftir því, hvar brúin verður.

Miðfjarðará er hinn mesti farartálmi. Jeg skal því til sönnunar geta þess, að Norðanpóstur, sem er alþektur fyrir dugnað og áræði, hefur hvað eftir annað orðið að setjast um kyrt við hana, 1—2 daga, og ekki getað haldið áfram ferð sinni. Það er ekki eingöngu vatnsmegnið, sem veldur þessu, heldur ryður áin sig stundum svo, að hún spýtist fram úr þrengslunum, sem eru rjett fyrir ofan eyrarnar, sem póstvegurinn liggur um, og jakaburður verður afskaplega mikill á eyrunum, svo að það er á mikla hættu að tefla, ef komast á yfir hana, og enda ómögulegt, þótt vatnslítil sje. En hún teppir ekki eingöngu ferðir manna á vetrum, heldur bæði vor og haust. Hún stöðvar stundum fjárrekstra, svo að fjeð verður hvergi ferjað yfir ána; og komið hefur það fyrir, að ferja hefur þurft yfir sjálfan Miðfjörð, frá Útibliksstöðum á Hvammstanga, sem er víst talsvert yfir $^1/_4$ mílu að vegalengd, og verður það, eins og allir sjá, ekki gert nema með ærnum kostnaði,

Það þýðir ekki mikið að fjölyrða um þetta, enda eru deildarmenn á róli og sumir farnir af fundi. Jeg skal ekki segja neitt um, hvenær brúin verður reist, svo menn greiði ekki atkvæði um fjárframlag til brúarinnar. Jeg treysti því, að háttvirt deild taki málinu vel.

Jósef Björnsson: Jeg vil aðeins bæta því við, að h. frsm. sagði ekki ofsögum af því, hve ófær áin verður og ókleif yfirferðar. Jeg get sjálfur talað um þetta af reynslu. Þegar jeg var á ferð til þingsins 1911, kom jeg að henni ófærri. Jeg var með pósti, og varð hann að fara fram að Urriðaá, en svo heitir bær einn þar í firðinum. Þar vorum við nóttina. Morgunin eftir var leitað, hvort hún væri fær yfirferðar. Var þá spöng á ánni örmjó að heita mátti, en svo ilt var að fara yfir hana, að það varð að hrinda hestunum fram af flughálli ísskör ofan á spöngina, og var áin þar í taglhvarf ofan á spönginni. Til þess að taka á móti hestunum, urðu 2 menn að standa í vatninu upp undir hendur, og tókst þó ekki að verja suma hestana falli. Og þetta var eini staðurinn, sem áin var fær þann dag. Það var því auðsjeð, að það er ekki vanþörf á, að brúa þessa á.

ATKVGR.:

Tillagan samþykt með 10 shlj. atkv.

50. fundur, þriðjudaginn 9. september kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um friðun fugla og eggja* (759, n. 776. Ein umræða.

Jón Jónatansson, framsm.: Jeg hef fátt eitt að segja um þetta frv. Nefndin leggur til, að frumvarpið sje samþykt óbreytt.

Breytingarnar, sem frv. hefur tekið í neðri deild, eru þær, að 4 fuglategundum hefur verið bætt inn í tölu þeirra fugla, er friðaðir eru, og að örninn er nú friðaður 5 ár frá því að frv. nær lagagildi. Fyrir þessari breytingu er grein gerð í nefndaráliti neðri deildar, og við vildum sumir hjer í deild hafa þetta ákvæði í frv., en fengum því ekki framgengt. Þetta er talið nægja, erninum til verndar. Annars er frv. líkt og það var, þó að einhverjir gallar sjeu á því, og það ætti að vera miklu betra; tel jeg það til bóta, það er betra en lög þau, sem nú gilda um þessi efni. Jeg vona, að frv. verði samþykt.

ATKVGR.:

Vegna óljósrar atkvæðagreiðslu, var haft nafnakall og sögðu:

Já:	*Nei*:
Björn Þorláksson,	Guðm. Björnsson,
Einar Jónsson,	Hákon Kristofferss.,
Steingr. Jónsson,	Júlíus Havsteen,
Jón Jónatansson,	Sigurður Eggerz.
Jósef Björnsson,	
Sigurður Stefánsson.	

Eirikur Briem greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum. Guðjón Guðlaugsson og Þórarinn Jónsson voru ekki viðstaddir.

Frv. því samþykt með 7 atkv. gegn 4 og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

2. *Frv. til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100,000 kr. á ári í næstu 20 ár* (552); 3. umr.

Eirikur Briem, framsm.: Jeg hef að þessu sinni ekki annað að segja en það, að jeg óska, að deildin taki þessu máli, eins og hún tók því við 2. umr.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþykt með 8 atkv. gegn 3 og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

3. *Frv. til laga um heimild fyrir landstjórnina til að selja prestinum á Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavík* (671, n. 673); 2. umr.

Einar Jónsson, framsm.: Jeg hef lítið annað að segja um þetta mál, en það sem stendur í nefndarálitinu. Þetta frv. er svo til orðið, að presturinn á Kolfreyjustað hefur sótt um að fá þessa landspildu, er ræðir um í frv., keypta. Hann mun ætla sjer að reisa þar hús fyrir sig og sína, og rækta þar upp blett í kring. Jeg er sjálfur ókunnugur á þessum stað, en hef spurt mig fyrir hjá nákunnugum manni, og það sem jeg nú segi, er því eftir annara sögusögn. Þessi spilda í Innri-Skálavík er með sjó fram góðan kipp fyrir utan Kolfreyjustað. Víkurnar Innri- og Ytri-Skálavík liggja hvor við annarar hlið, og er hin Ytri miklu meira verð, því að þar er báta-uppsátur, en ekki í Innri-Skálavík, því þar er engin lending. Landið á Kolfreyjustað er mjög stórt; einkum mjög mikil lengja út með sjónum. Það eru ekki nein líkindi til, að það verði Kolfreyjustaðarjörð til skaða, að missa þennan skika. Þar er sem sagt ekki báta-uppsátur, og það eru engar líkur til, að presturinn taki það til ræktunar. Það væri þá helzt, að þar væri hentugt beitiland, en

svo vill til, að ágætt beitiland er einmitt í Ytri-Skálavík og á svo nefndum landsenda þar fyrir utan. Gripir halda sig því tiltölulega lítið í Innri-Skálavík, svo að þessu leyti stafar jörðinni engin hætta af því, þó þessi blettur sje seldur, og það því fremur, sem engin fjörubeit er á þessu svæði, sem fyrirhugað er að selja. Fjaran er stórgrýtt og flúðir miklar þar meðfram sjónum, þar sem fje fær eigi hafzt við. Málið hefur legið fyrir hjeraðsfundi Suður-Múlaprófastsdæmis, og hefur hann ekki sjeð neitt því til fyrirstöðu, að þessi skiki yrði seldur.

Nefndin hefur því ekki sjeð neina ástæðu til að leggjast á móti málinu, hyggur, að salan verði engum að meini, en þykir gott, að bletturinn sje tekinn til ræktunar, og það sje hagur fyrir landið, að sem flestir blettir sjeu ræktaðir.

Hákon Kristoffersson: Frv. kann að virðast í fljótu bragði lítils virði. En ef það verður samþykt, tel jeg þá farið inn á varhugaverða braut. Hjer munu fleiri bænir á eftir fara, og getur þetta orðið til þess að hluta jörðunum sundur. En mjer er spurn: Hví er presturinn að biðja um þetta, ef landið er ekki nothæft, ef það verður ekki ræktað, og engar skepnur fá þrifizt þar? En hvar eiga skepnurnar, sem bletteigandinn á, að vera? Hljóta þær ekki að ganga í Kolfreyjustaðarlandi? Enda þótt flúðir sjeu nú við sjóinn, má ef til vill seinna gera þar uppsátur.

Háttv. framsm. skírskotaði til, að meiri hluti hjeraðsfundar hefði verið málinu fylgjandi. En með hvað miklum meiri hluta var það samþykt. Það vantar að vita það. Jeg heyrði það sagt um mál, er hjer var á ferðinni fyrir skemstu, að það hefði verið samþykt með miklum meiri hluta í hjeraði, en það var samþ. með atkvæði sýslumanns tvöföldu. Það fer fjarri því, að jeg geti ekki unt prestinum þessa bletts, en jeg óttast afleiðingar, er af þessu kunna að rísa.

Í Haga, þar sem jeg bý, er t. d. holt skamt frá bænum. Þó þar sje ekki verulegur gróður nú, vildi jeg samt ekki að það stykki yrði selt undan jörðinni.

Það er talað mjög varlega um beitina á þessum bletti, sem hjer er um að ræða. En hjer getur ýmislegt verið, sem nýtilegt er við þetta land, sem þingmönnum er ekki kunnugt um. Mjer dettur ekki í hug að ætla annað, en eitthvað sje við þennan blett, er gerir hann verðmætan.

Steingrímur Jónsson: Það vill svo til, að jeg, sem er mótfallinn þjóðjarðasölu, er með þessu frv., en háttv. þingm. Barð. (H. Kr.), sem er meðmæltur sölu þjóðjarða og opinberra eigna, er á móti því. Það kemur til af því, að okkur greinir á um eitt meginatriði í þessu máli. Háttv. þm. vill hafa jarðeignir sem stærstar, vill halda gömlu stórbýlunum við og ekki raska þeim nje minka þau. Jeg er aftur á móti þjóðjarðasölu, af því að jeg vona, að það verði til þess, að jörðunum verði skift, og það tel jeg skilyrði þess, að íslenzk jarðrækt taki framförum. Ef menn hefðu kynt sjer landbúnaðarsögu Dana, sæju þeir rjettmæti þessarar skoðunar. Jeg fæ ekki sjeð, að þjóðjarðasalan sje leiðin til þessa, en verður því hins vegar oft valdandi, að einstakir menn ná eign á stórum löndum, sem þeir nota lítið. Það var sagt um stóreignir Rómverja í fornöld, að þær ónýttu hið ágæta land, Ítalíu. (*Guðm. Björnsson*: Sama er sagt um England nú).

Hjer er sótt um, að einstakur maður fái dálitinn blett til ræktunar. Þetta getur ef til vill í framtíðinni orðið lífvænlegt býli. Svo stendur á, að því jeg hygg, að presturinn er tekinn að eldast. en á konu nokkru yngri og hyggur, að henni sje vel borgið, og að henni geti liðið vel, ef hún fær býli og fótfestu á þessum stað.

Jeg skal í sambandi við þetta minna á, að partur úr Vallaneslandi var seldur.

Á þessari landspildu er nú reist eitthvert prýðilegasta býli þessa lands. Og mjer er ekki ljóst, að Vallanes hafi orðið fyrir svo mikilli rýrð af þessu, að neinu muni. Úr því andmæli hafa komið fram gegn þessu frv., þá þótti mjer rjett að láta þessa skoðun í ljósi. Sú skoðun hefur raunar fyr komið fram hjer á þingi, og ef menn vilja líta í lögin um sölu þjóðjarða frá 1905, þá geta menn sjeð, að þá hefur vakað fyrir þinginu alveg sama hugsjónin, sem jeg hef nú verið að halda fram. Í 2. gr. laganna stendur sem sje, að ef sýslunefnd hyggur einhverja jörð sjerstaklega vel fallna til þess að skiftast sundur milli margra grasbýla, þá má eigi selja jörðina án sjerstakrar lagaheimildar. Af þessu ákvæði sjest ljóslega, hverja skoðun þingið þá hefur haft á þessu málefni.

Eiríkur Briem: Það er út af orðum háttv. þm. Barðstrendinga, að jeg stend upp. Hann gat þess, að sjer væri illa við, ef nýbýli væru stofnuð í sínu landi. Því gat jeg vel trúað, ef land hans yrði fyrir ágangi af þeim sökum; en ef nýbýlislandið væri vel girt, þá þyrfti hann ekki að hafa nein óþægindi eða ónæði af því. — Mjer þykir sennilegt, að prestinum á Kolfreyjustað gangi ekki hagsmunahvatir til að vilja eignast þessa landspildu. Ástæðan mun vera sú, að hann hefur verið þarna lengi og vill halda áfram að vera þar, þó að hann segi af sjer. En það sýnist mjer sjálfsagt, að landspildan verði aðeins seld með þeim skildaga, að hann afgirði hana, svo að ábúandinn á Kolfreyjustað verði ekki fyrir neinum ágangi eða óþægindum.

Einar Jónsson, framsm: Af því að andmæli hafa komið fram gegn frv., verð jeg að fara um það nokkrum fleiri orðum. Þau skjöl, sem liggja fyrir í málinu, eru umsóknin frá sjera Jónasi Hallgrímssyni á Kolfreyjustað, virðingargerð tveggja dómkvaddra manna og meðmæli hjeraðsfundar með því, að salan verði leyfð. — Matsmennirnir lýsa umræddri landspildu svo í matsgjörð sinni.

„Innri Skálavík er hjerumbil 250 faðmar á lengd. Með sjó fram beggja megin eru klappir og þeirra milli klungur og stórgrýtisfjara, útfiri og hafnarlaust, með því að þar er sjaldan brimlaust og það um hásumarið. — Fjörubeit er þar ekki teljandi og rekþari sjaldan, því fjaran er ekki festifjara með það frekar en annan reka. — Landið upp af víkinni er yzt mýrarfen, þá miðstykkið mest þýft harðvelli og innst, mót vestri, aurar og hraun og stórgrýti. Lækir tveir renna um harðvellið, er þorna upp á sumrin.

Umrædd landspilda er því hlunnindalaus að öllu; er það beitin ein, sem við hana er að virða".

Jeg hef enga ástæðu til þess að rengja, að hjer sje farið alveg rjett með, enda hefur nákunnugur maður lýst landspildunni á alveg sama hátt fyrir mjer. — Víkurnar eru tvær, ytri og innri Skálavík. Í ytri víkinni er verstöð. En í innri víkinni er ekki útræði, því að hún er grunn og full af flúðum. Jeg get því ekki skilið, að sala þessarar landspildu geti að neinu leyti skaðað ábúandann á Kolfreyjustað. Ástæðan til þess, að prestinum leikur hugur á kaupinu, mun aðeins vera sú, að hann, sem nú er kominn á áttræðisaldur, óskar að sjá sjer og einkum konu sinni fyrir bústað eftirleiðis og ætlar henni að búa þar eftir sinn dag, ef hún lifir hann, sem líkindi eru til aldurs vegna. Þetta er svo eðlileg ósk, að allir ættu að vera fúsir á að verða við henni, úr því að það er hægt prestakallinu að meinalausu. — Presturinn kemst svo að orði í umsókn sinni: „Jeg þykist að nokkru eiga skilið að fá þessa bæn mína heyrða, því tapi staðurinn dálitilli sumar- og vetrarbeit, hef jeg

grætt svo upp tún og girt, að þar fást nú 290 hestar, er jeg fjekk aðeins 90 hesta, er jeg tók við því, og er það miklu meira en nokkurn tíma fáist úr beitinni". Af þessu sjest, að presturinn hefur haft hug á því að rækta ábýlisjörð sína; er því engin ástæða til þess að efast um, að hann muni líka leggja stund á að rækta þennan blett. En þjóðinni er það beinn hagur, hvenær sem óræktuð landspilda er tekin til ræktunar. Presturinn mun ætla sjer að þurka mýrina og rækta svo allan blettinn. Ábúandinn á Kolfreyjustað virðist engan skaða geta haft af þessu, og er því engin ástæða til að óttást, að ósamlyndi geti risið út úr því. Þess má geta, að þessi landspilda er langt frá aðalengjum staðarins, en bezta beitiland í ytri hluta jarðarinnar er í Ytri-Skálavík og þar fyrir utan. Það er ekki gott að sjá, að nein hætta geti stafað af þessari sölu, og hljóta menn því að vera frv. meðmæltir, ef menn ekki beinlínis vilja stinga fótum við allri slíkri sölu. Tveir háttv. þm. hafa þegar mælt með frv., en aðeins einn lagt á móti því, og vona jeg því, að það verði samþykt.

Jósef Björusson: Jeg er þessu frv. meðmæltur. Jeg álít sjálfsagt, að alþingi snúist jafnan vel við, þegar beðið er um land til ræktunar. Alþingi hlýtur að óska þess, að ræktun landsins aukist og þó að þetta frv. ekki marki stórt spor í þá átt, þá er þó sjálfsagt að taka því vel. Jeg er fyllilega samdóma háttv. 3. kgk. um þetta atriði málsins. — Hins vegar væri sjálfsagt rjett að setja skilyrði um, að presturinn afgirti landspilduna, því að það er jafn nauðsynlegt fyrir nýbýlið og höfuðbólið. Garður er granna sættir. — Það sem aðallega kom mjer til þess að standa upp, voru þau ummæli hins háttv. 3. kgk., að þótt hann væri meðmæltur sundurskifting stóreigna, þá væri hann samt mótfallinn þjóðjarðasölu. Sagðist hann óttast, að afleiðingin af henni yrði sú, að stórar

lendur kæmust í eign einstöku manna. Mjer finst ólíklegt, að þetta verði. Það er ekki arðvænlegt, að leggja peninga sína í jarðir á móts við aðrar eignir, og þar að auki er og verður búskaparlagi voru fyrst um sinn þannig varið, að örðugt og arðlítið verður að sitja stórar jarðir. Hann vitnaði til reynslu Dana í þessu efni. En í Danmörku hefur það tvent farið saman, að vel ræktuð smábýli hafa sprottið upp og ræktun landsins í heild sinni hefur fleygt áfram. Þessi framför hefur stafað mest af því, að sjálfseignarbændum hefur stórfjölgað. (*Steingr. Jónsson*: Sjálfseignarsmábændum). Já, það er satt, að smábændurnir rækta land sitt betur en stórbændurnir. En jafn satt er hitt, að sjálfseignarbændur rækta lönd sín betur en leiguliðarnir. — Jeg mun því greiða atkvæði með þessu frv., því að það fer í rjetta stefnu.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg mun hiklaust greiða atkvæði með þessu frv., því að það er í beinu samræmi við 2. gr. í lögunum um sölu þjóðjarða. Þar eru reistar skorður við því, að jarðir verði seldar, sem hægt er að skifta í grasbýli. Úr því að þingið hefur samþykt þetta ákvæði, þá hlýtur það að álíta skyldu sína, að rjetta hjálparhönd til þess, að grasbýli komist upp. Heimajörðinni virðist enginn skaði gerður, þó að þessi landspilda sje tekin undan henni. Og það er altaf framfaraspor, þegar óræktaður blettur, hvort sem hann er stór eða smár, kemst í rækt. Landinu gæti ekki verið að öðru meiri styrkur, en fjölmennri smábændastjett. Það getur því ekki komið til mála, að þessu frv. verði eigi vel tekið hjer í deildinni. Með því að samþykkja það, sýnum vjer í verkinu, að vjer viljum „elska, *byggja* og treysta á landið?"

Hákon Kristoffersson: Jeg verð að svara háttv. 3. kgk. nokkrum orðum.

Hann sagði, að þetta frv. væri í samræmi við stefnu undanfarinna þinga. Það getur vel verið, að það sje rjett. — Jeg hef víst ekki eins mikið vit á búskap eins og háttv. 3. kgk., en það veit jeg þó. að búskapur þrífzt ekki eins vel á smábýlum, og á stórbýlum, nema við sjávarsíðuna. þar sem bóndinn getur haft stuðning. eða jafnvel aðaluppeldi sitt, af sjávarútveg. — Jeg vonast til, að menn hafi ekki skilið orð mín svo, að jeg vildi spilla fyrir þeim manni, sem hjer á hlut að máli. Jeg hef að eins viljað láta mína sannfæringu í ljós. En þessu frumv. er auðvitað ætlað að komast fram, því að hjer á sýnilega í hlut mikils metinn maður, og verða þá mín orð væntanlega ekki þung á metunum. En að halda því fram, að þetta sje sama og að stuðla að því, að hver bóndi verði eigandi að ábýli sínu, það verð jeg að segja að er sjeð frá einstöku en ekki almennu sjónarmiði.

Einar Jónsson, framsm.: Jeg veit ekki, hvort jeg á að taka þessi síðustu lofsamlegu orð háttv. þm. Barð. til mín, en ef svo er, þá hef jeg því miður tæpast unnið til þeirra. Að minsta kosti hef jeg ekkert gert til að afla málinu fylgis, nema að því leyti, sem jeg hef nú mælt hjer með því, og veit ekki til, að nokkuð sje fyrir fram ákveðið um örlög þess.

Girðinguna álít jeg svo sjálfsagða vegna umsækjandans sjálfs, að nefndinni datt ekki í hug að setja neitt ákvæði í þá átt í frv. Hv. þm. Barð. gat þess, að umsækjandanum mundi leika hugur á þessari landspildu vegna þess, að hann ætlaði sjer að stunda sjó. (*Hákon Kristófersson*: Það sagði jeg ekki!). Jeg skildi hinn háttv. þingm. svo, að jeg hygg, að þetta sje rjett, því að vitanlega getur hann ekki lifað eingöngu á þessum litla bletti, þó að hann rækti hann vel. Hann hefur sjálfsagt valið þennan stað, af því uppsátur er í hinni víkinni, sem er rjett hjá. Jeg hef einmitt heyrt, að kaupbeiðandinn hafi verið hneigður fyrir sjó, og býst jeg því við, að þetta sje tilgangur hans.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþykt með 11 atkvæðgegn 2.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 8 atkv. gegn 2.

---

4. *Frv. til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar.* (718 n. 774); 2. umr.

Jón Jónatansson, framsm.: Jeg býst ekki við, að halda langa framsöguræðu í þessu máli, því jeg hef ekki sjerstakan kunnugleika á því, og nefndin byggir álit sitt á þeim ítarlegu gögnum, er fyrir liggja. Málið hefur fengið rækilegan undirbúning hjer á þinginu. Fjárlaganefndin í neðri deild hefur haft það til meðferðar, og hjer liggja til athugunar þau skjöl, sem hún hefur haft við að styðjast. Hjer er að ræða um fyrirtæki, sem menn hafa lengi haft í hyggju að koma í framkvæmd. Eins og menn vita, eru Vestmannaeyjar mjög fiskisæl veiðistöð, og er þar mikill mótorbáta útvegur. En það er galli á, að höfnin er mjög ill og svo lítil, að vjelabátaútvegurinn getur tæplega aukizt, ef eigi eru gerðar umbætur á henni, því að legan er svo takmörkuð að varla er hægt að bæta við fleiri bátum. Jeg vissi til þess í fyrra, að tveir vjelabátar komu vestan af Ísafirði og varð að leggja þeim annarstaðar, en þar sem eyjamenn höfðu sína báta og þar sem lega er ótryggari. Ef veður kemur, er mjög algengt að bátar skemmast, því þröngin er svo mikil, að þeir rekast hver á annan og brotna þá oft meira og minna. Þörfin á höfninni er því mjög tilfinnanleg, eins og sjest á því, að Eyjabúar sjálfir vilja leggja á sig mjög tilfinnan-

leg útgjöld; leggja til hafnarinnar 187 þús. kr. Eins og menn vita, eru Vestmannaeyjar í þjóðbraut skipa, sem koma hingað til lands, og þar hafa póstskipin viðkomu á leið sinni til Reykjavíkur, og er gott að þau geti fljótt fengið sig afgreidd, og fyrir því mundi höfnin flýta. Hún gæti og bætt nokkuð úr hafnarleysinu á suðurströndinni, því þarna gæti verið miðstöð fyrir flutninga til Suðurlandsins. Væri hugsanlegt, að þarna gæti fengizt lóð undir vörugeymsluhús; sem gæti verið nokkurskonar almenningur, þar sem geymdar væru vörur, sem síðan ætti að flytja lengra. Það er alveg vafalaust, að brýna nauðsyn ber til að bæta höfnina. Eyjamenn hafa fengið danskan hafnarverkfræðing til þess að gera allar nauðsynlegar mælingar og athuganir um umbætur á höfn þessari. Hefur þessi verkfræðingur gert uppdrætti af höfninni og mannvirkjum, þeim er gera þarf, og gert áætlanir um, hvað mikið muni kosta að gera höfnina. Það er ætlazt til, að gerðir verði 2 skjólgarðar svo að enginn sjór geti komizt inn á höfnina; svo á að dýpka höfnina og gera bryggju. Þrátt fyrir þetta verður höfnin að vísu mest fyrir vjelabáta og smærri hafskip, því dýpi innsiglingarinnar verður hvergi meira en 4 metrar, og það hagar svo til, að það er ekki unt að fá meira dýpi, nema inni á höfninni nálagt því sem bryggjan á að vera; þar er dýpið 5 metrar. Þetta dýpi er að vísu ekki nóg fyrir millilandaskipin, en það er nóg fyrir minni skip, svo sem botnvörpunga og smærri skip. Segja Eyjamenn þetta dýpi nóg fyrir þau skip, sem nú alment flytja kol og salt til eyja. Er ætlazt til, að á þessum polli, sem dýpri verður, geti legið um fjöru þau skip, sem inn sigla með flóði. Innan þessara skjólgarða verður svo ennfremur rúmgóð og trygg höfn fyrir vjelabáta. Það er áætlað, að höfnin muni kosta 249 þús. kr. og það er farið fram á, að landssjóður leggi fram $^1/_4$ hluta af þessu fje. Um horfurnar á því, hvort höfnin muni bera sig, hefur sýslunefnd Vestmannaeyja gert áætlun, og er hún bygð á því, sem nú gerist, gert ráð fyrir jafnmörgum vjelabátum, og nú eru, og jafn miklu flutningsmagni og nú. Jeg ætla að grípa niður á nokkrum liðum. Nú eru 60 vjelabátar í eyjunum og gjaldið af hverjum er áætlað 60 kr. Það verða 3600 kr. Gjald af fiskiskipum, 5 og 10 aurar í fyrsta sinni og $2^1/_2$ og 5 í hin sinnin 3000 kr. Gjald af flutningaskipum 2500 kr. Gjald af vörum 1 kr. af tonni, 10000 kr.

Áls er gert ráð fyrir, að tekjurnar muni nema 19,600 kr., og verður þá tekjuafgangur 1360 kr. Það er eins og jeg drap á, farið fram á, að landssjóður leggi fram $^1/_4$ og taki að sjer ábyrgð á hinum $^3/_4$, sem hafnarsjóður Vestmannaeyja leggur fram. Framlag landssjóðs er ekki ætlazt til að gjaldist fyr en 1916, og verður greitt jafnframt og hafnarsjóður leggur fram sitt tillag. Frumv. það til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, sem hjer liggur fyrir, er sniðið eftir hafnarlögum Reykjavíkur og í fullu samræmi við þau. Jeg sje svo ekki ástæðu til þess, að fara fleirum orðum um málið að sinni. Skjöl, sem snerta málið, liggja, frammi svo að þeir, sem óska, geta athugað þau. Jeg þykist annars vita, að háttv. deild sje ljóst, að hjer er um mikilsvert nauðsynjamál að ræða, og að hún verði nefndinni samdóma um frv.

ATKVGR.:

1. gr. frumvarpsins samþykt með 12 samhljóða atkvæðum.
2. gr. frumvarpsins samþykt með 12 samhljóða atkvæðum.
3. gr. frumvarpsins samþykt með 12 samhljóða atkvæðum.
4. gr. frumvarpsins samþykt með 12 samhljóða atkvæðum.
5. gr. frumvarpsins samþykt með 12 samhljóða atkvæðum.

6. gr. frumvarpsins samþykt með 12 samhljóða atkvæðum.
7. gr. frumvarpsins samþykt með 12 samhljóða atkvæðum.
8. gr. frumvarpsins samþykt með 12 samhljóða atkvæðum.
9. gr. frumvarpsins samþykt með 12 samhljóða atkvæðum.
10. gr. frumvarpsins samþykt með 12 samhljóða atkvæðum.
11. gr. frumvarpsins samþykt með 12 samhljóða atkvæðum.
12. gr. frumvarpsins samþykt með 12 samhljóða atkvæðum.
13. gr. frumvarpsins samþykt með 12 samhljóða atkvæðum.
14. gr. frumvarpsins samþykt með 12 samhljóða atkvæðum.
15. gr. frumvarpsins samþykt með 12 samhljóða atkvæðum.
16. gr. frumvarpsins samþykt með 12 samhljóða atkvæðum.
17. gr. frumvarpsins samþykt með 12 samhljóða atkvæðum.
18. gr. frumvarpsins samþykt með 12 samhljóða atkvæðum.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 12 samhljóða atkvæðum.

---

5. *Tillaga til þingsályktunar um milliþinganefnd í slysfararmálum* (752); ein umr.

Guðm. Björnsson, framsm.: Háttvirti forseti! Hjer í deildinni hefur í sumar oft verið minzt á slysfarir og ýms mannvirki til að koma í veg fyrir þau — brýr, hafnavirki og fleira þess háttar.

Háttv. þm. Hún. sagði einu sinni, að öll þau mál væru gerð að tilfinningamálum, og mætti ekki svo til ganga, Það er alveg satt. Það á ekki svo að vera. En því er ekki að neita, að mönnum er nokkur vorkun, þótt svo fari, því öll slysfaramál eru tilfinningamál fyrir þá, sem bölið bíða. Það kemur við hjarta konunnar, ef hún missir manninn sinn í sjóinn, og öðrum getur sárnað það líka. Mjer líður aldrei úr minni voðinn í Viðeyjarsundi 7. apríl 1906. Þá sáum við Reykvíkingar stóra skútu hrekjast þar á skeri í ofsaveðri, skipið brotna og mennina hverfa í sjóinn, hvern á fætur öðrum; þegar 5 voru farnir, sneri jeg mjer undan; jeg gat ekki horft á það lengur. Þetta kom við tilfinningar mínar, og jeg ásetti mjer að hefjast handa gegn slysförunum, þegar jeg sæi mjer fært. Það hef jeg gert í hugvekju minni „mannskaðar á Íslandi". Þó ritgerðin sje lítil að vöxtum, þá kostaði hún mig langa umhugsun og mikla rannsóknarvinnu. Við skulum tala varlega um tilfinningarnar, „í þeim er bæði gull og grjót". Þær geta bæði unnið mein og bót. Þær geta leitt okkur afvega, en þær eru líka undirrót allra okkar beztu athafna, af því að þær girða skynsemina megingjörðum viljans.

Nú skal jeg ekki minnast einu orði framar á þessa hlið málsins, heldur tala um það blátt áfram, eins og hvert annað gagnsmunamál.

Öllum er ljóst um búpeninginn, að þar er hver skepnan peningavirði, allir sjá glögt tjónið, sem hlýzt af lambadauðanum á vorin, pestinni, fjárkláðanum og — horfellinum, ef jeg má nefna hann á nafn. Þetta skilur hver maður.

En það er því miður, eins og flestum sje óljóst, að hver *manneskja* er líka peningavirði. Stundum rekast menn þó á það, að mannlífið er einhvers virði fyrir þjóðfjelagið, t. d. þegar fátækur en duganda maður deyr frá konu og mörgum börnum í ómegð. En þjóðin er ekki farin að sjá þetta nærri nógu vel — eða rjettara sagt hún er *hætt* að sjá það: — því að forfeður okkar gerðu sjer miklu ljósari grein fyrir gildi mannlífsins. Ef

maður var veginn, varð vegandinn að bæta hann fullum bótum. Manngjöldin voru hundrað silfurs fyrir óbreyttan mann, og var það silfur að þyngd á við 480 kr. Menn greinir mjög á um verðmæti silfursins í þá daga móts við landaura, en jeg ætla að fara eftir því, sem fornfræðingurinn okkar hjer á þingi, Dr. Valtýr Guðmundsson, segir. Hann álítur, að silfrið hafi þá verið 10 sinnum verðmætara en nú á dögum og hafa þá manngjöldin numið 4800 kr. eftir nútíðar reikningi, en það voru bætur fyrir óbreyttan mann. Þrælsgjöldin voru 12 aurar, eða 10 sinnum lægri, og verða það 480 kr. á okkar vísu. Leysingjar voru bættir hálfum manngjöldum, 2400 kr. En þegar eftir höfðingja var að mæla, voru manngjöldin oft miklu hærri. Höskuldur Hvítanesgoði var bættur þrennum manngjöldum, (14,400 kr.). Hafliði Másson fekk 80 hdr. 3ja álna aura fyrir fingurna 3, sem Þorgils Oddason hjó af honum; svo að „dýr mundi Hafliði allur". Á 14., 15. og 16. öld voru manngjöldin fyrir óbreyttan mann 20 hdr. á landsvísu. Ekki alls fyrir löngu dæmdi hæstirjettur í Kaupmannahöfn erfingjum 5000 kr. bætur fyrir mann, sem drepinn var. Engum getur dulizt, ef að er gáð, að þjóðarbúinu er meiri missir að hverjum fullorðnum manni, en einu hrossi eða nauti. Margir glöggir hagfræðingar meta hvern fullhraustan erfiðismann 20000 kr. virði fyrir þjóðfjelagið.

Það er því augljós gróði fyrir hverja þjóð, að draga úr manndauðanum, koma í veg fyrir vanhöldin. Að því keppa líka allar þjóðir nú á dögum, hver sem betur getur. Og þegar farið er í þjóðarjöfnuð, eins og farið var í mannjöfnuð í firndinni, þá telja *hagfræðingarnir* þær þjóðir fremstar, sem minstan hafa manndauðann, en lengsta mannsæfina. Og vafalust eruð þjer, háttvirtu þingbræður, við því búnir, að við munum þar, eins og vant er, vera neðarlega eða neðstir á blaði. Þess vegna fær það mjer fagnaðar, að geta sagt og sannað, að sje litið á æfilengdina, þennan ólýgnasta vott um velmegun hverrar þjóðar, þá erum við *ekki* lakasta þjóðin, þó vjer sjeum einna fámennastir, heldur erum vjer að því leyti komnir í tölu beztu þjóða heimsins.

Öllum er í minnum, að í stóru bólunni, 1707—08 dóu hjer 18 þúsund manns, fullur þriðjungur þjóðarinnar.

Í þá daga kunni *engin* þjóð að reisa rönd við drepsóttunum. En síðan hefur alt breyzt til batnaðar, heilsufræði, sóttvarnarfræði og læknisfræði hafa tekið óvenju miklum og margvíslegum þroska. Það er þeirri framför að þakka, að margar þjóðir *þrefölduðust* á 19. öldinni; sumar fram yfir það. Hjer á landi gekk alt miður, ekki svo vel, að um tvöföldun væri að tala; árið 1801 var fólkstalið rúmar 47000, en rúm 78000 árið 1901. Þetta seinlæti stafaði af því, að heilsubæturnar og sóttvarnirnar komu hingað á seinni skipunum, og urðu ekki að verulegu liði fyr en undir lok 19. aldar. En þá tókum við líka fjörsprett, sem þjóðin er að verða fræg fyrir. Jeg hef nýlega átt brjefaviðskifti við einn heimsfrægan vísindamann í þeim greinum; hann hefur kynt sjer út í æsar heilsuhagi allra menningarþjóða, þar á meðal Íslendinga; og hann hefur nýlega skrifað mjer, að heilsuframförin hjer á landi á síðasta mannsaldri, sje eins dæmi, hún sje aðdáunarverð, svo fljótt hafi okkur miðað áfram. Hann kallar þessa framför okkar umbyltingu („Revolution"), og þjóðinni til stór sóma. Hann spáði því, að við mundum fljótt ná beztu þjóðum heimsins ef ekki væru slysfarirnar, svona voðalega miklar.

Þessa miklu framfarabyltingu má sanna í einni svipan. Frá 1830—1870 dóu rjett um 30 menn af hverju þúsundi á ári. 1871—1890 dóu upp og ofan rúmlega 24 af þúsundi á ári. 1891—1900 dóu tæplega 18 af þúsundi á hverju ári. 1902—1910

dóu rjett um 16 manneskjur af þúsundi á ári, til jafnaðar. Árið 1911 dóu rúmlega 14 af þúsundi, og eins 1912. Svona er nú þetta; um miðja 19. öld deyja að jafnaði 30 af 1000 á ári og mannsæfin er rúm 30 ár. Nú deyja ekki nema 15 af þúsundi og æfivonin er orðin yfir 60 ár að meðaltali. Nú eru ekki nema 4 þjóðir á undan okkur, dánartala þeirra er komin niður úr 14 af þúsundi, engin niður í 13. Og hvað gerir muninn? — *Slysfarirnar*, ekkert annað en slysfarirnar. En ef nokkur heldur, herra forseti, að þessi mikla framför þjóðar vorrar hafi komið sjálfkrafa og fyrirhafnarlaust, þá veit jeg ekki, hvað jeg á að halda. Jeg hef sjálfur átt dálitinn þátt í þessu framfarastriti síðan fyrir aldamótin, svo mikinn, að mjer er það kunnugt, að þar hefur oft verið við raman reip að draga. Og sjálfur hef jeg ekki annað aðhafzt, það sem af er æfinni, en að toga í það reipið af öllum minum veika mætti. Og fjárlögin okkar láta á sjá, að þessi barátta þjóðarinnar fyrir lífi og heilsu er æði kostnaðarsöm. Það fje hefur líka oft verið talið eftir og skorið við neglur. Og þó hefur það borið margfaldan ávöxt. Barnadauðinn minkar óðum; hann er orðinn þrefalt minni en um miðja öldina sem leið; sullaveikin þverrar óðum ár frá ári; sama er að segja um holdsveikina. Fyrir 15 árum voru hjer á 3. hundrað manneskjur holdsveikar, nú ekki nema rúmlega 80; og óðum fækkar líka mannslátum af völdum taugaveiki, barnaveiki og annara farsótta; og hvað voru mislingarnir 1907 á við sömu veiki 1882 eða 1846? Eins og ekkert! manndauðinn margfalt minni. Og nú erum við líka loksins albúnir í baráttuna við berklaveikina, hún *skal* fara að þverra hjer, eins og í öðrum löndum. En eitt er þó eftir, og ekki nema það eitt, sem okkur hefur tekizt *miklu* ver en öðrum þjóðum: Það eru slysfarirnar. Þar stöndum við í stað, að heita má. Þar eigum við bágt; þar erum við ver settir, en nokkur önnur þjóð, sem jeg þekki til.

Hjer á landi er mannadauði af slysförum um það bil þrefalt tíðari en í öðrum löndum, og það eru mest alt druknanir; yfir 80% af öllum okkar slysförum eru druknanir. Og það eru rjett eingöngu fullhraustir karlmenn, sem drukna — fara í sjóinn, alt mjög verðmæt líf, ef metið er til peninga. Árin 1881—1910 fórust að jafnaði *84* manneskjur *á ári*, þar af 70 druknaðir; á þessum 30 árum druknuðu um 2000 karlmenn, en ekki nema rúmlega 100 kónur. Og það er ekkert lát á þessu tjóni, enginn afljettir, engin framför. Lítið á uppdráttinn minn hjerna á lestrarstofunni, hann er ekki stór, en talandi vottur um það, að slysfarirnar hafa heldur færzt í vöxt, síðan um aldamót frá 1902 til 1910 og ekki eru síðustu árin glæsilegri; 1911 dóu 81 af slysförum, þar af 64 druknaðir (61 karlar og 3 konur); og 1912, núna í fyrra, dóu 115 af slysförum, þar af 96 druknaðir (94 karlar og 2 konur). Alls dóu í fyrra (1912) ekki nema 1246 manneskjur á öllu landinu, svo að það vantar lítið á, að 10. hvert mannslát hafi hlotizt af slysförum! *Tökum nú bara í reikninginn þessa 94 karlmenn, sem druknuðu, og metum þá til uppjafnaðar á 5000 kr.* — *það er mjög lágt mat — og þó verður tjónið fyrir þjóðarbúið, þetta manntjón, nærri hálf miljón kr. á því eina ári* (1912).

Í norskum landhagsskýrslum hef jeg fundið, að þar druknaði árin 1901—10 ekki nema einn af hverjum 1000 fiskimönnum á ári, þeirra sem stunduðu fiskveiðar á sjó, en þeir voru um 90,000.

Og jeg hef fundið í íslenzkum landshagsskýrslum, að hjer drukna *margfalt* fleiri árlega af hverjum þúsund fiskimönnum. Jeg hef fundið alveg fyrir víst, að frá 1904—1910 druknuðu árlega að jafnaði 15 af hverjum þúsund lögskráðum

og vátrygðum hásetum á íslenzkum þilskipum.

Jeg hef fundið, herra forseti! að manntjón Þjóðverja í franska stríðinu 1870—1871 var *minni* að tiltölu við fólksfjölda, en mannskaðar hjer á sjó, sem íslenzka þjóðin varð fyrir árið 1887, og aftur 1897, og eins á árinu 1906, hvert þessara ára um sig.

Þetta má ekki svo til ganga. Vjer verðum að komast fyrir, hvernig á þessu stendur, grenslast eftir því svo ítarlega, sem frekast er unt — leita uppi orsakirnar. Þær *hljóta* margar að vera viðráðanlegar, eins hjer, sem annarsstaðar. Norðmenn hafa komið fyrir sig mörgum og miklum slysavörnum, sem ekkert er sint um hjer á landi. Í Noregi voru slysfarir margfalt tíðari áður á tímum — meðan þjóðin ljet þær afskiftalausar, ljet alt orka að auðnu, eins og vjer gerum enn í dag.

Sá er eldurinn sárastur, sem á sjálfum brennur. Menn eru farnir hjer á landi að skammast sín fyrir þetta hirðuleysi; þess vegna vilja menn sem minst um það tala, helzt ekki nefna það á nafn, eða hilma yfir það, bera af sjer sökina, hver á annan, eða skella henni á brimið og bálviðrin.

Sjómennirnir kenna skipunum, útgerðarmennirnir kenna sjómönnunum. Hver kennir öðrum og þykist góður fyrir sinn hatt. Og málgagn þeirra sjómannanna vildi ekkert gera úr þessu, þegar jeg var að fást um það í fyrra; og fiskiþingið í sumar gaf því lítinn gaum, eins og þar væri ekkert hægt að gera — fór svo að hugsa um líftrygging sjómanna, og við vitum, hvernig það gekk; höfum allir sjeð þetta vanhugsaða frumvarp, þar að lútandi, sem kom frá fiskiþinginu til alþingis, og er öllum hjer ljóst, að ekkert vit er í því.

Það er hin hliðin á málinu: *slysatryggingin.* Hún er alstaðar komin á í öðrum löndum, fyrir *alla* verkamenn, og *alstaðar* er heimtað af *vinnuveitendum*, að *þeir* slysatryggi verkafólk sitt og borgi mestöll, eða öll iðgjöldin, sem til þurfa; og þetta er gert af því, að þar með eru vinnuveitendur knúðir til þess, af eigin hagsmunum, að hafa allan útbúnað í góðu lagi, gera alt sitt til þess, að varna slysum, til þess að slysaábyrgðin verði þeim ekki of þungbær. *Hjer* á landi verða verkamen oft fyrir voðaslysum, sem vinnuveitendur eiga sök á — en þeim aldrei gefið að sök.

Líftrygging sjómannanna okkar er dæmalausasta kák. — Ef sjómaður druknar, fær kona og börn tryggingarfje. Nú slasast maðurinn, lifir af, en verður öryrki, *ómagi* á heimilinu, í stað þess að vinna fyrir því. Þá fær heimilið — *ekkert!*

Hvað er slysatrygging? Hún er í því fólgin, að fyrir tiltekið iðgjald öðlast maður rjett til uppbótar, ef hann slasast. Fyrst og fremst fær hann dagpeninga, meðan meiðslið er að batna. Verði hann öryrki, þá fær hann uppbót eitt skifti fyrir öll eða ársfúlgu. Og deyi hann af slysum, fá erfingjar hans tryggingarfjeð.

En þetta er vandamál. — *Það allra vandasamasta af öllum tryggingarmálum;* — þess vegna druknaði það í sumar í neðri deild.

Það er ekki efamál, herra forseti, að hjer er mikið og veglegt verkefni fyrir milliþinganefnd.

Sumir segja reyndar, að milliþinganefndir geri aldrei neitt gagn; en það er ósannur óhróður; þær hafa margar gert stórgagn, og allflestar haft góðan árangur, t. d. búnaðarmálanefndin, kirkjumálanefndin, fátækramálanefndin og eins skattamálanefndirnar, þó fátt hafi þar enn orðið að verki.

Þá segja aðrir, að fiskifjelagið eigi að gera þetta. En það er svo ungt og óþroskað. Hjer var búnaðarfjelag, miklu öflugra en fiskifjelagið, en þó var skipuð búnaðarmálanefnd. Þeir í fiskifjelaginu

eru líka sakaraðilar í þessu máli og bera sökina af sjer — hver sem betur getur, og skella henni svo loksins á sjóinn og storminn, og vilja telja okkur trú um, að hvergi í heimi sje annað eins rok eins og hjer. — Þar fer sem oftar, að blindur er hver í sjálfs síns sök.

Hjer mega sjómenn og útgerðarmenn ekki vera einir um hituna, ekkert vit í því að selja þeim sjálfdæmi í þessu máli — sinni eigin sök.

Og loksins veit jeg vel; að einhver sparnaðarmaðurinn kann að segja, að þetta borgi sig ekki — svona rannsókn; við höfum ekki efni á því, það muni verða svo dýrt. En höfum við fremur efni á því, að borga Vesturheimsku umrenningafjelagi þúsundir króna til þess að koma hingað og græða á því, að hlaupa með okkur í gönur. Við gjöldum mönnum kaup á hverju ári fyrir að rannsaka dýr, og jurtir, og steina; — og segja svo, að þetta ætti ekki að *borga* sig! — Þessi rannsókn, sem vænta má að orðið geti til þess, að draga að miklum mun úr því voðamanntjóni, sem árlega hlýzt af slysum. Verum ærlegir menn, og játum allir, að þetta nær engri átt. Ef nokkur rannsókn er ábatavænleg, þá er það þessi; ef spurt er um bráða þjóðarnauðsyn, — þá er hún hjer. Í firndinni hjeldu menn, að drepsóttirnar væru refsivendir drottins — eða álögur andskotans — og ekkert við þeim að gera — og svo var ekkert gert.

Slysfarirnar eru ekki drottni að kenna og ekki audskotanum, og heldur ekki að öllu leyti sjónum eða storminum, eða hríðunum, eða Bolungarvíkunum, eða jökulánum. Slysfarirnar eru ekki allsendis óviðráðanlegar; þær eru margar klaufaskap að kenna, eða vankunnáttu, eða illum útbúnaði, hinu og þessu, sem hægt ætti að vera að laga.

Og þess vegna eigum við ekki að *draga* það að hefjast handa — *það* borgar sig ekki.

Eiríkur Briem: Jeg er samdóma háttv. flutningsm. um það, hve mikilsvert þetta mál er, og að það sje rannsakað.

Það er öllum kunnugt, hvern áhuga háttv. 6. kgk. þm. (G. Bj.) hefur sýnt í því að reyna að forða slysum, eins og hann yfirleitt hefur gert sjer alt far um að efla heilsufar og vernda þjóðina gegn manndauða og slysförum. Háttv. þm. var að tala um, að ritgerð sú. er hann ritaði um þetta efni, hefði borið lítinn árangur, og fáir veitt henni athygli, en það er ekki rjett. Jeg er sannfærður um, að lög um öryggi skipa og báta, er voru samþykt hjer á síðasta þingi, stöfuðu af hvöt frá þeirri ritgerð.

En svo samdóma sem jeg er honum um, að málið sje mikilsvert. þá er jeg ekki fullkomlega viss um, að samanburður hans við önnur lönd sje fullkomlega gildur, þegar öll atvik eru tekin til greina. Jeg hygg ósannað, að sjómenn hjer sjeu ógætnari, klaufalegri en aðrir, þó þeir farist meira. Jeg held það stafi af því, að sjór sje verri hjer við land, og hann er mikið verri hjer en innanskers í Noregi eða við Lófóten, enda hægra þar að ná í hafnir. Sjórinn hjer á veturna fyrir sunnan land er jafnframt því að vera fiskisælastur, lang-hættulegastur. Jeg efa, að slysfarir sjeu almennari meðal íslenzkra sjómanna en franskra eða enskra sjómanna, sem eru að veiðum á sama tíma, á sömu stöðvunum. En um það vantar okkur allar skýrslur.

En þó menn vilji rannsaka þetta, þá tel jeg, að þetta sje ekki heppilegur tími, og áhugi háttv. 6. kgk. þm. (G. Bj.) hafi borið hann hjer lengra en vera hefði átt. Jeg hygg betra að draga það til hentugri tíma.

Skýrslur þær, er við höfum haft, hafa ekki verið ábyggilegar. Það er fyrst í sumar, að samþykt hafa verið lög um skýrslur um mannskaða, og að við því höfum von um að fá eftirleiðis áreiðan-

legar skýrslur, og það er fyrir tilstilli háttv. 6. kgk. þm. (G. Bj.) fyrst og fremst.

Í skýrslum þeim, er við höfum haft, hefur það komið fyrir, að menn hafa ýmist fallið burt eða verið tvítaldir, og er jeg hræddur um, að það hafi komið fyrir, að útlendingar, er hafa druknað hjer við land, hafi verið taldir í skýrslunum. Jeg man eftir því, að austur í Mýrdal ráku eitt sinn 13 lík, er voru jörðuð þar, og þau voru í skýrslunum talin meðal druknaða það ár. Tala þeirra, er hjer druknuðu, var því ofhá um þá 13. Fram úr þessu verður fyrst ráðið, er vjer fáum ábyggilegar skýrslur, og á því eigum við von eftir að hagstofan kemst á fót.

Mjer finst það því vera fljótráðið, að setja þessa milliþinganefnd nú; mjer finst það vera rjettara að láta það bíða þar til skýrslurnar eru orðnar ábyggilegri, en það gela þær ekki orðið strax. Skýrslur þær, er nefndin hafði, voru óábyggilegar.

Mjer sýnist því, að milliþinganefndin hefði ekki nema óábyggilegar staðhæfingar að byggja á, svo að það, sem hún segði, yrði meir hugmynd hennar um hvað bezt væri í þessu efni, en ábyggilegar staðhæfingar.

Af þessum ástæðum er jeg fremur mótfallinn þessari nefndarskipun, jeg álít hana ofsnemma framborna.

Jeg vildi vekja athygli flutningsm. á orðalagi tillögunnar: „Efri deild ályktar . . . .“ Þetta er ekki samkvæmt venju, og jeg álít það ekki rjett. Af milliþinganefndum stafar kostnaður, og það er siður um þingsályktunartillögur, er hafa kostnað í för með sjer, að þar standi: „Alþingi ályktar . . .“ eða með öðrum orðum, að þær sjeu samþyktar í báðum deildum.

Jeg lít því svo á, að ef þingsályktunartillaga þessi á að halda áfram, þá ætti að taka hana út af dagskrá, og flutningsm. að koma fram með breytingartillögu þessu viðvíkjandi.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg þakka háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) fyrir hina fögru ræðu sína. Það var bæði upplyfting og skemtun að heyra jafn góða og snjalla ræðu og flutta af jafnmiklum áhuga og einlægni fyrir málinu og hún var flutt.

Jeg skil ekki hvernig háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) getur haft trú á því, að hann gagni hinu góða máli sínu á þann hátt, að bera nú fram á þessu þingi tillögu um, að milliþinganefnd sje sett í málið. Jeg tel það sje alt of snemma borið upp. Jeg hef sem sagt enga trú á því, að milliþinganefnd framkvæmi neitt fram yfir það, er háttv. 6. kgk. þm. getur framkvæmt og framkvæmir nú sjálfur. Jeg tel það hneyksli, ef að miliiþinganefnd væri valin í þetta mál, án þess að hann ætti sæti í nefndinni, ef hann á annað borð gefur kost á sjer, sem jeg tel líklegt vegna áhuga hans fyrir málinu, enda mundi hann verða aðalmaðurinn eftir sem áður. Og jeg tel, að hann geti ekki fengið neina meðhjálp fyrst um sinn, er honum mætti að gagni koma.

Skýrslur þær, er við höfum haft hjer um, hafa verið óábyggilegar, en við eigum betri og ábyggilegri skýrslur í vændum. Þær skýrslur, er við höfum haft, hefur háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) rannsakað með þeirri alúð og elju, sem hans er vandi, en nú fullkomnast skýrslurnar, og þá fær hann ný meðul í hendur.

Við vitum, hvernig farið hefur með milliþinganefndir þær, er við höfum kosið. Þær hafa haft með höndum verkleg mál er hafa snert hvern mann í þjóðfjelaginu, og þær hafa leyst verk sitt af hendi með alúð og dugnaði, ekkert síður en háttv. flutningsmaður (G. B.), þegar hann er að gera sínar skýrslur.

En hver hefur árangurinn orðið? Að eins kostnaður. Þeir, sem hafa staðið fyrir utan nefndirnar, hafa reynt alt, hvað þeir hafa getað, sumir hverjir, að gera skop að skýrslum þeirra og starfi, og ill-

gjarnir menn hafa hent skopið á lofti og bætt við lasti og reynt að eyðileggja starfið. Og það hefur tekizt. Milliþinganefndirnar snúa sjer svo til stjórnarinnar, en þegar því hagar eins til og nú, að alt deyr, sem stjórnin hefur með höndum, þá tel jeg það vera skaða fyrir málið að fara þá leiðina. Það er miklu betra, að það komi beina leið frá háttv. þm. Jeg hygg því bezt, að það kæmi frá þeim, er hafa áhuga fyrir málinu. Og þó að milliþinganefnd yrði skipuð, þá held jeg, að það hefði ekki meiri árangur, en þó að stjórnin fengi háttvirtan 6. kgk. til að undirbúa málið.

Hitt atriði þingsályktunartillögunnar um slysin sje jeg ekki annað en að hægt sje að gera án milliþinganefndar. Jeg sje ekki annað, en að það sje nóg að skora á stjórnina að undirbúa frumvarp þetta, og hún mundi þá fara til þeirra manna, er mest hafa kynt sjer málið og hafa mesta þekkingu á því, til þess að fá aðstoð þeirra, svo frumvarpið yrði vel úr garði gert. Jeg get því ekki sjeð, að það yrði neitt gagn af því, að setja milliþinganefnd í þetta mál; jeg held, að það yrði bezt og heppilegast, að háttv. 6. kgk. þm. (G. B.) haldi áfram að starfa fyrir það eins og hann hefur gert, en hitt er annað mál, að mjer finst það vera með öllu ótilhlýðilegt að heimta af honum, að hann vinni að þessu máli fyrir ekki neitt. Mjer finst það vera rjettast, að veita stjórninni fje á fjárlögunum til þess að rannsaka þetta efni, án þess að það sje kallað milliþinganefnd. Það er beinast og rjettast.

Undir ummæli háttv. 2. kgk. þm. (E. B.) um orðun þingsályktunartillögunnar hlýt jeg að taka. Mjer finst það vera sjálfsagt, að lagfæra það, ef að tillagan á að fara lengra en þetta. Jeg verð að játa það, að þótt jeg viðurkenni ekki, að háttv. neðri deild standi að neinu leyti framar eða ofar en háttv. efri deild, þá gerir hún það þó í fjármálum. Hún sje þar aðaldeildin. En það, að setja á fót milliþinganefnd, kostar 2—3 þúsund kr. að minsta kosti, og því er hjer um fjárveiting að ræða, og þá er venja, að alþingi taki slíka ákvörðun, eða báðar deildir rjettara sagt. Og þó við hjer settum inn á fjárlögin tillögu um að veita fje í þessu skyni, þá er alveg óvíst, að háttv. neðri deild samþykti það, eða það næði framgangi í sameinuðu þingi.

Jeg skal játa það, að jeg er í vandræðum með atkvæði mitt í þessu máli, mjer er ógeðfelt að vera á móti því, en þó held jeg, að jeg verði það, því jeg sje ekki, að milliþinganefndin komi að tilætluðu gagni.

Guðm. Björnsson, framsm.: Jeg get verið stuttorður.

Jeg er þakklátur þeim, er hafa tekið til máls, fyrir hin vinsamlegu ummæli í minn garð.

Jeg skal taka það fram, að það var ætlun mín, að ef þessi tillaga næði samþykki háttv. deildar, að þá væri borin fram í háttv. neðri deild samhljóða tillaga þeirri tillögu, er hjer liggur fyrir nú.

Hvað fjárveitingunni viðvíkur, þá aðgætti jeg það mál, og komst að raun um, að milliþinganefndir hafa verðið skipaðar, án þess að fje hafi verið veitt til þeirra á fjárlögunum. Svo að það er ekki ástæða, að hafa á móti þessari þingsályktun fyrir þá sök. Og jeg ætlaðist heldur ekki til, að hún kæmi til framkvæmda, nema því að eins að hún yrði líka samþykt í háttv. neðri deild.

Mjer er engin launung á því, að jeg veit miklu meira um sjómennina, skipabrestina og orsakir slysfaranna — miklu meira en jeg hef látið uppi.

Jeg hef líka komizt að raun um það, að manntjón Frakka *hjer við land* hefur verið að tiölu minna, en manntjónið á íslenzku skipunum. Jeg hef fengið mjer fræðslu þar að lútandi frá Frökkum sjálfum. Og beztu vitneskjuna um slysfarir hjer hef

jeg ekki haft úr landshagsskýrslunum, heldur úr blöðum og tímaritum; hef þó ekki unnið til fullnustu úr þeim fróðleik, sem þangað er að sækja. Til þess að fá sem sannastan fróðleik um manndauða af slysförum, lagði stjórnin eftir tilmælum mínum fyrir þingið frv. til laga um manntalaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, og er það nú orðið að lögum.

En málið er svo alvarlegt, að það má ekki bíða. Jeg get ekki hugsað til þess. Jeg er læknir, og ef jeg sje, að jeg get bætt mein sjúklings, þá get jeg ekki fengið af mjer að bíða — það getur enginn læknir. Háttv. þm. Strand. (G. G.) sagði, að millaþinganefnd mundi ekki geta unnið öllu meira í málinu en jeg einn. Sannleikurinn er sá, að jeg er kominn í sjálfheldu í þessu máli, fullkomna sjálfheldu, og kemst ekki úr henni, kemst ekki lengra áleiðis af eigin rammleik, einn míns liðs, og án nokkurs umboðs frá þingi og stjórn. Málið hefur líka svo margar hliðar, að enginn einn maður getur greitt úr öllum flækjunum. Og það er síður en svo, að allar nauðsynlegar upplýsingar verði fengnar úr opinberum skýrslum. Hjer þyrfti að taka upp sömu aðferðina, sem milliþinganefndir í Englandi hafa til að afla sjer sannfróðleiks. Þær snúa sjer til þjóðarinnar sjálfrar. Hver, sem sannfróðleik vill fá um slík efni sem þetta, hann verður að yfirheyra þjóðina sjálfa eiga *tal* við alla, sem bezt til þekkja; það hef jeg gert í smáum stíl; jeg hef átt tal við marga góða sjómenn og fengið þar marga sorglega vitneskju og svo átakanlega, að enginn getur leyft sjer frá að segja, nema hann hafi umboð til að rannsaka það mál.

Hin hlið málsins er slysatryggingin. Það er mjög vandasamt atriði og margbrotið. Háttv. þm. Strand. (G. G.), sagði, að stjórnin gæti vísað öllu þessu máli til mín. Það er satt, að milliþinganefndir hafa verið skipaðar til að undirbúa löggjöfina í öllum stórmálum þjóðarinnar, nema heilbrigðismálunum. Við þau hef jeg fengið að bisast einsamall nú um stund. Jeg tel það ekki eftir mjer.

En jeg er, eins og jeg sagði, kominn í sjálfheldu í þessu slysfaramáli, og því leita jeg til þingsins. Það er ekki í launaskyni.

Háttv. deild veit það vel, að jeg hef búið mörg mál til þings undanfarin ár, frá því fyrir aldamótin, og þar á meðal ýms mikil vandamál, og lagt mikla vinnu í þau, og engin sjerstök laun fengið fyrir — eins og milliþinganefndirnar — aldrei mælzt til þess. Þjóðin á sjer enga viðreisnar von, ef enginn vill gera neitt fyrir hana, nema móti borgun út í hönd.

Nú beiðist jeg þess eins, að þetta mál sje ekki vanrækt, ekki látið dragast. Mörg góð mál þola bið. En því meir sem jeg hef fengizt við þetta mál, því betur hefur mjer skilizt, að biðin getur hjer kostað mörg mannslíf.

Hjer er um líf manna að tefla. Þess vegna skil jeg ekki, að neinn vilji una því, að bíða, bíða og sjá, hvað margir farast, bíða og gera ekki neitt.

Steingrímur Jónsson: Mjer virðist rjettast að styðja tillögu háttv 2. kgk. (E. B.) um að taka málið út af dagskrá, og skýt jeg því til háttv. flm., hvort hann geti ekki fallist á það (*Guðm. Björnsson:* Jeg hef ekkert á móti því). Jeg tel það rjettara, af því að hjer er um kostnað að ræða, að sett sje „alþingi“ í staðinn fyrir „efri deild“. Jeg er annars tillögunni samþykkur; en játa það, að það getur orðið örðugt að hafa full not af mannskaða skýrslunum fyrstu árin. En þess ætti heldur ekki að þurfa, nje heldur er það bráðnauðsynlegt að leggja málið þegar fyrir næsta þing. Nefndin getur verið starfandi ein 4—6 ár. Það sem mest ríður á, er að sem fullkomnustum skýrslum sje safnað, og málið að öllu leyti sem bezt undirbúið, áður en því er ráðið til lykta af þinginu, betra þó það dragist árinu lengur. Mjer

hefur dottið í hug, að það mundi rjettara, að bæta aftan við tillöguna ákvæði um það, að öll stjórnarvöld væru skyldug til að láta nefndinni í tje allar þær skýrslur og upplýsingar, sem þau gætu. Slíkt hefur áður verið venja. Jeg skýt þessu fram til athugunar.

Þórarinn Jónsson: Háttv. flutningsm. (G. B.) skaut því til mín, að jeg hefði við umræður um fjárlögin lítilsvirt tilfinningar manna. Þetta er mishermi. Hitt sagði jeg, að það væri ekki rjett, að vera að slá á tilfinningarstrengina, og reyna með því að hafa áhrif á háttv. deildarmenn og reyna að leiða þá til óskynsamlegra hluta; ekki þó svo að skilja, að jeg sje mjög hræddur um, að það muni hepnast.

Tillagan er í sjálfu sjer góð, en þó er jeg samdóma háttv. þm. Strand. (G. G.) um það, sem hann sagði um hana. En af því að hún er góð, þá er ekki rjett að fella hana, og mun jeg greiða atkvæði með henni.

Forseti: Málið verður þá tekið út af dagskrá, og umræðum um það frestað til morguns, ef enginn háttvirtur deildarmaður hefur á móti því.

Samþykt að taka málið út af dagskrá.

---

6. *Frv. til laga um hvalveiðamenn* (310. n. 663, 664); 3. umr.

Sigurður Stefánsson, framsm.: Jeg skal ekki þreyta deildina með langri framsöguræðu. Nefndin hefur fallizt á að ráða deildinni til að samþykkja frv.

Ástæður hennar fyrir því má sjá í nefndarálitinu á þgskj. 663. Jeg býst við, að hefði þetta frv. verið borið fram fyrir nokkrum árum, þá mundi eigi hafa blásið byrlega fyrir því, því að þá hefði burtför Norðmanna haft í för með sjer mikla tekjurýrnun fyrir landssjóð og tjón fyrir einstök hjeruð. En nú eru þessar ástæður að mestu að hverfa, og verða líklega alveg horfnar, áður en lögin koma í gildi.

Hvalveiðamönnunum fækkar nú stórum. Áður græddu þeir offjár á veiðum sínum hjer við land; en nú er komin stór breyting á þetta. Hvaladrápið hefur verið svo mikið, að hvölum hefur stórfækkað, og hins vegar hafa þeir líka orðið svo styggir vegna veiðanna. Það er því svo komið nú, að hvalveiðin þykir ekki borga sig fyrir hina fáu hvalveiðamenn, sem eru eftir. Og þó t. d. einn yrði eftir af þeim þrem hvalveiðamönnum, sem nú munu stunda veiði á Austfjörðum, við árslok 1915, þá álítur nefndin kosti frv. svo mikla, að ekki sje í það horfandi, þótt landssjóður misti nokkurra þúsund króna tekjur af hvalveiðunum.

Það er kunnugt, að flestar þjóðir telja þessa „Rovdrift“ — að jeg viðhafi þetta útlenda orð — hvorki heppilega nje þjóðræknislega; þykir það lítill búhnykkur, að þessum dýrum sje gereytt eða þau flæmd burt.

Ef hvalveiðarnar leggjast niður, þá má búast við, að hvölunum fjölgi að nýju, og hafið gerist aftur hvalauðugt hjer við land. Þá má búast við, að útlendingar leiti hingað til veiða, og verður þá örðugra að koma þeim burt aftur, þótt vjer vildum. Því er nú rjett að nota tækifærið, og fyrirbyggja með lögum afturkomu þeirra.

Þótt ekki hjeldi nema eitt fjelag áfram veiðunum hjer, þá gæti orðið tjón að því; ekki eingöngu fyrir það, að hvalir væru drepnir, heldur engu síður af því stygð kæmi að hvölunum við veiðina, þeir mundu fælast hjeðan og hverfa algerlega.

Ýmsir sjómenn halda því fram, að hvalveiðar spilli fyrir síldveiði á fjörðum, sem víða er mikilsvirði, með því síldarskorturinn dregur aftur úr þorskveiðunum, þar sem síldin er aðal-þorskbeita hjer á landi. Jeg hef ekki verið trúaður á þetta. Þó veit jeg það, að Norðmenn, sem eru manna

fróðastir um fisk- og síldarveiðar og göngur þeirra fiskitegunda, hafa fyrir 10 árum bannað hvalveiðar hjá sjer af þessum ástæðum, og hef jeg heyrt, að þeir hafi í ár endurnýjað bannið og útilokað hvalveiðar hjá sjer um næstu 10 ár.

Þess er að geta, að margir innanþings og utan eru hræddir um, að þessir fáu hvalveiðamenn, sem hjer eru eftir, muni gera skaðabótakröfur, ef þeim er bönnuð veiðin, og landssjóður verða útlægur um mikið fje. Það er ekki hægt að fullyrða neitt um þetta. Þó skal jeg benda á, að ekki munu hvalveiðamenn í Noregi hafa gert neinar skaðabótakröfur, þegar þeim var bönnuð veiðin þar.

Nefndin gerði það, sem hún gat, til að fá vissu um þetta. Hún reyndi fyrir milligönga norska ræðismannsins hjer að fá símleiðis upplýsingar um það, hvort krafizt hafi verið skaðabóta, og eins um hitt, hvort málinu hafi verið skotið til dómstólanna, ef skaðabótakröfur hafi verið gerðar, og ef svo hefur verið, hvernig farið hafi. Ræðismaðurinn kveðst hafa sent skeytið, og er nú því nær mánuður liðinn síðan, en ekkert svar komið. Það má geta þess til, að norska stjórnin hafi ekki talið sig geta gefið svar, eins og hún hefði óskað landa sinna vegna, og því látið vera að svara. Þó er það nokkuð undarlegt, þar sem ræðismaður hennar var fenginn til að flytja málið, enda er þetta ekki annað en getgáta. Það hefði ef til vill verið rjettara að snúa sjer til landstjórnarinnar og biðja hana að leita upplýsinganna; en nú verður að sitja við það, sem komið er.

Jeg skal geta þess, að þegar hvalaveiðamennirnir norsku leituðu álits lögfræðisdeildarinnar við háskólann í Kristjaníu, fengu þeir það svar, að ekki væri líklegt, að þeir gætu fengið skaðabætur fyrir það, að þeim voru bannaðar hvalveiðar við Noreg. Mun þetta hafa haft þau áhrif, að þeir hafa ekki gert neinar skaðabótakröfur. Auðvitað gæti hjer ekki verið um aðrar skaðabætur að ræða en í hæsta lagi fyrir hús þau, er þeir eiga á hvalveiðastöðunum eða öllu heldur efni þeirra. Jeg get ekki sagt, hvað mikið mundi þurfa að borga fyrir þau, enda ólíklegt að til þess komi, þótt ekki sje af öðru en því, að ólíklegt er annað, en að þeir fari bráðlega hjeðan, þar sem þeir kveina einlægt yfir tapi.

Háttv. þm. N.-Múl. (E. J.) gat ekki orðið okkur hinum nefndarmönnunum samferða. Hann vildi lengja frestinn til 1. október 1916, með því að þá væri enn meiri líkindi fyrir, að hvalveiðamennirnir væru fluttir burt, og þá kæmi ekki til neinna skaðabótakrafa. Meiri hluti nefndarinnar var ekki hræddur við þessar skaðabótakröfur, og fanst því ekki ástæða til að hafa frestinn lengri, en hann er ákveðinn í frv.

Ráðherra: Það er að eins lítil spurning, sem mig langar til að beina til háttv. nefndar. Eins og háttv. framsm. (S. St.) gat um, hefur háttv. nefnd sent fyrir skömmu með símskeyti fyrirspurn gegnum norska ræðismanninn hjer til stjórnarinnar í Noregi.

Eins og orðin liggja fyrir í nefndarálitinu, þar sem frá þessu er skýrt, lítur helzt út fyrir, að fyrirspurnin hafi verið um það eitt, hvort skaðabótakröfur hafi komið fram fyrir *atvinnuspjöll*. En hjer geta líka komið til greina, að jeg hygg, skaðabótakröfur fyrir eignarrýrnun, sbr. 50. gr. stjórnarskrárinnar. Og þó lögfræðisdeild háskólans í Kristjaníu hafi látið það álit í ljós, að ekki væri, líklegt, að hvalveiðamennirnir gætu fengið skaðabætur fyrir atvinnuspjöll, þá er því ósvarað, hvort hægt sje að komast hjá að greiða skaðabætur fyrir eignarýrnun, og ekki víst, að svarið hefði orðið hið sama. Það er því lítið á þessu svari háskólans norska að byggja, þegar er að ræða um það spursmál, sem hjer liggur fyrir.

Þótt nú sje orðið lítið um hvalveiði hjer

við land, og bún borgi sig illa, þá eiga hvalveiðamennirnir hjer þó allmikil hús og tæki, sem ekki eru notuð til annars, en hagnýtingar hvalafurða, og eru sjálfsagt bundnir lóðarsamningum um all-langan tíma, og verður að borga eftir þessar lóðir, hvort sem þær gefa þeim nokkurn arð eða ekki.

Það er auðsætt, að þessar eignir þeirra rýrna í verði, ef þeim er bönnuð með lögum atvinna, sem hæglega getur batnað aftur, þótt hún sje arðlítil í bráð. Jeg er því hræddur um, að hvalveiðamennirnir geri skaðabótakröfu fyrir eignarýrnun, og finst valt að treysta því, að dómstólarnir gefi þeim ekki meðhald.

Af því hvalveiðamennirnir sýnast nú vera á förum, þá finst mjer rjettara að bíða með bannlög þessi, þangað til þeir eru allir farnir, og sæta þá færi, að koma þeim á, þegar ekkert er í hættu. Þeir hvalir, sem nú eru hagnýttir hjer á hvalastöðvum, eru hvort sem er veiddir langt norður í höfum en ekki hjer við land, og því ekki líklegt, að hvölum fjölgi mikið hjer við land fyrst um sinn, og það þarf ekki að gera ráð fyrir því, að höfin fyllist af hvölum á 10 árum. það þarf lengri tíma til þess.

Hvaða þýðing sem hvalafriðunin kann að hafa, þá ættum vjer af fjárhagslegum ástæðum að bíða um stund með hana, til þess að eiga ekki á hættu, að þurfa að borga dýrum dómum úr landssjóði hús hvalveiðamanna.

Lögin geta gefið þeim hvöt til að halda húsum sínum við hjer, þangað til þau koma í gildi, þótt þeir annars hefðu horfið fyrri burtu hjeðan, og gera síðan skaðabótakröfur til landssjóðs.

Ef það hefur *skýrt* verið tekið fram í fyrirspurninni, að *líka væri átt við húsin*, þá álít jeg, að nokkuð mætti ef til vill á því byggja, að ekkert svar hefur komið. Ef norska stjórnin hefði orðið að borga hvalveiðamönnunum fje fyrir það, *sem um var spurt*, þá tel jeg víst, að svar væri komið frá henni; og er það þó nokkuð undir því komið, hvort beinlínis hefur verið beðið um *síma svar*, því að ella gæti brjef verið á leiðinni.

Einar Jónsson: Það sem fyrir mjer vakti, er jeg skrifaði undir nefndarálitið og kom með brtill. mína, var það, að gera frestinn lengri fyrir hvalveiðamennina til að flytja burt, og til að fyrirbyggja það, að þeir geti krafizt skaðabóta, sem sumir óttast að þeir hafi rjett til.

Ef þingið 1915 vill annaðhvort gjöra breytingu á þessum lögum eða fella þau úr gildi, þá er þessi frestur nægur til þess. Ef fresturinn er bundinn við 1. okt. 1915, þá yrðu hvalveiðamenn að flytja burtu á því ári, og þingið 1915 gæti ekki fyrirbygt stórbótakröfur, ef til þeirra gæti komið. En ef fresturinn er settur til 1916, þá eiga þeir ver aðstöðu með að heimta skaðabæturnar, enda þá sennilegt, að flestir verði hættir veiðum, eftir því sem af þeim er látið nú. Svo gæti þar að auki þingið 1915, ef það áliti slíkar kröfur yfirvofandi, afnumið lögin, en annars ekki. Jeg fyrir mitt leyti vildi helzt bíða þings 1915 með þetta mál, svo hvalveiðamenn hefðu ekki það bak við eyrað með framhald veiðanna, að heimta skaðabætur, er lögin gengu í gildi, en litlar líkur til, að þeir sæti í þrjú ár við mikinn skaða með það fyrir augum. Þess vegna óska jeg samþ. br.till., svo að þeir hafi meira ráðrúm til að skifta um bústað.

Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að hvalrekar hefðu oft orðið sjerstaklega góð og tímabær hjálp landsmönnum í ísaárum, og vildi því, að friðunin kæmist á, og er það aðalástæðan fyrir því, að jeg fylgi þessu máli, og greiði því atkvæði, ef brtll. mín verður samþykt. Ísbættan er enn eigi úr sögunni.

Hvort hvalir spilla fiskiveiðum, skal jeg

ekki segja um, en eitt er víst, að ef síld kemur á firði og hvalir koma í torfuna, þá flæma þeir hana upp að löndunum, svo hægra er um vik að veiða hana úr landi fyrir þá, sem síldveiði stunda á staðnum.

Jeg álít, að þeir, sem óttast skaðabætur, geti samþ. þetta frv., ef br.till. nær samþ., því þá er fresturinn meiri.

Eiríkur Briem: Það er kunnugt, hvernig jeg lít á þetta mál.

Fyrir n. virðist það helzt vaka, að von geti verið á hvalrekum, sem geti komið að góðu haldi í harðærum, en þetta nemur svo litlu, að ekki er nema örlítill hluti af því, sem hvalveiðamenn borga í landssjóð; og væri því fje varið til að kaupa fæðu fyrir í hallærum, mundi það til meiri hjálpar landsbúum en óvissir hvalrekar. Að því er það snertir, að hvalveiðarnar spilli fiskigöngum, þá fjekk fólk norður á Finnmörk þessa flugu, og kvað svo ramt að, að það ætlaði að flytja úr landi þúsundum saman. Þetta knúði löggjafarvald Norðmanna til að skerast í leikinn og friða hvalina. Þessi fluga barst svo hingað með Norðmönnum, og þaðan er þetta sprottið, og er ósannað, að þetta sje á nokkrum rökum bygt. Háttv. n. hefur alveg leitt hjá sjer að aðgæta, að lög þessi svifta landssjóð alveg þeim tekjum, sem hann getur haft af hvalveiðamönnum; fyrst og fremst er útflutningsgjaldið, sem 1912 nam um 14 þús. kr.. auk annara gjalda, sem þeir greiða, t. d. aðflutningsgjatdsins af nauðsynjum þeirra, og mun þetta muna samtals um 20 þús. kr. Þessar tekjur geta að vísu smáminkað, en gott er meðan þær eru. Og það dugar ekki að banna hvalveiðamönnum að hafa stöðvar sínar hjer, meðan þeir geta hafzt við í Færeyjum, því þá veiða þeir alveg eins hjer í nánd, en landssjóður missir bara tekjurnar. Þá er enn óupplýst um skaðabæturnar. Það er óvíst, hvort þeir gætu ekki heimtað þær fyrir hús og lóðir, þótt þeir fengju þær ekki fyrir atvinnutjón. Og nú er á það að líta, að þó þeim yrðu ekki dæmdar skaðabætur, þá getur þetta fælt bæði innlenda og útlenda menn frá að setja upp atvinnurekstur hjer á landi. Álít jeg að mál þetta eigi ekki fram að ganga, en sökum þess, að frestur er á illu beztur, vil jeg þó samþ. till. minni hluta nefndarinnar. Álít, að eins og komið er, sje bezt að fresta málinu; þessi lög geta komizt á 1916, þótt frv. bíði þings 1915, og það er ekki einu sinni víst, að þau þurfi að bíða nema til næsta árs, ef aukaþing verður 1914, og á þeim tíma ætti að vera fengin full vissa um skaðabæturnar og annað, sem að málinu lýtur.

Sigurður Stefánsson, framsm.: Viðvíkjandi orðum hæstv. ráðherra, að nefndin hafi ekki spurzt fyrir um nema skaðabætur út af atvinnuspjöllunum, en ekki að því er snertir stöðvarnar sjálfar, vil jeg taka það fram, að þótt nú ekki hefði verið spurt um nema atvinnuspjöll, þá gat norska stjórnin þó svarað upp á þá spurningu. En tilfellið var, að nefndin spurði um, hvort þeir hefðu krafizt skaðabóta sökum hvalveiðabannsins. Háttv. þm. N.-Múl. gat þess, að hvalveiðamennirnir mundu fremur sitja kyrrir, ef fresturinn væri stuttur, til þess að gera síðan skaðabótakröfu sína gildandi. En nú er á það að líta, að svona útgerð er ákaflega dýr, og getur því ekki náð nokkurri átt, að þeir færu að reka hana með miklu tapi ár eftir ár, einungis til þess að reyna að ná skaðabótunum, sem aldrei mundu verða meira en eins og krækiber í ámu á móti því stóra tapi, sem þeir hefðu af rekstrinum.

Háttv. 2. kgk. taldi hvalrekann eina af aðalástæðum nefndarinnar. En það var ekki aðalástæða nefndarinnar, heldur hitt, að löggjöfin stuðlaði að því nú þegar, að hvaladrápinu linti sem fyrst, svo hvölunum

mætti fjölga aftur umhverfis landið. Og jeg vil geta þess í sambandi við það, sem sagt hefur verið um, að hvalveiðar spilli fiskiveiðum, að ef hvalir koma inn á firði, þar sem síld er fyrir, þá styggja þeir síldina upp að landinu, og er þá síldarveiði næstum vís í lagnet.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 2. kgk. (E. B.) sagði um ofboð það, sem greip þjóðina alla á Finnmörku, þá eru nú tíu ár síðan, og því eðlilegt, að farið væri að lægja, en þrátt fyrir það hefur þó stjórnin endurnýjað ákvæðið.

Það verður að aðgæta það, að ef máli þessu er frestað, tefur það fyrir því ekki einungis til næsta þings 1915, heldur að líkindum tveim til þrem árum lengur, með líkum fresti á því, að lögin komi í gildi og ákveðinn er í þessu frumvarpi, og getur því töfin orðið 5—6 ár.

Sigurður Eggerz: Ástæðan til, að jeg stend upp, er sú, að jeg vil skýra frá efni símskeytisins, sem við afhentum norska ræðismanninum. Í því var spurt um, hvort hvalveiðamenn í Noregi hefðu fengið nokkrar skaðabætur vegna hvalafriðunarinnar og sjerstaklega var spurt um, hvort skaðabætur hefðu fengizt fyrir húsrof. Eins og háttv. framsögum. tók fram, er ekkert svar komið, en hvort það þýðir það, að engar skaðabætur hafi verið látnar af hendi, veit jeg ekki.

Hjer virðist geta verið um stórkostlegan atvinnuveg að ræða í framtíðinni fyrir landið, ef hvalir eru friðaðir og legðust aftur að landinu, og það gæti orðið meira virði en þessar litlu tekjur, sem við höfum samkvæmt núgildandi lögum af útfluttum hvalaafurðum. En jeg vil benda á, að það er mikið vafamál, hvort hvalveiðamennirnir hafa leyfi til eftir núgildandi lögum, að reka hjer veiðar sínar á þann hátt, sem þeir gera. Það er bannað, að reka þessa veiði í landhelgi, eða nota landhelgina á nokkurn hátt við hana. Og þá getur verið vafi, hvort þeir mega einu sinni draga veidda hvali inn í gegn um landhelgina. Jeg bendi einungis á þetta, þar eð jeg álít það vafasamt, og krefðust hvalveiðamennirnir skaðabóta, yrði þetta vitanlega tekið til athugunar.

Annars get jeg ekki ímyndað mjer, að Norðmenn taki hvalafriðuninni illa, því við gerum ekki annað í þessu efni, en þeir sjálfir hafa gert heima hjá sjer, við höfum tekið þá hjer til fyrirmyndar.

ATKVGR.:

1. gr. frumv. samþykt með 7 atkvæðum gegn 3.

2. gr. frumvarpsins samþykt með 7 atkvæðum gegn 3.

3. gr. frumv. samþykt með 7 atkvæðum gegn 3.

4. gr. frumvarpsins samþ. með 7 atkv. gegn 3.

5. gr. frumv. samþ. með 7 atkvæðum gegn 3.

Breytingartillaga á þingskj. 664 feld með 7 atkv. gegn 6.

6. gr. frumvarpsins samþ. með 7 atkvæðum gegn 3.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 7 atkvæðum gegn 3.

---

7. *Frv. til laga um rafveitu í kaupstöðum og sjálfsstjórnar kauptúnum* (356 n. 770); 2. umr.

Guðm. Björnsson, framsm.: Jeg hef engu við það að bæta, sem í nefndarálitinu stendur. Fyrst og fremst er þetta mikið vandamál, og í öðru lagi nauðsynjamál fyrir kaupstaðarbúa, og má því ekki bíða. Nú er farið að gera rafveitu víðar en í sjálfsstjórnarkauptúnum, svo að lögin þurfa að ná til annara, en þeirra, og er þessi þingsályktunartillaga fram komin,

og vona jeg, að háttvirt deild samþykki hana.

ATKVGR.:

1. breytingartillaga a. á þingskjali 770 samþ. í einu hljóði.

Brtill. á þskj. 770 b. samþykt með 11 samhlj. atkv.

Brtill. á þingskj. 770 c. samþykt með 11 samhl. atkv.

1. gr., þannig breytt, samþykt með 11 samhlj. atkv.

2. brtill. á þgskj. 770, a, b, og c liður samþykt hvor um sig með 11 samhljóða atkvæðum.

2. gr., þannig breytt, samþykt með 11 samhlj. atkv.

3. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.
4. — — — 11 — —
5. — — — 11 — —

3. brtill. á þgskj. 770 við 6. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

6. gr., þannig breytt, samþykt með 11 samhlj. atkv.

7. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.
8. — — — 11 — —
9. — — — 11 — —
10. — — — 11 — —

4. brtill. á þgskj. 770 við 11. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

11. gr., þannig breytt, samþykt með 11 samhlj. atkv.

5. brtill. á þgskj. 770 við fyrirsögn frumvarpsins samþ. með 11 samhlj. atkv.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 11 samhlj. atkv.

---

8. *Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903* (667, n. 765); 2. umr.

Sigurður Stefánsson: Með því að jeg hef hugsað mjer að koma fram með breytingartillögur við frv., vildi jeg leyfa mjer að mælast til, að málið yrði tekið út af dagskrá og látið bíða þar til á morgun, þar sem jeg vegna fjárlaganefndarstarfa og annríkis hef ekki haft færi á að koma fram með þær fyrir þennan fund.

Sigurður Eggerz: Jeg er mótfallinn því, að frv. sje tekið út af dagskrá, og málinu er stofnað í hættu, ef slíkt er gert, þar sem þingtíminn er orðinn svo naumur, að hætt er við, að það dagi uppi, ef 2. umr. er frestað. Jeg mótmæli því, sem sagt, að málið sje tekið af dagskrá.

Sigurður Stefánsson: Það er neðri deild, sem fyrst og fremst hefur stofnað málinu í voða, þar sem hún hefir haft það svo lengi hjá sjer, svo að það er með öllu óforsvaranlegt um slíkt stórmál. Nefndin hjer í deildinni er og samsek neðri deild, þar sem hún hefur verið 5 daga að semja þetta nefndarálit, er semja mátti á 5 mínútum.

Steingrímur Jónsson: Jeg styð till. háttv. þm. Ísf., þar sem hann tímans vegna hefur ekki getað komið með þær breytingartillögur, er hann hafði hugsað sjer að koma fram með. Það getur varla hindrað framgang málsins, og það á bezt við, að það komi fram núna við 2. umr.

Björn Þorláksson: Jeg mótmæli því, að málið sje tekið út af dagskrá og frestað til næsta dags. Hjer er ekki nema um tvent að velja. Annað hvort er að samþykkja málið án allra breytinga eða láta það ekki ganga fram. Það er auðsætt, að breytingartillögur geta ekki orðið til annars en spilla fyrir framgangi frv. og gera því skaða. Mjer var hugur á að fá málið tekið á dagskrá í dag, því að verið getur, að jeg biðji um leyfi forseta til að fara burt úr bænum, en jeg vildi ekki fara, fyr en jeg hefði sjeð mál-

inu borgið; jeg hef heitið því fylgi mínu, og jeg ætla mjer ekki að hlaupa frá því, þótt sumum háttv. þm. kunni að verða það á, að hlaupa frá málum, sem sem þeir hafa heitið fylgi sínu.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að mótmæla þeirri tilgátu sem rakalausri, að tillaga mín sje fram komin til að fella frv. Neðri deild hefur gert alt til að seinka málinu, og nefndin hjer hefur setið á málinu 5 daga til að skrifa þetta nefndarálit, er semja mátti á 5 mínútum, eins og jeg sagði. Slíkt tel jeg ósæmilega aðferð á jafn merkilegu máli, og mjer finst jeg ekki geta skilizt svo við þetta mál, að jeg reyni ekki að koma á það breytingum, sem eftir minni skoðun og frá mínu sjónarmiði eru bráðnauðsynlegar. Alt annað mál er, hvort jeg greiði atkvæði móti málinu; um það getur ekki háttv. 5. kgk. þm. (B. Þorl.) ekkert vitað, og jeg mótmæli hinum ósæmlegu aðdróttunum hans.

Sigurður Eggerz: Mjer kemur á óvart, er nefndinni er borið á brýn, að hún hafi dregið málið. Nefndin hefur í rauninni ekki haft það nema 2 daga til meðferðar, því að fjárlögin hafa verið til umræðu, eins og allir vita. Nefndarálitið er skrifað á örstuttum tíma. Annars skoða jeg þetta bragð háttv. þm. Ísaf. ekki annað en bragð til að hefta framgang málsins og beina árás á það.

Sigurður Stefánsson: Jeg mótmæli því enn, að jeg sje að reyna að drepa málið. Það eru ekki annað en illgirnislegar getsakir.

Jósef Björnsson: Hvaða þingfundur er þetta?

Forseti: Það er rætt um þingsköp, og þingdeildarmenn verða að hafa leyfi til þess.

Björn Þorláksson: Jeg þarf ekki að mótmæla ósannindum háttv. þm. Ísaf. (S. St.). Háttv. þm. V.-Skaft. (S. E.) hefur gert það. Jeg vil taka það fram, að það er vel hægt að hafa fund seinna í dag, þó að fundur sje í sameinuðu þingi. Fundur hjer þarf ekki að koma í bága við það. Það má halda fundinn hjer á eftir. Háttv. þm. Ísaf. (S. St.) getur fengið tækifæri til að koma fram með breytingartillögur við málið, ef hann langar til þess.

ATKVGR.:

Gengið var til atkvæða um, hvort taka skyldi málið út af dagskrá, og var við haft nafnakall og sögðu:

Já:	*Nei*:
Steingr. Jónsson.	Björn Þorláksson.
Einar Jónsson.	Guðm. Björsson.
Guðj. Guðlaugsson.	Hákon Kristofferss.
Júlíus Havsteen.	Jón Jónatansson.
Sigurður Stefánsson.	Jósef Björnsson.
	Sigurður Eggerz.
	Þórarinn Jónsson.

Eiríkur Briem greiddi ekki atkvæði og var talinn með meiri hlutanum.

Var því felt að taka málið út af dagskrá með 8 atkv. gegn 5.

Þegar hjer var komið, var klukkan orðin 3 síðdegis og frestaði forseti fundi, þangað til fundi væri lokið í sameinuðu þingi, sem boðaður var kl. 5 síðdegis.

Kl. $5^3/_4$ hófst fundur aftur og var þá haldið áfram umræðunum um stjórnarskrármálið.

Sigurður Eggerz, framsögumaður: Í umræðunum um að taka þetta mál út af dagskrá hjer í dag sakaði háttv. þingm. Ísafjarðar nefndina um, að hún hefði dregið málið á langinn. Þessu vil jeg leyfa mjer að mótmæla og skal benda á, að hún fjekk málið til meðferðar fyrst fimtudaginn 4. sept. og að þingfundi loknum þann

dag hjelt hún þegar fund um málið og annan fund um morguninn eftir á föstudaginn. Þann dag voru fjárlögin til 2. umræðu, og stóð þá fundur langt fram á nótt en á laugardaginn afhenti nefndin álit sitt til prentunar. Af þessu hljóta menn að sjá, að nefndin hefur hraðað málinu eins og unt var. Jeg segi þetta einungis til þess að sýna fram á, að nefndin hefur gert skyldu sína, og jég mun líta svo á, að ummæli hins háttv. þingmanns hafi verið í bræði töluð og mun jeg fúslega fyrirgefa honum þau. Eins og sjá má á nefndarálitinu, hefur nefndin lagt það til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt, og eru ástæður nefndarinnar til þess þær, að hún telur meginatriðum málsins svo fyrir komið, að vel megi við una. Að vísu er henni fullljóst, að ýms atriði ættu að vera á aðra leið, en gert er ráð fyrir, en hún lítur svo á, að meginatriðunum sje svo vel fyrir komið, að sjálfsagt sje að samþykkja frumv. Og það mun sannast, að erfitt verður að gera stjórnarskrána svo úr garði, að allir verði fullkomlega ánægðir með hana í öllum greinum. Jeg skal svo víkja að frumvarpinu og get lofað því að halda ekki langa framsöguræðu að þessu sinni.

Þess má þá fyrst geta að það eru viss atriði, sem allri þjóðinni að kalla má kemur saman um, og er það í 1. lagi afnám konungkjörinna þingmanna, og í 2. lagi aukning kosningarrjettarins. Að því, er fyrra atriðið snertir, þá er það ljóst, að á meðan konungkjörnir þingmenn eiga sæti á alþingi, getur vilji þjóðarinnar ekki komið þar eins ljóst fram og skyldi. Upphaflega var meiningin með konungkjörnu þingmönnunum sú, að tryggja sjer menn með sjerþekkingu í þinginu. Nú er kosningin eingöngu pólitísk. Ráðherra kýs fylgismenn sína í þau sæti. En það er hart að verða að taka tillit til þeirra konungkjörnu, þegar um þingræði er að tala, en á meðan þeir sitja á alþingi, verður að taka tillit til þeirra, því það verður að teljast aðaleinkenni þingræðisins, að sú stjórn, sem situr að völdum, geti komið áhugamálum sínum fram á þinginu. Geti hún það ekki, þá er þingræðið veiklað. En þótt hún hafi meirihluta þjóðkjörinna þingmanna með sjer, getur hún ef til vill ekki komið málum sínum fram, ef þeir konungkjörnu snúast á móti. Jeg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um konungkjörnu þingmennina, því að allir eru sammála um, að þá beri að afnema. En þótt menn sjeu á einu máli um þetta, þá hefur menn hinsvegar greint allmikið á um, hvernig skipa beri efri deild, þegar þeir eru úr sögunni, og menn hafa sett þetta atriði í samband við rýmkun kosningarrjettarins, þannig að ef hann verði rýmkaður, þurfi að fá nokkra stöðvun í efri deild. Í því frumvarpi, sem hjer liggur fyrir, er viðurkendur almennur kosningarrjettur. Sú skoðun er meir og meir að ryðja sjer til rúms úti um heim, að konur eigi að fá kosningarrjett. Eins og kunnugt er, hafa kvennrjettindakonur á Englandi gert mikið til þess að afla sjer þessa rjettar og í grundvallarlagafrumvarpi því, sem nú er á döfinni í Danmörku, er konum ætlaður kosningarrjettur. Í þessu frumvarpi, sem hjer liggur fyrir, er konum ætlaður kosningarrjettur sem körlum, og er þá sá misrjettur, sem þær hafa átt við að búa, í þessu efni afnuminn. Um hitt hefur verið meiri ágreiningur, hvort rjett væri að veita vinnumönnum kosningarrjett, en hjer er hann veittur þeim í princípinu. Jeg get ekki sjeð neina ástæðu til þess að svifta nokkra stjett í landinu þessum rjetti, því með því er stutt að stjettamismuninum, sem jeg álít að ekki eigi að eiga sjer stað. Það hefur verið borið fram sem ástæða móti því að veita konum kosningarrjett, að þær legðu svo litla áherzlu á hann sjálfar. Það er satt, að þær leggja ekki eins mikla áherzlu á hann, sem skyldi, en jeg lít samt svo á,

að það sje skylda þingsins að veita þeim þennan rjett. Það er þó einn annmarki á þessu fyrirkomulagi, og hann er sá, að þó almennur kosningarrjettur sje viðurkendur í princípinu, þá fá ekki allir hann að fullu fyrri en eftir 15 ár. Jeg hefði álitið rjettast að veita kosningarrjettinn strax, en samt lít jeg svo á, að þessi annmarki sje ekki svo mikill, að stjórnarskráin eigi ekki samt sem áður að fá framgang, því að því lengur sem dregst að breyta stjórnarskránni, því lengur verða þessir menn að bíða hvort sem er eftir rjetti sínum. Svo ætla jeg ekki að tala meira um kosningarrjettinn að sinni.

Skipun efri deildar er samkvæmt þessu frv. þannig fyrirkomið, að í henni eigi sæti 6 menn, kosnir hlutfallskosningum um alt land, og koma þeir í staðinn fyrir þá konungkjörnu, og 8 menn, sem sameinað alþingi kýs á sama hátt og nú. Þingrof nær ekki til þeirra hlutfallskosnu og kosningarrjettur við þær kosningar er bundinn við 35 ár. Jeg verð að líta svo á, að með þessu fáist nægileg stöðvun í efri deild, og mjer virðist jafnvel með öllu óþarft að binda kosningarrjettinn við hlutfallskosningarnar við 35 ár. Hjer er þó meginatriðunum komið fyrir á þann hátt, að telja má viðunanlegt, og eitt er hjer, sem mjer þykir miklu skifta, og það er, að eigi þarf að breyta kjördæmaskipun landsins, en það mundi valda allmiklum erfiðleikum.

Þá er nefndin samdóma háttv. Nd. um það, að eigi sje rjett að fastákveða í stjórnarskránni, að sjermál Íslands skuli borin upp í ríkisráði Dana, og getur hún felt sig við, að konungur ákveði, hvar málin skuli borin upp. Sú ákvörðun verður auðvitað gerð á ábyrgð Íslandsráðherra, eins og gefur að skilja. Þá er og ákveðið, að tölu ráðherra megi breyta með lögum. Jeg hefði að vísu álitið heppilegra, að ráðherrum hefði þegar verið fjölgað, því jeg hygg, að mikið mundi vinnast við að hafa 3 ráðherra. Að vísu mundi það hafa nokkurn aukinn kostnað í för með sjer, en það er líka þess að gæta, að þá er meiri trygging fyrir því, að málin sjeu vel íhuguð af mönnum, sem hafa ábyrgð á gjörðum sínum. Eins og nú stendur, er það ómögulegt fyrir ráðherra, að fara yfir öll mál, sem hann þarf að ráða fram úr, og verður hann því að láta ábyrgðarlanst skrifstofuvald ráða fram úr ýmsum málum.

Þetta er óholt, enda hart fyrir ráðherra, að verða að bera ábyrgð á verkum, sem hann getur ekki vegna fjærveru eða annara ástæðna, vitað neitt um. En þar sem gert er ráð fyrir því í frv. þessu, að tölu ráðherra megi breyta með lögum, þá er það ákvæði viðunandi, og til bóta frá því sem nú er. Þá er eitt nýtt ákvæði um, að halda skuli aukaþing, ef meiri hluti hvorrar deildar krefst þess. Þetta ákvæði álít jeg mjög heppilegt, því ef ráðherra fer illa með vald sitt, eru engin tök á að losna við hann á milli þinga, eins og nú er ástatt, en hjer er sett ráð til þess. Þá er og ákvæði um, að alþingi skuli kjósa 3 yfirskoðunarmenn og með hlutfallskosningu. Það er auðsætt, að áríðandi er að yfirskoðun landsreikninganna sje sem tryggust, og er sjeð um það með þessu ákvæði. Þá er það og sett að skilyrði fyrir kjörgengi, að menn sjeu búsettir innanlands. Það má að sjálfsögðu deila um þetta atriði, og um það var nokkur ágreiningur í nefndinni, en mjer finst það eðlilegt skilyrði. Ennfremur er nýtt ákvæði um, að dómarar, sem ekki hafa að auki umboðsstarf á hendi, skuli ekki kjörgengir til alþingis. Það er kunnugt, að víða út um land er því haldið fram, að þessir menn eigi ekki að verða kjörgengir vegna þess, að þeir eigi ekki að vera riðnir við stjórnmál, til þess að traustið á landsyfirrjettinum, því hjer er aðallega um hann að ræða, raskaðist ekki af þeim sökum. En þetta virðist mjer ekki nóg ástæða til þess, að útiloka þessa menn frá kjörgengi, enda gagn-

stætt þeirri öldu, sem nú er að renna, að veita sem flestum kosningarrjett og kjörgengi. Þess ber og að gæta, að þó menn ekki sitji á þingi, geta þeir á ýmsan hátt fengizt við „pólitik“, og slíkt er þó ekki hægt að banna. Ekki geri jeg þó svo mikið úr þessu, að jeg verði andstæður stjórnarskrárbreytingunni fyrir þá sök. Þess má geta, að allir nefndarmenn voru andstæðir þessu ákvæði. Þá er ennfremnýtt ákvæði um, að samþykki alþingi breytingu á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, þá skuli það mál lagt undir atkvæði allra kosningarbærra manna til samþyktar eða synjunar. Um þetta ákvæði var nokkur ágreiningur í nefndinni, en jeg lít svo á, að það sje til stórbóta. Það skiftir miklu, að slíku máli sje ráðið vel til lykta, og að engu flanað, og er því nauðsynlegt að hafa ákvæði, sem þetta í stjórnarskránni. Enn er eitt ákvæði um, að sambandinu milli ríkis og kirkju megi slíta með lögum. Alda í þessa átt er mjög rík hjá þjóðinni, og má því hjer eftir gera þetta án stjórnarskrárbreytingar, með einföldum lögum.

Í 18. gr. er nýtt ákvæði um, að maður, sem ekki er í þjóðkirkjunni nje öðrum trúarbragðaflokki, skuli gjalda til háskóla Íslands eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, í stað þess að nú verður slíkur maður að greiða gjöld til þjóðkirkjunnar.

Það má vera, að jeg hafi gleymt að minnast á eitthvað nýtt ákvæði í þessu frumvarpi, og mun jeg þá gera það síðar, ef umræðurnar gefa tilefni til þess. Jeg vænti þess, að máli þessu verði tekið vel í háttv. deild. Eins og kunnugt er, eru raddir háværar hjá þjóðinni um að fá stjórnarskrárbreytinguna á þessu þingi, og þar sem málið virðist nú komið í sæmilegt horf, vona jeg, að deildin samþykki frumvarpið óbreytt, því að breyta frumvarpinu, er sama og að stytta því aldur.

Sigurður Stefánsson: Háttv. frsm. byrjaði mál sitt á því, að orð mín í dag um drátt af hendi nefndarinnar, hefðu verið í bræði töluð, og mundi hann því fyrir gefa mjer þau. Jeg þakka honum mjög vel fyrir þetta, en jeg get nú samt ekki kannast við, að jeg hafi sagt neitt, sem jeg þurfi að biðja hann fyrirgefningar á. En jeg vil segja það, að jeg vorkenni þeim deildarmönnum, sem ekki vildu bíða til morguns með málið, og sýndu mjer þá ósanngirni að vilja ekki gefa mjer ráðrúm til að athuga málið, því að tíminn fyrir mig til að koma með breytingartillögur hefur verið mjög naumur; jeg var veikur á meðan málið var á döfinni í Nd. og gat því ekki fylgzt með þar, en að því er mjög mikill stuðningur, eins og allir vita. Jeg álít, að sú meðferð neðri deildar, að geyma málið von úr viti, og ætla okkur svo að eins örfáa daga til að yfirvega og afgreiða málið, óþinglega og sýna virðingarskort fyrir þessu máli.

Mjer sýnist svo, sem hin háttv. nefnd í háttv. deild hafi lítið skoðað þetta frv., en að eins hirt það eins og það kom frá háttv. neðri deild.

Jeg skal játa það, að mjer líkar betur að sumu leyti þetta frumvarp, en stjórnarskrárfrumvarp það, sem afgreitt var hjer 1911.

Sjerstaklega eru það ákvæði 10. gr., er mjer líka betur. Þessi nýju ákvæði um kosningarrjettinn koma ekki til framkvæmda strax, heldur smátt og smátt. Með þessu er mjög dregið úr því, að mikil bylting geti átt sjer stað, eins og var frá þinginu 1911. En svo eru næstum því upptaldar bæturnar, sem eru í þessu frumvarpi.

En í þessu frumvarpi eru líka alger nýmæli, sem engri stjórnarskrárnefnd hefur nokkru sinni dottið í hug að hreyfa, og það er 4. gr. stjórnarskrárinnar, sem hefur staðið óbreytt síðan 1874. Þar segir

svo í fyrstu málsgrein að: „engan megi skipa embættismann á Íslandi, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna“.

Þessu hefur engum dottið í hug að breyta, enda held jeg, að þetta sje heimtað í öllum löndum. En nú hefur nefndin í háttv. neðri deild numið þetta ákvæði burt, og nefndin hjer gleypir við þessu alveg óhugsað. Mjer er alveg ómögulegt að finna, hvaða ástæða er til, að þessu ákvæði er breytt, og vil því gera fyrirspurn um það til háttv. frsm. nefndarinnar, á hverju þetta er bygt, og hvað hafi dregið háttv. neðri deild og háttv. nefnd til þess að ganga alveg þegjandi fram hjá þessu. Hann hlýtur sem framsögumaður nefndarinnar að vera mjer fróðari um þetta, og sjerstaklega þar sem jeg var veikur, er málið var til meðferðar í háttv. neðri deild, og gat ekki fylgzt með í umræðum og meðferð málsins þar.

En auk þess er annað ákvæði í 4. gr. Þar er svo mælt fyrir, að konungur geti flutt embættismann úr einu embættinu í annað, En þessu ákvæði er líka kipt burt, og segi jeg eins um það og hið fyrra, að jeg skil ekki ástæðuna til þess, að þessu er líka kipt í burtu.

Jeg skil ekki, því á að taka af konungi forrjettindi (prærogativa) hans, og jeg skil ekki því eftirlaunahatararnir ekki minnast á þetta, því það getur haft allmikil áhrif á eftirlaunin, ef konungur hefur leyfi til að flytja embættismenn úr einu embættinu í annað. Fyrir nokkrum árum síðan ljet ungur maður af embætti sökum fótbilunar, og gaf læknirinn honum vottorð um, að hann gæti ekki þjónað sýslu þar sem hann þyrfti að ferðast á hestbaki, en hann gaf honum ekki vottorð um, að hann gæti ekki þjónað embætti, þar sem svo stæði á, að hann þyrfti þess ekki. Og hvað var þá betra fyrir stjórnina til þess að losna við þennan mann af eftirlaunum, en að bjóða honum sýslu þar sem fótbilun hans gat ekki bagað hann, og það hagar einmitt svo til, að hjer er til slík sýsla, og hún losnaði skömmu eftir að maðurinn var kominn á eftirlaun. Jeg miða ekki við, þó stjórnin ekki gerði það, en embættismaðurinn gat ekkert haft á móti því, þó svo hefði verið gert, og það hefði sparað landssjóði ákaflega stóra eftirlaunafúlgu, þar sem maðurinn var kornungur. En nú er þetta ómögulegt.

Eftir frv., eins og það er nú, fær maður eftirlaun, ef hann er ófær til að gegna starfi sínu í því hjeraði, þótt hann sje fullfær til að gegna öðru hjeraði. Og þetta finst mjer, að eftirlaunafjendurnir í nefndinni hefðu átt að minnast á. En auk þess þá finst mjer þetta vera ókurteisi gagnvart konungsvaldinu, eins og það gæti líka verið sparnaður að hafa þetta ákvæði. Og það gæti vel svo farið, að konungur sjálfur eða einhverjir, er honum standa nærri, ræku augun í þetta og vektu athygli hans á því, og gæti þá svo farið, að konungi þætti sjer nærri gengið.

Þá vil jeg minnast á 8. gr. frv. Jeg tel hana afturför frá því, er var samþykt hjer á þingi 1911. Þá var samþykt, að í efri deild skyldu eiga sæti 10 þingmenn kosnir með hlutbundnum kosningum til 12 ára, og jeg tel það miklu betra en þeir sjeu að eins 6, eins og hjer er gert ráð fyrir. Jeg skal fúslega játa það, og jeg tel það enga skömm, að jeg er svo „konservativ“, að jeg vil hafa meiri seglfestu í skútunni, en jeg tel að verði, ef þeir eru að eins 6, sem kosnir eru á þennan hátt, þó jeg hinsvegar játi, að það geti verið heppilegt, eins og nú horfir við í bráð. Og bót er það, að þessi aukni kosningarrjettur er meira takmarkaður, en hann þá var.

Háttv. framsm. tók það fram, að þessi breyting á frv. frá 1911 stæði að nokkru leyti í sambandi við kjördæmaskiftinguna á landinu; það þyrfti þá ekki að breyta henni. En jeg lít svo á, að þó að þeir verði ekki nema 6, er verði kosnir land-

kosningu, þá þyrfti eftir sem áður að breyta kjördæmaskiftingunni, því hún er orðin úrelt og ósanngjörn í mörgu tilliti.

Jeg skal þar til dæmis nefna höfuðstaðinn sjálfan, Reykjavík, er jeg álít að eigi rjett á að hafa fleiri þingmenn en nú er. Og jeg hygg, að háttv. alþingi hefði ekki orðið nein skotaskuld að bæta úr því, þó að ákvæði frumvarpsins frá 1911 hefðu haldizt óbreytt.

Þá mintist háttv. framsm. (S. Egg.) á ráðherrafjölgunina. Jeg tel hana bráðnauðsynlega, og frv. frá 1911 hafði þann kost, að eftir því átti hún að koma strax. Jeg tel það hafa verið til stórskaða fyrir allt stjórnarstarf og löggjafarstarf vort, að við höfum að eins haft einn mann til þess að fara með öll æðstu völd landsins. Og við erum farnir að sjá það hjer á þinginu, hversu þetta er ótækt.

Frumvörpin eru litt undirbúin, og margt þykir fara öðru vísi en æskilegt er í umboðstjórninni, enda er það ofurefli nokkrum einum manni, og það þótt hann sje meira en meðalmaður, að annast þetta alt. Jeg verð þess vegna að leggja mikla áherzlu á þetta atriði, þó það hins vegar bæti nokkuð úr, að það má breyta þessu með einföldum lögum. Og það hefur alveg nú nýverið komið fyrir atriði, er sýnir mönnum, hversu þetta er óheppilegt. Hæstv. ráðherra þurfti að vera hjer inni í háttv. efri deild, til þess að taka þátt í meðferð þeirra mála, er hjer lágu fyrir, en á meðan fer fram atkvæðagreiðsla í háttv. Nd., og var þar felt stjórnarfrumvarp, vegna þess að hæstv. ráðherra, sem þar á atkvæðisrjett sem þingmaður, var fjærverandi; það stjórnartrumvarpið, er jeg tel einna bezt á þessu þingi og mestan skaða að. Þetta sýnir, hversu það er erfitt fyrir ráðherra vorn nú, að taka þátt í þingstörfum, sem telja verður bráðnauðsynlegt, *og ekki getur einn maður verið nema á einum stað í einu.*

Þá vildi jeg aftur víkja orðum mínum að innborinna manna rjettinum.

Í háttv. neðri deild var flutt fram brtill. um að gera innborinnamannarjett að skilyrði fyrir kosningarrjetti og kjörgengi. Þegar jeg las þessa breytingartillögu uppi á spítala, þá satt að segja undraðist jeg, að þetta ákvæði skyldi ekki fyrir löngu vera komið inn í stjórnarskrá vora.

Og jeg tel þetta nauðsynlegt ákvæði nú, er útlendir menn eru að flytjast hingað. Jeg tel það rangt, að útlendingar, er gætu flykzt hingað í stórhópum, hefðu hjer hinn sama rjett og landsins börn, og jeg neita því gersamlega, þótt að þeir kynnu að vera góðir menn, að þeir hafi sama kunnleik á stjórnmálum vorum og við sjálfir. En auk þess, ef hjer færi að ryðjast inn í landið herskari slíkra manna, þá gæti eftir þessu auðveldlega svo farið, að löggjafarvaldið kæmist í þeirra hendur, meira en æskilegt væri, og það veit jeg þó að enginn muni kjósa. Það er líka svo annarstaðar, að engin þjóð hefur sjeð sjer fært, að láta þetta ákvæði vanta í stjórnarskrá sína, og hvers vegna háttv. Nd. fellir þetta ákvæði burt er mjer hulin ráðgáta. Jeg hlýt að líta svo á, að þeir, er vilja fella burtu 4. gr. stjórnarskrárinnar, hafi ekki hugfast, að Ísland sje fyrir Íslendinga.

Ef þess væri nokkur kostur, að koma fram með breytingartillögur, og von um, að þær yrðu samþyktar vegna tímanaumleika, þá kannast jeg við, að þetta hefði verið eitthvert mesta áhugamál mitt, því jeg hálfskammast mín fyrir það, jafngamall þingmaður, að mjer skuli ekki fyr hafa dottið í hug, að setja þetta í stjórnarfrumvörpin.

Þá er enn eitt nýmæli í þessu frumvarpi, er ekki hefur sjezt í stjórnarskránni 1874 og alla leið til vorra tíma nú í ár, eða breytingarfrumvörpum við hana, og það er um að meiri hluti þingmanna hvorrar deildar geti krafizt þess, að aukaþing sje haldið.

Jeg álít, að þetta ákvæði sje mjög varhugavert, og þeim mun varhugaverðara og verra, sem minni festa er í efri deild. Og með allri virðingu fyrir háttv. alþingi, þá er jeg hræddur um, að þetta ákvæði hafi ilt í för með sjer, og það kemur oft hjer fyrir, að tilfinningar ráða of miklu.

Það kemur oft fyrir í lífinu, að tilfinningar ráða meiru en róleg skynsemi og yfirvegun; það kemur alveg eins fyrir hjá alþingismönnum eins og öðrum mönnum annarstaðar. Fyrir því er jeg hræddur um, að þetta ákvæði gæti orðið notað hvatvíslega, þegar æsingar eru uppi. En bót er það að breyta má þessu með einföldum lögum.

Jeg skal játa það, að það eru fleiri athugasemdir, er jeg vildi gera við frumv., þótt jeg geti ekki farið út í það frekar að sinni, og læt jeg mjer nægja, að skírskota þar um til ummæla minna í dag.

En lítilfjörlega vil jeg tala um þá von, er við getum haft um, að frumvarpið verði samþykt.

Við vitum, að síðustu undirtektir undir frv. voru þannig 1911, að hans hátign konungurinn vildi ekki staðfesta stjórnarskrána sökum burtfellingar ríkisráðsákvæðisins. Og jafnvel mun hans hátign konungurinn hafa haft fleiri ástæður til þessara undirtekta. En mjer skilst nú, að nefndin voni, að frv. nái staðfestingu með því að breyta þessu ákvæði svo, að það eigi að bera upp málin fyrir konungi þar sem hann ákveður.

Jeg skal ekkert um það segja, hvaða áhrif þetta hafi á vilja hans hátignar konungsins; um það getur víst enginn sagt, en jeg hygg, að það sje mjög vafasamt, að hann fallist á þessa breytingu, og tel líklegt, að undirtektirnar verði sömu og 1911. En þá er lítill árangurinn af því að samþykkja stjórnarskrána á þessu þingi, minni en við óskum. Af þessari ástæðu hefði jeg ekki viljað vera forgöngumaður að því, að hún yrði borin upp hjer á þingi í ár, þótt jeg hins vegar ekki hafi beinlínis á móti því þess vegna, að hún nái fram að ganga. Það er allt annað.

En mjer lýst svo, að sú leið, er við hefðum átt að fara í þessu efni, hefði verið sú, að fela stjórninni til næsta þings, að útvega oss vissu um það, hvernig hans hátign konungurinn lítur á þetta, og hvort hann mundi ganga að þessari breytingu.

Ef nú svar konungsins hefði orðið hið sama og 1911, gat þjóðin ráðið það við sig, hvort hún vildi fara að leggja út í stjórnarskrárbreytingar ár eftir ár, með lítilli von um nokkurn árangur. Jeg skal ekkert um það segja, hver vilji þjóðarinnar er í því efni, en jeg hetði þá kunnað því betur, að leggja út í þessa óvissu. Hygg jeg því, að þótt frv. þetta nái samþykki háttv. deildar, að það sje mjög mikill vafi á því, að það muni ná höfn fremur en frv. 1911. Jeg skal að vísu ekki neita því, að það sje nokkru meiri von um það, en hún er í mínum augum ekki mikil.

Jeg hef minzt á þau aðalatriði, er jeg hefði viljað gera breytingartillögur um.

Mjer hefur verið brigslað um það, að jeg vildi gera breytingartillögur, að eins til þess að drepa málið.

Þetta tel jeg óheiðarlega og ósæmilega aðdróttun. En eftir því, er jeg þóttist verða vís af umræðunum í dag, þá þykist jeg skilja það, að það sje ekki til annars að koma fram með breytingartillögur, en að tefja tímann. En tíminn er dýrmætur, og ekki hvað sízt, er jafnlítið er orðið eftir af þingtímanum, svo jeg vil ekki að því stuðla. En mjer fellur það þó illa, að háttv. meðdeildarmenn mínir, skuli hafa meinað mjer að gera breytingartillögur. En þó að frv. verði samþykt, þá get jeg ekki tekið undir ummæli háttv. framsm. (S. Egg.), að málið sje komið á góðan rekspöl, því eins og jeg tók áður fram, þá er jeg mjög efaður um fram-

gang þess, enda ekki nema eðlilegt, meðan við höfum enga vissu, nema það sæti sömu meðferð og undirtektum og frumvarpið 1911. En hitt tel jeg víst, að hæstv. ráðherra geri alt hvað hann getur og láti ekkert undir höfuð leggjast til þess, að fullnægja vilja þingsins í þessu efni, og yfir höfuð að spara ekki neitt, er geti orðið því til fyrirgreiðslu. En jeg hefði heldur kosið, að málið hefði verið látið bíða næsta þings, til þess að fá betri vissu, og skýr yfirlýsing væri komin um það, hvort hans hátign konungurinn vildi samþykkja það eða ekki. Og mjer væri kært, ef hæstv. ráðherra vildi láta í ljósi skoðun sína á þessu máli, því jeg álít það afar mikilsvert, hver skoðun hans hjer um er. Eftir því getum við farið.

Jeg skal svo að sinni ekki þreyta háttv. deild lengur, en taka það fram enn þá, að mjer þykir það leitt, að jeg gat ekki komið fram með breytingartillögur, var meinað það. En það er ekki á minni ábyrgð, heldur hinna háttv. þingmanna, er meinuðu mjer það.

Sigurður Eggerz framsögum.: Það gladdi mig í raun og veru, að heyra ræðu h. þm. Ísafj. (S. St.), því jeg bjóst við hörðum mótmælum frá honum, en þau reyndust ekki eins hörð og við hefði mátt búast.

Fyrst vil jeg minnast á ummæli h. þm. (S. St.) um það, að við, sem ekki vildum taka málið út af dagskrá, hefðum sýnt ófrjálslyndi. Astæðan fyrir því, var alls ekki ófrjálslyndi, heldur eingöngu umhyggja fyrir málinu. Það er svo stutt eftir þingtímans, að á engan hátt má draga málið, ef það á að komast fram á þessu þingi. H. þm. (S. St.) brá nefndinni um, að hún hefði haldið málinu lengi. Jeg hafði þó áður bent á, að það hefði ekki verið nema einir 2 dagar, og þá hittist svo á að samtímis var 2. umræða fjárlaganna hjer í deildinni, og munu háttv. deildarm. geta

nærri, hvað drjúgur sá dagur er til nefndarstarfa.

En hafi nefndin verið sein með að afgreiða málið, sem er hin mesta fjarstæða, þá má með ekki minna rjetti segja, að h. þm. (S. St.) hafi verið helzt til seinn að semja brtill. sínar og koma með þær. Jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja óp h. þm. (S.St.) til kjósendanna, og er ekki hræddur við að ganga til kosninga, þrátt fyrir þá ábyrgð, sem h. þm. telur að nefndin hafi bakað sjer með meðferðinni á málinu. H. þm. (S. St.) veit það, að hann getur komið með brtill. til 3. umr., ef hann vill; en við því má hann búast, að þær falli, því að sjeu þær samþyktar, þá er það að líkindum sama sem að skapa frv, aldur, svo stutt sem eftir er af þingtímanum. En vjer viljum ekkert það gera, sem stofnað geti frv. í voða, því að vjer lítum svo á, að meginatriði þess sjeu þannig, að vel megi við una, Það er hjer eins og um öll mál önnur, að ágreiningur hlýtur að verða um einstök atriði.

Næst þessu skal jeg svo athuga nokkrar mótbárur h. þm. (S. St.). Það sem sjerstaklega hneykslaði h. þm. var það, að felt skuli burt úr frv. ákvæði 4. gr. stjórnarskrárinnar um það, að engan megi skipa embættismann á Íslandi, nema hann hafi bin almennu rjettindi innborinna manna. Jeg hafði tekið eftir þessu, og nefndin tók það líka til athugunar. Það virðist spor í sjálfstæðisáttina, að veita má hverjum sem vill embætti, án þess að það sje bundið við þá eina, sem innborinnarjett hafa; einkum er svo, á meðan vjer getum ekki sjálfir veitt innborinnarjett. Jeg get líka huggað hina hreldu sál h. þm. með því, að þessu má breyta með einföldum lögum. Þá rann mikill orðastraumur frá h. þm. (S. St.) um það, hve afar óheppilegt það væri, að nú væri eftir þessu frumv. konungi óheimilt að fllytja embættismenn úr einu embætti í annað. — H. þm. (S. St.) hefði

sjálfsagt kallað það kosningarræðu, ef jeg hefði haldið hana. — Jeg skal segja h. þm.. að jeg er þar annarar skoðunar. Jeg tel það mjög heppilegt, að stjórnin geti ekki á pólitiskum æsingatímum flutt menn að eigin geðþótta úr einu embætti í annað. Það er freisting til að vanbrúka það vald. H. þm. sagði, að afleiðingin af því, að þetta ákvæði vantar, gæti orðið sú, að ýmsir embættismenn kæmust á eftirlaun fyrir þær sakir, og að þeir, sem mótfallnir væru eftirlaunum, mundu varla vilja styðja að því. H. þm. virðist ekki hafa lesið gildandi lög um þetta. Samkv. gildandi lögum getur embættismaður kosið, hvort hann vilji heldur eftirlaun eða láta flytja sig í annað embætti. Það er því engin hætta á, að eftirlaunabyrðin vaxi við þetta. H. þm. sagði, að konungi mundi þykja súrt í broti, að vera sviftur þeim forrjettindum, að mega flytja embættismenn úr einu embætti í annað. Skelfing held jeg að honum þyki það súrt! einkum þegar þess er gætt, að þetta er gert á ábyrgð ráðherra og að hans ráðstöfun.

Þá lagði h. þm. mikla aherzlu á skipun efri deildar; honum þótti hún ekki eins „konservativ“ og æskilegt væri; og kvað hann á þessum óróatímum ekki veita af seglfestu í Ed. Um það má deila, hve mikil seglfesta eigi að vera í efri deild, en svo gæti þó farið, að ýms mikilsvarðandi mál strönduðn þar á þessu seglfestuskeri. Jeg er ekki eins hræddur við kjósendafjölgunina eins og h. þm., og lít öðrum augum á þá en hann, og er ekki hræddur við að fá þeim kosningarrjettinn, því að jeg treysti því, að vaxandi menning geri þá vel færa um að gegna starfi sínu.

Enn mintist h. þm. (S. St.) á það, að jeg teldi það einn kost við það, að skipa Ed. eins og gert er ráð fyrir í frv., að eigi þurfi að breyta kjördæmaskipun í landinu. Þetta er að nokkru leyti rjett.

Nú geta menn í bili verið lausir við að fást við þetta vandamál; þó geri jeg ráð fyrir, að breyting hljóti að koma á, áður en mjög langt um líður.

Þá hneykslar það hinn hv. þm. (S. St.), að meiri hluti hvorrar deildar skuli geta heimtað aukaþing. Jeg er ekki hræddur um, að þetta verði að tjóni; þvert á móti. En það er annað, sem ástæða er til að hræðast. Ef vjer höfum óhæfan ráðherra, þá getur hann setið óáreittur um tveggja ára tíma og þingið ekkert eftirlit haft með honum. Það er mesta trygging í því, að svo geti farið, að meiri hluti hvorrar deildar geti heimtað, að þing sje kallað saman, það mun kenna hverjum ráðherra að fara varlega með vald sitt. H. þm. sagði, að alt af væri hægt að gefa óhæfum ráðherra vantraustsyfirlýsing. En hvernig má það verða, nema þing komi saman. Það vill stundum meira að segja reynast fullörðugt, þó þing sje saman komið.

Þá mintist h. þm. (S. St.) á frv. 1911, og var hræddur um, að eins mundi fara með undirtektir konungs nú og þá. Þess er að gæta, að ekki er víst, hvernig konungur hefði snúizt við, ef ráðherra hefði fylgt málinu fast fram, og sagzt verða að sleppa ráðherradæmi, sæi konungur sjer ekki fært að staðfesta frv. Það er bezt að sleppa öllum getgátum um það, hvernig þessu frv. reiðir af, ef málið er sett á oddinn. Þó tek jeg það fram, að jeg vil ekki, að leitað sje að málum til að setja á oddinn, — en hins vegar mega menn ekki skjálfa í öllum málum af ótímabærum kvíða. — En hvað sem því líður, hvernig farið hefði um frv. 1911, ef því hefði verið haldið til streitu, þá er hjer öðru máli að gegna, því nú hefur miðlunarleið verið farin, þar sem konungi er beinlínis ætlað að ákveða, hvar íslenzk mál skuli borin upp fyrir honum. Hversvegna erum við að leggja kapp á að sampykkja þetta frv.? spyr h. þm. (S. St.). Af engu öðru en því, að þjóðin óskar

eftir ýmsum breytingum á stjórnarskránni, og vjer teljum þessar breytingar nauðsynlegar. Og jeg treysti því, að þjóðin muni fallast á frv., og konungur muni sjá sjer fært að staðfesta það, þegar til kemur.

Þá kvartaði h. þm. aftur yfir því, að sjer væri gert ómögulegt að koma fram með brtill. Jeg held, að þetta kvein hans muni ekki bergmála mikið hjá þjóðinni, þegar hún veit, að hann hafði nægan tíma til þess, meira að segja, hefur enn tíma til þess; og ef h. þm. telur frv. ómögulegt, eins og það er, þá er það samvizkulaust af h. þm., að koma ekki með brtill. og það eins, þótt hann hafi litla von um að koma þeim fram. Jeg treysti því, að h. d. taki vel á móti hinum rjettmætu kröfum þjóðarinnar, sem þetta frv. hefur að geyma; og jeg er þess fullviss, að ef þingið afgreiðir málið, eins og það er nú, þá gerir það þarft verk, og aflar sjer vinsælda og lofs hjá þjóðinni fyrir það.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er einn af þeim, sem naut þess heiðurs, að komast í nefnd í máli þessu, og á því minn hlut af þeim góða vitnisburði, sem h. þm. Ísaf. (S. St.) gaf nefndinni. Þó játa jeg, að jeg skrifaði undir nefndarálitið með töluverðri tregðu; og mjer þótti það súrt epli að bíta í, að verða að afgreiða málið í hasti, hafa ekki nema einn dag til umhugsunar, eftir að h. nefnd í Nd. hafði legið á málinu mest allan þingtímann. Þessu óforsvaranlega slugsi er engin bót mælandi. Það væri full ástæða, að það vekti þrjózku hjá þessari deild að verða annað hvort að samþykkja frv. upp á kommu, eins og það kemur frá h. Nd. eða að fella það: og eiga það svo á hættu að sysurdeildin svívirði þessa deild fyrir að hafa gert það. Mjer finst þetta ótilhlýðileg aðferð. Þótt h. Nd. hafi farið svona að ráði sínu, þá álít jeg þó málið ofgott til þess, að eyðileggja það, þótt það sje eingetið.

Þess er ekki að dyljast, að ýmsir gallar eru á frv., sem jeg hefði feginn viljað eiga kost á að laga. Eigi að síður er frv. þetta í ýmsu stórbætt frá frv. 1911, eins og þingið skildi þá við það. Líka er frv. þetta stórbætt frá uppkasti því, sem lagt var fyrir þingið nú í þingbyrjun; það var hörmulega úr garði gert. Einu ákvæði, sem var kökkur í allra hálsi, ríkisráðsákvæðið, hefur h. Nd. komizt vel út úr, og hygg jeg, hún hafi ekki á annan veg getað ráðið betur fram úr því, fyrst hún á annað borð heiktist strax, og kaus ekki heldur að hinkra við um stund að jeta það ofan í sig. Jeg var ekki í vafa um, hverjar afleiðingar það mundi hafa, að stryka ríkisráðsákvæðið út. En hins vegar fanst mjer ekki svo mikið í húfi, þótt málinu hefði verið frestað til næsta þings, og biðin notuð til að leita hófanna um, hvað fáanlegt væri. Það er fallega að orði komizt, að konungur skuli ákveða, hvar íslenzk mál sjeu borin upp fyrir honum. Þó dylst það ekki, að þetta er gert til að hylja úlfinn undir gærunni. Með þessum orðum er að vísu ekki sagt blátt áfram: Vjer viljum ekki, að mál vor sjeu borin upp í ríkisráðinu, en það er sagt undir rós. En það má líka skilja það á annan veg, þannig að vjer óskum, að málin sjeu borin upp annarstaðar en í ríkisráðinu, en látum þó konung ráða því. Þetta hef jeg að athuga við 1. gr. Jeg veit, að hjer var úr vöndu að ráða; jeg lái ekki h. Nd., þótt hún reyndi að synda milli skers og báru.

Þá er sú breyting frá frv. 1911, að nú á að kjósa 34 þingmenn óhlutbundnum kosningum og 6 hlutbundnum. Jeg er á sama máli og h. þm. Ísafj.k. (S. St.), að tala þeirra þingmanna, sem kosnir eiga að vera hlutbundnum kosningum, sje of lág. Mjer finst það meiningarlítið, að eigi skuli geta verið meiri hluti þannig kosinna manna í efri deild. Jeg óska eins og h. þm. (S. St.), að barlestin væri nokkuð þyngri í þeirri deild. Jeg er eins og hann farinn að eldast og orðinn nokkuð íhalds-

samur; og jeg segi það, að betur væri að menn hættu að telja það skömm að vera íhaldsmaður, því að milli íhaldsmanna og framsóknarmanna ætti baráttan um málin að vera háð. Það væri eðlileg og holl flokkaskifting, sem á þeim grundvelli væri bygð. Jeg hefði lang helzt kosið, að 10 menn væru kosnir hlutbundnum kosningum til efri deildar. En er jeg leit á, að þá hefði orðið að leggja niður 4 kjördæmi, og jafnframt athugaði, hve óhönduglega stjórninni fórst kjördæmaskiftingin, þegar hún var að fást við hana, þá sá jeg, að helzt þurfti að hafa verið ákveðið um fullkomna kjördæmaskifting um leið, og hin spurningin var útkljáð. En þetta er svo óbrotið, að hafa þá, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum jafn marga og hina konungkjörnu, og veldur engri kjördæmaröskun. Þó mundi hafa verið hægt, að fækka kjördæmunum um tvö, án þess það hefði valdið miklum vandræðum. Jeg er ekki á sama máli og h. þm. (S. St.), að það þurfi að breyta kjördæmaskiftingunni hvort sem er, og láta t. d. Reykjavík fá fleiri þingmenn en nú. Jeg álít það algerlega rangt að skifta kjördæmunum eftir höfðatölu kjósendanna. Jeg álít, að hver fultrúi sje ekki eingöngu kosinn fyrir sitt kjördæmi, heldur fyrir landið alt, fyrir túnin, engjarnar, fjöllin, dalina, árnar og vötnin, og þar sem þetta er svo breytilegt á hinum ýmsu stöðum, þá þarf hvert hið sjerkennilega svæði að hafa sinn þingmann, og má þar alls ekki eingöngu fara eftir landstærð og fólksfjölda. Jeg man eftir, að það var lengi talað um að leggja niður Vestmannaeyjar sem sjerstakt kjördæmi. Nú er alveg hætt að tala um þetta, sjálfsagt mest af því, hvað fólkinu hefur fjölgað mikið þar; en þótt því hefði alls eigi fjölgað, þá hefði eigi að síður verið rangt að svifta þær þingmanni sínum, þær eru svo sjerstæðar í mörgu, og þurfa því að hafa sinn sjerstaka talsmann á þingi. Þá ætla jeg að minnast ofurlítið á kjördæmaskiftinguna; ætti að fara að breyta henni, þá er jeg alveg mótfallinn tvímenningskjördæmum; öll kjördæmi ættu að vera einmenningskjördæmi, að minsta kosti meðan ekki eru hlutfallskosningar. Flokkaskifting í kjördæminu getur verið þannig háttað, að tveir menn úr öðrum hluta þess komist að, og hafa þó ekki nema eitt atkvæði hvor fram yfir keppinauta sína úr hinum hluta kjördæmisins. En ef kjördæminu er skift í tvent, þá eru meiri líkindi fyrir, að sinn maðurinn úr hvorum flokk komist að.

En nú er kjördæmaskiftingin sú, að sá sem býr öðrumegin við takmörkin, segjum lítinn læk, má kjósa 2 þingmenn, en sá sem er hinum megin aðeins einn. Þetta þyrfti að takast til athugunar, svo kendi meira jafnrjettis. Jeg vildi fyrir mitt leyti hafa hlutfallskosningu, og að öllu landinu væri skift í svo sem 5 kjördæmi. Þá er þetta atriði, sem mest hefur verið um talað milli þinga, kosningarrjetturinn. Frv. 1911 gaf öllum jafnt kosningarrjett hjúum sem húsbændum, konum sem körlum. Mjer finst fyllsta rjettlæti í þessu, en játa jafnframt, að sú bylting, sem leitt hefði af þessari miklu og snöggu breytingu, gat orðið þjóðinni hættuleg. En nú hefur háttv. Nd. reynt að fara bil beggja, þannig að allar konur fái atkv. sem karlar, og allir vinnumenn sem lausamenn, en hefur svo, til þess að afstýra, að öll þessi mörgu atkvæði kæmi á markaðinn í einu, sett ákvæði um, að fyrsta árið koma aðeins þeir til greina, sem eru fertugir og síðan lækkar aldursmarkið um eitt ár á ári, þar til aldur þessara nýju kjósenda mætir hinu almenna lögákveðna aldurslágmarki. Þetta er hyggilegt, en rjettlátt er það ekki. Og jeg veit ekki, hvað verður úr öllum kvenrjettindahávaðanum með þessu ákvæði, því það kemur aðallega niður á kvenþjóðinni, því vinnumenn eru svo hvarflandi, að annað árið eru þeir í lausamensku, en hitt vinnumenn.

Álít jeg, að konur eigi að hafa sama rjett og karlar, og vinnumenn sama rjett og lausamenn, ef allri sanngirni er beitt, en til þess að engi bylting hlytist af þessari snöggu atkvæðafjölgun, vildi jeg láta þá eina fá atkvæðisrjett, sem óskuðu hans. Og mjer finst eðlilegt, að þeir, sem fá rjettinn, hafi líka einhverjar skyldur, þurfi að uppfylla einhver viss skilyrði. Og hafa mjer dottið í hug til þessa tveir vegir. Sá fyrri er sá, að allir, sem fengju atkvæðisrjett, greiddu einhver ákveðin gjöld í landssjóð, t. d. 3—5 kr. í fyrsta sinn sem þeir væru settir á kjörskrá, og ef þeir ekki vildu það, þá sýndi það áhugann, og ættu þeir þá ekki fyr að fá atkv.rjettinn, en gjaldið væri af hendi int. Síðari leiðin er sú, að allir leystu af hendi próf, er þeir fyrst væru settir á kjörskrá. Þetta ætti ekki að vera nokkurs konar barnapróf, heldur ættu þeir að gjöra grein fyrir stjórnarfari landsins, og ætti prófið að gefa þeim aðgang að kosningunum. Hef jeg hugsað mjer, að samin væri lítil kenslubók, líkt og gamla kverið hans Jóns Hjaltalíns, „Hvernig er oss stjórnað?“ Það er leiðinlegt, þegar þeir menn kjósa til þings, sem geta ekki greint umboðsvald frá dómsvaldi. Þetta ættu menn alment að geta greint sundur og eins að vita um skipun læknastjettarinnar. Eða þegar menn komast á þing, — og sjest mun það hafa hjer á þingi, — sem vissu ekki, að hreppstjórar hafa ekki sveitarstjórnarvald heldur lögregluvald. Þetta ættu allir að geta lært á einni viku, en margir vita það. En jeg get hugsað mjer, að konur, sem aldrei hafa sjeð heiðan himininn nema gegnum eldhússstrompinn, ljetu vera að kynna sjer þetta, en ef þær á annað borð hefðu nokkurn snefil af áhuga, mundu þær læra það í fljótu bragði. Jeg get ekki látið hjá líða að minnast á þetta, og koma með þessar uppástungur, þótt ekki komi jeg með neinar brtill., en það er einungis vegna þess, hve tíminn er naumur til að afgreiða þetta mál. En það var ein breyting, sem jeg sjerstaklega hefði viljað láta komast að, viðvíkjandi kvennþjóðinni, og hún er sú, að allar ekkjur og ógiftar konur, sem standa fyrir búi, fengju strax kosningarrjettinn, ef þær uppfylla aldursskilyrðið. Og það hefði aðeins verið til að bæta ofurlítið fyrir gamalt misrjetti. Jeg þekki konu, sem verið hefur ekkja í 30 ár, sjálf stjórnað búi sínu og alið upp 3 sonu, sem nú eru allir gildir bændur; hún hefur bygt steinhús á jörð sinni, og jeg hef ekki sjeð fallegri fjárhóp á einu býli en þar. Hún hefur um þetta 30 ára skeið goldið öll gjöld, sem gjalda ber, borið allar hinar borgaralegu byrðar, eins og hver annar búandi maður með hennar ástæðum, goldið tekjuskatt og yfir höfuð alla þá skatta, sem geta náð til gilds bónda, og að hugsa sjer, að nú, fyrst nú á þessu herrans ári 1913 á loks að veita henni rjett til að kjósa fulltrúa til alþingis með karlmönnunum. En hvað er gjört jafnframt? Setjum svo, að þessi kona hafi 6 eða 7 vinnuhjú á heimili sínu, þá er henni ætlað að drasla með sjö anda sjer verri á kjörfundinn, til þess kannske að láta þau bera sig ofurliða við kosninguna. Þetta álít jeg ranglátt. Að vísu getur verið, að eitthvert þeirra verði yngra en fertugt, þegar til kosninganna kemur, en á gömlu og góðu heimili er ekki oft skift um þjónustufólk, og má þá búast við, að það sje þar flest fullveðja. Þetta kalla jeg hneykslanlega meðferð á svona konu, að hún skuli ekki hafa haft atkvæðisrjett, og hún verður stöðugt að hugsa til þess, að hvaða labbakútur sem er, ef einungis hægt er að pína út úr honum 4 kr. í útsvar, á að ráða yfir öllu, sem hún leggur fram.

Í 11. gr. eru 2 ákvæði, sem jeg hefði ekki viljað skrifa undir, og eru um heimilisfestuna. Það virðist stríða á móti þessari frelsisöldu, sem nú gengur yfir, að vera um leið að setja kjósendum stólinn fyrir dyrnar, að þeir megi ekki kjósa þann

mann, sem þeir álíta bezt hæfan, ef hann á heima fyrir utan landssteinana. Ef við nú ættum annan Jón Sigurðsson niður í Kaupmannahöfn, mundi þetta ákvæði aldrei hafa komizt inn, en það gæti svo farið, að við eignuðumst hann, og jeg vildi óska, að svo yrði. Og hvaða meining er í því, að meina kjósendum að kjósa þann mann, sem til þingsetu er hæfur, ef hann er búsettur erlendis, en leyfa, að þeir kjósi hvaða arlaka, sem er, ef hann er hjer heimilisfastur.

Þá er ákvæðið um dómarana. Ef svo er, sem jeg efast ekki um, að nauðsynlegt sje, að dómarar blandi sjer ekki mikið í pólitik, þá ætti ekki að þurfa að girða fyrir það í stjórnarskránni, því að kjósendur ættu að sjá það sjálfir. Og þegar verið er að rýmka um kosningarrjett og mannfrelsi yfirleitt, þá kann jeg því illa, að tekið sje aftur með annari hendinni það, sem gefið er með hinni.

Þá kann jeg afarilla við ákvæðið í 18. gr. um gjaldskyldu þeirra manna til háskólans íslenzka, sem ekki tilheyra neinum viðurkendum trúarbragðaflokki. Þetta finst mjer athugavert og illa tilfallið. Það geta verið svo fámennir trúarbragða- eða kirkjuflokkar, að þeir myndi ekki neinn sjerstakan söfnuð, og vil jeg þá ekki láta neyða þá til gjalda til háskólans eða annara stofnana, sem þeim eru óviðkomandi, heldur væri eðlilegast, ef þeir endilega þyrftu að inna einhver gjöld af hendi, að þau gangi í sjóð til að styðja að trúmálaskoðunum þeirra.

Þá verð jeg að vera á sama máli sem hv. þm. Ísf. um, að ákvæðið um aukaþingkröfuna sje ekki heppilegt, og álít betur farið, að það hefði ekki komizt inn í stjórnarskrána. En svo kemur endahnúturinn á þessu öllu saman. Ef einhverntíma skyldi að því koma, að alþingi samþykti frumvarp um sambandslög milli Danmerkur og Íslands, þá á að leggja það frumvarp undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu. En jeg vil segja, að umboð fulltrúa þjóðarinnar verður þá ekki á marga fiska, ef kippa má því af þeim, og leggja það undir sjálfa umbjóðendurna, sem geta verið uppæstir af viltum „agitationum“, og það kanske í því máli, sem mest er virði og kjósendur hafa minst vit á. Þótt alt annað væri gott í frumvarpinu, þá er þetta stór ókostur. Það kunna margir að undrast, að jeg hef skrifað undir þetta nefndarálit fyrirvaralaust. Jeg ætlaði að skrifa undir það með fyrirvara, en það varð ekki af því, og jeg álít rjettast, að það komi til þjóðarinnar og hún skeri úr við nýjar kosningar, hvort hún vill taka frumvarpinu eins og það er.

Þjóðin á nú að kjósa nýja fulltrúa, með þetta fyrir augum, og þarf þetta mál ekki að kosta neitt aukaþing, þó því verði breytt, og mjer finst, þegar litið er á þessa mislitu þingmannaflokka, — á hið pólitíska ásigkomulag þingsins, að nýjar kosningar sjeu mjög svo heppilegar, og álít því, að frumvarpið eigi að ganga gegnum þingið, þó ekki væri nema fyrir þá sök eina. En þar að auki hefur það tekið nokkrum bótum frá því, sem áður var.

Ráðherra: Hv. þm. Isf. hefur óskað eftir, að jeg ljeti í ljósi skoðun mína um það, hvort „ríkisráðsákvæðið“ mundi verða til þess, að hamla því, að H. H. konungurinn staðfesti frumvarp þetta.

Eins og jeg lýsti yfir í hv. neðri deild, get jeg ekki sagt neitt um þetta. En það er mín persónulega skoðun, að hjer sje um mjög mikilsverða tilslökun til samkomulags að ræða frá þingsins hálfu. Alþingi hefur eftir þessu orðalagi í sjálfu sjer ekkert á móti því fyrirkomulagi, að málin sjeu borin upp í ríkisráðinu, heldur er því mótfallið, að það sje beinlínis ákveðið í stjórnarskránni.

Jeg fyrir mitt leyti álít, að það sje hentugra, að málin sjeu borin upp í ríkisráðinu en annarsstaðar, því að þar gefst

ráðherra Íslands færi á að svara þeim mótbárum, sem ella kynni að verða hreyft móti þeim á bak við hann, að honum fjarstöddum. Með þessu orðalagi er opnuð leið til þess, að þessu fyrirkomulagi verði haldið af praktískum ástæðum.

Jeg heyri sagt, að próf. Knud Berlin telji þessa breytingu engu betri en að sleppa ríkisráðsákvæðinu orðalaust; sjálfur hef jeg ekki lesið þá grein. Ef þetta er rjett haft eftir honum, lítur hann skakt á þetta. Það er allmikill munur á þessu og frv. frá 1911. Ef ekkert er ákveðið um uppburð málanna í stjórnarskránni, þá er opin leið fyrir alþingi til að semja lög um þetta og skifta sjer af því á annan hátt, en ef það er í stjórnarskránni, að það sje konungsins eins, að ákveða staðinn fyrir uppburð málanna, þá hefur alþingi afsalað sjer öllum ráðum í þessu efni á konungsvald. Ákvæði frv. er að ýmsu leyti heppilegt. Þeir, sem af „praktiskum“ ástæðum vilja láta bera málin upp í ríkisráðinu, fá sínu framgengt. Broddurinn er hinsvegar tekinn af ríkisráðssetunni. Hún byggist eftir þetta ekki á sjerstökum kreddum um afstöðu hins íslenzka löggjafarvalds, og af því verður engin ályktun dregin um það, að dönskum ráðgjöfum sjeu ætluð áhrif á sjermálin.

Eins og jeg sagði, get jeg ekkert um það vitað, hvort konungur muni láta sjer þetta orðalag lynda, þó að það óneitanlega sje tilslökun frá því, sem samþykt var hjer 1911. En hitt þykir mjer sennilegt, að nái frv. staðfesting konungs með þessari breyting á ríkisráðsákvæði stjórnarskrárinnar, þá verður það sett sem skilyrði, að jafnframt sje gefin út konungleg „resolution“, undirskrifuð af Íslandsráðherra, þar sem ákveðið væri, að íslenzk sjermál skuli borin upp í ríkisráðinu, og sje jeg ekkert á móti því.

Gagnvart þeirri mótbáru frá gamaldanskri hlið, að það sje nauðsynlegt vegna stöðu Íslands í ríkinu, að það standi berum orðum í stjórnarskránni, að málin skuli borin upp „í ríkisráði“, má benda á það, að það er ekki nefnt með einu orði í stjórnarskránum frá 1874 og 1903, hvar sjermálin skuli borin upp fyrir konungi. Af hverju stóð það ekki þar? Af því að það var ekki talið nauðsynlegt, þar sem ráðherann var þá, af „faktiskum“ og „praktiskum“ ástæðum, jafnframt danskur ráðgjafi, er sæti átti í ríkisráðinu, svo því þótti mega treysta, að hann færði konungi málin þar. Öðru máli var að gegna, er ráðherra fluttist heim, varð óháður dönskum stjórnarskiftum, og bar aðeins ábyrgð fyrir alþingi. Þá var talin nauðsyn að taka þetta fram, ekki eftir grundvallarlögunum, heldur af „pólitískum“ ɔ: *„praktiskum“* ástæðum, af því nauðsyn þótti að sjá svo um, að danskir ráðgjafar vissu jafnan, hvað fram færi í löggjöf vorri, vegna þess að Danmörk ber ábyrgðina *út á við*. Þetta takmark getur nú náðst, eins og jeg hef bent á, eftir orðalagi þessa frumvarps. Þessvegna hef jeg fremur von um framgang þess. Það er langt frá því að vera vissa. En á þessum grundvelli mun jeg fylgja frumvarpinu fram.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði frv.

Afstaða mín gagnvart þessu máli var í fyrstu sú, að rjettast væri að samþykkja ekkert stjórnarskrárfrumvarp að þessu sinni, og olli þar mestu um yfirlýsing konungs um, að ekki væri hægt að samþykkja stjórnarskrárfrv. síðasta þings án ríkisráðsákvæðisins, meðan óútkljáð væri um sambandsmálið. Taldi jeg ófært að ganga að svo stöddu, áður en útsjeð er um það mál, í berhögg við konung um þetta, en hinsvegar leitt fyrir alþingi, að víkja alveg frá kröfu sinni um úrfellinguna. En nú er sú aðalástæða fyrir frestuninni fallin burtu, þar sem náðst hefur þetta samkomulag hjer á þinginu. Við atkvæðagreiðslu í Nd. hef jeg fylgt meiri hluta

stjórnarskrárnefndarinnar að málum. Jeg álít frv. að mörgu leyti betra nú en 1911; mótbárur h. þm. Ísaf. tel jeg ekki mikilsverðar. Flutningur á embættismönnum úr einu embætti í annað, samkv. 4. gr. stjórnarskrárinnar, hefur lítið verið notaður, enda mega embættismenn kjósa um, hvort þeir vilja heldur lausn frá embætti með eftirlaunum eða flutninginn. Þetta má og ákveða um með einföldum lögum. Til þess þarf ekki sljórnarskrárákvæði. Um innborinna rjettinn sem skilyrði fyrir embættaveitingu má segja líkt og flutninginn á embættismönnum.

Jeg hefði kosið, að fleiri þm. Ed. væru kosnir hlutfallskosningum um land alt, en þar sem það tókst ekki að koma slíku ákvæði í frv., tel jeg rjettast, að sætta sig við þetta. Sjerstaklega er það bót í máli, að eftir þessu frv. má kjósa hina 8 úr sameinuðu þingi með hlutfallskosningu, sem hingaðtil hefur verið fyrirmunað.

Með þessu móti er von um að sporna megi við flokksofbeldi við þá kosning upp í Ed., svo að einn flokkur verði þar síður einráður um alt. Þetta gerir frv. stórum betra í mínum augum, og jeg get því sætt mig við, að það nái fram að ganga.

Sig. Eggerz, framsm.: Það var eitt atriði, er h. þm. Ísf. lagði mikla áherzlu á og mjer gleymdist að svara. Það var um kjörgengisrjettarskilyrðið. Hann lagði áherzlu á, að innborningsrjettur væri skilyrðið. En hann hefur ekki athugað, hvernig þetta er í núverandi stjórnarskrá. Samkv. 18. gr. stjórnarskrárinnar er nóg, að þeir hafi síðustu 5 ár verið í löndum þeim í Norðurálfunni, er liggja undir veldi Danakonungs. Þetta ákvæði er því miklu íslenzkara en núgildandi ákvæði. Nú er nóg, að þeir hafi síðustu 5 ár verið t. d. í Grænlandi. Eftir þessu verða þeir að hafa átt lögheimili hjer á landi síðustu 5 árin. Frá sjónarmiði h. þm. Ísf. (S. St.) er ákvæði frv. því betra, en ákvæði stjórnarskrárinnar. Og mjer sýnist ákvæði frv. sanngjarnt. Þá er þeir hafa dvalið hjer svo lengi, eru þeir orðnir bundnir ýmsum böndum við löndin. Jeg sje því enga ástæðu til að breyta þessu ákvæði.

Þá er jeg heyrði ræðu h. þm. Strand. (G. G.), lá mjer við að biðja guð að varðveita mig fyrir vinum mínum, því að *„kritik“* hans á frv. var æðimikil. En þar sem hann ætlar alt fyrir það að greiða frumv. atkvæði, skal jeg ekki svara honum mjög miklu.

Þar sem h. þm. vildi gera peningaeign að skilyrði kosningarrjettar, er jeg honum ósammála. Að setja einhver prófskilyrði fyrir honum, tel jeg of umsvifamikið og óeðlilegt. Auðvitað er það æskilegt, að kjósendur öðlist þann þroska, að þeir verði sem allra færastir að beita kosningarrjetti sínum. En afleiðingin af rýmkun kosningarrjettarins er sú, að koma þarf fræðslumálum landsins í sem allra bezt horf, verður að leggja enn meiri áherzlu á þau en áður. Þar sem hann talaði um kosningarrjett kvenna og 7 andanna, get jeg heldur ekki verið honum samþykkur. Jeg álit, að enginn stjettamunur eigi að eiga sjer stað, sízt lögskipaður. Ef vinnuhjú gegna starfi sínu vel og skipa stöðu sína með sæmd, þá fæ jeg ekki sjeð annað, en að þau eigi skilið, að þjóðfjelagið veiti þeim þennan rjett.

Að því er snertir heimilisfestuna sem skilyrði fyrir kjörgengi, þá tel jeg slíkt rjettmætt. Jeg skal játa, að dæmi Jóns Sigurðssonar mælir ekki með því. En þau dæmi eru svo fá, að það er ekki hægt að miða við það í löggjöfinni.

Jeg get heldur ekki tekið undir ummæli h. þm. Strand. um ríkisráðsákvæðið. Það er ekki í frv. að neinu leyti hopað frá því, að það eigi ekki að bera málin þar upp. Í 1. gr. frv. segir, að lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skuli bornar þar upp, er konungur ákveður. Við vitum ekki, hvar kon-

ungur ákveður, að það verði. Jeg sje því ekki neinn hag í þessu.

Þá fór h. þm. Strand. hörðum orðum um það nýmæli, að breytingar á sambandinu milli Íslands og Danmerkur skyldu bornar undir atkvæði allra kjósenda í landinu. Hjer er jeg honum mjög ósammála og nmmæli hans um þroska kjósenda voru næsta óviðeigandi. Þess verður að gæta, að fyrir utan þennan sal er fjöldi manna, sem hafa eins vel vit á stjórnmálum og þingmenn sjálfir. Hann óttaðist, að æsingar meðal kjósenda mundi verða góðum breytingarákvæðum að falli. En það geta komið upp æsingar á þingi og mál orðið afgreitt í flaustri og flýti á einu þingi. Það er einmitt mjög hættulegt, að hægt skuli vera að ráða málum til lykta á einu þingi. Stjórnarskrárbreyting verður ekki leidd til lykta á minna en 2 þingum, og mjer finst einsætt, að ekki ólík tryggingarákvæði verði sett um breytingar á sambandi Íslands og Danmerkur. Jeg tel, þetta eitthvert allra bezta nýmælið í frv., og meðal annars þessvegna er jeg frv. mjög fylgjandi.

H. ráðherra áleit, að sambandsmálið ætti að ganga á undan þessu máli (*Ráðh.*: Nei, það var ekki meining mín). Það gleður mig. Horfur í sambandsmálinu eru ekki heldur svo vænlegar. Það yrði og að líða lengi, ef ætti að bíða þess, að Danir sintu kröfum okkar í sambandsmálinu. Í því máli verður aðeins að setja markið hátt, slaka ekki á kröfunum, en halda því jafnt og þjett í horfinu.

Guðjón Guðlaugsson: Með 7 öndunum átti jeg við það, að svo gæti farið, að þessir 7 andar sæktu kjörfund, en konan yrði að sitja heima, því að ekki geta allir farið að heiman.

H. þm. V.-Skf. var ósammála mjer um nýmælið um breytingur á sambandinu milli Íslands og Danmerkur. Það er heimskulegt að ætla sjer að telja manni trú um, að 80 þús. hafi eins vel vit á því máli og 40 menn kosnir af 80 þús., og h. þm. hefur gert lítið úr sjálfum sjer með því að láta slíkt út úr sjer. Það hefði verið eðlilegt, að farið hefði verið hjer eins að og við breytingar á stjórnarskránni, þing rofið og efnt til nýrra kosninga. Þannig hefði átt að undirbúa málið og leita vilja þeirra. Þeir gátu sýnt vilja sinn og dæmt um málið með kosningu nýrra fulltrúa. Jeg sje ekki annað, en að með þessu sje þingræðinu breytt í skrílræði.

Sigurður Eggerz, framsm.: Jeg hef mikla tilhneyging til að fyrirgefa nú vegna þess, hve horfur þessa máls eru góðar, og ætla jeg að fyrirgefa h. þm. Strand. (G. G,), að hann kallaði ummæli mín heimskuleg. Hann snjeri út úr fyrir mjer. Jeg átti aðeins við leiðandi menn utan þings, en ekki allar þessar 80 þús. Landið væri illa komið, ef þessir 40 þingmenn væru einu vitru mennirnir í landinu, og enn ver, ef þeir væru vitrustu mennirnir.

ATKVGR.:

1. gr. frumv. samþykt með 12 samhlj atkv.

2. gr. frumv. samþykt með 11 samhlj. atkvæðum.

3. gr. frumv. samþykt með 11 samhlj. atkv.

4. gr. frumv. samþykt með 11 samhlj. atkvæðum.

5. gr. frumv. samþykt með 10 samhlj. atkv.

6. gr. frumv. samþ. með 11 samhljóða atkvæðum.

7. gr. frumv. samþykt með 11 samhlj. atkv.

8. gr. frumv. samþykt með 7 samhljóða atkv.

9. gr. frumv. samþykt með 10 samhlj. atkvæðum.

10. gr. frumv. samþykt með 8 samhlj. atkv.

11. gr. frumv. samþykt með 8 samhlj. atkvæðum.

12. gr. frumv. samþykt með 9 samhlj. atkv.

13. gr. frumv. samþykt með 11 samhlj. atkvæðum.

14. gr. frumv. samþykt með 11 samhlj. atkv.

15. gr. frumv. samþ. með 11 samhlj. atkvæðum.

16. gr. frumv. samþykt með 11 samhlj. atkv.

17. gr. frumv. samþykt með 11 samhlj. atkvæðum.

18. gr. frumv. samþykt með 11 samhlj. atkv.

19. gr. frumv. samþ. með 11 samhlj. atkvæðum.

20. gr. frumv. samþ. með 11 samhlj. atkv.

21. gr. frumv. samþykt með 9 samhlj. atkv.

Ákvæði um stundarsakir samþykt með 11 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

51. fundur. Miðvikudaginn 10. september, kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

1. *Frv. til stjórnarskipunarlag um breyting á stjórnarskrá um hin sjrstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1014 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1913;* 3. umr.

Sigurður Eggerz, framsm: Jeg hef að sinni engu við það að bæta, sem jeg tók fram við síðustu umræðu. Jeg vil nú að eins láta þá ósk í ljós, að í dag verði frv. samþykt og er jeg þá sannfærður um, að þessi dagur verður kallaður heilladagur í sögu þjóðarinnar.

Jósef Björnsson: Það gladdi mig, er jeg sá, að nefndin, sem í málið var skipuð, gat einróma ráðið til þess, að deildin samþykti frumvarpið óbreytt. Þær tillögur nefndarinnar gáfu von um, að frumv. næði fram að ganga, og jeg vona að svo verði, þótt ýmislegt hafi að frumv. verið fundið og það jafnvel af sumum nefndarmönnum, svo sem háttv, þm. Strand. (G. G.)

Eins og alkunna er, þá hefur þjóðin fyrir allmörgum árum síðan fastlega óskað eftir breytingum á hinni nú gildandi stjórnarskrá. Þessar óskir þjóðarinnar hafa ekki rjenað heldur þvert á móti eflzt ár frá ári, af því menn hafa fundið æ betur og betur til gallanna, sem lagfæra þurfti. Og í þessu hafa menn ekki skifzt mikið eftir flokkum; allir hafa viljað fá breytingu á ýmsum atriðum, svo sem því að konungkjör þingmanna legðist niður, og fjöldi manna hafa viljað auka kosningarrjettinn, að afnema mætti eftirlaun og aðskilja ríki og kirkju með einföldum lögum o. s. frv.

Stjórnarskrárbreytingin, sem samþykt var á þinginu 1911, var framkomin fyrir þessar eindregnu óskir þjóðarinnar, og þótt mönnum líkaði þær ekki alment í öllum atriðum, þá kom það þó í ljós við kosningarnar fyrir aukaþingið 1912, að mikill meiri hluti af kjósendum landsins sættu sig við, að það frv yrði samþykt óbreytt, fremur en að málið yrði dregið eða því telft í tvísýnu. En þegar svo mikill meiri hluti þingmálafunda var því samþykkur á undan aukaþinginu 1912, að málinu skyldi frestað, þá var það aðeins vegna samkomulagstilraunanna um sambandsmálið, sem þá voru á ferðinni, en ekki vegna þess, að áhuginn á framgangi málsins hefði dofnað hjá mönnum. — Og þó að lítill áhugi á málinu virðist hafa sýnt sig á þingmálafundum í vor, þá stafar það eingöngu af, að menn voru alment hræddir um, að ríkisráðssetuákvæðið yrði sá ásteit-

ingarsteinn, sem alt málið strandaði á, en vildu þó ekki hopa á hæl í því atriði.

Jeg lít nú svo á, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, sje að mörgu leyti betra, en frv. frá 1911. Það er víst, að margir af kjósendum landsins hafa ekki að öllu leyti getað sætt sig við það frv., enda hafa mótbárurnar á móti því verið allríkar, þótt þær hafi ekki verið mjög almennar.

Einna mest hafa menn haft á móti rýmkun kosningarrjettarins. Mörgum hefur vaxið í augum að auka kjósendatölurna svo mjög alt í einu, sem ráð var gjört fyrir í frv. frá 1911. En nú er bætt úr þessu á þann hátt, sem jeg hygg, að allir megi vel við una. Konur eiga nú að fá kosninnarrjett, eins og *sjálfsagt er*, og hjú líka, svo að þau verði ekki fyrir rjettindamissi fyrir vistarráðin. En þetta á ekki að gjörast alt í einu, heldur smámsaman en þó á fáum árum og er það æskilegt fyrir þá, sem óttuðust, að ofsnöggar byltingar í þjóðlífinu mundu leiða af þessu, en hins vegar er það vel viðunanlegt fyrir fylgismenn hins almenna kosningarrjettar.

Jeg tel því þessa leið góða. Háttv. þm. Strand. nefndi við síðustu umræðu tvær aðferðir, sem hann hefði heldur viljað hafa. Það, sem hann vildi hafa, var annaðhvort kosningarskattur, — gjald fyrir að komast á kjörskrá — eða þá einskonar próf um stjórnmálaþroska.

Báðar þessar aðferðir tel jeg mjög gallaðar. Kosningarskatturinn gæti orðið greiddur af einum fyrir marga, og atkvæði kjósenda þannig keypt á sinn hátt. Að minsta kosti hefur þetta orðið reynsla manna annars staðar og eins gæti farið hjer. Og prófin hygg að mundu reynast mjög lítilsverð. Mjer skildist, að kröfurnar við þau ættu að vera mjög litlar, eftir því sem hinn háttv. þm. hafði hugsað sjer, og þegar frá prófi liði, gæti sumum gleymzt það lítið, sem þeir hefðu lært fyrir próf. — Jeg hygg því að kosningarrjettarákvæði frvs., eins og það nú liggur fyrir, sjeu miklu betri. —

Þá hafa sumir haft á móti fjölgun ráðherra nú þegar. Hafa þeir talið nóg, að hægt væri að fjölga ráðherrum með einföldum lögum og verð jeg að játa, að jeg er einn í tölu þeirra manna, sem telja þá leið betri, en að breyta frá því, sem nú er, og fastákveða tölu ráðherra í stjórnarskránni. Samkvæmt frv. verður nú altaf hægt að gjöra þessa breytingu, þegar þörf krefur, og því vel sjeð fyrir þessu atriði.

Það tel jeg og hinn mesta kost á frv., að samkvæmt því á að fara fram almenn atkvæðagreiðsla um sambandsmálið, áður en því verður ráðið til lykta. Það verður aldrei nein blessun að sambandslögum, sem þjóðin vill ekki eða er mjög óánægð með. Háttv. þm. Strand. talaði um, að með þessu ákvæði væri eins og umboðinu væri svift af fulltrúum þjóðarinnar. Þetta er alveg rangt. Svo sem allir vita, eru stjórnarskrárbreytingar jafnan bornar undir kjósendur með nýjum kosningum, og hafa þjóðfulltrúarnir umboð sín óskert eigi að síður. Hjer er um aðferð að ræða, sem er mjög líkleg til þess að afla sambandsmálinu fylgis og vinsælda, ef hún kemst á, og það tel jeg mjög mikils vert.

Ríkisráðsetuákvæði frvs. verð jeg að telja allviðunandi eftir atvikum. Eins og hæstv. ráðh. tók fram við síðustu umræðu, eru allmiklar líkur til þess, að það verði ekki frv. að falli eins og það er nú orðað. Og vjer höfum ástæðu til að vona, að það geti haft líka þýðingu eins og ákvæði frvs. 1911. — Það er þó mikill galli, að þinginu hefur ekki verið útveguð nokkurveginn vissa um þetta atriði. Stjórnin hefði átt að taka málið, — sem á þinginu 1912 var aðeins frestað, — í sína hönd, þegar hún sá, að útsjeð var um framgang sambandsmálsins í bráð. Hún hefði átt að leggja fram stjórnarfrv. um málið, og þá hefðu menn að líkindum ekki þurft að

þota blint í sjóinn um þetta atriði. En stjórnin hefur ekki gjört það, og verð jeg að telja það mikla ávirðing.

En nú vænti jeg að málið gangi fram, og að þjóðin sætti sig vel við það og að frv. verði svo samþykt á næsta alþingi.

Ef það heppnast, þá tel jeg vel farið.

Sigurður Stefánsson: Jeg hef enn ekki fengið fullnægjandi svar upp á athugasemdir mínar um úrfellingarnar úr 4. gr. stjórnarskrárinnar, og stendur því alt óhrakið, er jeg hef sagt um þessar úrfellingar; að vísu hefur frsm. afsakað þessa meðferð á greininni með því, að þessu mætti breyta með einföldum lögum; nokkur bót kann það að vera.

En á hinn bóginn vil jeg lýsa yfir því, að jeg lít svo á, að það ætti að vera sem minst af slíkum undantekningarákvæðum í stjórnarskránni. Og hún á að vera fastari fyrir en svo, að hver einstakur þingmaður geti farið fram á að breyta henni með einföldum lögum, því hver breyting á stjórnarskránni á að vera komin fram af knýjandi ástæðum, en ekki af stundaruppþoti einstakra þingmanna. En auðvitað kemur þetta til hjá mjer, af því að jeg er íhaldssamur maður. Jeg vil taka það fram viðvíkjandi 4. gr., að jeg veit það vel, að það má setja þessi skilyrði með einföldum lögum. Jeg þekki þessi ákvæði um kunnáttu í íslenzku sem skilyrði fyrir embættisveiting fullvel. H. þm. V.-Skf. þarf ekki að minna mig á þau. H. frsm. sagði, að kosningarrjettarskilyrðin væru miklu íslenzkari í þessari stjórnarskrá en í þeirri, sem nú er í gildi. Þetta sannar ekki, að skilyrðin megi ekki gera enn íslenzkari. Það getur enn farið svo, að land fyllist, áður en langt um líður, af útlendum skríl, og er hart að hann hafi sama rjett og innbornir menn. Og það verður þó svo, ef rjettur innborinna manna er ekki eitt af kosningar- og kjörgengis-skilyrðunum. Viðvíkjandi þeim getsökum, að jeg vilji spilla fyrir málinu, þá mun atkvæðagreiðslan leiða það í ljós, hvort svo er eða ekki.

Steingr. Jónsson: Jeg býst við, að frv. þetta verði samþ., en mjer finst málið svo mikilvægt, að mjer finst rjett að gera samt sem áður grein fyrir atkvæði mínu og lýsa skoðun minni á frv. Ef það hefði komið svo snemma fyrir deildina, að hún hefði getað athugað málið rækilega, mundi jeg hafa komið fram með breytingartillögur, en nú er það þýðingarlaust.

Jeg skal ekki neita því, að frv. þetta hefur talsvert mikla kosti til að bera, og mun jeg því ekki greiða atkvæði á móti því. Það er að minsta kosti eitt atriði, sem þar er ráðin bót á, og sem allir landsmenn eru sammála um; það er afnám konungkjörinna þingmanna. Jeg viðurkenni, að það er nauðsynlegt vegna þingræðisins, því að með okkar fámenna þingi samrýmast þingræði og konungkjörnir þingmenn ekki. Aðalástæðan fyrir því, að rjett er að afgreiða þessa stjórnarskrá, er líka þetta.

Þá er annað atriði, það er kosningarrjetturinn. Þar finst mjer rjett að greina á milli tvens. Annarsvegar, að bætt er úr órjetti. Má þar fyrst nefna að konur, sem eru í sjálfstæðri stöðu, hafa ekki átt kosningarrjett. Þær hafa í um 30 ár haft kosningarrjett til sveitastjórna og alt rjettlæti heimtar, að þær fái einnig kosningarrjett til alþingis. Í annan stað er útsvarsgreiðslan afnumin sem skilyrði fyrir kosningarrjetti. Slíkt skilyrði er ekki rjettmætt, eins og skattalögum er nú háttað hjer á landi. Þetta hvortveggja er mjög til bóta. En það hefur verið gengið lengra, og jeg álít, að þingið svigni þar fyrir straumi, sem gengur yfir löndin, svo mjög, að það er vafamál, hvort það er holt fyrir okkur; athugavert, hvort við svignum ekki um of fyrir straumþunganum. Að minsta

kosti finst mjer, að það hefði mátt dragast lengur. Á meðan þessir menn, sem hjer er veittur kosningarrjettur, hafa ekki fengið æfingu í að nota hann rjett á ýmsum svigum öðrum, svo sem í sveitarstjórnarmálum, er mikið vafamál hvort þetta verður til góðs, og finst mjer því, að við rennum hjer dálítið blint í sjóinn. En þetta frv. er betra en frv. 1911 að því leyti fjölgunin kemur ekki öll í einu, heldur smámsaman á 7—8 árum. Þá getur líka komið til greina, hvort þetta samrýmist hjúalögunum okkar, hvort þau lög leyfa hjúum það frjálsræði, sem nauðsynlegt er til þess, að geta neytt þessa rjettar, sem þeim er hjer veittur. Þá er 3. atriðið, sem jeg álít þýðingarmikið. Það er afnám ríkisráðssetuákvæðisins úr stjórnarskránni. Þetta atriði er mjög þýðingarmikið fyrir það, að hjer gerum við tilboð til Dana, um að leiða þetta spursmál til lykta með samvinnuþýðleik, og held, jeg að þetta geti með engu móti spilt samvinnunni við Dani. Menn geta að vísu spurt, hvað sje unnið með þessu. Málin verði eftir sem áður borin upp í ríkisráði Dana. Það er tvent unnið; fyrst að það er viðurkent, að þetta mál sje sjermál, og hitt, að ekki þarf annað en að ráðherra undirskrifi með konungi „resulution“ um, að þessi mál verði ekki borin upp í ríkisráðinu, til þess að því verði hætt. Jeg skal ekki segja um, hvort þetta verður samþykt, en jeg álít, að aðferð okkar sanngjarna og afstöðu okkar til Dana því góða. Vegna þessara atriða, sem jeg hef nú talið, mun jeg ekki greiða atkvæði á móti frv.

En jeg finn galla og þá all-verulega á frv. Aðalgallinn virðist mjer vera, hvernig skipun efri deildar er fyrir komið, því það er skoðun mín, að heppilegast sje, að efri deild sje öll hlutfallskosin. Jeg álít, að hún eigi að vera fulltrúi þeirra manna, sem hafa borið og bera enn byrðar þjóðfjelagsins. Þetta er viðurkent að nokkru leyti með því, að aldurstakmarkið fyrir kosningarrjetti við kosningu hinna sjálfsögðu efrideildarmanna er hærra og þetta væri gott, ef deildin öll væri kosin á sama hátt. Hvort menn kalla þetta íhald, skiftir ekki máli, en það liggur í hlutarins eðli, að af ákvæðunum um kosningu 8 þm. af sameinuðu þingi til Ed. leiðir, að yngri menn, og fjöldinn yfir höfuð ræður mestu eða að minsta kosti miklu um of, hvernig hún er skipuð. Mjer er það mjög ógeðfelt, að einir 6 menn eru kosnir á þennan rjetta, hátt og þótt það bæti nokkuð úr, að þeir 8, sem kosnir eru af sameinuðu alþingi, eru kosnir með hlutfallskosningu, þá er það þó ekki nægilegt að minni hyggju. Þetta gerir það að verkum, að jeg álít að þetta geti aðeins orðið bráðabirgðar fyrirkomulag, og þjóðin þarf að athuga það vel, hvort ekki er nauðsynlegt að breyta þessu á næsta þingi, því þótt það kosti að vísu nýjar kosningar, þá kostar það þó ekki aukaþing, því að reglulegt alþingi verður haldið árið 1915, eins og venja er til. Auk þess vona jeg, að þess verði ekki langt að bíða, að við fáum góða samninga við Dani, um sambandsmálið, og þá verður stjórnarskránni að sjálfsögðu breytt, og þetta atriði væntanlega tekið til athugunar.

Sú mótbára hefur aðallega verið færð fram á móti því, að hafa fleiri en 6 þm. hlutfallskosna, að þá yrði að breyta kjördæmaskipun landsins. En þessi mótbára er mjög veigalítil, því að það þarf að breyta kjördæmaskipuninni hvort sem er áður langt um líður; það er þannig óhæfa, að 6 þm. mæli fyrir 8 þús. manna, en einungis 2 fyrir 13 þús. hjer í Reykjavík. Það getur verið rjett, að höfðatalan ráði ekki eingöngu við kjördæmaskipunina, en þetta er þó að hafa algerlega hausavíxl á rjettu og röngu.

Þá er annað atriði, sem er mjög athugavert, og það er að innleiða þjóðaratkvæði um sambandsmálið. Jeg get hugsað, að þetta geti reynzt mjög óheppilegur slag-

brandur fyrir samningum milli landanna, og er þá illa farið. Það er að vísu ekki mikið um að tala, ef að ræða er um samninga eins og uppkastið frá 1908, þar sem gerð eru lög um sambandið í heild sinni, en ef semja á um einstök atriði, get jeg hugsað, að þetta reynist mjög óheppilegt, og hygg, jeg að þetta hafi ekki verið athugað sem skyldi.

Auk þessa, sem jeg nú hef tekið til athugunar, eru ýmsir gallar á frv., sem jeg tel ekki svo mikils umvert, að vert sje að breyta því af þeim ástæðum, eða hindra framgang þess fyrir það. Það er t. d. undarlegt, hvernig frv. hefur nærri því skafið út 4. gr. stjórnarskrárinnar, og jeg hef ekki fundið neina ástæðu færða fyrir því, hversvegna það er gert. Jeg vil benda á eitt: rjett konungs til að flytja embættismenn. Því hefur að vísu lítið verið beitt, en hjer kemur þó fram tiltilhneiging til þess að rýra konungsvaldið, og það finst mjer ekki heppilegt. Ef hjer er hætta á misbrúkun þá, er sjálfsagt að þetta sje afnumið, en sú hætta er alls ekki til staðar. Sama er að segja um kunnáttu í íslenzkri tungu; því ákvæði er full ástæða til að halda, á meðan við höfum sama konung sem Danir. Þá er og eitt atriði í 11. gr., sem jeg kann illa við, það er útilokun dómara, sem ekki hafa umboðsstarf á hendi, frá kjörgengi. Jeg álit, að okkar fámenna land sje ekki svo efnað af færum mönnum, að það megi við því að banna dómurum þingsetu. Það gæti þó verið meining í þessu, ef mögulegt væri að banna þeim algerlega að fást við stjórnmál, en að banna þeim þingsetu en leyfa þeim að fást við stjórnmál að öðru leyti, er gagnslaust. Jeg álit, að þeir verði ekki síður háðir flokksæsingum fyrir þetta, þótt þeir megi ekki sitja á þingum.

Þá get jeg tekið undir það, að mjer finst óþarft að útiloka menn búsetta í Danmörku frá þingsetu, og mjer finst þetta hafa þann blæ, að það beinist nokkuð móti einstökum manni. Finst mjer það ekki vel viðkunnanlegt. Það virðist engin ástæða til þess að útiloka menn búsetta í Danmörku frá þingsetu, ef þeir geta fengið fylgi kjósenda, svo að nægilegt sje til þess að ná kosningu.

Sig. Eggerz, framsögumaður: Ýmsum af atriðum þeim, sem hefur verið hreyft hjer, hef jeg þegar svarað áður, og nægir mjer því að mestu leyti að vísa til þess, sem jeg hef tekið fram hjer á undan. H. þm. Ísaf. lagði enn mikla áherzlu á, að það skyldi ekki hafa verið tekið upp í stjórnarskrána. að innborinna rjettur skyldi vera skilyrði fyrir embættum hjer á landi. Þartil er því að svara, að fyrst og fremst má breyta þessu með einföldum lögum, og í öðru lagi er ekki eðlilegt að binda ofmikið við þann rjett, sem við veitum ekki sjálfir. Þá lagði hann mikla áherzlu á, að ekki er ákveðið, að sýna þurfi kunnáttu í máli landsins.

En hvaða ástæða er til að taka slíkt ákvæði upp í stjórnarskrárfrv. Það er eins sjálfsagt og mest má vera, og enginn fær embætti án þess að kunna málið. Svo sjálfsagt er þetta, að engri þjóð, sem finnur nokkuð til sín, mundi, detta í hug, að setja slíkt ákvæði í stjórnarskrá.

Og enn vil jeg minna hv. þm. á konungsbrjef 8. apríl 1844, þar sem það er gjört að skyldu, að embættismenn hjer á landi kunni íslenzku; það þarf því ekki ákvæði um þetta í stjórnarskrána.

Þá mintist háttv. sami þm. á ríkisráðssetuákvæðið. Hann ljet það í ljósi í gær, að hann bæri kvíðboga fyrir, að frumvarpið yrði ekki samþykt vegna þess. En eigum við þá aldrei að breyta stjórnarskránni vegna þessarar hræðslu. Og hvaða ástæða er til að ætla, að konungsvaldið setji sig á móti jafn eðlilegum og sjálfsögðum kröfum og hjer er að ræða um.

Yfir höfuð sje jeg ekki betur, en að

mótbárur háttv. þingmanns sje með öllu hraktar. *(Sig. Stefánsson:* Öðru nær).

Háttv. þm. (S. St.) sagðist vita, að breytingartillögur sínar yrðu ekki teknar til greina, og því hætti hann við að koma fram með þær. En úr því svo er, hvaða ástæða er þá til alls þessa hávaða og fáryrða yfir því, að málið var ekki tekið út af dagskrá í gær.

Háttv þingm. fórust orð á þá leið, að hann ljeti það ekki ráða skoðunum sínum, hvort þær öfluðu honum lýðhylli eða eigi. Um það er jeg honum sammála, að illa væri farið, ef menn hjeldu þeim einum skoðunum fram, sem menn hjeldu að mundu bergmála bezt í hvert skifti. En hinu má þá heldur ekki gleyma, að það er engin dygð að halla skoðunum sínum til eftir stjórnarhylli. *(Sig . Stefánsson*: Á nú að fara að bregða mjer um stjórnarfylgi?).

Jeg er aftur sámþykkur háttv. þm. Ísf. (S. St.) um fjölgun ráðherra. Jeg tel einum manni ofvaxið að hafa það starf með höndum. Afleiðingin af því verður sú, að skrifstofuvaldið verður of sterkt, og varla við því að búast, að ábyrgðarlausir menn verði ráðherra eins hollir í ráðum og þeir, sem bera ábyrgð á ráðum sínum.

Háttv. þingm. taldi það mikinn ókost á frumvarpi þessu, að mörgum ákvæðum þess mætti breyta með einföldum lögum. Um þetta er jeg honum engan veginn sammála, þvert á móti tel jeg það kost, að hægt er að breyta ýmsum atriðum, sem ekki eru kjarnaatriði í stjórnarskránni, án þess að þingrof eða nýjar kosninger þurfi. Ekki get jeg fallizt á það, að rjett sje að heimta innborinna rjett sem skilyrði fyrir kjörgengi og læt mjer nægja að vísa til þess, sem jeg hef áður sagt um þetta atriði. Vil aðeins bæta því við, að það er hart að útiloka þá menn, sem hjer hafa dvalið um lengri tíma og unnið landinu vel, frá þessum rjettindum.

Þá er háttv. 3. kgk. þm. Hann talaði um kosningarrjett kvenna og var hlyntur honum, en þótti á hinn bóginn farið oflangt í þessu frv., og yfirleitt þótti honum ákvæðin um kosningarrjettinn heldur víð, einkum andæfði hann því, að veita vinnuhjúum hann. Þessu er jeg algerlega mótfallinn. Jeg tel það sjálfsagða skyldu þjóðfjelagsins að veita þennan rjett. Það er ekki rjett að hafa lögskipaðan stjettamun í landinu. Hvernig geta menn ímyndað sjer, að hægt verði að fá menn í vist, ef hjúastaðan er svo rjettlág, sem háttv. 3. kgk. þm. kýs. Það er móðgun við stjettina að neita þeim um þennan rjett. Þeim vinnumönnum hlýtur að sárna að sitja heima, er menn ríða til kosninga. Afleiðing þessarar stefnu verður sú, að stjettin hverfur.

Þá taldi háttv. 3. kgk. efri deild ekki nógu íhaldssama. Aftur hjer er jeg honum ósammála; tel það öldungis nægilegt, þar sem 6 þingmenn eru kosnir til 12 ára; þingrof nær ekki til þeirra og enginn hefur kosningarrjett til efri deildar nema hann sje 35 ára að aldri. Jeg sje ekki ástæðu til meira íhalds en þetta. Ef öll efri deild hefði verið kosin hlutfallskosningum, þá hefðu aðallega Reykvíkingar skipað hana, og þá er líklegt, að Reykjavíkur áhugamálin höfðu staðið í efri deild gegn áhugamálum landsins alment í neðri deild. Þetta tel jeg mjög óheppilegt.

Um kjördæmaskipun er þarfleysa að fjölyrða; ef hún er óheppileg, má breyta henni. Það kemur ekki þessu frv. við.

Þá þótti háttv. sama þm. ákvæðið um þjóðar atkvæðið í sambandsmálinu athugavert. Tvö þing eru henni leið til að breyta stjórnarskránni, og því skyldi þá ekki að minsta kosti jafn mikil skilyrði vera henni leið til breytinga á sambandinu milli Danmerkur og Íslands. Það er mjög varhugavert, að eitt þing geti ráðið slíku stórmáli til úrslita. Á æsingatímum getur slíkt orðið til stórtjóns og valdið þeim óþægindum, er við verðum að búa að um langan aldur. Jeg tel það

liggja í hlutarins eðli, að hjer þarf að búa vel um hnútana og tryggja, að slíkt komi ekki fyrir.

Sigurður Stefánsson: Aðeins örstutt athugasemd.

Það þurfti ekki að fræða mig um konungsbrjefið 1844. En þó að það væri 30 ára gamalt 1874, er stjórnarskráin var gefin út, þótti dönsku stjórninni ástæða til að setja ákvæði þessa konungsbrjefs um kunnáttu á máli landsins inn í stjórnarskrána. Jeg sje ekki annað, en að þingið með því nú að sleppa þessu ákvæði úr 4. gr. stjórnarskrárinnar sje danskara en danska stjórnin var 1874, og er þó ekki á bætandi. Þó að það hafi ef til vill ekki mikla „praktiska" þýðing, þá á það illa við, að Íslendingar sjálfir striki þetta út alveg að ástæðulausu, og jeg tel það jafnvel ganga óhæfu næst.

Það var þessi athugasemd, sem jeg vildi gera um frv.

Jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, þótt mjer sje brugðið um stjórnarfylgi. Jeg fylgi henni og skammast mín ekkert fyrir það, þótt illa kunni það að láta í eyrum þeirra, sem jafnan skima í allar áttir eftir hylli fjöldans og því tel jeg alveg óþarft að stinga að mjer þeirri pillu.

Jeg skal og bæta því við, að jeg tel fjölgun ráðherra hina mestu nauðsyn, og því liggi á að koma henni sem allra fyrst í framkvæmd, þó ekki sje litið á annað en undirbúning málanna undir alþing frá stjórnarinnar hálfu. Þá er jeg lít á undirbúning mála undir þing, dylst víst fáum, hve ábótavant honum er, sem stafar af því, að einn maður fær ekki annað þessum mikla og margháttaða undirbúningi. Ef menn kjósa sjer afkastasama stjórn, má í rauninni enginn tími líða, þar til þessari bráðnauðsynlegu breyting er komið á stjórnarskipun vora; þessvegna hefði átt að setja það nú þegar í stjórnarskrána; á hinn bóginn má búast við því, að þeir, sem tala hæst við alþýðu móti embættafjölgun og eftirlaunum og kalla alla embættafjölgun óhæfa, hversu þörf sem hún er, fái skotið loku fyrir þessa bráðnauðsynlegu breyting um langan tíma.

Sig. Eggerz, frsm.: Stutt athugasemd við 4. gr.

Háttv. þm. Ísf. (S. St.) verður að gæta þess, að nú stendur öðruvísi á, en þegar stjórnarskráin var samþykt. Þá var það venja að skipa embættin aldönskum mönnum. Nú er þessu breytt svo mjög; menningin hefur vaxið svo mikið, að það liggur við, að það væri móðgun við þjóðina að setja þetta ákvæði í stjórnarskrána nú.

Um flutning embættismanna vísa jeg til þess, sem jeg sagði í gær, en jeg get bætt því við, að þetta ákvæði getur verið hættulegt. Stjórnin gæti misbrúkað það á pólitiskum æsingatímum. Það er ekki nein móðgun við Hans Hálign konunginn, þótt ákvæðið sje numið úr henni, því að það er ekki konunglegt „prærogativ".

Loks hefur háttv þingm. gleymt, að minnast á eitt ákvæði, sem felt er úr 4. gr. Það snerti eftirlaunin. Verði þetta frumvarp samþykt, er ekkert því til fyrirstöðu, að þau verði numin burt, en það er eitt af áhugamálum þjóðarinnar.

Jeg fjölyrði svo ekki meira um málið nú. Það gleður mig, hvað nú blæs byrlega fyrir málinu hjer í háttv. deild og hve góðar horfur eru á framgangi þess. Ef frv. verður samþykt nú, tel jeg daginn í dag mikinn heilladag í sögu hinnar íslenzku þjóðar.

Hákon Kristoffersson: Jeg skal ekki vera langorður, en vil aðeins lýsa yfir því, að jeg greiði atkvæði með frv., enda þótt jeg sje ekki ánægður með sum ákvæði þess.

Það voru einkum ummæli háttv. þm. Ísf. (S. St.) frá 2. umræðu, er hneyksluðu mig *(Sig. Stefánsson:* Jeg er dauður).

Þó háttv. þingm. sje dáinn um sinn. Hann talaði um þá ábyrgð, sem við tækjum á okkur, er samþykkja vildum frumvarpið. Jeg þakka fyrir þann hluta, er jeg á af þessum brjóstgæðum.

Þótt jeg sje yfirleitt óánægður með fyrirkomulag efri deildar, og það sje reynsla fengin fyrir því, að þingræðisfleytan hefur ekki farið af kjölnum, þó að konungkjörnir þingmenn hafi ekki verið skipaðir nema til 6 ára, svo að óþarfi er að kjósa nú þá, sem koma í stað þeirra til 12 ára, þá greiði jeg atkvæði með frv., því að mörg önnur ákvæði þess eru til stórra bóta frá því, sem nú er, enda hefur þjóðin óskað þess, að þetta þing bætti úr óorðheldni síðasta þings, og samþykkti stjórnarskrárbreytingu, og þó jeg telji, að breytingin hefði mátt verða betri en raun er á orðin, sjerstaklega hvað víkkun á kosningarrjettinum og skipun efri deildar snertir, þá held jeg, að betra hefði ekki verið hægt að koma fram á þessu þingi, þar sem hver höndin er upp á móti annari ef svo mætti að orði kveða.

Forseti: Samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar á að rjúfa þing þegar í stað, er stjórnarskrárbreyting hefur verið samþykt, og ef stjórnarskrárbreytingin verður samþykt nú, ætti að rjúfa það áður en fjárlögin hafa verið samþykt. En jeg vildi spyrja hæstv. ráðherra, hvað honum lízt um þetta mál.

Ráðherra: Mjer kemur þessi spurning á óvart. Til þessa hefur það ekki verið venja að rjúfa þing í sömu svipan, er stjórnarskrárbreyting hefur verið samþykt, enda voru engin tök á því, er símí var enginn til landsins, svo að það varð ekki náð til konungs. Ekki var þingið 1911 heldur rofið þegar eftir að samþykt var stjórnarskrárbreyt. Og jeg ætla að eiga undir því, að jeg verði ekki dreginn fyrir landsdóm, þó að jeg enn fresti þingrofi, þar til er jeg fer á konungsfund.

Forseti: Hjer er um bein og skýr lagaákvæði að ræða, og jeg tel það brot á stjórnarskránni, ef þing er ekki rofið nú þegar, hvað svo sem venju frá fyrri tíð líður. En ef hæstv. ráðherra álítur öllu óhætt, þó gengið sje í bága við þau, er nokkuð öðru máli að gegna.

Sigurður Eggerz: Jeg sje enga ástæða til að fresta málinu. Jeg get fullvissað hæstv. ráðh. um, að hann verður ekki dreginn fyrir landsdóm, þó atkvæðagreiðsla fari fram, og tel sjálfsagt, að atkvæðagreiðsla fari fram nú þegar.

Forseti: Jeg ætla samt að fresta atkvæðagreiðslu til morguns til þess að íhuga málið nánar.

Atkvæðagreiðslunni frestað til næsta fundar.

---

2. *Frumv. til laga um strandferðir* (639); 3. umr.

ATKVGR.:

Frv. samþ. í e. hlj. og verður afgreitt til ráðherra frá alþingi.

---

3. *Frv. til laga um breyting á 16. gr. laga nr. 29, 16. nóv. 1907* (721); 2. umr.

ATKVGR.:

Frumv. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumvarpsins samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

---

4. *Frv. til laga um hvalveiðamenn* (310); 3. umr.

Sigurður Stefánsson, framsögum.: Jeg hef sem frsm. ekki annað að segja, en að jeg óska, að frumvarpið verði samþykt.

Afbrigði frá þingsköpum voru leyfð af þingdeildinni með 10 atkv. gegn 2 og sömul. af ráðherra.

ATKVGR.:

Frv. sþ. með 9 atkv. gegn 3 og verður afgreitt til ráðherra.

---

5. *Frv. til laga um breytingu á og viðauka við lög 23. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði* (696); 1. umr.

Afbrigði frá þingsköpunum leyfð í einu hljóði og sþ. af ráðherra.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 12 samhlj. atkv.

---

6. *Frv. til laga um breyting á fátækralögum 10. nóv. 1905* (797); 1. umr.

Steingrímur Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að benda á, að það er talsvert athugavert að fara nú að breyta þessum merkilegu fátækralögum frá 1905. Þess vegna vil jeg leggja til, að málinu sje vísað til nefndar að lokinni umr. Nefndin getur athugað málið í dag, og ef henni við þá athugun finst það þess vert, að það gangi fram á þessu þingi, þá er tími til þess.

Einar Jónsson: Það er ekki langt þetta frumv., og fer eðeins fram á eina breyting á fátækralögunum, og felst hún í því, að í frv. er fyrst og fremst ákveðið, eins og í núgildandi lögum, að dvalarsveit eigi heimting á af hálfu framfærslusveitarinnar $^2/_3$ hlutum af styrk þeim, sem hin fyrnefnda hefur veitt þurfalingnum, nema svo standi á sem segir í 68. gr., en svo er bætt við: „eða þurfalingur eftir úrskurði læknis verður eigi fluttur á framfærslusveit sína sakir sjúkleika.“ Almenna ákvæðið í 63. gr. fátækralaganna er það, að dvalarsveitin borgi $^1/_3$ af framfærslukostnaði þurfalings, hvernig sem á stendur, meðan hann er ekki fluttur á framfærslusveit sína. Orsakirnar til þess, að menn þurfa sveitarstyrk, eru margar, þar á meðal veikindi. Í 64. gr. fátækralaganna er talað um, að styrksþörfin geti verið svo brýn, að ekki fáist svigrúm til að leita þeirra skýrslna, sem heimtaðar eru. Það getur t. d. vel komið fyrir, að maður sýkist á ferð, en sje svo staddur, að hann geti ekki greitt legukostnaðinn sjálfur, og verði að leita til sveitar. Nú heimilar 69. gr. fátækralaganna dvalarsveitinni að flytja þurfaling á framfærslusveit hans, og framfærslusveitinni að heimta að hann sje fluttur, þegar hann hefur þegið 100 kr. styrk eða meira í dvalarsveit sinni, og bersýnilegt er, að hann sje kominn á stöðugt sveitarframfæri. Ef þurfalingurinn er þá svo veikur, að hann er ekki flutningsfær, þá skil jeg frv. greinina svo, að dvalarsveitin eigi að vera laus við að borga nokkuð af meðlagi þurfalingsins úr því, en eigi eftir sem áður að greiða þriðjung af kostnaðinum, hversu lengi sem sjúklingurinn kann að verða ófær til flutnings. En það er ekki í samræmi við greiðsluskyldu dvalarsveitarinnar í öðrum tilfellum. Þetta mun frv. eiga að laga, en það þarf að orða það ljósara og setja það í samband við 69. gr.

Í 77. gr. fátækralaganna er talað um, hvernig fara skuli að, ef þurfalingur er fluttur á sjúkrahús eftir læknisráði. Mjer sýnist greinin taka jafnt til þess, hvort

framfærslusveitin eða dvalarsveitin hefur látið leggja sjúklinginn á sjúkrahús, þá eigi framfærslusveitin ein að borga. En í þessu frv. mun vera að tala um sjúkling, sem ekki er lagður á sjúkrahús, en er þó eigi flutningsfær. Þetta þarf að vera tekið skýrara fram, og hvort sem nefnd verður sett í málið eða ekki, þá þarf að bera fram brtill. í þessa átt.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 7 atkvæðum gegn 2.

3 manna nefnd samþ. með 10 samhlj. atkv. og kosnir í nefndina:

Einar Jónsson,
Jósef Björnsson,
Steingrímur Jónsson

með 12 samhlj. atkv.

Í nefndinni var Steingr. Jónsson kosinn formaður og Einar Jónsson skrifari.

---

7. *Frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavík* (671); 3. umræða.

Afbrigði frá þingsköpunum leyfð í e. hlj. og samþ. af ráðherra.

ATKVGR.:

Frumv. sþ. með 11 samhlj. atkvæðum, og verður afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

8. *Tillaga til þingsályktunar um það, að stjórnin leggi fyrir næsta þing frv. til laga um rafmagnsveitu* (771); *hvernig ræða skuli.*

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþykt.

---

9. *Tillaga til þingsályktunar um Reykjavíkurdómkirkju* (714); ein umr.

Björn Þorláksson, framsm.: Það stendur svo á þessu máli, eins og sjá má á þingsályktunartillögunni, að það er komið frá fjárlaganefnd þessarar deildar, og orsökin til þess er sú, að í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar var farið fram á 20000 kr. fjárveitingu til viðgerðar á kirkjunni, og þannig kom málið hingað frá h. Nd. Nefndin hjer hefur breytt þessu á þann veg, að fje þetta skyldi veitt kirkjunni að láni. Mjer, sem einum í nefndinni, var falið á hendur að rannsaka reikninga kirkjunnar, til þess að reyna að komast að því, hvort ástæða væri til að leggja fjeð fram fyrir fult og alt, eða hvort ekki mundi nægja að lána kirkjunni það, upp á það, að hún endurborgaði það smátt og smátt. Jeg hef nú rannsakað reikningana, eins og nefndin fól mjer að gera, og skal jeg nú skýra frá niðurstöðunni.

Jeg byrja á því, að Reykjavíkur dómkirkja er nú 117 ára gömul, hún var bygð 1796, þegar dómkirkjan var flutt frá Skálholti til Reykjavíkur; þá var söfnuðurinn um 300 manns. Síðan var kirkjan endurbætt á árunum 1847—48. Aðal viðgerð fór fram á henni 1879. Þetta nefni jeg til fróðleiks fyrir þá, sem það fýsir að vita. Jeg hef tekið til rannsóknar reikninga kirkjunnar um síðustu 20 ár, frá 1891 til 1911 og gengið gegnum þá alla.

Árið 1890 átti kirkjan í sjóði 926 kr. 1891 voru tekjur kirkjunnar 2448 kr. og útgjöldin svipuð eða 2540 kr. Síðan fóru tekjurnar smávaxandi fram að 1898, þá voru þær orðnar yfir 3000 kr., en útgjöldin höfðu og vaxið að sama skapi og voru orðin 3000 kr. Enn halda tekjurnar áfram að vaxa jafnt og þjett fram til 1909, þá eru þær orðnar 6533 kr., en þá hafa

útgjöldin líka vaxið svo, að það ár voru þau 8354 kr.

Árið eftir, 1910, falla tekjurnar ofan í 3694 kr. Orsökin til þess er breyting sú, sem varð á tekjum kirkna um land alt, þá hvarf t. d. húsaskatturinn úr sögunni, sem svo mikið munaði um fyrir dómkirkjuna. Þetta ár voru útgjöldin 5100 kr. Það gengur eins og rauður þráður gegnum alla reikninga dómkirkjunnar, að útgjöldin vaxa jafnt og þjett, og að sama skapi sem tekjurnar. Það lítur svo út, sem um það sje alvarlega hugsað, að láta kirkjuna ekki safna neinu fje. Alt er jetið upp jafnóðum. Á öllum þessum árum safnast aldrei meiri sjóður en full 2000 kr., og er sumt af því í árslok útistandandi hjá gjaldendum. En í raun og veru á kirkjan aldrei neitt í sjóði, því á henni hvíla ýmisleg lán. Þannig var 1879 tekið 16000 kr. lán úr landssjóði, er skyldi afborgast á 28 árum með 960 kr. árlega. Árið 1896 var enn tekið lán, 1500 kr. Af því eru enn óborgaðar 500 kr.; 1911 var enn tekið lán í landsbankanum 4500 kr. Af þessu láni er ógreitt 3600 kr.; þá hafa fleiri smálán verið tekin; t. d. til orgelkaupa. Af þessu leiða talsverð aukaútgjöld fyrir kirkjuna. En þrátt fyrir það hefði kirkjan átt að geta safnað talsverðu fje; hún hefði nú átt að geta átt nægilega mikinn sjóð til að geta kostað þessa aðgerð sína sjálf. Engin kirkja á landinu hefði átt að geta staðið jafnvel að vígi með að safna miklum sjóði. Þrátt fyrir afborganir og vexti af lánum sínum, og þrátt fyrir greiðslu sjálfsagðra árlegra gjalda, ætti hún jafnvel að geta safnað sjóði til að stækka hana fyrir, þegar að því rekur. Hingað til hefur þetta ekki tekizt. Jeg hef leitað að örsökunum til þess, og þykist hafa fundið þrjár. Fyrsta orsökin er sú, að úr sjóði kirkjunnar hafa iðulega verið greiddar ýmsar upphæðir beint á móti lögum og landsvenju, og skal jeg nefna ýmisleg dæmi: 1898 voru greiddar fyrir rannsókn á grafreit 106 kr. 1899 fyrir sama 18 kr.; 1900 fyrir keypta lóð til kirkjugarðs 465 kr. 1904 var keyptur kirkjugarðsblettur fyrir 65 kr., og 1905 gerður kirkjugarður fyrir 500 kr., eða samtals 1154 kr. Kostnað við þetta átti söfnuðurinn að greiða, en ekki kirkjan, fram að 1901. Nú má greiða hann úr kirkjusjóði, þó því að eins að kirkjan sje safnaðarkirkja, en það er Reykjavíkurkirkja ekki. Til söngflokks í kirkjunni hefur verið greitt úr sjóði kirkjunnar 1906: 300 kr., 1907: 300 kr., 1908: 300 kr., 1909: 350 kr., 1910; 350 kr. Þetta var algerlega ólöglegt; söfnuðurinn átti að kosta kirkjusönginn. Þetta eru alls 1600 kr. Þá hefur verið greitt til meðhjálpara af fje kirkjunnar 1909: 150 kr., 1910: 150 kr., 1911: 150 kr. Alls 450 kr. Um þetta er það að segja, að samkvæmt lögum 29. febr. 1880 áttu sóknarnefndarmennirnir að vera sjálfsagðir meðhjálparar án nokkurrar þóknunar fyrir, og lög nr. 36 frá 1907, 8. gr., þar sem fram er tekið, að sóknarnefndarmenn skuli útvega meðhjálpara, virðast ekki gefa neitt leyfi til þess, að þóknun til meðhjálpara sje greidd úr kirkjusjóði. Hjer mun því vera að ræða um ólögleg útgjöld alls yfir 3200 kr.

Önnur orsökin til þess, að ekki hefur safnazt neinn sjóður, eru hinar sífeldu, nær því árlegu aðgerðir við kirkjuna, og skal jeg telja þær upp. En geta skal jeg þess, að jeg hef ekki haft tíma til að rannsaka fylgiskjölin við reikninga kirkjunnar, svo jeg hef ekki getað kynt mjer, hvernig á þessum aðgerðum stendur; en það hef jeg sjeð, að á hverju ári síðan 1891 hefur meira eða minna fje gengið til aðgerða. 1891 var það 145 kr., 1892: 161 kr., 1893: 235 kr., 1894: 222 kr., 1896: 79 kr., 1897: 121 kr., 1898: 131 kr., 1899: 106 kr. (áður gleymt) 83 kr., 1900: 139 kr., 1901: 363 kr., 1902: 419 kr., 1903: 439 kr., 1904: 170 kr., 1905: 115 kr., 1906: 237 kr., 1907: 374 kr., 1908: 163 kr.,

1909: 429 kr.,1910: 105 kr., 1911: 1204 kr., eða alls þessi árin 5620 kr.

Auk þessa hefur gengið til aðgerða á kirkjuþaki 1908: 547 kr. og 1909: 1469 samtals 2016 kr. Enn fremur til aðgerðar kirkjunni að utan 1899: 1203 kr. Þá hefur ennfremur farið í málun 1897: 939 kr., í málun að utan 1907: 780 kr., í málun að innan 1909: 3315. Þessi málun nemur alls 5034 kr. Allur kostnaður við þessar aðgerðir og málun á kirkjunni að utan og innan nemur nær því 14 þúsundum.

Jeg mintist á þessar viðgerðir af því, að hjer er fylgt sama sið, eða öllu heldur ósið, sem tíðkazt hefur áður víða út um landið, að vera að framkvæma smá aðgerðir við kirkjurnar, svo að aldrei geti safnazt neitt verulegt í sjóð. Það var aðeins 1911, að viðgerðin nam dálitlu að mun, eða um 1200 kr. (*Júlíus Havsteen*: Er það ólöglegt að gera við kirkjurnar?) Jeg segi ekki, að það sje ólöglegt, en nefni þetta til að sýna, hverju hefur verið tilkostað.

Þá er 3. orsökin til þess, að kirkjunni hefur ekki safnazt sjóður, og hún er sú, að ákaflega óspart hefir verið farið með fje fyrir það, sem út þurfti að borga. Hefði eflaust mátt spara mikið fje á hverjum lið, sem þó er löglegur, enda eru sumir útgjaldaliðirnir svo háir ár eftir ár, að miklu meira nemur en flestar kirkjur á landinu hafa í tekjur. T. d. skal jeg geta þess, að hringjaranum hefur verið borgað: fyrst 66 kr., svo 100 kr., svo 150, svo 200, svo 250 kr. á ári, og fyrir aukahringing, þegar Kristján IX. dó: 70 kr. Og jeg ætla að lesa upp einn reikning til að sýna, hvað upphæðirnar eru stórar og gífurlegar, og tek jeg þá reikninginn 1911, sem er sá nýjasti og seinasti:

Hringjaralaun	kr.	250,00
Innheimta	—	330,00
Skrá yfir kirkjugjaldsgreiðendur	—	25,00
Afrit af manntalsbók Rvíkur.	—	30,00
Umsjón á húsum og munum kirkjunnar	—	100,00
Til meðhjálpara	—	150,00
Prentun seðla og pappír . .	—	14,00
3 eintök hátíðasöngva . . .	—	7,50
Stilling orgels	—	60,00
Gasljós	—	269,00
Kol og steinolía	—	239,00
Ýmsar smíðar og viðgerðir .	—	1204,00
Linoleum . , ...	—	127,00
Málning á kirkjunni að innan	—	3315,00
Ýmislegt í viðgerðir og áhöld	—	364,00
Ræsting o. fl.	—	669,00
Ræsting á Fríkirkjunni og leiga á sal K. F. U. M. til barnaspurningar meðan verið var að mála dómkirkjuna .	—	179,00
Ílagning í ofna	—	172,00

Jeg skal nú ekki lesa meira upp, en af þessu hygg jeg megi vera ljóst, hve vel hefur verið farið með fje kirkjunnar þessi árin. Jeg tel víst, að með góðri meðferð á kirkjunnar fje hefði henni á undanförnum árum átt að geta safnazt nægilegt fje til að greiða sjálf þegar þær 20,000 kr., sem hjer er um að ræða, auk nauðsynlegra árlegra útgjalda, Árið 1879 munu tekjur kirkjunnar hafa numið varla meir en 1500 til 1600 kr. og var þá tekið 16000 kr. lán, sem greiðast átti á 28 árum. Nú hefur hún þrefalt meiri tekjur, eða hátt á 5. þús. kr., og hefði því átt, eftir sama mælikvarða, að geta fengið sjer 48 þús. kr. lán, og tek jeg þetta fram af því, að mjer sýnist, að kirkjan gæti vel borgað þetta 20,000 kr. lán og þó meira hefði verið. Jeg vil leggja áherzlu á, að þar sem jeg hef heyrt suma þingmenn tala um, að lán væri sama og tillag, þar sem láníð yrði aldrei borgað, — að svo er ekki. Að minsta kosti hygg jeg, að svo megi koma því fyrir, að það verði endurgreitt.

Jeg hef tekið fram þrjár orsakir til hins bágborna fjárhags kirkjunnar. Fyrst ólöglég útgjöld, í öðru lagi varið talsverðu til smáviðgerða, sem vel hefðu mátt bíða, og í þriðja lagi of miklu varið til ýmislegra

útgjalda, sem þó var löglegt að greiða að einhverju leyti. Þetta hygg jeg að stafi af því, að kirkjan hefur ekki staðið undir eftirliti biskups, enda mun bæði hann og prófastur hafa álitið hana sjer óviðkomandi. Reikningarnir hafa ekki verið endurskoðaðir eins og aðrir kirkjureikningar, heldur af mönnum úr stjórnarráðinu, og sjest ekki, að neitt hafi verið að fundið hinni gífurlegu eyðslu, og lítur enda út fyrir, að kirkjan hafi verið algerlega eftirlitslaus. Og jeg er sannfærður um það, að þó nú að tekjurnar tvöfaldist í framtíðinni, og sömu reglu haldið og hjer til, þá muni hún ekki eignast neitt, og verður því að taka í taumana, og láta eigi við svo búið standa.

Þingsályktunartillagan fer fram á, að kirkjan verði sett undir umsjón biskups, og að sömu reglur verði látnar gilda um reikningshald hennar og annara kirkna í landinu. Þá mundi ekki verða liðið að greiða ólöglega útgjöld úr kirkjusjóði, og verða sett takmörk fyrir, hvað greiða mætti mest, t. d. fyrir ræstingu, upphitun, lýsingu o. fl.

Jeg vona, að hv. deild skilji þetta og samþykki þingsályktunartillöguna.

Júlíus Havsteen: Þessi þingsál.till. gengur út á að setja dómkirkjuna undir umsjón biskups, en stjórnarráðið hefur áður haft þá umsjón á hendi, og getur þetta að minni hyggju ekki látið sig gera án laga. Þessi kirkja er eign landssjóðs og gilda því um hana sömu reglur sem um bændakirkjur, en nú á með væntanlegum úrskurði stjórnarráðsins að gera hana að nokkurskonar „beneficiær"-kirkju, Þetta verður ekki gert nema með lögum, og jeg byggi mína skoðun um, að ekki megi afhenda hana á þann hátt, sem til ætlað er, á lögum frá 22. maí 1890, og ennfremur á ýmsum lögum frá 1887 og 1897, snertandi afhending nokkurra landssjóðskirkna söfnuðunum í hendur. Álít jeg því, að þessi tillaga hafi engan árangur, þó að hún verði samþykt.

Að því, er snertir þessa löngu ræðu hv. 5. kgk. og allan upplestur hans, þá skildi jeg hann svo, að hann hefði fundið ýmislegt útásetningarvert við stjórn kirkjunnar frá því stjórnarráðið tók við henni. Jeg hef sjálfur haft umsjón með kirkjunni frá 1894—1904, og var þá viðhöfð hin mesta sparsemi. Hversu það hefir verið eftir 1904, get jeg ekki dæmt um, en líklega hefir sömu reglu verið fylgt og áður. Annars er búið fyrir löngu að endurskoða þessa reikninga og úrskurða þá, og ekki til neins að vera að lesa þá upp hjer í deildinni. Hv. 5. kgk. heldur, að alt sje komið undir að safna í sjóð, en jeg hugsaði, að það væri nú ekki nóg að safna í sjóð, heldur þyrfti líka að brúka peningana. Það þarf að halda kirkjunni við og ekki til neins að safna svo mikið í sjóð, en gera ekki við kirkjuna, en láta hana grotna niður, þar til hún er komin alveg að falli, því að þá verður kostnaðurinn við viðgerðina miklu meiri.

Björn Þorláksson: Það var aðeins örlitil athugasemd, sem jeg vildi gera út af ræðu hv. 1. kgkj. þm. Jeg fæ ekki sjeð, hvað getur verið á móti þessari tillögu, og það, sem vakir fyrir mjer með henni, er það, að sparlegar verði farið með fje kirkjunnar framvegis en hingað til. Það mundi verða gert, ef kirkjan kæmist undir umsjón biskups, og fæ jeg ekki sjeð, hvað gæti verið því til fyrirstöðu. Undir eftirliti biskups standa flestar kirkjur landsins, líka bændakirkjurnar, og landsjóðskirkjurnar ættu allar að komast líka undir umsjá hans.

Hv. 1. kgk. vill fullvissa deildina um það, að eftirlit kirkjunnar hafi verið gott, meðan hann hafði það á hendi, en jeg efast um, að svo hafi verið. Jeg er hræddur um, að honum sjálfum sje dálítið um að kenna eyðslu þá á kirkjunnar fje, sem jeg hef bent hjer á. Fyrir mjer og nefndinni vakir, að einhverjum manni, sem hægt sje að trúa, sje falin umsjá kirkjunnar og

eftirlit með henni. Hv. 1. kgk. vill ekki láta safnast einn eyri *(Júlíus Havsteen*: Það hef jeg aldrei sagt!), en til þess er dregið saman og sparað, að hægt sje að gera við eða endurbyggja, þegar þess er veruleg þörf. Hvernig farið hefur verið með fje dómkirkjunnar, gefur grun um það, að víðar sje farið miður vel með fje landssjóðs en hjer, og að eftirlitið sje lítið.

Júlíus Havsteen: Jeg vil aðeins taka það fram, að jeg hafði ekkert með umsjón kirkjunnar að gera nema frá 1894 til 1904, og að aðalmunurinn á skoðun hv. 5. kgk. og mín er, að jeg vil láta gera við gallana jafnóðum, en hann vill láta byggingarnar falla og byggja svo upp aftur.

Sigurður Stefánsson: Dómkirkjan mun upphaflega hafa verið bændakirkja, en eins og kunnugt er, hafa sóknarnefndirnar ekkert með fjárhag bændakirkna að gera, og er það því í algerðu lagaleysi, að sóknarnefndin hefur verið látin valsa með fje kirkjunnar, eins og hjer hefur átt sjer stað. En hjer hefur altaf verið viðkvæðið, ef kirkjuna vantaði eitthvað, að landssjóður borgaði það, þar eð hún væri landssjóðs eign. Eg jeg verð að slá því föstu, að sóknarnefndin hefur engan lagalegan rjett haft til umráða yfir kirkjufjenu.

ATKVGR.:

Tillagan samþykt með 11 atkvæðum gegn 1.

Afgr. til hv. ráðherra.

---

10. *Frv. til laga um breyting á lögum 22. okt. 1912 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands* (722). Ein umr.

Björn Þorláksson: Jeg vildi skýra frá því, að nefndarálitið var sent í prentsmiðjuna, en er ekki komið enn, og kann jeg því illa, að þetta mál var sett á dagskrá, þótt nefndarálitið væri ekki komið, og skoða það sem móðgun við mig, formann nefndarinnar.

Forseti: Jeg neita því, að jeg hafi viljað móðga h. 5. kgk. með því að taka málið inn á dagskrá, en jeg hafði leyfi til að gera það, þótt nefnarálitið væri ekki komið. Jeg hafði óskað þess í fyrirfarandi 2 daga, að hv. skrifari setti málið á dagskrá, en hann hafði ekki gert það, svo jeg var neyddur til að taka til minna ráða.

ATKVGR.:

Synjað um afbrigði frá þingsköpunum með 5 atkv. gegn 8.

---

11. *Frv. til laga um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum* (808). Ein umr.

Afbrigði frá þingsköpunum leyfð í einu hlj. og samþykt af ráðherra.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 12 atkv. og endursendist Nd.

---

12. *Tillaga til þingsályktunar um millipinganefnd í slysfaramálum.* (752, 807); framhaldsumr.

Guðm. Björnsson: Jeg ætla ekki að ræða málið frekar en jeg þegar hef gert; vil aðeins geta þess, að brtill. fer fram á, að í staðin fyrir „efri deild“ komi „alþingi“.

ATKVGR.:

Brtill. á þgskj. 807 samþykt í einu hljóði.

Tillagan, þannig breytt, samþ. í einu hlj. og send Nd.

---

52. fundur. Þriðjudaginn 11. sept., kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

1. *Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.* (667): atkvgr.

Forseti: Jeg hef þrátt fyrir nána yfirvegun eigi getað sannfærzt um, að skilningur minn á 61. gr. stjórnarskrárinnar væri rangur. En þar sem fordæmi eru fyrir því, að gengið hefur verið á móti hinum skýru fyrirmælum greinarinnar um upplausn þingsins án þess að að hafi verið fundið, og h. ráðherra telur víst, að það muni eigi koma að sök, þá vil jeg bera það undir h. deild, hvort afgreiða eigi stjórnarskrárfrumvarpið nú þegar eða fresta því til þingloka.

Sigurður Eggerz, framsögumaður: Jeg álít ekki vafamál, hvernig eigi að skilja þetta ákvæði 61. gr. stjórnarskrárinnar, og að skilningur h. forseta er ekki rjettur. Vil jeg þessu til stuðnings vísa til 5 fordæma, 1885, 1893, 1901, 1902 og 1911. Þessu ákvæði hefur aldrei verið beitt samkvæmt þessum skilningi. Jeg vil enn benda á, að 1874 gat ekki komið til mála að skilja orðin „þá þegar" bókstaflega, þannig, að slíta ætti þingi, óðara og stjórnarskráin hefði verið samþykt, því að þá var enginn síminn, svo að ekki var hægt að ná til konungs. Síðan 1874 hefur þessu ákvæði ekki verið breytt. Það stendur eins og það stóð þá. En úr því að ekki er hægt að leggja bókstaflega merkingu í ákvæðið, þá eru lagðar leiðir til annara skýringa. Þá liggur beinast við að skilja þessi orð „þá þegar", sem sett til áherzlu. Enn vil jeg minna á það, ef skilja ætti þessi orð „þá þegar" bókstaflega, gæti deild, sem er andvíg ráðherra, afgreitt stjórnarskrárbreyting, áður en fjárlögum væri lokið. svo að ráðherra sæti uppi fjárlagalaus. Hv. forseti ber og ekki ábyrgð á, hvenær þingi er slitið, heldur ráðherra. Forseti á aðeins að sjá um, að málin gangi áfram venjulega leið gegnum deildina.

Jeg vona fastlega, að atkvæðagreiðsla fari fram nú þegar. Frestun á henni getur skaðað málið, því að þingmenn fara nú að tínast burtu.

ATKVGR.:

Samþ. í e. hlj. að láta atkvæðagreiðslu fara fram.

Þá var gengið til atkvæða og haft nafnakall eftir ósk þeirra

Jósefs Björnssonar,
Björns Þorlákssonar,
Þórarins Jónssonar,

og sögðu

já:

Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Guðm. Björnsson,
Hákon Kristoffersson,
Jón Jónatansson,
Jósef Björnsson,
Júlíus Havsteen,
Sigurður Eggerz,
Þórarinn Jónsson.

Steingr. Jónsson, Einar Jónsson og Sig. Stefánsson greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum.

Var málið þannig samþykt með 13 samhlj. atkv.

---

2. *Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 13. okt. 1903 um kosningar til alþingis* (815, n. 816). Ein umræða.

Afbrigði frá þingsköpunum leyfð af deildinni í einu hljóði, og samþykt af ráðherra.

Hákon Kristoffersson, framsögum.: Jeg þykist ekki þurfa að fara mörgum orðum um þetta frv. Það er nú aftur komið hingað frá h. Nd., sem hefur gert við það dálitlar orðabreytingar, ennfremur skelt ofan af 6. gr., sem líka lá nærri, þó við hjer gerðum það ekki. Aðalefni frv. er óskert, og nefndin leggur einhuga til, að hv. deild samþykki það óbreytt.

Sigurður Stefánsson: Jeg var ekki við, þegar frv. var hjer á ferðinni í deildinni, svo að jeg gat ekki gert neinar athugasemdir við það.

Jeg skal geta þess, að jeg er samþykkur ákvæðum 1. gr. en ekki 2. Mjer er kunnugt, að sú hefur orðið raunin á, að ár frá ári hafa minkað þær misfellur, er voru á seðlum frá kjósendum. Nú eru kjósendur farnir að venjast þessari aðferð núgildandi laga. Ef þetta frv. verður að lögum, verða þeir að byrja á nýrri aðferð. Og jeg efast mjög um, að hún reynist þeim auðveldari en sú gamla, eða sje að neinu leyti betri.

Jeg get því ekki felt mig við frv. eða gefið því atkvæði mitt. Mjer þykir óviðkunnanlegt að breyta svo nýjum lögum, er brýna nauðsyn ber ekki til. Breyting 1. gr. frv. tel jeg, sem sagt, góða, en get þó ekki greitt frumvarpinu í heild sinni atkvæði mitt.

Hákon Kristoffersson, framsögum.: Mjer komu ummæli h. þm. Ísaf. (S. St.) mjög á óvart, með tilliti til fyrri framkomu hans um mál þetta. Um misfellur á atkvæðaseðlum vil jeg vísa til fyrri ummæla minna hjer í deildinni. Þó h. þm. Ísaf. hafi góða reynslu frá kjósendum sínum í því, að þeir geti kosið án þess að gallar verði á, þá er þess að gæta, að allir kjósendur landsins eru ekki í kjördæmi hans. Og reynsla mín fer í aðra átt en hans, og því er eðlilegt, að jeg æski breytinga á þessu. Jeg skal og geta þess í sambandi við þetta, að ef stjórnarskráin verður samþykt, þá bætist fjöldi nýrra kjósenda í hóp hinna gömlu kjósenda, sem eru óvanir þeirri aðferð, sem nú tíðkast. Hvað það snertir, að menn sjeu orðnir svo vanir að setja kross, að þeim þessvegna veiti erfitt að nota stimpil, þá tel jeg slíka mótbáru lítils virði og varla svaraverða, og alls eigi nægja til að fella frumvarpið, enda vænti jeg þess, að það verði samþykt.

ATKVGR.:

Frumv. samþykt með 8 atkv. gegn 3 og afgreitt til ráðherra, sem *lög frá alþingi.*

---

3. *Frumv. til laga um bjargráðasjóð Íslands.* (790, n. 819).

Afbrigði frá þingsköpunum leyfð af deildinni í einu hljóði og samþykt af ráðherra.

Guðm. Björnsson, framsögumaður: Jeg get nú verið fáorður.

Þetta frv. var rætt svo rækilega hjer í h. deild áður meir, og nú er það aftur komið frá h. Nd. og hefur hlotið þar óvenjulega góða meðferð, ekki verið skaðskemt, eins og ýms önnur mál. Breytingar Nd. eru þannig vaxnar, að þeir, sem hugdeigastir voru í fylgi sínu við málið hjer í deildinni. geta nú væntanlega aðhylzt það. Nefskatturinn er nú afnuminn, en gjaldið á nú að greiða úr sveitarsjóði, og er lægra en það var áður. Árstekjur sjóðsins verða að vísu minni en áður var ætlað, en þó um 40 þús. kr. Málið er því nú komið í það horf, að andmælendur frv. geta nú vonandi felt sig við það.

Sigurður Stefánsson: Jeg get tekið undir það með h. 6. kgk. þm. (G. Bj.),

að frv. er nú komið í betra horf en áður, og að þeir, sem hugdeigastir voru við það við fyrri umr., geti nú fremur aðhylzt það, einkum þar sem nefskatturinn er afnuminn, sem jeg bar kvíðboga fyrir að mundi verða mjög óvinsæll. Nú hefur þessu verið breytt og kipt í það horf, er jeg felli mig betur við. Jeg er raunar á því, að það hefði verið sanngjarnara, að lækka ekki eins mikið og leggja hins vegar ekki þetta gjald á hvert barn, undir eins og það er fætt í heiminn, en láta alla, t. d. innan 15 ára, vera undanþegna gjaldinu. Það mátti ná sama marki með því móti, að hafa aðeins gjaldið dálítið hærra á hverjum einstaklingi. En mjer þykir það ekki þess vert að gera þetta að ágreiningsatriði og að kappsmáli og greiði því frumvarpinu atkvæði.

ATKVGR.:

Frumv. samþykt með 12 samhljóða atkvæðum, og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

4. *Frv. til laga um forðagæzlu* (798, n. 820).

Afbrigði frá þingsköpunum leyfð á sama hátt og í 2 næst undanförnum málum.

Guðjón Guðlaugsson, framsögumaður: Þetta frv hefur fengið óvenjugóða meðferð hjá Nd. Hún hefur ekkert spilt því, sem þó hefur verið venja hennar í sumar, en um breytingar þær, sem hún hefur gert á frumv., er það að segja, að engar þeirra raska gildi þess, og á stöku stað er frv. bætt. Ein höfuðbreytingin er við 1. gr. Þar er bætt inn þessu ákvæði: „Ef þeir eru fleiri en einn, getur hreppsnefnd skift hreppnum í jafnmörg forðagæzluumdæmi, og hefur þá hver forðagæzlumaður sitt svæði fyrir til umsjónar. Þetta lá nú milli línanna í frv., og úr því að það var tilætlunin, er gott, að það komi skýrt fram, svo að einn skilji það ekki svona og annar hins vegar. Jeg kann því betur við, að það sje svona, heldur en það verði misskilið. Á hinn bóginn þykir mjer það ókostur, að forðagæzluumdæmum er skift í parta, og forðagæzlumaður aðeins einn. Það hefði áreiðanlega orðið meiri árangur af að hafa þá tvo, eins og jeg hafði áður haldið fram.

Önnur breyting er við 7. gr., viðvíkjandi daglaunum forðagæzlumanna. Þau höfðu verið ákveðin 2 kr. á dag, en Nd. hefur gert þá breyting, að þau skuli vera *alt að* 2 kr. á dag eftir samkomulagi. Hjer kennir þess greylega smásálarskapar, sem svo oft gerir vart við sig hjer á þinginu. Það er ótrúleg fjarstæða að vera að færa niður 2 kr. dagkaup; enginn nýtur maður fæst til að vinna dagsverk fyrir minna. Þótt þetta verði samþykt hjer, þá er jeg viss um að allir hjer í deildinni eru sammála um, að daglaunin eigi aldrei að verða minni en 2 kr. — Þá er 8. gr. Í neðri deild var samþykt brtill. um að fella burtu síðari helming seinni málsgreinarinnar, en skrifstofunni hefur orðið sú vangá, að gæta þessa ekki í prentuninni. Jeg hef bent skrifstofunni á þetta, og mun það verða leiðrjett. Á 9 gr. hefur Nd. gert eina breytingu til bóta, þar sem hún hefur sett inn ákvæði um, að forðagæzlubækurnar eigi að sendast Landsskjalasafninu, þegar þær eru fullskrifaðar. Ef þessar bækur verða vel færðar, svo sem jeg óska og tel sjálfsagt, geta þær orðið til hinnar mestu nytsemdar fyrir hagfræðinga og sagnritara. Loks vil jeg minnast á, að neðri deild hefur gert þá orðabreyting, að nefna sjóðinn bjargráðasjóð í staðinn fyrir hallærissjóð. Mörgum þykir það breyting til bóta, og jeg hef ekkert á móti henni.

Yfir höfuð hefur meðferð neðri deildar á þessu frv. verið mjög góð, miklu betri en á því frv., sem var næst á undan á

dagskránni. Hvað það frv. snertir, get jeg tekið undir með háttv. þm. Ísf., að það er hart, að hvert mannsbarn eigi að komast á sveitina um leið og það fæðist.

Hákon Kristoffersson: Jeg vil að eins láta í ljósi ánægju mína yfir því, að háttv. þm. Strand. er nú orðin sömu skoðunar og jeg, um að forðagæzlumenn eigi að vera fleiri en einn. (*Guðjón Guðlaugsson*: Jeg hef alt af verið þeirrar skoðunar!) Það gleður mig! Jeg hygg, að reynslan muni sýna, að einn forðagæzlumaður mundi standa ver að vígi heldur en tveir. Það er venjulegast tekið meira mark á orðum tveggja manna heldur en eins. Háttv. framsm. tók það fram, að það væri greylegur smásálarskapur, að vilja rýra þessi 2 krónu daglaun, og vil jeg fyllilega taka undir þau ummæli, Mjer blöskrar, að þingmenn, sem hafa skamtað sjer svo góð daglaun sjálfir, skuli geta greitt atkvæði með slíku ákvæði. — Þrátt fyrir þetta vil jeg ekki bregða fæti fyrir frv., þó að mjer finnist það mikill ókostur á því, að það gerir ekki beinlínis ráð fyrir því, að forðagæzlumennirnir eigi að vera tveir, og að dagkaupið sje of lágt. En sú bót er í máli, hvað tölu forðagæzlumannasnertir, að hreppar mega hafa þá fleiri en einn, og vildi jeg óska að svo yrði gert. Og um alt Vesturland þar sem jeg kann skil á, hafa eftirlitsmenn samkvæmt horfellislögunum verið tveir, hvað sem annarstaðar hefur verið. Jeg býst við, að þessi ákvæði bæði, er jeg hef minzt á verði bráðlega lagfærð, og því tel jeg rjett að láta frv. ná framgangi.

Sigurður Stefánsson: Jeg var ekki viðstaddur, þegar þetta frv. var afgreitt frá deildinni, en það gleður mig, að nefndin hefur talið tiltækilegt, að taka upp í frv. flest ákvæði hinna gildandi horfellislaga, sem í sumar voru hjer í deildinni kölluð einskis nýt og ill lög. En þó hefur sumum ákvæðum horfellislaganna verið spilt. Sjerstaklega vil jeg taka það fram, að jeg er sammála háttv. þm. Barð. um, að forðagæzlumennirnir ættu alt af að vera fleiri en einn. Það getur staðið svo á, að að eins einn maður sje í sveitinni, sem menn treysta til þessa verks, en þá er gott að skipa honum þann aðstoðarmann, sem menn telja líklegastan til þess að venjast við starfið. Ef í harðbakka slær, þá standa tveir menn betur að vígi en einn. Mjer virðist því, að hinum gildandi ákvæðum horfellislaganna, sem skipa fyrir um 2 skoðunarmenn, sje stórspilt í þessu atriði. — Þá eru daglaunin. Jeg efast ekki um, að smásálarlegar hreppsnefndir muni reyna að nota sjer það, að hægt er að koma daglaunum niður úr 2 krónum, og getur vel svo farið að enginn nýtur maður fáist til að taka að sjer starfið fyrir það kaup, sem í boði er, og þá er ver farið en heima setið. Því að þá getur vel farið svo, að starfið lendi ekki í höndum þeirra manna, sem til þess eru hæfir, heldur einhverra lúsablesa, sem enginn trúir til neins. Það er ekki feit atvinna að ferðast um heilan hrepp fyrir 2 kr. á dag, á hvaða tíma vetrar sem er. — Auðvitað má gera ráð fyrir því um þessi lög, eins og um horfellislögin, að þeim verði ekki svo vel beitt, sem skyldi. En þrátt fyrir þá agnúa, sem eru á frv. eins og það nú liggur fyrir, mun jeg þó ekki greiða atkvæði á móti því. Hitt kæmi mjer ekki á óvart, þótt innan skamms heyrðust háværar raddir móti frv., sjerstaklega móti ákvæðinu um tölu forðagæzlumanna og nirfilsákvæðinu um daglaunin.

Einar Jónsson: Fyrir skemstu samþyktum vjer hjer í deildinni stjórnarskrárfrumvarp, þar sem það ákvæði er í, að sambandsmálið skuli lagt undir alþýðuatkvæði. En hjer í þessu frumv. og því er næst á undan var samþykt, er um þau

mál að ræða, sem fremur ætti að leggja undir dóm alþýðunnar, áður en þau eru gerð að lögum, því að almenningur hefur ólíkt betur vit á þeim, en á sambandsmálinu, sem eðlilegt er. Í því máli hefði átt betur við, að beita þingrofi eins og þegar stjórnarskrárfrumv. er samþ.

En þó að jeg hefði heldur viljað, að þessi mál hefðu beðið næsta þings og verið betur rædd hjá þjóðinni, þá mun jeg ekki greiða atkvæði á móti frv., enda þótt ýmislegt sje að athuga við það, eins og minzt hefúr verið á, því að sjálfur álít jeg, að bæði þessi síðustu mál sje þörf. Mjer þykir það líklegt, að ef frv. verður að lögum, þá verði þau lög ekki vinsæl. Því að þess er að gæta, að hjer er talsvert gjald lagt á sveitarsjóðina, og þarf almenningur að vera mjög sannfærður um nytsemi laganna, ef þeim á að vera vel tekið. En ef lögin reynast mjög óvinsæl, þá er auðvitað hægt að breyta þeim síðar.

ATKVGR.:

Frumv. samþykt í einu hljóði og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

5. *Tillaga til þingsályktunar um það, að stjórnin leggi fyrir næsta þing frumv. til laga um rafmagnsveitu.* (771); ein umr.

Guðm. Björnsson, framsögumaður: Jeg skal ekki tefja tímann. Jeg býst við, að hv. deild muni eftir nefndarálitinu um rafmagnsveituna, og þarf jeg ekki að hafa yfir hjer það, sem þar var sagt. Jeg skal geta þess, að jeg hef átt tal við verkfróðan mann um þetta mál, en hann sagðist ekki geta gefið mjer neinar upplýsingar í svipinn, því að til þess þyrfti hann talsverðan undirbúningstíma. En nú stendur svo á, að margir bæir eru að hugsa um að koma upp rafmagnsveitu, og ber því bráða nauðsyn til, að lög verði sett um það efni. Af því að frumv. það um rafveitu, sem alþingi hefur samþykt, hafði ekki getað fengið svo góðan undirbúning, sem nauðsyn bar til, var ákveðið, að það skyldi aðeins gilda til 1916. Og hjer liggur nú fyrir áskorun til stjórnarinnar um að búa til frv. til næsta þings um þetta mál, er sje svo vandað og vel úr garði gert, sem frekast er unt. Vona jeg, að h. deild samþykki tillöguna.

ATKVGR.:

Till. sþ. í e. hlj.

---

6. *Frv. til laga um viðauka við og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884* (761); ein umr.

Afbrigði leyfð frá þingsköpunum á sama hátt og áður.

Jón Jónatansson, framsm. Frv. þetta kemur frá neðri deild í annari mynd, heldur en þegar við skildum við það. Þó hefur neðri deild látið standa þá breytingu, sem hjer var gerð um hækkunina á endurgreiðslu fyrir unnar jarðabætur, úr 1 kr. í kr. 1,50. — Annars hefur Nd. fært frv. í sama búning, sem það hafði, þegar það kom þaðan fyrst.

Jeg hef áður við fyrri umræðu málsins hjer í deildinni tekið það fram, að í frv. þessu væru mjög ófullnægjandi umbætur á ábúðarlögunum. En nú er þess enginn kostur að koma fram verulegum og fullnægjandi umbótum á þeim, því að til þess vantar allan undirbúning. Og kákbreytingar geta spilt fyrir betri breytingum seinna. Þess vegna lítur nefndin svo á, að bezt sje að láta þetta frv. ekki fara lengra.

Hins vegar þarf að vinda bráðan bug að því, að gera undirbúning til umbóta

á ábúðarlöggjöfinni og þann undirbúning þarf stjórnin að gera. Stjórnin þarf að láta safna upplýsingum um öll höfuðatriði málsins, um ábúðartíma, leigumála og um það, hve mikil hús fylgi hverri jörð o. s. frv. Jeg hygg þetta vel framkvæmanlegt án mikils tilkostnaðar, því að um ábúðartíma og leigumála er auðvelt að afla upplýsinga. Nokkru öðru máli gegnir um húsin; um þau yrði sjálfsagt örðugra að fá upplýsingar, sjerstaklega hvað þau kosta. Nokkrar vísbendingar mætti ef til vill fá af virðingargerðum til veðsetningar, en þær virðingar eru þó sundurleitar, og ef til vill alls ekki ábyggilegar. Fullnægjandi upplýsingar um þetta fást að líkindum ekki nema með talsverðum kostnaði, og ef til vill er rjettast að bíða eftir því, að nýtt jarðmat fari fram; þá kemur þetta í ljós, og líklega verður þess ekki langt að bíða, að lög verði sett um nýtt jarðamat, þó það mál strandaði hjer á þinginu í þetta sinn. Þetta atriði um húsaverðið er heldur ekki svo bráðnauðsynlegt til undirbúnings nýjum ábúðarlögum, að ekki megi þess vegna taka þau lög fyrir, ef hin atriðin er upplýst, sem jeg áður mintist á.

Og það má ekki dragast lengur, að gera þennan undirbúning, málið er alvarlegt áhugamál almennings; að minsta kosti allra þeirra mörgu manna, sem nú verða að sæta óviðunandi kostum sem leigulíðar vegna ranglátra og úreltra laga. Á undanförnum þingum hafa verið gerðar allrækilegar tilraunir til endurbóta á ábúðarlögunum; sjerstaklega fjekk málið mjög rækilega meðferð hjer í deildinni á þinginu 1911, og á þeim undirbúningi, sem þá var gerður, hefðu stjórnir þær, er síðan hafa setið að völdum, getað bygt, ef þær hefðu viljað sinna málinu. En þær hafa ekki gert hið allra minsta, ekki litið við málinu, en um leið og nefndin nú leggur til að vísa þessu máli til stjórnarinnar, vil jeg geta þess, að jeg verð að líta svo á, að það sje brýn skylda stjórnarinnar að *sinna* málinu, skylda, sem hún getur ekki komið sjer hjá. Því það er óumflýjanleg nauðsyn, að þessu máli sje kipt í lag. Ef stjórnarráðið kynni að skjóta því við, að það vantaði sjerþekking á þessu máli, þá tel jeg það illa farið, að svo skuli vera, en get þó ekki tallizt á, að þetta sje ógjörlegt fyrir stjórnina. Og benda má á það, að Búnaðarfjelag Íslands mundi geta aðstoðað stjórnina nokkuð í þessu máli, gefið bendingar og greitt fyrir um upplýsingar er safna þarf, og með samvinnu milli stjórnarinnar og Búnaðarfjelagsins skil jeg ekki annað, en að takast mætti að undirbúa þetta mál talsvert.

Nefndin vill því ráða háttv. deild til að samþykkja eftirfarandi

rökstudda dagskrá:

„Deildin telur brýna þörf á að gera verulegar umbætur á búnaðarlöggjöfinni, en lítur svo á, að í frv. því, sem hjer liggur fyrir, sje alt of skamt farið, og það í einstökum atriðum þannig vaxið, að ekki sje rjett að samþykkja það. Hins vegar beinir deildin þeirri áskorun til stjórnarinnar, að hún geri sem fyrst nauðsynlegan undirbúning til þess, að taka megi ábúðarlögin frá 12. jan. 1884 til gagngerðrar breytingar, og leggi síðan fyrir alþingi frumvarp til laga um leiguábúð á jörðum, þar sem bætt sje úr þeim höfuðókostum ábúðarlaganna sem bent hefur verið á, og árangurslaust verið reynt að bæta úr nú á síðustu þingum. Og í því trausti, að stjórnin taki þessa áskorun til greina, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni".

Þórarinn Jónsson: Mjer kemur það ekki á óvart, þó að nokkur bið verði á því, að verulegar umbætur fáist á ábúðarlögunum. Það sem háttv. framsm. áðan var að segja, verð jeg að skoða sem gjaldþrota yfirlýsing nefndarinnar og úrræðin,

sem hún bendir til, eru lítið betri. Stjórnin getur ekki haft tök á því, að undirbúa þetta mál vegna þess, að hún hefur ekki þekkingu til þess og ekki tíma til þess. Alt stendur og fellur með því, að þeir menn, sem undirbúninginn eiga að gera, sjeu nákunnugir landbúnaði. Mjer heyrðist annars háttv. framsm. vera nú orðinn sammála háttv. þm. Barð. Hann lagði mikla áherzlu á, að málið vantaði undirbúning; það er satt, en það fær ef til vill aldrei betri undirbúning, en það hefur nú, þó það fari til stjórnarinnar. Jeg hygg, að alt muni bera að sama brunni, þegar fram í sækir, að allir verði sannfærðir um, að það einasta rjetta sje að selja þjóðjarðir. Ef jeg ferðast um landið, þá get jeg, þó að jeg sje alókunnugur, bent á, hverjar jarðir sjeu í sjálfsábúð og hverjar ekki. Verkin sýna merkin.

Flestar beztu jarðir í hverri einustu sveit þessa lands eru í sjálfsábúð. Flestir ötulustu og beztu bændurnir í hverri sveit eru sjálfseignarbændur. Þannig er það.

Háttv. 3. kgk. gat þess hjer við umr. í gær, að hann væri meðmæltur að selja prestinum á Kolfreyjustað landspildu af Innri-Skálavík, vegna þess að landið væri þá partað niður, en það væri rjett að fjölga sem mest smábýlunum og því ekki athugavert að selja hluta af einstökum jörðum. En að öðru leyti væri hann á móti þjóðjarðasölunni. Mjer finst þetta mjög einkennilegt, og hugsun sú, er hjer kemur fram, ekki rökrjett, því að, ef þjóðjarðirnar eru partaðar niður og seldar þannig, þá fer svo að lokum, að þær hverfa allar úr eign landssjóðs. Og svo finst mjer um höfuðbólin okkar, að það sje næstum því synd að skerða þau, ef þau eru í dugandi framafarmanna höndum, því þá geta þau mjög verið til fyrirmyndar í búnaði vorum. Grasbýlin smáu, þau þrífast heldur ekki nema í kring um kauptún, kaupstaði eða höfuðból, vegna þess, að þeir sem taka þau til ræktunar, þurfa atvinnu annarsstaðar, geta ekki lagt alla sína vinnu í þau.

Þetta frv., eins og það er nú orðið, hygg jeg að sje til talsverðra bóta, og get því ekki greitt atkvæði með hinni rökstuddu dagskrá, sem fram hefur verið borin. En jeg vildi, að þeir menn, sem trúa á þá stefnu, að landssjóður eignist allar vorar jarðir, hefðu meira traust á sjer til að koma lagi í sambandið milli landsdrottins og leiguliða, en hjer hefur orðið raunin á.

Steingrímur Jónsson: Það er rjett, að jeg hef verið andstæður þjóðjarðasölunni vegna þess, að sú þjóðjarðasala, sem jeg þekki, hefur gengið í þá átt, að fækka býlum, en fjölga ekki. En ef hún leiddi til þess, að smábýlunum fjölgaði, eins og átt hefur sjer stað í Danmörku, mundi jeg að líkindum ekki vera henni mótfallinn. Og af því, að það frv., sem hjer er um að ræða, gengur í þá átt, að taka landspildu undan einni jörð, sem er of stór fyrir, mun jeg ekki verða þessu mótfallinn. Einn aðalgallinn á landbúnaðinum hjá okkur er sá, að jarðirnar eru of stórar, en það gerir það að verkum, að menn hugsa lítið um að rækta jörðina, en mest um að þenja sig yfir sem mest landsvæði. En þetta er ófugur hugsunarháttur. Og þjóðjarðasalan hefur ekki bætt þetta á neinn hátt. Jeg skil háttv. þingm. Húnv. svo, að hann vilji fækka býlunum en gera þau stærri, en við það fækkar fólkinu í landinu. Síðan um 1860 hefur þeim, sem lifa á landbúnaði fækkað, um 3000, og er það ilt að vita.

Jón Jónatansson, framsm.: Jeg ætla að eins að segja örfá orð út af því, sem háttv. þm. Húnv. sagði. Mjer virðist hann í flestum atriðum sammála nefndinni, en hann talaði af litlu trausti og mikilli vorkunsemi til stjórnarinnar um þetta mál. Jeg get nú reyndar búizt við því, að lítið

verði úr framkvæmdum stjórnarinnar í málinu, en jeg skil ekki, að stjórnarráðið geti ekki komið að einhverju haldi í þessu efni. Háttv. þm. hjelt því fram, að eina úrlausnin væri sú, að selja þjóðjarðirnar, en þó það sje gert, er mikill fjöldi leigujarða í landinu eftir sem áður, og þeirri leiguábúð þarf að koma vel fyrir. Það er hið mesta hálfverk að löggjafarvaldið lætur sjer ant um að tyyggja sjálfsábúðina, og selur í því skyni þjóðjarðirnar, en lætur sig svo engu skifta, hvernig fer um þá, sem eru leiguliðar á jörðum einstakra manna. Jeg er sammála háttv. þm. um það, að þetta sje vandamál, en úr því þarf að ráða eigi að síður, og jeg legg svo mikla áherzlu á þetta, eins og jeg hef áður látið í ljósi hjer í deildinni, að ef það reynist ókleyft að skipa svo fyrir með lögum um leiguliðaábúðina, að hagur þeirra sje sæmilega trygður, að þeir geti óhikað lagt fram krafta sína og haft fulla tryggingu fyrir að geta notið ávaxta verka sinna, þá ætti þess háttar ábúð ekki að vera til. Það er því nauðsynlegt að koma betra skipulagi á löggjöfina í þessum efnum, og hvað sem þjóðjarðarsölunni líður, og hverjum augum sem menn líta á það mál, verður með engu móti gengið fram hjá þeirri nauðsyn, að bæta úr göllum ábúðarlaganna.

Þórarinn Jónsson: Háttv. 3. kgk., vildi halda því fram, að þjóðjarðasalan hefði ekki bætt ræktun landsins. Um þetta má auðvitað deila, og jeg fyrir mitt leyti held, að hún hafi gert það, þar sem jeg þekki til. Um leið og menn eru sjálfir orðnir eigendur, fara menn að rækta landið, því það er mjög sterk tilhneiging hjá hverjum einum til þess, að fara betur með það, sem hann á sjálfur, heldur en það, sem honum er lánað, og lánað oft með illum eða erfiðum kjörum, sem menn finna sárt til, og dregur það æði tilfinnanlega úr framkvæmdunum. Þá var annað atriði, sem háttv. 3. kgk. bar fram, og það var, að þeim, sem hafa stundað landbúnað, hefði fækkað. En þetta kemur ekki af því, að fólkinu hafi fækkað í landinu, heldur af því, að sjávarútvegurinn hefur aukizt og dregið fólk til sín í svipinn. En hann er valtur og þolir ekki miklar misfellur. Og þá held jeg, að svo fari, að þetta fólk leiti til sveitanna aftur. Jeg held það hafi ekki verið nema þessi atriði, sem háttv. 3. kgk. bar fram og það þýðir auðvitað ekki, að deila við hann um þau. Háttv. framsögumaður hjelt því fram, að það þyrfti að gæta að fleiru en þjóðjarðasölunni, því að einnig þyrfti að hugsa um leiguábúð á jörðum einstakra manna, og það er rjett, að þau lög þarf að bæta, ef mögulegt er, en nú hefur hann strandað á agnúunum, og vildi jeg ekki láta það ógert að minna hann á það. Því hefur verið haldið fram af sumum, að rjettast væri, að landssjóður hefði forkaupsrjett að öllum jörðum, og þeirri stefnu fylgir hjá sumum, að nema þjóðjarðarsölulögin úr gildi. Tillaga um þetta hefur komið fram í neðri deild, en ekki hafði hún almennara fylgi en það, að henni var vísað á sinn fæðingarhrepp, vísað til þeirrar nefndar, sem hún var sprottin frá, og er það sú lakasta útreið, sem jeg minnist að nokkur tillaga hafi fengið. Það er eins og menn sjeu farnir að athuga málið betur. Og á síðasta þingi kom fram tillaga um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum, en þó var ætlazt til, að þjóðjarðasölulögin hjeldust í gildi, en það er það sama og að skylda landssjóð til þess að kaupa í dag og skipa honum svo að selja á morgun. Slíkt nær auðvitað engri átt.

Alt þetta bendir til þess, að öll þau úrræði, öll þau hálmstrá, sem fjandmenn þjóðjarðasölunnar hafa gripið í að þessu, hafa slitnað, reynzt ónýt og óhæf. Og þannig vænti jeg að það fari framvegis, svo að hið góða málefnið sigri.

Guðmundur Björnsson: Jeg get ekki stilt mig um að láta í ljósi, að það mun ekki bera mikinn árangur, að vísa þessu máli til stjórnarinnar. Það vantar algerlega vinnukraft í stjórnarráðinu til þess að koma þessu máli í rjett horf, því að eigi að koma *þessu* á rjetta leið, þá þarf *líka* að taka þjóðjarðasölumálið til íhugunar.

Mjer hefur oft flogið í hug, þegar jeg hef litið yfir blómlegar sveitir og sjeð þessa örlitlu ræktuðu bletti í kring um bæina, túnin, hvort ræktun landsins mundi ekki ganga betur, ef túnin væru *fleiri*. Jeg held, það hlýti að reynast mesta happaráð, að *fjölga* býlunum; þau eru nú um 7000; en jeg held, að þau ættu fremur að vera 7 sinnum 7 þúsund, og vafalaust gætu þau vel verið svo mörg: og landið verða miklu betur notað, en nú gerist, landið betur ræktað og búskapurinn auðveldari. Jeg hef oft spurt skynsama bændur að því, hvort þeir vildu heldur búa á stórri engjajörð eða á litlu smábýli, þar sem búið væri að koma í rækt túni, sem gæfi af sjer 600 hesta af töðu. Og þeir hafa alt af svarað: Jú, það væri gaman að að lifa á þess konar túnbýlum. Jeg held að það þurfi að taka þetta mál til rækilegri íhugunar, en fram getur farið í stjórnarráðinu, og fyr eða síðar munu menn sjá, að eina rjetta stefnan er það, að fjölga sem mest erfðafestusmábýlunum í landinu. En til þess þarf að breyta allri okkar búnaðar- og ábúðarlöggjöf.

Steingrímur Jónsson: Það er ekki til neins að deila við háttv. þm. Húnv. um áhrif þau, sem þjóðjarðasalan hefur haft á ræktun landsins. En það var eitt, sem jeg gleymdi að mótmæla áðan, og það var, að sjálfseignarjarðir væru auðþektar úr frá hinum, sem eru í leiguábúð. Þetta er rangt, að því er landssjóðsjarðir snertir. Það er langt frá því, að landssjóðsjarðirnar, þar sem rjettur ábúandans er vel trygður, sjeu ver ræktaðar en jarðir sjálfseignabænda. Ábúendur á þeim jörðum eru eins vissir um að geta setið á þeim framvegis, og látið börn sín taka við þeim, að þeim látnum, eins og sjálfseignarbændur. Og þeir hafa betri efni á að rækta jörðina, heldur en hinir hafa oft og tíðum, því að sjálfseignarbóndinn, sem hefur lagt mikið fje í að kaupa ábýlisjörð sína eða leysa hana út frá meðörfum sínum, hefur ekki bolmagn til þess að leggja fje í ræktun lands síns. Jeg ætla ekki að fara lengra út í þetta málefni að sinni, en það var annað, sem jeg vildi mótmæla, og það er, að fækkunin í sveitunum stafi eingöngu af því, að menn hafa leitað til sjávarsveitanna. Það kemur ekki síður af því, að menn heimta meira landrými. Og mjer hefur dottið í hug, hvort þjóðjarðasalan muni ekki hafa getað stutt að því, að menn hafi flutt úr sveitunum og til sjávarins.

Jeg vjek að því áðan, að býlunum mundi geta fjölgað. Og til þess er frekar vilji hjá því opinbera en hjá einstökum mönnum. En með fjölgun býlanna held jeg að fylgja mundi aukin ræktun landsins. Jeg skal geta þess til dæmis, að á Húsavík eru nú 40 smátún og af þeim fást samtals um 1200 hestar af töðu á ári. En jeg er ekki viss um, að landið hefði verið orðið eins vel ræktað, ef það hefði verið í eign einstaks manns. En það er ekki hægt að fjölga býlum, þegar einstakir menn svæla landið undir sig og vilja hafa hálfrar mílu breitt land út frá sjer, mest til þess, að búpeningur nábúans geti ekki gengið á land hans. Mjer finst vafasamt, hvort mikið hefst upp úr því, að vísa málinu til stjórnarinnar. Ábúðarlögin frá 1884 eru að mörgu leyti góð lög, en að vísu eru þau orðin úrelt að nokkru.

ATKVGR.:

Þá var borin upp og samþykt með

8 atkvæðum gegn 1 áður rituð rökstudd dagskrá.

---

7. *Frv. til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar* (718, n. 774); 3. umr.

Afbrigði frá þingsköpunum leyfð á sama hátt og áður.

Jón Jónatansson, framsm.: Það hafa ekki komið fram neinar breytingartillögur við þetta frumvarp. Það fjekk góðar viðtökur hjer í deildinni síðast, og þar sem hjer er um mikilsvert málefni að ræða, vona jeg það fái sömu undirtektir nú. Hef jeg svo ekki fleira að segja.

ATKVGR.:

Frumvarpið var samþykt með 11 samhljóða atkvæðum og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

8. *Frv til laga um breytingu á 16. gr. laga nr. 29. 16. nóv. 1907* (721); 3.umr.

Afbrigði frá þingsköpunum leyfð á sama hátt og áður.

ATKVGR.:

Frumvarpið var samþykt með 10 samhljóða atkvæðum og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

9. *Frv. til laga um breytingu á og viðauka við lög um bæjarstjórn í Hafnarfirði frá 22. nóv. 1907*; 2. umr.

ATKVGR.:

1. gr. frv. var samþ. í einu hljóði.
2. — — — — í — —
3. — — — — í — —

Fyrirsögnin var samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu var vísað til 3. umr. í einu hljóði.

---

10. *Frv. til laga um breyting á lögum 22. okt. 1912 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands* (722, n. 824); ein umr.

Afbrigði frá þingsköpunum leyfð á sama hátt og áður.

Jósef Björnson, framsögumaður: Eins og háttv. deild hefur sjeð, þá hefur frv. þetta tekið allmiklum breytingum í háttv. neðri deild. Það hafa verið sniðnar af því þær viðbætur, er frv. fjekk hjer í þessari háttv. deild, og það hefur heldur ekki verið lagfært, að því sem bent var á hjer í íháttv. deild að þyrfti að lagfæra, í 9. gr símalaganna, þar sem mótsögn er í milli íslenzkunnar og danska textans. En vitanlega hefur það litla þýðingu, því íslenzki textinn ræður, en hitt hefur meiri þýðingu, að orðið „jafnan" er á móti þeirri venju, er hefur verið fylgt um borgun, starfsrækslu. Á þeim tíma, sem liðinn er, frá því lögin komust í gildi, hefur verið brotið á móti orðinu „jafnan". Það hafa verið teknar upp nýjar stöðvar og borgað fyrir starfsrækslu á sumum þeirra, og það er því óskiljanlegt, að háttv. neðri deild skyldi ekki taka upp breytingu um þetta efni, því tæplega gat sú háttv. deild talið þetta til þess fallið að skemma frv., eða ráða falli þess hjer í háttv. deild. Og þar sem starfsræksla símans hefur hreint og beint brotið í bág við þetta og því við lögin, þá virtist það nokkurn veginn gefið, að þetta bæri að lagfæra.

En háttv. neðri deild hefur ekki látið sjer nægja að spilla frv. lítið eitt, hún hefur stórspilt því að áliti nefndarinnar. Og nefndin finnur þessum orðum sínum stað með því, að benda á, að háttv. Nd. hefur felt úr að taka upp í fyrsta flokk, línur þær, er um var að ræða, því önn-

ur þeirra að minsta kosti átti sjerstaklega rjett á því, að vera sett þar. Nefndin vill og taka fram sem sína skoðun, að það hafi verið vel ráðið af háttv. alþingi, að setja mörk fyrir því, hversu hátt gjald megi greiða fyrir starfsrækslu stöðvanna, því nefndin er sannfærð um, að þess verði ekki langt að bíða, að meira verði borgað fyrir starfsræksluna en hækkun sú nemur, sem orðið hefði, ef ákvæðinu um starfsrækslugjald til allra stöðva, eins og þau voru samþykt hjer í deildinni, hefðu náð fram að ganga, og mitt álit er, að það verði til stórbaga, er fram líða stundir, að þetta skyldi ekki vera ákveðið. Og nefndin lítur því svo á, sem það hefði verið til fjársparnaðar í framtíðinni að samþykkja 9. gr., eins og hún var afgreidd hjer í háttv. deild.

Jeg vil ekki fjölyrða meira um þetta, en jeg get ekki stilt mig um að fara nokkuð fleiri orðum um málið. Það vildi svo til, er mál þetta var hjer síðast til umræðu í þessari deild, að jeg gat fyrir vangá varaforseta, sem þá sat í forsetasæti, ekki svarað ummælum þeim, er fjellu hjer í deildinni, og vil jeg því bæta að nokkru úr því, fyrst málið barst hingað aftur.

Það var sagt, þegar verið var að ræða um að flytja Siglufjarðarsímann í fyrsta flokk, að með þessu frv. væri gengið inn á nýja braut, tekin ný stefna, en þetta er *ekki rjett, heldur rangt með öllu.* En þó að svo hefði verið, hefði mátt á það líta, að nauðsyn gat rekið til þess, að „principunum“ væri ekki haldið stranglega fram. Og það er oft nauðsyn á því, að víkja frá þeim. Jeg man það, að þegar háttv. þm. Ísaf. (Sig. St.) var að tala um brimbrjótinn í Bolungarvík við 2. umr. fjárlaganna, að þá sagði hann:

„Það dugir ekki ætíð að fylgja „principum“, heldur verður stundum að brjóta þau, alveg eins í þinglífinu og annarstaðar“. Og þetta er alveg rjett. (*Guðmundur Björnsson*: Já, alveg rjett).

Í þessu sambandi vildi jeg minnast á flutning símalínunnar frá Sauðárkrók til Siglufjarðar í 1. flokk, því þar eiga ummæli hv. þm. Ísaf. einmitt við. Þar hefur verið lagt fram af hjeruðunum *hærra tillag en nokkurstaðar annarstaðar* mótsvið það, er línan kostaði. Það verður að gæta að því, að töluverðu af því fje, sem línan kostaði, var varið til þess að rífa upp og gera við aðallínu landsins, Reykjavík — Seyðisfjörður, sem sje kaflann frá Sauðárkrók til Vatnsleysu, og er það *þvert á móti lögunum.* Þessu fje var varið til þess að rífa upp línuna milli Sauðárkróks og Vatnsleysu. Ef þessi kostnaður, er mun nema um 5000 kr., er dreginn frá, þá mun það ekki fjarri lagi að telja, að hjeruðin hafi lagt fram $^1/_3$ kostnaðarins. Ef svo á hinn bóginn er minzt þess, er háttv. 1 þm. Húnv. sagði, þegar hann um daginn var að tala um, hve litlu fje hefði verið varið til samgöngubóta í Húnavatnssýslu á móts við önnur hjeruð landsins, og hann þá nefndi Skagafjarðarsýslu meðal þeirra 8 hjeraða, sem öll til samans ekki hefðu fengið meira af vegafje en Þingeyjarsýsla árin 1900—1910, að báðum árum meðtöldum, þá var þó ekki nema sanngjarnt, þó tekið væri nokkurt tillit til, að Skagafjarðarsýsla er eitt af þeim hjeruðum, er hefur fengið minst til samgöngubóta, um $^1/_{20}$ af því, er varið hefur verið til Suður-Múlasýslu, og það hjerað látið njóta þess í einhverju öðru.

Við 3. umr. þessa máls hjer í deildinni var það einn háttv. þm., er vjek að því, að hjer mundi vera um hreppapólitík að ræða eða kjósenda meðhald, og hefur þá líklega helzt beint þessum ummælum til mín. En þetta er gersamlega ástæðulaust. Hjer eiga tvö hjeruð að máli, Eyjafjarðarsýsla og Skagafjarðarsýsla, og eins og þessum háttv. þm. væntanlega er kunnugt, þá er Siglufjörður í Eyjafjarðarsýslu, og hann á hjer tiltölulega mestan hlut að máli. Jeg,

og eins nefndin, get því látið mjer þessi ummæli liggja í ljettu rúmi, þótt jeg vilji ekki láta þau ómótmælt.

En fyrst þessi lína er ekki tekin í 1. fl. þrátt fyrir allt, sem með því mælir, þá er í öllu falli ástæða til að ætla, að hjeruðunum, sem hafa lagt fram alt að $^1/_3$ af kostnaði símaálmunnar frá Vatnsleysu til Siglufjarðar, væri sýnd nokkur tilhliðrunarsemi frá símastjórnarinnar hálfu. En það held jeg að tæplega verði sagt, að sje gert. Því til skýringar vil jeg geta þess, að Holtshreppur í Fljótum hefur beðið um, að símastöð væri sett upp á Hraunum í Fljótum og símalínan liggur þar um túnin. Hreppur þessi hefur eins og vanalegt er, boðizt til að starfrækja stöðina á sinn kostnað, og þetta er einn þeirra hreppa, er fje hefur lagt til línunnar. Þessu hefur símastjórinn altaf neitað, og stöðin var ókomin, að minsta kosti þegar er jeg fór til þings. Ef svo skyldi ólíklega vera, að á þessu hafi síðan verið bót ráðin, bið jeg velvirðingar á orðum þeim, er jeg í þessu efni hef viðhaft um litla tilhliðrun.

Að því er „principin“ snertir, sem nokkrir háttvirtir deildarmenn hjer töluðu um við 3. umr. að farið væri á bí við, en uppteknin ný leið, þá er þar til því að svara, að það var alls ekki að ræða um neina nýja leið í frv., þótt línurnar hefðu verið settar í 1. flokk, og því til sönnunar vil jeg geta þess, að í brjefi landsímastjórans, dags. 30. júlí þ. á., til símanefndar neðri deildar segir hann svo: „Síðasta alþingi braut reyndar þessa reglu, með því að gera línuna Reykjavík — Vestmannaeyjar að 1. flokks línu“.

En áður hefur hann sagt, að línan Reykjavík — Seyðisfjörður, hrygglína símakerfisins, sem hann nefnir þá línu, *ætti ein* að vera 1. flokks lína, og þetta tekið fram í fyrnefndu brjefi hans til þingsins. *Hjer ber landsímastjóranum fyllilega saman við það, er jeg hef áður sagt um þetta mál,* og þó sumir háttv. þm., svo sem háttv. þm. Isaf., Strand. og 3. og 6. háttv. kgk. þm. hafi viljað neita þeim ummælum mínum, að hjer væri ekki um nýja stefnu að ræða, þá vænti jeg þess, að þeir háttv. herrar hætti því, er jeg hef skýlausa yfirlýsingu landsímastjórans sjálfs með máli mínu.

Þótt nefndin telji það illa farið, að háttv. neðri deild gat ekki samþykt breytingar þær, er orðnar voru hjer í deild á frv., og þótt nefndin telji það líka illa farið, að ekki hafi verið breytt orðinu „jafnan“ í 9. gr. símalaganna, og sett í þess stað orðið „venjulega“, þá hefur nefndin þó ekki viljað leggja til, að frv. yrði felt, af því að hún er sömu skoðunar og áður um efni stjórnarfrv., og nauðsyn þess, að lánið, sem tekið verður, fáist með vægum kjörum, og hefur því ekki viljað taka upp breytingar sínar, og með því etja kappi við háttv. neðri deild, því skeð gæti, að það yrði frv. til falls í þeirri háttv. deild, þar sem svo áliðið er orðið þingtímans. Og eingöngu þess vegna ræður nefndin til að samþykkja frv. óbreytt. En nefndin er *sannfærð um það*, að það muni ekki líða langur tími, þar til augu manna opnast fyrir því, að *þessar línur eigi að vera 1. flokks*, og *sjálfsagt sje* að *breyta 9. gr. eins og nefndin lagði til.*

Jeg finn svo ekki ástæðu til að tala frekar um málið að sinni, enda liggja engar breytingartillögur fyrir.

Guðmundur Björnsson: Hæstv. forseti! Jeg vildi leyfa mjer að gera ofurstutta athugasemd út af ummælum háttv. frsm. (J. B.) um símastöðina á Hraunum. Jeg hef ferðast þar um sveitir, og farið yfir Siglufjarðarskarð, og jeg, sem er spurull og vil vita sem flest, fjekk að vita það, að margir hafa orðið úti eða slasazt á Siglufjarðarskarði. Mjer finst það vera mjög skiljanlegt, að menn vilji fá símastöð á Hraunum, enda mjög bagalegt, að hún skuli ekki vera komin á fót. Ef

símastöð væri á Hraunum, þá væri hægt að síma frá Siglufirði þegar menn leggja þaðan upp á skarðið, og yrði þá strax uppvíst, ef mennirnir næðu ekki til bygða; eins er það er menn leggja upp frá Hraunum, þá væri jafnan hægt að síma þaðan til Siglufjarðar. Þetta gæti bjargað mörgu mannslífi. Jeg skal ekki fara lengra út í þetta, það skilja allir. En víða stendur líkt á, og það ætti að vera algild regla, að báðum megin við hættulega fjallvegi væri símastöð. Þetta mun nú sumstaðar vera komið í lag, en því miður ekki nógu víða.

Og eins er í víðáttumiklum hjeruðum, að síminn getur víða hjálpað mönnum til að ná í lækni. Jeg minnist á þetta af því, að mjer finst alt of lítið tillit hafa verið tekið til þessa tvens, þegar símar hafa verið reistir.

Þing og stjórn ætti að hafa vakandi auga á því, hvar símastöðvar eru gagnlegastar, því það er ekki mesta nauðsynin, að konurnar geti sem víðast símað milli sín alt sögulegt, sem gerist í sveitinni.

Og þörfina á símastöð á Hraunum áleit jeg svo mikla, að jafnskjótt og jeg kom heim úr ferð minni í fyrra, þá ritaði jeg stjórninni og vakti athygli hennar á því.

Jósef Björnsson, framsm.: Út af því, að jeg áðan var að biðja afsökunar á ummælum mínum, ef símastöð væri komin á Hraunum, þá vil jeg taka það fram, að eftir upplýsingum, sem jeg hef fengið síðan jeg settist niður, þá var það gersamlega óþarfi, því símastöðin er *enn ókomin*. Og það er og alveg rjett, er h. 6. kgk. þm. tók fram, að það *geta sparazt* mörg *mannslíf*, ef símastöð er á Hraunum. Á því er enginn efi, og á það vil jeg leggja áherzlu.

En það er annað, er jeg vildi bæta við. Eftirlitsstöðin yfir Siglufjarðarskarð er nú í Haganesi og þaðan er erfitt að rækja eftirlit. Á sumum árstímum kemur það fyrir, að Miklavatn eða Hraunaós er ófært, og verður þá að fara langan veg fram í Fljót til þess að geta gert við línuna. Og þetta er reglulega „ópraktiskt“ fyrir símann og mikið dýrara.

Jeg hef heyrt það haft á móti því, að sett væri á fót símastöð á Hraunum, að það væri svo þröngt á línunni, svo margar stöðvar á henni, að ófært væri að auka á það, en jeg er ekkert hræddur um, að línan yrði mikið meira upptekin fyrir það, því *aðalverk þessarar stöðvar yrði að forða slysum og minka eftirlitskostnaðinn.*

En svo er eitt atriði, er jeg vildi aftur minna á í þessu sambandi. Hreppurinn hefur lagt mikið fje til símans, og síminn borgar sig svo vel, að það væri sjálfsagt ekki viðlit, að þessi hreppur nje aðrar þær sveitir, er fje lögðu til línunnar, gætu fengið línuna keypta. Og úr því hreppurinn vill setja allar tryggingar um stöðina en getur þó ekki fengið hana, virðist mjer ekki bera vott um lipurð símastjórnarinnar.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþykt með 11 atkvæðum gegn 1 og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

11. *Kosning forseta efri deildar milli þinga.*

Júlíus Havsteen 1. kgk. þm. kosinn með 11 atkv.

Eiríkur Briem, 2. kgk. þm., fjekk 1 atkv., og einn seðill var auður.

Júlíus Havsteen: Jeg þakka fyrir það traust, er háttv. deild hefur sýnt mjer með þessari kosningu, og jeg skal taka það fram, að jeg mun gera hvað mjer er unt að gera mig traustsins verðugan. Og

jafnframt því skal jeg geta þess, að jeg mun reyna að vinna að því, er jeg veit að háttvirtum þingmönnum er áhugamál, nefnilega að þingtíðindin verði sem fyrst prentuð.

---

53. **fundur.** Föstudaginn 12. september, kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um sauðfjárbaðanir* (827, n. 851); ein umr.

Afbrigði frá þingsköpunum leyfð af þingdeildinni í einu hljóði, og samþykt af ráðherra.

Jósef Björnsson, framsögumaður: Eins og nefndarálitið ber með sjer, leggur nefndin til, að frv. sje samþykt, eins og það liggur fyrir. Að vísu var því breytt í h. Nd., og eru þær breytingar aðallega fólgnar í tvennu. Fyrri breytingin er sú, að nú er útvegun baðlyfja lögð undir stjórnarráðið í stað þess, sem hjer í deild hafði verið ætlazt til, að búnaðarfjelag Íslands sæi um útvegun þeirra. Hin breytingin er sú, sem nefndin álítur meira um vert, að í stað þess, sem hjer í deild var ætlazt til, að sjerstakir umsjónarmenn væru skipaðir með sauðfjárböðununum, er í frv. gert ráð fyrir, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir hafi umsjónina. Þótt nefndin álíti þetta ekki jafn hyggilegt og hitt, þá leggur hún þó til, að frv. sje samþykt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. í e. hlj.

Verður sent til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

2. *Frv. til laga um viðauka við og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909* (855); ein umr.

Guðmundur Björnsson, framsögum.: Sem formaður nefndarinnar í þessu máli verð jeg að gera nokkra grein fyrir því. Eins og hv. d. er kunnugt, hefur nefndin aldrei getað orðið sammála. Sumir nefndarmenn vildu, að frumv. væri samþykt óbreytt, eins og það kom frá h. Nd. Aðrir vildu breyta því, án þess þó að hagga efninu. Hvorugt þetta gat fengið eindregið fylgi nefndarinnar, og afleiðingin af því er sú, að hún hefur ekki getað látið uppi álit sitt, og efast jeg um, að það yrði komið á morgun, þótt málið væri tekið út af dagskrá og því frestað þangað til. Það má því eins vel taka það fyrir í dag.

Forseti: Það þarf auðsjáanlega að að leita afbrigða frá þingsköpunum með mál þetta, og, að fengnu leyfi hæstv. ráðherra, ber jeg það undir hv. d., hvort hún vill leyfa þau.

ATKVGR.:

Sökum ólöglegrar atkvgr. var viðhaft nafnakall, og sögðu:

já:	nei:
Steingrímur Jónsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Jósef Björnsson,
Eiríkur Briem,	Sigurður Eggerz.
Guðmundur Björnsson,	
Jón Jónatansson,	
Júlíus Havsteen,	
Sigurður Stefánsson,	
Þórarinn Jónsson.	

Þingmaður Barðstrendinga greiddi ekki atkv. og var því talinn með meiri hlutanum.

Voru afbrigðin þannig samþ. men 10 atkv. gegn 3, og málið tekið til umr.

Einar Jónsson: Mjer finst ekki hægt að samþykkja frv., eins og það liggur fyrir, vegna þess hvernig 2. gr. þess er orð-

uð. Eftir að tekið hefur verið fram í fyrri hluta greinarinnar, að sendiræðismönnum framandi ríkja sje heimilt að flytja frá útlöndum einu sinni á ári hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa sinna um eitt ár í senn, þá er þessu bætt við: „öðrum en þeim, er hjer hafa verið taldir, má ekki leyfa innflutning áfengis, flutning úr skipi í annað skip eða úr skipi í land". Eftir þessum orðum sýnist öllum öðrum en sendiræðismönnunum vera undantekningarlaust bannað, að flytja vín hjer í land. Með öðrum orðum: þeim, sem eftir 2. gr. bannlaganna er leyft að flytja hjer áfengi í land, er með þessum lögum bannað það eftir því sem orðin hljóða. Það er þó vitanlega ekki tilætlunin. Til þess að ráða bætur á þessu, hefði frv. þarft að byrja á þessa leið: „Aftan við aðra grein komi ný málsgrein svo hljóðandi".

Eins og greinin er nú orðuð, finst mjer hún ekki geta staðið, ef ekki á að svifta þá innflutningsleyfi vínfanga, sem nú hafa það, því að yngri lög gilda fram yfir eldri, ef þau koma í bága hvor við önnur. Jeg sendi í prentsmiðjuna brtill., sem á að bæta úr þessu; hún er ókomin, ef háttv. deild vildi samþykkja hana, þyrfti að fresta málinu um stund.

Ráðherra: Ef um það væri að ræða, að fella þessar breytingar á vínbannslögunum inn í lögin sjálf, þá gæti það komið dálitið óþægilega við; þó mundi vel mega bjarga málinu við með því að skoða breytingu þá, sem þarf að gera, að eins „redaktionella" breytingu. En nú er ekki ætlazt til, að svo sje gert, heldur verða þetta sjerstök lög. Jeg játa það, að frv. er nokkuð einkennilega orðað, en jeg vona þó, að engum detti í hug, að það skerði rjett þeirra, sem undanþágu *hafa* frá innflutningsbanninu samkvæmt bannlögunum sjálfum. Það er augljóst af öllum gangi málsins í þinginu og umræðunum um það, að hjer er ekki að ræða um aðra breytingu á lögunum með 2. gr. frv. en þessa undanþágu fyrir sendiræðismennina, og það er auðsætt af greininni, að stjórnarráðinu er ekki heimilt að veita fleirum hana, af þeim mönnum, sem ekki verða að teljast hafa undanþágurjett af alþjóðlegum ástæðum. Jeg hygg, að þótt þetta frv. sje samþykt, þá mundi engum detta í hug, að banna apotekurum og öðrum, sem eftir vínbannslögunum mega flytja vín inn, að gera það á sama hátt eftir sem áður.

Guðm. Björnsson, framsm.: Það er rjett sem háttv. þm. N.-Múl. (E. J.) sagði, að frv. eins og það liggur nú fyrir, er reglulegur vanskapnaður, og hörmulegt að vita, að háttv. neðri deild skuli láta málið frá sjer fara nú undir þinglok jafn afskræmilegt og það er, — jeg get ekki þagað yfir þessu.

Jeg veit, að það má segja, að engum öðrum verði hjer eftir heimilt að flytja inn áfengi en þeim, sem er það leyft með þessum lögum. En auðvitað hefur það ekki verið tilgangur háttv. Nd.

Jeg hef átt tal við löglærða menn um þetta, og hafa þeir látið sömu skoðun uppi sem hæstv. ráðherra lýsti nú yfir, að ekki þurfi að skilja lögin á þennan veg. Nefni jeg þar til bæjarfógetann hjer í Reykjavík. Þótt lögin sjeu aflægisleg, þá er óþarfi að leggja þann aflægislega skilning í þau, sem hjer hefur verið talað um. Þegar þetta þarf ekki að óttast, þá vil jeg, að frv. sje samþykt, þótt jeg geti ekki neitað, að það sje þinginu til skammar, að afgreiða svona óvandvirknis lög.

Mjer hafði komið til hugar, að koma með samskonar breytingartill., sem háttv. þm. N.-Múl. (E. J.) gat um, en jeg hætti við það, er jeg heyrði álit lagamanna um, að þetta mundi ekki verða bannmálinu að tjóni. Jeg vil ekki á neinn veg hefta framgang frv., en það er jeg hræddur um, að brtill. kynni að gera. Jeg þóttist gera

glögga grein fyrir því, við fyrri umræðu málsins hjer í deild, að það gæti komið oss illa í koll, ef við vildum ekki verða við kurteislegum tilmælum frönsku stjórnarinnar, um að veita sendiræðismanni hennar hjer undanþágu þá, sem hún fór fram á fyrir hans hönd. Af því einu get jeg greitt atkvæði með frv., nauðugur þó, vegna þess hvernig það kemur úr garði gert frá háttv. neðri deild. Því að þessi deild verður þó að gæta sóma síns, og vanda verk sín. En hjer má segja, að nauðsyn brýtur lög.

Jósef Björnsson: Jeg greiddi áðan atkvæði móti því, að málið yrði tekið til umræðu, áður en nefndarálit er komið fram, því jeg bjóst við, að háttv. nefnd mundi koma fram með tillögu um að lagfæra þá galla, sem nú eru á frv. Mjer finst 2. gr. frv. með öllu óaðgengileg, eins og hún er nú. Það er mesta aflægi, að vera að leyfa sendiræðismönnum að flytja vínföng í land og skip úr skipi, það er aflægi, að þingið samþykki lög, sem leyfa slíkt, þar sem þó er til þess ætlazt, að ræðismennirnir flytji ekki annað vín hingað, en til sinna eigin afnota. Jeg get ekki heldur annað sjeð, en það sje mikill munur á því, hvort ákvæði þessa frv. eiga að skeytast við bannlögin, eða eins og hjer er ætlazt til, að þetta verði sjerstök lög. Eftir þessu frv. verður ekki betur sjeð, en innflutningur vínfanga sendiræðismanna sje undanskilinn öllu eftirliti umsjónarmanns áfengiskaupa.

Í stuttu máli verð jeg að segja, að 2. gr. frv., eins og nú er hún, sje *með öllu óhafandi*, og því bráðnauðsynlegt, að breyting fáist á henni; ella á að fella frumvarpið.

Ráðherra: Það er ekki eins dæmi, að svipaðir gallar hafi komið fram á frv. undir þinglok, eins og hjer, og frv. þó verið samþykt, en bætt úr göllunum, þegar á næsta þingi. Þannig var í lögunum um Íslandsbanka skírskotað í grein sem ekki átti við; frv. var eigi að síður samþykt á þingi, þótt menn vissu um þennan galla á því, og síðan staðfest af konungi. En á næsta þingi, þegar árið eftir — því þá var haldið aukaþing — var samþykt leiðrjetting á lögunum. Eins mundi jeg fara að hjer, ef málið þá kemur til minna kasta.

Jeg get ekki sjeð, að skilningur háttv. 2. þm. Skgf. (J. B.) á málinu sje nauðsynlegur. Og hvað er hægt að hafa á móti því, þótt sendiræðismennirnir flytji vín sitt sjálfir í land eða annist um flutning á því, fyrst þeim á annað borð er leyft að flytja vínföng til landsins? Það er ákveðið, að þeir megi ekki flytja inn vín nema til heimilisþarfa, og er mjer óskiljanlegt, hvaða freisting það ætti að geta verið fyrir því, að flytja vín milli skipa, rjett að gamni sínu.

Jeg sje ekki annað en samþykkja megi frv. eins og það er, þegar jeg lýsi því yfir, að úr gallanum á því skuli bætt á næsta þingi, og þegar jeg ennfremur lýsi því yfir, að lögin skulu verða „praktíseruð“ eins og þingið ætlaðist til með þessu ákvæði aftan við 2. grein.

Umræðurnar um málið hafa verið svo skýrar, að þær taka af öll tvímæli um það, að hjer er ekki meiningin að útiloka apotekara eða aðra, sem nú hafa innflutningsrjett, frá því að nota hann. Jeg get ekki sjeð, að það sje stór skömm fyrir þingið, þótt einhver villa eða ósamræmi kunni að slæðast inn í eitt frv., þegar tíminn er svo afar naumur, og slíkur málafjöldi að afgreiða, og jafnmikið að gera, eins og nú hefur verið síðustu dagana að öðru leyti.

Einar Jónsson: Jeg þarf ekki margt að segja. En mjer finst greinin eðlilegast orðuð eins og hún var fyr, og brtill. mín, sem nú er komin, ætlast til, að hún

verði. Það getur verið, að það megi skilja fyrirmælin eins og ætlazt er til, en orðalagið bendir þó ekki í þá átt, og rjett er þó, að hafa orðin sem skýrust í lögum. Annars ætla jeg ekki að tala meira um breytingartillöguna. Menn eiga nú kost á að greiða atkvæði um hana.

Sig. Eggerz: Jeg ætla ekki að fara inn á skýringar á 2. gr. frv. En það hygg jeg, að bæta mætti þetta vansmíði. Það er eitt aðalatriði málsins, sem ekki hefur verið tekið fram, það er að segja, hvort veita eigi undanþágu eða ekki. Hún var eigi leyfð hjer í deild fyrir fám dögum, og sýnist mjer líklegt, að hún verði það ekki heldur nú í dag, og eins og undanþáguleyfið var felt þá, eins verði nú gert (*G. B.*: Það var í ógáti.) Mjer finst háttv. Nd. vera býsna djörf að taka hana aftur upp, rjett eins og hún búist við, að þessi deild muni strax heikjast yfir henni. Háttv. Nd. hefur ekki tekið okkar málum svo vel, að hún geti búizt við sjerlegri tilhliðrunarsemi hjer í deild. Háttv. 6 kgk. lagði nú, eins og á dögunum, svo mikla áherzlu á, að vjer yrðum að sýna hinni voldugu og göfugu frönsku þjóð þá tilhliðrun, að banna ekki ræðismanni hennar hjer að hafa vín á borðum, eins og hann hefði vanizt frá blautu barnsbeini. Það hefur verið marg tekið fram af honum og öðrum, að Frakkar væru kurteis þjóð, og það hefur verið sagt, að ræðismaður þeirra sje kurteisasti maður. Jeg efast ekki um, að þetta sje satt. En mjer er spurn, eigum við að sjálfsögðu að fara eftir því, þótt einhver kurteis þjóð eða kurteis maður fari fram á að fá hina eða þessa undanþágu frá bannlögunum. Væri jeg óvinveittur bannlögunum, mundi jeg kröftulega fylgja því fram, að undanþágan væri veitt. Því ef máttarstoðunum er kipt undan bannlagabyggingunni, eins og hjer á að gera, þá mun byggingin öll hrynja. Jeg legg áherzlu á, að hjer er verið að brjóta „princip“ bannlaganna, það „princip“ að leyfa eigi vínflutning til landsins. Hjer er vissri stjett manna, sendiræðismönnunum, leyft að flytja vín inn og hafa það um hönd. Jeg er viss um, að fleiri undantekningar koma á eftir, ef þessi er veitt. Jeg hef að vísu ekki mikla umgengni við „diplomata“ og kann ekki að beygja mig fyrir þeim sem vera ber; þó vildi svo til nýlega, að jeg hitti einn visikonsulinn á götu, og sagði hann mjer, að hann mundi skrifa sínu stórveldi, ef franski sendiræðismaðurinn fengi undanþáguna, og biðja það að mælast til, að hann fengi samskonar undanþágu. (*G. B.*: Hver var það?) Jeg vil ekki nefna nöfn nje gera mig stóran, þótt jeg umgangist ræðismenn stórveldanna. Þessi undanþága hlýtur að skapa misrjetti og óánægju. Allir munu keppast eftir að komast í boðin hjá franska sendiræðismanninum, þar sem vín er á boðstólum, en ekki líta við boði frá enska ræðismanninum eða þýzka. Við megum vara okkur á því, að stórveldunum lendi ekki saman út af þessu. Hver má vita nema það rísi af því heilt Evrópustríð. H. 6. kgk. (G. B.) sagði, að við yrðum að fara varlega. Því ekki það? En hjer er eldurinn laus. Jeg bið guð að hjálpa okkur, þegar kanónurnar fara að syngja. En sleppum nú Evrópustríðinu. Hjer er fleira að gæta. Við vitum hvílíkur feikna máttur móðurinn er.

Það er verið að grafa undan aðflutningsbannslögunum með þessari undanþágu, og þess vegna er jeg á móti henni, og vona að svo verði og um þá hv. Goodtemplara, sem sæti eiga hjer í deildinni. Það er svo sem auðvitað, að þegar hæstv. ráðherra kemur til Hafnar, þyrpast sendiherrar hinna stórveldanna um hann, og vilja fá undanþágu fyrir fulltrúa sinna þjóða, ef einu stórveldinu er veitt þessi undanþága. Nei! Það er sannarlega ekki ókurteisi, þó að við ekki beygjum okkur.

Guðmundur Björnsson: Hv. þm. V. Sk. talaði eins og hann vissi það ekki, að það eru heimskingjarnir, sem jafnan eru „stífastir upp á rjettinn", en þeirra vitið meira, sem vægja kunna. En jeg vil, að menn viti, að það er eigi fjarstæða, að breyta lögum fyrir kurteisis sakir. Stærri þjóðir en við gera það oft, til að halda vináttu sinni við aðrar þjóðir. Og vil jeg benda á eitt atriði, sem enginn virðist hafa tekið eftir, sem sje, að þessir sendiræðismenn eru hjer eins og annarstaðar undanþegnir öllum *tollum* og sköttum, en í íslenskum lögum er alls engin heimild fyrir slíkri undanþágu, og mætti draga hæstv. ráðherra fyrir landsdóm af þeim sökum. En hver er ástæðan fyrir þessu? Hún er sú, að þetta tíðkast um *allan* heim, með *öllum* siðuðum þjóðum, og við mundum taldir rustar og ruddaþjóð, ef við værum svo smásmuglegir að bregða út af þessari alheimsvenju.

Þetta er mergurinn málsins. Og undanþágan frá bannlögunum er hreint og beint smáræði á við hinar undanþágurnar, sem jeg nefndi, og allir telja sjálfsagðar.

En svo er annað. Sumir halda, að þessi undanþága geti verið hættuleg fyrir tilætlaða nytsemi bannlaganna. En ef þeir vissu, þeir góðu menn, hvað í bannlögunum stendur af líku tagi, hefðu lesið þau lög og skilið, þá mundu þeir eflaust hafa lægra um sig. Nei! Það er önnur undanþága í þeim lögum, sem er *miklu* hættulegri en þessi, og hún er sú, að hver *skottulæknir*, hvaða dóni sem hann er, hvort heldur með eina eða tvær eða þrjár klaufir í burunni, hefur heimild til að kaupa óblandað, ómengað áfengi frá útlöndum í því skyni að hafa það í lyf sín.

Versti sótrafturinn í víkinni — hvar sem víkin nú er — getur keypt smáskamta lyf í lyfjabúðinni og farið að lækna, og kallað sig smáskamtalækni, og síðan tekið til að fá sjer ómengað áfengi frá útlöndum, og boðið kunningjunum heim til sín og gefið þeim að súpa á því — sjer til heilsubótar, *þau* boð má óttast — konsúlaveizlurnar er óþarfi að óttast.

Fyrir þing 1911 samdi jeg frumvarp til laga um lækningaleyfi. Þar átti að girða fyrir skottulæknafarganið. En frumvarpið var skemt fyrir mjer, varð þó að lögum, en smáskamtalæknunum gefinn laus taumurinn, svo laus, að bannlögunum stendur langmest hætta af þeim, og eigum vjer þar alt undir árvekni landlæknis.

Mönnum ætti að skiljast, að það getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir okkur, að móðga frönsku þjóðina, þó að ekki kvæði svo ramt að því, að hún beri vopn á okkur fyrir bragðið. Vopnin eru ekki eina kúgunarvaldið nú á dögum. Hættulegast er auðvaldið. Með því má kúga hverja smáþjóð. Það er hægur leikur fyrir stórþjóðirnar og hægastur fyrir Frakka, auðugustu þjóðina.

Sig. Eggerz: Hv. 6. kgk. sagði, að jeg hefði ekki lesið bannlögin, og hv. 1. kgk. ekki heldur. Jeg svara fyrir mig. Hann mun svara fyrir sig. Hv. 6. kgk. hefur sjálfur ekki lesið bannlögin, eða skortir skilning á þeim. Jeg veit það, að læknar hafa leyfi til að hafa vín til lækninga, en mega ekki selja nje veita. Hjer er því ekkert „princip"-brot, eins og í þessu konsúlamáli, og þar sem að hv. 6. kgk. sagði það gengi nærri persónulegu frelsi sendiræðismanna, ef þeim væri ekki veitt þessi undanþága, þá ganga bannlögin líklega líka.

Hv. 6. kgk. talaði um, að skottulæknar gætu sezt að austur í Vík og haldið þar veizlur. Hvernig getur hann hugsað, að sýslumaðurinn í Vík líði slíkt?

Hv. 6. kgk. sagði það væri hörmulegt, að þeir menn ættu sæti hjer á þinginu, sem ekki vissu, hvað af því gæti leitt fyrir okkur, að baka okkur reiði stórþjóðanna. Jeg get ekki hugsað mjer, að eins göfug þjóð og franska þjóðin færi að troða

illsakir við okkur vegna þess, að sendiræðismaður hennar hjer og fjölskylda hans fengi ekki að neyta víns. Hvernig getur hann hugsað sjer, að franska þjóðin sje svo spent fyrir, að konsúlar hennar drekki. Sendiherrarnir mótmæltu staðfestingu bannlaganna, en þau voru samt staðfest, og af því hefur lagaóhamingju leitt; allir hafa látið oss í friði. Ef vjer förum að leyfa þetta, þá koma allar aðrar þjóðir og heimta, að sjer sje veittur sami rjetturinn sem frönsku þjóðinni.

Jósef Björnsson: Þótt jeg vilji ekki efast um, að hæstv. ráðh. standi við þau orð, er hann viðhafði um framkvæmd laganna, þá get jeg ekki felt mig við frv., eins og það er, og jeg áður hef tekið fram. Mjer finst sá skilningur, sem hann sagði, að hann legði í frv., ekki heimilaður í frv., og því gjöri jeg lítið úr þeim skilningi, og vil ekkert á honum byggja. Jeg get ómögulega greitt atkv. með ákvæðinu í 2. gr., sem leyfir sendiræðismönnunum, að taka við áfengi úr skipi og flytja það í land, þar sem öllum öðrum er bannað það, og finst þetta svo óaðgengilegt, sem verið getur. En nú hefur komið fram brtill. frá hv. þm. N.Mýlinga um að setja þessa gr. í samband við bannlögin sjálf og sýnist mjer sú brtill. til bóta og gera málið aðgengilegra, verði hún samþykt.

ATKVGR.:

Brtill. á þingskj. 876 sþ. með 8 atkv. gegn 1. Frv. þannig breytt samþ. með 7 atkv. gegn 4, og afgreitt til sameinaðs þings.

---

3. *Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa.*

Afbrigði frá þingsköpum leyfð í einu hljóði og samþykt af ráðherra.

E. Briem, framsögum. Eins og tekið er fram í framhaldsnefndarálitinu, þá hefur töluverð breyting verið gerð á frv. í neðri deild, og er það að nokkru komið í sömu mynd og það var, þegar það fyrst kom til efri deildar. Þegar það fyrst kom hingað, var gert ráð fyrir að gefa út 6 milionir í veðdeildarbrjefum. En því var breytt hjer í deildinni í 3 miljónir. Nú hefur hv. neðri deild þó slegið einni miljóninni af og sett 5 miljónir. Afleiðingin af þessu verður, að tillagið frá landssjóði verður að veitast í 4 ár í stað 2. Annað, sem sett var hjer, voru kr. 4000 til bókhalds, en nú er það komið í 5000 hjá Nd. og þá hefur hún líka breytt upphæðinni til endurskoðunar úr kr. 250 í kr. 300. Aðalbreytingin er þá þetta, að 5 miljónir koma í stað 3 miljóna, en hinar breytingarnar eru afleiðingar af þeirri breytingu.

Þá er önnur veruleg breyting á 10. gr., að síðari málsgreininni er alveg bætt við. Þegar frv. kom hingað upphaflega, var þar málsgrein lík og þetta. Þessi heimild fyrir bankastjórnina, að mega greiða lánsupphæðirnar í peningum, var feld hjer, svo lántakandi gat heimtað hana útborgaða í bankavaxtabrjefum, en nú er þetta komið inn aftur og stendur í sambandi við það, að bankastjórnin geti selt brjefin fyrirfram. Háttv. Nd. hefur þó gengið til móts við Ed. með því að láta söluna vera bundna við samþykki stjórnarráðsins. Þá er 3. breytingin í því fólgin, að 2., 3. og 4. málsgr. 11. gr. hefur verið bætt við. Hv. Nd. hafði upphaflega sett það ákvæði í frv., að þegar eignir, sem lán til veðdeildarinnar hvíldi á, væru seldar, skyldi kaupandi greiða veðdeildinni 2% af láninu, ef það fengi að standa. Þetta ákvæði var felt hjer í deildinni. Í þessu atriði hefur nú hv. Nd. í nokkru aftur gengið á móti Ed. og sett inn ákvæði um, að kaupandi skuli svara 1%. Það hefur því í öllum atriðum verið reynt að ganga til móts við

Ed., og hefur því meiri hl. n. ekki sjeð sjer fært að breyta frv., en ráðið til að samþ. það óbreytt.

Jeg hef athugað atkvæðafylgi frv. í Nd., og urðu 18 og 19 atkvæði með flestum breytingum og ekkert á móti, en ákvæðið um greiðslu á þessari 1% var samþ. með 17:5. Hv N.d. hefur líka gengið til móts við Ed. í því, að áður var ákveðið, að þessar % skyldu greiðast í hvert skifti, er eigandaskifti yrðu að veði, en nú hefur hv. Nd. sett inn í frv., að það skuli aðeins vera, er veðið gengur kaupum og sölum, en erfingjar undanteknir.

Á 860. þingskjali hafa tveir háttvirtir þingmenn komið fram með breytingartillögur.

Þar leggja þeir til.

1. að upphæð flokksins sje færð úr 5 miljónum kr. niður í 3 miljónir kr.
2. að veðdeildin hafi ekki rjett á, án þess lántakandi samþykki, að greiða lánin út með peningum, með þeirri upphæð, er hún hefur fengið fyrir brjefin, og
3. að ekki sje skylt að greiða 1% í varasjóð þegar eign er seld.

Þetta fer alt í sömu átt, og nefndin lagði til hjer við 2. umræðu, og þá var samþ. hjer í hv. deild með öllum atkvæðum eða svo. En eins og sakir standa, þá vill nefndin ekki keppa við hv. neðri deild hjer um, enda voru breytingar þessar samþyktar með miklum atkæðamun þar, og því síður vill nefndin gera það, eða meiri hluti hennar, þar sem hv. neðri deild hefur sýnt nokkra viðleitni til þess að koma til móts við okkur í þessu máli.

Það eru líkur til þess, eins og nefndin í neðri deild hefur haldið fram, að það mæli margt með því, að fá megi hærra verð fyrir bankavaxtabrjefin, ef mikið af þeim er selt í einu, eða ef allur flokkurinn er seldur í einu lagi. En vitaskuld verður það altaf álitamál, hvort það er hagnaður eða skaði í framtíðinni. Það kemur alveg undir því, hvernig vaxtabrjefin koma til að standa í framtíðinni. Ef verð þeirra færi lækkandi, þá er það hagnaður, en ef verð þeirra færi hækkandi, þá er það skaði. En um það er ómögulegt að segja. En á annan veg má telja það víst, að bankastjórnin fari varlega í því að selja brjefin, nema hún fái nokkuð gott verð, og þar sem samþykki stjórnarráðsins þarf að fá til sölunnar, þá er meiri trygging að því, að svo verði. Í sambandi við þetta er upphæðin í 1. gr., því það er litið svo á, að hægra sje að semja um sölu á stórri upphæð en litilli.

Um síðustu breytingartillöguna: að fella burt ákvæðið um, að kaupandi greiði 1% af lánsupphæð í varasjóð veðdeildarinnar, er hann kaupir eign, sem er veðsett veðdeildinni, þá vil jeg taka það fram, að þetta ákvæði nær ekki til þeirra lántakanda er altaf búa á sömu eigninni. Það snertir ekki aðra en þá, er kaupa eign, sem er veðsett í þessari 4. veðdeild. Og það er sá kostur á þessu ákvæði, að það styður að því, að varasjóður tryggist og aukist, og þeim mun öflugri sem varasjóður verður, þeim mun síður kemur til sameiginlegu ábyrgðarinnar. Þetta ákvæði er því að því leyti til hagnaðar fyrir veðdeildina og lántakendur sjálfa. Að ýmsu leyti er varasjóður hjer betur tryggður, en verið hefur í þeim þremur fl. veðdeilda, er hjer hafa verið og stendur það að nokkru leyti í sambandi við sameiginlegu ábyrgðina, svo að síður sje hugsanlegt, að til hennar kasta þurfi að koma.

Steingr. Jónsson: Strax og nefndin fór að athuga þetta frv., þá sá hún, að hjer voru nokkur nýmæli, sem ekki eru til í hinum eldri veðdeildarlögum, er við höfum. Menn voru í nokkrum vafa um það, hvernig þessi nýmæli væru, sjerstaklega var það þó 3. gr. frv., er vakti athygli nefndarinnar, því þar er ábyrgðum öðruvísi fyrirkomið en verið hefur. Þar er fyrst ákveðin sameiginleg ábyrgð allra lántak-

anda, er nemi alt að 10% af upphæð lánanna, og í öðru lagi á bak við þessa ábyrgð, ábyrgð landssjóðs. Og er þetta alt öðruvísi, en verið hefur áður.

Þessi breyting var rædd allrækilega í nefndinni hjer, og eftir allmiklar bollaleggingar var ákveðið að koma fram með breytingartillögur þær, er voru samþyktar hjer við 2. umræðu.

Jeg get sagt fyrir mig, að mjer veittist allerfitt að fylgjast með þessu; jeg var hræddur um, að það væri nokkuð hál braut, er hjer væri verið að fara inn á.

Jeg er að vísu ekki bankafróður maður, en jeg var samt hálfhræddur um, að brautin væri hættuleg, og að þessi ákvæði mundu ekki auka álit bankavaxtabrjefanna erlendis, en um það skal jeg þó ekkert segja með vissu. En um það er jeg viss, að þetta ákvæði vekur óhug hjá fjöldamörgum lántakendum, að minsta kosti til sveita, og þeir munu jafnvel líta svo á, og það ekki alveg ástæðulaust, að hjer sje um hættu að ræða fyrir þá.

Jeg býst við því, að margur sveitabóndi mundi hugsa sem svo, hvað á jeg, sem hef góða og verðmæta jörð, að láta hana að veði — eða ábyrgð — fyrir húsaskrokkum í kaupstöðunum. Þeir eru oft illa bygðir og í þeim er mesta hættan fyrir veðdeildina.

En það varð samt úr, að nefndin vildi ganga að þessu, en þó jafnframt koma fram með breytingar til bóta. Og þessar breytingar voru samþyktar hjer í háttv. deild í einu hljóði eða nær því, og mjer datt ekki í hug annað en háttv. neðri deild gengi að þeim, og viðurkendi það, að það væri sjálfsagt, að taka þessu nýmæli með mestu varkárni. Og þeim mun fremur hefði hv. neðri deild átt að gera það, þar sem frv. þetta kom ekki rjetta leið til þingsins — frá landstjórninni, sem að sjálfsögðu ætti að bera slíkt mál fram, — heldur frá einstökum þingmanni.

En hv. neðri deild hefur ekki gert það. Hinsvegar hefur hún sýnt nokkra viðleitni á því að orða ummælin mýkra, svo að hv. efrideildarþingmenn gætu gleypt þau án þess að fá klýu. En þessar brtill. hef jeg ekki getað fallizt á, og því fundið mig knúðan til þess að bera fram brtill. á þingskj. 860, og hefur hv. 6. kgk. þm. (G. Bj., borið þær fram ásamt mjer.

Fyrsta brtill. er um, að í stað 5 miljónir í 1. gr. komi 3 miljónir. Jeg lít svo á, sem gera eigi þessa nýbreytni á veðdeildinni ekki nema til bráðabirgða. Jeg hygg, að sú skoðun verði almenn meðal þjóðarinnar, að það sje nauðsyn að breyta þessu fyrirkomulagi, og hygg, að flestir sjeu á því, að rjett sje að setja á fót veðbanka. Og verði það, þá er næsta undarlegt, að fara nú að setja á fót stóra nýja veðdeild.

Fyrst er veðdeildin var sett á fót, var upphæð hennar 1200 þús. kr., en síðan var bætt við hana viðbót, er nam 1200 þús. kr. En við 2. og 3. flokk nam upphæð þeirra hvor um sig 3 miljónum króna, og jeg sje ekki ástæðu til þess, að þessi nýi flokkur sje stærri en þær.

Það mun láta nærri, að fasteignir sjeu nú svo veðsettar hjer á landi, að ný veðdeild, er nemur 5 miljónum kr., mundi endast ein 8 til 10 ár eða jafnvel lengur, og þar sem hjer er um tilraun með nýju fyrirkomulagi að ræða, og þar sem menn alment munu fremur hallast að veðbanka, þótt það mál sje ekki undirbúið nú, þá sje jeg ekki neina ástæðu til þess að láta upphæðina vera svo háa, að hún endist svo lengi. 4—5 ár ætti að vera nóg til þess að sýna reynsluna og undirbúa veðbanka, svo vel væri. En þetta er þó í sjálfu sjer ekki neitt meginatriði, því það verður auðvitað ekki lánað meir en eftirspurnin og þörfin krefur.

Næsta brtill. við 10. gr. er þýðingarmeiri. Það hefur verið svo, að þegar menn hafa fengið veðdeildarlán, þá hafa þeir ekki átt rjett á að fá þau greidd í peningum, heldur átt rjett á því, að fá þau

borguð út í bankavaxtabrjefum. Þetta hefur mjer skilizt að væri sjálfsögð grundvallarregla, og sjerstaklega við viðdeildir eins og okkar hjer. En nú er þessu breytt svo, að bankinn ræður því sjálfur, hvort hann lætur lántakanda fá lánið greitt í bankavaxtabrjefum, sem honum eru afhent, eða hvort bankinn greiðir honum andvirði bankavaxtabrjefanna í peningum. Og ræður bankinn því, hversu hátt verð hann greiðir fyrir brjefin.

Nú stendur svo á hjer, að við höfum enga kauphöll, og því erfitt að vita hvað bankinn fær fyrir þau, eða hvað þau standa á hverjum tíma sem er, en þó jeg vænti þess, að bankastjórnin reyni, hvað hún getur, að fá sem mest fyrir þau, og fari vel með heimildina, þá gæti það samt farið á annan veg, og lögin eiga að vera til þess, að girða fyrir það, að svo geti orðið.

Af hvaða ástæðu á svo að ganga að þessu ákvæði? Jeg hef heyrt færða fyrir því þá ástæðu, að það sje hægra að selja í einu stóra fúlgu af bankavaxtabrjefum, hægra að selja fyrir 5 miljónir kr. í einu en 1 miljón kr. En jeg get ekki almennilega skilið, hvernig á að takast að selja bankavaxtabrjef fyrir miljónir kr., á sama tíma og bankinn ekki getur selt þau svo nemi 1000 kr., hvað þá meir, og á sama tíma og ónotuð er lánsheimild til þess að kaupa bankavaxtabrjef fyrir 250 þús. kr. En jeg skal gera það fyrir meðhaldsmenn málsins að setja svo, að Landsbankinn gæti selt brjefin fyrir 5 miljónir kr. nú á þessum tímum er öll verðbrjef standa óeðlilega lágt og lægra en peningaeklan í heiminum bendir til að vera ætti, líklega af politiskum hreyfingum meðal stjórna landanna. Hvernig hegðar bankastjórnin sjer þá, er hún selur þessar 5 miljónir fyrirfram? Hún hegðar sjer alveg eins og sjómaður, er vill selja fiskinn í sjónum, eða bóndi, er vildi selja lambið innan í ánni. Bankastjórnin vissi harla lítið um, hvað mikið menn notuðu þessa nýju veðdeild, og hvort hún þar af leiðandi gæti afhent brjefin og sjómaðurinn veit heldur ekki, hvert hann veiðir fiskinn.

En hvernig fer nú, ef bankastjórnin selur bankavaxtabrjefin, segjum fyrir 94%, en eftir nokkur ár eru þau komin upp í og ganga kaupum og sölum í Noregi, Danmörku og Svíþjóð fyrir 98% eða jafnvel fult verð (pari). Hvernig er bankastjórnin þá stödd? Getur það þá gengið að því, að greiða bankavaxtabrjefin út þegar lán eru tekin með 94%? Mundi það verða vinsælt eða heppilegt fyrir hag bankans yfirleitt? Jeg held, að ef svo væri komið, færu ekki aðrir til Landsbankans til að fá veðdeildarlán, en þeir einir, sem allar aðrar bjargir væru bannaðar.

Alt þetta virðist mjer benda á það, að hjer hafi bankastjórnin að eins hugsað um það eitt, að gera bankavaxtabrjefin glæsileg að útliti, svo hún þættist heldur geta selt þau, en hins vegar ekkert litið á þá hlið málsins, er veit að lántakendum, enda er sú hlið næsta ískyggileg.

Jeg veit það, að báðir bankarnir hafa fengið að nokkru leyti ilt orð meðal landsmanna. Þeir hafa þótt ganga hart að lánum, og jeg hef heyrt menn nefna þá okurstofnanir, en það held jeg að sje ekki verðskuldað. En hvað fara menn þá að segja, ef þetta frumvarp nær fram að ganga? Jeg er mjög hræddur um; að það dragi ekki úr þessu áliti.

Í sambandi við þetta má benda á það, að samkv. 14. gr. hefur hver lántakandi rjett á að greiða aukaafborganir af skuld sinni með bankavaxtabrjefum eftir ákvæðisverði þeirra, og getur það því oft verið talsvert tap að eiga ekki rjett á því að fá bankavaxtabrjef til þess að greiða þessar aukaafborganir.

Þá er jeg kominn að þriðju brtill. á þgskj. 860, sem jeg skal játa að mjer er mest áhugamál um, og mjer þótti verst, að háttv, neðri deild tók ekki til greina,

og hefði jafnvel ekki komið með hinar breytingartillögurnar, ef þessi hefði verið samþykt þar.

Samkvæmt 11. gr. á hver lántakandi að greiða 1% af lánsupphæðinni til varasjóðs, um leið og hann tekur lánið, og mjer finst þetta gjald vera sæmilegt og nóg, svo að við það þurfi ekki að bæta aftur 1%, ef eignin er seld. Mjer sýnist þetta gjald vera svipað og ½% gjaldið, er áður var greitt til landssjóðs, en nú er afnumið. En nú á að innleiða það í nýrri mynd, en ekki sem skatt til landssjóðs, heldur sem skatt til landsbankans. Þetta tel jeg með öllu óþarft, og tel það yrði að eins til þess, að hefta viðskifti manna. Og svo er þetta gjald alsendis óviðeigandi. Ef að á að innleiða slíkan skatt, þá á það ekki að vera til Landsbankans heldur til landssjóðs.

Ef maður á hús, sem er virt á 20 þús. kr., og fær út á það 8 þús. kr. í veðdeildinni — þá þarf hann eða kaupandinn að greiða 80 kr. til veðdeildarinnar, ef eignin er seld. Skattupphæðin verður þá ⅖% og er þá mjórra muna vant við gamla ½% gjaldið. Ef það hefði staðið óbreytt þetta ákvæði, eins og það kom frá háttv. neðri deild, þá hefði það oft getað numið ⅘%, og það er alveg óhæfilegt haft á viðskiftalíf þjóðarinnar.

Og setjum svo annað dæmi: maður á jörð, sem er metin til veðdeildar á 2000 kr., og getur hann þá fengið 1000 kr. lán, ef jörðin er ekki yfirbygð af húsum. Við sölu á þeirri jörð þarf þá að greiða 10 kr. til veðdeildarinnar, ef hún þar er veðsett, eða ½% af jarðarverðinu.

Nú eru jarðir fremur að ganga meir kaupum og sölum en áður; það gerir byltingin í þjóðfjelaginu. Menn flytjast burtu úr hjeruðunum til kaupstaðanna, og aðrir kaupa jarðirnar og fara að reisa bú. Þessi breyting er svo miklu meiri en áður var. En á þetta er lagt óeðlilegt og ranglátt haft með þessum skatti, og hann er ekki einu sinni lagður á vegna landssjóðsins, heldur vegna Landsbankans. Þetta er alt of langt farið, og ekki hægt að forsvara það.

Þeir, sem hafa verið að halda vörnum uppi fyrir þetta nýmæli hjer, hafa gert það með því, að hjer væri um hina sömu reglu að ræða sem í Danmörku. En þar er allt öðru máli að gegna. Þar voru það ýmsir einstakir menn, er slóu sjer saman til þess að setja veðdeildina á fót, og þeir hafa alla stjórnina sjálfir, þeir bera sjálfir tap, ef það verður, en fá líka hagnaðinn.

Jeg hefði getað ef til vill verið með þessu, ef það hefði gengið á undan, að skipulagi landsbankans hefði verið gersamlega breytt, þannig að landstjórnin hefði miklu meiri áhrif á stjórn bankans en nú er. Því að því verða menn að gæta, að landstjórnin er sá eini umbjóðandi, er þingið getur treyst, og því sjálfsagt, að hún ráði þar miklu um. Og að landstjórninni getur þingið alt af snúið sjer.

Jeg vænti því, að þessar brtill. verði samþyktar, og jeg get ekki sjeð neina hættu við það, þótt að frumvarpið fari í sameinað þing. Og jeg get heldur ekki sjeð, þar sem aukaþing á að verða að sumri, að það gerði í sjálfu sjer neitt til, þótt málið biði til þess tíma. Það, sem nú er eftir af 3. flokk veðdeildarinnar, mundi nægja þangað til, og þá gæti líka þjóðin lagt sinn dóm á málið.

Eiríkur Briem, framsm.: Háttv. 3. kgk. mintist fyrst á hina „solidarisku" ábyrgð, sem lög þessi byggjast á. Eins og hann tók fram, var mikið um það mál rætt í nefndinni. Jeg get ekki ímyndað mjer, að mönnum muni standa svo mikill stuggur af þessari „solidarisku" ábyrgð, að þeir þess vegna fælist frá að taka lán í veðdeildinni. Þegar menn athuga, hvað miklu meiri tekjur varasjóður þessarar

deildar á að hafa, heldur en varasjóður hinna deildanna, — og þó hafa varasjóðir þeirra vaxið — þá skil jeg ekki annað, en menn sjái, að hjer er ólíklegt, að hætta sje á ferðum. Aftur á móti munu menn í útlöndum álíta hina „solidarisku“ ábyrgð mjög mikils virði, og getur það haft mikil áhrif á söluverð brjefanna. Hinn háttv. þm. gat þess, að neðri deild hefði þó í ýmsum greinum gengið til móts við Ed., en vildi gera fremur lítið úr því. En Nd. hefur þó slakað til í mjög svo verulegum atriðum. Hún hefur fært upphæðina í 1. gr. niður um 1 miljón kr. Í 10. gr. hefur hún fallizt á, að stjórnarráðið samþykki söluverð bankavaxtabrjefanna. Þá hefur neðri deild og gengið inn á, að eigi skuli greiða nema 1% í varasjóð, þegar eigenda skifti verða að fasteign, sem er veðsett veðdeildinni, og hefur þar að auki undanþegið lífserfingja, sem fá fasteign í arf, því gjaldi. Svo að það er ekki hægt að segja, að Nd. hafi ekki sýnt nokkra tilhliðrunarsemi. Auðvitað er mjer erfitt að mæla á móti því, sem jeg áður hef mælt fram með fyrir nefndarinnar hönd. En það er alveg tilgangslaust að fara nú að breyta frv. hjer, því að eins og það nú liggur fyrir, hefur það slíkt fylgi í Nd., að Ed. mundi ekki geta komið sínu máli fram, þó að frv. kæmi í sameinað þing. — Háttv. 3. kgk. tók það fram, að í hans augum væri upphæðin, sem gefa mætti út bankavaxtabrjef fyrir, ekkert meginatriði. Það væru tvö önnur atriði, sem hann einkum áleit varhugaverð. Viðvíkjandi ákvæðum 10. gr. hjelt hann því fram, að bankastjórarnir gætu sjálfir ákveðið verðið á veðdeildarbrjefunum. En það er alls ekki rjett. Ef lántakandinn t. d. gæti vísað á kaupanda, sem vildi gefa sæmilegt verð, þá hlyti bankastjórnin að taka það til greina.

Hann tók til dæmis, að það mundi verða illa þokkað, ef bankastjórnin seldi brjef fyrir 94%, sem seinna væri hægt að koma út fyrir 98%. Jeg teldi líka óálitlegt að selja fyrir 94%, En þess er að gæta, að í slíkum efnum er altaf teflt á tvær hættur. Kaupandinn ímyndar sjer auðvitað, að brjefin muni hækka í verði, seljandinn að þau muni lækka, og tíminn einn getur skorið úr, hvor rjettara hefur. Slíkt fer eftir vöxtunum á heimsmarkaðinum, sem enginn getur haft hugmynd um hvernig verða muni.

Það er mikið rjett, sem háttv. 3. kgk. sagði, að rentan er mjög há hjer nú. Það er orðin rík og rótgróin hugsun hjer, að 4% sje sanngjörn renta. Menn áttu líka lengi kost á að fá fje með slíkri rentu hjer, — rentan á heimsmarkaðinum var jafnvel þar fyrir neðan um tíma, — en sá tími er nú um garð genginn. Menn eru ekki sjálfráðir í slíkum efnum, menn verða að kaupa peningana því verði, sem á þeim er á heimsmarkaðinum. Rentan hefur vaxið ákaft um allan heim hin síðustu ár. Það eru ekki eingöngu stríðin og pólitískir viðburðir, sem hafa hleypt henni upp, — uppgötvanir nútímans eiga ekki hvað sízt þátt í, hvað hún er orðin há. með því að gera arðvænleg fyrirtæki, sem áður voru það ekki. Hitt atriðið, sem háttv. þm. þótti sjerstaklega varhugavert, var 1% gjaldið af lánum á veðsettum fasteignum, sem hafa eigandaskifti. Hann nefndi þetta gjald skatt, og má til sanns vegar færa að nefna það svo, en þess er að gæta, að sá skattur rennur í varasjóð veðdeildarinnar, og því meir sem hann vex, því síður þarf að taka til sameiginlegu ábyrgðarinnar.

Jeg skal að lokum taka það fram, að nefndin er sömu skoðunar og háttv. þm., að frumvarpið hafi verið betra eins og Ed. gekk frá því, en eins og jeg áður sagði, væri tilgangslaust að fara að breyta því nú hjer í deildinni.

Guðmundur Björnsson: Jeg vil með örfáum orðum gera grein fyrir því, hvers

vegna jeg hef skrifað undir brtill. með h. 3. kgk. Það gladdi mig. að háttv. frsm. sagði, að hann rjeði til að samþykkja frv. að eins vegna þess, hvað það hefði mikið fylgi í Nd., en ekki af því, að hann væri ánægður með það í raun og veru. En ástæðan til þess, að jeg skrifaði undir brtill. er í stuttu máli sú, að mjer datt í hug að setja mig í spor lántakanda. Jeg hugsaði sem svo: Ef fjelaus Reykvikingur þarf á 2000 kr. láni að halda, þá útvegar hann sjer ábyrgðarmenn, sem annarhvor bankinn tekur gilda, og síðan fær hann fjeð með þeim vöxtum, sem þá tíðkast. Bróðir hans, sem er jarðeigandi í sveit, biður nú um 2000 kr. gegn þeirri *beztu* tryggingu, sem til er. *Hann* fær *ekki* eins góð kjör. Hann fær ekki 2000 kr. útborgaðar, heldur það og það, sem bankastjórnin *segist* geta fengið fyrir veðdeildarbrjefin, ef til vill ekki nema 1800 kr. Þar að auki á hann að greiða 1% af upphæðinni í varasjóð, og loks á hann að ganga í 200 kr. ábyrgð fyrir aðra lántakendur. Ofan á alt þetta á hann svo að borga söluskatt! Jeg er sannfærður um, að jarðeigendur verða ekki svo þakklátir fyrir slíkan velgjörning, sem vænzt er eftir. Jeg er hræddur um, að þeim finnist ekki þessi okurkjör svo aðlaðandi, að þeir geri sjer oft erindi í bankann, ef nokkurs annars er kostur. Það er furðulegt, ef menn hafa í fullri alvöru gripið til slíks ráðs sem þessa bankanum til *viðreisnar*. Þar á við hið fornkveðna, að heggur sá, er hlífa skyldi. Það getur aldrei orðið vinsælt, að beita slíku harðrjetti gegn þeim, sem hafa beztu veðin fram að bjóða. — Jeg mun því greiða atkvæði á móti frv., ef breytingartillögur okkar verða ekki samþyktar. Málið hefur komið öllum á óvart, og væri betra, að stjórnin hefði haft það til meðferðar fyrir þing. Þá hefði það áreiðanlega orðið öðruvísi úr garði gert — eitthvað skárra.

Steingr. Jónsson: Háttv. frsm. sagði, að það væri tilgangslaust, að vera nú að gera breytingar á frv. hjer í deildinni. Jeg get ekki sjeð, að það sje rjett. Það er fyrir það fyrsta ekki tilgangslaust, ef háttv. deild er sannfærð um, að breytingar sjeu nauðsynlegar, og í öðru lagi er alls ekki vonlaust um, að brtill., sem jeg og háttv. 6. kgk. höfum borið fram hjer í deildinni, hafi meiri hluta sameinaðs þings með sjer. Frv., eins og það nú liggur fyrir, fjekk ekki nema 17 eða 18 atkv. í Nd. En þó svo færi, að frv. kæmist ekki í gegnum þingið að þessu sinni, þá virðist ekki hundrað í hættunni, því að málið getur vel beðið aukaþingsins að sumri. — Háttv. framsm. sagði, að bankastjórnin gæti ekki sett verð á brjefin eftir eigin vild. En hvernig á maður ofan úr sveit að sanna bankastjórninni, að hún bjóði of lítið fyrir þau? Þó að þeir menn sjeu til, sem hafa vit og kjark til þess að gera það, þá eru þó hinir miklu fleiri, sem hvorki vita upp nje niður í slíkum efnum. Það er því meira í orði en á borði, að bankastjórnin sje ekki einvöld gagnvart lántakendum. — Þá sagði hv. frsm., að bankastjórnin mundi aldrei gera þá fásinnu, að selja stóra hrúga af brjefum í einu, nema mjög gott verð fengist fyrir þau. En mjer er sagt, að veðdeildarbrjefin standi nú í 92, en í júlímánuði hafi fengizt 94 fyrir þau. Þegar nú svona stendur á, er þá ekki freisting til að losa sig við sem mest af brjefum, áður en hrunið er orðið altof mikið? — Háttv. frsm. viðurkendi, að hjer væri um spekúlation að ræða. Allar þessar kvaðir eru lagðar á menn til þess að bankastjórnin geti spekúlerað með brjefin! En ætli það hafi verið hugsun manna, þegar Landsbankinn var stofnaður, að hann ætti að fást við spekúlationir, sem nálgast hina hættulegustu fjesýslu, sem nú tíðkast í útlöndum.

Jeg verð að endurtaka það, að jeg mun

greiða atkvæði móti frv., ef brtill. okkar verða ekki samþyktar. Jeg sje ekki, að neitt reki á eftir að samþykkja frumvarpið endilega á þessu þingi. Í júlímánuði voru óseld veðdeildarbrjef fyrir 261.000 kr., svo að nauðsynin virðist ekki brýn. Og fyrir næsta þing ætti stjórnin að geta lagt rækilega undirbúið frumvarp um þetta mál.

Eiríkur Briem, framsögumaður: Jeg vil minnast örlítið á dæmið, sem háttv. 6. kgk. tók. Hann bar saman alment ábyrgðarlán og veðdeildarlán, og þótti lánskjörin harla ólík. En hann gætti þess ekki, að veðdeildarláninu fylgja ýmsir hagsmunir, sem ábyrgðarláninu fylgja ekki. Ábyrgðarlánin verða menn venjulega að borga á stuttum tíma, og bankastjórnin getur hvenær sem er sagt þeim upp; en veðdeildarlánin eru til mjög langs tíma. Þar að auki er rentan af veðdeildarláninu mun lægri. — Háttv. þm. var að tala um okur, og sprettur það af þeim almenna hugsunarhætti, sem jeg áðan mintist á, að öll renta, sem fari yfir 4%, sje okurrenta. En hvernig á að útvega lán frá útlöndum fyrir lægri vexti, en eru á heimsmarkaðinum? Í ríkisbankanum þýzka var rentan af veðlánum í allan fyrra vetur, frá því í október og fram í maí, 7%. Hún var þó nokkru lægri hjer. Það er eins með peninga eins og með hverja aðra vöru, að menn verða að beygja sig fyrir þeim prísum, sem eru á heimsmarkaðinum. Það er auðvitað tilfinnanlegt að þurfa að borga háa vexti. En það er ekki hægt að ráða við það, að vörur hækki í verði. Fátæklingnum sviður, þegar hann þarf að borga meira fyrir matbjörg sína, en hann hefur búizt við að þurfa að borga, en hann verður að beygja sig fyrir nauðsyninni. Háttv. 3. kgk. sagði, að einstökum lántakendum mundi ekki auðvelt að sanna bankastjórninni, að hún byði oflítið fyrir brjefin. En það mundi ekki lengi dyljast, ef bankastjórnin hefði slíkt í frammi. — Það getur vel verið, að hjer sje um spekúlation að ræða, en það er spekúlation til hagsmuna fyrir lántakendurna. Hjer er um sama að ræða, eins og ef maður er gerður út til þess, að selja einhverja vöru, t. d. fisk, fyrirfram. Hann hrósar happi, ef hann getur selt fyrir það verð, sem hann telur gott, en ef varan svo seinna stígur í verði, þá veldur það vitanlega óánægju.

En þó mjer líki ekki frumv. að öllu leyti, þá álít jeg þá galla, sem á því eru, ekki svo verulega, að ekki beri að samþykkja frumv. fyrir það, og að samþykkja breytingartillögur er gagnslaust, eins og jeg hef þegar tekið fram.

ATKVGR.:

1. brtill. á þgskj. 860 var feld með 7 atkv. gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei*:
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,	Hákon Kristofferss.,
Guðm. Björnsson,	Jón Jónatansson,
Sigurður Stefánsson,	Jósef Björnsson,
Þórarinn Jónsson.	Júlíus Havsteen,
	Sigurður Eggerz.

2. brtill. á þgskj. 860 var samþ. með 8 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei*:
Steingr. Jónsson,	Eiríkur Briem,
Einar Jónsson,	Jón Jónatansson,
Guðjón Guðlaugsson,	Jósef Björnsson,
Guðm. Björnsson,	Júlíus Havsteen,
Hákon Kristoffersson,	Sigurður Stefánsson,
Sigurður Eggerz,	
Þórarinn Jónsson.	

Björn Þorláksson greiddi ekki atkvæði og var talinn með meiri hlutanum.

3. brtill. á þgskj. 860, var samþ. með 8 atkv. gegn 1.

Frumv. þannig breytt var samþ. með

11 atkv. gegn 2 og vísað til sameinaðs þings.

4. *Frumv. til laga um breytingu á og viðauka við lög 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði*; 3. umr.

Afbrigði frá þingsköpunum leyfð af deildinni í einu hljóði og samþykt af ráðherra.

ATKVGR.:

Frumv. var samþ. í einu hljóði og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

5. *Frumv. til laga um breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905* (797); 2. umr.

Einar Jónsson, framsm.: Ákvæði það í fátækralögunum, sem hjer er farið fram á að breyta, eða skýra, er um endurgjald á sveitarstyrk, veittum þurfamönnum annarar sveitar af hálfu dvalarsveitar. Þegar svo er ástatt, sem segir í 69. gr. fátækralaganna, að þurfamann má flytja á framfærslusveit sína, þ. e. þegar styrkurinn er kominn upp í 100 kr., er vafi um það, hvort dvalarsveitin á ekki að greiða $^1/_3$ af kostnaði við hann eftir það eins og áður, meðan hann verður ekki fluttur. Þetta frumv. á að greiða úr þessum vafa. Hjer er því farið fram á, að bæta inn í lögin því ákvæði, að ef þurfamaðurinn er þá svo veikur, að hann verði ekki fluttur, þá skuli dvalarsveitin fá endurgoldinn allan kostnað sinn upp frá því. Úr þessu munu orð þau, er standa í miðri greininni, eiga að bæta, og hljóða þau á þessa leið: „Þó á dvalarsveitin aldrei heimtingu á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meira en $^2/_3$ hlutum af styrk þeim, sem hin fyrnefnda hefur veitt þurfalingnum, nema svo standi á, sem segir í 68. gr., eða þurfalingur eftir úrskurði læknis verður ekki fluttur á framfærslusveit sína sakir sjúkleika".

Nefndinni þykir þetta ákvæði ekki nógu skýrt og vill gera það skýrara með breytingu þeirri á þgskj. 852, sem hún hefur lagt til að gerð sje á frumv. Þau orð taka skýrt fram, að þegar búið er að leggja fram 100 kr. og þurfalingurinn verður þá ekki fluttur á framfærslusveit sína sakir sjúkleika, skal framfærslusveitin greiða allan kostnaðinn. Þetta snertir þó eigi það, þegar sjúklingurinn er á sjúkrahúsi, því um það eru skýr ákvæði í 79. gr. Nefndin vonar því, að þessi breyting verði samþ. Jeg skal samt vekja máls á því, að verði þetta samþ., þarf málið að fara aftur til neðri deildar, og verður það þá að líkindum ekki útrætt á þessu þingi, en þar sem þing verður haldið næsta sumar, þá gerir þetta ekki mikið til. Jeg skal geta þess, að eins og orðin liggja í frumvarpinu, eins og það hljóðar nú, getur verið, að lögfræðingarnir muni skilja það á þann hátt, sem hjer er ætlazt til, svo að ef mönnum er áhugamál að koma frumv. fram á þessu þingi, og ef lögfræðingar hjer í deildinni álíta, að þessi skilningur verði lagður í frumv., þá geta menn samþ. það óbreytt. Nefndinni er ekkert kappsmál um þessa brtill., en vill aðeins gera frumv. skýrara með henni.

ATKVGR.:

Brtill. 852 samþykt með 11 samhlj. atkvæðum.

Frv. þannig breytt samþ. með 8 atkv. gegn 2.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagr.

Frumv. var vísað til 3. umr. með 8 atkv. gegn 3.

---

6. *Frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir Ísafjarðarkaupstað á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju* (856); ein umr.

Afbrigði frá þingsköpunum leyfð af deildinni og samþykt af ráðherra.

Sigurður Stefánsson, framsm.: Háttv. neðri deild hefur breytt þessu frv. á þá leið, að hafnarbryggjur á Ísafirði skuli teknar undan eignarnámsheimildinni. Þar sem það var ekki meiningin að gera neinum manni tjón með eignarnámsheimildinni, hefur nefndin ekkert við þetta að athuga og leggur til, að frumvarpið verði samþykt.

ATKVGR.:

Frumvarpið var samþykt í einu hljóði og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

7. *Frv. til fjárlaga fyrir 1914—1915*; ein umr.

Steingrímur Jónsson, framsm.: Jeg býst við, að frumvarpið verði ekki prentað svo snemma, að hægt verði að ræða fjárlögin í kvöld. En æskilegt væri, að fundur yrði haldinn snemma í fyrramálið.

Fjárlögin voru tekin út af dagskrá.

---

54. fundur. Laugardaginn 13. september kl. 9 árd. Allir á fundi.

1. *Frv. til laga um breytingu á fátækra lögunum 10. nóv. 1905* (881); 3. umr.

Afbrigði frá þingsköpunum voru leyfð bæði af deildinni og ráðherra.

ATKVGR.:

Frv. var samþykt með 8 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já.	*Nei.*
Björn Þorláksson,	Guðjón Guðlaugss.,
Steingr. Jónsson,	Jón Jónatansson,
Eiríkur Briem,	Sigurður Eggerz,
Guðm. Björnsson,	Þórarinn Jónsson.
Jósef Björnsson,	
Júlíus Havsteen,	
Sigurður Stefánsson.	

Hákon Kristoffersson greiddi ekki atkvæði og var talinn með meiri hlutanum.

Frumvarpið endursendist neðri deild.

---

2. *Frv. til fjárlaga fyrir árin 1914—1915*; ein umr.

Steingrímur Jónsson, framsm.: Jeg geri ráð fyrir, að sumum deildarmönnum komi það á óvart, að nefndin hefur lagt það til, að fjárlögin yrðu ekki látin ganga í sameinað þing, heldur samþykt óbreytt. Ástæður nefndarinnar til þessa eru þær: að hún áleit, að þótt fjárlögin kæmu í sameinað þing, mundu litlar líkur til þess, að þau atriði fengjust löguð þar, sem okkur hjer í efri deild er mest áhugamál um, en hinsvegar óttast hún, að opnaðar verði dyr fyrir fleiri breytingum. Þess var getið við 2. umr. fjárlaganna, að frv. stjórnarinnar hefði verið mjög varlegt, því að tekjur og gjöld stóðust nokkurnveginn á. Að vísu var bersýnilegt, að bæta yrði við nokkrum nýjum útgjaldaliðum, en nefndin í efri deild áleit þó, að hægt væri að gera frv. vel úr garði, án þess tekjuhallinn yrði mjög mikill. En niðurstaðan í neðri deild varð þó sú, að útgjöldin hækkuðu um fullar 350 þús. kr., áður en frv. kom hingað í deildina, og var þó feld niður ein stórbrú, sem farið var fram á að veita fje til í frv. stjórnarinnar. Það

er máske ekki hægt að segja, að þessi meðferð neðri deildar sje óforsvaranleg, en hún er að minsta kosti mjög athugaverð; sú aðferð, að fjárlögin sjeu varla þekkjanleg frá því, sem þau voru, er þau komu frá stjórninni. Þetta hlýtur að taka hina fjárhagslegu ábyrgðartillfinningu frá stjórninni, því hún getur að eins borið mjög litla ábyrgð á því, hvernig farið er með fjárlögin á þinginu. Nefndin í efri deild hefur reynt að draga úr tekjuhallanum eins og mögulegt er, og hún vonar, að hún hafi sýnt, að þetta eru meira en orðin tóm hjá henni, enda hækkuðu gjöldin hjer í deildinni ekki nema um kr. 11.500. En við eina umr. í neðri deild hækkuðu þau um tæp 40 þúsuud, og er nú tekjuhallinn 316,723 kr. Þessi tekjuhalli er að vísu ekki verulega hættulegur, en hann er þó óheppilega hár, því að æskilegt hefði verið, að fjárlögin væru nú svo úr garði gerð, að vænta hefði mátt nokkurs tekjuafgangs, en þess er nú ekki að vænta, því að við útgjöldin bætast ný fjárframlög samkvæmt lögum, sem þetta þing hefur samþykt. Sje jeg svo ekki ástæðu til að tala frekar um málið en vona, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.:

Frumvarpið var samþykt með 12 samhljóða atkvæðum og afgreitt til ráðherra, sem *lög frá alþingi.*

Þingslit.

Forseti: Störfum þessarar háttvirtu deildar er þá lokið að sinni. Jeg hef ekki getað gert mjer ljóst, hversu mikið hefur verið unnið, en það hefur mikið verið, og um 670 ræður hafa verið haldnar. Og fá mál hafa dagað uppi í deildinni; þau hafa flest öll verið afgreidd, bæði frumvörp, sem komið hafa fram í deildinni, og eins frumvörp frá háttv. neðri deild.

Jeg þakka háttv. deildarmönnum samveruna og ágæta samvinnu og umburðarlyndi við mig, sem er viðvaningur í þessu vandasama og ábyrgðarmikla starfi. Jeg lýsti því yfir í þingbyrjun, að jeg mundi reyna að rækja það sem bezt og bregðast eigi trausti yðar. Vona að mjer hafi tekizt það eftir vonum.

Samvinnan hefur verið svo góð hjer í deildinni og samkomulagið yfirleitt, að þess munu fá dæmi hjer á þingi, ef eigi eins dæmi hingað til. Væri óskandi, að það yrði eigi lengi eins dæmi, óskandi, að það væri eigi einstakt ljósblik, heldur bjarmi af nýrri samvinnu og samkomulagsdegi hjá þjóð og þingi. Þá þjóð tel jeg í sannleika hamingjusama, er ætti það þjóðþing, þar sem samvinnuhugur og einlægur samúðarandi væri ríkjandi og gagnsýrði alt löggjafarstarfið.

Þessi deild er oft kölluð lávarðadeild — í spaugi. Jeg vildi óska, að hún ynni til þess að hún væri kölluð það í alvöru. Jeg vildi óska, að hjer ætti jafnan sæti lávarðar í orðsins bezta skilningi, sanngöfugir menn, drengir góðir, því eigi getur hjá því farið, að löggjafarstarf slíkra manna bæri hina blessunarríkustu ávexti fyrir land og þjóð. Er það hjartans ósk mín og von okkar allra sameiginleg, að svo megi verða raunin á að þessu sinni.

Sá sem öllu ræður, yfirlöggjafi allra þjóða, láti lög þau og ráðstafanir, sem gerðar hafa verið hjer í sumar, verða þjóð vorri til verulegra hagsbóta og sannra heilla.

Guðmundur Björnsson: Innan stundar verður alþingi slitið; enginn veit hvort aftur hittumst annað þing, og ekki vitum vjer, sem í málunum höfum staðið, hversu ráðhollir vjer reynumst landi og lýð; en

hitt er víst, hæstv. forseti, að vjer eigum yður að þakka ágæta forustu; þjer hafið fengið oss dugandi ræðuritara, þeir hafa allir reynzt vel og sumir prýðisvel, og þjer hafið stjórnað öllum fundum með mikilli röggsemi.

Hafið þökk, hæstv. forseti, njótið heilsu og heilla. Þess óskum vjer að þinglausnum.

Forseti: Jeg þakka hlýleg orð. Að svo mæltu segi jeg þessum síðasta fundi deildarinnar

slitið.